Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 21. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [98. mál] (A. 205).

Á 22. fundi í Sþ., 20. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þingmönnum er kunnugt, hefur sú verið venja að gera hlé á störfum þingsins um jólaleytið, og liggja til þess ýmsar ástæður. Þingmenn eiga vitanlega fullan rétt á því að vera heima um jólin. Enn fremur þurfa hv. þm. margir að vinna að margvíslegum störfum í kringum áramótin. Þá er vafalaust heppilegt, að hlé verði dálitið á þinghaldinu, sem gæti orðið notað til þess að vinna að málum fyrir framhaldsþingið. Loks stendur þannig á nú, að bæjarstjórnarkosningar eiga að fara fram, og margir hv. þm. þurfa vafalaust að vera við þær riðnir meira og minna, og lítill starfsfriður mundi verða á hv. Alþ., meðan á þeirri kosningabaráttu stendur. Þess vegna er þessi till. fram komin um að gefa nú jólaleyfi og fresta þinginu á þann hátt, sem í henni greinir, enda komi það saman ekki síðar en 4. febr. n. k.
Ég sé ekki ástæðu til þess að færa frekari ástæður fyrir þessari till. en ég hef þegar gert.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 208).

---

2. Flugsamgöngur Vestfjarða.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um flugsamgöngur Vestfjarða [45. mál] (A. 72).

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. og 14. fundi í Sþ., 13. og 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þegar flugvélar voru teknar í þjónustu Íslendinga, má segja, að stigið hafi verið stórt framfaraspor í samgöngumálum þjóðarinnar. Nú er fengin um 20 ára reynsla í notkun þessara samgöngutækja, og leikur það ekki á tveimur tungum, að fáar nýjungar hafa náð slíkum vinsældum. Jafnvel gamalt fólk og vanheilt tekur flugvél fram yfir önnur samgöngutæki.
En byggðir landsins eru mjög misjafnlega settar frá náttúrunnar hendi til að geta notfært sér þessi ágætu farartæki. Eins og bifreiðar þurfa vegi og skip þurfa hafnir, þurfa flugvélar að sjálfsögðu flugvelli. Aðstaða til flugvallagerðar getur verið svo góð, að aðeins þurfi að slétta láréttan mel með jarðýtu, svo að fáist viðunandi flugbraut, sem kostar aðeins nokkur þúsund krónur. Í annarri byggð getur aðstaðan verið svo erfið, að jafnstór flugbraut kosti margar millj. kr. eða útilokað sé að koma henni þar við.
Á fyrstu árum innanlandsflugs hér á landi voru fyrst og fremst notaðar sjóflugvélar vegna skorts á flugvöllum, þ. e. flugvélar, sem gátu lent á sjó eða vatni, þótt útbúnað hefðu þær einnig til að lenda á flugvelli. En með fjölgun flugvalla hurfu sjóflugvélar smátt og smátt úr þessum samgöngum, og nú er svo komið, að aðeins tvær sjóflugvélar eru í notkun og halda uppi ferðum til Vestfjarða og Siglufjarðar. Vestfirðir eru það hérað, sem einna lakast er sett frá náttúrunnar hendi til flugvallagerðar. Þessu veldur að sjálfsögðu hálendi, þröngir

firðir, brattar fjallshlíðar og lítið eða ekkert undirlendi. Af þessum ástæðum er það, að enn er enginn flugvöllur á öllum Vestfjörðum, sem nothæfur er fyrir þær tegundir landflugvéla, sem hér eru í notkun, og þess vegna eru þessar tvær sjóflugvélar enn í ferðum til þessa héraðs. Viðhald þessara véla, Katalínuflugvéla, er gífurlega dýrt. Sjórinn er mjög skaðlegur málmum, og öll tæki og áhöld fara illa í lendingu og flugtaki á sjó. Þrátt fyrir það að Flugfélag Íslands leggur sig mjög fram um að halda flugvélum sínum vel við, er það staðreynd, að innan tveggja til þriggja ára verður að taka þessar vélar úr notkun, enda eru þær nú orðnar 10 ára gamlar. En jafnframt er vissa fyrir því, að sjóflugvélar verða ekki fengnar í stað þessara af þeirri einföldu ástæðu, að nú eru ekki framleiddar lengur sjóflugvélar, sem nothæfar eru til þessara samgangna. En hvað verður þá um flugsamgöngur við Vestfirði?

Í því efni er ekki um annað að ræða en búa sig undir það, að landflugvélar verði til þess hafðar, eins og á öðrum flugleiðum hér innanlands. En þá kemur til skortur flugvalla við hæfi Dakotavélanna, sem nú eru hér í notkun. Má fullyrða, að mjög óvíða yrði slíkum flugvelli komið þar við, ef það yrði þá nokkurs staðar unnt, þar sem lengd flugbrauta handa slíkum flugvélum þarf a. m. k. að vera um 1200 metrar, og sjálfsagt yrði slíkur flugvöllur nokkuð dýr. Óneitanlega væri æskilegt, að slíkur flugvöllur gæti komið í nágrenni Ísafjarðar, svo að Dakotavélar þær, sem eru hér í notkun í innanlandsflugi, gætu tekið upp flugleið þangað. En ekki er séð fyrir öllum Vestfjörðum með því. Á einhvern hátt verður að leysa vandann í öðrum byggðum Vestfjarða, því að ekki þarf að búast við því, að mörgum stórum og dýrum flugvöllum verði komið upp í þeim landshluta.

Nú vill svo til, að farið er að framleiða í Bretlandi nýja tegund flugvéla, sem hefur hæfileika til flugtaks og lendingar á mjög stuttri flugbraut. Þessi flugvélategund nefnist Prestwich Twin Pioneer og er tveggja hreyfla. Verð hennar með nauðsynlegum varahlutum mun vera um 3 millj. kr. Ekki er fengin full reynsla um þessa flugvél, en þó er hún þegar komin í notkun í nokkrum löndum Austur-Asíu. Fjöldi farþega, er flugvél flytur í ferð, fer að sjálfsögðu eftir lengd flugleiða, hleðslu brennsluefnis og fleira, en þar eystra flytur hún 12—16 farþega í ferð og allt upp í 20. Höfuðkostur þessarar vélar er sá, hversu stuttar flugbrautir hún þarf. Hefur bygging hennar verið sérstaklega við þetta miðuð. Er talið, að lengd flugbrautar fyrir þessa vél þurfi ekki að vera meir en 400—500 metrar eða jafnvel minna.

Sjúkraflug hefur verið stundað hér á landi með miklum og ágætum árangri. Björn Pálsson flugmaður er landskunnur fyrir sjúkraflug og hefur bjargað mörgum mannslífum með snilli sinni og djörfung. Meðal annars mun sjúkraflug hans til Grænlands vera mörgum minnisstætt. Fólk um land allt leggur kapp á að koma upp litlum flugbrautum, til þess að það geti notið þessara flugsamgangna, þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum. En auk þess hefur Björn Pálsson farið fjölda ferða til venjulegra fólksflutninga. Þessar stuttu og tiltölulega ódýru flugbrautir hafa gert ótrúlega mikið gagn í strjálbýlinu víða um land. Á Vestfjörðum eru þessir litlu flugvellir komnir á 18 stöðum með samtals 26 flugbrautum. Lengd þessara flugbrauta er þessi: Styttri en 300 m eru þrjár, 300—400 m eru 10, 400—500 m eru fimm, og 500 m eða lengri eru 8. Samkvæmt þessu eru 13 af þessum 26 flugbrautum nógu langar fyrir hina nýju flugvél og 10 af hinum brautunum þyrfti aðeins að lengja um 100—200 m, til þess að þær yrðu einnig fullnægjandi.

Fyrst svo er ástatt, að notkun sjóflugvéla er að hverfa úr sögunni, sýnist mér full nauðsyn á því, að nú þegar verði hafizt handa um að rannsaka, á hvern hátt flugsamgöngum við Vestfirði verði fyrir komið á hagkvæman hátt. Ef svo vel tækist, að hin nýja gerð flugvéla, sem ég hef nefnt, reyndist vel við íslenzka staðhætti og veðurfar, gæti það orðið mikill fengur fyrir flugsamgöngur Vestfjarða og jafnvel flugsamgöngur annarra landshluta. Þá gæti flug orðið til mikilla hagsbóta fyrir byggðarlög, er engar flugsamgöngur hafa nú. Flugbrautir, sem nú þegar eru til, kæmu að fullum notum með nokkurri stækkun og endurbótum, og gæti þannig sparazt fé í stórum og dýrum flugvöllum. En það, sem mest er um vert, er það, að flugsamgöngur yrðu að miklu almennari notum.

Til eru þau héruð í landinu, sem kalla má að séu innilokuð að vetri til. Ég vil nefna Austur-Barðastrandarsýslu. Margar sveitir einangrast þar vegna ísalaga á norðanverðum Breiðafirði, og um vegasamband er ekki að ræða þarna, eftir að snjó leggur á fjöll. Flugsamgöngur við þessar sveitir væru alveg ómetanlegar að vetri til, og trúlegt þykir mér, að líkt sé ástatt um fleiri byggðarlög í landinu.

En nýrri skipan flugsamgangnanna við Vestfirði verður ekki á komið sama daginn og sjóflugvélarnar detta úr sögunni. Stærð, gerð og staðsetning flugvalla verður að vera í samræmi við það, hvers konar flugvélar er ráðgert að nota, hversu mikil flutningaþörfin er í hverri byggð og hvernig rekstur flugvélanna geti orðið sem hagkvæmastur. Þetta tekur sinn tíma, og því má ekki seinna vera að hefja undirbúning í þessu máli. Með tillögu þeirri til þál. á þskj. 72, sem ég flyt ásamt hv. þm. V-Ísf., er lagt til, að hæstv. ríkisstj. láti fara fram hið fyrsta rannsókn á því, er þetta mál snertir.

Ég legg til, að þessari umræðu verði frestað nú, en málinu verði síðan vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 4. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var till. aftur tekin til frh. einnar umr. (A. 72, n. 125).

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Þáltill. á þskj. 72 hefur hlotið meðmæli allshn. Hér er um að ræða athugun á flugskilyrðum fyrir Vestfirði, en sá landshluti hefur átt við einna erfiðastar og einhæfastar samgöngur að búa.

Tækni nútímans á öllum sviðum hefur á nokkrum árum breytt öllum kröfum þjóðarinnar, hvar sem er á landinu, til meiri og betri fyrirgreiðslu, til aukinna þæginda og til þess að geta notað tímann meira en áður fyrir sig.

Flugsamgöngur eru einn merkasti þáttur í hraðatækni fyrir ferðalög um heim allan. Þær hafa gert veröldina litla. Nú keppir flugvélin við hraða hljóðsins, og hugur einstaklingsins hrekkur varla til að fylgja þeim líkama, sem berst á vængjum hinnar hraðfleygu flugvélar.

Flugsamgöngur eru nú orðnar svo vinsæll og sjálfsagður snar þáttur í lífi íslenzku þjóðarinnar, að enginn getur án þeirra verið. Það er því nauðsyn, sem knýr á dyr, að sinna þeim landshlutum, gera þá betur úr garði en nú er, sem ekki eru búnir að fá nauðsynlega aðstöðu til að geta tekið á móti flugvélum eins og þeim, sem í náinni framtíð koma til með að annast flug til afskekktra byggða landsins. Allar stærri byggðir hafa nú fengið sæmilega flugvelli, svo að landflugvélar halda uppi samgöngum þangað. Á vestanverðum Vestfjörðum er enginn flugvöllur stærri en svo, að sjúkraflugvél Björns Pálssonar geti lent þar. Það er því áhyggjuefni Vestfirðinga, að flugvellir leggist niður, jafnskjótt og sjóflugvélar þær, sem nú eru að enda sitt skeið hér á landi, hætti að fljúga. Eins og alþjóð veit, er Reykjavík miðstöð menningar, verzlunarsamgangna, athafna og fjármála. Allir vegir liggja því um þessa Rómaborg íslenzka lýðveldisins. Fyrir því hlýtur krafa þjóðarinnar, hvar sem er á landinu, að verða sú að hafa greiðar samgöngur við þessa miðstöð menningar og tækni, sem þjóðin hefur orðið einhuga um að byggja upp sem sína höfuðborg. Tækni nútímans líkist á margan hátt hugmyndum þjóðsagnahöfunda fyrri tíma, stærstu möguleikum í hugmyndaheimi þeirra. Nú munu margir geta tekið undir með töframanninum, sem sagði: Fljúgðu, klæði, þegar fljótt þarf að skipta um verustað og klifa verður loftið til þess að ná settu takmarki í tíma, en ekki ótíma.

Það er vissulega trú allra Vestfirðinga, að hv. Alþingi veiti þeim lið, bæði í orði og verki, í þessu nauðsynjamáli, svo að þeir megi verða í nauðsynlegu sambandi við höfuðborg sína, jafnt í samgöngum sem öðru. Afskekktum byggðum Íslands verður að sýna fulla vinsemd, þegar um lífæð þeirra er að ræða. Svo verður sóma lands og þjóðar bezt borgið.

Ég þakka að síðustu öllum nefndarmönnum í allshn. fyrir vinsemd við afgreiðslu málsins, um leið og ég leyfi mér að vænta þess af hinu háa Alþingi, að það afgreiði till. eins og hún liggur hér fyrir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 212).

3. Brunavarnir.

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um varnir gegn brunatjóni [12. mál] (A. 15).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það hefur vakið mikinn ugg meðal landsmanna undanfarin ár, hversu mörg og mikil tjón hafa orðið á ýmsum atvinnutækjum af völdum elds. Nálega á hverju ári hafa fleiri eða færri fyrirtæki, oftast frystihús, mjölverksmiðjur, netjaverkstæði eða bifreiðaverkstæði, skemmzt í eldi. Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, munu íslenzk tryggingarfélög s. l. ár hafa greitt fyrir brunatjón um 17 millj. kr., og á þessu ári eru allar líkur á að þessi upphæð verði verulega hærri. Byggist sú áætlun á því, að nú þegar hafa orðið fjórir stórbrunar, á frystihúsum í Tálknafirði, á Akranesi og í Keflavík og netjaverkstæði á Siglufirði, en þessir fjórir brunar munu einir hafa valdið tjóni, sem nemur milli 10 og 12 millj. kr. Er þá allt annað ótalið.

Ekki þarf að fjölyrða um það, hversu alvarlegt mál það er fyrir þjóðina að missa þessi atvinnutæki. Segja má, að þau séu tryggð og tryggingarnar endurtryggðar erlendis, þannig að við fáum þetta að vísu greitt aftur. En við megum ekki gleyma því, að vegna þess, hve ástand í þessum málum er alvarlegt hér á landi og brunahætta mikil, eru öll tryggingariðgjöld hér á atvinnutækjum töluvert miklu hærri en þau mundu vera og þyrftu að vera, ef brunavarnir væru í góðu lagi. Þannig verður nálega allt atvinnulíf landsmanna að borga fyrir það, að þessi mál eru í þeim ólestri, sem raun ber vitni.

Í sambandi við bruna er hægt að tala um tvenns konar gagnráðstafanir: Í fyrsta lagi ráðstafanir til þess að fyrirbyggja, að eldurinn brjótist nokkurn tíma út, og í öðru lagi ráðstafanir til þess að slökkva eldinn, eftir að hann hefur brotizt út.

Kunnugir menn hafa tjáð mér, að hér á landi hafi töluverður árangur náðst í því að auka slökkvistarfið og töluvert hafi verið keypt og búið til af tækjum til þess, en hins

vegar sé hér nálega ekki neitt gert á hinu sviðinu, til að fyrirbyggja það, að brunar brjótist út í atvinnufyrirtækjum. Þarf raunar ekki annað en skoða sum þessi mannvirki til að sjá, að þar er ekki um að ræða eldvarnir eða varnir gegn því, að eldur geti brotizt út. Slíkar ráðstafanir blasa við augum, þegar gengið er um svipuð fyrirtæki erlendis. Ég hef t. d. séð margar mjölverksmiðjur hér á landi, þar sem þakið er úr tré og bárujárn yfir, algerlega óvarið að innan, þó að þar sé eldhætta mikil.

Ég skal ekki rekja hér, hvers konar ráðstafanir er hægt að gera til að reyna að fyrirbyggja eldinn, en þær eru margar og margvíslegar. Það, sem er höfuðatriðið fyrir okkur í dag, er að þær munu vera allt of litlar hér á landi.

Tilgangur þessarar þáltill. er að vekja athygli á þessu máli og reyna að fá hæstv. Alþ. til að fela ríkisstj. að láta þegar gera ýtarlega rannsókn á því, á hvern hátt hægt er að auka ráðstafanir í atvinnutækjum gegn því, að eldur komist upp, og til þess að segja til um, hvaða ráðstafana er þörf, hvort setja þarf strangari reglugerðir eða gera á einhvern hátt meiri kröfur til atvinnutækjanna í þessum efnum en hingað til hefur verið gert. Mér virðist augljóst, að einhverjar ráðstafanir verði að gera. Við verðum að skera niður þessar gífurlegu upphæðir, sem glatast á ári hverju. Við verðum að koma okkar atvinnutækjum þannig fyrir, að tryggingariðgjöld þeirra verði lægri, og spara þeim þannig eins og hægt er útgjaldaliði í þeim efnum.

Ég vil svo að lokum leggja til, að þessari till. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er af því, að ég er málinu ekki nógu kunnugur, sem ég kveð mér hljóðs, og til þess að reyna að beina því til n., hvort hún geti ekki útvegað upplýsingar, sem ég tel mig vanta og ég býst við fleiri þingmenn til þess í raun og veru að geta dæmt almennilega um þetta mál.

Það eru nokkur ár síðan ég fékk bréf, þá búnaðarmálastjóri, frá vegamálastjóra, sem var undirskrifað af honum sem formanni brunavarnarnefndar fyrir allt landið. Hann var að biðja mig um upplýsingar um það, hvernig stæði á því, að það hitnaði í heyi, og hvað hægt væri að gera til þess að verjast því o. s. frv., og tjáði mér í bréfinu, að hann ætlaði eða einhver n., sem hann var formaður fyrir, ég held formaður brunavarnarnefndar landsins, að gera einhverjar ráðstafanir eða áminningar til manna viðvíkjandi því.

Í fyrra var ég í úthlutunarnefnd jeppabifreiða. Þá var aftur fyrir þessa nefnd sótt um jeppa, því að hún þurfti að fara víðs vegar um landið til að athuga, hvernig menn snerust við, þegar brunar kæmu upp, og hvernig helzt væri hægt að fyrirbyggja það á hinum ýmsu stöðum. Ég þekki ekki annað til þessarar nefndar en þetta. Ég veit ekkert, hver kostar hana. Ég veit ekkert, hverjir standa að henni, nema ég veit, að það var Geir Zoëga á sínum tíma, í bæði skiptin þegar hann hefur undirskrifað bréf til mín í þessu sambandi. En hvað hefur hún gert, þessi nefnd? Hver kostar hana? Hvað hefur hún gert? Og er hún ekki einmitt að vinna þetta starf, sem þessi þáltill. ræðir um? Eða hefur hún kannske ekkert gert, svo að það þurfi að setja aðra menn í það til að gera eitthvað eða reka hina áfram? Það var þetta, sem mig langaði til að biðja n. að athuga og lofa mér að vita á sínum tíma og þá kannske fleiri þingmenn, sem ekki hefur verið ljóst um starf þessarar n. áður. Mér hefur ekki verið það ljóst, að öðru leyti en því, sem hún hefur þurft að skrifa mér tvívegis vegna minna starfa.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég kynnti mér nokkuð það mál, sem hv. þm. nefndi. Eftir þeim upplýsingum, sem mér voru gefnar, er til sú stofnun, sem ég hygg að heiti eldvarnaeftirlit — (**Gripið fram í:** Brunavarnaeftirlit.) brunavarnaeftirlit, og hefur aðsetur í Hafnarfirði. Eftirlitið er kostað af Brunabótafélagi Íslands. Kunnugir menn, sem starfa við þessa hluti hjá tryggingarfélögum, hafa sagt mér, að starf þessarar stofnunar hafi nálega eingöngu verið við slökkvitæki og þá hliðina, enda kom það fram í framsöguræðu minni, að við hefðum hér á landi gert allmikið í þeim efnum. Er Brunabótafélagið þannig upp byggt, að það beinir nokkru fé til þess að auka þær varnir. Hins vegar er mér tjáð af mönnum, sem við þessa hluti starfa, að mjög skorti á hina hliðina, að gera ráðstafanir og kröfur til þess að fyrirbyggja, að eldur brjótist út. Það er nánast tilefni tillögunnar að vekja athygli á því, og ef hún nær fram að ganga, þá verður væntanlega athugað, hvort þessi stofnun, sem fyrir er, getur annazt þetta verk. Það er alls ekki hugmyndin að hrófla upp nýjum nefndum eða stofnunum, ef hægt er að komast hjá því. Hitt er aðalatriðið, að brunarnir verða ár eftir ár, valda tugmilljóna tjóni, og kunnugir menn telja, að ráðstafanir til þess að fyrirbyggja, að eldur brjótist út, séu allt of litlar. Ég skal svo, ef ég get haft áhrif á það, beita mér fyrir því, að aflað verði nánari upplýsinga um það starf, sem þegar er unnið á þessu sviði, þannig að hv. þm. fái ýtarlegri og betri upplýsingar en ég get hér gefið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég tel, að hér sé mikilsverðu máli hreyft, sem skylt sé að veita fulla athygli, því að engum getur dulizt, að hinir ítrekuðu brunar hafa mjög alvarlegt tjón í för með sér. Í fyrsta lagi er hæpið, að verðmætin séu að fullu vátryggð, a. m. k. öll þau óþægindi, atvinnutjón og annað slíkt, sem þessu er samfara. En við það bætist, að jafnvel þótt fullt vátryggingarverð sé, þá hlýtur þetta að stórhækka iðgjöld og veldur þannig miklu og varanlegu fjárhagslegu tjóni. Enn fremur er sú hætta, sem hér

er á ferðum fyrir líf og limi, og er sannast sagt guðs mildi, að ekki skuli hafa orðið af alvarlegri slys en þó raun ber vitni. Ég er því hv. tillögumanni þakklátur fyrir að hafa hreyft þessu máli og vonast til þess, að málið fái góðar viðtökur og verði athugað gaumgæfilega í þingnefnd, sem fái það til meðferðar.

En það var eitt atriði, sem hann vék að í sinni fyrri ræðu, en er sérstök ástæða til að minnast á eftir hans seinni ræðu, en það er varðandi þessar brunavarnir, sem nú eiga sér stað.

Það vill þannig til, að einmitt fyrir einum eða tveimur dögum kom til mín maður, sem á heima úti á landi, og sagðist hafa slökkvitæki á heimili sínu, og það væri þess eðlis, að endurnýja þyrfti slökkviefnið í tækinu á vissum fresti. Nú hefði hann leitað eftir því að fá þetta efni keypt og að því er mér skilst einmitt leitað til þeirrar stofnunar, sem hv. þm. minntist á, suður í Hafnarfirði, en hefði þar verið tjáð, að nú síðustu mánuðina hefði þetta efni verið með öllu ófáanlegt. Mér skildist, að fyrst hefði verið tregða á því að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir því að fá þetta nauðsynlega efni, þótt kostnaðarverð þess væri sáralítið. Eftir nokkurra mánaða þóf á þessu sumri hefði efnið þó fengizt og væri nú komið til landsins, en væri búið að liggja vikum saman á hafnarbakkanum og fengist ekki innleyst. En meðan þessu færi fram, væri fjöldi manna víðs vegar um landið með tæki, sem að vísu litu liðlega út, en væru í raun og veru ónothæf og kæmu ekki að gagni.

Slíkar brunavarnir eru auðvitað til þess að svíkja sjálfan sig og duga ekki. Nú var ég búinn að gera nokkrar ráðstafanir til þess að reyna að afla nánari upplýsinga um þetta, en hef þær ekki, hvort þetta er í alla staði eins og mér var sagt. En úr því að málinu er hér hreyft, tel ég rétt, að þetta komi hér fram í Alþingi, og vonast til þess, að sú hv. nefnd, allshn., sem fær málið vonandi til athugunar, íhugi einnig þessa hliðina, vegna þess að verst af öllu er að gera ráðstafanir og leggja í kostnað, sem telur mönnum trú um, að þeir séu sæmilega öruggir, ef þannig er búið að, að þetta kemur ekki að haldi, þegar mest á reynir. Hér er því um fullkomið alvöruefni að ræða, og vildi ég sem sagt beina því til hv. n., að hún kynni sér þetta, og ef svo er sem ég hygg, að hér sé rétt með farið, þá hlutist hún til um það við rétt stjórnarvöld, að úr því verði bætt hið bráðasta.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 15, n. 257).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta þegar fara fram ýtarlega rannsókn færustu manna á orsökum hinna tíðu eldsvoða, sem valdið hafa miklu tjóni á atvinnutækjum þjóðarinnar, og gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir til að draga úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum".

Till. þessi hefur verið rædd á nokkrum fundum í allshn., og er n. sammála um að mæla með samþykkt hennar óbreyttrar. Nefndin hefur í fyrsta lagi leitað um þetta álits frá þremur þeirra tryggingarfélaga, sem mest munu hafa af brunatryggingum, og mæla þau öll með samþykkt till., og í öðru lagi frá Geir Zoëga f. h. brunavarnaeftirlits ríkisins, og hefur hann sent allýtarlega og athyglisverða greinargerð, sem hallast mjög í þá átt, sem till. gengur, og mælir því með samþykkt hennar. Ég mun ekki rekja grg. Geirs Zoëga, en hef vísað til hennar, því að hún er efnislega birt sem fylgiskjal með nál.

Það kom fram í umr. n., að til eru ýmiss konar varnartæki gegn eldi, sem notuð eru af atvinnufyrirtækjum víðs vegar um heim, en eru mjög lítið í notkun hér á landi. Það komu einnig þær skoðanir fram við umr. n., að athuga þyrfti viðhorf tryggingarfélaga til þessara mála með tilliti til þess, hvort ekki væri hugsanlegt að fá verulegar lækkanir á brunatryggingariðgjöldum, ef atvinnufyrirtæki gerðu alvarlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja eldsvoða. Loks var á það bent, að endurskoða þyrfti þá skipun, að Brunabótafélag Íslands greiði kostnaðinn við brunavarnaeftirlit, ekki sízt ef horfið yrði að því ráði að auka þetta eftirlit.

Með þessum athugasemdum vil ég skýra frá því öðru sinni, að allshn. mælir með því, að þessi till. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 277).

---

4. Fjárfesting opinberra stofnana.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um fjárfestingarþörf opinberra stofnana [9. mál] (A. 9).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj.

9 þáltill. um fjárfestingarleyfi til opinberra bygginga. Eins og fram kemur í grg. fyrir ályktuninni, er hún fyrst og fremst flutt í þeim tilgangi að varpa ljósi á þá miklu hulu, sem virðist ríkja um byggingar opinberra stofnana.

Allur almenningur á erfitt með að skilja þá ráðstöfun á fjárfestingarleyfum, sem virzt hefur í því fólgin, að einstakir efnamenn fá úthlutað svo og svo miklum leyfum til fjárfestingarframkvæmda, á sama tíma og forráðamenn hinna opinberu fyrirtækja kvarta sáran yfir þröngum húsakosti eða jafnvel algeru húsnæðisleysi fyrir starfsemi sína. Þegar til þess er hugsað, að nánast allar opinberar stofnanir hér á landi hafa fyrst og fremst á hendi þjónustu á einn eða annan hátt, verður vart komizt hjá, að síþrengdur húsakostur valdi truflunum í starfi þeirra. Hvernig geta þessar stofnanir haldið uppi fullri þjónustu, þegar húsnæðisskorturinn er eins tilfinnanlegur og af er látið, og sífellt er neitað um fjárfestingarleyfi? Svarið er, að allmargar þessar stofnanir eru nú komnar upp á náð hinna lánsömu einstaklinga, er fjárfestingarleyfi hafa hlotið. Á allra vitorði er svo einnig, hvernig leiguverð slíks húsnæðis hefur verið, auk þeirra fyrirframgreiðslna, sem krafizt hefur verið til þess, að sagt er, að standast byggingarkostnað. Af þessu virðist ekki annað sjáanlegt, en opinber fyrirtæki verði annað tveggja að draga úr nauðsynlegri þjónustu eða greiða stórar fjárupphæðir til þeirra einstaklinga, sem sýnilega hafa fengið fjárfestingarleyfi umfram eigin þörf, annars gætu þessir aðilar að sjálfsögðu ekki leigt eða selt afnot af sínum nýbyggðu húsum. Hvers vegna ekki að verja þessu opinbera fé til að byggja yfir þær stofnanir, sem svo er ástatt um, húsnæði, sem væri teiknað og byggt fyrir starfsemi viðkomandi stofnunar?

Það þarf ekki byggingarfróðan mann til að sjá, hvílíkum erfiðleikum það hlýtur að valda fyrir starfsemi hinna ýmsu stofnana að verða að neyðast til að kaupa eða leigja húsnæði, sem e. t. v. var hugsað til allt annarra afnota.

Ég tel ekki þörf á að telja hér upp einstakar stofnanir, sem þurft hafa að sæta slíkum neyðarkostum, nema sérstakt tilefni gefist til þess. Slík upptalning er ekki heldur sérstakt innlegg í þetta mál. Höfuðatriði málsins er að upplýsa, hvernig málum þessum er í raun og sannleika háttað. Að þeirri rannsókn lokinni ætti að vera auðvelt að gera upp við sig, hvort núverandi ástand sé það, sem þjóðhagslega hagkvæmt verður talið, eða hvort þar finnist önnur hagkvæmari leið. Sjálfur er ég ekki í neinum vafa um, að í þessum málum verður betra hjá sjálfum sér að taka og að það opinbera eyði framvegis aflögufæru fé til slíkra hluta, til þess að greiða niður eigið húsnæði, en ekki annarra.

Það má vissulega deila um, hve mikil fjárfesting skuli leyfð frá ári til árs með tilliti til fjárfestingargetu þjóðarinnar. En um það verður vart deilt, að a. m. k. verði opinberir aðilar ekki látnir sitja á hakanum um nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsemi sína, meðan efnaðir einstaklingar fá fjárfestingarleyfi umfram eigin þörf.

Í sambandi við lausn þessara mála er rétt að minna á, að það eitt, hve hinar opinberu stofnanir eru nú dreifðar um alla höfuðborgina, veldur almenningi margvíslegum erfiðleikum og tímatöfum og þá ekki hvað sízt fólki utan af landi, sem þarf á fyrirgreiðslu þessara aðila að halda. Það er vissulega kominn tími til þess að auðvelda samskipti þess opinbera við allan almenning, t. d. með því að skipuleggja ákveðinn hluta höfuðborgarinnar sem aðsetur allra opinberra stofnana og spara þannig þær tímatafir tuga manna, sem daglega þurfa til þessara stofnana að leita.

Að svo mæltu vona ég, að till. sú til þál., sem hér um ræðir, þurfi ekki nánari skýringa við. Ég vona, að hv. alþm. geti verið mér sammála um, að þörf sé á þeirri rannsókn, sem till. felur í sér, og að hún nái fram að ganga sem fyrst. Ein umr. hefur verið ákveðin um málið, og óska ég eftir, að umr. um málið verði frestað og því vísað til hv. allshn. og að n. hraði svo störfum, að niðurstöður rannsóknarinnar, sem um ræðir í till., geti legið fyrir yfirstandandi Alþ. sem allra fyrst.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 9, n. 256).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umræðu, hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta framkvæma rannsókn á fjárfestingarþörf opinberra stofnana til byggingar nauðsynlegs húsnæðis fyrir starfsemi þeirra. Jafnframt sé athugað, hve margar opinberar stofnanir hafi þurft á síðastliðnum tíu árum að kaupa eða leigja nauðsynlegt húsnæði af einstaklingum eða félögum og þá með hvaða kjörum. Niðurstaða rannsóknarinnar verði lögð fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er.“

Allshn. hefur fjallað um þessa till. nokkrum sinnum, og hefur meiri hluti nefndarinnar nú skilað áliti, fellst á samþykkt þessarar till. með einni breytingu. Einn nefndarmaður vildi ekki standa að þessari afgreiðslu, og annar var fjarverandi.

Það hefur komið í ljós á undanförnum árum, að húsnæðismál opinberra stofnana eru vaxandi vandamál. Nokkrar þeirra hafa getað eignazt sæmilegt húsnæði og geta vel unað hag sínum í þeim efnum. Þær munu þó vera miklu fleiri, sem ekki hafa fengið að byggja sjálfar eða ekki getað það, en hafa neyðzt til að taka á leigu dýrt húsnæði af einstaklingum, félögum eða jafnvel af öðrum opinberum stofnunum.

Meiri hluti allshn. er þeirrar skoðunar, að

það sé fullkomin ástæða til að rannsaka þetta mál og birta um það skýrslur og verði þá hægt að byggja á þeim skýrslum einhverjar ráðstafanir, ef ástæða þykir til.

Sú breyting, sem við leggjum til að gerð sé, er þess efnis, að í staðinn fyrir orðin að taka á leigu dýrt húsnæði „af einstaklingum eða félögum“ verði orðalagið: „af einstaklingum, félögum eða öðrum opinberum aðilum.

Ástæðan til þessarar breytingar er sú, að komið hefur fyrir á síðustu árum, meðan fjöldi opinberra stofnana fær ekki leyfi til að byggja, jafnvel þótt þær hafi safnað sér peningum til þess, hefur öðrum opinberum stofnunum verið leyft að byggja helmingi stærra húsnæði en þær hafa nokkuð við að gera. Það hefur komið í ljós, að ekkert minna gengur á í samningum út af leigu slíks húsnæði milli ríkisstofnana en á milli ríkisins annars vegar og einstakra aðila. Það er því full ástæða til þess að sleppa ekki þessum tilfellum í þessari rannsókn.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þessa till., nema tilefni gefist til, en meiri hluti allshn. leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka meiri hluta allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls sem flm. þess hér í upphafi þingsins og vil aðeins nota tækifærið til þess að lýsa eindregnu samþykki mínu við þá brtt., sem þeir fimm nefndarmenn hafa flutt, og vonast til, að ályktunin megi, þannig breytt, verða einróma samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 256 samþ. með 32:1 atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 291).

5. Hafnargerðir.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga [51. mál] (A. 83).

Á 14., 15. og 17. fundi í Sþ., 20. og 27. nóv., 4. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það mun öllum hv. þm. vera kunnugt, að ein mestu vandamál, sem við er að stríða víðs vegar um landið, eru hafnargerðirnar. Allir þeir þingmenn, sem eru úr kjördæmum, þar sem við slík mál er að glíma, og það munu raunar langflestir þingmenn vera, munu af eigin reynd þekkja þetta mál vel og vita, hversu mikla erfiðleika er hér við að etja og hversu erfiðlega gengur að fá endanlega lausn á þessu mikla vandamáli.

Það gefur auga leið, að það er mikið vandamál fyrir litla þjóð eins og okkur Íslendinga að þurfa að koma upp höfnum á fjölmörgum stöðum á landinu, svo sem raun ber vitni um, og ekki að undra, þó að það átak verði ekki gert á skömmum tíma til neinnar hlítar, auk þess sem sannleikur málsins er sá, að það er mjög erfitt að leysa þetta mál endanlega, vegna þess að það skapast alltaf ný viðfangsefni og auknar þarfir með stærri skipum, svo að það er í rauninni erfitt að leysa þetta mál á nokkrum stað, þannig að til frambúðar geti orðið. Hins vegar er þó hægt að koma málinu víðast hvar það langt áleiðis, ef fé væri fyrir hendi, að hægt væri að skapa viðunandi skilyrði fyrir útgerð frá hinum ýmsu sjávarplássum, en það er auðvitað höfuðatriði málsins.

Árlega erum við hér að fást við að reyna að skipta mjög takmarkaðri fjárveitingu milli fjölda staða, þar sem unnið er að hafnargerð, en allt er þetta af stórlega skornum skammti og svo mjög, að varðandi þær hafnir, þar sem mest átök hafa verið gerð á undanförnum árum, skuldar ríkissjóður stórar fjárhæðir, sem ekki er sjáanlegt að hægt verði að greiða á næstunni nema með alveg sérstökum ráðstöfunum. Það hefur verið svo með hafnirnar, eins og raunar vegi og aðrar framkvæmdir í okkar landi, að það hefur verið reynt að dreifa fjárveitingunum til sem allra flestra staða. Það er skiljanlegt, þar sem þarfirnar eru svo margar og svo víða. En þetta hefur aftur leitt það af sér, að mjög erfitt hefur verið um vik að vinna að nægilega stórum áföngum á hverjum stað, og í sannleika sagt kemur þetta óvíða eða hvergi eins illa við og með hafnargerðir, að það skuli ekki vera hægt að taka nokkuð stóra áfanga. Þó að það sé illt í vegagerð að vinna ekki nema smáspotta í vegi, þá liggur vegur þó ekki fyrir þá sök undir skemmdum, en þannig er ástatt með hafnargerð, ef ekki er hægt að taka þar nokkuð stóra áfanga, að þá er hætt við, að verkið geti stórskemmzt, enda eru þess mörg dæmi, að stórfellt tjón hefur orðið af því, að ekki hefur verið hægt að ljúka ákveðnum áföngum við ýmsar hafnir. Það sýnist því vera hin mesta nauðsyn á því að reyna að mynda sér heildarskoðun um það, hvað gera þurfi í hafnargerðum nú á næstu árum, og þá jafnframt, hvar þörf sé mestra átaka í því efni.

Af þeim sökum höfum við flm. þessarar till. lagt til, að ríkisstj. verði falið í samráði við vitamálastjóra, sem að sjálfsögðu hefur á þessu mesta þekkingu, að gera áætlun um nauðsynlegar hafnargerðir í landinu næstu árin. Það er ekki miðað við ákveðið tímabil, en maður getur látið sér detta í hug 5—10 ár eftir atvikum, eftir því, hvernig sú áætlun kæmi út. Að tilhlutun fjvn. var í hittiðfyrra gerð svipuð áætlun varðandi flugvallargerð, þar sem var að finna margvíslegan fróðleik um þau mál. Því miður hefur ekki verið hægt að verja jafn-

miklu fé til þeirra mála og þörf var talin samkvæmt þeirri áætlun, en engu að síður er þar þó að finna mjög mikinn fróðleik, sem hægt er að styðjast við og mynda sér skoðanir um, hverra átaka sé þörf í þessu sambandi.

Um hafnargerðirnar ætti að vera sama máli að gegna. Að vísu munu vera til áætlanir um ýmsar framkvæmdir, einstakar framkvæmdir, en ástæða væri til þess að reyna að mynda sér heildaryfirsýn yfir þessi mál og gera sér grein fyrir, hvernig þau standa og hvaða framkvæmdir eru brýnar í þessu efni. Við þekkjum það öll, að víða getur þannig hagað til, að það blátt áfram sé lífsnauðsyn að vinna að ákveðnum framkvæmdum í hafnarmálum, ef ekki á að verða algert öngþveiti í viðkomandi byggðarlagi varðandi útgerð, og víðast er það auðvitað þannig um sjávarplássin, að örugg höfn er frumskilyrði þess, að þar geti þróazt útvegur og þar með lífvænleg byggð á þessum stöðum, þannig að hér er um að ræða hið mikilvægasta mál í sambandi við það að viðhalda sem víðast byggð í landinu og reyna að koma í veg fyrir, að hún þurfi að dragast saman af þeim sökum, að ekki sé um viðunandi hafnarskilyrði að ræða.

Jafnframt því, að þessi athugun verði gerð, þarf að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, hvaða möguleikar eru fyrir hendi til fjáröflunar. Einstakar hafnir, þar sem hefur verið um stórframkvæmdir að ræða, hafa getað leyst sinn vanda með því að taka erlend lán, svo sem t. d. Akranes og Vestmannaeyjar. Að vísu er þetta ekki frambúðarlausn á málinu, en með þessu móti hefur þó tekizt að vinna að stórum áföngum, sem nauðsynlegir hafa verið. Það er augljóst mál, að hér getur ekki orðið um að ræða þessa lausn nema fyrir tiltölulega fáa staði, vegna þess að hún kemur ekki til greina, nema þar sem unnið er að mjög miklum og dýrum framkvæmdum. Auk þess er vitanlega nokkurt vafamál, hvort heppilegt er að fara þá leið að leysa þetta mál þannig fyrir einstaka staði, án þess að einhver kerfisbundin lausn sé á þessu fundin og unnið að þessu á skipulagðan hátt, þá með heildarlánsútvegun, sem síðar yrði varið til þessara framkvæmda. En varðandi alla hina minni staði á landinu, sem ekki geta leyst mál sín með því að taka sjálfir erlend lán, verður að sjálfsögðu að finna aðra lausn á málinu.

Áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir hlýtur að verða að sjálfsögðu að haldast í hendur við áætlun um það, hvernig á að afla fjár til framkvæmdanna, ella verður að sjálfsögðu áætlunin sjálf ekki annað en að vísu fróðlegt heimildarplagg, en getur ekki lagt grundvöll að raunhæfum framkvæmdum.

Það hafa komið fram hér á Alþingi ýmsar hugmyndir um fjáröflun til hafnargerða. Hér fyrr á þinginu var rædd till. um að endurskoða lög um hafnarbótasjóð með það í huga að fá aukið fé til hafnargerða. Það er að sjálfsögðu mjög skynsamlegur þáttur í þessu máli, en ekki nema ein hlið vandans. Þá hefur enn fremur verið um það rætt að taka lán til hafnargerða og það mál verið nokkuð rætt hér á Alþingi og yfirlýsingar um það gefnar af ríkisstj., að að því muni verða unnið, þegar auðið verður vegna annarra lána, sem talin eru þurfa að ganga þar fyrir. En allar þessar hugleiðingar sýna þó glöggt, að það eru opin augu manna fyrir því, að hér er um mikið vandamál að ræða, sem þarf að gera einhver meiri háttar átök til að leysa.

Það virðist því vera skynsamlegt að tengja þetta saman, að endurskoða gildandi lagaákvæði um fjáröflun, bæði hafnarbótasjóð, ákvæði hafnarlaga um skiptingu kostnaðar í sambandi við byggingu hafna, og jafnframt athugaðar aðrar leiðir til fjáröflunar, lántökur eða annað, sem þar kynni að koma til greina. Kem ég þá að enn einum þætti málsins, en það er skipting kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga.

Eins og núgildandi lög mæla fyrir um, eru til tvenns konar reglur um þetta, eða raunar þó þrenns konar, því að um landshafnir gilda sérákvæði. En varðandi aðrar hafnir gildir það, að annaðhvort greiðir ríkissjóður helming kostnaðar, ef um minni háttar hafnargerðir er að ræða, eða þá ⅔ kostnaðar.

Þennan ríkissjóðshluta hefur þó ekki verið hægt að greiða að öllu leyti, þannig að í árslok 1957 mun samkvæmt áætlun vitamálaskrifstofunnar hafa verið vangoldinn ríkissjóðshluti um 13.5 millj. kr., og á árinu 1958 eru uppi áætlanir um yfir 50 millj. kr. framkvæmdir í hafnargerðum, og mundi ríkissjóðshluti þeirra framkvæmda vera rúm 21 millj. kr. Fjárveiting er 10.7 millj., auk 2 millj. kr. til hafnarbótasjóðs, sem að vísu mun vera, að ég hygg, öllu eytt fyrir fram, þannig að sjáanlegt er, að enn mun halla á ríkissjóð á þessu ári, ef framkvæmdir verða jafnmiklar og sveitarfélögin gera ráð fyrir.

Nú þekkja það allir, sem við lánamál hafa þurft að fást, bæði í sambandi við hafnir og aðrar framkvæmdir sveitarfélaganna, að eins og nú standa sakir, er svo að segja ógerlegt að fá nein slík lán, og það hefur því verið mjög miklum erfiðleikum bundið fyrir sveitarfélögin að fá lán til þess að greiða sinn hluta af hafnargerðarkostnaði, hvað þá þegar þau auk þess hafa orðið að eiga inni hjá ríkissjóði allmiklar upphæðir og sum sveitarfélögin mjög verulegar upphæðir. Það liggur því í augum uppi, að ef ekki lagast um lánsfjáröflun, hljóta þessar framkvæmdir að verulegu leyti að stöðvast nú á næstunni, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar til fjáröflunar. En það er ekki aðeins þetta atriði, hvort sveitarfélögin geta aflað lána til þess að standa straum af sínum hluta kostnaðar og ríkið lagt fram sinn hluta nokkurn veginn jöfnum höndum, heldur er annað vandamál við að glíma, og það er skipting kostnaðarins milli sveitarfélaga og ríkissjóðs, því að það hefur komið í ljós, að með hverju ári sem líður verður þess meira vart, að sveitarfélögin geti ekki greitt afborganir og vexti af lánum, sem tekin eru vegna hafnargerðar, hafnarsjóðirnir á viðkomandi

stöðum hafa mjög litlar tekjur víða og eru þess alls ófærir að standa undir stofnkostnaði hafnargerðanna, og niðurstaðan hefur því orðið sú, að á ríkissjóð hafa fallið ábyrgðarlánin vegna hafnanna. Það er að sjálfsögðu mjög óheilbrigð þróun, þó að þetta muni í flestum tilfellum hafa verið óhjákvæmilegt vegna bágborins efnahags viðkomandi sveitarfélaga, að ríkið greiddi þessi ábyrgðarlán. En þá hygg ég, að við hljótum öll að vera sammála um, að það er mjög slæmt, þegar svo þarf að fara, og hætt við því, að allt aðhald minnki og þau sveitarfélög, sem enn standa í skilum, muni þá slaka á klónni og ekki hirða svo mjög um það að greiða sín ábyrgðarlán, þegar það er í stórum stíl farið að tíðkast, að aðrir greiði þau ekki.

Af þessum sökum hygg ég, að það sé óumflýjanlegt að taka til athugunar með hliðsjón af kostnaðaráætlun fyrir viðkomandi hafnargerðir, hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess, að viðkomandi sveitarfélög geti staðið straum af stofnkostnaði við hafnargerðirnar, þ. e. a. s. lántökum til þeirra, afborgunum og vöxtum af þeim, því að ef það liggur í augum uppi, að þess er enginn kostur, að viðkomandi sveitarfélög geti staðið undir þeim hafnarmannvirkjum, sem óumflýjanleg eru talin á þeim stað, þá er auðvitað ekki annað fyrir hendi en að hafa skiptingu kostnaðarins á annan veg, þannig að einhver von sé til þess, að sveitarfélögin fái undir þeim kostnaði staðið. Mér sýnist, að það sé miklum mun heilbrigðara, að ríkið leggi þegar fram stærri hluta af kostnaðinum, heldur en að hafa þá aðferð að láta ábyrgðarlánin síðar falla á ríkissjóðinn, þannig að niðurstaðan verði hin sama.

Þetta atriði tel ég einnig að sé brýn nauðsyn til að athuga og endurskoða, þegar fyrir liggur áætlun um það, hvað hafnarframkvæmdir á hverjum stað muni kosta og hvaða horfur eru á tekjum slíkra hafnargerða.

Í landinu eru nú til tvær svokallaðar landshafnir, þ. e. a. s. á Rifi og í Keflavík og Njarðvíkum, og þær landshafnir eru algerlega kostaðar af ríkinu, og það er að sjálfsögðu ekkert nema gott um þessar hafnargerðir að segja, þær eru báðar mjög nauðsynlegar. En hins vegar hygg ég þó, að það hljóti að vera mjög mikið álitamál, hvort þessi landshafnarákvæði eigi að gilda eingöngu um þessar tvær hafnir eða hvort þau eiga að útfærast meira, þannig að t. d. ein slík höfn verði í hverjum landsfjórðungi, því að mér sýnist, að þessi ákvæði, eins og þau eru, séu nokkuð af handahófi, og það er ekki að undra, þó að ýmsum stöðum þyki sem svo, að það sé nokkuð gert hátt undir höfði þeim aðilum, sem eiga að fá allan kostnað greiddan við hafnargerðir, en öðrum stöðum er ætlað að standa undir allverulegum hluta af hafnargerðarkostnaði hjá sér.

Enginn má skilja orð mín svo, að ég sé með þessu að hafa á móti því, að þessar tvær hafnir njóti þessara hlunninda. Þetta eru mjög efnilegir útgerðarstaðir og full ástæða til að hlynna að þeim. En við þekkjum öll, að samanburður er alltaf dálítið hættulegur, þegar um viss fríðindi sem þessi er að ræða, og ég hygg, að væri a. m. k. full ástæða til að taka þessi mál til athugunar og hvort komið gæti til greina að haga þessu á einhvern annan hátt.

Ég held, að ég hafi drepið á helztu atriðin, sem ég tel máli skipta og að skoðun okkar flm. þurfti að taka til athugunar í sambandi við hafnargerðir í landinu.

Það er álit okkar, að hafnarmálin séu svo mikil hagsmunamál þjóðarinnar, enda eðlilegt, þar sem þjóðin að verulegu leyti á afkomu sína undir útvegi, að það sé lífsnauðsyn að reyna að koma þeim málum á næstu árum í það horf, að hvarvetna þar, sem efnilegt er um útgerð, verði slík hafnarskilyrði, að hægt sé á viðunandi hátt að stunda útgerð frá þessum stöðum.

Ég hygg, að allir hv. þm. séu okkur sama sinnis um þetta efni, og ég vildi því mega vænta þess, að þessi till. hlyti góðar undirtektir, því þó að ekki sé með henni lagður grundvöllur að neinni nýrri fjárútvegun á þessu stigi málsins, ætti hún þó að geta stuðlað að því, að þessi mál væru tekin til athugunar á breiðum grundvelli og reynt að finna leiðir, sem orðið gætu til þess að hrinda málum það áleiðis, að við væri hægt að una.

Ég vil svo leyfa mér að óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 83, n. 321).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga á þskj. 83.

Hún hefur leitað um till. þessa álits hafnar- og vitamálastjóra, og liggur fyrir umsögn hans um málið. Er sú umsögn jákvæð, þannig að hann telur mjög mikilvægt og æskilegt, að sú athugun fari fram, sem gert er ráð fyrir í till., og efnislega leggur því fjvn. til að nánar athuguðum öllum atriðum málsins, að till. verði samþykkt með smávægilegum breytingum.

Áður en ég geri nánar grein fyrir málinu efnislega, þykir mér rétt að taka það fram, sem kemur fram að vísu nokkuð í nál. fjvn. á þskj. 321, að allshn. Sameinaðs þings hafði samráð við fjvn. í tilefni þess, að til þeirrar nefndar var vísað annarri till., sem snertir einn þátt þessa máls, þ. e. a. s. till. á þskj. 41 um endurskoðun laga um hafnarbótasjóð. Þótti allshn. eðlilegt, að þessi mál væru tekin sameiginlega til meðferðar, og þar sem sú till.

fjallaði aðeins um einn þátt málsins, þótti eðlilegt að athuguðu máli af hálfu þessara nefnda beggja að sameina tillögurnar, á þann hátt, að efnislega var gert nokkru fyllra ákvæði till. á þskj. 83 um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir varðandi það atriði, er snerti endurskoðun laganna um hafnarbótasjóð sérstaklega. Ber því að líta svo á, að till. fjvn. í þessu efni feli í sér afgreiðslu á báðum þessum tillögum.

Við flutning málsins, þ. e. a. s. þáltill. á þskj. 83 og enn fremur till. á þskj. 41, var gerð ýtarleg grein fyrir nauðsyn þess máls, sem hér er um að ræða, þ. e. þess, að leitazt væri við að finna traustari grundvöll en nú er undir hafnarframkvæmdir í landinu, bæði hvað snerti áætlun um nauðsynlegar hafnarbætur og enn fremur hinn þáttinn, sem er fjáröflun til framkvæmdanna.

Svo sem fjvn. leggur til að till. verði afgreidd, er gert ráð fyrir því, að þessi áætlun verði miðuð við 10 ár. Hér er að sjálfsögðu um að ræða mjög miklar framkvæmdir, því að víða kreppir skórinn að og þarfirnar fyrir bætt hafnarskilyrði víðs vegar um landið eru mjög miklar. Það sjónarmið er látið fylgja, að fyrst og fremst skuli við það miða, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu.

Hafnirnar hafa vitanlega tvíþættu hlutverki að gegna: Annars vegar að vera vöruflutningahafnir varðandi þær nauðsynjar, sem að landinu þarf að draga og hverju einstöku byggðarlagi, og í því sambandi einnig að sjálfsögðu útflutningshafnir, en í öðru lagi, að þær geti veitt fullnægjandi aðstöðu til útgerðar frá þeim stöðum, þar sem sá atvinnuvegur helzt er stundaður á landinu. Þessi sjónarmið er að sjálfsögðu eðlilegt að höfð séu í huga, og vitanlega verður að leggja á það höfuðáherzlu, að ófullnægjandi hafnir séu því ekki til hindrunar, að hægt sé að stunda útflutningsframleiðslu til sjávarins, eftir því sem mögulega er unnt.

Þetta er annar þáttur málsins að láta gera þessa framkvæmdaáætlun, sem miðist við 10 ár. Hinn þátturinn er svo sá, að leitað verði eftir úrræðum til þess að afla fjár til framkvæmdanna og þá m. a. í því sambandi athugað sérstaklega, hvort ekki muni tiltækilegt að efla hafnarbótasjóð á þann hátt, að hann geti sinnt þessu hlutverki, og enn fremur, að gerð verði í sambandi við framkvæmdaáætlunina sérstök athugun á skiptingu kostnaðar við hafnargerðirnar milli ríkis og sveitarfélaga, því að það er vitanlega eitt mikilvægt atriði í þessu máli að búa þannig um hnútana, að fjárhagslega sé sæmilega fyrir þessum málum séð. Og það verður að teljast nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig þessi mál verði leyst á þann hátt, að heilbrigt geti talizt, þ. e. a. s., að hluti sveitarfélaga verði þar ekki gerður stærri en svo, að sveitarfélögin geti með sómasamlegu móti undir honum risið. Það er vitanlega algerlega óheilbrigt, ef í ríkari mæli verður farið inn á þá braut, sem menn of mikið hafa neyðzt inn á nú þegar, að ríkið taki að sér að greiða ríkisábyrgðarlánin fyrir hafnirnar. Slíkt er mjög óheilbrigt, og þarf að byggja þessa kostnaðarskiptingu upp á þann hátt, að fullkomlega sé hægt að ætlast til þess, að sveitarfélögin geti staðið undir sínum hluta.

Það er bent á það af vitamálastjóra, að eitt það atriði, sem sérstaklega mæli með því, að framkvæmdaáætlun sem þessi sé gerð, sem hann telur að vísu, að muni taka nokkurn tíma, sé það, að mikilvægt sé að fá sem allra fullkomnastar tæknilegar athuganir á öllum aðstæðum varðandi hafnargerðir á hverjum stað, og gera sér grein fyrir því sem allra bezt fyrir fram, hvernig aðstæðurnar eru, því að víða þarf að gera margvíslegar athuganir í þessu sambandi.

Þetta er oft og tíðum erfitt við að fást, nema því aðeins að að þessum málum sé unnið á skipulagsbundinn hátt. Og með hliðsjón af því mikla verkefni, sem hér er fyrir höndum, og mikilvægi þess fyrir þjóðarheildina, að reynt verði að ýta þessum hafnarmálum áleiðis, svo sem kostur er, þá telur fjvn. rétt að mæla með samþykkt tillögunnar eða réttara sagt tillagnanna, með þeirri breytingu, sem um getur í nál. á þskj. 321.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Á þskj. 41 flutti ég till., sem miðaði að því að láta fara fram endurskoðun laganna um hafnarbótasjóð, með það fyrir augum, að á þeim verði gerðar nauðsynlegar breytingar, þannig að sjóðurinn gæti orðið verulega til aðstoðar fátækum byggðarlögum við hafnarframkvæmdir. Þeirri till. var vísað til hv. allshn. Nokkru síðar kom fram önnur till. frá hv. 2. þm. Eyf. og fleirum um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir o. fl., sem var vísað til hv. fjvn. Þessar nefndir hafa nú komið sér saman um að steypa þessum tveim till. saman, og finnst mér það eðlilegt, þar sem þær fjalla, eins og hv. frsm. fjvn. tók fram, um sama málið, þ. e. a. s., eins og hann réttilega tók fram, mín till. er þáttur úr þeim athugunum, sem gert er ráð fyrir að gerðar séu.

Ég vildi leyfa mér að þakka báðum þessum nefndum fyrir afgreiðslu málsins að því er varðar mína till.

Það fer ekki á milli mála, að víða eru hafnarframkvæmdirnar einhverjar þær mikilvægustu af öllum óleystum verkefnum viðkomandi byggðarlaga. Það er því brýn nauðsyn á því, að þegar sé hafizt handa á skipulegan hátt um að leysa þessi miklu verkefni og aðstoða þau byggðarlög, þar sem þörfin er mest, eftir ákveðinni áætlun.

Það gefur auga leið, að ekki er hægt að framkvæma þessi miklu verkefni öðruvísi en eftir ákveðinni áætlun, gerðri af þeim, sem hafa þekkinguna bezta á þessum málum í heild.

Það, hvort hægt er að halda uppi blómlegri útgerð í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum í kringum landið, grundvallast að verulegu leyti af því, hvernig hafnir viðkomandi staða eru. Víða er ástandið því miður þannig,

að það orkar mjög tvímælis, hvort rétt er að kaupa þangað nýjan bát eða fleiri báta, einungis vegna þess, hve hafnaraðstaðan er slæm. Víða er ágæt aðstaða í landi til að fullnýta aflann, en höfnin svo slæm, að það er aðeins hörku og dugnaði sjómannanna að þakka, að bátarnir eyðileggjast ekki í vondum veðrum.

Það má segja, að það sé hart að verða fyrst að sækja sjóinn og síðan kannske að byrja á aðalerfiðinu, en það er, þegar að landi er komið, að verja bátinn.

Flestar þeirra hafnarframkvæmda, sem liggur fyrir að gera á komandi árum, eru stórar og dýrar, af þeirri einföldu ástæðu, að víða er lokið minni framkvæmdum og viðráðanlegri fyrir viðkomandi byggðarlög. Einhver ráð verður því að finna til að gera hvort tveggja, fá fjármagn til þessara framkvæmda og að nota það fjármagn þannig, að sem mest gagn verði af og fyrir sem flesta.

Það er alkunna, að fiskveiðasjóður hefur aðstoðað marga til að kaupa fiskiskip með góðum lánum. Á líkan hátt þyrfti hafnarbótasjóður að vera þess megnugur að lána ýmsum byggðarlögum fé til hafnarframkvæmda með góðum kjörum.

Það vita allir, hversu mikla erfiðleika það hefur kostað mörg byggðarlög að afla nauðsynlegs lánsfjár til hafnarframkvæmda. Þessir aðilar geta ekki gengið að neinni sérstakri lánastofnun, sem hafi það hlutverk að lána til slíkra framkvæmda, enda engum skylt. Það er því notuð sú aðferð að reyna að slá eina eða aðra lánastofnun um smáupphæðir, oft til bráðabirgða, og síðan hefur það kostað mikla erfiðleika heima fyrir að standa í skilum, ef það hefur þá tekizt.

Ef hafnarbótasjóður væri efldur svo, að hann gæti gegnt svipuðu hlutverki gagnvart þeim byggðarlögum, sem vilja ráðast í hafnarframkvæmdir, eins og fiskveiðasjóður gerir gagnvart þeim, sem ætla að kaupa nýjan bát, væri viðhorfið allt annað. Vitaskuld yrði að sjá hafnarbótasjóði fyrir framlögum frá ríkinu árlega eða öðrum tekjum og síðan væri þetta fé lánað til nokkuð langs tíma, t. d. 20 ára. Fljótlega mundi svo sjóðurinn taka að vaxa, þegar afborganir og vextir færu að koma inn, og yrði þannig hægt að lána meira til þessara framkvæmda frá ári til árs.

Það er vitanlega ekkert áhlaupaverk að framkvæma allar þessar miklu og mörgu hafnarframkvæmdir, sem þarf að gera. Ég er þess vegna samþykkur þeirri hugmynd að láta gera framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og að sérstaklega sé við það miðað, að þær stuðli að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Í áætluninni ætti einnig að gera ráð fyrir, að reynt væri að ljúka að fullu við þær hafnir, sem teknar væru til uppbyggingar. Með því móti verður framkvæmdin öllu hagkvæmari og ódýrari.

Eins og ég sagði áðan, eru hafnarmálin brennandi vandamál margra staða víðs vegar í kringum landið. Samþykkt þessarar till. ætti að geta orðið til þess, að þessi mál verði nú tekin til nýrrar og gagngerðrar endurskoðunar, og má vera, að síðan komist meiri skriður á þau, og er þá vel farið og tilganginum náð.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Eins og frsm. nál., hv. 2. þm. Eyf., tók fram, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að mál þetta verði afgreitt, eins og í till. felst, með örlitlum breytingum.

Það er gleðiefni, þegar maður verður þess var, að áhugi vaknar fyrir þessu mikla velferðarmáli þjóðarinnar, því að það er ekki ofmælt, að það er eitt af meginskilyrðunum fyrir því, að þjóðinni geti vegnað vel og að fólkið úti á landsbyggðinni geti unað glatt við sitt, að það hafi góðar og öruggar samgöngur. Eins og menn vita og eins og oft hefur áður verið sagt, verða samgöngurnar í lofti og á landi ekki svo öruggar sem skyldi, þegar vetur gengur í garð, og því er það, að þá treysta menn á siglingar skipanna. En til þess að siglingarnar geti verið öruggar, þarf náttúrlega í fyrsta lagi góð skip, og þau teljum við okkur hafa, en við þurfum einnig góðar og öruggar hafnir, sem geta tekið á móti skipunum, þegar þau koma að landi.

Eins og hv. alþm. rekur minni til, flutti ég hér á hinu háa Alþingi 1956, rétt fyrir áramótin, tvær till. í sambandi við hafnamál landsins, aðra um að láta fara fram rannsókn á nokkrum ákveðnum stöðum á landinu um það, hvort ekki væri heppilegt, að þar yrðu byggðar hafnir í stað þess að vera að reyna að bæta þær hafnir sumar hverjar, sem fyrir eru og illa hafa reynzt, og hina till. um það, hvernig fjárins skyldi aflað, eða því var beint til ríkisstj., hvort ekki væri heppilegt að taka upp nýjan hátt, m. ö. o. að ljúka höfnunum, sem væru hálfgerðar, og byggja þær eftir vissri áætlun, vissu skipulagi, sem nú felst í þessum tillögum.

Það er því gleðiefni, að þessi till. hefur komið fram. En mig langar til að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál almennt, út af því, að hún liggur hér fyrir til umræðu. Það, sem ég segi, ber ekki að skilja sem ádeilu á neinn eða neina, heldur sem gleði, í fyrsta lagi yfir því, að málið er nú tekið nýjum og að mínum dómi öruggari tökum, og til þess að undirstrika, að það er nauðsyn, að það sé gert. Það er eins og allir vita, að þá fyrst fer fólkinu að vegna vel í landinu, þegar það hefur séð, að því er skapað öryggi, og það þýðir ekki að tala um að viðhalda jafnvægi í byggð landsins, ef samgöngur að og frá byggðunum eru ekki öruggar, og eins og áður er tekið fram, þá er það í lengstu lög og síðasta úrræðið að treysta á sjóinn fyrir strandríki eins og Ísland er.

Ég vil leyfa mér að minna á, að það er að okkar dómi, sjómannanna, alveg sjálfsagður hlutur, áður en farið er út í að kosta miklu til um sumar þær hafnir, sem nú eru notaðar, að rannsaka til hlítar, hvort ekki sé nauðsynlegra og að öllu leyti heppilegra og ódýrara

fyrir þjóðarbúskapinn að athuga, hvort ekki mætti byggja hafnir á nýjum og tilteknum stöðum, þeim stöðum, sem ég t. d. benti á í minni till. um rannsóknirnar 1956. Ég veit, að það er öllum hv. alþm. í fersku minni, hvaða staðir það voru, og ég hirði ekki um að fara að telja þá upp aftur, nema sérstakt tilefni gefist til. En hitt, að leggja mikið fé í að reyna að bæta hafnir, sem ekki eru góðar og því miður aldrei verða góðar, það er ekki hyggilegt að okkar dómi, sjómannanna. Við vildum heldur, að upp væri tekinn sá háttur að reyna að finna góða staði fyrir hafnirnar, sem lægju eins vel við fyrir sveitirnar, og að þar væru byggðar góðar og öruggar hafnir, og sérstaklega, ef það á að undirstrika það, að þar sem er byrjað á að gera hafnir og þar sem líkur eru fyrir því, að þær geti orðið mjög góðar, með því að þeim verði lokið og það sem allra fyrst, þá væri sjálfsagt að reyna að fá fé til þess með einhverjum hætti og athuga það sem allra fyrst, því að eins og allir vita, þá þýðir ekki að segja: Sjór, stattu kyrr, eða: Vindur, bær þú ekki á þér. Sjórinn og vindurinn vinnur á höfnunum, og því, sem gert er á sumrin til þess að reyna að laga það, sem illa fór á veturna, verður stundum ekki einu sinni hægt að ljúka fyrir það fjármagn, sem veitt er til hinna ýmsu hafna á hverjum tíma. Og þetta er mjög skiljanlegt, þar sem í mörg horn er að líta og óskirnar koma úr öllum áttum. Þess vegna er skipulag og fyrir fram gerð áætlun mjög nauðsynleg og góð í þessu efni. Ég vil aðeins minna á örfáar hafnir í sambandi við þetta, þær hafnir, sem þarf að ljúka við.

Það er t. d. höfnin á Rifi. Eins og allir vita, er það orðin mjög þörf og nauðsynleg höfn og menn eru farnir að nota hana mikið, og að henni liggja mikil og góð fiskimið, mjög nærtæk. Hins vegar hafa skipin ekki öll og hér um bil engin verzlunarskipin enn þá treyst sér til þess að fara inn á þessa höfn, því að hún er ekki talin svo örugg, þ. e. innsiglingin, og þar þarf því um að bæta. En með þeim fjárframlögum, sem til þeirrar hafnar eru veitt, er gert ráð fyrir því, þó að vel sé veitt til hennar í samanburði við margar aðrar, að það mundi taka minnst 10 ár með sama áframhaldi og með því að sjórinn og vindurinn stæði kyrr að gera hana, svo að hún yrði góð.

Þá vil ég minna á Patrekshöfn. Það er höfn, sem allir þekkja nú orðið af sögunni. Þar gerast margir viðburðir og ekki allir jafnánægjulegir. Skipin verða þar oft fyrir óhöppum, sem eru algerlega án þess, að það sé nokkrum manni um að kenna, heldur aðeins fyrir þá sök, að höfnin er ekki eins fullkomin og hún þarf að vera, til þess að hún geti talizt góð. Það þarf sannarlega að taka þar höndunum til og gera þar stórt átak, til þess að hún verði góð sem allra fyrst. Til þeirrar hafnar er að vísu veitt nokkurt fé á fjárl., ekki svo lítið í samanburði við aðrar hafnir, en þó mundi sennilega taka um 40 ár að gera hana góða eða fullkomna með því fé, sem veitt er á fjárl. í ár, ef það héldist í hendur, að það væri alltaf svo á hverju ári.

Þá langar mig til enn einu sinni að minna á Skagaströnd. Það er höfn, sem allir þekkja og nú nýlega af sögunni líka. Þar vildi eitt óhappið til, og það vil ég undirstrika og fullyrða, að það var fyrir þá sök, að höfnin var ekki fullgerð. Það fjárframlag, sem til þeirrar hafnar er lagt nú á fjárl. í ár, finnst mér vera svo lítið, að það sé varla hægt að nefna það, það hefði verið alveg eins gott að strika höfnina út. Að hugsa sér það að veita ekki til þeirrar hafnar, sem átti einu sinni að vera landshöfn, þar sem fagrar sveitir liggja að og þar sem síldarverksmiðja er þegar reist og bíður eftir því að vera notuð og þar sem fiskimiðin eru rétt við landsteinana, að hún skuli ekki fá nema 50 þús. á þessu ári, það er svo ótrúlegt, að það tekur engu tali. Ég hefði getað hugsað mér, að hún hefði fengið 500 þús. Þá hefði kannske eitthvað mátt gera fyrir þá höfn. En eins og ég gat um í upphafi, er það fyrir þá sök að dómi allra siglingafróðra manna, að höfnin er ekki fullgerð og í lagi, að óhöppin vilja þar til oft og tíðum og skipin verða að snúa frá, því að þetta sker, sem um var að ræða í tilfellinu síðasta, er endinn á hafnargarðinum, sem á að vera þar með tímanum og á að koma úr hinni áttinni, að sunnanverðu, út í flóann til þess að loka og gera hana örugga, enda vita allir, og það er hæstv. forseta Alþingis bezt kunnugt allra, að t. d. hafnargarðurinn þar hallast, og liggur við, að hann hrynji, ef stórbrim gerir, fyrir þá sök, að hann hefur ekki fengið þann styrkleika, sem hann þurfti í upphafi, og það er engan hægt að saka um slíkt, en það eru stórviðrin á Íslandi, sem gera það.

Ég vil þá enn minna á eina höfn, sem er líka mjög nauðsynleg og ég var nú minntur á, þegar ég flutti mitt mál, og það er Ólafsfjörður, því að þar eru miklir dugnaðarmenn. Þeir sækja sjóinn fast. Þeir hafa mikinn áhuga fyrir því að fá sína höfn fullgerða, svo að hún verði góð og fær í flestum veðrum eða öllum öðrum en þeim, sem hún hlýtur að vera ófær í, og það er í norðaustanátt, það vita allir, en þá eru hrein frátök, og þá er ekkert um það að ræða. Að öðru leyti væri hægt að gera hana miklu betri en hún er með því að leggja til hennar mikið fjármagn að vísu. En sá staður, sem er í uppgangi eins og Ólafsfjörður, þar sem allir menn sækja sjóinn, ef á þarf að halda, og frystihúsin eru fyrir hendi og margt annað gæti þar skapazt, ef höfnin yrði nokkurn veginn örugg, — þeir mundu sannarlega gleðjast, ef þeir fengju sinn óskadraum uppfylltan.

Ég vil undirstrika það einnig, að Húsavíkurhöfn þarf að verða miklu betri en hún er. Við urðum þar fyrir miklu tjóni á því skipi, sem ég færi hér við strendur landsins í vetur, sem alls ekki hefði komið fyrir, ef hafnargarðurinn hefði verið orðinn lengri út frá höfðanum, og löngum hefur verið beðið eftir, að hann yrði lengdur til muna. En þetta er eins og annað, það er því miður fjárskorturinn, sem ræður

þessu, og óskir manna úr öllum áttum um að fá hafnarbætur, en engin ásökun á neinn í þessu máli.

En æskilegt væri, að öll þessi mál væru sett í nýtt form, þannig að þetta yrði tekið eftir vissum reglum, eftir skipulagi og það sem allra fyrst. Það er víst enginn efi á því, að það mundi margborga sig fyrir þjóðarheildina, þótt tekið yrði 100—200 millj. kr. lán til þess að fullgera nokkrar þessara hafna nú á næstu 3—4 árum. Og það þyrfti helzt að gera það, því að þær liggja mjög undir skemmdum margar hverjar, og skipin liggja alltaf undir skemmdum, á meðan hafnirnar, sérstaklega þessar, sem hættulegastar eru fyrir þau, eru eins og þær eru, og í hvert sinn sem skip verður fyrir tjóni, þá er það ekki aðeins tjón útgerðarinnar, heldur og tjón tryggingarfélagsins, sem það leggur svo aftur á útgerðarfyrirtækið með hækkuðum iðgjöldum. Þannig snýst hjólið, og endar með því, að 1/3 hluti af því, sem veitt er máske til strandferðanna í vissum tilfellum, fer í viðgerðartjón eða skaðabætur eða tryggingar fyrir skipin. Slíkt er ekki gott, og æskilegasta formið á þessu er það auðvitað, að hafnirnar séu það tryggar og það góðar, að allir geti verið öruggir með skip sín, þegar inn í þær er komið, og það er enginn efi á því, að það er ósk allra góðra Íslendinga, að svo megi verða sem allra fyrst.

Ég vil undirstrika það, að ég fylgi þessari till., en óska eftir því, að hraðinn verði mikill og það verði veitt sem mest fé, hvernig sem það svo verður fengið, til þess að ljúka þeim höfnum, sem nú eru í byggingu og liggja undir skemmdum og hafa valdið miklu tjóni á skipum á undanförnum árum.

ATKVGR.

Brtt. 321,1 (ný tillgr.) samþ. með 29 atkv.

Brtt. 321,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 350), með fyrirsögninni:

Þál. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð.

6. Vegakerfi landsins.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á vegakerfi landsins og áætlun um vegaframkvæmdir [154. mál] (A. 316).

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fyrir stuttu ræddi ég nokkuð almennt um vegamál og þá þýðingu, sem gott vegasamband hefur fyrir landsmenn í heild. Ég lýsti því þá, að almennur áhugi er fyrir bættum vegasamgöngum. Mun ég því ekki að þessu sinni fara að ræða það mál.

Snemma á þessu þingi var flutt till. um framkvæmdaráætlun um vegagerð. Var aðalflm. hv. þm. N-Ísf. (SB) og tveir aðrir hv. þm. meðflm. Þessi till. gerði ráð fyrir því að gera samræmda framkvæmdaráætlun um vegagerð til þess að koma þeim landshlutum og héruðum sem fyrst í akvegasamband, sem enn þá væru ýmist veglaus eða án þess að hafa samband við meginvegakerfi landsins.

Í sambandi við þá till. kom fram brtt. á þskj. 45 frá hv. 1. þm. N-M. (PZ), og var þessum till. báðum vísað til fjvn. Fjvn. hefur haft þessi mál til meðferðar og leitað umsagnar vegamálastjóra. Hann hefur sent n. mjög ýtarlega grg. í málinu, og er hún birt hér sem fskj. með till. á þskj. 316, sem fjvn. flytur.

Í grg. vegamálastjóra kemur það fram, sem beðið er um að upplýsa í till. á þskj. 27. Þar er gerð grein fyrir því, hvaða héruð það séu, sem ekki eru í sambandi við aðalvegakerfi landsins. Hins vegar er það skoðun vegamálastjóra, að ekkert hérað eða enginn landshluti sé án vega. Vegamálastjóri gerir grein fyrir því, að það eru fimm héruð, sem ekki ná sambandi við aðalvegakerfið, og hann gerir einnig grein fyrir sundurliðuðum kostnaði við að koma þessum héruðum í samband við akvegakerfi landsins. Hér er því um að ræða, að þær upplýsingar, sem beðið er um í till. á þskj. 27, eru veittar frá hendi vegamálastjóra með þessari merkilegu og greinilegu grg. Það, sem næst liggur fyrir, er að útvega það fjármagn, sem þarf til að koma því áfram, sem þarna á að gera, en ekki framkvæmdaráætlun eða áætlun um það, hvað það muni kosta.

Það var því skoðun fjvn., eins og fram kemur í grg. frá n. hálfu, að fullnægt væri till. á þskj. 27. Hins vegar er farið fram á það í brtt. á þskj. 45 að gera athugun á vegaástandinu og framtíðaráætlun út frá þeirri athugun.

Að athuguðu máli og samkvæmt ábendingu vegamálastjóra þótti þó fjvn. rétt að gera nýja till. í þessu máli, þar sem gert er ráð fyrir heildarathugun á ástandi veganna, og á grundvelli þeirrar athugunar væri svo gerð áætlun um nauðsynlegar umbætur á vegakerfinu með hliðsjón af þýðingu þess fyrir byggð landsins í heild.

Þegar þessi athugun, sem fjvn. leggur til að verði gerð, fer fram, ber að hafa það í huga, að meira en helmingur af þjóðvegunum, sem uppbyggðir eru, eru gerðir fyrir stríð. Þeir voru því gerðir áður en þau stórvirku vinnutæki komu til sögunnar, sem nú eru notuð við vegagerð. Þá ber einnig að líta á það, að þegar þessir vegir voru lagðir, þekktust hér ekki bifreiðar nema þær, sem fluttu 3—4 smálestir, og vegagerðin var þess vegna miðuð við það. Margir af þessum vegum eru þó á því

svæði, þar sem umferð er einna mest nú og bifreiðar til vöruflutninga þyngstar. Það er því ekki nóg að upplýsa um lagða vegi, heldur ástand þeirra og þörf og jafnframt, hvað gera má ráð fyrir að miklir þungaflutningar fari um þá.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vegakerfið í hinum ýmsu sýslum landsins er mjög misjafnt. Ber þar margt til. En allar sýslur hafa hins vegar þörf fyrir góða vegi. Hinu er ekki að neita, að umferðin er mest á þeim vegum, þar sem mjólkurframleiðslan er mest og daglegir vöruflutningar vegna hennar. Í sambandi við heildarathugun og framtíðaráætlun um vegina þarf þess vegna að taka tillit til þessa svo og snjóalaga og fleira þar að lútandi. Breyttir framleiðsluhættir hafa líka mjög mikil áhrif á nauðsyn þess, að vegirnir séu vel upp byggðir.

Þá hafa og á síðari árum vöruflutningar héraða á milli á bifreiðum færzt mjög í aukana, og ekki er nokkur vafi á því, að mjög verður á það sótt að auka þessa flutninga og þó sérstaklega að mega nota stærri bifreiðar til flutninganna en áður hefur verið. Ég gat þess hér á hv. Alþingi um daginn, að þegar sementsverksmiðjan tæki til starfa, mundu þessir flutningar aukast mjög og ásóknin um stærri bíla að sama skapi. Þetta þarf mjög að hafa í huga, þegar gerð er athugun á vegunum og framtíðaráætlun lögð.

Þá ber og á það að líta, að á þeim vegum, sem fjölfarnastir eru, er umferðin orðin svo mikil, að nauðsyn ber til að fara að gera þar slitlag úr varanlegu efni, malbiki eða steinsteypu, og öllum má vera ljóst, að ef um framtíðaráætlun á að vera að ræða, verður hún að miðast við það, að stefnt sé nokkuð fram í tímann, en ekki eingöngu við það, sem þekkt er í dag, og gætum við haft þar til samanburðar þá þróun, sem orðið hefur hér á síðustu árum.

Fjvn. leggur því til, að það verði gerð heildarathugun á vegakerfinu, ástandi þess, og á grundvelli þeirrar athugunar verði gerðar till. eða áætlun um úrbætur með þá þýðingu, sem vegakerfið hefur fyrir landið í heild.

Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir afgreiðslu n. á þeirri tillögu, sem vísað var til hennar á þskj. 27, svo og brtt. á þskj. 45 og grundvelli eða hugsun n. fyrir þeirri till., sem hún flytur hér. Ég vil að lokum segja það, að grg. vegamálastjóra, sem hér fylgir, er merkilegt innlegg í þetta mál, og ég treysti því, að á grundvelli þeirrar till., sem við leggjum til að samþ. verði hér, verði gerðar verulegar úrbætur í þessum málum og stefnt að ákveðnu marki til úrlausnar því.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. frsm. fjvn., að þessi skýrsla, sem borizt hefur og birt er hér með nál. frá hendi vegamálastjóra, er mjög fróðleg, sérstaklega er það fróðlegt fyrir okkur, sem svo er ástatt um, að við erum ekki enn þá komnir í samband við aðalvegakerfi landsins, að sjá það, hve langt er í land með, að úrbætur fáist á því.

Það er að vísu talað um það, að Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur eigi að komast í vegasamband eftir fjögur ár með svipuðum framlögum og verið hafa undanfarið til þeirra vega, sem þar er um að ræða. Það er þó nokkur misskilningur í þessu, sem kemur að vísu ekki fram hér hjá vegamálastjóra, en hann er í því fólginn, að hér er aðeins miðað við það, að samband náist suður á Barðaströnd, í Vatnsfjörð á Barðaströnd, en tekur hins vegar ekkert tillit til þess, að enn er ólagður vegur yfir Þingmannaheiði og verður sennilega ekki lagður þar, því að meiningin er, að vegurinn liggi þar með sjó fram. Þeir, sem hafa farið þennan veg undanfarið, telja, að hann sé öldungis ófær, ef vætur ganga, og sé þess vegna langt frá því, að viðhlítandi samband sé komið, þó að vegurinn sé kominn að vestan í Vatnsfjörð, fyrir utan það, að stór hluti af Vestfjarðakjálkanum og sá hlutinn, þar sem flest fólkið býr, milli 4 og 5 þús. manns, á yfir að sækja fjallveg, sem er nokkuð yfir 600 m á hæð og þannig ástatt um að öðru leyti, að það er ekki lagður vegur, heldur að mestu leyti ruddur vegur, og þannig ástatt um hann, að það hefur komið fyrir í hverjum einasta mánuði ársins, líka sumarmánuðina, að hann hefur verið ófær vegna snjóa. Ástandið er þannig í raun og veru miklu verra en fram kemur í þessari skýrslu hér, ef við hugsum um þann hluta Vestfjarða, sem mest fjölmenni byggir, því að í hina áttina, norður á bóginn og síðan yfir Þorskafjarðarheiði, á vegasambandið enn þá miklu lengra í land, eða allt til 1979, að gert er ráð fyrir, að sá vegur komist í samband. Og þó eru upphæðirnar, sem um er að ræða, ekki stórkostlegar. En samkvæmt því, sem fært hefur verið talið undanfarið að veita til þessara vega, tekur þetta samt svona langan tíma. Það er kannske ekki óeðlilegt, að skipting vegafjárins hafi verið á þann veg, sem hún hefur verið. En aðstæðurnar þarna fyrir vestan eru allt öðruvísi en víðast hvar annars staðar á landinu, sérstaklega vegna þess, að það er tiltölulega nýtilkomið, að farið er að leggja þarna vegi, og verkefnið hefur þess vegna verið miklu stórkostlegra en víðast annars staðar á landinu, þar sem búið er að vinna að vegalagningunni miklu lengri tíma.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Mýr., að ég fagna því, að þessi grg. er hér komin fram, og vil vænta þess, að hún megi stuðla að því, að hv. þm. hafi enn betri skilning á vandamálum Vestfjarða í þessu efni heldur en hingað til hefur verið.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 351).

7. Lífeyrisgreiðslur.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun ákvæða almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur [155. mál] (A. 318).

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. og 38. fundi í Sþ., 26. marz og 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem fjvn. flytur hér á þskj. 318, er í rauninni afgreiðsla n. á tveim till., sem fyrir hana hafa verið lagðar, þ. e. a. s. 55. máli Alþingis, sem er till. til þál. um hækkun elli- og örorkulífeyris, flutt af Jóhönnu Egilsdóttur, en í þeirri till. er gert ráð fyrir, að Alþingi feli ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á lögum um almannatryggingar með það fyrir augum, að elli- og örorkulífeyrir verði hækkaður um allt að 50%, einnig að breytt verði til um lífeyrisgreiðslur til hjóna, þannig að þær verði framvegis jafnar og lífeyrisgreiðslur til tveggja einstaklinga. Hin till., sem til n. hafði verið vísað um þetta efni, er 59. mál Alþingis, till. til þál. um endurskoðun á ákvæðum um barnalífeyri, sem þrjár konur, sem þá sátu á Alþingi, fluttu, þ. e. Ragnhildur Helgadóttir, Jóhanna Egilsdóttir og Adda Bára Sigfúsdóttir.

Nefndin hefur haft efni þessara tillagna til athugunar og leitað um það umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingastofnunin hefur gefið n. greinargóða sundurliðun á því, hvern kostnað það mundi hafa í för með sér að hrinda í framkvæmd till. um elli- og örorkulífeyrishækkunina, og kemur í ljós, að það mál er nokkru margþættara en í fljótu bragði kynni að virðast. Í fyrsta lagi kæmi þar til hækkunin sjálf á elli- og örorkulífeyri, en í öðru lagi hefði sú hækkun nokkrar óbeinar afleiðingar, sökum þess að aðrar tekjur lífeyrisþega eru miðaðar við það, hversu háar greiðslur lífeyrisins eru, þannig að viðkomandi lífeyrisþegi má jafnan hafa jafnmiklar tekjur af atvinnu sinni eða eignum eins og lífeyristekjunum nemur, án þess að skerðingum valdi. Það þýðir, að skerðingar mundu minnka, ef till. yrði samþykkt, og mundi það valda Tryggingastofnuninni nokkrum útgjöldum. Enn fremur liggur fyrir, að mæðralaun og ekkjulífeyrir eru miðuð við elli- og örorkulífeyrisgreiðslurnar og mundu að sjálfsögðu verða að fylgja breyttum lífeyrisgreiðslum og valda nokkurri hækkun. Og þá kemur það atriði einnig til hækkunar á gjöldum Tryggingastofnunarinnar, ef ákveðið væri að greiða hjónum 200% af einstaklingslífeyri, en ekki 160% eins og nú tíðkast. Tryggingastofnunin hefur reiknað út, að þessar breytingar mundu alls valda 58.2 millj. kr. auknum útgjöldum, ef samþykktar yrðu.

Þetta hefur nefndin að sjálfsögðu staðnæmzt við. Enda þótt upphæðin mundi ekki öll falla á ríkissjóð, heldur á nokkra aðra aðila, er hér um það verulega upphæð að ræða, að nefndin hefur nú ekki treyst sér til þess að mæla með till. til samþykktar sem slíkri, enda þótt hún vilji sýna málinu, endurskoðun lífeyrisgreiðslnanna á ellilífeyri og örorkulífeyri, fullan skilning, og tel ég æskilegt, að það mál verði athugað með hækkun fyrir augum.

Á hinn bóginn hefur nefndin ekki fengið sams konar yfirlit frá Tryggingastofnuninni um það, hverjum hækkunum á útgjöldum tryggginganna barnalífeyristillagan muni valda. En það liggur fyrir, að samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Tryggingastofnunar ríkisins á greiðslum barnalífeyris árið 1957 námu heildargreiðslurnar í þessari grein með verðlagsupphæðum sem hér segir: Óendurkræfur barnalífeyrir nam 8 millj. 415 þús. kr. rúml., en óendurkræfur barnalífeyrir nam 13 millj. og 25 þús. kr. rúmlega.

Barnalífeyrisgreiðslur þær, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innt af hendi á árinu 1957, hafa því numið tæplega 21½ millj. kr. 50% hækkun á þær greiðslur mundi þýða um það bil 10.7 millj. kr. í auknar lífeyrisgreiðslur. Nú skal það tekið fram, að á Tryggingastofnuninni sjálfri mundi að vísu ekki lenda allur sá greiðsluauki, heldur mundu beint á henni lenda 4.2 millj. kr., sem er 50% hækkun á óendurkræfa barnalífeyrinum, en hinn endurkræfa barnalífeyri eiga barnsfeður að greiða. En raunin mun þó sú, að nokkur hluti af þeim greiðslum lendir á viðkomandi sveitarfélögum og að nokkru á ríkissjóði sjálfum, þó að ekki hafi ég sundurliðun á því, með hverjum hætti sú skipting er.

Ég hef lýst þeirri afstöðu fjvn., að hún vill taka undir það, að endurskoðun sé látin fara fram á þessu efni með það fyrir augum, hvort hægt muni að hækka greiðslurnar eða bæta hlut lífeyrisþeganna, sem hér er um að ræða, en telur ekki vert á þessu stigi að binda tillöguflutninginn eða samþykkt þá, sem Alþingi gerði, við ákveðnar upphæðir, við ákveðna prósentutölu í hækkun, heldur verði leitað eftir því án fyrirframákvarðana um það, hverjar hækkanir verði taldar framkvæmanlegar, og þannig er til orðin till., sem hér liggur fyrir á þskj. 318, og leggur nefndin til, að um það verði samþykkt till. eins og þar segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á ákvæðum almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna. Verði sérstaklega athugað, hvort unnt sé 1) að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris; 2) að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna; 3) að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður; 4) að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögunum".

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd flm. annarrar þeirrar þál., sem hv. fjvn. hefur hér sameinað í eina, færa n. þakkir fyrir afgreiðslu málsins og láta þá von flm., Jóhönnu Egilsdóttur, í ljós, að málið megi nú fá hér einróma samþykki, og jafnframt, að hæstv. ríkisstjórn sjái svo um, að þessi endurskoðun, sem hv. fjvn. gerir ráð fyrir, fari fram hið allra fyrsta, þannig að bætur megi fást á framkvæmd þeirra mála, sem hér um ræðir. Ég sem sagt færi n. þakkir fyrir góða afgreiðslu málsins og lýsi fullum stuðningi flm. við þá afgreiðslu, sem nefndin hefur þegar gert ráð fyrir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 397).

8. Rafveita Vestmannaeyja.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja [77. mál] (A. 128).

Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 19. og 21. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til einnar umr. (A. 128, 237, 238, 242).

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessa till., sem við hv. 2. landsk. flytjum sameiginlega, flytjum við fyrir áeggjan og jafnvel áskorun bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Það er eins og kunnugt er, að heimild til þess að láta greinar af aðalorkustrengnum austur um sveitir ná til Vestmannaeyja, var samþ. á þingi á árinu 1952. Þá var samþykkt að heimila ríkisstj. að fela rafmagnsveitum ríkisins að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja, og var um leið ríkisstj. heimiluð lántaka í þessu skyni.

Það er nú þó nokkur tími síðan þetta var samþ., og er nú að vísu ekki þetta mál að fullu komið í framkvæmd. En þó hefur mikill undirbúningur verið gerður, sérstaklega hvað snertir rannsókn á sjávarbotninum á fyrirhuguðu svæði, þar sem strengurinn ætti að liggja um, og hefur sú rannsókn, að því er ég bezt veit, verið framkvæmd undir umsjón vitamálastjórnarinnar eða landhelgisgæzlunnar, — ég veit ekki vel, hvernig á að skilgreina það, en tel þó líklegra, að það hafi verið vitamálaskrifstofan, sem þá hafði með það að gera. Hún var undir forustu núverandi forstjóra landhelgisgæzlunnar. Þessi tilraun gaf góðan árangur og jákvæða niðurstöðu um það, að finna mætti færan botn úr Eyjafjalla- eða Landeyjasandi og út til Vestmannaeyja, þannig að vel mætti koma því í framkvæmd hvað það snerti að koma þessari orkulínu á.

Í 10 ára áætlun rafmagnsveitna ríkisins er ráð fyrir því gert, að Vestmannaeyjaveitunni verði komið á á árinu 1960. Það er að vísu að margra manna áliti, sérstaklega í Vestmannaeyjum, nokkuð langur biðtími og lengri en æskilegt væri fyrir jafnþýðingarmikla framleiðslustöð eins og Vestmannaeyjar eru, og ekki hvað sízt er það von, að þetta þyki langt, þar sem vitað er, að Suðurnesin, sem hafa svipaða framleiðsluaðstöðu og Vestmannaeyjar, en þó ekki eins merkilega, eru þegar búin að fá samband við aðalorkuveitu ríkisins.

Nú er eins og kunnugt er, að fyrir utan botnrannsóknina sjálfa þarf að undirbúa, sennilega bæði á landi og í Eyjum, ýmislegt, sem miðar að því, að þetta gæti komizt í framkvæmd. Tengingin yrði sennilega við Hvolsvöllinn eða á þann hátt, og er auðvitað á landi auðfarin leið austur í Landeyjar, þar sem hentugt þykir að leggja þennan streng út til Eyja.

Nú er talið ákveðið, að hin nýja Sogsvirkjun, um þá gömlu er varla að ræða lengur í þessu skyni, hafi afgangsorku, en hin nýja Sogsvirkjun er talin verða til seint á árinu 1959. Er það þess vegna eindregin ósk okkar hv. 2. landsk. þm., sem er meðflutningsmaður með mér að þessari till., að nú þegar verði hafizt handa með þann undirbúning á öllum greinum, sem á vantar, þar með talin kaup á sæstreng og bygging spennustöðva o. s. frv. og fleira, sem ég kann nú ekki að nefna, sem er „tekniskt" atriði í þessum málum, — að þessum undirbúningi sé svo hraðað, að þegar orkan er til, megi koma Vestmannaeyjum í samband þá þegar, en það sé ekki beðið með kaup á sæstreng o. fl. þangað til orkan í Efra-Sogið er komin í veiturnar, því að þá getur vel farið svo, að ef Vestmannaeyjaleiðslan væri ekki til í tæka tíð, þá yrði komið eitthvað nýtt upp á teningnum og jafnvel orka Efra-Sogsins væri þá ekki talin nóg til þess að fullnægja þörfum þessa byggðarlags.

Á síðasta þingi vorum við líka að hugsa mikið um þetta mál, mér var úthlutað af okkur tveimur því hlutverki að tala við hæstv. raforkumálaráðh. um þessi mál, sem ég held að sé hæstv. forsrh., og ég gerði tilraunir til þess í nokkur skipti að vekja máls á þessu við hæstv. forsrh., aðallega til að herða á því, að kaup á nauðsynlegum sæstreng færu saman við kaup á öðrum strengjaspottum, sem þurfti að kaupa til landsins, allt með það fyrir augum, að Vestmannaeyjarafveitan gæti orðið tilbúin í tæka tíð. Hæstv. ráðh. tók þessu máli ekki fráleitt, en þó nokkuð á víð og dreif, þannig að mér gekk illa að festa hendur á nokkru vissu atriði eða loforði í því efni. Á hinn bóginn hafa Vestmanneyingar, bæði ég

og aðrir, verið þráfaldlega í sambandi við rafveitu ríkisins og fylgjumst nokkurn veginn með því, hvað gerist á þessu sviði. Og eins og málið horfir núna við, þá vitum við það, að þess er kostur að kaupa strenginn og þennan streng eins og marga aðra, sem þarf að brúka. Svo er það upplýst, að hæstv. ríkisstj. hefur fengið erlent lán, sem m. a. á að nota til að ýta áfram rafveitukerfi landsmanna, og þar virðist okkur flm. þessarar till., að Vestmannaeyjar komi til greina, ekki síðar, heldur fyrr en mörg önnur héruð, sem um er talað.

Það er öllum þingheimi vel ljóst, hver feikilegur atvinnurekstur og gjaldeyrisöflun fer fram í Vestmannaeyjum, og ég man, að það birtist í Tímanum, blaði framsóknarmanna, ritgerð, sem framsóknarmaður, sem var bæjarfulltrúi og er bæjarfulltrúi í Eyjum, ritaði í þann blaðakost Framsfl. í Vestmannaeyjum, sem hann hefur aðgang að. En það er eins og vitað er, að Framsóknar-blaðakosturinn í Vestmannaeyjum er í höndum tveggja flokksmanna Framsfl., sem allir vita hvernig á stendur. Sá blaðakosturinn, sem Sveinn Guðmundsson bæjarfulltrúi ritaði í þessa grein um framleiðsluna í Vestmannaeyjum, hefur fylgt frekar lýðræðisflokkunum að málum, a. m. k. þar í Eyjum, en hinn hneigðist frekar að kommúnistum, og þar er það ólastað af öllum, sem til þekkja. Þessi merki bæjarfulltrúi framsóknarmanna í Vestmannaeyjum skrifaði sem sagt mjög athyglisverða grein og lýsti því með tölum og magni, hvað Vestmanneyingar legðu fram af gjaldeyrisöflun landsmanna. Og það var hvorki meira né minna samkvæmt hans rannsókn en 100 millj. kr. árið 1956, sem gjaldeyrisöflun Vestmanneyinga hafði numið. Ætla ég, að það sé meira en tugur prósenta af heildargjaldeyrisöflun landsmanna. Þessi grein var svo síðan tekin upp, að ég hygg orðrétt, í Tímanum núna nokkru fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, og var mér ánægja að sjá það, að jafnvel í því blaði var því líka gaumur gefinn, hvað Vestmanneyingar legðu af mörkum í þessu skyni. Það vita allir, að flotinn hefur farið þar sívaxandi s. l. ár og er einna stærstur núna, og þar með vitaskuld er kallað eftir meiri raforku til ýmissa hluta, bæði innan heimilis og utan, heldur en áður var, svo að ég tel líklegt, að hv. Framsfl. mundi vilja styðja þessa till. um það að láta ekki Vestmanneyinga vera of lengi á biðlista hvað rafveitu ríkisins snertir, ekki sízt þegar tvö flokksblöð hans hafa tekið sig fram um það að lýsa því með skýrum tölum, hversu geysimikið framleiðslustarf er haft með höndum í Vestmannaeyjum og hversu mikið Vestmanneyingar leggja til gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar.

Eins og ég minntist á áður, er það vitað, að ríkisstj. hefur tekið lán, — kannske fleiri en eitt, — sem lýst hefur verið opinberlega að yrðu að hluta til brúkuð til þess að efla raforkuframleiðslu landsmanna. Og er það í samræmi við upphaflegan vilja Alþ., þegar samþ. var þetta atriði gagnvart Vestmanneyingum á þinginu 1952. Það styður þá líka að því, að sinnt sé þessu áhugamáli Vestmanneyinga, sem við tveir hv. þm. höfum leyft okkur hér að bera fram.

Nú hafa, sé ég á þskj., meðan málið hefur verið bíðandi eftir að komast á dagskrá, ýmsir hv. framtaksmenn hv. Framsfl. tekið sig saman um að hnýta aftan í þetta brtt. Ég vil ekki gera að umtalsefni, hver nauðsyn hefur rekið eftir í aðalatriðum, eða gera till. efnislega að umtalsefni, en hitt vita allir, sem á þingi sitja og hafa setið undanfarið, og þeir bezt, sem lengst hafa hér setið, að það þykir aldrei vera til að greiða fyrir máli að vera að hengja aftan í það brtt. svo að segja endalaust. Hv. þm. N-Þ. (GíslG) hefur hér brtt., hv. þm. Barð. (SE) hefur hér líka till. í þessu efni, og svo er hnýtt aftan í hans till., að ég held, till. hv. þm. Dal. (ÁB), sem teygir hana og vill ganga enn þá lengra í þessu efni.

Þessir hv. þm. gera náttúrlega grein fyrir sínu máli. En ég hefði haldið, að þeir hefðu bæði þekkingu og þrek til þess að bera fram sín áhugamál á Alþingi án þess að brjála málefni annarra héraða, og mér sýnist satt að segja vera seilzt nokkuð langt um hurð til lokunnar, þegar málefni, sem snertir Vestmannaeyjar sérstaklega, á að fá aftaníhnýtingu af áhugamálum Þingeyjarsýslu eða landshluta norðanlands.

Um þessa till. er, eins og vitað er, af Alþingi ákveðin ein umr., og vildi ég þess vegna mælast til þess við hæstv. forseta, að þessari umr. yrði frestað og málið fengi athugun í þeirri n., sem sjálfsagt er, hv. fjvn., og gæti svo komizt á dagskrá fyrir þinglok, afgreitt af þeirri hv. nefnd.

Ég vonast til, að hv. forseti hafi ekki verið svo mikið truflaður, að hann hafi mátt nema mitt mál. (**Forseti:** Vill hv. þm. endurtaka?) Jú, ég skal endurtaka, að ég sé það, að það var ákveðin ein umr. hér af hv. Alþingi, og mín till. er sú, að umr. verði frestað um till., þegar málið er búið að vera hér á dagskrá, og henni vísað til hv. fjvn., sem ég vona að geti þá afgr. hana endanlega til Alþingis, áður en að þinglokum kemur.

Ég orðlengi svo ekki um þetta frekar. Þessi till. er fyrir eitthvert þrekmesta, afkastamesta framleiðslupláss landsins, og ég efast ekki um, að hv. Alþingi muni nú eins og oft áður fyrr sinna áhugamálum Vestmannaeyja, ekki síður þar sem hliðstæðir bæir og atvinnupláss eru fyrir löngu búnir að fá sína fullnægju í því efni, sem hér er farið fram á fyrir Vestmannaeyjar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég flyt viðbótartill. á þskj. 238 við þá till. til þál. á þskj. 128, sem hér er til umr.

Till. mín er þess efnis, að hraðað verði lagningu rafmagnslínu frá Þverárvirkjun í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness og nágrannahreppa, en rafmagnslína þessi er ákveðin í lögum frá 1956.

Hv. þm. Vestm. (JJós) hefur vikið að þessari brtt. og fleirum í ræðu sinni áðan og fór

um það þeim orðum, að honum þótti miður, að verið væri að brjála mál annarra héraða. Ég get ómögulega skilið, að ég né aðrir séu neitt að brjála mál annarra héraða, þó að við flytjum óskir úr okkar héruðum, alveg eins og hann flytur úr sínu, — eða mundi það breyta nokkru í þessu máli, þó að við hefðum flutt sjálfstæðar till. og fengið þær samþ. í stað þess að flytja brtt. við þessa till.? Fyrir málið í heild held ég að það skipti engu máli.

Þó er síður en svo, að ég ætli að fara á nokkurn hátt að spilla fyrir till. hans eða þeirra hv. þm. hvað snertir Vestmannaeyjar, það er öðru nær. En hitt get ég ómögulega fallizt á, að mér eða hverjum sem er sé ekki fyllilega heimilt að flytja till., sem snerta hagsmunamál í rafmagnsmálum í mínu héraði, þrátt fyrir það þó að það sé brtt. við þessa.

Till. mín er þess efnis, að hraðað verði þessari línu frá Þverárvirkjun til Króksfjarðarness og nágrannahreppa.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, hversu mjög fólk bíður eftir því í sveitum þessa lands að fá rafmagn til heimila sinna. Það er mjög eðlilegt, svo mikil lífsþægindi og svo miklir hagsmunir sem því fylgja að geta haft raforku til afnota, en rafvæðing dreifbýlisins nær harla skammt um sveitir Barðastrandarsýslu samkvæmt þeim ákvörðunum, sem þegar hafa verið teknar í þeim málum. Það er að vísu verið að leggja rafmagnslínu frá Mjólkárvirkjun til Patreksfjarðar, en sú lína er eingöngu fyrir tvö kauptún, Bíldudal og Patreksfjörð, eða svo að segja alveg eingöngu. Hins vegar er línunni frá Þverárvirkjun, sem till. mín fjallar um, ætlað að ná til tveggja sveitahreppa, Geiradalshrepps og Reykhólasveitar. Öll hin sjö hreppsfélögin í sýslunni eiga ekki von á neinu rafmagni á næstu tímum frá þeim virkjunum, sem nú eru í uppbyggingu. Ég verð að segja, að það er ekki til mikils mælzt fyrir þetta hérað, þó að það sé lagt til, að hraðað verði þessari línu, sem aðeins kemur til með að ná til tveggja hreppa af níu hreppsfélögum, sem eru utan kauptúna í sýslunni.

Þessi tvö hreppsfélög, Geiradalshreppur og Reykhólahreppur, eru þéttbyggð og að ýmsu leyti búsældarleg. Þaðan eru litlir eða engir fólksflutningar nú í seinni tíð, og ég veit ekki til þess, að ein einasta jörð hafi farið þarna í eyði um langan tíma. En þrátt fyrir þetta eru lífsþægindi fólksins þarna mjög takmörkuð. Aðalatvinnuvegurinn og svo að segja eini atvinnuvegur þessa fólks er sauðfjárrækt. Markaður er enginn heima fyrir í héraðinu eða í nágrenninu. Skilyrði eru engin til þess að geyma t. d. sauðakjöt, svo að það verður að flytja það beint úr sláturhúsi á haustin til Reykjavíkur. Engin skilyrði eru til þess fyrir þetta fólk að afla sér fisks og geyma hann, vegna þess að ekki er rafmagn, en fiskveiðar eru engar til úr þessu héraði. Auðvitað er ekki um það að ræða, að þarna komi til greina nokkur iðnaður, í smáum eða stórum stíl, meðan rafmagnslaust er. En einna viðsjárverðast af öllu þessu er þó samgönguleysið við þessi héruð. Í fyrstu snjóum að hausti til lokast allt vegasamband þangað, en auk þess lokast allar leiðir á sjó líka tímum saman að vetri til vegna ísalaga, og þegar svo er komið, er fólkið þarna með öllu innilokað. Ofan á þetta bætist, að fólkið er læknislaust oft tímum saman, og þannig er þetta núna. Ég nefni þetta sem dæmi um það, hvernig lífskjörin eru hjá þessu fólki hvað þetta snertir. En þetta fólk kvartar ekki. Það flytur ekki burt, það yfirgefur ekki jarðirnar, og það gerir ekki harðar kröfur til hins opinbera. En það óskar þess, að lagningu þessarar rafmagnslínu til héraðsins, sem ákveðin hefur verið með lögum, verði hraðað. Það er allt og sumt.

Ég vænti þess, að hv. þm. séu mér sammála um það, að öll sanngirni mæli með því, að þessu verki verði hraðað, að rafmagninu verði hraðað til þessa fólks, sem verður að sætta sig við allhörð tök náttúruaflanna í lífsbaráttu sinni, og að það þurfi ekki að spilla fyrir neinu öðru héraði, að það geti notið þeirra gæða, sem rafmagnið flytur jafnan með sér.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég get að miklu leyti látið mér nægja þau rök, sem hv. þm. Barð. (SE) færði fyrir máli sínu hér, því að okkar till. eru mjög svipaðs eðlis, og sú lína, sem þegar er fyrirhuguð í Dali, er framhald af þeirri línu, sem á að koma frá Þverárvirkjun í Steingrímsfirði og suður um Dali, eftir því sem ástæður leyfa.

En jafnframt því, sem ég undirstrika þetta, vil ég benda á það, að við viljum allir viðhalda byggðum býlum í landinu og skapa fólkinu, sem þar býr, lífsskilyrði, sem jafnast á við þau þægindi, sem borgir eins og Vestmannaeyjar og annað þéttbýli í landi voru hefur nú þegar, því að rafmagnið veitir ekki einungis birtu og yl, heldur skapar það einnig ótal aðra möguleika og þá miklu meiri en nokkur önnur orka í landi voru hefur gert til þessa.

Þrátt fyrir gífurlegar framfarir á sviði raforkumálanna hér á landi á undanförnum árum, er það nú samt þannig, að það eru æðimargir, sem eru afskiptir þessum miklu þægindum, og það hefur því miður sýnt sig í ýmsum héruðum þessa lands, að unga fólkið, sem ekki nýtur þessara þæginda, flytur sig til ljóssins og ylsins, af því að það eygir ekki raforkuna hjá sér í náinni framtíð, enda má segja, að raforkan sé sums staðar þegar orðin það algeng, að það fólk, sem býr við þau þægindi, sem sú orka skapar, finnur ekki lengur fyrir því, að hér sé um nein veruleg þægindi að ræða, frekar en þeir, sem lengst af hafa búið við nægjanlegt og gott neyzluvatn, en tapa því einn góðan veðurdag, þá finna þeir fyrst, hvers virði það er.

En ein af þeim sýslum, sem hafa við mjög óhagstæð skilyrði að búa hvað virkjun innanhéraðs snertir, er Dalasýsla. Frá upphafi hafa ýmsar till. verið ræddar í því sambandi og síðast hefur verið um það rætt, eins og ég gat um áðan, að leiða rafmagnið í Dalina frá Þver-

árvirkjuninni í Steingrímsfirði, enda er talið, að þar sé nægjanleg orka fyrir hendi.

Ég tel það vera brýna nauðsyn að hraða mjög framkvæmdum, sem veita Dalahéraði rafmagn, því að á meðan fólkið þar eygir ekki rafmagnið, reikar það burt til þeirra staða, sem hafa upp á þau þægindi að bjóða, sem raforkan býður hverjum og einum, og það jafnvel þrátt fyrir það, þótt önnur lífsskilyrði kunni að vera betri og sambærileg við það, sem annars staðar þekkist og þessi þægindi eru fyrir hendi.

Við erum allir á því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins og það ekki einungis meðfram ströndum þess, heldur og einnig inn til dala. Ein öruggasta leiðin til, að svo megi verða, er, að fólkið finni ylinn frá þjóðfélaginu streyma til sín í gegnum ljós og yl frá fallvötnum þessa lands, sem að mestu leyti bíða þess, að þau verði leyst úr læðingi.

Ég vænti þess, að sú n., sem fær mál þetta, geri sitt bezta til að stuðla að því, að framkvæmdir á sviði raforkumálanna megi ávallt vera efst á blaði, svo að við megi una, jafnt inn til dala sem út með ströndum, enda er till. þessi flutt til þess að minna á, að svo megi jafnan vera.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 128, n. 356, 237, 238, 242).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til meðferðar þáltill., 77. mál þingsins, varðandi rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja, ásamt með nokkrum brtt., sem við hana hafa komið fram. Eðli málsins, bæði aðaltillögunnar og breytingartillagnanna, er þannig, að í framkvæmd er, svo sem þm. mun mjög kunnugt, svokölluð 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins, og hefur þar verið gert ráð fyrir einstökum rafveitum í tímaröð, og allar till., sem hér um ræðir, bæði aðaltill. og brtt., miða að því að fá fram áherzlu Alþingis eða viljayfirlýsingu Alþ. um það, að tilteknar virkjanir verði látnar ganga sem fyrst til framkvæmda.

N. hefur athugað till. og gert sér fullkomlega ljóst, að miklir erfiðleikar eru á því, að Alþ. hlutist til um marga þætti rafvæðingaráætlunarinnar, án þess að um heildarendurskoðun hennar sé að ræða.

Þær till., sem hér liggja fyrir, hefur raforkumálastjórnin gefið n. sérstakt álit um, og í áliti hennar er skýrt frá því, að tiltölulega mjög miklu fé hafi verið eytt til framkvæmdanna á fyrstu árum áætlunarinnar, en nú sé í rauninni um fjárskort að ræða, og að heildaráætlunin sé núna, að því er telja megi, um það bil hálfu til einu ári á eftir áætlun.

Eftir að n. hafði fengið sínar upplýsingar um þau málefni, sem hinar einstöku till. fjalla um, varð hún sammála um þá afgreiðslu málsins að leggja til, að sú till., sem varðar sérstaklega rafveituna til Vestmannaeyja, verði samþ. hér á Alþ. með þeirri brtt., sem gerð er í nál., þannig að tímabindingin í henni verði tekin í burtu, en að öðru leyti verði hún samþ. sem viljayfirlýsing Alþingis um þetta langstærsta bygðarlag, sem enn þá er utan rafveitusvæðanna, Vestmannaeyjar, að lagningu rafveitulínu þangað verði hraðað sem mest má verða, og hefur n. gert sína brtt. þannig, að ef hennar brtt. yrði samþykkt, yrði ályktun sú, sem Alþingi samþykkti, á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða svo sem unnt er lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja samkv. heimild í lögum nr. 65 1956, sbr. lög nr. 53 1954 og lög nr. 5 1956."

Öðrum till., sem hér liggja fyrir varðandi raforkuáætlunina, hefur n. ekki séð sér fært að mæla með samþykki á.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér fyrir nokkru að flytja brtt. við till. á þskj. 128 eða öllu heldur viðaukatill. þess efnis, að ríkisstj. verði falið að hraða því að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu eða byggja orkuver innan sýslunnar og leggja orkuveituna þaðan og enn fremur að greiða fyrir innflutningi dieselrafstöðva fyrir sveitabæi.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. fjvn. hér áðan, hefur hv. nefnd ekki séð sér fært að mæla með þessari brtt., og verð ég að segja það, að sú afstaða hv. nefndar veldur mér nokkrum vonbrigðum.

Ég get ekki fallizt á það sem viðunandi afgreiðslu þessarar till. minnar, þó að hv. nefnd vitni í nál. á þskj. 356 í bréf frá raforkumálastjóra. Í þessu bréfi segir, eftir því sem á þskj. stendur, að í áætlun, sem mér skilst að raforkumálaskrifstofan hafi unnið að, sé gert ráð fyrir að leggja rafveitu í Norður-Þingeyjarsýslu árin 1962—1963, og mér þykir það lítil afgreiðsla og sízt til bóta minni till., þó að hv. n. vísi í slík ummæli í bréfi frá raforkumálastjóra.

Varðandi þessi ummæli eða frásögn hans um það, sem standi í einhverju áætlunaruppkasti, sem raforkumálaskrifstofan sé að vinna að um rafvæðingu landsins, og þar standi, að þessa veitu eigi að leggja á árunum 1962—1963, þá hefur það vitanlega ekkert gildi.

Eftir athuganir, sem gerðar hafa verið í raforkumálum, hefur mér verið tjáð af þeim, sem um þau mál fjölluðu, að heppilegasta leiðin til þess að sjá þessu héraði fyrir raforku mundi vera að leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu um Tjörnes eða Tunguheiði til Kópaskers, þaðan til Þórshafnar og aukalínu af Kópaskerslínu til Raufarhafnar.

Einnig hefur komið til mála og var sérstaklega nokkuð um það rætt fyrir allmörgum árum að virkja vatnsfall innan héraðsins, en aðallega hefur nú verið rætt um þessa leið í seinni tíð, orkuveituna frá Laxá.

Nú er það svo, að í þessu héraði eins og víð-

ar er mikill áhugi fyrir dreifingu raforkunnar, og mér sýnist, að aðstaða sé að ýmsu leyti þannig í héraðinu, að full ástæða sé til þess að hraða þessum framkvæmdum.

Í Norður-Þingeyjarsýslu eru m. a. þrjú þorp, tvö þorp allstór, Raufarhöfn og Þórshöfn, sem hafa hvort um sig rúmlega 400 íbúa, auk þess þriðja þorpið, Kópasker, sem er vaxandi þorp.

Á Raufarhöfn er síldariðnaður, sem kunnugt er, og síldarsöltun mikil og auk þess hraðfrystihús og fleiri fyrirtæki, sem þurfa á raforku að halda. Svipað má segja um Þórshöfn, að þar er einnig hraðfrystihús og þar er allmikil síldarsöltun, en slík fyrirtæki þurfa, eins og kunnugt er, á raforku að halda. Ég sé ekki annað, þó að ekki væri á annað litið en þessi þorp og þörf þeirra fyrir raforku og möguleika þeirra til að standa undir raforkuframkvæmdum, að þá séu þau fyllilega sambærileg við sum þau byggðarlög, þar sem raforkuframkvæmdir eru þegar hafnar. En auk þess eru í þessu héraði stórar og fjölmennar sveitir, sem einnig mundu að sjálfsögðu njóta góðs af raforkunni smátt og smátt, eftir því sem raforkukerfið breiðist út.

Fyrir nokkrum árum var gerð töluvert rækileg athugun á fyrirhugaðri orkuveitu um þetta hérað og á því, hver kostnaðurinn mundi verða. Við þá athugun kom í ljós, að búast mundi mega við allmikilli notkun raforkunnar, ef lína yrði lögð um héraðið, og töluvert meiri en ætla hefði mátt í fyrstu, og eru til þess ýmsar ástæður.

Nú eru mér það þess vegna, eins og ég sagði áðan, nokkur vonbrigði, að hv. fjvn. skuli ekki vilja sinna þessu máli á neinn hátt og ekki á neinn hátt leggja því liðsyrði, að þessum framkvæmdum, sem um er fjallað í minni brtt., verði hraðað, og ég held, að það hljóti að stafa af því, að hv. nefnd hafi af einhverjum ástæðum ekki átt þess kost að kynna sér málið til hlítar.

Um annan lið till., þar sem rætt er um innflutning á dieselrafstöðvum, má að vísu segja, að ef til vill hefði verið rétt að flytja þá till. sem sérstakt mál í þinginu. En um það vil ég að öðru leyti segja það, að mér finnst, að það megi ekki minna vera, þegar hið opinbera leggur fram mikið fé, bæði í virkjanir og til þess að leggja orkuveitur í sumum byggðarlögum, að þá sé greitt fyrir þeim mönnum, sem ekki hafa aðstöðu til þess að verða þessa aðnjótandi fyrst um sinn. En eins og hv. þm. vita, er víða strjálbýlt í sveitum, og þar sem strjálbýlið er mest, eru litlar líkur til, að þangað komi rafmagn frá aðalorkustöðvunum nú alveg á næstunni. En ýmsir þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, hafa þá hugsað sér að bæta úr sinni þörf á annan hátt, a. m. k. í bili, með því að virkja lítil vatnsföll, þar sem þau eru við bæi og hentug til virkjunar, og þar sem það er ekki, þá með því að kaupa olíustöðvar til framleiðslu á orku. Og það hefur verið þó nokkur eftirspurn undanfarin ár eftir slíkum stöðvum og þeim komið upp á allmörgum sveitaheimilum. Nú hef ég litið svo á, að í raforkulöggjöfinni væri í raun og veru kveðið á um það, að þessir menn, sem koma upp slíkum stöðvum einhvers staðar, hvort sem það eru vatnsaflsstöðvar eða dieselstöðvar, ættu að njóta fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, alveg til jafns við menn í þeim landshlutum, sem geta notið góðs af aðalorkuveitunum. En þetta verður vitanlega ekki, nema því aðeins að greitt sé fyrir því á hverjum tíma, að þessi innflutningur sé heimilaður. Þess vegna fjallar brtt. mín einnig um þetta efni, að ég áleit, að það væri mjög skylt því máli, sem hér er á ferðinni. Ef það teldist fært, mundi ég nú vilja mælast til þess við hæstv. forseta og hv. fjvn., að þessu máli mætti fresta, sem hér er til umræðu, þannig að mér gæfist tóm til þess að athuga nánar, hversu með skuli fara af minni hálfu brtt., sem hv. n. hefur enn ekki viljað sinna, og afstöðu mína til málsins.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Fyrir hönd mína eða okkar hv. 2. landsk. þm. og raunar fyrir hönd bæjarstjórnar Vestmannaeyja og fólksins þar vil ég þakka hv. fjvn. fyrir þá jákvæðu afgreiðslu, sem þáltill. okkar á þskj. 128 hefur hlotið hjá hv. n. Ég hefði að vísu heldur kosið, að ekki hefði verið klippt aftan af till. ártalsorðalagið, sem þar stendur, en á hinn bóginn er svo rík áherzla lögð á málið af hálfu n., að mér þykir það nokkur uppbót fyrir og full uppbót má segja. Ef verulegur vilji er fyrir höndum hjá hæstv. ríkisstj. að koma þessu máli í framkvæmd, er sú áherzla, sem hv. n. vill veita þessu máli, alveg nægileg í mínum augum. Og ég vil vona, að hæstv. ríkisstj. taki þetta til greina og það því fremur, sem nýskeð er það opinbert og kunngert, að hæstv. ríkisstj. hefur fengið útlent lán, sem m. a. á að ganga til raforkuframkvæmda slíkra sem um ræðir í þessari till.

Ég veitti því athygli, að hv. þm. N-Þ. fór fram á að fá frest í þessu máli, til þess að hann gæti betur hagrætt sínum brtt. Ég verð nú að segja það um hv. þm., að þetta þing hefur staðið það lengi, að þó að ég hafi fulla samúð með kjördæmi hans og óskum um raforkuhagræðingu á þeim stöðum, sem hann ber fyrir brjósti, þá hefði það í raun og veru verið leikur á borði fyrir hann að vera kominn fram með till. í svipaða átt, sérstæða, áður en við hv. 2. landsk. þm. komum fram með okkar þáltill., því að eins og ég tók fram, þegar þetta mál var hér fyrr til umr., eða fyrr í umræðunni, þá er það yfirleitt frekar skoðað neikvætt eða geta borið neikvæðan árangur við málefni, sem fram er borið, að hnýta aftan í það með brtt. sumpart skyldum og sumpart óskyldum málefnum, eins og hv. þm. N-Þ. hefur gert í þessu mínu máli. Ég hefði talið óþarft fyrir hann að fara að seilast til baráttuaðferða Vestmannaeyinga fyrir sínum framfaramálum til að koma undir þann pilsfald málefnum, sem hann hefur vanrækt sjálfur að bera fram á þingi fyrir sína sýslu. Og ég óska þess og geri ráð fyrir, að ég sé þar sammála meðflm. mínum, að úr því að svo langt er komið, að hér liggur fyrir

ákveðið álit hv. fjvn. í þessu máli, og með tilliti til þess enn fremur, að telja má, að það fari að draga að því, að þingi verði slitið, að afgreiðslu þessa máls yrði framfylgt, en ekki tafið eins og hv. þm. N-Þ. virtist ætlast til.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég get tekið mjög undir þau ummæli, sem hv. þm. N-Þ. hafði hér áðan, að mér þykir hv. fjvn. gera hér mjög upp á milli manna, þar sem hún treystir sér ekki til þess að mæla með öllum þeim till., sem hér liggja fyrir, og finnst mér slíkt ekki bera vott um viðsýni. En það er síður en svo, að við, sem höfum flutt brtt. hérna, séum á nokkurn hátt að spilla fyrir aðaltillögunni, till. um það að hraða lagningu línu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja. Ég geri ráð fyrir, að það mál sem önnur verði jafnan á valdi raforkumálastjórnarinnar, og það út af fyrir sig, þó að okkar till. yrðu samþykktar, mundi ekki neitt spilla fyrir því máli. Og mér finnst, ef hv. þm. sýna sama hug í þessum efnum og hv. fjvn. hefur gert við breytingartillögurnar, að það sanni um of þeirra hug til hinnar dreifðu byggðar víðs vegar á landinu. Og frá þeim sjónarhól séð vænti ég þess, að hv. þm. sjái sér fært að samþykkja þær till., sem hér liggja fyrir og fjvn. hefur ekki séð sér fært að mæla með. Hygg ég, að það mundi verða vel metið og vel þegið af fólki víðs vegar á landinu. En aftur á móti yrðu þær felldar, mundi hið gagnstæða ske, og mundi þá margur, sem í dreifbýlinu býr, fara að hugsa sig um, hvers hann eigi að gjalda afstöðu sinnar vegna. Þess vegna vil ég mælast til þess við hv. þingmenn, að þeir hafi þá viðsýni að samþykkja allar þær brtt., sem hér liggja fyrir, því að slíkt eitt sæmir alþingismönnum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér virðist gæta nokkurs misskilnings í máli hv. þm. Vestm., og hefði ég ætlað honum, þeim mæta manni, meiri viðsýni en mér virtist koma fram í ræðu hans. Ég fæ ekki séð, að það mundi verða nokkurt mein Vestmanneyingum, þó að jafnframt því, sem þangað yrði lögð raforkulína, yrðu lagðar línur að fleiri stöðum á landinu, þar sem einnig er þörf raforku. Og þykir mér ólíklegt, að Vestmanneyingar mundu telja sinn hlut lakari, þó að fleiri en þeir yrðu þessara gæða aðnjótandi.

Brtt. mín, og á það sjálfsagt við um aðrar brtt., sem hér hafa komið fram, sem raunar eru nú ekki margar, er vitanlega á engan hátt fram borin til þess að spilla fyrir því máli, sem hann og hv. meðflm. hans hafa flutt, heldur er hún aðeins flutt af ríkri þörf annars byggðarlags fyrir framkvæmdir af þessu tagi, þörf, sem ég hef nú reynt að rökstyðja nokkuð.

Ég þakka hv. þm. Vestm. fyrir þau ráð, sem hann virtist vilja gefa mér áðan um flutning minna mála hér í þinginu. En hins vegar mun ég haga mínum málflutningi hér eftir sem hingað til eftir því, sem mér sýnist henta á hverjum tíma, og þegar um mál míns kjördæmis er að ræða, þá eftir þörfum þess, hvað sem líður góðum ráðum hv. þm. Vestm. En það, að ég hafi vanrækt að flytja fram þetta mál fyrir mitt hérað, um það held ég að hv. þingmanni sé alls kostar ókunnugt, og honum hefði verið sæmra að ræða það ekki, fyrr en hann var búinn að kynna sér, hvað ég hef gert í þessu máli, sízt í þeim tón, sem hann leyfði sér að láta koma fram í ræðu sinni.

Annars vil ég endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég vil mælast til þess við hæstv. forseta og við hv. fjvn., að þessu máli verði frestað. Ég á auðvitað enga kröfu á því, að það sé gert, það eru aðeins tilmæli, sem mér virðast sanngjörn. Mér kom satt að segja nokkuð á óvart afstaða hv. fjvn. í þessu máli, svo að ekki sé meira sagt, og af því að ég á hér brtt., sem hefur legið hér fyrir nokkuð lengi eða álíka lengi og aðaltill., sem hér liggur fyrir, þá finnst mér ekki nema sanngjarnt, að málinu verði frestað litils háttar. Sú frestun á ekki að þurfa að tefja það að neinu ráði eða hindra framgang þess, enda ekki til þess ætlazt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér sýnist, að aðalröksemdir hv. fjvn. í áliti hennar séu þær, að vegna þess að Vestmannaeyjar séu eitt af fjölmennustu byggðarlögum landsins, vilji þeir mæla með samþykkt till., en þess vegna megi sleppa hinum stöðum landsins, sem felast í þeim brtt., sem fluttar hafa verið.

Ég get ómögulega séð, að þetta sé nægjanleg röksemd fyrir því, að ekki megi samþykkja breytingartillögurnar. Ég hef síður en svo nokkuð á móti því, að samþ. verði till. hvað snertir Vestmannaeyjalínuna. En ég fæ heldur ekki betur séð en það sé alveg skaðlaust, þó að samþykkt væri sú till., sem ég hef flutt við þessa þáltill., og svo mun vera um hinar brtt. líka. Það hefur það mikið verið talað um jafnvægi í byggð landsins, að mér finnst það óviðeigandi, ef ætti að skilja álit fjvn. á þá leið, að það eigi að vera einhver stefna í rafmagnsmálum, að sé byggðarlag stórt, þá eigi það að ganga fyrir. Þá má líta á það, að það getur líka kostað tiltölulega miklu minna að hraða línu á einhvern stað í dreifbýli, svo að það væri alveg eins mögulegt fyrir ríkisvaldið að verða við óskum manna þar eins og í þéttbýlinu.

Ég held, að það sé svo tiltölulega fátt, sem það fólk hefur farið fram á við hið opinbera, er býr í því héraði, sem mín brtt. fjallar um, að mér finnst það heldur kaldar kveðjur, að ekki megi einu sinni samþykkja svona hógværa till., ef á annað borð á að fara að samþykkja nokkra till. um að hraða þessum framkvæmdum.

Ég vil taka undir óskir hv. þm. N-Þ. um það, að málinu verði frestað að þessu sinni, — ég sé ekki, að það þurfi að hindra framgang málsins á þinginu fyrir það. Ég hef ekki gert það alveg upp við mig, á hvern hátt ég greiði atkv. um aðaltillöguna, ef brtt. mín verður felld.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Hér hafa þá komið fram raddir allra þeirra hv.

þm., sem að þeim tillöguflutningi standa, sem um þetta mál fjallar sérstaklega.

Varðandi þau ummæli hv. þm. Barð., að honum þykir vanta í nál. rök fyrir því, að fella eigi breytingartillögurnar við aðaltillöguna, skal ég að vissu marki játa, að þetta er alveg rétt hjá honum, enda hefur n. ekki haldið því fram, að þær væru fráleitar á nokkurn hátt. N. hefur hins vegar gefið það út sem sitt álit, að hún telji það vera verulegum annmörkum bundið að gera fjölþættar brtt. við raforkuplanið, án þess að heildarendurskoðun á því fari fram, og ég er nú fyrir mitt leyti sannfærður um það, að bæði hv. þm. Barð. og aðrir þeir þm., sem hér hafa talað og látið í ljós vonbrigði sín, vegna þess að fjvn. hefur ekki mælt sérstaklega með brtt., mundu geta fallizt á það, ef þeir líta á málið nokkru nánar.

Ég skal taka það fram, að það mun mega ásaka fjvn. fyrir ýmsa hluti. En hitt, að hún sé sérstaklega gefin fyrir að gera hlut hinna dreifðu byggða laklegan eða lakari en hann er, það held ég að sé ekki réttmæt ásökun á fjvn.

Varðandi það, sem hv. þm. N-Þ. sagði hér um málið, skal ég að sjálfsögðu taka það fram, að ég efast ekkert um, að það væri mjög til góðs, ef þau héruð, sem hann ber sérstaklega fyrir brjósti, gætu fengið sína raforkuveitu sem fyrst. Ég skal ekkert draga úr því áliti hans. Ég get raunar tekið undir það sem mína persónulegu skoðun, að svo væri.

En það er eitt atriði, sem hann ræddi um sérstaklega og fjallað var um í hans brtt., sem ekki er gerð nein sérstök grein fyrir í nál., og skal ég aðeins gera það að umræðuefni. Hans till. er sem sagt ekki eingöngu um það, að hraðað verði raforkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Þingeyjarsýslu til þeirra þorpa, sem hann hér hefur nefnt, heldur einnig um, að greitt verði fyrir innflutningi og útvegun á dieselrafstöðvum til sveitabæja. Ég skal taka það fram, að um þetta segir raforkumálastjóri, — er þó rétt að taka það fram, að það er ekki raforkumálastjóri sjálfur, sem svarað hefur tilmælum n., heldur hans fulltrúi, Eiríkur Briem, — segir í bréfi sínu um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað loks dieselrafstöðvum fyrir sveitabæi viðvíkur, þá geta bændur fengið lán til þeirra úr raforkusjóði, og mun yfirleitt ekki hafa staðið á, að slík lán væru veitt. Hins vegar er miklum erfiðleikum bundið að fá nauðsynlegan gjaldeyri."

Það er þá sem sagt gjaldeyrishlið málsins, sem getur stundum staðið á, bæði um útvegun dieselrafstöðva og sömuleiðis er það á allra vitorði, að það er gjaldeyrisframleiðsla, sem skammtar það af, eins og fleira í þessu landi, hversu ört er hægt að fara með raforkulagnirnar.

Það skyldi nú aldrei vera, að sú ráðstöfun að tengja Vestmannaeyjar inn í rafveitukerfi landsins gæti átt sinn hlut í því að greiða úr þeim gjaldeyrisskorti, sem svo margir hlutir í okkar landi vilja nú standa og falla með? Ég held þess vegna, að sú röksemd hv. þm. Barð., að það eitt, að Vestmannaeyjar eru fjölmennasta byggðarlag landsins, sem enn er ekki tengt við rafveitukerfið, sé ekki nægileg röksemd fyrir því, að n. leggi til, að lögð verði áherzla á Vestmannaeyjalínuna, sé ekki alls kostar eins einstök og hann vildi vera láta, því að hér er nefnilega í senn um það að ræða og einnig hitt, að hér á í hlut það byggðarlagið, sem hvað drýgstan skerfinn leggur til þjóðarbúsins, einmitt að því er varðar þá undirstöðu, sem flest annað í okkar efnahagsmálum byggist á, þ. e. a. s gjaldeyrisframleiðsluna.

Að öllu þessu athuguðu vil ég nú vænta þess, að þeir hv. þm., sem flutt hafa brtt. við þá till., sem hér liggur fyrir, og ekki hafa fengið neinar sérstakar undirtektir fjvn. undir þær, sjái sér fært að láta afgreiðslu málsins fara fram án frekari tafa. Ég get nú aðeins bent á það, að það nál., sem hér er til umr., og sú afgreiðsla, sem frá fjvn. kom, er gerð 27. marz. Síðan er liðinn dálítið meira en hálfur mánuður, sem hv. þm. hefðu haft til stefnu að koma á framfæri þeim viðhorfum, sem hjá þeim kunna að hafa skapazt, þegar þeir sáu fram á það, að fjvn. mælti ekki sérstaklega með þeirra brtt. Ég vil vænta þess, að þeir að athuguðu máli geti fallizt á að draga ekki afgreiðslu þeirrar till., sem hér er lagt til að sé afgreidd með sérstökum hætti, og ráðgeri þá heldur flutning síns máls á öðrum grundvelli en þeim, að það þurfi endilega að vera saman knýtt.

Forseti (EmJ): Út af tilmælum hv. þm. N-Þ., sem studd voru af hv. þm. Barð., um að afgreiðslu málsins verði frestað, skal ég taka fram, að það er nú oft orðið við slíkum tilmælum, og ég hefði gjarnan viljað verða það einnig í þessu tilfelli. En gegn andmælum hv. aðalflutningsmanns og að nokkru leyti einnig a. m. k. ósk frá frsm. fjvn. um, að málið verði látið ganga fram, og enn fremur með hliðsjón af því, að brtt., sem taldar eiga að vera ástæða til frestunarinnar, eru um annað efni, að vísu skylt, en annað efni, þá sé ég ekki annað fært en láta afgreiðslu málsins fara nú fram, og er þá umr. lokið og verður gengið til atkvæða.

ATKVGR.
Brtt. 356 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 237,1 felld með 22:6 atkv.
— 242 felld með 23:7 atkv.
— 238,1 felld með 22:8 atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 237,2 og 238,2 komu ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 399).

9. Saga Íslands í tveim heimsstyrjöldum.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um söfnun erlendra heimilda um sögu Íslands í heimsstyrjöldinni [128. mál] (A. 259).

Á 30. fundi í Sþ,. 26. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Í þáltill. á þskj. 259 hef ég lagt til, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að skipuleggja vandlega söfnun á hvers konar heimildum, sem geymdar kunna að vera erlendis, til sögu Íslands á heimsstyrjaldarárunum 1939—45.

Eins og alkunnugt er, gerðust hér miklir viðburðir á þessum árum. Einangrun Íslands var skyndilega rofin, landið drógst inn í hernaðarátök í heimsstyrjöld. Segja má, að það hafi verið í fremstu víglínu í tveim miklum orrustum, orrustunni um Atlantshafið og orrustunni um flutning birgða til Sovétríkjanna um Norður-Atlantshaf. Auk þess var hér mikil samgönguleið og þýðing landsins margvísleg á annan hátt.

Þeir menn, sem stjórnuðu hernaðaraðgerðum hjá báðum aðilum svo og öllum þeim aðgerðum, sem að slíku stuðluðu, höfðu ekki fyrir sið á styrjaldarárunum að segja mikið frá því, sem þeir voru að gera. Þess vegna er svo enn í dag, tíu árum eftir að þessari styrjöld lauk, að Íslendingar vita í raun og veru sáralítið um það, hvað gerðist á þessu sviði í landinu, umhverfis það eða varðandi okkar þjóð. Enn þá hafa t. d. ekki fengizt öruggar upplýsingar um það, hvort Þjóðverjar ætluðu sér að ráðast inn í Ísland eða ekki. Þó má ganga út frá því sem vísu, að hægt sé að fletta þessu upp í skjölum þýzku hernaðaryfirvaldanna og fá um það örugga vitneskju.

Fjöldamargt slíkt mætti nefna. Og ég hygg, að það séu tvær ástæður fyrir því, að Íslendingar ættu að safna slíkum heimildum, áður en þær glatast, og flytja þær hingað heim. Önnur ástæðan er hinn forni söguáhugi Íslendinga. Við viljum vita marga hluti, ekki sízt það, sem varðar okkar land og okkur sjálfa. Og í öðru lagi hygg ég, að það geti orðið okkur nokkur fróðleikur varðandi aðstöðu okkar og okkar lands í þeim nútímaheimi, sem við lifum í, ef við gerðum okkur fullkomlega grein fyrir því, hvað raunverulega gerðist viðkomandi landi okkar á styrjaldarárunum.

Mér er kunnugt um það, að flestir aðilar, sem þarna komu við sögu hjá báðum styrjaldaraðilum, gerðu mikið til þess að halda saman heimildum. Her, floti og flugher beggja styrjaldaraðila eða flestra þjóða, hvorum megin sem þær voru, mun hafa haft sína eigin sagnfræðinga, sem ekkert gerðu annað en safna gögnum að sögu þess, sem var að gerast. Þá höfðu þessir aðilar mikinn fjölda af ljósmyndurum, sem tóku kvikmyndir og ljósmyndir af öllu, sem þeir gátu. Þess vegna er örugglega til geysilega mikið af frumheimildum hjá ríkisstjórnum margra landa, sérstaklega hjá Bandaríkjamönnum og Bretum, en ég hygg, að flest skjöl Þjóðverja séu nú niður komin hjá þessum tveimur þjóðum að auki.

Fyrr á tímum ríkti mikil leynd yfir ýmsum slíkum skjölum, en það hefur orðið veruleg breyting í þeim efnum. Flestar þjóðir eru nú fúsar til þess að gera margvíslegar heimildir og skjöl heyrinkunn löngu fyrr en áður var. En hvort sem hægt er að fá allt strax eða ekki, þá tel ég, að það sé menningarhlutverk fyrir Íslendinga að hefja þegar söfnun þessara heimilda, flytja þær hingað heim, annaðhvort frumheimildir eða afrit þeirra, þannig að þær séu hér til, til þess að vinna úr og gera það úr, sem okkur sýnist.

Hér er að sjálfsögðu um áskorun á ríkisstj. að ræða í tillöguforminu. Ég hefði talið eðlilegast, að Háskóli Íslands annaðist þetta hlutverk, en því miður virðist vera ákaflega lítill áhugi í þeirri göfugu stofnun á samtíðarsögu, og ég sé ekki, að háskólinn hafi til þess neina aðstöðu eða menn að gegna þessu hlutverki. Hins vegar hef ég ástæðu til að ætla, að menntamálaráð, sem nýlega er búið að gera mikið fyrir á Alþ., ætti að geta varið til þess einhverjum fjármunum af þeim tekjum, sem það þegar hefur, og væri því ekki óeðlilegt, að því yrði fengið það hlutverk að skipuleggja þessa söfnun, sem að sjálfsögðu tekur mikinn tíma, en þarf þó að gerast skipulega og ýtarlega.

Ég vil að lokum leggja til, að till. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 259, n. 359).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. um söfnun erlendra heimilda að sögu Íslands í heimsstyrjöldinni. Nefndin hefur leitað álits Háskóla Íslands um till., og mælir háskólinn eða rektor fyrir hans hönd eindregið með samþykkt hennar og telur þetta mikilsvert mál á sínu sviði.

Nefndin hefur einnig leitað álits menntamálaráðs, og mælir það einnig með till., telur, að hægt muni verða að bjarga ýmsum heimildum, en óskar eftir því, að þessi rannsókn verði einnig látin ná til styrjaldarinnar 1914—18, þar sem slík heimildasöfnun fyrir það tímabil hafi aldrei farið fram.

Þess vegna mælir allshn. með því, að till. verði samþykkt með brtt., sem fluttar eru á þskj. 359 samkvæmt óskum menntamálaráðs.

ATKVGR.
Brtt. 353, 1 samþ. með 28 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 353, 2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 400), með fyrirsögninni:
Till. til þál. um söfnun erlendra heimilda um sögu Íslands í tveim heimsstyrjöldum.

10. Efnaiðnaðarverksmiðja í Hveragerði.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði [40. mál] (A. 60).

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. og 14. fundi í Sþ., 13. og 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Við hv. samþingsmaður minn og ég berum fram till. þá, er hér liggur fyrir á þskj. 60. Tillagan er um efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði og er svofelld, með leyfi hæstv. forseta:
„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að láta athuga skilyrði fyrir staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði."
Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en að því mjög áliðnu, og náði hún ekki að vera tekin til afgreiðslu.
Vatnsorkan og jarðhitinn eru stærstu auðlindir lands okkar. Þar er bundið afl, sem bíður þess að vera leyst úr læðingi. Enn er lítill hluti þessara orkulinda notaður, þótt segja megi, að á síðari árum hafi fleygt fram vatnsvirkjunum í sambandi við rafvæðingu landsins. Jarðhitasvæði eru mörg á landinu, og við rannsóknir á þeim, sem fram hafa farið og verið er að framkvæma, kemur sífellt betur og betur í ljós, hversu miklir möguleikar skapast á sviði efnaiðnaðar og annarra stórframkvæmda, verði jarðhitinn virkjaður og nauðsynlegar verksmiðjur reistar á hitaveitusvæðunum.
Enn sem komið er hafa fáar till. komið fram um staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðja, ef reistar yrðu. Við slíkt staðarval þarf að taka til greina, að til staðar sé nógur öruggur jarðhiti, heitt vatn eða gufa, staðurinn sé vel í sveit settur og vinnuafl til iðnaðarframleiðslunnar til staðar.
Hveragerði er sem kunnugt er eitt mesta jarðhitasvæði hér á landi, og hafa farið fram á vegum jarðborunardeildar raforkumálastjórnar ríkisins víðtækar rannsóknir á jarðhitanum þar og í næsta nágrenni. Starfsmenn jarðborunardeildar og rannsóknaráðs ríkisins hafa samið skýrslur um þessar rannsóknir sínar, sem veita mikinn fróðleik um jarðhitann á þessum svæðum. Þá má benda á, að Baldur Líndal verkfræðingur hefur samið ritgerð um þaravinnslu og rannsóknaráð ríkisins gerir ráð fyrir, að til þeirra framkvæmda eða framleiðslu verði reist verksmiðja, og hefur bent á Hveragerði sem stað fyrir hana.
Til fróðleiks um þennan stað er það að segja, að þar eru nú búsettir um 600 manns. Öll íbúðarhús ásamt gróðurhúsum, þar sem framleidd eru árlega verðmæti að söluverði um 2 millj. kr., eru hituð upp með hveravatni eða gufu. Hveragerði hefur byggzt upp á stuttum tíma. Skipulag á notkun jarðhitans var í byrjun ekki svo gott sem skyldi, vegna þess að heildarskipulag á notkun hans var ekki til staðar. Mátti segja, að hver einstaklingur virkjaði jarðhita fyrir sig, en gafst misjafnlega vel. En nú hefur þetta breytzt til batnaðar. Hreppsnefnd staðarins hefur látið vinna að því á undanförnum árum að láta byggja eitt allsherjar hitaveitukerfi fyrir byggðina, íbúðarhús og gróðurhús o. fl. Hitaveita þessi er þegar tekin í notkun, þó að enn vanti mikið á, að hún sé fullgerð.
Það, sem hér hefur verið drepið á með fám orðum, sýnir, að nauðsyn er á að halda áfram rannsóknum á jarðhitasvæðum landsins með það fyrir augum að hagnýta jarðhitann til aukins iðnaðar og annarra stórframkvæmda og að velja verksmiðju, sem til þessa verður að reisa, sem hentugastan stað. Tvímælalaust er Hveragerði einn af þeim stöðum, sem einna fyrst koma til greina í þessu sambandi. Þar er mikill og öruggur jarðhiti, staðurinn er vel í sveit settur, og sú atvinnuaukning, sem af slíkum framkvæmdum mundi leiða, kæmi sér vel fyrir íbúa staðarins, sem eins og sakir standa nú verða að töluverðu leyti að leita atvinnu til annarra staða og þá einkum nú sem stendur til Þorlákshafnar, þar sem þó er um árstíðabundna atvinnu að ræða og því ekki stöðuga.
Það er til þess að vekja athygli á þessum staðreyndum, að till. þessi er flutt, að beiðni hreppsnefndar Hveragerðishrepps, eins og um getur í grg. till. Við flm. væntum, að hv. alþm. taki henni vel. Það hefur verið ákveðin ein umr. um till., og leyfi ég mér að gera það að till. minni, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 60, n. 359).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Allshn. sendi þessa till. til umsagnar raforku-

málastjóra og iðnaðarmálastofnunar Íslands, og eru álit þeirra birt með nál., en eins og sést á þskj. 359, mælir allshn. með því, að þessi till. verði samþykkt. Till. þessi er þess efnis að láta rannsaka, hvort skilyrði séu fyrir hendi um staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

Eins og kunnugt er, býr land okkar yfir miklum náttúruauðæfum, sem enn þá hefur ekki tekizt að nytja nema að litlu leyti. Vatnsorkan, sem er mesta orkan, sem í landi voru felst, er enn þá hlutfallslega lítið notuð. Sama máli gegnir um hveraorkuna, sem talin er ganga næst vatnsorkunni að magni. Notin af hveraorkunni eru fjölþætt, og vitað er, að hægt er að vinna ýmiss konar efni úr hveravatni, hveragufu og hveraleir, en efni þessi geta orðið undirstaða að fjölþættum efnaiðnaði.

Sem kunnugt er, er Hveragerði eitt mesta jarðhitasvæði Íslands. Það mælir því mjög margt með því, að ríkisstj. láti athuga skilyrðin fyrir staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðju þar, og vænti ég þess, að hv. alþm. fallist á, að þessi till. verði samþykkt, eins og allshn. mælir með.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 401).

11. Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð vegna byggingar heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði [163. mál] (A. 357).

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Náttúrulækningafélag Íslands hefur með höndum allmiklar byggingarframkvæmdir í Hveragerði og hefur þegar hafið starfrækslu á heilsuhæli í þeim húsakynnum, sem þegar eru reist, en viðbót við þau húsakynni er fyrirhuguð og raunar í smíðum.

Félagið hefur staðið að byggingu þessara húsa með miklum dugnaði og notið til þess tiltölulega lítils byggingarstyrks. Það hefur nú hlotið takmarkað leyfi eða takmarkaða viðurkenningu sem sjúkrahús, heilsuhælið í Hveragerði hefur fengið það og tekur þar á móti sjúklingum ákveðinnar tegundar, þ. e. a. s. gigtarsjúklingum, og fær viðurkenningu til sjúkrasamlagsgreiðslu með þeim sjúklingum.

Sjúkrahúsakerfi landsins er nú þannig, að eins og stendur er talið, að vöntun sé á sjúkrarúmum, og er talið, að það komi öðrum sjúkrahúsum, einkum hér í höfuðstaðnum, að mjög góðum notum að geta sent frá sér gigtarsjúklinga austur í Hveragerði, enda er af ýmsum talið, að þeir fái þar margir hverjir góða bót meina sinna.

Nú hefur Náttúrulækningafélagið farið fram á það að fá ríkisábyrgð fyrir lánum til áframhaldandi byggingar, þannig að ríkisábyrgðin nemi ½ millj. kr.

Fjvn. hafa borizt tilmæli 23 einstaklinga, sem skora á Alþingi að láta þessa ríkisábyrgð í té, og fjvn. hefur ekki ástæðu til að ætla annað en nægilega traustur fjárhagsgrundvöllur sé fyrir hendi hjá félaginu, til þess að hægt sé að láta úti hina umbeðnu ábyrgð, án þess að ríkið taki á sig nokkra teljandi áhættu af því, og leggur því til í þeirri till., sem hér er til umræðu, að ríkisstj. verði heimilt að ábyrgjast fyrir Náttúrulækningafélag Íslands, gegn tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 500 þús. kr. lán vegna stækkunar á heilsuhæli félagsins í Hveragerði.

Ég sé, að till. hafa verið ætlaðar tvær umr. hér í þinginu, og geri það þá að till. minni, að henni verði vísað til síðari umr., en þar eð hún er nú flutt af fjvn. og hefur þar verið athuguð, sé ég ekki ástæðu til þess að gera till. um, að henni verði vísað til nefndar.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég stend ekki upp hér til þess að andmæla fram kominni till. og raunar ekki heldur til þess að mæla með henni.

Ég vildi aðeins benda hv. fjvn. á, að þótt hún hafi leitað ummæla manna frá Náttúrulækningafélagi Íslands, sýnist mér, að henni hafi láðst að leita umsagnar heilbrigðisyfirvalda landsins, landlæknis t. d. og annarra þeirra aðila opinberra, sem með heilbrigðismál þjóðarinnar fara.

Ég vildi benda á það, að fyrir nokkrum árum tóku sig til tveir merkir læknar íslenzkir, nú báðir látnir, þeir dr. Gunnlaugur Claessen og próf. Jóhann Sæmundsson, og gerðu almenningi mjög glögga grein fyrir, hver væri stefna Náttúrulækningafélagsins. Þeir bentu á það, sem er staðreynd, að starfsemi náttúrulækningamanna á ef til vill meira skylt við trú og trúboð en læknisfræði.

Ég vildi benda á þetta. Ég vildi líka benda á það, að á velmektardögum nazismans í Þýzkalandi blómgaðist náttúrulækningastefnan þar í landi, enda voru margir æðstu nazistar sanntrúaðir náttúrulækningamenn. Það hafði þær afleiðingar á læknisfræði Þýzkalands, sem um marga áratugi hafði haft forustusæti í heiminum, að hún hrapaði úr þessu forustusæti og hefur ekki borið sitt barr síðan.

En ég vildi á þessu stigi málsins aðeins benda á þetta og sérstaklega ítreka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst, að hv. fjvn. ætti að leita umsagnar t. d. landlæknis og ef til vill læknadeildar Háskóla Íslands, áður en þetta mál verður endanlega til lykta leitt hér á hinu háa Alþingi.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég geng þess að sjálfsögðu ekki dulinn, að ef við eigum að ræða eðli Náttúrulækningafélags Íslands, ágæti þess og ágalla, þá munum við lítilli samstöðu ná á þingfundinum þeim arna. En hvað sem því líður, liggur það hér fyrir, að íslenzk heilbrigðisyfirvöld hafa veitt þessum aðilum nokkra viðurkenningu, eins og ég lýsti hér í minni frumræðu, og hvort sem þeir eru góðir eða lélegir matgerðarmenn, slæmir eða góðir trúmenn, þá verður þó ekki eða tæpast um það deilt, að þessa byggingu, sem þeir reka hæli sitt í, hafa þeir reist af miklum dugnaði, og það er mikil tilhneiging manna til þess að notfæra sér hælið af heilsufarslegum ástæðum, og þeim staðreyndum verður ekki neitað.

Þegar um er að ræða ríkisábyrgð í þessu tilfelli, skiptir það að sjálfsögðu nokkru máli, hvort viðkomandi stjórnarvöld, í þessu tilfelli Alþingi, hefur trú á starfseminni sem slíkri. Ég skal viðurkenna það. En Alþingi hefur áður tekið afstöðu í máli Náttúrlækningafélagsins og veitt því styrki, bein ríkisframlög til byggingar. Það hefur samtals fengið 300 þús. kr. í ríkisstyrki til byggingar á þessu hæli. Þó get ég tæpast litið svo á, að hér sé um að ræða málefnalega afstöðu Alþingis til þess, hvernig það vill meta Náttúrulækningafélag Íslands sem slíkt. Hinar staðreyndirnar liggja fyrir. Alþingi hefur veitt þessu félagi styrk, og heilbrigðisstjórnin hefur veitt því nokkra viðurkenningu.

Þá er komið að því, hvort sú ríkisábyrgð, sem hér er beðið um, sé fjárhagslega þannig undirbyggð, að áhættulítið eða áhættulaust sé fyrir ríkissjóð að veita hana eða ekki, og það er það, sem fjvn. hefur kynnt sér að nokkru, og telur, að ábyrgðin sé þess eðlis, að hún muni ekki valda ríkissjóði útgjöldum. Og í þeirri von og samkvæmt því áliti, að hægt sé þarna að greiða fyrir þessari byggingu, sem þegar hefur hlotið viðurkenningu, án þess að ríkið verði fyrir útgjöldum af því, — í þeirri skoðun er fjvn., þegar hún flytur þá till., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HS, JK, JPálm, KK, MJ, PZ, PP, SÁ, SB, SÓÓ, SE, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, BSt, BBen, BjörgJ, EggÞ, EOl, EirÞ, FS, FÞ, GíslG, EmJ.

nei: KJJ.

ÓB, StgrSt, AG greiddu ekki atkv.
21 þm. (GÍG, GJóh, GTh, GÞG, HV, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, KGuðj, LJós, ÓTh, PÞ, PO, RH, ÁkJ, BjörnJ, BÓ, EystJ, FRV) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Við fyrri umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og í samræmi við það, sem ég þá sagði, greiði ég ekki atkv.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 443).

---

12. Jafnlaunanefnd.

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun jafnlaunanefndar [46. mál] (A. 73).

Á 13. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Adda Bára Sigfúsdóttir): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, er flutt í samræmi við anda og ákvæði jafnlaunasamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem Ísland fullgilti s. l. sumar, og henni er ætlað að vinna nokkurt gagn því höfuðbaráttumáli íslenzkra kvenna, að þeim verði greidd sömu laun og karlmönnum fyrir vinnu sína, að öðrum aðstæðum óbreyttum.

N., sem skipa á skv. þessari till., er ætlað tvíþætt hlutverk. Henni er í fyrsta lagi ætlað að gera grein fyrir því, hvernig aðstæður eru raunverulega í þessum málum nú, og henni er í öðru lagi ætlað að gera till. um það, hvaða ráðstafanir kunni að vera tiltækar til þess að bæta úr launamisréttinu.

Baráttan fyrir launajafnrétti er orðin mjög löng, og oftast hefur miðað heldur hægt í áttina. Þó hefur verkakvennafélögunum og ýmsum öðrum launþegasamtökum, sem konur eru aðilar að, orðið þó nokkuð ágengt. Einnig hefur töluvert unnizt á löggjafarsviðinu.

Við ýmis störf, t. d. við kennarastörf, virðist aldrei annað hafa komið til greina en að konum skyldu greidd sömu laun og karlmönnum. Og svipuðu máli gegnir um öll störf kvenna, sem hafa háskólamenntun. En almenn viðurkenning á því, að konum bæri sömu laun og karlmönnum við sömu störf í ríkisþjónustu, fékkst ekki fyrr en árið 1945, er launalög voru samþykkt á Alþingi. Þá var þessum orðum skotið inn í lögin: „Við skipun í launaflokka og flutning milli launaflokka skulu konur að öðru jöfnu hafa sama rétt og karlar."

Það var búið að ganga frá lögunum að öllu leyti, þegar þessum ákvæðum var skotið þar inn, og þess vegna höfðu þau sem slík engin áhrif á beinar launagreiðslur samkvæmt lögunum.

En þrátt fyrir það að þetta ákvæði hefur ekki nægt til þess að tryggja fullkomið launa-

réttlæti hjá ríkinu, telja konur sig eiga ómetanlega stoð í þessu ákvæði. Og sama máli gegnir um jafnlaunasamþykktina. Það er engum ljósara en konum, að undirritun hennar ein veldur engri byltingu í launakjörum kvenna, en engu að síður hafa þær sótt það mjög fast, að Ísland fullgilti þessa samþykkt. Og þótt undarlegt megi virðast, hafa þær mætt töluverðum andblæstri í þeirri baráttu. Það var tregðazt lengi við að fullgilda samþykktina, og því var meira að segja borið við, að ekki væri hægt að fullgilda hana að óbreyttum íslenzkum lögum.

En hvaða íslenzk lög skyldu mæla á móti því, að stuðlað sé að því að tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta á Íslandi, að reglan um jöfn laun karla og kvenna nái til alls starfsfólks í landinu? Hvaða lög skyldu vera til í landinu, sem banna, að þetta sé gert, að stuðlað sé að launajafnrétti? En annað og meira felst í rauninni ekki í jafnlaunasamþykktinni sjálfri.

Einmitt vegna þess, að meira er það í rauninni ekki, sem samþykktin sjálf segir, en að stuðlað skuli að því að koma á sömu launum, er þessi till. borin fram. Því er æði oft haldið fram, að konur geri allt of mikið úr launamisréttinu og oftast nær megi skýra launamismuninn með því, að karlarnir gegni bæði erfiðari og ábyrgðarmeiri störfum.

Nefndinni er ætlað að skera úr um það, að hve miklu leyti þessi skoðun er á rökum reist. En ég vil samt sem áður nú þegar benda á nokkur atriði, sem mættu vera til glöggvunar í málinu.

18. þing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja kaus n., sem skyldi athuga launagreiðslur hjá opinberum stofnunum, eftir því sem við væri komið. N. kannaði launagreiðslur á þrjátíu ríkisstofnunum. Þar voru starfsmenn 643.

Niðurstöður n. eru þessar: Í þrem lægstu launaflokkunum eru 56% af öllum starfandi konum í ríkisþjónustu. Í sömu launaflokkum er enginn karlmaður. Niðurstaðan er því þessi: Meira en helmingur kvennanna er í það lágum launaflokkum, að þeir þykja ekki bjóðandi nokkrum karlmanni.

Þegar komið er upp í hálaunaflokkana, snýst málið að sjálfsögðu algerlega við. Í 4.—6. launaflokki reyndist vera 1% af konunum og 20% af körlunum. 3. launaflokkur var mjög sjaldgæfur. Þar var að sjálfsögðu engin kona, en hins vegar 1% af karlmönnunum.

Er hugsanlegt, að allur þessi gífurlegi launakjaramunur sé skýranlegur með því, að konurnar gegni yfirleitt ábyrgðarminni störfum? Ég held, að það sé alveg fráleitt, að svo sé, en ég vænti þess, að n. skeri til fullnustu úr um það.

Þá vildi ég benda ofur lítið á kjör verzlunarmanna í Reykjavík. Kjarasamningum verzlunarmanna er skipt algerlega í tvennt. Það eru kjarasamningar skrifstofufólks og kjarasamningar afgreiðslufólks. Um starfslið á skrifstofum gildir þetta: Um þrjá efstu launaflokkana er það tekið fram, að þeir séu eingöngu fyrir karlmenn. Í fjórða flokknum fá svo loksins konurnar að fljóta með, en fimmti flokkurinn er ætlaður sendisveinum eingöngu. Hæstu laun, sem konan getur fengið samkv. þessum samningum, eru 35% lægri en hæstu laun karla. Það er gert ráð fyrir því, að kona geti borið starfsheitið bókari, en þá skal hún líka hafa 28% lægri laun en karlmaður, sem nefnist aðalbókari, og hún skal hafa 17% lægri laun en karlmaður, sem nefnist annars flokks bókari.

Það fær mig enginn til þess að játa, að konur séu svo lélegir bókarar allar upp til hópa, að engin þeirra geti einu sinni talizt annars flokks bókari.

Þá kemur að afgreiðslufólkinu í búðunum. Kona, sem er deildarstjóri, skal hafa 10% lægri laun en karlmaður, sem er deildarstjóri. Byrjunarlaun stúlku með verzlunarskólamenntun skulu vera 37% lægri en byrjunarlaun karlmanns með sömu menntun. Hafi nú hvorugt þeirra þessa menntun, skal það taka karlmanninn þrjú ár að vinna sig upp í þessi réttindi, en stúlkuna fjögur ár. Hún á þannig að vera mun tornæmari á störfin. Sé um að ræða fólk án sérmenntunar, er munurinn 36%.

Allir þekkja störf afgreiðslufólks af daglegri reynslu sinni. Og það er ofur lítið erfitt að finna nokkra skýringu á því, að afgreiðslustúlkan skuli hafa 37% lægri laun en afgreiðslumaðurinn. Ef menn leita vel og vendilega, finna sumir þá skýringu á málinu, að það þurfi stundum að bera vörur úr bíl inn í búðina, og það gerir karlmaðurinn, en það gerir stúlkan ekki.

Ég vil í fyrsta lagi svara því til, að mér þykir mjög ótrúlegt, að stúlkan grípi ekki æði oft undir pokahornið, ef með þarf. A. m. k. væri dótturdóttur gömlu konunnar, sem bar kolapoka á Reykjavíkurhöfn, illa úr ætt skotið, ef hún treysti sér ekki til þess. Og í öðru lagi, þótt um það væri að ræða, að stúlkan gripi aldrei undir kassahorn, er þá kassaburðurinn virkilega svo mikils virði, að hann réttlæti 37% launamun?

Ef hugsanlegt væri að meta á skynsamlegan hátt, hvers virði vöruburðurinn er, hve mikill hluti launanna má skoðast umbun fyrir það að bera vörur fram og til baka frá búð í bíl eða draga þunga poka inn á lager, þá væri ekkert því til fyrirstöðu, að settir væru upp tveir launaflokkar afgreiðslufólks, annars vegar fólk, sem tekur að sér að bera vörur, ef á þarf að halda, og hins vegar fólk, sem neitar því algerlega að bera vörur og verður ekki látið vinna þá vinnu. En báðir þessir flokkar ættu að sjálfsögðu að standa konum opnir.

Ég hef fjölyrt svo mjög um þennan pokaburð til þess að skýra ofur lítið nánar, hvað við eigum við með sömu launum fyrir sömu vinnu.

Við skulum að lokum líta á kjör iðnverkafólks í Reykjavík. Byrjunarlaun kvenna eru þar 30% lægri en byrjunarlaun karla. Eftir 12 mánaða starf lækkar þessi munur niður í 25%. En eftir tveggja ára starf breikkar bilið

aftur upp í 30%, því að karlmaðurinn á rétt á launahækkun eftir tvö ár, en kvenmaðurinn ekki. Það kann að vera um það að ræða að einhverju leyti, að karlmennirnir gegni yfirleitt erfiðari störfum í iðnaði en kvenfólk. En úr því mætti skera með athugun. Ýmislegt er þó upplýst í því máli, t. d. það, að við vélvefnað stjórna konurnar nákvæmlega jafnmörgum vefstólum og karlmenn, en þær fá 30% lægri laun. Sé hér um að ræða mismunandi störf, mundi engin mótmæla því, að settir væru upp mismunandi launastigar fyrir þessi mismunandi störf, en konunum ættu að standa öll störfin opin. Það má að vísu gera ráð fyrir því, að vegna gamallar hefðar og vegna nokkuð minni líkamsburða en karlmenn hafa muni konur ekki almennt gegna öllum störfum, sem karlmenn gegna nú, en það er allt annað mál en spurningin um sömu laun fyrir sömu vinnu, eins og ég vona að ljóst sé orðið.

Hv. alþingismenn viðurkenna sjálfsagt réttmæti þeirrar kröfu, að konum skuli greiða sömu laun fyrir jafnverðmæta vinnu. Ég geri varla ráð fyrir að heyra hér þá gömlu og fráleitu mótbáru, að kvenfólkið sé nú yfirleitt svo lélegir og óábyggilegir starfskraftar, að það geti aldrei staðið sig í samkeppninni og það verði því sjálfu fyrir verstu, ef lögleitt verði eða komið á með einhverjum hætti þeirri algildu reglu, að konum skuli alltaf greiða sömu laun, þegar um sömu vinnu sé að ræða. En láti sú mótbára einhvers staðar á sér kræla, þá vil ég hafa svarað henni með þessum orðum: Við höfum þegar reynslu af jöfnum launum í erfiðri stritvinnu við fiskflökun, og við höfum þegar langa reynslu af jöfnum launum kennara. Og ekki hefur mér vitanlega borið á því, að kvenfólkinu fækkaði í þessum starfsgreinum. Ég held ég geti svarað því fyrir kvenfólksins hönd, að áhættuna af launajafnrétti tökum við á okkur mjög svo áhyggjulausar.

Ég vænti þess fastlega, að engin önnur annarleg sjónarmið komi til greina og þm. sjái sér fært að samþykkja þessa till. og veita með því jafnlaunamálinu stuðning. Ég vil að lokum mælast til þess, að málinu verði vísað til allshn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér liggur fyrir þáltill. um skipun n. til að athuga mál, sem Alþingi fól ráðherra að framkvæma í fyrra.

Á s. l. Alþingi var samþ. svo hljóðandi þáltill., með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að veita ríkisstj. heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem gerð var á 34. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1951, eins og hún liggur fyrir á fskj., sem prentað er með ályktun þessari."

Ég mun ekki hirða hér um að lesa upp alla alþjóðasamþykktina. Það er langt mál, enda þm. flestum efni hennar vel kunnugt. Og eins og fram kom þá, voru þm. yfirleitt alveg sammála um þetta efnislega.

Vegna þess að hæstv. félmrh., sem hafði á s. l. ári virzt bera þetta mál mjög fyrir brjósti, en hann hafði látið undir höfuð leggjast að undirbúa ráðstafanir til þess, að ákvæði þessarar samþykktar gætu tekið gildi, enda þótt þál. um það efni lægi fyrir frá því á árinu 1954, þá þótti mörgum þm. ástæða til að herða á því, að ákvæði þessarar samþykktar væru framkvæmd, með því að bera fram svo hljóðandi brtt. við þessa þáltill., þegar málið kom hér til umr.: „Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstj. að gera hið fyrsta ráðstafanir til, að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi."

Þessi brtt. var samþ. hér með samhljóða atkv., þrátt fyrir það að félmrh. hafði æ ofan í æ tekið fram, að það væri allsendis óþarft að hnýta nokkurri till. við þessa þáltill., sem léti í það skína, að honum væri ekki alls kostar trúandi fyrir því að framkvæma þetta mál svo fljótt sem föng væru á.

Ég vil taka það fram, og ég geri ráð fyrir því, að flestir aðrir þm. séu þeirrar skoðunar líka, að ég er fullkomlega fylgjandi þessari þáltill., sem hér hefur verið borin fram, því að hún er aðeins liður í framkvæmd þáltill. frá því í fyrra. En ég hefði satt að segja ekki að óreyndu viljað trúa því, að ráðh. léti undir höfuð leggjast að athuga þessi mál, þegar hann hafði fengið jafnítrekuð fyrirmæli um það frá Alþingi og raun er á.

Það hafa ýmsir háttvirtra þm. mjög takmarkaða trú á orðheldni hæstv. ríkisstj., en jafnskýlausa vantraustsyfirlýsingu á hæstv. félmrh. og hér liggur fyrir getur vart að líta.

Ég vil einnig taka það fram, að ég tel fullkomna ástæðu til að styðja þetta vantraust, og legg því eindregið til, að þessi till. verði samþ., þótt svo illa sé komið fyrir hæstv. ráðh., að hann er nú staddur á vinafundi austur í Moskvu og getur því ekki borið hönd fyrir höfuð sér, eins og síður mun vera, þegar vantrauststillaga er borin fram.

Flm. (Adda Bára Sigfúsdóttir): Ég veit ekki, að hve miklu leyti mér ber að svara fyrir fjarstaddan ráðh. En ef við lítum á þá till., sem samþ. var í fyrra, þá felur hún ekki annað í sér en það, að Ísland eða ríkisstj. hafi heimild til þess að undirskrifa jafnlaunasamþykktina, og svo viðbótartill. um að athuga málin eitthvað nánar.

Í jafnlaunasamþykktinni er ekki kveðið beint á um neina nefndarskipun af því tagi, sem ég fór hér fram á. Þar segir aðeins, að þeir, sem hafa undirritað þessa skuldbindingu, skuldbindi sig til þess að stuðla að því að tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þeim aðferðum, sem viðhafðar eru í aðildarríkjunum um ákvörðun launataxta, að reglan um jöfn laun karla og kvenna nái fram að ganga.

Það þarf því ekki að undirbúa málið á nokkurn sérstakan hátt, áður en undirskriftin er framkvæmd. Undirskriftin er aðeins skuldbinding um að taka að sér að stuðla að þessu

máli. Undirskriftin fór fram í fyrrasumar, og fullgildingin öðlast þess vegna ekki gildi á Íslandi fyrr en næsta sumar. Það líður ár frá undirskrift, þangað til hún á að ganga í gildi.

En engu að síður er mjög æskilegt, að farið verði að vinna í anda þessarar þál. Það kann að vera, að æskilegt hefði verið, að hæstv. félmrh. hefði verið búinn að skipa þessa n., en hins vegar get ég ómögulega litið á till. mína um nefndarskipun til þess að kanna, að hve miklu leyti sömu laun eru greidd fyrir sömu vinnu hjá opinberum aðilum og hvaða ráðstafanir séu tiltækar til þess að koma jafnlaunareglunni á, sem neins konar vantraust á hæstv. félmrh. Þetta er aðeins ábending um verkefni, sem ég óska eftir að ríkisstj. taki til úrlausnar.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 73, n. 416).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þáltill. þá, sem hér er til umr., til athugunar og leitað um hana álits Alþýðusambands Íslands, Sambands starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsambands bænda, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Öll þessi samtök hafa tjáð sig meðmælt því, að till. nái fram að ganga.

Þá hafa nefndinni einnig borizt áskoranir, m. a. frá Kvenréttindasambandi Íslands og fleiri samtökum kvenna, sem styðja þessa till.

Að athuguðu máli leggur allshn. einróma til, að till. verði samþ., en tveir nm. hafa þó undirritað nál. með fyrirvara, en sá fyrirvari mun þó ekki snerta aðalatriði málsins.

Eins og alkunnugt er, samþ. Alþingi á s. l. ári þál. um fullgildingu jafnlaunasamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar af Íslands hálfu. Með þeirri samþykkt er íslenzka ríkið skuldbundið til að stuðla að því innan þeirra takmarka, sem hérlendar aðferðir við ákvarðanir launataxta setja, að reglan um jöfn laun karla og kvenna við jafnverðmæt störf nái til alls starfsfólks í landinu.

Nú er það svo, að nokkuð þykir skorta á, að hér sé til staðar heildaryfirlit um það, hvar við stöndum í þessum efnum. En slíkt yfirlit verður þó að teljast eitt af grundvallarskilyrðunum til þess, að viðhlítandi ráðstafanir verði gerðar til þess að tryggja fullkomið launajafnrétti. Til þess að slíkt heildaryfirlit fáist, er nauðsynlegt að uppfylla ákvæði 3. gr. jafnlaunasamþykktarinnar, en þar segir: „að þar sem slíkt mundi greiða fyrir því, að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, skal gera ráðstafanir til þess að koma á óvilhöllu mati á störfum, sem byggjast á því, að metin sé sú vinna, sem inna skal af hendi.“ Varla orkar tvímælis, að slíkt mat sem þarna er gert ráð fyrir og raunar gert að skyldu mundi greiða fyrir ráðstöfunum til aukins launajafnréttis. Það mundi t. d. taka af allan vafa um það, hvort eða að hve miklu leyti starfsfólki hins opinbera er mismunað þrátt fyrir launalög, sem kveða á um jafnrétti kynjanna, en það er álit kvennasamtakanna og að ég held einnig Sambands starfsmanna ríkis og bæja, að konur séu í ýmsum tilfellum beittar órétti í launagreiðslum hjá ríkinu í skjóli rangs mats á störfum þeirra og einnig í skjóli úreltra og rangra starfsheita.

Að samanlögðu virðast ákvæði þeirrar till., sem hér er rætt um, um nefndarskipun til þess að athuga, að hve miklu leyti konum og körlum raunverulega eru greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf hér á landi, jafnt hjá því opinbera sem í hinum ýmsu starfsgreinum í atvinnulífinu, og til að gera till. um ráðstafanir til að koma fram launajafnrétti, vera eðlilegt framhald og rökrétt afleiðing af fullgildingu jafnlaunasamþykktarinnar á s. l. ári, og beri því að samþ. þessa till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 456).

---

13. Söngkennsla.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um umferðarkennslu í söng [133. mál] (A. 265).

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Helgi Seljan Friðriksson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem er á þskj. 265 og ég hef leyft mér að flytja, er þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna, hvort ekki muni fært að taka upp umferðarkennslu í söng við þá barnaskóla, þar sem ekki eru starfandi söngkennarar.“

Í grg. fyrir þessari till. er fyrst á það minnzt, að mjög víða, einkum við hina smærri skóla hér á landi, er engin söngkennsla og söngur þar felldur niður. Orsökin er sú, að ekki fást kennarar til þessara skóla, sem kennt geta söng. Við suma skóla, er ég þekki til, hafa oft orðið kennaraskipti á undanförnum árum, og þá hefur ævinlega, er staðan var auglýst,

sérstaklega verið tekið fram, að þörf væri á kennara, er kennt gæti söng. En það hefur í langflestum tilfellum engan árangur borið.

Fyrsta ástæðan fyrir því, að svo erfiðlega gengur að fá söngkennara, er auðvitað sú, að yfirleitt hafa kennarar ekki stundað söngkennaranám með sínu venjulega námi í kennaraskólanum, enda ekki skylda þar, það ég bezt veit. Það er líka hæpið að skylda menn til slíks náms án tillits til hæfileika. En alltaf eru þó einhverjir, sem slíkt nám stunda, og nú mun starfandi sérstök söngkennaradeild við kennaraskólann.

Eins og að líkum lætur, fara þeir fáu, sem söngkennarapróf taka, til starfa í þeim skólum, þar sem aðstaða til kennslu í sérgrein þeirra er bezt, en það er auðvitað við hina stærri skóla. Þeir, sem aðeins taka söngkennarapróf, hafa auðvitað ekkert verkefni eða starfssvið við sitt hæfi við hina smærri skóla, nema þá að þeir geti kennt eitthvað annað, þar sem söngkennslan ein nægir þeim ekki til lífsframfæris. Af þessu má glögglega sjá, að erfiðleikar eru miklir á því fyrir hina smærri skóla að fá kennara til starfa, er kennt geti söng. Hér þyrfti því vafalaust breytingu á í sambandi við kennslu kennaraefna, en út í það fer ég ekki nánar.

Nú er söngur auðvitað aðeins ein þeirra mörgu námsgreina, er börnin eiga að nema, og ekki heldur ætlaður langur tími til hans. Eigi að síður er það mjög slæmt, ef honum þarf algerlega að sleppa. Að vísu veit ég, að mjög margir kennarar láta börnin syngja, t. d. í byrjun eða lok kennslustundar, og kenna þeim þannig ljóð og lög. En úr því að kenna á söng og á það lögð áherzla af forustumönnum í uppeldisfræðum, að börnin fái reglulega tilsögn í söng, þá er slík söngkennsla sem ég minntist á alls ófullnægjandi.

Það virðist ekki auðvelt að sjá möguleika á því að fá sérmenntaða söngkennara til starfa við velflesta barnaskóla landsins og að því er bezt verður séð engar líkur til þess, að svo verði, af ástæðum, sem þegar hafa verið raktar og vafasamt er að taki nokkrum teljandi breytingum í náinni framtíð. Það væri því athugandi, ef ekki er ætlunin að láta söng falla niður af námsskrá fjölmargra eða jafnvel flestra hinna smærri skóla, að kanna leiðir þar til úrbóta.

Í till. minni er bent á eina leið. Mönnum finnst hún e. t. v. illframkvæmanleg og gagnslítil fyrir börnin. Ég get á hvorugt fallizt. Ef vel fær söngkennari væri fenginn til að kenna börnunum söng ákveðinn tíma á vetri hverjum, er öruggt, að slíkt mundi mjög auka áhuga barnanna á söng, og það með, að mun auðveldara yrði fyrir þá kennara, sem láta börnin syngja að staðaldri, að halda því við, sem þau þá þegar hafa lært.

Hér skal enginn dómur á það lagður, hve langur tími væri hæfilegur á hverjum stað, og eins hitt, hve mikla áherzlu ætti að leggja á sönginn þann tíma, er kennarinn væri á viðkomandi stað, en þó ekki óeðlilegt, ef tími væri stuttur, að börnin nytu dag hvern söngkennslu þann tíma.

Á það má auðvitað benda, að við þetta yrði allmikill kostnaður. En ef söng á að kenna í skólunum og þetta reyndist fær leið til úrbóta, er sjálfsagt að reyna hana og þá um leið gera ráðstafanir til varanlegri úrbóta fyrir framtíðina.

En yrði þá ekki skortur á kennurum til þessa starfa og til að annast þetta? E. t. v. kann svo að fara. En það sannar þá aðeins betur en allt annað, hve vonlaust það er fyrir einstaka skóla að fá slíkan söngkennara. Og því skal heldur ekki trúað, að ekki mætti fá einhverja menn til þessa starfs.

Ég leyfi mér að benda á þessa leið og vænti þess, að ef úr framkvæmd verður, gæti hún orðið til mikils gagns. En ef svo færi við nánari athugun, að leið till. þessarar reyndist mjög torfær í framkvæmd, væri æskilegt, að önnur leið væri fundin til úrbóta í þessu efni, en ekki látið kyrrt liggja, enda er það tilgangurinn með flutningi till. að vekja athygli á þessu vandamáli og óska eftir athugun á leiðum til úrbóta, en jafnframt bent á leið, sem áður hefur gefizt vel í öðrum greinum, þótt óskyldar séu söngnum.

Ég vil svo æskja þess, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 265, n. 417).

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að kanna, hvort ekki muni fært að taka upp umferðarkennslu í söng við þá barnaskóla, þar sem ekki eru starfandi söngkennarar.“

Allshn. hefur haft þessa till. til meðferðar og liggur fyrir nál. á þskj. 417 frá þrem nefndarmönnum, sem mæla með samþykkt hennar. Aðrir þrír nefndarmenn voru á fundi, þegar málið var til afgreiðslu í nefndinni, en töldu sig þá vanbúna að taka afstöðu til þess.

Svo sem séð verður á nál., hefur allshn. leitað álits fræðslumálastjóra og Sambands ísl. barnakennara um till., og mæla báðir þessir aðilar með því, að hún verði samþykkt.

Eins og fram kom á sínum tíma í greinargóðri framsöguræðu hv. flm., 2. varam. S-M., er till. fram borin til þess að stuðla að nokkrum úrbótum á sviði söngfræðslu í skólum í fámennari byggðarlögum, þar sem ekki er kostur sérmenntaðra manna til að annast þennan þátt barna- og unglingafræðslunnar, sem margir telja mjög mikilvægan, en víða er að mestu eða jafnvel öllu vanræktur sökum skorts á

kennslukröftum. Í gildandi lögum um fræðslu barna er svo fyrir mælt, að söngur skuli kenndur öllum börnum á skólaskyldualdri. Mun það ekki vera nein hending, að það ákvæði hefur verið sett við hlið annarra um hagnýtari fræðslu, heldur eðlilegt mat á söglistinni og mætti hennar til þess að þroska uppvaxandi kynslóð. Virðist sú ósk ekki fram borin að ófyrirsynju, að nokkur bráðabirgðaúrræði séu fundin, sem tryggi öllum börnum í landinu einhver kynni af því söngnámi, sem lögskylt er að veita þeim, en í þá átt gengur sú till., sem hér ræðir um.

Að öðru leyti er mál þetta svo ýtarlega reifað bæði í grg. og fylgiskjölum með nál., að ég sé ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 457).

14. Kaup á vélskipi frá Noregi.

Á deildafundum 24. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa á vélskipinu „Vico" frá Noregi [159. mál] (A. 336).

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi þáltill. er flutt af ríkisstj., og eins og gerð er grein fyrir í aths. við hana, eru málavextir þeir, að fyrir skömmu fékk útgerðarmaður í Hafnarfirði, sem Jón heitir Gunnarsson, gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vélskipi frá Noregi, sem þar var til sölu, svo til nýju skipi, 193 brúttósmálestir að stærð. Gert var ráð fyrir, að hann fengi fyrir nokkrum hluta kaupverðsins lán í Noregi, en þegar til kom, var ekki hægt að festa kaup á skipinu eða notfæra sér þetta boð, nema ríkisábyrgð kæmi til.

Eigandi skipsins leggur fram 40% af kaupverðinu frá sjálfum sér, og lánið, sem til greina kæmi að ríkisábyrgð yrði tekin á, yrði tryggt með 1. veðrétti í skipinu og þar að auki fasteignaveðum og ábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þetta lán yrði því óvenjulega vel tryggt.

Ríkisstj. fannst nauðsynlegt að greiða fyrir þessu máli. Þetta mál komst á úrslitastig í þinghléinu í vetur og gaf þá ríkisstj. fyrirheit um, að hún mundi beita sér fyrir því, að ríkisábyrgð fengist fyrir láninu, til þess að kaupin gætu átt sér stað. Því er þessi þáltill. fram komin.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 336, n. 413).

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Fyrir hönd þm. Ak. og í fjarveru hans leyfi ég mér að fylgja þessu máli úr hlaði með nokkrum orðum eða því nál., sem útbýtt hefur verið á þskj. 413.

Þáltill. sú, sem hér um ræðir, á þskj. 336, er flutt af ríkisstj. og fjallar um heimild henni til handa til þess að ábyrgjast allt að 60% af kaupverði vélskipsins „Vico" frá Noregi, þó eigi hærri upphæð en 697 þús. norskra króna, gegn fyrsta veðrétti í skipinu og öðrum tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir tillögunni við fyrri umr., og var málinu síðan vísað til fjvn.

Efni máls þessa er í skemmstu máli það, að Jón Kr. Gunnarsson útgerðarmaður í Hafnarfirði hefur fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir skipi þessu, sem er stálskip, 193 brúttólestir að stærð, smíðað árið 1956. Kaupverð skipsins er norskar kr. 1 millj. 162 þús., og leggur kaupandi fram 40 hundraðshluta af því, en 60 hundraðshlutar eru fengnir að láni í Noregi, og á lánið að greiðast á árunum 1959—64. Er hér um að ræða, hvort veita skuli ríkisábyrgð fyrir láni þessu.

Fiskveiðasjóður hefur ákveðið að lána 2 millj. kr. til kaupa á skipinu, og gengur meginhlutinn, eða 1,8 millj. kr., af þeirri upphæð til þess að greiða afborganir og vexti af norska láninu, jafnóðum og gjaldkræft verður á árabilinu 1959—64, eins og áður er frá skýrt.

Lánið, sem ríkisábyrgðin mundi ná til, er auk þess tryggt með 1. veðrétti í skipinu, í öðru lagi tryggt með fasteignaveði, þ. e. 2. veðrétti í fiskverkunarstöð í Hafnarfirði með húsum, vélum og tækjum og öðrum mannvirkjum, og í þriðja lagi með sjálfskuldarábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Skipið mun þegar vera komið til landsins og ber nú nafnið Haförn GK 321.

Fjvn. hefur kynnt sér mál þetta eftir föngum og telur að athuguðu máli, að ríkissjóður sé tryggður fyrir hugsanlegum skakkaföllum, enda skiptir þar höfuðmáli, að lánið verður greitt með fiskveiðasjóðsláninu. Nefndin leggur því einróma til, að þáltill. verði samþykkt, svo sem sjá má á nál. á þskj. 413.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 458).

15. Brotajárn.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hagnýtingu brotajárns [30. mál] (A. 39).

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 39 till. til þál. um hagnýtingu á brotajárni eða úrgangsjárni. Þetta mál er ekki nýtt hér á hv. Alþingi. Það hefur áður verið rætt hér, en ekki tekin fullnaðarákvörðun eða gerð fullnaðarathugun á því, hvort hagkvæmt væri að koma upp innanlands járnbræðslu. Ég er sannfærður um, að hér er um miklu meira mál að ræða en sumir vilja vera láta og að það er áreiðanlega þess virði, að það sé tekið til rækilegrar athugunar. Höfuðatriði málsins er það, að nú fellur til hér á landi talsvert mikið af úrgangsjárni, sem er hráefni og við nú flytjum til útlanda og seljum þar fyrir mjög lítið verð. Flestar aðrar þjóðir vinna úr þessu hráefni, úrgangsjárninu, sjálfar og framleiða á þann hátt vörur, sem eru mjög eftirsóknarverðar á heimsmarkaðinum, þ. e. a. s. járn af ýmsum gerðum. Þetta ráðslag getur auðvitað ekki gengið til lengdar og hlýtur að verða tekið til athugunar, með hvaða hætti mönnum þykir eðlilegast að nýta það hráefni, sem til fellur með þessum hætti.

Vorið 1955 fól viðskmrn. Iðnaðarmálastofnun Íslands að gera athuganir á því, hvort hagkvæmt væri að hagnýta brotajárn innanlands. Iðnaðarmálastofnunin gerði skýrslu um það mál, og er þar margs konar upplýsingar að finna, lútandi að þessu. Hins vegar segir stofnunin, að þetta málefni sé svo umfangsmikið, að frekari rannsókna þyrfti með, áður en ákvörðun væri tekin í málinu. Till. mín gerir einmitt ráð fyrir, að þessari athugun sé haldið áfram.

Það er vitaskuld augljóst mál, að járnbræðsla, sem starfrækt yrði hér á landi, yrði mjög lítil, samanborið við erlend stáliðjuver. En jafnvel þó að ekki væri um að ræða nema 5—10 þús. tonna afköst á ári, þá er málið engu að síður stórmál á okkar mælikvarða. Ef hráefnið er til í landinu og hægt er að koma vélum upp fyrir viðráðanlegt verð og ef rekstur járnbræðslu væri talinn hagkvæmur, þá eru 5—10 þús. tonn t. d. af steypustyrktarjárni hreint ekki svo lítil framleiðsla á okkar mælikvarða.

Ég held, að það sé ríkjandi mikill misskilningur hjá almenningi varðandi járnbræðslu. Sumir halda, að hér sé um að ræða risastórt fyrirtæki, sem ekkert vit sé í, en aðrir halda, að hráefnið sé svo lítið, að aldrei verði neitt vit í rekstrinum af þeim ástæðum. Enn aðrir vilja jafnvel líkja þessum hugmyndum við Faxaverksmiðju eða glerverksmiðju. Nú skal ég ekkert um það fullyrða, hvað raunhæft er í þessu máli, en því er till. mín fram komin, að ég tel ómaksins vert, að ýtarleg athugun sé gerð á öllu málinu í heild.

Jón Brynjólfsson vélaverkfræðingur iðnaðarmálastofnunarinnar hefur sagt mér, að hann telji það alveg vafalaust, að nægjanlegt hráefni yrði fyrir hendi til að starfrækja 10 þús. tonna járnbræðslu. Þá miðar Jón við, að safnað væri brotajárni fyrstu 3 árin, á meðan verið væri að koma verksmiðjunni upp, áður en starfrækslan hæfist, og eftir þann tíma telur Jón að veruleg hráefnisaukning yrði frá ári til árs, sem er byggt á þeirri staðreynd, hversu mikill járninnflutningur hefur verið til landsins eftir 1945. Árið 1965 telur Jón að féllu til um 10 þús. tonn af úrgangsjárni og síðan meira. Nú er talið, að falli til einhvers staðar á milli 5 og 8 þúsund tonn á ári.

Það er athyglisvert, að árið 1952, þegar verðið var einna hæst á brotajárni erlendis, voru flutt út 9980 tonn á einu ári. Hefur þá sjáanlega verið lögð sérstök áherzla á söfnun þessa hráefnis.

Járn er nú sem áður mjög eftirsótt vara á heimsmarkaðnum, og vitanlega gildir það sama um brotajárn, sem auðvitað er bezta hráefnið til járnframleiðslu. Það er því hörmulegt, að við Íslendingar skulum flytja út tugþúsundir tonna af þessu verðmæta hráefni, án þess svo mikið sem athuga til hlítar, hvort ekki er einmitt mjög vel hægt að vinna úr þessu hráefni hér heima. Ég held, að við höfum einhvern tíma ráðizt í annað eins.

Varðandi framleiðsluvörur slíkrar járnbræðslu yrði vafalaust fyrst og fremst hugsað um framleiðslu steypustyrktarjárns af tilteknum algengum stærðum. Innflutningur steypustyrktarjárns á s. l. ári var 7½ millj. kr. í gjaldeyri, og 9 fyrstu mánuði þessa árs var innflutningurinn 9.3 millj. kr. Hér er því um að ræða verulegt gjaldeyrisatriði, þó að ekkert annað væri framleitt en þessi eina járnvara, þ. e. steypustyrktarjárn.

Iðnaðarmálastofnunin áætlar, að innanlandsmarkaður stangajárns yrði fyrst um sinn um 5 þús. tonn á ári, en yrði kominn upp í um 10 þús. tonn í kringum 1970.

Iðnaðarmálastofnunin hefur ekki gert ýtarlegar athuganir á stofnkostnaði járnbræðslu. Þó er þess getið í skýrslunni, að stáliðjuver með 10 þús. tonna afköstum ætti að kosta eða væri ekki ótrúlegt að það kostaði á milli 15 og 20 millj. íslenzkra króna.

Aðalverðmæti járnbræðslunnar liggur í valsasamstæðu, sem talið er að muni kosta 10—15 millj. kr. Að sjálfsögðu kæmi einnig til greina að setja upp bræðslu með ca. 5 þús. tonna afköstum, en þá er talið, að hvort tveggja sé, að hráefnið verði ekki fullnýtt og að rekstrargrundvöllur verði miklu lakari. Í rekstraráætlun gerir iðnaðarmálastofnunin ráð fyrir afskriftum, vöxtum og viðhaldi, sem nemi um 20%, og samt verði ríflegur tekjuafgangur. Engar endanlegar kostnaðar- eða rekstrar-

áætlanir virðast mér þó hafa verið gerðar, enda segir iðnaðarmálastofnunin í niðurlagi skýrslu sinnar, að um bráðabirgðaniðurstöður sé að ræða og að frekari rannsókna þurfi með, áður en ákveðið væri að ráðast í að reisa stáliðjuver til hagnýtingar á úrgangsjárni. Líkur benda hins vegar til, segir í skýrslunni, að slíkt fyrirtæki ætti að vera þjóðhagslega hagkvæmt.

Vestur-Íslendingurinn Jón Ólafsson, sem er þekktur vestan hafs fyrir forustu sína á sviði framleiðslu gæðastáls, hefur í blöðum hér heima lagt áherzlu á, að hann teldi sjálfsagt, að komið væri upp stáliðjuveri til að vinna úr úrgangsjárni, og sá maður er talinn hafa mjög gott vit á þessum málum.

Ég held, að það geti ekki verið vafi á því, að sjálfsagt sé að fela hæstv. ríkisstj. að halda þessu máli vakandi og láta gera endanlegar rannsóknir og athuganir á því, hvort hagkvæmt sé að koma svona fyrirtæki upp.

Ég legg svo til, að umræðu um þetta mál verði frestað og till. verði vísað til hv. allshn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er rétt. sem hv. flm. þessarar till. sagði, að þetta mál *er ekki nýtt hér í hv. Alþingi.* Það hefur verið flutt till. um þetta, að ég ætla tvisvar, og einu sinni hefur verið flutt frv. til laga um stofnun stáliðjuvers. 1955 var till. um þetta efni vísað til ríkisstjórnarinnar. Till. var þess vegna afgreidd, og það, sem gert var í framhaldi af því, var að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands, *samkvæmt bréfi 13. maí 1955, að gera rannsókn* á því, hvort tiltækilegt væri að koma hér upp stáliðjuveri til þess að vinna úr brotajárni.

Iðnaðarmálastofnunin lagði allmikla vinnu í þessa athugun, enda tók hún langan tíma, nokkuð á annað ár. Iðnaðarmálastofnunin hafði ekki lokið þessu starfi fyrr en í septem*ber 1956, og ég verð að segja það, að skýrsla* iðnaðarmálastofnunarinnar er nokkuð sannfærandi um, að það beri að gera þetta, að ráðast í að byggja stáliðjuver. Síðan skýrsla og álit iðnaðarmálastofnunarinnar kom, er nú liðið nokkuð á annað ár, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki, að ég veit til, gert nokkuð til þess, að *rannsókninni yrði haldið áfram.*

Mig furðar því ekkert, þótt hv. 10. landsk. þm., sem hlýtur að vera kunnugur í herbúðum hæstv. ríkisstj., geri tilraun til þess að ýta við hæstv. ríkisstj. með flutningi þessarar till., úr því að hæstv. stjórn hefur ekki, þrátt fyrir hina ýtarlegu og jákvæðu skýrslu iðnaðarmálastofnunarinnar, hreyft legg eða lið nú nokkuð á annað ár í þessu máli. Það hefði legið beinast við hjá hæstv. ríkisstj. að láta framhaldsrannsókn fara fram eftir að hafa fengið í hendur hina ýtarlegu skýrslu iðnaðarmálastofnunarinnar. Útdráttur hennar er birtur í tímaritinu Íslenzkur iðnaður, í septemberblaði 1956, og ég ætla, að allir hv. þm. hafi fengið þetta blað, og er þess vegna óþarfi að vera að lesa upp úr því, af því að ég býst við, að flestum hv. þm. sé ljóst, að þar er beinlínis gefið í skyn, að fyrirtæki sem þetta geti verið mjög þjóðhagslegt og það beri að ráðast í þetta, en þó þurfi, áður en það verði gert, að gera ýtarlegri rannsókn á ýmsum sviðum. Það hefði þess vegna verið æskilegt, að hæstv. ríkisstj. hefði gert ráðstafanir til þess, að þessi framhaldsrannsókn hefði átt sér stað. Tillögu um þetta efni hafði verið áður vísað til ríkisstjórnarinnar til aðgerða í þessu máli, og framhaldið var að kveðja nýja menn til rannsóknar og nánari athugunar á þessu. Hafi hæstv. ríkisstj. talið, að hana vantaði heimild til þess að nota fé í þessu efni, bar henni að afla þeirrar heimildar.

Ég satt að segja hafði búizt við því, að þetta mál væri í framhaldsrannsókn, þangað til till. hv. þm. kom hér fram í hv. Alþingi, og úr því að hann flytur málið hér inn í þessu formi, þá hlýtur það að vera vegna þess, að honum hefur fundizt sérstök ástæða til að ýta við hæstv. ríkisstj. í aðgerðaleysi hennar. Ég vil, úr því að hæstv. ríkisstj. hefur haldið að sér höndum í þessu máli, styðja þessa till., og ég vænti þess, að hún megi verða til þess að ýta við hæstv. stjórn, að hún láti framhaldsrannsókn fram fara í þessu máli, sem virðist vera gott mál. Það er sannleikanum samkvæmt, að allt of mikið er gert að því hjá okkur Íslendingum, sem stöðugt vantar gjaldeyri og höfum oft litla atvinnu fyrir fólkið í landinu, að flytja út hráefnið í stað þess að nýta það í landinu til tekjuöflunar og til gjaldeyrissparnaðar.

Ég tel gott, að þessi till. er komin fram, úr því að nauðsynlegt var að ýta við hæstv. ríkisstj. *á þennan hátt með henni.*

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil í framhaldi af þeim ummælum hv. þm. Rang., að nauðsynlegt hafi verið að ýta við ríkisstj. varðandi þetta mál, aðeins taka þetta fram:

Í framhaldi af álitsgerð Iðnaðarmálastofnunar Íslands um þetta mál sneri iðnmrn. sér til annarra aðila og æskti umsagnar þeirra um málið. Sumir þeirra munu og hafa látið hinu háa Alþingi í té umsögn sína um málið, þegar þetta eða hliðstætt mál var hér á döfinni fyrir nokkrum árum. Því er ekki að leyna, að skoðanir manna, sem telja verður sérfróða um þetta efni, eru nokkuð skiptar. Og það er auðvitað höfuðástæða þess, að a. m. k. iðnmrn. hefur ekki viljað hafa frumkvæði að því enn sem komið er, að hafizt væri handa um framkvæmdir í þessum efnum. En ég tel sjálfsagt, að þær athuganir, sem fram hafa farið á málinu, haldi áfram og verði gerðar sem ýtarlegastar og það verði leitt í ljós með svo öruggri vissu sem verða má, hvor aðilinn hefur rétt fyrir sér í þessum efnum. Ég er reiðubúinn til þess að veita þeirri hv. n., sem þetta mál fær til meðferðar, þær upplýsingar, sem fyrir liggja í iðnmrn. um málið, til þess að stuðla að því, að hv. n. geti myndað sér glögga skoðun á málinu. Þess vegna tel ég það vera æskilegt, að till. þessi sé samþykkt. Það heldur málinu þó vakandi. Ég er reiðubúinn til þess að veita aðgang að þeim gögnum, sem í iðnmrn. fyrir-

finnast til þess að upplýsa málið, og stuðla að því, að iðnaðarmálastofnunin veiti líka þær upplýsingar, sem hún hefur yfir að ráða í málinu.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. og 42. fundi í Sþ., 23. og 30. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 7. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 39, n. 424).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað nokkuð um hagnýtingu brotajárns hér á landi. Eins og þm. muna, er mál þetta ekki nýtt, og hafa þegar verið gerðar nokkrar undirbúningsrannsóknir. M. a. hefur n. haft tækifæri til að kynna sér allýtarleg skjöl varðandi málið frá Iðnaðarmálastofnun Íslands. Það kemur fram í þessum skjölum, að menn eru alls ekki á eitt sáttir um, hvort hagkvæmt muni eða ekki að vinna brotajárn hér. Sérstaklega var það athyglisvert, að ýmsar erlendar verksmiðjur, sem spurðar hafa verið, virðast hafa vantrú á því, að hér sé um nægilega mikið járnmagn að ræða, svo að hagkvæmt geti verið að vinna það. Hins vegar er niðurstaða ýtarlegra skýrslugerða frá iðnaðarmálastofnuninni sú, að þetta geti orðið hagkvæmt hér á landi og rétt sé fyrir Íslendinga að halda þessu máli vakandi, gera frekari athuganir, því að hvort tveggja er, að brotajárn eykst hér ár frá ári, og einnig, að ýmis tæknileg atriði varðandi vinnslu og hagnýtingu járnsins breytast. Með tilliti til þessa telur n., að það sé rétt að halda þessum athugunum áfram, og leggur til, að athugun á málinu verði haldið áfram, eins og fram kemur í nál.

ATKVGR.
Brtt. 424 (ný tillgr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 477).

16. Heymjölsverksmiðja.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um heymjölsverksmiðju [63. mál] (A. 104).

Á 16. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. og 26. fundi í Sþ., 4. des. og 12. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 19. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. á þskj. 104 um rannsókn á því, hvort æskilegt er, að komið verði upp heymjölsverksmiðju með það fyrir augum að draga úr notkun á innfluttu kjarnfóðri. Einnig þarf sú athugun að leiða í ljós, hvar rekstrarskilyrði væru bezt fyrir slíka verksmiðju.

Eins og kunnugt er, þá er árlega flutt inn mikið af erlendu kjarnfóðri, og fer þessi innflutningur stöðugt vaxandi vegna fjölgunar búpeningsins og vegna þess, að bændur hafa í auknum mæli talið sér hag að því að nota fóðurbæti til fóðurs og aukningar á framleiðslunni. Það væri þess vegna þess virði að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort unnt væri að draga eitthvað úr þeirri gjaldeyrisnotkun, sem fer vaxandi vegna innflutnings á útlendu kjarnfóðri.

Lítið hefur verið gert að því hér á landi að framleiða heymjöl. Það hefur aðeins verið gert í smáum stíl á Sámsstöðum í Fljótshlíð, lítils háttar, og að ég hygg aðeins einu sinni í Hveragerði. Þótt þetta hafi verið gert í smáum stíl, hefur reynslan þó sýnt, að unnt er að gera þetta. Og það hefur einnig verið rannsakað hér af atvinnudeild háskólans fóðurgildi íslenzka heymjölsins. Hefur komið í ljós, að ef um snemmslegið hey er að ræða, þarf 1.3 kg af heyi í fóðureiningu, sem þannig er hraðþurrkað, en það er, eins og kunnugt er, 1 kg af byggi í fóðureiningu. Munar því ekki hér svo ýkja miklu, hvað meira þarf af íslenzku heymjöli í fóðureiningu heldur en t. d. byggi.

Nú mundi einhver segja, að íslenzkir bændur ættu að rækta bygg og fóðurkorn. En það er vitað mál, að það er miklum erfiðleikum bundið, vegna þess að bændur hafa ekki yfir svo miklum vinnukrafti að ráða. Þetta hefur verið reynt lítils háttar hér á landi, en það hefur ekki orðið almennt, vegna þess að bændur hafa ekki haft vinnukraft og vegna þess að það mundi tæplega borga sig, þótt vinnukraftur fengist, að framleiða korn á þann hátt, sem skilyrði hérlendis leyfa, og borga taxtakaup. Ég geri ráð fyrir, að það mundi tæplega borga sig, frekar en það geti borgað sig að framleiða mjólk og kjöt, ef bændur ættu hverju sinni að greiða taxtakaup. Um heymjölsframleiðslu er öðru máli að gegna. Það verður að framleiðast í verksmiðju, sem væri útbúin með þeim tækjum, sem bezt eru á því sviði. Till. fer fram á rannsókn í þessu efni. Það, sem þarf að rannsaka, er, að hve miklu leyti við Íslendingar gætum sparað erlent kjarnfóður með því að framleiða íslenzkt heymjöl í landinu.

Það er þegar vitað, að það má blanda talsverðu heymjölsmagni í fóðurblöndu, án þess að fóðurblandan verði nokkuð verri til fóðurs eða mjólkur. Ég hef talað við fóðurfræðing og búnaðarfróða menn um þetta mál, og þeir hafa sagt mér, að það mætti blanda frá 10 og upp í 30% saman við erlent kjarnfóður, án þess að

fóðurblandan yrði nokkuð verri en hún væri eingöngu úr útlendu mjöli. 10—30% byggist á því, í hvaða ástandi heyið er, sem gefið er. Ef heyið er snemmslegið og hefur verið hirt grænt, má ekki blanda eins miklu af heymjöli í fóðurblönduna og ef gefa skal hrakið hey og síðslegið. Þá má blanda meira af heymjöli í fóðurblönduna, og kemur heymjölsgjöfin þá að fullu gagni. Þannig hefði verið þörf fyrir mikið af íslenzku heymjöli eftir rosasumarið 1955, að því er fóðurfræðingar og búnaðarfróðir menn telja. Og það er reyndar alltaf, þótt heyin séu góð og mikil, þörf fyrir fóðurmjöl. Ef t. d. mætti alltaf nota allt að 10% í blönduna, þá er það ákaflega mikið magn yfir heildina, sem þannig mætti nota yfir árið. Einnig er ágætt að nota heymjöl í hænsnafóður, og hefur reyndar undanfarin ár verið flutt talsvert inn af erlendu heymjöli til blöndunar í hænsnafóður. Fróðir menn telja, að það megi nota miklu meira af íslenzku heymjöli í hænsnafóður en gert hefur verið og að það séu tvímælalaust not fyrir mikið af íslenzku heymjöli og það mætti þannig spara erlendan gjaldeyri, ef það væri fyrir hendi, án þess að fóðurblöndurnar, sem bændur ættu að kaupa, væru nokkuð verri að gæðum en fóðurblöndur, sem eingöngu eru með útlendu efni.

Þegar þetta er fyrir hendi, þarf því að rannsaka í fyrsta lagi: Hver verður stofnkostnaður heymjölsverksmiðju, hversu stór þarf hún að vera, og hvar verður hún bezt staðsett? Í öðru lagi þarf að rannsaka, hvort heppilegra er að byggja eina verksmiðju tiltölulega stóra eða fleiri verksmiðjur smærri með það fyrir augum að draga úr flutningskostnaði á milli staða. Þetta þarf vitanlega að athuga, og getur vel komið til greina, þótt rekstrarkostnaður stóru verksmiðjunnar sé ódýrari en smærri verksmiðja, að það vinnist upp með því, að flutningskostnaður verður minni, ef verksmiðjurnar eru fleiri en ein, því að flutningskostnaður innanlands er, eins og kunnugt er, allmikill, og ber vitanlega í þessu tilfelli að líta á það og hafa í huga, þegar athugun er gerð á staðsetningu þessarar verksmiðju. Það er vitanlega fleira, sem þarf að athuga í þessu efni. Skilyrði til grasræktunar þarf t. d. að hafa í huga.

Það er kunnugt, að sandgræðsla ríkisins á mikið land, sem verið er að rækta upp á Rangársöndum. Það væri þess vegna ekki óeðlilegt, þótt skilyrði þar fyrir verksmiðju þættu hentug, auk þess sem þar væri unnt að fá vinnuafl með sérstökum hætti, þar sem eru vistmennirnir á drykkjumannahælinu í Gunnarsholti, sem nú munu vera á milli 20 og 30 og líklega verða á næstunni nær 40, eftir að viðbótarbygging við hælið hefur verið tekin í notkun. Þarna væri verkefni fyrir þessa ógæfusömu menn, sem annars er dálítið erfitt að finna og notfæra sér, en sandgræðsla ríkisins og vistheimilið eru, eins og kunnugt er, nágrannar á Rangárvöllum. En eins og ég sagði áðan, ber vegna flutningskostnaðar að athuga, hvort ekki væri heppilegra að hafa verksmiðjurnar fleiri en aðeins eina.

Ég hef hugsað mér, þótt ekki sé talað um það í þessari till., að það yrði skipuð n. til þess að rannsaka þetta mál, og mér kæmi til hugar, að þetta væru þrír menn sérfróðir, einn væri tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af atvinnudeild háskólans og sá þriðji af Verkfræðingafélagi Íslands. Tel ég eðlilegt, að í þessa n. væri skipaður verkfróður maður, og það mætti ætla, að Búnaðarfélag Íslands tilnefndi sérstaklega búfróðan mann, sem hefði vel vit á fóðrunarmálum og öðru þess konar, og atvinnudeildin sömuleiðis. Ætti þá að vera vel fyrir því séð, að ekki væri flanað að neinu í þessu efni, sem vitanlega ber að varast, heldur þetta mál rannsakað ofan í kjölinn, áður en hafizt verður handa.

Ég reikna með því, að það geti orðið allmikill gjaldeyrissparnaður í þessu efni. En rannsóknarnefndin ætti að geta gert sér fulla grein fyrir því, eftir að það liggur nokkurn veginn fyrir samkvæmt nákvæmri áætlun, hvað notkun heymjölsins getur orðið mikil árlega. Um stofnkostnaðinn er ekki hægt að segja að svo stöddu. Áætlun þarf að semja um hann. En ég gæti trúað, að það yrði tæplega hálft togaraverð, sem hér væri um að ræða í stofnkostnað, kannske miklu minna. Rannsóknin ætti að leiða það í ljós, og einmitt í sambandi við kostnaðaráætlun um slíka verksmiðju er heppilegt að hafa verkfróðan mann, sem t. d. Verkfræðingafélag Íslands tilnefndi.

Ég tel ekki ástæðu til að fara að svo stöddu fleiri orðum um þetta mál. Það er hér aðeins farið fram á rannsókn á mikilsverðu máli, sem gæti orðið til þess að skapa nýjan atvinnuveg í landinu, gæti orðið til þess að spara gjaldeyri og gæti átt sinn þátt í því að byggja hér upp atvinnulífið og færa okkur nær því að verða sjálfum okkur nógir.

Þar sem ákveðin var ein umr. um till., legg ég til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal út af fyrir sig ekki vera neitt að spilla fyrir þessari till. Þó langar mig til að benda á einstök atriði í þessu sambandi.

Sá maður hérlendis, sem mest hefur átt við þetta mál, er dáinn fyrir nokkrum árum. Það var Eggert sálugi Jónsson frá Nautabúi. Þegar hann keypti Kirkjubæ á Rangárvöllum, vakti fyrir honum tvennt, annars vegar heymjölsverksmiðja, eins og hér hefur verið rætt um, og hins vegar reiðhestabú. Hann lét gera ákaflega víðtækar tillögur erlendis um heymjölsframleiðslu, og það eru til margs konar verksmiðjur. Þær eru til margar af misjafnri gerð, sem það framleiða. Og eftir að vera búinn að kryfja það eins og hann gat bezt, bæði hérlendis og erlendis, komst hann að þeirri niðurstöðu, að aðalannmarkinn á því hér á landi væri sá að geta alltaf haft hæfilegt hey — hæfilegt sprottið gras. Það er rétt, sem frsm. sagði, að með því að búa til heymjöl af töðu, þegar grasið er svona þriggja þumlunga hátt og í ákaflega örum vexti, þá er hægt að fá

heymjöl, sem hefur miklu meiri bætiefni en önnur fóðurefni flest, en að öðru leyti er það ekki öðruvísi en hey, og slíkt heymjöl er gefið til uppbóta til þess að bæta fóður, sem bætiefni vantar í. En ef á að fá þetta úr venjulegu grasi, t. d. okkar töðu, eins og þegar hún er orðin fullsprottin eða þegar menn slá hana venjulega, þá er það ekkert annað en hey, sem um er að ræða, og ekki betra að hafa það en hvert annað hey, sem vera skal, þó að búið sé að mala það. Og það, sem strandaði á hjá Eggert, var þetta: Verksmiðjan þurfti að hafa sem lengstan starfstíma að hægt væri. Hún var dýr. Ég man nú ekki, hvað hún átti að kosta á sínum tíma, — það var ekki neitt líkt togaraverði, því að það var ekki nema eitthvað — ja, ég man ekki, hvað það var, en till. þessar eru nú til hér á landi allar saman og hægt að athuga það. En hún var svo dýr, að það töldu allir og hann sjálfur, að verksmiðjan yrði að hafa langan tíma til að geta unnið. Og þá er spurningin þetta: Hvernig eigum við alltaf að geta fengið sprettandi gras frá því einhvern tíma seint í maí, þegar hægt var að byrja að slá, til þess að fá gott heymjöl úr því, og langt fram í september, er hann vildi fá heymjöl líka, og hvernig eigum við að geta tryggt það, að grasið, sem er slegið allan þennan tíma, sé með svipuðu næringarefni, svo að heymjölið, sem búið sé til, verði „konstant" vara, ekki vara, þar sem annað sé með helmingi meiri bætiefni en hitt, heldur allt svipað? Það var þetta, sem gerði það að verkum, að hann kiknaði algerlega á því.

Þar næst kom málið fyrir búnaðarþing á sínum tíma að frumkvæði Gunnars Bjarnasonar, sem hafði hugsað sér að gera mikinn hluta af einhverju landi í kringum hverri að einu samfelldu túni og slá það. Hann var að tala til dæmis um allan Reykholtsdalinn og hafa verksmiðjuna við Deildartunguhver eða í Reykholti eða einhvers staðar, þar sem væru hverir, og geta notað hitann þaðan til þess að þurrka heyið, áður en það væri malað og gert að heymjöli. Og það var talað um það, en ekkert í málinu gert sérstakt, af því að menn fundu þá, alveg eins og Eggert, að það mundi verða mjög erfitt að geta tryggt, að það, sem verksmiðja framleiddi svona lagað, væri alltaf eins. Erlendis er þetta nokkuð annað. Þar var og er ekki búið til heymjöl nema helzt „alfa alfa" og ekki til að flytjast neitt til af öðru en „alfa alfa", sem hefur upp undir tvöfalt eggjahvítumagn, miðað við gras hér á landi, og það er þess vegna allt öðruvísi heymjöl, sem við fáum, þegar við flytjum það inn.

Nú er málið enn á döfinni, ekki bara hér hjá hv. ræðumanni, heldur var fyrir tveimur árum eða kannske þremur samþykkt hér á Alþingi tillaga og veitt fé til að rannsaka heyverkunaraðferðir. Ein heyverkunaraðferð er það að breyta heyinu í heymjöl. Það var falið vélanefnd, sem Ólafur Guðmundsson á Hvanneyri er starfsmaður fyrir og aðalmaður í, að gera rannsókn í þá átt. Hún er búin með ýmsar sínar athuganir. Hún sendi einn af sínum starfsmönnum til Englands til að kynna sér heyþurrkunaraðferðir í vélum og heymjölsaðferðir í sambandi við það. Um það er komin opinber skýrsla í einni skýrslu vélanefndarinnar sem fyrsta athugun á þessu máli, og ef þetta á að rannsakast nánar, þá mætti náttúrlega ýta á þá nefnd eða láta hana hafa meira starfsfé en hún núna hefur. Það liggur alveg beint fyrir. Málið er hjá henni í athugun, eins og aðrar heyverkunaraðferðir, sem hún er með.

Ég er sjálfur persónulega ekki trúaður á það, að við búum til heymjöl hér á landi til þess að spara verulega innflutning á fóðurbæti. Það getur verið, eins og ræðumaður sagði, að undir vissum kringumstæðum vanti okkur bætiefni, og ef við þá gætum haft heymjöl, sem væri gott og slegið af kornungu, hálfsprottnu grasi, þá gætum við sparað okkur þó nokkuð af klíðkaupum, sem við nú einmitt kaupum til að setja saman við fóðurbætinn, og kaupum það ekki í öðru skyni, því að það er of dýrt til að blanda því í fóðurbætinn, nema þegar við þurfum að fá í hann sérstaklega mikið af bætiefnum, og þá kaupum við líka einstaka sinnum „alfa-alfa"-heymjöl, sem lítið er flutt inn af, en svolítið samt, einmitt þegar svoleiðis stendur á, og til að blanda í hænsnafóður.

Þess vegna er málið náttúrlega allrar athugunar vert. En ég hygg, að ef till. væri samþykkt, sem ég hef ekki neitt á móti, þá sé það eðlilegi gangurinn að fela það þessum mönnum, sem byrjaðir eru á þessari rannsókn, sem búnir eru að láta mann fara út til að skoða þessar verksmiðjur, sem þar eru, og athuga, hvað þar er gott, að hún sé látin halda áfram sínu verki. Það eru víst 100 þús. kr. tvisvar sinnum, sem búið er að veita í fjárlögum í þessu skyni og nefndin hefur haft til að vinna með, held ég sé. Ekki er ég nú viss um þá tölu, en ég held það séu 100 þús. kr. tvisvar sinnum. Þá er bara að auka við hana starfsfé og í staðinn fyrir að láta mann fara snöggvast út til að skoða verksmiðjurnar, þá á að láta hann vera lengur og athuga það, og þá þarf náttúrlega að ákveða margt fleira, hvaða verksmiðjutegund og hvaða aðferð á að nota til að þurrka heyið eða hvað hentar okkur bezt o. s. frv. En ég vildi benda á þetta — og sérstaklega þetta: Það eru hér til í landinu áætlanir, — ég skal ekki segja, hvar þær eru núna, þær voru fyrir nokkrum árum í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, lánaðar þangað frá ekkjunni þá, — hvar þær eru núna, veit ég ekki, en það er til sem sagt töluvert mikil athugun á þessu, gerð að tilhlutun Eggerts Jónssonar, bæði af íslenzkum og erlendum mönnum.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var nú gott að heyra það, að hv. 1. þm. N-M., hv. fyrrv. búnaðarmálastjóri, var ekki á móti því, að þessi till. væri samþykkt, — till., sem gengur aðeins í þá átt að rannsaka, hvort ekki sé unnt að gera það, sem fram á er farið, að byggja heymjölsverksmiðju til hagsbóta fyrir landbúnaðinn og fyrir alþjóð, — jafnvel

þótt till. sé svona, má það heita þakklætisvert, að þessi hv. þm. taldi sig ekki vera á móti því, að hún væri samþykkt.

Tilraunir Eggerts heitins Jónssonar náðu skammt, vegna þess að hann vantaði fé. Hann hafði mikinn áhuga fyrir þessu máli og hafði gert sér grein fyrir því, að það gat verið framfara- og hagsmunamál fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina, en hann hafði ekki fé. Þess vegna hygg ég, að það mál hafi strandað, en ekki af því, að hann hafi misst trúna á því, að þarna væri verkefni að vinna. En við skulum sleppa því. Það kemur lítið þessu máli við, vegna þess að hér er farið fram á rannsókn.

Till. fer ekki fram á annað en það, að það verði kveðinn upp dómur í því, sem ýmsir halda fram að sé rétt og sjálfsagt, þ. e. að koma svona verksmiðju eða verksmiðjum upp.

Um þá erfiðleika, sem hv. 1. þm. N-M. var að tala um, grasið og það að hafa starfstímann langan, til þess að verksmiðjan gæti borið sig, — þá skal ég ekki gera lítið úr því. En það er augljóst, að verksmiðjuna verður að byggja þar, sem grasrækt er auðveld, og þar, sem hægt er að hafa ráð á miklu grasi á tiltölulega stuttum tíma.

Engum hefur dottið í hug, að það væri ekki fært að reka eða byggja síldarverksmiðjur, af því að starfstími þeirra væri stuttur. Síldarverksmiðjur geta borið sig, jafnvel þótt þær starfi ekki nema einn mánuð á sumrinu eða styttri tíma, ef nóg berst að. Ég hygg, að einnig gæti orðið með heymjölsverksmiðjuna eitthvað svipað, að ef nóg gras væri fyrir hendi og afköst hennar mikil, gæti hún borið sig, þótt starfstíminn væri tiltölulega stuttur. En vegna þess að stofnkostnaðurinn verður allmikill á þessu og rekstrarkostnaður allur, þá var ekki við því að búast, að einn maður, sem hafði takmörkuð fjárráð, treysti sér til þess að ráðast í það, og enginn maður getur, eins og nú standa sakir, ráðizt í það að byggja síldarverksmiðju, jafnvel þótt hann ætti víst, að síldin kæmi. Þannig er það í okkar landi. Það, sem er kostnaðarsamt og dýrt, er ofviða einstaklingunum, og ég hef gert mér grein fyrir því, að ef ráðizt verður í slíka verksmiðju eins og hér er um að ræða, verði ríkið að hafa framkvæmdina.

Ég hef bent á, að á Rangársöndum, á því landi, sem sandgræðslan á og hefur yfir að ráða, eru sérstök skilyrði, ekki aðeins með grasræktina, heldur einnig til þess að hafa ódýran og hentugan vinnukraft, kannske 40 karlmenn á bezta aldri, sem hægt væri að grípa til, en ekki hafa að öðrum kosti verkefni eða a. m. k. mjög erfitt að útvega verkefni.

Um það, að samþykkt hafi verið hér till. fyrir tveimur árum um athuganir á heyverkunaraðferðum, er ekki nema gott að segja; og hafi sú nefnd, sem starfar að slíkum rannsóknum, gert skýrslur og safnað að sér athugunum, sem varða þetta, þá er ekki nema sjálfsagt að notfæra sér það. En till., sem samþykkt var hér um árið um heyverkunaraðferðir, fór ekki fram á að athuga möguleika á því að byggja heymjölsverksmiðju. Það vantaði alveg í tillöguna. Og jafnvel þótt við verðum sammála um að notfæra okkur þær upplýsingar, sem áðurnefnd nefnd hefur í fórum sínum, þá vantar heimild frá Alþingi til þess að gera rannsókn á því, sem till. hér á þskj. 104 fer fram á, þ. e. að athuga, hvort æskilegt er að byggja og reka heymjölsverksmiðju.

Ég hygg, að það sé ekki, eins og sakir standa, þörf á út af fyrir sig að ræða meira um þetta, því að eins og ég áðan vék að, sagði hv. 1. þm. N-M., að hann hefði ekki á móti því, að till. væri samþykkt, enda þótt hann væri í vafa um gagnsemi hennar. Skal ég sætta mig við það, að dómur verði felldur í þessu, sem ekki aðeins ég, heldur og ýmsir sérfróðir menn telja að geti verið stórt og mikið hagsmunamál fyrir þjóðarheildina.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. og 42. fundi í Sþ., 23. og 30. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 7. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 104, n. 425).

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í fjarveru framsögumanns get ég gert þá grein fyrir þessu máli, að allshn. hefur tekið það til athugunar á nokkrum fundum, leitað umsagnar hjá Búnaðarfélagi Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands. Báðir þessir aðilar eru samþykkir því, að till. nái fram að ganga, og mæla með því. Allshn. leggur til, að till. verði samþykkt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. allshn. fyrir afgreiðsluna á þessari till., og ég geri mér vonir um, eins og fleiri, að samþykkt hennar megi verða heilladrjúgt spor í þá átt, að komið verði hér upp heymjölsverksmiðju, eftir að fullnaðarrannsókn hefur farið fram á því máli. — Ég þarf svo ekki að segja meira um þetta að þessu sinni, en vil aðeins þakka allshn. fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 478).

17. Glímukennsla í skólum.

Á 19. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt:

Till. til þál. um glímukennslu í skólum [89. mál] (A. 155).

Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 19. og 21. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. til laga um að skylda unglinga á vissu aldursskeiði til að gangast undir glímukennslu í skólum. Þetta frv. fékk að vissu leyti góðar undirtektir, þ. e. a. s. hugmyndin um að reyna að efla veg glímunnar með aukinni glímukennslu í skólum, en þó létu margir í ljós þá skoðun, að það mundi of langt gengið að gera glímuna að skyldunámsgrein, hliðstætt því, sem sundið er.

Ég hef nú á þessu þingi í samráði við marga kunnuga og góða menn, ekki síst hv. 2. flm., fallizt á að breyta þessu máli og leggja ekki höfuðáherzlu á, að þetta verði gert að skyldu, en reyna heldur með þáltill. að fá því framgengt, að ýmiss konar ákvæði, sem þegar eru fyrir í lögum og reglugerðum, verði framkvæmd, en ekki látin liggja sem dauður bókstafur, en árangurinn verði væntanlega svipaður því, sem ég hafði hugsað mér í upphafi.

Þess vegna kemur málið nú fram, flutt af fjórum hv. þm., í þessari breyttu mynd. Og þar sem höfuðtilgangur minn með því að hreyfa þessu í upphafi var sá að reyna að kynna fleiri ungum mönnum glímuna og stuðla að því að halda henni við með því að sýna henni meiri áhuga í skólunum og enn fremur að ég vænti þess, að þessi till. geti stuðlað verulega að þeim tilgangi, þá vil ég vona, að hún nái fram að ganga.

Ég vil svo án frekari ræðu vísa til grg. og annarra augljósra staðreynda varðandi þetta mál, en leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Gunnlaugur Þórðarson: Herra forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að þessari till., en geta þess jafnframt, að í ræðu minni mun ég að nokkru leyti styðjast við grein, sem birtist í tímariti Rauða krossins, Heilbrigðu lífi, fyrir nokkru. Þar segir svo um glímuna:

„Glíman er síður en svo barnaíþrótt. Til þess að iðka hana þarf stælta vöðva og mikinn líkamsþrótt, þar sem tveir einstaklingar keppast við að beita hver annan brögðum og fella andstæðinginn að velli. Hún er fyrst og fremst keppnisíþrótt, sem krefst bæði fimi, afls, lagni og karlmennsku. Allir þessir eiginleikar eru lítt eða ekki farnir að þroskast á bernsku- og gelgjuskeiðinu. Þeir gera venjulega fyrst vart við sig á unglingsárum, en þroskast síðan smám saman á síðara vaxtarskeiði og ná fullum þroska um 25 ára aldur. Það er því út í hött að ætla óþroskuðum börnum að æfa og iðka þessa íþrótt að staðaldri. Að vísu er glíman að sumu leyti fimleikar, þótt hún sé kannske fyrst og fremst fallin til sýninga áhorfendum og til ánægju.“

Það er rétt, að glíman er göfug íþrótt og gömul þjóðaríþrótt og full ástæða til þess, að hún falli ekki alveg í gleymsku. En það væri nær að láta íþróttafélög um það að halda henni við og efla þau til þess, en ekki leggja þær skyldur á herðar börnum, og því er ég andvígur þessari till. og er því ekki meðmæltur, að glíma sé iðkuð í skólum.

Ég vil víkja hér enn að þessari sömu grein í Heilbrigðu lífi, en þar segir:

„Sýnu alvarlegri mundu þó þau andlegu áhrif, sem þessi lögboðna drengjaglíma mundi hafa, einkum á líkamlega seinþroska og pasturslitla drengi, sem ætíð hlytu að verða undir í viðureign við stæltari félaga og yrðu síðan að þola spott og spé. Börn eru sérstaklega viðkvæm og næm fyrir þessu, og mundi það skapa hjá þeim minnimáttarkennd, sem síðar væri erfitt eða ómögulegt að ráða bót á, og yrði þannig til óbætanlegs tjóns. Óeðlilega mikil virðing skapaðist fyrir hnefaréttinum, og minnimáttarkenndin mundi vaxa við endurtekna ósigra. Allt þetta kann að valda taugaveiklun, sem er orðið eitt erfiðasta vanheilsuvandamál í nútíma þjóðfélagi. Hin réttu, sígildu glímubrögð eru fögur og fimleg, sé reglum fylgt af drengskap, en þau geta einnig orðið fantaleg, sé þeim beitt af ráðnum hug í illu, og þá getur kárnað gamanið. Óþokkar, ófyrirleitnir strákar hikuðu ekki við að nota glímukunnáttu sína til að lumbra á minni máttar skólabræðrum og meðborgurum sínum síðar, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.“

Samkvæmt framansögðu virðist auðséð, að það er síður en svo ástæða til þess að stuðla að því á einn eða annan hátt með lagaboði eða flutningi till. sem þessarar, að glíman verði iðkuð að staðaldri í skólum.

Ég vil ekki tefja þingið með langri ræðu um þetta mál, en vil samt benda á það, að til þess að hægt væri að kenna glímu í skólum, þyrfti sennilega að byrja á því að kenna kennurum glímuna, því að vafalaust höfum við ekki völ á kunnáttumönnum í þessu efni, svo fágæt er glíman nú orðin.

Við getum að sjálfsögðu verið jafngóðir Íslendingar, þó að við kunnum ekki glímu, og ég tel, að það sé ekki hlutverk Alþ. að stuðla að því, að slíkar skyldur séu lagðar á skólabörn landsins, og legg því til, að till. verði felld, en ekki vísað til nefndar.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þau sjónarmið, sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni, eru engan veginn ný, og þau hafa heyrzt um alllangt skeið og hafa jafnvel komið fram í virðulegum tímaritum, eins og því, sem hann las upp úr tímariti Rauða krossins.

Ég vil benda á, að grein sú, sem hann las upp, byggðist á því, að talað er um að kenna „óþroskuðum börnum“ glímu. Kann vel að vera, að allar þessar geysilegu hættur, sem stafi af glímunni, geti verið fyrir hendi, ef um

væri að ræða kornung og óþroskuð börn. Hins vegar er nú í þessu máli látið ósagt og látið á vald skólayfirvalda, hversu þroskuð þau börn skuli vera, sem njóta þessarar kennslu, og getur þá alveg eins farið svo, að það verði unglingar eins og óþroskuð börn. Gæti það breytt verulega viðhorfi.

Þá var talað um, að til væru seinþroska börn, sem gætu orðið undir í glímunni og yrðu að þola fyrir það háð og spott, sem mundi skapa hjá þeim minnimáttarkennd og ævilanga taugaveiklun. Það getur vel verið, en ég er hræddur um, að þetta sama megi segja um flestar aðrar íþróttir, sem iðkaðar eru í skólum og utan þeirra, og þessi rök mætti mjög vel nota til þess t. d. að krefjast þess, að afnumin verði öll próf í skólum, vegna þess að til eru seinþroska börn, sem geta orðið undir í prófunum, fengið lágar einkunnir og þolað fyrir það háð og spott og orðið taugaveik, það sem eftir er ævinnar. Ég held, að þessa röksemd megi leiða nokkuð langt, ef hún er viðurkennd. En við verðum í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum að treysta á þroska okkar kennarastéttar, að hún fari vel með þessa hluti og framkvæmi sín störf þannig, hvort sem eru próf í andlegum fræðum eða líkamlegar æfingar, jafnvel glíma, að engin börn bíði af því tjón eins og það, sem hér er um að ræða.

Það var á það bent, að glíman gæti verið fantaleg og vondir strákar gætu misnotað þetta til að klekkja á þeim, sem minni eru. Ég er hræddur um, að vondir strákar muni gera það, hvort sem þeir læra glímu eða ekki. En hins vegar mætti benda á, að ef þeir, sem ekki eru alveg eins sterkir eða alveg eins miklir fantar, fengju að læra nokkur varnarbrögð í skólunum, þá gæti vel verið, að þeir stæðu miklu betur að vígi við að verja hendur sínar gegn þeim vondu.

Það má ræða þessa hluti fram og aftur. En ég held, að það muni ekki verða til þess að efla líkamlegan þroska þjóðarinnar, drengskap og annað, sem mjög gætir í glímunni, ef við tækjum þá stefnu að þurrka út úr þjóðfélagi okkar fyrirbrigði eins og þessa gömlu þjóðaríþrótt.

Ég vil benda á það að lokum, að tveir af flutningsmönnum þessarar till. eru læknar, sem ég vænti að séu vel um það dómbærir, hvort þessi leikur er eins hættulegur og einstaka menn vilja vera láta.

Ég vænti því, að till. verði hleypt áfram og hún endanlega samþykkt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég er ekki hræddur við það, sem hér hefur komið fram, að það hefði nein sérstaklega skaðleg áhrif, þó að unglingar, já, jafnvel á barnaskólaaldri, lærðu glímu. A. m. k. varð ég ekki var við það í mínu ungdæmi, að það hefði nein skaðleg áhrif á mig eða aðra unglinga, þó að þeir glímdu, en þá var það algengt, að drengir glímdu, þegar þeir hittust. Það hittust varla tveir strákar svo, að þeir færu ekki í glímu. Ég segi fyrir mig, ég hef aldrei glímumaður verið og stóð mig ekkert sérstaklega vel í glímu á minum yngri árum, en ég varð ekki var við það, að það skapaði hjá mér neina minnimáttarkennd. Og ef glíman yrði viðhöfð á sama hátt eins og gert var í gamla daga, þá held ég, að það hefði engin skaðleg áhrif, því að það voru einmitt þeir mennirnir og þeir drengirnir, sem beittu fantabrögðum og níddust á þeim, sem minni máttar voru, sem urðu fyrir skömminni í gamla daga, en ekki þeir, sem fóru halloka.

En það er annað atriði í þessu máli, sem hv. þm., sá sem hér hreyfði andmælum, vék aðeins að, hv. 7. landsk. þm., og hann komst þannig að orði, að það mundi ekki veita af að kenna kennurunum fyrst að glíma, áður en lögleidd væri glíma í skólum. Það er orðið svo með glímuna eins og fjöldamargt annað, að það eru bara einstakir menn nú, sem glíma. Þetta er orðið sérgrein að glíma. Eins var í gamla daga t. d. með sönginn. Í kirkjunum söng hver maður, og á samkomum víða var það svo, að þegar farið var að syngja á annað borð, þá sungu allir, en nú taka menn varla undir, heldur eru það sérstakir kórar, sem syngja. Eins eru það nú orðnir sérstakir menn, sem æfa glímur, sýna þær stundum, keppa stundum, en almenningur er hættur að glíma og hættur að kunna það. Og ég er alveg viss um það og hef nokkra þekkingu á því, að það eru til heilir skólar með mörgum kennurum, þar sem enginn einasti kennarinn kann að glíma og hefur aldrei glímt á ævinni. Ég er því ákaflega hræddur um, að þessi till. verði óframkvæmanleg, nema því aðeins að gerðar séu alveg sérstakar ráðstafanir til þess, og gæti hún þá ekki komið til framkvæmda fyrr en eftir æði mörg ár, þó að ákveðið væri t. d. að taka upp glímukennslu í kennaraskólanum.

Sums staðar er það, þar sem einn er kennari við smærri skóla, t. d. í sveit, að þar eru nú kvenmenn kennarar, og ég er hræddur um, að það gengi eitthvað illa, að þær kenndu glímu. Þó hef ég þekkt það, að einstaka kvenmaður hefur kunnað að glíma í gamla daga. Þess hef ég vitað dæmi.

Ég vil vitanlega styðja að því, að þessi till. verði athuguð, en ég vil, að þetta atriði einmitt verði tekið til athugunar af þeim, sem eru því meðmæltir, að glímukennsla verði almenn í skólum, hvernig á að verða mögulegt að framkvæma slíkt, eins og nú er komið.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27:1 atkv. og umr. frestað.

Á 40. og 42. fundi í Sþ., 23. og 30. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 7. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 155, n. 423).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þessa till. til þál. um

glímukennslu í skólum. Efni till. er, eins og þingmenn vafalaust muna, að álykta að beina þeirri áskorun til ríkisstj., að hún geri ráðstafanir til þess, að fullnægt verði á raunhæfan hátt ákvæðum gildandi laga og reglugerða um, að í öllum skólum landsins sé piltum gefinn kostur á tilsögn í íslenzkri glímu. Tilgangurinn með þessari till., sem flutt er af þingmönnum úr öllum flokkum, er sá að reyna að vekja áhuga á aukinni glímukennslu í skólum landsins.

Í fyrra var þetta flutt í því formi að gera glímuna að skyldunámsgrein. Það mætti ýmiss konar andúð, og hefur á þessu þingi verið horfið frá því, en valið það form, sem hér er, enda eru ákvæði til í lögum og reglugerðum um það, að kostur skuli gefinn á þessari glímukennslu.

Ég vil taka það fram, að það er ekki hugmyndin að bæta við íþróttakennslu eða gera auknar kröfur til afnota af íþróttahúsnæði, heldur er hugmynd flm., að reynt verði að fella þetta inn í leikfimiskennsluna, þannig að þetta ætti ekki að krefjast aukins húsrýmis eða aukinna kennslukrafta af skólum landsins. Einnig verður það að fara eftir aðstæðum, hve íþróttakennarar eru undir það búnir að veita þessa kennslu, og þar sem ekki er hægt að veita hana á annan hátt, er hugsanlegt að grípa til námskeiða eða umferðarkennslu, og mun framkvæmdin á því ekki reynast erfið.

Allshn. hefur, eins og ég áður sagði, fjallað um þessa till., leitað umsagnar nokkurra aðila, sem allir taka vel í málið, og mælir n. með því, að till. verði samþykkt.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir minni afstöðu til till., sem ég er meðflm. að.

Í 14. gr. íþróttalaga frá 1940 segir svo:

„Enn fremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu. Skal sú kennsla fara fram samkvæmt glímureglum Í. S. Í. á hverjum tíma."

Till., sem fyrir liggur á þskj. 155, fer ekki fram á annað og meira en að þessu ákvæði gildandi laga sé framfylgt. Virðist ekki til mikils mælzt, að stjórnarvöldin fari að framkvæma lög, sem eru orðin 18 ára gömul. En hér vantar mikið á, ef marka má orð íþróttafulltrúa ríkisins. Hann segir, að 60% skólanna hafi ekki aðstöðu til glímukennslu, að til séu skólar í Reykjavík, þar sem engir möguleikar séu til leikfimiiðkana, og meira að segja, að engir barnaskólar í Reykjavík geti veitt nemendum sínum aðstöðu til fimleika í samræmi við reglugerðarákvæði.

Þetta er aum saga, og ekki var mér það ljóst, að ástandið væri svona slæmt. Má gera ráð fyrir, að enn líði langur tími, þar til unnt verður að fullnægja ákvæðum laga í þessu efni og það jafnvel þótt stjórnarvöldin bregði skjótt við, en það ber þeim auðvitað að gera. Bygging nauðsynlegra fimleikahúsa kostar áreiðanlega milljónir króna. 60 þús. kr. fjárveiting til umferðarkennara í glímu er hreinir smámunir hjá því. Samt sem áður ber að mínum dómi að samþykkja þáltill. um glímukennslu í skólum, fyrst og fremst vegna þess, að hún er ekki annað en krafa um, að lögum sé fylgt.

Í íþróttalögunum stendur, að piltar í skólum skuli eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu. Hér er ekki um skyldu að ræða, sem betur fer, heldur frjálst val. En hverjar skyldu nú óskir piltanna vera í þessu efni? Um þær veit víst enginn, þótt allt standi og falli með þeim. Mér þætti vel til fallið, að hæstv. ríkisstj. að till. samþykktri hæfi aðgerðir sínar á því að kanna hug skólaæskunnar til málsins. Mætti sem bezt gera skoðanakönnun meðal pilta í skólum og fá þannig vitneskju um, hve mikill hluti þeirra óskar að læra glímu. Yrðu þeir margir, sem þess óskuðu, væri sjálfsagt að vinna að því á næstu árum, að ákvæðinu um glímukennslu yrði fullnægt. Ef í ljós kæmi hins vegar mjög lítill áhugi á glímunámi, þá er spurning, hvort ekki væri rétt að nema hreinlega úr gildi ákvæðið um glímukennslu í skólum. En till., sem fyrir liggur, á sem sagt fullan rétt á sér að mínum dómi þrátt fyrir þessar aths.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, PP, SÓÓ, SE, AG, ÁÞ, ÁB, BG, BÓ, EggÞ, FÞ, GíslG, GJóh, HÁ, ÁS, JK, KJJ, PÞ, EmJ.

nei: BjörnJ.

SkG, SvbH, BSt, BBen, EystJ, IngJ, KGuðj, MJ, ÓB, PZ greiddu ekki atkv.

22 þm. (RH, SÁ, SB, StgrSt, ÁkJ, BjörgJ, EOl, EirÞ, FRV, FS, GÍG, GTh, GÞG, HS, HV, HermJ, JJós, JPálm, JS, KK, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Mér finnst fremur þýðingarlítið að samþykkja þessa till. Bæði er ákvæði um þetta í lögum, og ég held, að það breyti litlu, þó að till. verði samþykkt, og þó einkum, eins og ég hef áður bent á í fyrri umr. um þetta mál, að ég sé ekki, hverjir eiga að kenna glímuna víða hvar. Ég greiði því ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GíslG, HÁ, ÁS, JK, KJJ, PÞ, PO, PP, SÓÓ, SE, AG, ÁÞ, ÁB, BG, BÓ, EggÞ, EmJ.

EystJ, IngJ, KGuðj, MJ, ÓB, PZ, SkG, SvbH, BSt, BBen greiddu ekki atkv.

24 þm. (FRV, FS, GÍG, GJóh, GTh, GÞG, HS, HV, HermJ, JJós, JPálm, JS, KK, LJós, ÓTh, RH, SÁ, SB, StgrSt, ÁkJ, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 479).

18. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á 105. fundi í Ed., 23. maí, var útbýtt:
Till. til þál. um tekjustofna sveitarfélaga [191. mál] (A. 551).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 107. fundi í Ed., 27. maí, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 109. fundi í Ed., 28. maí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þessu þingi var flutt frv. til l. um hluta sveitarfélaga af söluskatti. Er það 87. mál á þskj. 146. Efni þess máls er það, að meðan innheimtur er söluskattur til ríkissjóðs, skuli fjórðungur skattsins renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skiptast þaðan jafnt milli bæjar- og hreppssjóða eftir þeim reglum, sem í lögum þessum segir.

Þessu frv. var vísað til fjhn. þessarar d. Þegar fjhn. tók málið fyrir, þótti rétt að fresta afgreiðslu þess, þangað til till. ríkisstj. í efnahagsmálum lægju fyrir. Eftir að þær höfðu verið fram bornar í hv. Nd., tók fjhn. Ed. þetta frv. að nýju til meðferðar. Meiri hl. n. taldi ekki fært að mæla með frv. á þessu þingi, en minni hl., þ. e. hv. þm. N-Ísf. (SB) og ég, vildi mæla með samþykkt frv.

Þegar það lá fyrir, að ekki fékkst meiri hl. í fjhn. fyrir frv., varð samkomulag allra nm. um það að flytja þáltill. þá, sem hér liggur fyrir á þskj. 551. Efni hennar er það, að efri deild Alþingis skori á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Um þetta mál þarf ekki mörgum orðum að fara. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárhagur ýmissa, — ég vil segja flestra sveitarfélaga hefur verið mjög örðugur að undanförnu, og kemur þar hvort tveggja til, að tekjustofnar sveitarfélaga hafa brugðizt, tekjustofn þeirra er aðallega einn, útsvörin, en enn fremur hefur með nýjum lögum ár eftir ár verið hlaðið útgjöldum á sveitarsjóðina og bæjarsjóðina án þess að afla þeim nýrra tekjustofna eða tekna til að standa þar undir.

Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa tekið þessi mál til meðferðar að undanförnu og gert ítrekaðar áskoranir til Alþingis og ríkisstj. um að ráða hér bót á. Fyrir nokkrum árum var samþ. ályktun í Sþ. um undirbúning nýrrar löggjafar um skattamál og útsvarsmál og þar m. a. tekið fram, að hlutverk þeirrar n., sem fjallaði um þann undirbúning, ætti að vera að gera till. um verkaskiptingu ríkis og bæjar- og sveitarfélaga og þá tekjustofna, sem undir þeim verkefnum og útgjöldum ættu að standa.

Því miður hefur ekkert borizt frá þeirri n. til Alþingis um sveitarfélögin, en hins vegar einhverjar till. á sínum tíma varðandi tekjuskattslögin.

Fjhn. Ed. telur nauðsynlegt að hreyfa þessu máli enn, því að hér er um mikilsvert mál að ræða. Bæjar- og sveitarfélögin á Íslandi gegna þýðingarmiklu hlutverki frá öndverðu. Þau hafa, frá því er Alþingi var stofnað og lýðveldi stofnsett hér á Íslandi, haft mikilsverðu hlutverki að gegna um framfærslumál, tryggingarmál og fjölmargt fleira.

Ég ætla, að það sé samróma álit flestra manna, bæði hér á landi og erlendis, að sveitarfélögin eigi að njóta sjálfstjórnar og sjálfsforræðis og að einmitt það atriði sé einn af hyrningarsteinum lýðræðisins. En til þess að sveitarfélögin geti notið sjálfsstjórnar og sjálfsforræðis, er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að þau hafi þá tekjustofna, sem til þess eru nauðsynlegir að standa undir útgjöldum og verkefnum og hlutverkum sveitarfélagsins.

Það liggja fyrir Alþingi áskoranir frá bæjarstjórnum og sveitarfélögum um þetta efni, og skal ég ekki rekja það hér, en aðeins ljúka máli mínu með því að vænta þess eða láta í ljós þá ósk, að d. fallist á þá einróma till. fjhn. um að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til l. um nýja tekjustofna sveitarfélaganna.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 576).

---

19. Félagslegt öryggi.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis [173. mál] (A. 395).

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í þáltill. þeirri, er hér liggur fyrir, er lagt til, að fullgilt verði alþjóðasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis.

Samþykkt þessi var gerð á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 28. júní 1952 og hefur að geyma ákvæði um, hverjar skuli vera lágmarksbætur í tilgreindum níu bótaflokkum. Til þess að ríki geti gerzt aðili að samþykktinni, þarf það að fullnægja lágmarksákvæðum a. m. k. þriggja þeirra bótaflokka, sem hér er um að ræða.

Athugað hefur verið, að hve miklu leyti tryggingalöggjöf okkar fullnægi þeim lágmarksákvæðum, sem tekin eru upp í alþjóðasamþykktina, og hefur komið í ljós, að lágmarksskilyrðinu er fullnægt, þannig að formlega er hægt að staðfesta samþykktina. Koma strax til framkvæmda ákvæði, sem taka til þriggja bótaflokka, en síðar geta hinir flokkarnir einnig komið til framkvæmda án sérstakra samþykkta.

Allmargar þjóðir eru þegar búnar að staðfesta þessa samþykkt, og lögð er áherzla á, að sem flest ríki gerist aðilar að henni.

Tryggingastofnunin hefur haft samþykktina til athugunar og er því meðmælt, að hún verði staðfest.

Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr., og vænti ég, að þar verði hægt að hraða því, þannig að það fáist afgr. á þessu þingi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 395, n. 528).

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í fjarveru frsm. allshn. vil ég gera grein fyrir þessu nál. í örstuttu máli.

Hér er um að ræða fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis. Allshn. hefur athugað þetta mál og aflað sér upplýsinga um það hjá viðkomandi opinberum stofnunum. En það er helzt, sem við viljum benda á í sambandi við þessa alþjóðasamþykkt, að þegar núverandi tryggingalöggjöf var undirbúin, var þessi samþykkt athuguð með tilliti til hinnar nýju löggjafar, og nefndin, sem undirbjó þá löggjöf, var ekki aðeins þeirrar skoðunar, að Ísland gæti og ætti að fullgilda þessa alþjóðasamþykkt, heldur er beinlínis gert ráð fyrir því í tryggingalöggjöfinni.

Fullgilding á þessari alþjóðasamþykkt hefur þýðingu, töluvert alvarlega þýðingu bæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins og erlenda ríkisborgara, sem nú eru búsettir hér á landi. Skv. þeim upplýsingum, sem Tryggingastofnunin gaf allshn., er nú svo háttað með útlendinga, sem dveljast hér á landi og hafa hér fastar tekjur, að Tryggingastofnunin verður skv. lögum að taka af þeim tryggingagjöld, en hún má hins vegar ekki greiða þeim bætur nema mönnum frá þeim þjóðum, sem við höfum gert við sérstaka gagnkvæma samninga viðkomandi tryggingarmálum. Hér eru því staddir í landinu, að því er Tryggingastofnunin hefur tjáð nefndinni, nokkur hundruð útlendingar, sem eru krafðir um tryggingagjöld, en ekki geta fengið neinar af þeim bótum, sem tryggingalöggjöfin gerir ráð fyrir, fyrr en fastir alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir um það. En fullgilding á þessari alþjóðasamþykkt mundi nægja til þess, að Tryggingastofnunin gæti látið þetta fólk njóta fullkomins og sjálfsagðs réttlætis. Það er fyrst og fremst með tilliti til þessarar raunhæfu þýðingar, sem allshn. mælir með því, að hæstv. Alþ. samþykki fullgildingu á þessari alþjóðasamþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 593).

---

20. Myndastytta af Ingólfi Arnarsyni.

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um, að myndastytta af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal í Noregi [42. mál] (A. 63).

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Óþarft er að rekja eða gera grein fyrir í löngu máli þeim nánu böndum vináttu og frændsemi, sem tengja okkur Íslendinga við norsku þjóðina. Hvergi verða menn þessa þó eins varir og í vestanverðum Noregi, einmitt á þeim slóðum, þaðan sem flestir landnámsmenn íslenzkir, er um er getið í fornum heimildum, á sínum tíma fóru.

Við flm. þessarar till. vorum í hópi nokkurra annarra Íslendinga, sem ferðuðumst um þessar byggðir á s. l. sumri í boði norskra aðila, og við urðum allir sammála um, að vinarhugur Norðmanna í garð Íslendinga er meiri og innilegri en við áður höfðum gert okkur fulla grein fyrir og þekking fjölmargra þeirra, bæði ungra og gamalla, á íslenzkum sögum, ekki sízt fornsögunum, landnámsmönnunum, sem fóru frá Noregi til Íslands, er undursamlega mikil. Sjálfir fundum við meira en nokkru sinni áður til frændsemi og vináttu við norsku þjóðina á þessu ferðalagi, en þó aldrei meir en þegar við vorum staddir á ættstöðvum og í heimahögum Ingólfs Arnarsonar, einmitt 17. júní, á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Þar sameinuðust allir íbúar um að gera komu okkar á þann stað ógleymanlega, og við fundum, að þessar tvær þjóðir tengja bönd, sem aldrei mega slitna.

Við erum sammála um það, flm. tillögunnar, að það mundi verða til góðs í þessum efnum og sýna lítillega hug okkar Íslendinga til Norðmanna, ef við létum taka afsteypu af myndastyttu Ingólfs Arnarsonar hér í bænum og létum síðan reisa hana í Rivedal í Dalsfirði í

Noregi, þar sem talið er að Ingólfur Arnarson hafi átt heima. Bæði mundi þetta rifja upp fornar minningar og nútíma skyldleika hjá Norðmönnum, er á þennan stað kæmu. En hingað til má að vísu telja, að hann sé nokkuð afskekktur í Noregi. Þangað er ekki gott vegasamband og erfitt því að komast þangað. Horfur eru á, að þetta breytist bráðlega, að staðurinn komist í þjóðbraut, og er þá líklegt, að bæði komi þangað fleiri Norðmenn en áður, en ekki sízt teljum við líklegt og beint æskilegt og að því beri að stefna, að sem flestir Íslendingar komi á þennan stað, ekki aðeins til þess að sýna fornum minningum virðingu sína og lotningu, heldur einnig teljum við, að með því öðlumst við mun betri skilning á okkar þjóðarsögu og ástæðunum til þess, að Ísland á sínum tíma var numið frá Noregi, heldur en við enn höfum. Í okkar hópi kom því upp þessi hugmynd, að við, sem sitjum á Alþingi úr þessum ferðamannahóp, flyttum till. þess efnis, sem hér er nú fram borin. Og að athuguðu máli vorum við flm. sammála um, að þetta væri okkur ljúft verk að gera og yrði til mikils góðs, ef hugmyndin kæmist í framkvæmd.

Ég vonast til þess, að um þetta mál verði ekki ágreiningur hér á Alþ., heldur verði till. samþykkt í einu hljóði, og síðan fari, þegar þar að kemur, réttir fulltrúar af Íslands hálfu á veglegan hátt til Noregs og afhendi þessa gjöf þar með hátíðlegum hætti, er verðuga athygli veki í báðum þjóðlöndunum.

Þó að ég voni, að ekki verði ágreiningur um málið, tel ég rétt, að því sé vísað til n. Það hefur m. a. rifjazt upp fyrir mér, að e. t. v. kunna að vera nokkrir örðugleikar á heimild til að fá að gera afsteypu af myndastyttunni. Ég vonast til þess, að þeir örðugleikar þurfi ekki að verða þessari hugmynd að farartálma, og skal ekki frekar um það ræða hér. En það er atriði, sem þarf að íhuga í nefnd, og legg ég því til, að um leið og málinu sé vísað til síðari umr., sé því vísað til nefndar, og þar sem hér er um millirikjaskipti að ræða og verknað, sem á að tengja okkur nánar norsku þjóðinni en áður, þá skilst mér eðlilegast, að málinu sé vísað til utanrmn., og geri það að till. minni.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til utanrmn. með 16:13 atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir það að taka þetta mál á dagskrá. Það hefði verið mjög illa farið, ef það hefði dagað hér uppi fyrir það, að það villtist af réttri leið.

Við, sem erum flm. þessarar till., vildum með henni sýna það, að við kynnum að meta þann vinskap, sem Norðmenn sýndu okkur á s. l. vori og hafa jafnan sýnt okkur, og þá miklu frændsemd. Mér er það sérstök ánægja, ekki sízt þar sem sú ferð, sem efnt var til á s. l. vori, var kennd við þann mann, sem frægur er í því héraði, sem ég er fulltrúi fyrir. Ég vænti þess, að hæstv. alþm. fylgi þessu máli fram til sigurs og það megi verða til þess að tryggja betur en enn þá er vinskap milli norsku og íslenzku þjóðarinnar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 594).

---

21. Starfsreglur Norðurlandaráðs.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs [60. mál] (A. 97).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 16. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Haustið 1952 gerðist Ísland aðili að Norðurlandaráði, og voru starfsreglur ráðsins samþykktar af Alþingi með þál. hinn 10. des. 1952. Þremur árum seinna gerðust Finnar aðilar að ráðinu. Þurfti þá að gera breytingar á einstökum málsgreinum í starfsreglum ráðsins, og voru þær samþykktar með þál. á Alþingi 2. des. 1955. Síðan hafa starfsreglurnar í heild verið endurskoðaðar. Við þá endurskoðun hefur komið í ljós smávægilegt misræmi í orðalagi í textum á Norðurlandamálunum, og hefur þótt rétt að samræma textana betur. Enn fremur hefur þótt ástæða til þess að fenginni reynslu af starfsemi Norðurlandaráðsins undanfarin ár að breyta nokkrum minni háttar formsatriðum í starfsreglunum sjálfum. Helztu breytingarnar, sem nauðsynlegar eru taldar, eru þessar:

Í 2. gr. starfsreglnanna er ákveðið, að Alþingi skuli eiga varafulltrúa í ráðinu. Bein ákvæði um þetta höfðu fallið niður í núgildandi reglum, en varamenn hafa þó verið kjörnir hér, eins og kunnugt er.

Í 3. gr. er skýrt kveðið á um, að fulltrúar ríkisstjórnanna skuli ekki eiga atkv. í ráðinu, en í núgildandi reglum var þetta ákvæði á þá leið, að stjórnarfulltrúar skyldu ekki taka þátt í ályktunum ráðsins.

Í 4. gr. hefur tala þeirra kjörnu fulltrúa, sem krafizt geta aukaþings, verið hækkuð úr 20 í 25. Er þetta gert vegna þess, að með aðild Finnlands að ráðinu fjölgaði fulltrúum þar úr 53 í 69.

Þá er í 5. gr. tekið fram, að forsetar og varaforsetar ráðsins skuli kosnir úr hópi hinna kjörnu fulltrúa. Þessi háttur hefur verið hafður á í framkvæmd, enda þótt ekki væri ákvæði um það í núgildandi reglum.

Loks er í 7. gr. lagt til, að fastanefndir þingsins, sem kosnar skuli aðeins á aðalþingum, geti eftir ákvörðun stjórnarnefndar, þegar sérstaklega stendur á, komið saman á milli þinga. Áður var slíkt samkvæmt orðanna hljóðan háð ákvörðun ráðsins sjálfs. Einnig er skýrt kveðið á um, að ráðið megi kjósa sérstakar milliþinganefndir, eins og þegar hefur tíðkazt. Í laganefndinni var gert ráð fyrir þeirri aðalreglu, að í slíkar nefndir veljist fulltrúar og aðalfulltrúar í ráðinu. Ekki eru þó bein ákvæði um það í greininni, og var í því efni einkum tekið tillit til íslenzkra aðstæðna, því að bent var á það af hálfu íslenzku fulltrúanna, að stundum gæti orðið vandkvæði á því, að ráðsfulltrúar héðan eigi heimangengt til þess að sækja slíka nefndarfundi, enda hefur þegar svo til borið, að setið hafa milliþinganefndarfundi af Íslands hálfu menn, sem ekki hafa átt sæti í ráðinu sjálfu.

Á fimmta þingi ráðsins, sem háð var í Helsingfors í febrúarmánuði þessa árs, lagði stjórnarnefnd ráðsins fram frv. til nýrra starfsreglna, þar sem gerðar hafa verið þær breytingar, sem ég hef nú drepið á. Samþykkti ráðsþingið frv. með litlum breytingum, sem laganefnd þingsins lagði til, og var jafnframt samþykkt ályktun um að mæla með því við ríkisstjórnir Norðurlanda, að þær legðu frv. fyrir löggjafarþing landanna til samþykktar. Þetta frv. er nú því lagt hér fyrir Alþingi, eins og það var að lokum samþykkt í ráðsþinginu, og hefur fyrrverandi ritari Íslandsdeildar Norðurlandaráðsins undirbúið frv. að öllu leyti í hendur ríkisstjórnarinnar.

Ég vil taka það fram, að um þessar mundir er einnig verið að leggja fram frumvarpið fyrir löggjafarþing hinna aðildarríkjanna, og er svo til ætlazt, að hinar nýju starfsreglur geti gengið í gildi 1. jan. 1958.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að umr. um málið verði frestað og frv. verði vísað til athugunar í hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 595).

22. Vegakerfi á Þingvöllum.

Á deildafundum 22. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum [180. mál] (A. 430).

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 430, n. 512).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Því hefur verið hreyft hér á undanförnum þingum, að breyta þyrfti þjóðvegakerfinu á Þingvöllum, þannig að þjóðvegurinn hætti að liggja um Almannagjá, en yrði lagður annars staðar. Rökin fyrir þessu eru fyrst og fremst tvenn: annars vegar það, að sú mikla umferð, sem um þennan veg er að sumarlagi, hefur mjög truflandi áhrif og gerir næðislaust á þessum fornhelga stað, en hin ástæðan er sú, að sem samgönguæð er þetta mjög óheppilegt vegarstæði, og hefur það oftsinnis sýnt sig að vetrinum, að þá er Almannagjá mjög snjóþung, og á öllum Þingvallaveginum milli byggðanna austan fjalls og byggðanna hér við Faxaflóa er Almannagjá stundum eini staðurinn af veginum, sem er ófær bifreiðum.

Þessi till., sem hér er til umr., hefur um skeið verið til athugunar hjá fjvn., og er fjvn. sammála um það, að breyta beri vegakerfinu á þessum slóðum. Í samráði við vegamálastjóra hafa verið gerðir uppdrættir af því, hvernig hinn nýi vegur ætti að liggja, sá sem leysti Almannagjárveginn af hólmi, en það er fyrirhugað, að hann liggi út af þjóðveginum rétt hjá Brúsastöðum, en komi niður á vellina nokkuð innarlega eða nálægt Leirulæk. Það hefur verið lauslega áætlað hjá vegamálaskrifstofunni, að vegagerð þessi mundi kosta um 900 þús. kr., en auk þess þyrfti að brúa Öxará, og mundi sú brú kosta nálægt hálfri milljón króna.

Á yfirstandandi ári er engin sérstök fjárveiting á fjárlögum í þessar framkvæmdir. Hins

vegar lítur fjvn. svo á, að það megi skoða þennan veg að verulegu leyti sem veg milli byggðarlaga, og kæmi þar af leiðandi til mála að veita til hans fé af benzínskatti þeim, sem annars á að renna til millibyggðavega um þessar slóðir. Nú hafa auk þess nýlega verið samþ. lög, sem gera ráð fyrir dálitið auknum benzínskatti til vegagerðar, og væri ekki fráleitt að ætla, að þessi vegur, svo nauðsynleg sem gerð hans virðist vera, gæti notið þar af einhverra fjárveitinga. Fjvn. hefur gert brtt. við þá till., sem fyrir liggur, og liggur sú brtt. fyrir á þskj. 512 og er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hefjast handa — í samráði við vegamálastjóra og Þingvallanefnd — um vegagerð á Þingvöllum, svo fljótt sem auðið er, þannig að unnt verði að hætta allri bílaumferð um Almannagjá."

Þannig orðaða leggur fjvn. til, að Alþ. samþykki tillöguna.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég get búizt við því, að það sé alveg rétt stefna að breyta til um veginn á þennan hátt eða taka hann úr Almannagjá, eins og hv. frsm. tók fram. Ég skal ekkert um það segja, hvort hægt er að taka í þetta fé af þeim sjóðum, sem vegamálaráðuneytið hefur yfir að ráða, svo sem hv. þm. drap á. Ég er ekki nógu kunnugur þeim málum til þess að segja neitt um það, en þó er mér kunnugt um, að þar er fullkomlega setinn bekkurinn og mikill þrýstingur að koma þar inn vegum, t. d. í sambandi við það fé, sem ætlað er til vega á milli héraða.

Ég lít þannig á, að það sé tekin stefna um þetta vegagerðarmál með þessari þáltill. En ég geri ráð fyrir því, að þetta verði þannig, að ef úr framkvæmdum á að verða, svo að nokkuð geti heitið, þá yrði að taka á næstu fjárlög fúlgur í þennan veg og þá sömuleiðis til brúargerðarinnar. Þætti mér ekki ólíklegt, að þessi yrði niðurstaðan. Ég stóð ekki upp til að mæla á móti till., heldur til þess að benda á þetta.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Með því að ég varð ekki var við, að neinn annar kveddi sér hljóðs af þeim, sem standa að flutningi þessarar till., vildi ég, að það heyrðist einhver rödd af þeirra hálfu til að þakka hv. fjvn. fyrir jákvæða afgreiðslu málsins, eins og fyrir liggur.

Í viðbót við þau rök, sem hv. frsm. fjvn. taldi hér, eru það ákaflega rík rök í hugum margra, sem óska eftir, að akstur um Almannagjá leggist niður, og ekki sízt þeirra, sem þeim eru kunnugastir, þeirra, sem annast þennan akstur, að það er talin nokkuð mikil slysahætta af grjóthruni úr berginu við Almannagjá, og sýnir raunar umhverfið, að það hafa hrotið þar björg niður á ýmsum tímum, og hættan á því er ekki minni, heldur meiri, síðan bifreiðar stækkuðu og þungi þessara flutningatækja varð meiri. Ég vildi aðeins benda á þetta, sem ef til vill gæti skoðazt sem ekki veigaminnstu rökin fyrir því, að þörf er á, að þessu máli sé kippt í lag og á þann veg, sem hv. fjvn. hefur lagt það fyrir Alþ. og ég þakka fyrir mitt leyti, og ég ímynda mér, að aðrir hv. flytjendur að þessari þáltill. muni vera þakklátir n. fyrir að hafa lagt lið þessu mikla nauðsynjamáli. Hvað hæstv. fjmrh. áhrærir, þá vildi ég óska þess, að það kæmi til að vega nokkuð lóð í hans huga, þegar hann á að hafa afskipti af þessu máli, fjárhagsleg afskipti, einmitt slysahættan, sem er yfirvofandi á Þingvöllum, ef áfram verður haldið eins og hingað til hefur verið með akstur í gegnum Almannagjá.

Ég ætla að vona það, að hæstv. ráðh. gleymi ekki þeim rökum, sem eru fyrir því, að þessu máli er hreyft, og að ég hygg verður tekið undir það af öllum þingmönnum.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í framhaldi af því, sem ég sagði hér áðan um þetta mál, get ég aðeins tekið það fram, að n. með þessari afstöðu sinni lítur ekki svo á, að till. skuldbindi endilega vegamálastjórnina til þess að ljúka þessari vegagerð á þessu ári. En till. að sjálfsögðu eins og fjvn. skilur við hana og eins og hún er vafalaust meint af flm. upphaflega, miðar að því, að hafizt verði handa hið fyrsta um þessa vegarlagningu, hversu langt sem henni kynni að geta miðað á þessu yfirstandandi ári. Varðandi það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér um fjárveitingar á fjárl. til þessarar vegagerðar, þá get ég getið þess, að í umræður bar í fjvn., þótt ekki komi það beinlínis fram í nál., að a. m. k. að því er varðar brúna á Óxará, sem þessari vegagerð er samfara, þá sé líklegt, að þegar ákvarðað verður á næsta ári um fé til brúa, þá komi þessi fyrirhugaða brú þar til álita. Þetta vildi ég sérstaklega taka fram.

Auk þess má geta hins, að það hefur verið og er árlega nú varið allmiklu fé af benzínskatti til þess að tryggja sem bezt vegasambandið á milli byggðanna á Suðurlandsundirlendinu og aftur hér við Faxaflóa, og n. þykir sem ekki sé frágangssök að hugsa sér það, að því fé, er verja á til vegagerðar á þessum slóðum, verði að einhverju varið einmitt í þennan veg, því að hann hefur sýnt sig í því að vera allmikil samgöngubót að vetrinum, stundum þegar Hellisheiði er teppt, á milli þessara byggða.

ATKVGR.

Brtt. 512 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 596).

23. Aðsetur ríkisstofnana.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna [54. mál] (A. 86).

Á 14., 15., 17. og 25. fundi í Sþ., 20. og 27. nóv., 4. des., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 86 leyft mér að flytja till. til þál., að látin verði fara fram endurskoðun á lagaákvæðum og stjórnarákvörðunum um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna og að lagðar verði fyrir Alþ. till. til breyt., eftir því sem ástæða þykir til, að endurskoðun lokinni.

Lagt er til, að fulltrúum frá fjórðungsþingum Austfirðinga, Norðlendinga og Vestfirðinga verði gefinn kostur á að taka þátt í endurskoðuninni svo og einum fulltrúa frá fjórðungsþingi Sunnlendinga, ef slíkt fjórðungsþing yrði stofnað.

Það er skoðun mín, að hér sé hreyft máli, sem Alþ. eigi að gefa gaum, og ég vona, að hv. þm. komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé og tímabært að láta þá endurskoðun fara fram, sem gert er ráð fyrir í till. Staðsetning embætta og ríkisstofnana skiptir miklu máli. Er þess þá fyrst að geta, að árangur af störfum þeim, sem unnin eru, getur að einhverju leyti farið eftir því, hvernig þær eru í sveit settar. Mörg embætti eða opinber störf eru þess eðlis, að aðsetur þeirra, sem störfin vinna, verður að vera bundið við ákveðið byggðarlag. En innan byggðarlagsins getur verið um fleiri en einn stað að ræða. Þess eru ýmis dæmi, að skipt hafi verið um aðsetursstað embættismanns innan héraðs og þá í samræmi við breytingar, sem orðið hafa á öðrum sviðum. Og vegna hinna öru breytinga, sem orðið hafa í seinni tíð, getur verið ástæða til að athuga þann þátt málsins í heild.

Sérstaks eðlis eru svo þau störf, sem ekki eru unnin í þágu afmarkaðra byggðarlaga, heldur landsins í heild. Þessi störf hafa farið mjög vaxandi á síðustu áratugum. Í þessum flokki eru æðstu embættismenn í ýmsum greinum og stofnanir, sem sumir þeirra ráða yfir, svo og aðrar ríkisstofnanir, þ. á m. skólar, sem ekki eru sérstaklega ætlaðir einstökum byggðarlögum, en sóttir meira og minna úr öllum byggðum landsins. Reynslan er nú sú, að flestum þessum stofnunum og embættum hefur verið ákveðinn staður í Reykjavík. Stundum hefur embættið eða stofnunin verið flutt til höfuðstaðarins, en stundum og sjálfsagt oftast starfað þar frá öndverðu. Ástæðan er óefað sú, að í Reykjavík var á sínum tíma talin bezt aðstaða til að inna störfin af hendi, m. a. vegna þess, að þangað og þaðan voru samgöngur greiðastar. Um störf er óhætt að segja, að varla hafi verið hægt að leysa þau annars staðar af hendi, svo að vel væri, í þann tíð, þegar þeim var ákveðinn þar staður. Síðan hefur þetta svo komizt í vana og nýjar stofnanir eða ný embætti verið staðsett í Reykjavík, þótt aðrir staðir hefðu engu síður komið til greina og jafnvel fremur, ef menn hefðu gefið sér tóm til að athuga það mál. Vera má, að af hálfu Reykjavíkur hafi verið eitthvað að þessu unnið, en þó efast ég um, að mikil brögð hafi að því verið.

Nú er það almennt viðurkennt í orði, að vinna beri að jafnvægi í byggð landsins. Einnig í Reykjavík er þessu haldið fram af ýmsum nú án teljandi andmæla. Það er staðreynd, að hröð fjölgun í höfuðstaðnum veldur miklum erfiðleikum fyrir bæjarfélagið og þá, sem þar eru fyrir, en hins vegar er miklum fjölda byggðarlaga mein að fólksfæðinni og þjóðinni í heild og þjóðerninu mein að því, að byggðarlög glati sjálfstæði sínu að meira eða minna leyti sakir fólksfæðar eða leggist í eyði.

Nú er og hefur raunar alllengi á margan hátt verið unnið gegn því af hálfu ríkisvaldsins, að svona fari, þótt sú viðleitni gangi nú fyrst undir ákveðnu nafni. Til flestra þessara ráðstafana þarf fjármagn, stundum mikið, hvort sem þær eru gerðar í sveit eða við sjó. Þess vegna ganga þær líka hægar en skyldi. Allt tekur sinn tíma, jafnvel þótt fyrir hendi sé afl þeirra hluta, sem gera skal, sem því miður er ekki alltaf.

Ein er þó sú ráðstöfun, sem framkvæmanleg væri, án þess að til þess þyrfti að verja fjármagni til muna umfram það, sem gert verður hvort eð er. Sú ráðstöfun er í því fólgin að flytja til eitthvað af þeim embættum og ríkisstofnunum, sem nú starfa í Reykjavík, og fá þeim aðsetur annars staðar í landinu, á þeim stöðum, þar sem ætla má að fyrir hendi séu viðunandi starfsskilyrði. Till. hafa verið uppi um þetta efni bæði hér á hinu háa Alþ. og annars staðar. Í grg. till. á þskj. 86 eru nefnd dæmi slíkra till. Í rökstuðningi þessara till. hefur m. a. verið til þess vitnað, að margt sé nú breytt frá því, sem áður var, samgöngur um land allt greiðari, húsakostur meiri og betri, raforku verið veitt víða um landið, sérmenntun ekki eins staðbundin og áður var o. s. frv. Sumir bæir eða kaupstaðir, t. d. á Norður- og Vesturlandi, eru nú eins stórir eða stærri en Reykjavík var undir síðustu aldamót, en starfsskilyrði þar og víðar eins góð eða betri en þau voru fyrrum í höfuðstaðnum, þegar slíkum stofnunum var ákveðinn þar staður. Hins vegar er á það bent með réttu, að starfsemi embætta eða stofnana, sem hér getur verið um að ræða, mundi hafa þó nokkur áhrif í þá átt að hamla gegn fólksflutningi úr þeim byggðarlögum eða landshlutum, sem hefðu þær innan sinna vébanda. Í slíkum tilfellum mundi hér geta verið um talsvert þýðingarmiklar miðstöðvar að ræða. Í þessu sambandi er ástæða til að athuga hið gagnstæða, t. d. hver áhrif það mundi hafa, ef eitthvert hérað væri t. d. svipt héraðsskóla sínum eða annarri hliðstæðri stofnun.

Fyrir Reykjavík skiptir það hins vegar litlu eða engu, þótt eitthvað fækki embættum eða stofnunum þar, því að nóg mun þar jafnan verða af slíku, þótt einhverjar breytingar séu gerðar í þá átt, sem vikið er að í þessari till. En þetta mál er að sjálfsögðu rannsóknarefni. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að flytja hvaða embætti eða stofnun sem er burt úr Reykjavík og á annan stað. Sum embætti og stofnanir verða að vera í höfuðstaðnum og geta naumast starfað annars staðar, en um aðrar stofnanir og önnur embætti gegnir öðru máli. Og val nýrra aðsetursstaða þarf þá jafnframt að athuga vandlega.

Að þessu athuguðu tel ég rétt, að fram fari almenn endurskoðun varðandi aðsetursstaði embætta og ríkisstofnana í landinu, og er það meginefni till. Jafnframt felast í till., ef samþ. verður, fyrirmæli um það að nokkru leyti, á hvern hátt unnið skuli að endurskoðuninni, en þar er gert ráð fyrir því, að fulltrúum fjórðungsþinga verði gefinn kostur á að eiga þátt í endurskoðuninni og þá auðvitað jafnframt tækifæri til að koma till. á framfæri. Fjórðungsþingin á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum eru nýlega stofnuð og styðjast við hreyfingu þá, sem uppi hefur verið í þessum landsfjórðungum og miðar að því að efla sjálfstæði landshlutanna, byggð þeirra, atvinnulíf og menningu. Ef stofnað yrði fjórðungsþing á Suðurlandi, yrði það einnig að eiga þess kost að taka þátt í slíku samstarfi, en mér er ekki kunnugt um, að það hafi enn þá orðið. Ég hygg, að frá fjórðungsþingunum mætti vænta gagnlegra athugana og tillagna um þetta mál.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í umræður um þessa till., hún fer vafalaust til nefndar og verður rannsökuð þar, en trúað gæti ég því, að árangurinn af þeirri rannsókn yrði ekki mikill. En það er önnur hlið á þessu máli, sem ég tel að sé rétt að athuga og vildi benda nefndinni á, áður en málið færi til hennar. Ef við lítum í blöðin frá því fyrir þessar bæjarstjórnarkosningar, þá sjáum við, að eitt af því, sem deilt var um, var það, hvort útsvör í Reykjavík væru hærri en annars staðar. Aðrir fundu það út með því að deila tölu gjaldenda í heildarútsvörin í Reykjavík, að þau væru þyngri en annars staðar, og öfugt tóku aðrir skalann og fundu, að á þann hátt væru þau léttari.

Nú er það svo, að þessir menn, sem síðasti ræðumaður var að tala um og vinna við stofnanir og eru í embættum í Reykjavík, sem eru fyrir allt landið, borga um 30% af útsvörunum í Reykjavík.

Nú er mér spurn: Er þetta réttlátt? Þeim er borgað af landsfé, þeir vinna fyrir landsheildina, — og hvers vegna á einn staður, þar sem þeir eru staddir af tilviljun, þar sem embættið er staðfest, að taka allt þeirra útsvar og það að verða orsök til þess, að hægt sé að segja með sanni, að hægt sé að hafa útsvarsskalann lægri í Reykjavík en annars staðar? Væri ekki miklu réttara gagnvart jafnvægi í byggð landsins og gagnvart heildinni, sem borgar laun þessara manna, að láta t. d. helminginn af útsvarinu renna í einhvern jöfnunarsjóð, sem skiptist svo á milli allra sveitafélaga.

Ef við tökum svo til viðbótar það, að svo að segja öll heildverzlun fyrir allt landið fer í gegnum Reykjavík og annar geysilega stór hluti útsvaranna kemur þaðan, sumpart sem veltugjald og sumpart sem tekjuútsvar, þá er bara mikill hluti af útsvari Reykjavíkur, líklega upp undir helmingurinn, — ég hef nú ekki reiknað það út samt, — sem liggur á mönnum, sem annaðhvort taka opinber laun frá heildinni ellegar hagnað af viðskiptum við landsheildina. Ég held því, að ef nefndin fer að athuga þetta mál, hvernig ætti að dreifa embættismönnum héðan út um allt land, þá sé rétt að athuga jafnframt um þessi útsvör, sem raunverulega eru greidd til Reykjavíkur fyrir viðskipti við landið allt og fyrir peninga, sem landsmenn allir taka að sér að greiða, jafnt íbúar Reykjavíkur sem aðrir, hvort ekki væri rétt að athuga það líka og hvort ekki ætti að breyta útsvarslögunum að því leyti, að nokkur hluti af útsvörum þessara manna rynni í einn sameiginlegan sjóð, sem yrði jöfnunarsjóður fyrir sveitarfélögin öll í landinu í heild. Þetta vildi ég biðja nefndina að athuga, það felst óbeint í till.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er síður en svo nokkuð óeðlilegt við það, þó að menn vilji láta endurskoða, hvar embætti og ríkisstofnanir séu bezt niður komin, og mér finnst ekki nema eðlilegt, að Alþ. taki vinsamlega till. um það, að slík athugun eigi sér stað. Hins vegar efast ég mjög um, að það sé rétt að láta þá athugun fyrst og fremst vera mótaða af staðarlegum sjónarmiðum úti um landið eða í Reykjavík. En eftir þeirri ályktun, sem hér er fram borin, eru það fyrst og fremst staðir úti um land og fulltrúar þeirra réttara sagt, sem eiga að endurskoða þetta atriði. Hverja stofnun og hvert embætti á að setja þar niður, sem eðlilegast er frá heildarsjónarmiði þjóðarinnar allrar, en ekki með sérhagsmuni einstakra staða, hvorki Reykjavíkur né fjórðunga úti um land, fyrir augum. Ef menn vilja því láta þessa athugun fara fram og setja til þess sérstaka milliþn., þá tel ég langeðlilegast, að sú nefnd sé kosin hlutfallskosningu í Sþ., þannig að sú mynd þjóðarviljans, sem hér kemur fram og að vísu er ekki rétt og er Reykvíkingum mjög í óhag, verði ekki skekkt enn þá frekar en er þó nú þegar með skipun Alþ., en gert mundi og gerð úr hrein skrípamynd, ef athugunin yrði gerð með þeim hætti, sem lagt er til í þeirri þáltill., sem hér er fram borin.

Ég vil skjóta þessari athugasemd til þeirrar n., sem málið fær til meðferðar.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að

ef það yrði ofan á að gefa héraðsþingum eða fjórðungsþingum færi á því að tilnefna fulltrúa í slíka nefnd, þá er auðvitað jafnsjálfsagt að gefa Reykjavík færi á því að tilnefna a. m. k. einn fulltrúa á borð við aðra þá aðila, sem tillögumenn telja þetta mál skipta mest.

Með þessu segi ég engan veginn, að það sé eðlilegt að hafa öll þau embætti og stofnanir í Reykjavík, sem nú eru hér. Það má sjálfsagt margt um það segja og taka það upp til endurskoðunar. Eins og ég segi, ég hef sízt á móti því, að sú endurskoðun eigi sér stað, en menn komast ekki hjá því að athuga, að þegar t. d. talað hefur verið um, að flytja ætti biskupssetur austur að Skálholti, þá er það í raun og veru, eins og nú háttar, ekkert sérstakt hagsmunamál Reykjavíkur, að biskupinn sé endilega búsettur hér. En ég þori að fullyrða, að fyrir meginþorra landsmanna, einnig utan Reykjavíkur, er mun hægara, að hann sé búsettur í Reykjavík heldur en í Skálholti, vegna þess að fyrir alla þá, sem erindi hafa við biskup, og það eru vitanlega æðimargir, ekki prestarnir einir, þó að þeir komi þar mjög til álita, er miklu hægara að ná tali af honum hér í Reykjavík heldur en ef þeir þyrftu að gera sér ferð, oftast nær sérstaka, austur til Skálholts. Ég tala um þetta sérstaka dæmi vegna þess, að að því hefur oft verið vikið, og það eru sannarlega ríkar sögulegar ástæður, sem mæla með því, að biskupsdæmi væri endurreist í Skálholti. En í nútímaþjóðfélagi hygg ég þó, að það yrði öllum almenningi, ekki Reykvíkingum út af fyrir sig fremur en öðrum, mjög óhagstætt, að þannig yrði farið að.

Varðandi athugasemdir hv. 1. þm. N-M. (PZ), þá eru þær mjög frumlegar og lýsa hans snilligáfu eins og ýmislegt, sem frá honum hefur heyrzt. Ef sama hugsunarhætti ætti að fylgja, þá ætti að gera ráðstafanir til þess t. d., að engu ríkisfé væri varið í neinu sveitarfélagi eða sýslufélagi á landinu öðru en því, sem þaðan kemur. Er hv. þm. því sammála? Er það virkilega hans meining, að þannig eigi að halda á, að í enga sýslu, ekkert hérað, eigi að koma neitt fé annað en það, sem tekið er af borgurunum í sama héraði með skattálagningu? Ef ekki á að láta önnur lög í þessu gilda fyrir Reykvíkinga en aðra, er óhjákvæmilegt framhald af hugsun hv. þm. þetta, og það er mjög fróðlegt að heyra sveitavinátttuna birtast hjá þessum svokallaða postula hennar með þessari frumlegu till., og hún skal ekki gleymast. En hitt er svo mál fyrir sig, að það er auðvitað óhjákvæmilegt, að hinir betur stæðu staðir borgi til þeirra, sem aftur úr eru, og ég segi fyrir mitt leyti, að sem fulltrúa Reykvíkinga kemur mér ekki til hugar að fallast á þessa till. hv. þm. N-M., vegna þess að hún mundi víðast hvar horfa til landauðnar nema í allra þéttbýlustu stöðum á þessu landi.

En varðandi útsvörin að öðru leyti, þá eru þau vitanlega lögð á vegna þess, að verið er að sinna þörfum þeirra borgara, sem í hverju bæjar- eða sveitarfélagi búa. Það þarf ekki síður að sinna þörfum manna, sem hér eru búsettir í Reykjavík, þó að þeir hafi sín laun frá ríkinu, heldur en þó að þeir hafi þau með öðrum hætti, og það eru þær þarfir samfélagsins, sem koma af búsetu manns á tilteknum stað, sem er verið að sjá fyrir og borga fyrir með útsvörunum, og þess vegna einnig að því leyti lýsir þessi till. því, að hv. þm. N-M., svo snjall sem hann annars er, hefur ekki hugleitt þetta mál til neinnar hlítar.

Loks er svo það, án þess að ég skuli fara út í töluupptalningu eða meting við hv. þm., að ég hygg, að það muni verða víðs fjarri, að starfsmenn ríkisins borgi hér 30 eða 40% af allri útsvarsupphæðinni í bænum. Ég veit það, að hv. þm. hyggur sig muna það, og ég met hv. þm. mjög mikils og veit, að hann segir aldrei ósatt vísvitandi, en það hefur nokkuð oft hent hann að rugla saman tölum.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Út af þeirri ræðu, sem hv. 1. þm. Reykv.(BBen) flutti hér áðan, vil ég taka það fram til þess að koma í veg fyrir misskilning, að í þessari till. er ekki beinlínis gert ráð fyrir því, að skipuð verði nefnd til þess að athuga þetta mál. Till. er ekki um nefndarskipun. Hún er um það að skora á ríkisstj. að láta tiltekna endurskoðun og athugun fara fram, en það er að öðru leyti látið óbundið í till., á hvern hátt að endurskoðuninni verði unnið, nema þar sem gert er ráð fyrir, að til verði kvaddir fulltrúar frá fjórðungssamböndunum.

Í sambandi við þetta mál yrði að sjálfsögðu leitað álits ýmissa stofnana og embættismanna, sem þarna eiga í hlut, og svo fulltrúa fjórðungssambandanna, og niðurstaðan gæti auðvitað orðið sú, að það yrði að lokum sett á laggirnar nefnd til þess að vinna úr þeim umsögnum, sem fram kæmu, og því efni, sem þá væri fyrir hendi, en í till. er ekki beinlínis gert ráð fyrir nefndarskipun.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ef fulltrúum frá fjórðungsþingum Austfirðinga, Norðlendinga og Vestfirðinga væri gefinn kostur á að fjalla um þetta mál, þá ættu að sjálfsögðu að koma til fulltrúar frá Reykjavík. Ég geri ráð fyrir, að það kæmi af sjálfu sér, að þarna yrði leitað álits margra manna, sem eru búsettir í Reykjavík. En í till. er líka alveg sérstaklega tekið fram, að ætlazt sé til að fulltrúi frá fjórðungssambandi Sunnlendinga, ef það verður stofnað, taki þátt í þessari athugun. Og ég geri ráð fyrir því, að ef fjórðungssamband yrði stofnað, þá mundi Reykjavík vera þátttakandi í því.

Að öðru leyti gaf ræða hv. þm. ekki tilefni til frekari umræðna um till. af minni hálfu. Hann nefndi eitt sérstakt dæmi, till., sem komið hefði fram um flutning tiltekins embættis, þ. e. a. s. flutning biskupsstólsins frá Reykjavík að Skálholti. Till. um það efni lá fyrir síðasta Alþ. Ég tel ekki rétt að ræða þetta atriði sérstaklega í sambandi við þessa almennu till. En ég get ekki fallizt á það, sem hv. þm. sagði, að það mundi valda erfið-

leikum fyrir presta landsins, þó að biskupinn væri búsettur í Skálholti.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er að vísu deila um orð og er ástæðulaust að fjölyrða um það, en ég vil þó ekki láta því ómótmælt, að ég hafi farið rangt með það, sem ég sagði um efni till. áðan. Með leyfi hæstv. forseta, þá hljóðar seinni partur hennar svo: „Gefa skal fulltrúum, tilnefndum af fjórðungsþingum Austfirðinga, Norðlendinga og Vestfirðinga, einum frá hverju fjórðungsþingi, kost á að taka þátt í endurskoðuninni svo og einum fulltrúa frá fjórðungsþingi Sunnlendinga, ef stofnað verður.“ Það skiptir í raun og veru engu máli, hvort þessir menn, 3 eða 4, eru kallaðir nefnd eða ekki, en slíkir tilnefndir fulltrúar eru einmitt það, sem venjulega í mæltu máli er nefnd, og þarf ekki frekar um það að fjölyrða. Efni málsins var það, sem ég sagði.

Ég vil vekja athygli á því, að hv. þm. tók því ekki vel, að Reykjavík fengi þarna að tilnefna sérstakan fulltrúa, en gaf í skyn, að hún gæti komið með Sunnlendingafjórðungi. Ég hygg, að ef slíkt fjórðungsþing yrði stofnað, þá sé mjög hæpið, hvort Reykjavík ætti þar fulltrúa, vegna þess að hagsmunir Reykjavíkur og byggðarinnar að öðru leyti í þessum efnum eru auðvitað ólíkir, að svo miklu leyti sem við getum talað um ólíka hagsmuni í þessu sambandi. En það er vitað mál, að t. d. maður búsettur í Vestur-Skaftafellssýslu hefur varðandi staðsetningu embætta töluvert önnur sjónarmið en maður búsettur í Reykjavík. Þetta gefur auga leið. Hann hefur að því leyti ekkert líkari sjónarmið manninum í Reykjavík heldur en maður, sem á heima á Snæfellsnesi, en vegalengdin er álíka löng frá Reykjavík í báðum tilfellum, þó að oft mundi hin rétta skoðun leiða til þess, að embættið væri bezt sett í Reykjavík hjá þeim, sem liti á málin með sannsýni. En hv. þm. taldi sem sagt óþarft, að Reykjavík hefði nokkurn fulltrúa, en sagði, að auðvitað yrði leitað til ýmissa manna, sem væru búsettir í Reykjavík. Ja, hv. þm. er nú búsettur hér og hv. þm. N-M., en mér þætti gaman að sjá þann Reykvíking, sem vildi kjósa þá menn fyrir sína fulltrúa.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Mig furðar nokkuð á því um svo skýran mann sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) er, að mér skuli ekki takast að koma honum í skilning um efni þessarar till., sem hér liggur fyrir, og þykir mér leitt, ef það stafar af því, að kennarahæfileikar mínir séu ekki nægilega miklir. En við það verður nú að sitja. Þessi till. er ekki um nefndarskipun. Hún er um endurskoðun, sem lagt er til að ríkisstj. láti fara fram. Það er lagt á vald ríkisstj., hvernig hún framkvæmir þessa endurskoðun. Hún getur framkvæmt hana í einhverju ráðuneyti, ef henni sýnist svo, og hún getur líka skipað nefnd, og út af fyrir sig eru engin fyrirmæli um það í till., að þessir fulltrúar frá fjórðungsþingunum skuli eiga sæti í þeirri nefnd. Það, sem í síðara hluta till. felst, er að þeir skuli tilkvaddir af þeim, sem með málið fara, hvort sem það er ráðuneyti eða nefnd, og það er látið óbundið, hvort þeir eru tilkvaddir sem nefndarmenn eða á annan hátt til þess að gefa álit. Þetta vænti ég nú að hv. þm. skiljist.

Hv. þm. var óánægður með það, að fulltrúi Reykjavíkur yrði ekki á annan hátt tilkvaddur en sem fulltrúi væntanlegs fjórðungssambands Sunnlendinga, og sagði, að Reykvíkingar mundu ekki hafa sömu sjónarmið í þessu máli og t. d. Vestur-Skaftfellingar. Það er vitaskuld svo, að í heilum landsfjórðungi hafa ekki allir sömu sjónarmið. Ég geri ráð fyrir t. d., að austurhéruð og vesturhéruð Norðurlands hafi ekki nákvæmlega sömu sjónarmið, e. t. v. ekki heldur í þessu máli, og við því er ekkert að segja. Út af fyrir sig mundi ég ekkert hafa á móti því, þó að Reykjavík yrði þarna gerð að fimmta fjórðungnum, ef hv. þm. vill svo vera láta. Ég yrði síður en svo á móti því, að fulltrúi yrði tilkvaddur af hálfu Reykjavíkur, ef hún hefði einhver sérstök samtök, sem svöruðu til fjórðungsþinganna í hinum landsfjórðungunum.

Þetta held ég svo að ég láti nægja til skýringar málinu.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 86, n. 511).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Flm. till. þessarar, hv. þm. N-Þ., gerði rækilega grein fyrir henni, er hann lagði hana fram. Ég get því verið stuttorður um efni hennar. Tilgangur með henni er að kalla fram með endurskoðun athugun á því, hvar heppilegast sé, að aðsetur ríkisstofnana sé og embættismannanna í landinu.

Menn hafa áhyggjur af ójafnvægi í byggð landsins. Mörg fjárveiting af opinberu fé hefur verið gerð á seinni árum til þess að draga úr ójafnvæginu. Þetta hefur verið til mikilla bóta, en samt ekki hrokkið. Vissir staðir og þá fyrst og fremst höfuðborgin draga til sín fólkið með ómótstæðilegu afli frá minni máttar stöðum. Í þessu er hætta fólgin fyrir framtíðarhagsæld og hamingju þjóðarinnar. Um það munu ekki almennt skiptar skoðanir.

Aðsetur ríkisstofnana og embættismanna hafa í þessu sambandi mikla þýðingu. Dreifing valds og fjár og verkefna á vegum hins opinbera vinnur á móti því, að þjóðin hnappist saman og nytji ekki land sitt svo sem vera ber og hagfelldast er. Ríkisstofnanir og góðir embættismenn eru aflgjafar umhverfi sínu og

auka byggðaröryggi og búsetufestu í grennd sinni. Mikilsvert er að slíkum aflgjöfum séu rétt valdir aðsetursstaðir. Á það auðvitað að ráða við aðsetursstaðaval, að aðstaða sé fullkomin til þess, að stofnunin eða embættismaðurinn geti notið sín, en einnig að öðru jöfnu, að þjóðfélagslega sé heppilegt að efla staðinn með aðsetrinu.

Miklar breytingar hafa orðið í landinu seinustu ár: Samgöngur allt aðrar og betri en áður, póstgöngur sömuleiðis, sími tiltækur, svo að segja eftir þörfum. Þessar breytingar gera eðlilega endurskoðun aðsetursstaðanna nú, miðað við breytingar, sem kynni að vera rétt að gera á því, sem er, en jafnframt ætti endurskoðunin að geta orðið grundvöllur fyrir viðbætur framtíðarinnar. Um það verður að minnsta kosti varla deilt, að umrædd endurskoðun er réttmæt viðleitni til þess að reyna að hafa áhrif á þróun í þessum efnum.

Fjvn. mælir með till. óbreyttri í meginatriðum. Einn nm., hv. þm. Borgf. (PO), var þó ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í n. N. sendi till. til stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga til umsagnar. Stjórn sambandsins lagði till. fyrir fulltrúaráð sambandsins til athugunar og umræðu. Bæði stjórn sambandsins og fulltrúaráð þess tjáðu sig síðan einróma meðmælt till. með lítils háttar breytingu, sem fjvn. telur rétt að taka til greina. Er sú breyting í því fólgin, að Samband ísl. sveitarfélaga verði ásamt þingum landsfjórðunganna gefinn kostur á að láta fulltrúa frá sér taka þátt í endurskoðuninni. Má það teljast bæði sanngjarnt og eðlilegt. Ætlazt er til, að fjórðungsþingin svonefndu fái að láta einn fulltrúa hvert taka þátt í endurskoðuninni, en þau eru starfandi austan-, norðan- og vestanlands. Sunnlendingar geta vitanlega stofnað sitt fjórðungsþing, ef þeim þætti ástæða til, og öðlazt með því aðild að þessari endurskoðun.

Gera verður ráð fyrir, að ríkisstj. láti einhverja úr hópi reyndustu og viðsýnustu starfsmanna sinna vinna að endurskoðuninni. Ætti þess vegna að vera með till. sæmilega fyrir því séð, að verkefna- og staðháttaþekking geti verið fyrir hendi hjá þeim, er endurskoðunina gera. Að öðrum kosti væri endurskoðunin líka þýðingarlítil. Og auðvitað dettur mér ekki í hug, að hægt sé fyrir fram að vera viss um, að umrædd endurskoðun verði að stórfelldu gagni. En hitt liggur ljóst fyrir, að hún er réttmæt og rökrétt tilraun til þess að hafa áhrif til mótspyrnu óheppilegri þróun í búsetumálum þjóðarinnar, og þess vegna mælir fjvn. með samþykkt hennar að tilskilinni þeirri litlu breytingu, sem er að finna á þskj. 511 og ég hef gert grein fyrir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa máls, og ég get verið samþykkur þeirri brtt., sem n. flytur á þskj. 511.

ATKVGR.
Brtt. 511 samþ. með 29 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 27:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 597).

24. Afnám tekjuskatts.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um afnám tekjuskatts [141. mál] (A. 278).

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 12. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Núgildandi löggjöf um tekju- og eignarskatt er að stofni til frá árinu 1921. Eldri lög voru þó til áður um þetta efni, en mjög ólík og byggð á allt öðrum grundvelli. Samkvæmt þeim var skatturinn ekki miðaður við heildartekjur eða heildareign, heldur við ákveðið gjald af ákveðnum hlutum, svo sem jarðarhundruðum, skepnufjölda, útflutningsmagni og öðru slíku, og því allt annars eðlis en núverandi tekju- og eignarskattur. Er helzt að líkja þessari skattálagningu, sem gilti fyrir 1921, við fasteignaskattinn nú eða eitthvað slíkt.

Breytingin 1921 var fyrst og fremst í því fólgin, að þá var upp tekin sú regla að leggja á menn skatt af öllum tekjum og öllum eignum samkvæmt eigin uppgjöf mannanna sjálfra, en ekki einhverja ákveðna hluti, sem öllum voru sýnilegir og þess vegna þurfti ekki að fara í neinar grafgötur um.

Það kom strax í ljós við meðferð málsins á Alþingi þá nokkur vafi um, hvernig hin nýja aðferð mundi reynast, og nokkur tortryggni á því, að framtöl manna yrðu þannig úr garði gerð, að þeim mætti treysta til fulls sem réttum. Framsögumaður málsins hér á Alþingi lét t. d. orð falla um þetta, þegar hann hafði framsögu fyrir málinu úr n., eitthvað á þessa leið: Það er bersýnilegt, að til þess að slík lög sem þessi nái tilgangi sínum, verður að gera ráð fyrir allmiklum siðferðilegum þroska gjaldenda og skattanefnda, og það er augljóst mál, að lögin verða aðeins pappírsgagn, ef þennan þroska vantar.

Þegar þáverandi fjmrh., Magnús Guðmundsson, lagði málið fyrir, taldi hann fram fyrir því sem aðalrök þetta þrennt: Í fyrsta lagi, að skatturinn kæmi á þennan hátt réttlátlegast niður, í öðru lagi, að skatturinn yrði greiddur af öllum tekjum og eignum, og í þriðja lagi, að skatturinn verði miklu öflugri liður en áður var í sjálfu skattakerfinu, m. ö. o., að hundraðs-

hluti ríkisteknanna af tekjuskatti mundi sennilega verða miklu meiri en áður var.

Síðan þetta gerðist, hefur lögunum um tekju- og eignarskatt verið breytt oft, en aðalatriðinu, því sem upp var tekið 1921, hefur jafnan verið haldið óbreyttu, að skatturinn hefur verið byggður á framtölum gjaldendanna sjálfra. Ýmsum atriðum í álagningu skattsins hefur verið breytt. Skattstiginn hefur t. d. verið hækkaður oftar en einu sinni og er nú kominn upp í 40% af tekjunum, þegar komið er yfir visst mark, en grundvallaratriðið um framtölin hefur jafnan verið óbreytt.

Afstaða Alþfl. til þessarar skattheimtu hefur alla tíð verið mjög ákveðin. Flokkurinn hefur beitt sér fyrir beinum sköttum, en gegn óbeinum — eða tollum — og sérstaklega tollum á nauðsynjavörur, en vitaskuld þá gengið út frá, að skatturinn yrði heiðarlega á lagður, þannig að þetta skattakerfi yrði í raun og veru eins og til þess var stofnað í upphafi og eins og gengið var út frá þá.

Ástæðurnar fyrir þessari afstöðu flokksins eru augljósar. Það verður að teljast eðlilegt, að þeir, sem háar tekjur hafa, greiði meira til opinberra þarfa en hinir, sem litlar tekjur hafa, sérstaklega að af svokölluðum þurftartekjum eða þar fyrir neðan verði engir skattar greiddir, hvorki beinir né óbeinir. Þetta m. a. ætti að leiða til meiri tekjuöflunar í þjóðfélaginu, sem flokkurinn hefur jafnan stefnt að. Þar við bætist svo, að á þeim tíma, þegar þetta var ákveðið, voru tekjur almennings í landinu svo litlar almennt, að tæplega hrukku fyrir hinum brýnustu nauðsynjum, óþarfavörur eða ég tala nú ekki um lúxusvörur þekktust ekki. Óbeinn skattur þá var þess vegna fyrst og fremst tollur á þær vörur, sem nauðsynlegar urðu að teljast og töldust til hinna einföldustu nauðsynja og brýnustu þarfa. Ég vil í því sambandi minna á, að einn af aðaltekjuliðum ríkissjóðs á þeim tíma var kaffi- og sykurtollurinn svokallaði, sem beinlínis var lagður á hinar almennustu og brýnustu þarfir almennings og þær neyzluvörur, sem hann hafði mest um hönd.

Það liggur í augum uppi, að heiðarlega álagður tekjuskattur er eðlilegri og réttlátari en slíkur tollur eða aðrir tollar ámóta, sem koma og hljóta að koma harðast niður á fjölmennum, barnmörgum og fátækum fjölskyldum. Afstaða flokksins þá, eins og mál lágu fyrir, var því fullkomlega eðlileg og rökrétt samkvæmt höfuðstefnu flokksins.

Nú er liðinn rúmur þriðjungur aldar, síðan þessi lög voru sett, og hefur því fengizt af þeim nokkur reynsla. Og sú reynsla er alltaf að verða augljósari og augljósari og koma betur og betur í ljós. Og yfirleitt má segja, að sú reynsla sé öll á einn veg, hún sé ekki góð, og þær vonir, sem menn gerðu sér, er lögin voru sett, um réttlæti og ágæti laganna, eins og ég drap á í upphafi, hafa yfirleitt brugðizt og látið sér til skammar verða.

Í fyrsta lagi hefur þessi skattur aldrei orðið það, sem til var ætlazt í upphafi, meginuppistaðan í tekjum ríkissjóðsins. Og það er sýnt, að hann getur aldrei orðið það. Þrátt fyrir það að hann nemur nú orðið um 40% af tekjum manna, eftir að þær hafa náð vissu marki, hefur heildarupphæð hans aldrei orðið nema lítið brot af heildartekjum ríkissjóðs. Ég held ég fari rétt með það, að í fjárlögum yfirstandandi árs sé gert ráð fyrir, að tekjuskatturinn sé rúmar hundrað milljónir króna brúttó áætlaður, en öll útgjöld ríkissjóðs eru, eins og menn muna einnig, rúmar 800 milljónir, þannig að skatturinn nemur ekki nema 1/8 hluta eða kringum 12%, og mætti segja mér, að hann hefði ekki á undanförnum árum yfirleitt komizt miklu hærra en að vera 10—12% af tekjum ríkisins í heild.

Í öðru lagi má segja um þennan skatt, að innheimta hans hefur orðið dýr og miklu dýrari en innheimta annarra tekna ríkissjóðs. Ég hef að vísu ekki tölur um þetta, en ég held, að þetta sé óvefengt af öllum, og talnanna er náttúrlega hægt að afla, ef þess er óskað eða þetta kann að vera vefengt af einhverjum.

Þetta hvort tveggja, að skatturinn hefur aldrei orðið kjarni eða aðaluppistaða í heildartekjum ríkissjóðs og að hann hefur orðið mjög dýr í innheimtu, eru náttúrlega veigamikil rök gegn honum. En hitt sker þó úr, sem er á allra vitorði nú orðið, að framtalsskýrslur til skatts eru nú falsaðar meira en nokkurn gat órað fyrir í upphafi hjá allt of mörgum, sem hafa möguleika til þess að gera það, bæði hjá einstaklingum og félögum. Þetta er á allra vitorði, og ég trúi ekki öðru en það sé viðurkennt af öllum.

Sá þroski, sem gengið var út frá við setningu þessara laga í upphafi og talinn var skilyrði fyrir því, að lögin yrðu eitthvað meira en pappírsgagn, virðist því ekki lengur vera fyrir hendi, hafi hann þá verið það nokkurn tíma. Nú er það daglegur viðburður að reka sig á mann eða menn, sem litla skatta greiða, en geta veitt sér í daglegu lífi ýmiss konar þægindi og jafnvel munað, sem er ósamrýmanlegur þeirri tekjuupphæð, sem skattur þeirra hlýtur að vera reiknaður af. Nú er það líka daglegur viðburður að rekast á launamann svokallaðan, sem greiðir miklu hærri skatta en annar, sem lifir miklu ríkmannlegra lífi og hlýtur að hafa hærri tekjur, en hefur möguleika til að fela þær á einhvern hátt. Ég er ekki með þessu að segja, að það sé dyggð launamannsins að telja fram tekjur sínar. Hann verður að gera það, því að ef hann gerir það ekki, þá gerir vinnuveitandi hans það og raunar hvort sem er, og hann kemst ekki undan því að gera það, þó að hann kannske vildi. En aðrir, sem afla tekna sinna á annan hátt eða í svo mörgum stöðum, að það er ómögulegt að fylgjast með því, komast undan, ef þeir vilja, og það er á allra vitorði, að það eru allt of margir, sem vilja það.

Tekjuskatturinn er því nú orðinn fyrst og fremst ekki eins og hann var hugsaður í upphafi: skattur af öllum tekjum og öllum eignum, heldur er hann orðinn fyrst og fremst

launaskattur, — launaskattur, sem lagður er á laun og innheimtur af þeim, sem taka tekjur sínar sem launagreiðslur, og komast ekki undan, þegar aðrir sleppa.

Nú eru tekjulægstu menn þjóðarinnar yfirleitt launamenn, og á þá er þess vegna skatturinn lagður, en hinir, sem margir hverjir hafa miklu hærri tekjur, sleppa. Vitanlega eru til launamenn með tiltölulega háum launum, en það er ekki um þá, sem ég er að ræða í þessu tilfelli. Verkar þannig skatturinn með núverandi framkvæmd alveg þveröfugt við það, sem honum var ætlað í upphafi. Hann leggst með fullum þunga á þá launalægstu, en miklu tekjuhærri menn komast undan. Þetta særir réttlætiskennd manna og egnir þá upp gegn lögunum.

Eitt má benda á enn í sambandi við þessi mál, sömu tegundar, að það er orðið talsvert algengt fyrirbrigði, að tekjuháir menn, sem ekki komast hjá að telja fram tekjur sínar, hætti að vinna hluta úr árinu, vegna þess að þeir segja sem svo: Þegar ríkið tekur 40% af því, sem ég afla, og bæirnir önnur 40%, hvers vegna skyldi ég þá vera að þessu, þegar ekkert verður eftir eða lítið handa mér sjálfum. — Í mörgum tilfellum eru þetta menn, sem vinna mjög gagnleg störf fyrir þjóðarbúið, og venjulega eru það einnig mjög duglegir menn, sem komast upp í þessar tekjur, sem mikill skaði er að missa úr starfi, og þarna verkar skatturinn og útsvarið náttúrlega líka til þess að draga úr þjóðartekjunum í heild.

Það er enginn vafi á, að framkvæmd tekjuskattslaganna hefur orðið allt önnur en til var stofnað í fyrstu og því nauðsynlegt að taka málið allt upp til endurskoðunar. Ég vil í þessu sambandi minna á höfuðrökin, sem talin voru fram af þáverandi fjmrh. og ég minntist á í upphafi, fyrir því, að þessi skattur yrði lagður á á þennan hátt. Höfuðrökin voru, — ég skal endurtaka þau: að skatturinn komi sem réttlátlegast niður, — það gerir hann ekki, — að skatturinn verði greiddur af öllum tekjum og eignum, — það gerir hann ekki, — og að skatturinn verði miklu öflugri liður en áður var í skattakerfinu í heild, — það gerir hann heldur ekki, — þannig að mér virðist svo sem allar aðalforsendurnar, sem taldar voru fram 1921, þegar skatturinn var á lagður, séu fallnar.

Þeirri skoðun vex líka ört fylgi, að þetta kerfi allt byggist á svo algerlega óraunhæfum forsendum, það hafi reynslan sýnt, að ekkert vit sé í að halda þessari tekjuöflun ríkisins áfram á þennan hátt. Er þá sjálfsagt ekki í önnur hús að venda fyrst og fremst heldur en óbeinu skattana, þó að aðrar leiðir e. t. v. kunni að vera til líka. En þá hlýtur að vakna spurningin, hvort óbeinu skattarnir eða tollarnir komi ekki nú jafnóréttlátlega niður á fátækar og barnmargar fjölskyldur og þeir gerðu áður. Og þeirri spurningu er ekki hægt að skjóta sér undan að svara, þegar þessi mál eru rædd.

Um þetta er það fyrst að segja, að afkomumöguleikar þessara þegna þjóðfélagsins eru allt aðrir nú en þegar lögin um tekju- og eignarskatt voru sett, 1921. Þá voru engar tryggingar til og ekkert, sem hét fjölskyldubætur eða barnalífeyrir. Með góðum stuðningi tryggginganna er hægt að koma í veg fyrir, að barnafjölskyldum verði íþyngt með þessu og að þær verði hart úti. Það má gera með leiðréttingu og lagfæringu á einmitt barnalífeyrinum eða fjölskyldubótunum. Einnig má geta þess, að nú er afkoma þjóðarinnar í heild orðin svo miklu betri en hún var þá, að nú eru fluttar til landsins vörur fyrir hundruð millj. króna á ári, sem ekki verða taldar til brýnustu lífsnauðsynja og sumar hverjar eru hreinar lúxusvörur, sem hvergi þekktust árið 1921, og þessar vörur geta tekið mikið af tollabyrðinni. Það má því ætla, að innheimtu hinna óbeinu skatta megi nú haga svo, að þeir lendi ekki með mjög miklum þunga á hinum brýnustu lífsnauðsynjum.

Nákvæmlega sama gagnrýnin á tekjuskattinum og hér hefur komið fram hefur einnig komið fram erlendis og þá einmitt hjá þeim mönnum, sem hafa áður talið beinu skattana réttlátari en þá óbeinu, þ. e. a. s., þeir hafa náttúrlega gengið út frá því, að þeir beinu væru þá heiðarlega á lagðir. Er þess skemmst að minnast, að norski fjármálaráðherrann Bratteli flutti erindi um þetta efni hér einmitt í þessum sal á þingmannasambandsfundi í fyrra og komst um þetta mál að svipaðri niðurstöðu. Mál þetta hefur einnig verið rætt nokkuð hér heima og m. a. í mínum flokki, í Alþfl., að undanförnu, en ekki verið tekin til þess afstaða þar fyrr en nú á flokksstjórnarfundi, sem haldinn var fyrir tæpum mánuði.

Við 1. umr. fjárlaganna í haust gerði ég lítillega tekjuskattinn að umræðuefni og lét í ljós von um, að hægt væri að draga úr því ranglæti, sem menn eru beittir við álagningu hans. Nú vill Alþfl. stíga skrefið að fullu og athuga möguleikana fyrir því að fella hann niður til fulls. Við höfum því leyft okkur hér, þingmenn Alþfl. allir, að ráðherrum flokksins auðvitað undanskildum, að flytja hér þáltill. á þskj. 278 um afnám tekjuskatts. Till. eða tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna gaumgæfilega möguleika á, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu og að innheimta önnur opinber gjöld af launum jafnóðum og þau eru greidd.“

Sú rannsókn, sem till. gerir ráð fyrir, á að vera tvenns konar. Í fyrsta lagi athugun á því, á hvern hátt ríkissjóður geti orðið skaðlaus af því, að skatturinn verði felldur niður, því að vitanlega má ríkissjóður ekki missa svo mikils í af tekjum sínum sem nemur heildarupphæð skattsins. Og þessi athugun á að leiða það í ljós, hvort hægt sé að afla annarra tekna í staðinn og þá hverra. Í öðru lagi tel ég, að hún eigi að fela í sér athugun á því, á hvern hátt þetta, sem kann að koma í staðinn, hvort sem það verða óbeinir skattar eða annað, getur orðið þannig, að það lendi sem allra minnst og alls ekki með fullum þunga á þá tekjuminnstu, sem örðugast eiga uppdráttar, og enn

fremur, og á það legg ég einnig áherzlu, að þetta lendi ekki þyngst á launastéttunum, á millistéttunum, eins og tekjuskatturinn gerir nú, þar sem þessir menn eru eltir uppi, eltir á röndum út af hverjum eyri, sem þeir innvinna sér, en aðrir og miklu tekjuhærri menn látnir sleppa.

Ég vil vona, að hv. alþm. séu mér sammála um, að það sé ekki að ófyrirsynju, þó að þetta mál verði athugað, og ef það sýnir sig við athugun, að ástandið er einmitt svipað eins og ég hér hef greint frá og möguleikar eru til að bæta úr ástandinu á heiðarlegan hátt, þá hiki menn ekki við að gera þær róttæku aðgerðir, sem nauðsynlegar eru, og felli niður skattinn í því formi, sem hann er nú innheimtur.

Við höfum með vilja, flutningsmennirnir, ekki farið neitt út í, hvernig þessi athugun skuli gerð og hve víðtæk hún skuli vera. Það verður að vera á valdi þeirra, sem framkvæma hana. En við höfum aðeins sett fram þessi höfuðsjónarmið í málinu, sem eiga að vera að mér finnst sá leiðiþráður, sem hægt er að rekja sig eftir til þess að ná þarna þeim árangri, sem að er stefnt.

Nú kunna menn að segja, að hér með sé ekki nema hálfsögð sagan, — það séu enn eftir beinir skattar, sem komi illa og óþægilega við, þar sem eru útsvörin. En út af því vil ég segja, að það er þó, ef tekjuskatturinn yrði afnuminn, betri hálfur skaði en allur, og eins má á það benda, að við útsvarsálagningu eru þeir, sem skattinn leggja á, ekki eins bundnir af ákvæðum skattstiga og skattanefndir og skattstjórar eru við álagningu tekjuskattsins.

Álagning útsvara má og á að fara fram eftir efnum, og þar er möguleiki til að taka tillit til hluta, sem ómögulegt er að taka tillit til við álagningu tekjuskattsins, og niðurjöfnunarnefndir í sveitarfélögum eru svo kunnugar í sínu héraði, að þær geta gert þetta og — ef þær vilja — náð á þann hátt réttlátari skattaálagningu en skattanefndir og skattstjórar eru færir um að gera, ef þeir eiga að byggja á þeim framtölum, sem þeim eru fengin í hendur.

Ég vil líka nefna í þessu sambandi, að innheimta beinu skattanna er orðin býsna erfiður hlutur í seinni tíð, bæði fyrir þá, sem eiga að greiða þá, og eins fyrir hina, sem eiga að nota þá, t. d. eins og útsvarsinnheimtan hjá bæjarfélögunum. Og ég er ekki í vafa um, að ef þessi leið yrði farin, að fella niður tekjuskattinn, þá mundi það auðvelda innheimtu útsvaranna að miklum mun, bæði fyrir þá, sem eiga að greiða, og eins fyrir hina, sem eiga að nota þau.

Út af niðurlagi till. um að innheimta önnur opinber gjöld af launum jafnóðum og þau eru greidd, þá er það ekki nýtt mál hér á Alþ. Það hefur verið rætt hér fyrr og gefin um það fyrirheit, að ég ætla, að þetta mál skyldi nú gaumgæfilega athugað, þó að árangur hafi ekki orðið af því enn. En þetta er hér sett til þess að minna á það, því að þægilegast mundi það vera, á meðan þessir beinu skattar eru teknir, að þeir séu teknir beint af tekjunum, jafnóðum og þeirra er aflað, en ekki eftir á, eins og nú er gert. Þó að þeir séu innheimtir af tekjunum, eru þeir ekki skattur af þeim tekjum, sem menn eru að fá, heldur af tekjum ársins á undan, þó að innheimtunni sé svona hagað. Hitt væri miklu æskilegra, ef það væri hægt að greiða skattinn að fullu af tekjunum jafnóðum og þeirra er aflað. Þá eru menn a. m. k. frjálsir á eftir.

Ég vænti, að það verði einnig tekið til athugunar.

Þetta mál, sem ég hef hér flutt, er ekki óþekkt á Alþ. Það hefur verið flutt um það frv. áður, ég ætla, að það hafi verið 1951, af hv. þm. Barð., sem þá var, en að vísu í nokkuð öðru formi. Hér er ekki farið fram á annað en að málið verði gaumgæfilega rannsakað, og það ætti ekki að mæta neinni andúð frá neinum. Hitt er svo ljóst, eins og málið var flutt 1951, að þá var náttúrlega hugsunin, sem lá á bak við, sú sama, en formið á því var að því leyti annað, að þar var gert ráð fyrir fortakslaust, að skatturinn yrði þá þegar afnuminn, án þess að málið væri frekar kannað. Eins og ég segi, hugsunin er sú sama, en aðferðin er svolítið önnur, og hvort sem menn eru nú á því, að þetta megi takast eða ekki, og jafnvel hvort sem þeir eru á því, að þetta sé fullkomlega rétt eða ekki, þá finnst mér ekki, að það sé ástæða til þess að vera á móti því, að þetta mál verði athugað ofan í kjölinn og að það verði leitað að úrræðum, sem a. m. k. vonir standa til að gætu orðið réttlátari en sú skattheimta, sem nú fer fram.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð. Ég geri ráð fyrir, að það þyki eðlilegt að vísa málinu til nefndar, og vildi þá leyfa mér að leggja til, að hæstv. forseti vildi, þegar það þætti við eiga, fresta umræðunni og vísa málinu til hv. fjvn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál neitt að ráði efnislega. Það má vænta þess, að það fari til n. og verði þá nánar rætt, þegar nefnd skilar áliti, og þá verði aðrir til þess en ég að ræða um það.

Það er aðeins fsp. nokkur, sem ég vildi leyfa mér að gera til hv. 1. flm. þessarar tillögu og flutningsmannanna hinna.

Tillaga þessi er að vísu aðeins um athugun á máli, — því máli, hvort ekki sé rétt að afnema tekjuskatt með öllu. En gamall málsháttur segir: „Í upphafi skal endirinn skoða" — og samkv. því fyndist mér nú líklegt, að hv. flutningsmenn hefðu gert sér einhverja grein fyrir því þegar á þessu stigi málsins, hvað ætti að koma í staðinn fyrir tekjuskattinn, ef hann yrði afnuminn.

Hv. 1. flm. vék ofur lítið að þessu, þó að lítið væri, og virtist þar vísa aðallega á óbeina skatta, þ. e. a. s. tolla. En nú vita það allir hv. alþm., að það vantar nú þegar tekjur í ríkissjóðinn, til þess að hann fái staðizt á

þessu ári, og enn fremur, að það vantar fé í útflutningssjóðinn. Menn kann að greina á um það, hvað mikið þetta fé sé, enda getur enginn sagt það nákvæmlega fyrir víst, fyrr en reynslan sker úr, en byggja verður á einhverri áætlun, og það verður þetta þing að gera, áður en því lýkur. En þrátt fyrir þetta mun alveg víst, og eru allir hv. þm. sammála um það, að það vantar fé. Þess vegna er ekki nóg að benda á það, að eitthvað megi hækka einhverja tolla eða taka upp einhver ný gjöld í staðinn fyrir tekjuskattinn, heldur þarf fyrst að gera ráð fyrir því, hvað vantar og hvort svo þar á eftir yrði hægt að bæta við tolla.

Þess vegna vildi ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hv. flm., hvað í raun og veru þeir ætla að vísa á í staðinn fyrir tekjuskattinn, og þá með tilliti til þess, að séð verði fyrir þeim tekjum í ríkissjóð og útflutningssjóð, sem nú vantar. Eins og hv. aðalflm. sagði, er tekjuskatturinn ekki ýkja mikill hluti af tekjum ríkissjóðs, eins og þær eru nú, en hann mun þó vera eitthvað um 100 millj., — og 100 millj., þótt ekki sé nú meira, verða ekki fengnar alveg fyrirvaralaust. Og hér er þó, eins og ég hef þegar vikið að, um meira en 100 milljónir að ræða, — ég gæti haldið, að hér væri um allt að 300 millj. að ræða, þegar tillit er tekið til þess, sem nú þegar vantar, og ef ætti svo að afnema tekjuskattinn líka.

Ég efast ekki um það, að það yrði fjöldi manns ákaflega glaður, ef allur tekjuskattur yrði afnuminn. Ég get játað það, að mér þætti ósköp notalegt að sleppa við að greiða tekjuskatt, og svo er sjálfsagt um flesta. En spurningin er aðeins sú, hvort það er hægt að gera á þann hátt, að það kæmi þá léttara niður á almenningi.

Hv. flm. var að tala um, að innheimta tekjuskattsins væri dýr. Ég hygg, að það sé aðallega álagning tekjuskattsins, sem er dýr. Nú þyrftu sveitarfélögin að hafa einhvern grundvöll til að byggja á, þegar þau leggja á útsvörin, eins fyrir því, þó að framtal til tekju- og eignarskatts yrði afnumið. Áður voru það tíundaskýrslurnar, sem sveitarstjórnir höfðu til að byggja á. Nú er tíundin í þeirri gömlu mynd, sem hún var, afnumin og skattframtalið komið í staðinn.

Ég sé ekki, þó að tekjuskattur væri afnuminn, að hægt væri að sleppa við skattaframtöl í einhverri mynd vegna sveitarfélaganna, ef þau ættu áfram að leggja á útsvör. En ef til vill er meiningin sú, að útsvörin verði afnumin líka og einhverjar dularfullar tekjur fundnar sveitarfélögunum til handa, svo að hægt sé að sleppa við þetta alveg. Ég veit ekki, hvort þetta yrði miklu ódýrara, ef á annað borð þarf að hafa skattaframtal vegna sveitarfélaganna, heldur en nú er. Það mætti segja, að eðlilegt væri, að sveitarfélögin ættu sjálf að sjá um það, bæði framtalið og innheimtu útsvaranna að sjálfsögðu, og að því leyti yrði ódýrara fyrir ríkissjóð, en almenning mundi það kosta engu að síður, jafnvel þó að þessum kostnaði væri létt af ríkissjóði.

Það er alveg rétt, að tekjuskatturinn hefur aldrei orðið aðaluppistaða í tekjum ríkissjóðs, og það kann að vera, að hv. Alþfl. hafi ætlazt til á sínum tíma að svo yrði. En ég held, að flm. að tekjuskattslögunum fyrstu hafi ekki ætlazt til þess, en hann var Magnús heitinn Guðmundsson ráðherra. Ég held, að það hafi ekki yfirleitt verið búizt við því, að tekjuskatturinn væri aðaluppistaða að tekjum ríkissjóðs.

Það er vitanlega alveg rétt, sem hv. aðalflm. minntist á, að það eiga sér stað mikil skattsvik, og líka rétt, að launamenn geta yfirleitt ekki svikið skatt. En ég held, að það sé meira gert úr þessu með skattsvikin heldur en raunverulega er, a. m. k. munu það vera allflestar stéttir þjóðfélagsins, sem eiga erfitt með að svíkja skatt, jafnvel þó að þær vildu.

Ég veit það, að víða er svo litið eftir, hvaða tekjur bændur hafa, það er athugað hvað þeir leggja inn af vörum, og annað slíkt, að ég hef ekki trú á því, að það sé orðið mikið, sem þeir svíkja skatt, og jafnvel, að þeir eigi mjög erfitt með að gera það, þó að þeir vildu, sem ekki mun nú vera mikið um meðal bænda.

Ég efa ekki, að það er rétt, sem hv. flm. var að tala um, að sumir, sem lítinn skatt greiða, lifa ríkmannlegar en þeir, sem greiða kannske háan tekjuskatt, ýmsir þeirra, en ég held, að þetta sé enginn réttur mælikvarði. Sumir menn eru sparsamir, aðrir eru eyðslusamir, og margir til, sem lifa langt yfir efni fram. Menn geta lifað ríkmannlega, að minnsta kosti um tíma, þótt þeir hafi ekki ýkja háar tekjur.

Ég er ekki alveg viss um, að það sé rétt, að tekjulægstu menn þjóðfélagsins séu yfirleitt launamenn. Það skal ég ekki fullyrða um, en ég er ekki alveg viss um, að það sé rétt.

Ég býst við, að það, sem hefur hrundið þessu máli af stað, sé ræða, sem fjmrh. Norðmanna flutti hér í þessum sal í sumar, eins og hv. flm. minntist á. Það er rétt, að fjmrh. Norðmanna talaði um, að það mætti haga svo tollum, að þeir kæmu aðallega á það, sem efnafólkið veitti sér, og minna á hinar daglegu nauðsynjar og þess vegna væru tollar ekki neitt fordæmanlegir. Ég held, að hann hafi ekki sagt eitt orð um það, að það bæri að afnema með öllu tekjuskatt; það hygg ég, að hann hafi ekki orðað.

Ég er ekki að mæla á móti þessari till., þó að ég sé með þessar athugasemdir. Ég er alls ekki við því búinn að tala um þetta mál og ætlaði mér ekki að tala um það efnislega, heldur var það aðeins þessi fsp. Ég ætlast beinlínis til þess, að menn, sem flytja svona stórfellt mál, þó að það sé aðeins um athugun, en ekki ákveðnar till. um framkvæmd, geri sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar mundu verða, ef málið gengi fram, og þess vegna hljóta flm. að hafa gert sér einhverja grein fyrir því, hvernig á að afla tekna í staðinn fyrir tekjuskattinn, að viðbættu því, sem nú þegar þarf að afla til ríkissjóðs og útflutningssjóðs.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að það er ævinlega fagnaðarefni, þegar einhverjir menn gerast til þess að flytja till. til endurbóta á því ástandi, sem ríkir, og þess vegna vil ég segja það, að ég fagna þessari till., sem er áframhald af viðleitni hv. fyrrv. þm. Barð. í þessu máli. En það hygg ég að öllum hv. alþm. megi vera ljóst, að skattalögin og framkvæmd þeirra eru og hafa verið lengi eitt af mestu vandamálum okkar þjóðfélags, því að þar er um margvíslegar skaðræðislegar reglur að ræða, fyrst og fremst vegna þess, að tekjuskatturinn hefur verið notaður sem tekjujöfnun eða auðjöfnun í stað þess að vera eðlilegt gjald, sem ætti þá að koma hlutfallslega jafnt niður eftir tekjum manna, en ekki vera notað á ræningjamáta, ef svo mætti segja, þannig að taka allt af sumum mönnum og tiltölulega miklu minna af öðrum.

Það er nú orðið nokkurn veginn ljóst, að okkar fjármál eru yfirleitt að komast eða komin alveg úr reipunum í margvíslegum skilningi og þar á meðal varðandi skattana, því að það er á öllum sviðum okkar ríkisrekstrar að verða meira og meira áberandi, að þau gjöld, sem á eru lögð, innheimtast ekki nema að nokkru leyti, og það síðasta, sem við sjáum hér í reikningi, sem fyrir liggur á borðunum hjá alþingismönnum, að í árslok 1956 var óinnheimt af beinum sköttum yfir 37 millj. kr., og hafði þó á því ári verið niður fellt rúmlega 3 millj. kr. af þessum sköttum. Ég hef nú að vísu ekki sundurliðun á því, hvernig þetta liðast á milli tekju- og eignarskatts annars vegar og annarra skatta hins vegar, en það er þó áreiðanlegt, að stærsti liðurinn er óinnheimt af tekju- og eignarskatti. En svona gæti maður haldið áfram á margvíslegum sviðum í okkar ríkisrekstri.

Það er nú engin furða, þó að mönnum fari að detta í hug, að hér þurfi eitthvað að breyta til, og m. a. má segja, að samkv. gildandi fjárlagafrv. fyrir þetta ár er áætlað, að það kosti rúmar 7 millj. að innheimta tekju- og eignarskattinn í starfsemi skattstofu og skattanefnda o. s. frv.

Margt af því, sem hv. 1. flm., þm. Hafnf., sagði, var auðvitað hárrétt og mjög merkilegt, að menn geri sér grein fyrir því, hvernig ástandið er. En það hefur lengi verið svo. Og eitt af því er mjög eftirtektarvert og þó alkunnugt, að það hefur lengi gengið svo, að menn, sem hafa háar tekjur, hafa litið svo á, þegar komið er eitthvað fram á árið: Ja, það er þýðingarlaust fyrir mig að halda áfram að vinna, því að það er þá allt tekið af mér. Allar þær tekjur, sem ég afla eftir þennan tíma yfir árið, það fer allt saman í ríkissjóð og bæjarsjóð. — Þetta veit maður að mörg dæmi eru til um, um ýmsar stéttir í þjóðfélaginu, og það er alveg hárrétt, sem flm. tók fram, að lög, sem svona eru, miða að því að draga úr tekjuviðleitni manna og vinnuviðleitni og draga niður fjármál þjóðarinnar. Þetta er atriði, sem er mjög þýðingarmikið að gera sér grein fyrir.

Annað mál er það, sem hér hefur töluvert verið deilt um og er deila um, og það er það, hvort eigi að leggja tekjuskatt á hjón í einu lagi eða skipta á milli þeirra. Það hafa verið miklar kröfur um það, og meira að segja er því haldið fram og það mjög ákveðið, að það séu mjög mikil brögð að því, að fólk forðist að giftast vegna skattalaganna, heldur búi saman ógift alveg eins og hjón væru. Ef það væri farið inn á þá leið, sem ég álít réttu leiðina, að hafa tekjuskattinn sem prósentugjald af tekjum, þá er slegið striki yfir þetta vandamál, vegna þess að þá er það alveg sama varðandi hjónin, hvort þau eru saman eða lagt á þau í einu lagi eða tvennu. Og ég tel það mjög eðlilegt og sanngjarnt, að maður, sem hefur 100 þús. kr. tekjur, borgi 10 sinnum meira en sá, sem hefur 10 þús. kr. tekjur, en að hann borgi kannske 70—80 sinnum meira, eins og dæmi munu vera til um, það er ekki á neinu viti byggt. Þó er annað verra í framkvæmd skattalaganna, sem lengi hefur verið, og það er, að það, sem á er lagt, er ekki raunverulegar tekjur, það eru tilbúnar tekjur. Og það, sem er stærsti liðurinn í því efni, er það, að sú regla gildir, eins og kunnugt er, að það er ekki heimilt að draga það, sem menn láta í tekjuskatt og útsvar, frá tekjum ársins, og allir vita þó, að það verður að borga. Ég get sagt ykkur, að það hafa ýmsir menn, háttsettir menn, sem hafa há laun, sagt við mig: Það er augljóst, að mikið af þessum tekjum, sem mér eru reiknaðar og lögð eru gjöld á, fæ ég aldrei að sjá, því að það er tekið allt í skatta og útsvar, áður en það kemur til mín. — Þessi regla er náttúrlega hrein óhæfa og hefur alltaf verið, en hún var knúin fram árið 1942 og hefur verið í gildi síðan.

Eitt af því, sem hv. flm. sagði og ég tel ekki rétt, er það, að hann taldi, að tekjuskatturinn væri nánast orðinn eingöngu launaskattur. Þetta er alveg fjarri lagi. Vitanlega er það þó orðið kunnugt, að launastéttir eru orðnar í yfirgnæfandi meiri hluta í okkar landi, en hitt er líka vitað, að framleiðslustéttirnar borga ekki síður tekjuskatt heldur en þeir, sem eru á föstum launum, og ég vil segja það um þá stétt, sem mér er kunnugust, sem er mín eigin stétt, bændastéttin, að hún er þannig sett, að eftir því sem dýrtíðin hefur vaxið og upphæðirnar vaxið, eftir því hafa skattarnir á þeirri stétt farið sívaxandi, án þess að afkoman í raun og veru væri nokkurn hlut betri og oft í mörgum tilfellum verri. Þar eru mörg dæmi til þess, að menn borga skatta, tekjuskatta af tekjum, sem eru ekki neinar tekjur, vegna þess að það fæst ekki að draga frá þann eðlilega kostnað nema að nokkru leyti, sem á búunum er. Ég vil leyfa mér að fullyrða það hér, að ef bú allra bænda á Íslandi væru gerð upp til tekjuskatts á eðlilegan hátt á svipaðan veg og gerð eru upp ríkisbúin og önnur bú, sem rekin eru á félagslegum grundvelli, þá kæmist ekki eitt einasta bú á landinu í tekjuskatt. En bara vegna þess að þetta er gert upp á annan máta, eru miklir skattar, sem á bændastéttinni lenda,

einkum nú síðustu árin, síðan dýrtíðin hefur verið blásin svo mjög út sem raun er á og tölurnar hafa hækkað, enda þótt afkoman hafi ekki að sama skapi batnað.

Nú má um það deila náttúrlega, hvað á að koma í staðinn, eins og hv. þm. Eyf. (BSt) var að nefna. Ég fyrir mitt leyti, eins og ég gat um hér um daginn og get endurtekið hér, álít það vafasamt, hvort það eigi að afnema allan tekjuskatt eða þá breyta honum gersamlega í það horf, að það sé jafnt prósentugjald eftir tekjum. Það getur líka hvort tveggja komið til mála, en þetta ástand, eins og það er, er óhafandi með öllu.

Ég býst við, að það verði margt fleira, sem kemur til greina og þarf að breyta í okkar fjármálum og gerbreyta frá því, sem er, heldur en það, hvort tekjurnar, þær sem ríkið nauðsynlega þarf á að halda, eru teknar með beinum sköttum eða óbeinum. En ég tók aðallega til máls til þess að segja um þetta örfá orð og fagna því, að einmitt sá flokkur, sem áður var hvað harðastur í því að leggja á beina skatta og taka tekjuskatta með svona gífurlegum hætti eins og raun er á, einmitt sá flokkur skuli nú leggja fram till. eins og þessa. Ég tel þetta flokknum síður en svo til lasts, heldur miklu fremur til hróss, því að það er alltaf öllum mönnum til hróss, ef þeir sýna það, að þegar þeir hafa áður gert rangt, þá vilji þeir snúa því í rétta átt og bæta úr þeim vandamálum, sem hlotizt hafa af því, sem áður hefur verið gert.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég tel, að í till. þeirri, sem hér liggur fyrir til umr., sé í sjálfu sér merku máli hreyft, og mun styðja samþykkt hennar. Ég hefði að vísu fyrir mitt leyti kosið, að í till. hefði nánar verið kveðið á um það, með hverjum hætti sú rannsókn, sem hér er um að ræða, ætti að fara fram. En það atriði mun sjálfsagt verða tekið til meðferðar í þeirri hv. n., sem um þetta mál kemur til með að fjalla, og skal ekki fjölyrt meira um það hér.

Það hefur þegar komið fram, að vissulega kemur það að ýmsu leyti úr óvæntri átt, að hv. Alþfl.-menn flytja till. þessa efnis, því að það hefur löngum verið þeirra stefnumál eins og annarra jafnaðarmannaflokka hér í Evrópu að hafa skattana, eins og það er orðað, „beina", en ekki „óbeina", þannig að um stefnubreytingu er að ræða. Með tilliti til þess, að vitað er, að tekjuskatturinn hefur hins vegar ekki fullnægt þeim vonum, sem við hann voru bundnar, þá tel ég það síður en svo hv. flm. til ámælis, þó að þeir hafi breytt um stefnu í þessu efni, heldur þvert á móti, því að hér má vitna til málsháttarins, að það er mannlegt að skjátlast, en heimskingjanna að vaða áfram í villunni.

Ég leyfi mér því næst að víkja dálítið að efnishlið málsins.

Það mun varla vera ágreiningur um það nú, að á tekjuskattinum eru margir og stórir ágallar. Þó er það þannig að mínu áliti, að þessir ágallar eru í ríkara mæli framkvæmdalegs eðlis heldur en það, að slíkir skattar séu í sjálfu sér óréttlátir. Tilfellið er, að séu menn sammála um það, að skattana beri að verulegu leyti að leggja á eftir efnum og ástæðum, þá er erfitt að finna annan betri mælikvarða á efnahag manna heldur en tekjurnar. En ástæðan til þess, að þær vonir, sem við tekjuskattinn hafa verið tengdar, hafa brugðizt í þeim mæli, sem raun er á, er sú, að á framkvæmd tekjuskattsins hafa sýnt sig að vera þeir örðugleikar, að álagning hans hefur ekki náð tilgangi sínum. Og í sambandi við þetta er meginatriðið það, að það er vitað mál, að mjög mikið af tekjunum í þjóðfélaginu telst ekki fram. Í þessu efni verður að byggja á því, að menn gefi tekjur sínar upp sjálfir, eða á framtölum manna. Meðan slíkir skattar eru innan hóflegra takmarka, er kannske ekki ástæða til að ætla, að mjög mikil brögð séu að því, að tekjur séu sviknar undan skatti eða ekki talið rétt fram. Meðan skatturinn nemur t. d. ekki meira en 5 eða 10% eða eitthvað svo, þá kinoka menn sér við því að gefa drengskaparyfirlýsingu um, að þeir telji rétt fram, og ekki ástæða til þess að ætla annað en tekjurnar teljist rétt fram í meginatriðum. Allt öðru máli gegnir, þegar þessir skattar eru orðnir svo háir, að það verður verulegt atriði fyrir fjárhagsafkomu manna, hve háa skatta þeir eiga að greiða, — eða þegar jafnvel er svo komið, sem hefur verið upplýst hér fyrr í vetur á hv. Alþingi, eins og er tilfellið nú með ýmis fyrirtæki, að þau verða að greiða meira en 100% í alla skatta, þá er líf fyrirtækjanna beinlínis undir því komið, að þau sleppi að einhverju leyti við slíkar skattgreiðslur — þá fara menn að líta á það sem nauðvörn gegn óhóflegri skattaálagningu að telja ekki rétt fram.

Það er erfitt að fullyrða á einn eða annan hátt um það, hve mikil brögð séu að því, að tekjur séu ekki rétt taldar fram. Ég vil þó leyfa mér í sambandi við þetta að nefna tölur, sem byggðar eru á athugunum í þessu efni. Það hefur komið í ljós við samanburð á þjóðartekjunum, gerðum upp eftir skattframtölum annars vegar og með öðru móti, að tekjurnar samkvæmt skattframtölum eru 20—25% lægri en ef þær eru gerðar upp á annan hátt, þar sem gera má ráð fyrir því, að öll kurl komi frekar til grafar en ef við skattframtölin er miðað.

Athuganir sama efnis, sem gerðar hafa verið í nágrannalöndunum, hafa leitt til svipaðrar niðurstöðu, og er það út af fyrir sig sönnun þess, að víðar er pottur brotinn í þessum efnum en hjá okkur. En þetta ætti að gefa til kynna, að það sé a. m. k. fimmtungur eða fjórðungur þjóðarteknanna, sem ekki telst fram til skatts, og það er auðvitað verulegur hluti.

Af þessu leiðir líka annað, nefnilega það, að þar sem maður veit, að fjölmennar þjóðfélagsstéttir hafa ekki aðstöðu til þess að koma tekjum sínum undan skatti, eins og á við um flestalla launþega, þar sem tekjur þeirra eru tald-

ar fram af öðrum, þá leiðir af þessu, að sé tekjuskatturinn verulegur liður í tekjuöflun hins opinbera, þá kemur slíkur skattur mjög ranglátlega niður.

Það hefur oft verið fullyrt í þessu sambandi, að ráðið til þess að bæta úr slíku væri fullkomnara skattaeftirlit. Ég tel, að þeir menn, sem segja svo, hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, sem í rauninni er hér kjarni málsins, en um það má náttúrlega deila fram og aftur, hversu fullkomið skattaeftirlitið sé. Ég tel það þó með öllu ósannað mál, að skattaeftirlitið hér sé slælegra en annars staðar gerist, og persónulega er það skoðun mín, að þeir embættismenn, sem hafa skattaeftirlitið með höndum, gegni störfum sínum samvizkusamlega eins og aðrir embættismenn.

Nei, meinsemdin liggur dýpra en svo, að það sé hugsanlegt að bæta úr henni með því að koma á fullkomnara skattaeftirliti, þó að ráðstafanir væru til þess gerðar.

Sannleikur málsins er nefnilega sá, að það eru mjög fjölmennar stéttir í þjóðfélaginu, sem hafa þá aðstöðu, að það er algerlega óframkvæmanlegt að hafa eftirlit með tekjum þeirra. Á það við um alla þá, sem hafa sjálfstæðan atvinnurekstur með höndum og ekki eru bókhaldsskyldir, en hér er um að ræða mjög fjölmennar starfsstéttir. Það má nefna sem dæmi bifreiðarstjóra, handverksmenn, lækna, málflutningsmenn og fjöldamargar stéttir aðrar. Það mundi ekki verða bætt úr þessu með því að útvíkka bókhaldsskylduna frá því, sem nú er, vegna þess að hér er um slík störf að ræða, að ómögulegt er að hafa eftirlit með því, jafnvel þó að bókhaldsskylda væri, að það bókhald væri þá rétt. Það er í þessu, sem vandinn liggur, að það eru fjölmennar stéttir í þjóðfélaginu, sem hafa þannig aðstöðu, að það er óframkvæmanlegt að hafa eftirlit með tekjum þeirra. Þetta má engan veginn misskiljast sem svo, að ég haldi því fram, að þeir menn, sem í þessum stéttum eru, séu miður heiðarlegir en aðrir borgarar þjóðfélagsins, — það er síður en svo nein ástæða til slíks, — en það má aðeins benda á, að þeir hafa aðra og betri aðstöðu í þessu efni en aðrir.

Einnig er það að mínu áliti hættulegt fyrir þjóðfélagið, að í gildi sé löggjöf, sem er þannig, að e. t. v. annar hver borgari eða meira er brotlegur við hana. Fyrir siðferðið í þjóðfélaginu er slíkt hætta. Af þessu leiðir einnig annað, að refsingar, sem beitt er í þessu skyni, koma þá til að bitna af handahófi á einstaklingum, sem af tilviljun kemst upp um að hafa orðið brotlegir, þó að þeir séu sízt brotlegri en mikill fjöldi annarra borgara, sem sleppur með öllu við slíkt.

Vegna þeirra miklu ágalla, sem þannig eru á tekjuskattinum, finnst mér það meira en tímabært, að á því sé gerð athugun, svo sem hv. flm. þessarar till. leggja til, hvort ekki væri hægt að afnema slíka skatta. En stærsta vandamálið í sambandi við það er auðvitað það, sem þegar hefur verið bent á af öðrum, sem hér hafa talað á undan mér, nefnilega þetta, hvað ætti að koma í staðinn fyrir slíkan skattstofn, sem orðinn er svo stór liður í tekjuöflun ríkisins.

Í öðru lagi má benda á það, að eins og kunnugt er, þá eru útsvörin, sem eru í rauninni tekjuskattar, svo að segja eini skattstofn bæjar- og sveitarfélaga. En ef menn eru sammála um það, að tekjuskattar til ríkisins séu óréttmætir, þá er erfitt að koma auga á annað en sama máli gegni einnig um útsvörin. En ef það ætti að afnema þau einnig, þá yrði þetta vandamál enn stærra.

Í því sambandi er auðvitað ýmislegt, sem kemur til álita, og skal ég ekki fara út í að ræða þá hlið málsins, enda um of víðtækt málefni að ræða til þess. Sú mun og hugsun hv. flm., að sú athugun, sem hér er gert ráð fyrir að fari fram, beinist einkum að þessu. Ég saknaði þess þó nokkuð í grg. fyrir þessari till., að eini möguleikinn, sem þar var bent á, var að hækka óbeina skatta, tolla, söluskatta og slíkt. Auðvitað hlyti það að koma mjög til álita og af þeim tekjustofnum, sem almennastir eru, hafa auðvitað óbeinu skattarnir langmesta þýðingu.

Ég vil þó leyfa mér að benda á það, að í okkar nágrannalöndum hefur það mál mikið verið rætt að undanförnu, hvort ekki kæmi til greina í staðinn fyrir tekjuskattinn að leggja á svokallaða beina neyzluskatta, og var það mál m. a. til umræðu á þingmannafundinum í haust, þar sem fjmrh. Norðmanna flutti sína ræðu, sem hér hefur verið vitnað í. Beinu neyzluskattarnir mundu hafa þann kost, að þeir hafa ekki áhrif til hækkunar á verðlagi á sama hátt og óbeinu skattarnir, heldur frekar það gagnstæða. Hins vegar eru á því ýmsir framkvæmdarörðugleikar að leggja slíka skatta á, og þess vegna er málið ekki enn þá, að því er ég bezt veit, komið lengra en á umræðustig í okkar nágrannalöndum. En eðlilegt hefði ég talið, að sú nefnd, sem þessi athugun yrði falin eða hvernig sem sú athugun yrði framkvæmd, athugaði þetta mál sérstaklega, en ekki yrði einblínt á hækkun á óbeinu skattunum, sem einnig hefur sína annmarka.

Að lokum ætla ég aðeins að minnast á annan lið tillögunnar, þar sem rætt er um að taka það fyrirkomulag upp, að skattar og opinber gjöld verði greidd jafnóðum af launum, eins og það er orðað. Þetta er auðvitað heldur engan veginn ný hugmynd og hefur verið rædd hér á landi töluvert að undanförnu, m. a. gerðar ályktanir þess efnis af ýmsum hagsmunasamtökum, m. a. Alþýðusambandi Íslands. Eins og eðlilegt er, þegar slík hagsmunasamtök gera ályktanir í þessu efni, hefur það leitt til þess, að till. um þetta efni hafa verið bornar fram hér á hv. Alþingi.

Það, sem mér skilst að sé hér um að ræða, er að taka upp hið svokallaða „pay-as-you-go-prinsip", eins og það er kallað í enskumælandi löndum, nefnilega að menn greiði gjöld sín jafnóðum af tekjum eða launum. Það kemur að vísu ekki glöggt fram í till., hvort gert er ráð fyrir því, að það séu aðeins önnur gjöld en

skattarnir, sem séu greidd á þennan hátt. En ég skildi hv. frsm. þannig, að hann hefði þó hugsað sér, að svo lengi sem tekjusköttunum væri haldið, þá yrðu þeir einnig innheimtir með þessu móti.

Ég tel sjálfsagt, að þetta sé athugað, og vissulega hefur það ýmsa kosti, að skattar séu innheimtir jafnóðum af tekjum. En þó vildi ég leyfa mér að benda á, að það hefur komið í ljós í sumum þeim löndum, þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið tekið upp, eins og t. d. í Svíþjóð, að á því eru allmiklir framkvæmdaörðugleikar. Það er að vísu tiltölulega auðvelt, ef um gjöld er að ræða, sem vitað er fyrir fram hversu há muni verða, eins og t. d. tryggingagjöld og annað slíkt, að innheimta þau jafnóðum af tekjum. Sé hins vegar um að ræða gjöld, sem ekki er vitað fyrir fram hversu há muni verða, og það á einmitt við um tekjuskattinn í mjög verulegum mæli, þá kostar þetta í rauninni tvær niðurjafnanir. Fyrst er mönnum áætlað fyrir fram, hve mikinn skatt þeir eiga að greiða, en einmitt vegna þess, að það er ekki fyrir fram hægt að vita, hve miklar tekjur menn hafi á árinu, þá verður að taka þetta til endurskoðunar aftur og jafna niður að nýju og gera mönnum þá að greiða viðbót við skattinn eða endurgreiða mönnum, eftir atvikum, að því leyti sem niðurstaðan sýnir, að raunverulegar tekjur hafa vikið frá því, sem upphaflega var áætlað, þannig að hvað sem öðru líður, þá verður skattheimtan undir öllum kringumstæðum dýrari, ef þessari reglu er fylgt, heldur en ella.

Þetta má engan veginn skilja þannig, að ég sé að mæla á móti því, að slík athugun sé gerð, og í sjálfu sér heldur ekki, að þetta fyrirkomulag verði tekið upp. En þetta er hlið á málinu, sem ég álít að nauðsynlegt mundi vera að athuga sérstaklega í sambandi við það, og tel ég ekki rétt að slá því föstu, að þetta fyrirkomulag sé tekið upp, fyrr en menn hafa gert sér grein fyrir því, hvernig leysa á framkvæmdaörðugleika í sambandi við það.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt, að þær till., sem fram koma um athugun á okkar skattakerfi, séu teknar til ýtarlegrar athugunar og öllum þeim hugmyndum, sem þar koma fram, sé ýtarlegur gaumur gefinn og rannsakað, hvaða afleiðingar mundu af því verða, ef að slíkum till. yrði farið. Hér hafa nú orðið nokkrar umræður einmitt um þá till., sem hv. þingmenn Alþfl. flytja til rannsóknar á þessum efnum, og er ekki óeðlilegt, að nokkuð almennt sé um þetta rætt út frá því, ekki síst af því, að ef sú yrði endanleg niðurstaða, sem að nokkru er gefið til kynna með till., þá mundi það tákna allmikla breytingu á þeirri stefnu, sem verið hefur í íslenzkri skattalöggjöf fram að þessu.

Í þeirri flokksstjórnarsamþykkt, sem þáltill. er byggð á, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksstjórnin (þ. e. flokksstjórn Alþfl.) telur, að stefna beri að breytingum á skattakerfi landsins í þá átt að gera það einfaldara og meira í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar."

Ég býst við, að það muni allir vera sammála um, að þetta sé rétt, og það, sem hins vegar væri máske rétt að ræða í því sambandi og hefur komið ofur lítið fram í umræðum hér, er, hver sé réttarmeðvitund þjóðarinnar í þessu sambandi.

Í síðari hluta ályktunarinnar, sem hér er gerður um leið að uppistöðu í þáltill., er ríkisstj. hvött til að athuga möguleikana á því, að tekjuskatturinn sé afnuminn með öllu, og fleira í því sambandi. Ég skil það sem svo af hálfu hv. þingmanna Alþfl., að þetta sé raunverulega athugun og rannsókn, sem þeir óski eftir að fram fari, og þó að hv. 1. flm., hv. þm. Hafnf., hafi flutt hér ýmsar röksemdir, sem einmitt mæli með því, að slík rannsókn fari fram, þá sé þar með ekki endilega gefið, að það sé endanleg niðurstaða á afstöðu flokksins, að tekjuskattinn beri að afnema, heldur að athuga beri möguleikana á því, þannig að þetta mál sé hér til umræðu til þess, að þm. geti látið sínar skoðanir í ljós almennt um þetta mál, og þá er náttúrlega um leið komið allmikið inn á allt okkar skattakerfi, en ekki hitt raunverulega, að fyrir liggi alveg fastmótuð till. um að gera slíkt, því að þá hefði hún vafalaust verið flutt öðruvísi.

Ég vildi út frá þessu fyrst mega ræða nokkuð um það, sem hér hefur verið komið inn á, ekki síst af því, að sumir hv. þm., ekki síst hv. þm. A-Húnv., tóku ákaflega djúpt í árinni um það, að fagna bæri því að afnema tekjuskattinn, — þá vil ég a. m. k. láta í ljós mínar hugmyndir um það, hver sé réttarmeðvitund þjóðarinnar og hvað væri í samræmi við hana í þessum efnum.

Ég held, — og það væri gott, að við værum sammála um það allir, þegar við erum að ræða þessi mál, — að það sé tvímælalaus réttarmeðvitund þjóðarinnar, að þegar greiða eigi í einu eða öðru formi gjöld til hins opinbera, hvort sem það heitir tekjuskattur, tollar eða hverjum nöfnum sem það nefnist og duglegir fjármálamenn og fjármálaráðherrar kunna að finna upp á í framtíðinni, þá sé réttarmeðvitund þjóðarinnar sú, að þeim beri að greiða meira, sem meiri hafa tekjurnar og meiri hafa auðinn, og þeim minna, sem minni hafa tekjurnar og minni eiga auðinn eða máske engan. Og ég held, að þegar við ræðum þessi mál, verðum við fyrst og fremst að koma okkur niður á, hver réttarmeðvitund þjóðarinnar sé í þessum efnum og hvernig við viljum þess vegna haga sköttum eða hvers konar öðrum álagningum á landsfólkið, ef við viljum hafa það í sambandi við réttarmeðvitund þjóðarinnar.

Sú eldgamla regla, sem alltaf hefur legið til grundvallar, frá því að fyrstu gjöld voru lögð á menn yfirleitt á Íslandi, er, að það sé jafnað niður eftir efnum og ástæðum. Meira að segja þetta gamla, sem enn þá er eins óljóst og það er orðað í útsvarslöggjöfinni, á rót sína alla leið til okkar þjóðveldis og hreppafyrirkomu-

lagsins þá og þeirra aðferða um gjöld, sem tíðkuðust, áður en kristni og áður en tíund varð til á Íslandi, þannig að það „prinsip", að menn eigi að greiða til hins opinbera — það þýðir til náungans — því meira, því betri efni og því meiri tekjur sem þeir hafa, grundvallast á réttarmeðvitund, sem er eins gömul og okkar þjóð. Og ég vil a. m. k., að það sé alvarlega rætt hjá okkur, áður en við sláum því föstu, að út frá því eigi að hvika, enda heyrði ég það alveg á hv. frsm. þessa máls, hv. þm. Hafnf., að hann áleit, að þetta „prinsip" ætti að leggja til grundvallar við gjaldheimtu hjá almenningi, en áleit, að hugsanlegt væri að finna, sökum þess, hve margháttaðar vörur væru nú notaðar í landinu og m. a. fluttar inn, aðra gjaldstofna en tekjuskatt, ef til vill, sem gætu fullnægt kröfum réttlætisins í þessum efnum, þannig að þess vegna mætti ef til vill afnema tekjuskattinn.

Ég vil þess vegna fyrst af öllu slá því föstu í sambandi við umr. um þetta mál, að það, sem okkur beri að vera sammála um, sé, að álagning á landsmenn eigi að vera í hlutfalli við þeirra efni og þeirra ástæður; því meiri tekjur og því meiri auð sem menn hafa, því meira beri þeim að greiða til hins opinbera, en þeim, sem lítið hafa eða ekkert, beri ekkert að greiða eða mjög lítið. Það þýðir með öðrum orðum, að það, sem í tekjuskattslögum hefur verið orðað þannig, að það ætti að vera stighækkandi af tekjum manna, — að sú regla sé rétt, — hvort heldur hún gildi um álagningu tekjuskatts eða hægt sé að framkvæma hana við álagningu tolla eða annarra gjalda á vörur, þjónustu eða annað slíkt, þá sé stighækkunar-„prinsipið" út af fyrir sig réttlátt og því beri að framfylgja; hvort því hafi verið framfylgt á réttan hátt hins vegar eða praktískan, eins og gert hafi verið, er alltaf annað mál, það, hvort ein regla er rétt framkvæmd, er annað mál eða hvort reglan sjálf er rétt.

Þetta vildi ég nú segja fyrst um þá almennu afstöðu til þessara mála og taka þá fyrir í fyrsta lagi viðvíkjandi tekjuskattinum afstöðuna milli launþeganna annars vegar og atvinnurekendanna hins vegar. Það er ein af þeim röksemdum, sem hér hafa verið fluttar fram, og er þung röksemd, að tekjuskatturinn í því formi, sem hann sé nú, hvíli fyrst og fremst á launþegum, en ekki á atvinnurekstrinum, hlutafélögum og ýmiss konar félögum, sem atvinnurekstur stunda, eða jafnvel einstaklingum, sem atvinnurekstur stunda; þeim hafi verið beint eða óbeint gert það auðvelt eða hafi orðið það auðvelt að koma sér undan slíkum gjöldum, en hins vegar hafi launamenn orðið þarna harðast fyrir barðinu á af ástæðum, sem öllum eru ljósar, og þetta er vissulega röksemd um, að þarna beri að breyta til. En spurningin er þá: Á hvern hátt ber að breyta til?

Ef hlutafélög, ef stórir atvinnurekendur, ef slíkar heildir, sem græða allmikið eða eignast allmikið fé, greiða ekki réttilega tekjuskatt, er þá sjálfsagða afleiðingin, sem ber að draga þar út af, að það beri að afnema tekjuskattinn? Það er náttúrlega hægt að gera margt annað, það er hægt að breyta t. d. öllum þeim lögum, sem snerta bókhald og annað slíkt. Það er hægt að gera félögum það að skyldu, að bókhald sé haldið bókstaflega af því opinbera, og við vitum, eins og ég hef raunar bent á í sambandi við umræður um tekjuskattslög, sem núna liggja fyrir þinginu, að í löndum eins og Englandi og Bandaríkjunum er þetta framtal á tekjum, t. d. stórra hlutafélaga og annað slíkt, ekkert verulegt vandamál, þannig að þjóðfélagið getur í þessum löndum nokkurn veginn gengið út frá því sem þeirri almennu reglu, að þessi félög telja rétt fram, og það heyrir til undantekninga, sem valda sérstöku hneyksli, við skulum segja í Lundúnum, ef hlutafélögum dettur í hug að ætla að svíkja skatt, og finnast vart þeir lögfræðingar, sem mundu taka að sér að telja fram fyrir slík firmu, þannig að meira að segja í löndum, þar sem „kapitalisminn" er gamall og gróinn, á sér stað svo að segja alger heiðarleiki í sambandi við skattaframtal. Spurningin, sem við stöndum frammi fyrir, þegar við stöndum augliti til auglitis við þá spillingu, sem hv. þm. Hafnf. lýsti alveg réttilega í þessum efnum, hve tekjaskattslögin hefðu verið brotin, hve óheiðarlega væri talið fram og annað slíkt, er þess vegna spurningin um, hvort við eigum að gefast upp gagnvart slíkri spillingu eða hvort við eigum að breyta þarna þannig til, að annars vegar sé svo í hóf stillt, að það þýði fyrir menn að telja rétt fram án þess að missa allt um leið, en hins vegar um leið þannig um hnútana búið, að ef breytingar eru gerðar þarna á tekjuskattslögunum, þá verði menn eftir það að telja heiðarlega fram.

Ég held, að áður en við drögum þá afleiðingu út af núverandi ástandi um tekjuskatt, það misrétti, sem hv. frsm. málsins lýsti alveg réttilega milli launþega annars vegar og meginsins af þeim mönnum, sem atvinnurekstur stunda, hins vegar, — áður en við drögum þær afleiðingar út af því að afnema tekjuskatt með öllu, þá ber okkur að athuga hinn möguleikann, hvort ekki sé hægt að knýja atvinnurekstur hér á Íslandi jafnt og í ýmsum öðrum löndum til að telja jafnheiðarlega fram og launþegar eru knúðir til að gera; þannig að út frá þessari röksemd vil ég fyrir mitt leyti ekki fallast á, að það sé sjálfsagt að draga þá ályktun, að tekjuskatt beri þess vegna að afnema, heldur beri fyrst að athuga hitt mjög gaumgæfilega, hvort ekki sé hægt að koma á heiðarlegan grundvöll með samstarfi milli löggjafarvaldsins og skattþegnanna framtali hjá atvinnurekstrinum í landinu.

Þetta vildi ég nú aðeins segja til þess, að sú nefnd, sem fær þessa till. til athugunar, líti á þau rök líka, þegar hún fer að athuga þessi mál.

Þá er í öðru lagi, þó að launþegar almennt

verði fyrst og fremst fyrir barðinu á tekjuskattinum og verði harðar úti en atvinnurekendur og jafnvel sé svona stórfellt misrétti milli launþeganna annars vegar og atvinnurekendanna hins vegar, þá hefur tekjuskatturinn samt vissa þýðingu hvað snertir að leiðrétta misjöfn kjör og misjafnar tekjur á milli launþeganna innbyrðis. Það má máske ýmislegt finna að tekjuskattinum, eins og hann hefur verið lagður á undanfarið, um það, að þegar komi að ákveðinni upphæð, t. d. 200 þús. kr., þýði ekki fyrir menn að vera að afla sér meiri tekna lengur, ef allt sé talið fram, því að þá sé það bara að vinna fyrir Eystein, eins og þeir segja, þá sé það bara að vinna fyrir ríkið og það séu fremur fáir, sem af hreinni þjóðhollustu fáist til slíks. Hins vegar ber þar við að athuga, að hugsanlegur möguleiki er auðvitað að breyta þeim tekjuskattsákvæðum, og liggja jafnvel nú fyrir till. um slíkar breytingar einmitt fyrir þessu þingi, sem mundu nokkuð leiðrétta þarna. Og við skulum hugsa okkur, að sú leiðrétting væri gerð, að jafnvel þótt menn væru komnir upp í tekjur eins og 200 þús., þá héldu þeir meira en 10% af þeim tekjum, þannig að þótt einstaklingar gætu komizt upp í hærri tekjur en það, þá þætti þeim borga sig að halda áfram að vinna, og við stæðum þess vegna frammi fyrir því, að meðal launþeganna sjálfra væri mismunurinn sá, að menn hefðu frá 30 og 40 þús. kr. upp í kannske 300 og 400 þús. kr., og þó að þetta eingöngu væri skattur, sem lenti á launþegum, væri samt sem áður ekki eftir sem áður rétt og sanngjarnt í þjóðfélaginu, að þeir launþegar, sem hafa 40, 50 og 60 þús. kr. tekjur, njóti sérstakra fríðinda, en hinir, sem hafa 100 og 200 þús. kr. og þar fyrir ofan, beri sérstaklega þung gjöld?

Ég er hræddur um, að við getum ekki í einu vetfangi, þótt margt hafi farið aflaga hjá okkur í þessum málum, strikað yfir, að þarna beri löggjafarvaldinu að vinna að því að jafna kjörin. Þegar munurinn er svona mikill, þó að það sé aðeins milli þess hóps mannanna, sem verða að telja rétt fram, og milli launþeganna, þá er gefið, að eftir sem áður mundi það vera í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar, að því væri hagað þannig til, að þeir, sem háar hafa tekjurnar, greiði líka hátt til hins opinbera. Ég er þess vegna hræddur um, að sú gamla regla, þó að brotin hafi verið og misnotuð hafi verið, sem til grundvallar liggur í tekjuskattslögunum, meira að segja þótt aðeins snerti launþegana innbyrðis, eigi rétt á sér og sé í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar, þ. e. stighækkunin á tekjuskatti, — hún sé réttlát og í samræmi við það, sem þjóðin vill. Framkvæmd á henni er annað spursmál, hve mikil stighækkun er, hvert eftirlit er og annað þess háttar, og þeim hlutum má breyta, eftir því sem hagrænt er fyrir þjóðfélagið og einstaklinginn, þó að þessari grundvallarreglu sé haldið.

Þá er eitt, sem líka þarf að athuga, þegar rætt er um svona bein gjöld eins og tekjuskattinn, en ekki hefur verið minnzt á hérna. Það voru til í gamla daga gjöld og eru til enn, sem þóttu verst af öllum; það voru kallaðir nefskattar og voru lagðir á menn aðeins á þeirra nef án tillits til þess, hvort það var stórt eða lítið eða hvern möguleika sá aðili, sem nefið átti, hafði til að bera þau gjöld, á fátæka og ríka, unga og gamla, og slíkir nefskattar hafa alltaf þótt óréttlátustu skattarnir af öllum, vegna þess að þá urðu menn að bera án tillits til efna og ástæðna. Slíkir nefskattar eru enn til í okkar þjóðfélagi, m. a. eru skattarnir til almannatrygginganna, sjúkrasamlaganna og annað slíkt nefskattar, sem ættu að vera á meðal þess fyrsta, sem athugað væri að afnema, þegar talað er um að breyta núverandi skattakerfi. Það eru að því leyti, ef litið er á þá sem skatta, óréttlátustu skattarnir, sem til eru, af því að þeir eru lagðir á án tillits til annars en persónanna sjálfra, ákveðinn skattur á hvern aðila, og þar væri raunar langréttast að byrja, ef beina skatta ætti að afnema, og taka í staðinn tekjurnar til trygginganna, sjúkrasamlaganna og annars slíks einmitt með gjöldum, sem lenda á ýmsum þeim vörum, sem hvað sízt mega teljast til brýnna nauðsynja. Ef við sæjum okkur fært að fara yfirleitt að hugsa um þá leið að afnema tekjuskatt í þjóðfélaginu eða minnka hann stórum, þá væru þessir nefskattar það fyrsta, sem við ættum að byrja með, og því vildi ég mjög alvarlega beina til þeirrar n., sem fær þetta til athugunar, að hún hugsi um í þessu sambandi.

Þá hefur það komið fram hér, eins og eðlilegt er, þegar farið er að leiða hugann að, hvort hægt sé að afnema tekjuskatt, hvað það sé, sem eigi að koma í staðinn. Sé farið að láta t. d. nefnd rannsaka svona hluti, eins og hér er lagt til, á milli þinga eða einhverja aðila, sem ríkisstj. setti til þess, þá er ekki óeðlilegt, að það sé tekið með í reikninginn, að einhvern veginn muni þurfa að fá gjöldin, og er það að vísu svo, að nýlega vorum við að ræða hér í Sþ. um afnám tolla, og hæstv. menntmrh. var í sambandi við fríverzlunarmálið að tala nokkuð um, hver nauðsyn væri á að breyta allmikið til, ef farið væri að hyggja á þátttöku í fríverzlunarbandalaginu, um afnám svo og svo mikils af þeim tollum, sem gilt hafa á Íslandi hingað til. Og það fer að verða margt, sem við þurfum að athuga, ef við eigum nú bæði að fara að afnema svo og svo mikið af tollunum og tekjuskattinn líka, hvar gjöldin, sem við viljum fá í ríkissjóðinn eftir sem áður, eigi þá að lenda.

Hv. frsm., hv. þm. Hafnf., færði einmitt fram þau rök í sinni ræðu, að það væru svo margvíslegar vörur, sem nú væru fluttar inn í landið og framleiddar í landinu, að það mætti raunverulega koma við með álagningu á vissan hluta af þeim vörum, sem sé þær, sem sízt væru brýnar nauðsynjar, eins konar stighækkandi skatti, ef ég má orða það svo, — ég held, að ég hafi skilið hans meiningu rétt, — og þetta er alveg rétt. Það eru vissir möguleik-

ar til í slíku, einmitt möguleikar, sem að sumu leyti t. d. núverandi stjórn hefur verið að reyna að fara inn á í sínum tekjuöflunum. Það er hægt að hafa ákaflega misjafna slíka tolla eftir því, hve nauðsynlegar maður álítur vörurnar. En við verðum að gá að því, að allmikið af núverandi tekjustofnum ríkissjóðs er samt skattar, sem leggjast eiginlega næstum því jafnt á allar vörur að heita má. Það eru örfáar undantekningar, t. d. skattar eins og söluskattur, — það eru ekki margar vörur, sem þar eru undanteknar, — þannig að sama „prinsipið", sem verður að endurskoða, ef á að fara að endurskoða tekjuskatts-„prinsipið", er „prinsip" um skatta eins og söluskattinn og annað slíkt. Það er þess vegna alveg gefið, að endurskoðun á þessum möguleikum, hvort hægt sé að afnema tekjuskattinn að einhverju eða öllu leyti, heimtar alveg almenna endurskoðun á allri fjáröflun hins opinbera. Og ég er hræddur um, eins mikið og kvartað hefur verið um viðvíkjandi söluskattinum og ýmsu öðru slíku, að það komi aldrei allt til skila, sem þar sé á lagt, og séu ekki síður umkvartanir í sambandi við slíkt en tekjuskattinn að svo og svo miklu leyti, og þá er ég hræddur um, að það séu nokkuð mörg tillit, sem þarna verður að taka, og þessi endurskoðun sé ekki eins auðveld og menn í fljótu bragði álíta.

Ég held, að óvinsældir tekjuskattsins stafi fyrst og fremst af því, að það hefur verið of mikil tregða við að aflétta tekjuskattinum af því, sem eðlilegt mundi vera að telja þurftartekjur nú á tímum. Ég held, að óvinsældir hans stafi fyrst og fremst af því, að það sé haldið áfram að innheimta tekjuskatt af tekjum eins og 40—50—60 þús. kr., sem eru nú orðnar svo almennar tekjur hjá öllum þorra launþega, að réttarmeðvitund þjóðarinnar gengur raunverulega ekki út frá því lengur, að menn, sem ekki hafa þó hærri tekjur en þetta, eigi að borga skatt.

Ég held þess vegna, að það sé rétt að athuga, þegar um þessi mál er rætt, hvort það sé ekki nær að fara inn á þá breytingu á tekjuskattinum að innheimta hann ekki fyrr en miklu ofar er komið í tekjum en nú er, og það séu þess vegna lagfæringar, sem þarna þurfi á, en alls ekki að afnema hann.

Viðvíkjandi hinu, að lögin séu svo brotin, að annað eins misrétti stafi þarna af eins og vitanlegt er á milli t. d. launþega annars vegar og atvinnurekstrarins hins vegar, þá eru það náttúrlega ekki röksemdir fyrir, að afnema beri lög, þótt brotin séu. Það eru hins vegar sterkar röksemdir fyrir því, að breyta þurfi þarna til, og það álít ég alveg ótvírætt, að lina þurfi þarna á, enda hafa í raun og veru á hverju einasta þingi undanfarið verið uppi kröfur um það og þær kröftugar, að skattar af lágtekjum væru lækkaðir meira, væru raunverulega afnumdir, og ég held, að þeim kröfum mætti einmitt fylgja fastar fram, jafnvel líka einmitt í sambandi við þau frv., sem núna liggja fyrir. Hinu vil ég aftur á móti vara við, að gefast upp við þá framkvæmd á réttri höfuðreglu, sem tekjuskatturinn er, þó að ýmislegt hafi þar aflaga farið og ýmislegt misrétti verið í sambandi við það, að fleygja henni burtu með öllu. Ég efast um, að það verði auðvelt að finna aðrar leiðir, sem séu þó eins mikið í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar og stighækkandi tekjuskattur er, ef hann er réttilega og hóflega framkvæmdur. Og þó að sjálfsagt sé að leita að því að finna út réttmæti í þeim gjöldum, sem lögð eru á vörur, hvort það er kallað tollar, söluskattur eða annað slíkt, þá verður það ekki auðvelt, en ég vona, að það takist smátt og smátt að finna það, að skapa það líka og framkvæma þá höfuðreglu, að stighækkandi, miðað við efni og ástæður, skuli vera það, sem menn greiða í ríkissjóð.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú engin ástæða til á þessu stigi málsins að fara út í efnislegar umr. um till., því að hún fer væntanlega til n., og það er þá hægara að taka þær upp á ný, þegar till. kemur frá nefnd.

En það eru nokkur einstök atriði, sem mig langar þó til að minnast á, bæði til að svara fsp., sem fram hefur verið borin, og minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið í þessum umr.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) bar fram þá spurningu, hvort flm. hefðu gert sér ljóst, hvað ætti að koma í staðinn fyrir þennan tekjumissi, sem ríkissjóður mundi verða fyrir, ef tekju- og eignarskatturinn yrði felldur niður.

Við höfum með vilja, flm., ekki farið inn á það að benda á neinar ákveðnar leiðir í þessu sambandi. En við höfum þó sagt, að þó að það yrði að því horfið að bæta ríkissjóði það upp með óbeinum sköttum eða tollum, þá mundi vera unnt að gera það án þess, að það þyrfti að gerast á þann hátt að verða nokkurs konar baggi — eða mjög mikill baggi — á þá, sem minnsta möguleika hafa til þess að bera þessar byrðar.

Við höfum m. ö. o. látið liggja að því, að við teldum möguleika til að ná þeim árangri í tekjuöflun ríkissjóðsins, sem væri samrýmanlegur okkar hugsjón, þó að það yrði farið inn á þessar brautir, frekar en með því að halda áfram tekju- og eignarskattinum í því formi, sem hann er á lagður nú. Það eru náttúrlega líka ýmsir möguleikar fleiri en að fara út í óbeina skatta, það er t. d. álagning á munaðarvöru eins og áfengi, tóbak og annað þess háttar, og ég veit t. d., að hv. 1. þm. Eyf. mundi ekki setja sig á móti því, þó að áfengisálagningin yrði hækkuð eitthvað lítillega til þess að mæta þessum tekjumissi ríkissjóðsins.

Hann vildi líka halda því fram, þessi hv. þm., að það, að sumir menn lifðu ríkmannlega án þess að greiða nokkra verulega skatta, þyrfti ekki að vera vegna þess, að þeir hefðu tilsvarandi tekjur, sem hærri skattar ættu að greiðast af, heldur lifðu þeir kannske um efni

fram. En ég held, að þeirri skoðun sé nú yfirleitt að vaxa fylgi víða í heiminum, að yfirleitt eigi að skatta eyðsluna, þar sem hún er um hönd höfð, og sérstaklega ef hún er á varningi, sem ekki er nauðsynjavara, og alveg sérstaklega þá, því að hvort sem eyðslan eða munaðurinn eða hvað sem maður nú kallar það stafar af því, að menn hafi háar tekjur, eða af því, að þeir lifa um efni fram, þá á að takast skattur af þeirri eyðslu í ríkissjóðinn, og það er einmitt sú leiðin, sem ég tel rétt að farin sé.

Yfirleitt er ekki mikið um skattsvik, sagði hv. þm., a. m. k. ekki hjá bændum. Mér er það nú ánægja, ef það er ekki þar um neitt slíkt að ræða, sem hann má náttúrlega betur þekkja til heldur en ég. En hv. 9. landsk. þm. (ÓB) upplýsti þó, að hvorki meira né minna en fjórðungur, eða a. m. k. fimmtungur af þjóðartekjunum væri ekki talinn fram til skatts, eða svo að ég hafi alveg nákvæmlega eftir honum, að ef þjóðartekjurnar væru gerðar upp eftir skattframtölunum annars vegar og eftir öðrum leiðum hins vegar, þá væri munurinn þessi. Og þetta eru sannarlega miklar upphæðir, því að ég ætla, að fjórðungur eða fimmtungur af þjóðartekjunum sé upp undir 700—800 millj. kr. eða eitthvað þess háttar, og þá má nú fyrr rota en dauðrota heldur en að 700—800 millj. kr. sé stolið undan skatti.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) talaði vinsamlega um þessa till., og ég er honum út af fyrir sig þakklátur fyrir það eins og öðrum, sem vinsamleg orð hafa látið falla um hana, en hann gerði það á allt öðrum forsendum en þær ástæður gáfu tilefni til, sem ég flutti fyrir till. Hann segir, hv. þm., að tekju- og eignarskatturinn sé notaður til svo mikillar auðjöfnunar, að hann sé þess vegna á móti honum. En það er einmitt vegna þess, að ég tel hann ekki vera notaðan til auðjöfnunar, að ég tel hann tilgangslausan. Ég tel, að með tekjuskattinum séu nú eltir uppi þeir menn, sem ekki á sérstaklega að elta, og þeim mönnum, sem miklar tekjur hafa, en ekki telja þær fram, sé hlíft, að þess vegna eigi að afnema hann og að það sé ekki möguleiki til þess að leiðrétta þetta öðruvísi. Þetta er náttúrlega mismunandi sjónarmið hjá okkur hv. þm., en mín rök fyrir flutningi till. eru alveg öfug við hans.

Hv. 9. landsk. þm. sagði, að erfiðleikarnir við tekjuskattinn væru framkvæmdalegs eðlis, en í eðli sínu væri skatturinn réttlátur, og ég er honum alveg 100% sammála um þetta. Skatturinn, ef hann væri framkvæmdur heiðarlega, fer nákvæmlega í þá átt, sem ég vildi láta leggja skatta á handa ríkissjóði og helzt taka þá alla á þann hátt, ef mögulegt væri. En framkvæmdin hefur orðið svo, að þetta hefur alveg snúizt við í höndum þeirra, sem áttu að framkvæma það, og það hefur snúizt svo hatramlega við, að þetta hefur verkað nánast öfugt við það, sem til var ætlazt í upphafi. Ég tel, að í orðum hv. 9. landsk. og hv. 3. þm. Reykv. hafi komið fram nokkuð sama hugsunin og sú, sem vakir fyrir mér, að réttlátasta tekjuöflunin í ríkissjóðinn væri sú, sem tæki hærri gjöld og hærri skatta af þeim, sem meiri möguleika hafa til þess að láta þessa skatta í té. En eins og framkvæmdin hefur orðið og eins og líkur eru til að framkvæmdin verði á tekjuskattslögunum, þá þjóna þau alls ekki lengur þessum tilgangi.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi reyna að hressa upp á þetta allt saman með því að breyta t. d. bókhaldslögunum, breyta ýmiss konar eftirliti og öðru þess háttar, en ég er hræddur um, að honum muni veitast það ákaflega erfitt.

Tekjuöflun margra manna — og margra félaga reyndar líka — er þannig, að það er ómögulegt að henda reiður á henni. Ef menn yfirleitt vilja fara á bak við og vilja telja fram öðruvísi en rétt er, þá geta þeir það, hvernig sem eftirliti þessu verður hagað. Og það er þess vegna, sem ég hef ekki séð nokkra leið til þess að betrumbæta kerfið. Ef hann getur bent mér á einhverja örugga leið, til þess að tekju- og eignarskatturinn verði heiðarlega á lagður, þá skal ég vera fyrsti maðurinn til þess að taka upp aftur fyrri afstöðu til málsins og berjast fyrir því, að gamla kerfinu verði við haldið. En það er einmitt vegna þess, að ég tel litinn eða engan möguleika á því, að þetta verði hægt að gera, sem málin hafa tekið þessa stefnu.

Ég hjó eftir því hjá hv. 3. þm. Reykv., að hann teldi, að erlendis ylli þessi framkvæmd tekjuskattsins litlum eða engum erfiðleikum. En þetta stingur þó í stúf við þær upplýsingar, sem hv. 9. landsk. gaf hér áðan, því að mér skildist, að hann hefði þá sögu að segja, að mismunurinn í framtöldum tekjum og raunverulegum tekjum væri mjög svipaður erlendis og hér, þannig að ég held, að það sé ekki því að fagna, að við séum einhverjir eftirbátar í því að framkvæma lögin réttilega og öðrum hafi tekizt þetta miklu betur, heldur sé nákvæmlega sömu söguna að segja erlendis og hér, að það sé farið í kringum þessa tekjuöflunaraðferð á svo grófan hátt, að það sé ekki viðunandi; og það veit ég með vissu, að erlendis eru víða þær skoðanir uppi, að þessi tekjuöflunaraðferð sé að verða óhæf vegna þess, hversu hún sé misnotuð.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á það, að menntmrh. hæstv. hefði verið hér fyrir nokkrum dögum að ræða um afnám tolla í sambandi við fríverzlunina og það væri nú í því nokkur mótsögn, að við vildum afnema tekjuskattinn á einu leytinu og láta koma tolla í staðinn, ef ekki fyndist annað, en tala svo aftur um þann möguleika, að við tækjum þátt í fríverzlunarsamtökum þjóða og mundum þá verða að fella tollana niður. Hv. þm. man sjálfsagt eftir því, að þegar hæstv. menntmrh. lagði þetta mál fyrir um fríverzlunina, án þess að ég skuli fara neitt út í það, þá gerði hann mjög skýran greinarmun á tvenns konar tollunum, þ. e. fjáröflunartollum annars vegar og verndartollum hins vegar. Og það, sem kemur til greina í fríverzlunarsamningnum, hef ég látið mér skiljast, að sé eingöngu það, að það eru

verndartollarnir, sem verða að falla niður, en fjáröflunartollar ríkisvaldsins eru jafnfrjálsir og áður, aðeins ef vara, sem framleidd er innanlands, lendir í jafnháum tolli og sú, sem inn er flutt. Þetta er náttúrlega allt annað en að afnema tollana.

Ég er alveg samþykkur hv. þm. um það, að nefskattar eru óbilgjörnustu skattar, sem hægt er að hugsa sér og að þá beri að afnema. En ég held, að réttlátasta tekjuöflun, sem hægt er að hugsa sér, sé sú, að neyzluvörurnar verði tollaðar stighækkandi eftir því, hvað þær eru metnar þarfar eða óþarfar. Ef mögulegt er að gera „systemið" þannig úr garði, að aðalneyzluvörurnar eða brýnustu neyzluvörurnar verði lágt eða ekkert tollaðar og síðan lagðir á vörurnar hærri og hærri skattar, eftir því sem telja verður þær ónauðsynlegri, og allra hæstir á þær, sem kannske eru taldar skaðlegar, eins og áfengi og tóbak og annað þess háttar, þá væri það æskilegast frá mínu sjónarmiði. Þá borga menn fyrir það, sem þeir njóta eða neyta, og öll ágizkun eða vanmat eða rangmat á greiðslugetu manna hlýtur þá að hverfa, því að þá kemur gjaldið í ríkissjóðinn beinlínis af þeirri neyzlu, sem menn veita sér, og þá geta menn eingöngu kennt sjálfum sér um eða þakkað sér, — hvernig sem maður orðar það, — hver greiðslan í ríkissjóðinn verður, því að þá verður hún í hlutfalli við það, sem þeir eyða. Ég er ekki að segja, að þetta verði nú kannske niðurstaða nefndarinnar, heldur er hér aðeins um mína persónulegu skoðun að ræða.

Ég vona, að hv. alþm. verði mér sammála um að láta þetta fara í athugun og að sú n. eða þeir aðilar, sem málið fá til athugunar, eyði í þetta góðum tíma og taki málið upp á kannske enn víðari grundvelli en till. gerir ráð fyrir. Það mætti að einhverju leyti verða til þess, að þeir gætu komið inn á tekjuöflun ríkisins almennt í sambandi við þetta, og mundi ég telja það vel og sem sagt vonast til, að málið fái að ganga fram á þeim grundvelli.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég þakka hv. aðalflm. þessarar till. fyrir það, að hann hefur gert nokkra tilraun, að því er virðist, til þess að svara fsp. minni um það, hvað ætti að koma í staðinn fyrir tekjuskattinn, ef hann yrði afnuminn. En hann gleymdi nú atriði, sem ég tel vera nokkuð þýðingarmikið í þessu sambandi og ég hafði þó minnzt á, og það var það, að það væri ekki einasta, að það þyrfti að finna tekjustofna í staðinn fyrir tekjuskattinn, heldur í það, sem ríkissjóð og útflutningssjóð vantar nú, til þess að þessir sjóðir standist þetta ár. Hann sagði, að það, sem ætti að koma í staðinn, væru tollar á lúxusvörur, aðallega áfengi og tóbak. Ég held, að áfengi og tóbak sé orðið það dýrt nú þegar, að ef það ætti að taka svona 300 millj. kr. af því einu, 100 millj. í staðinn fyrir tekjuskattinn og kannske 200 millj. í það, sem nú vantar, þá þrátt fyrir allt færu fáir að kaupa áfengi og tóbak. Náttúrlega mundu sumir drekka eftir sem áður, en þeir mundu brugga og smygla, þegar áfengið væri orðið svo dýrt. Það er alveg gefið. Brennivínsflaskan er nú víst orðin 125 kr., viskíflaskan eitthvað töluvert á þriðja hundrað krónur. Ég trúi ekki á, að það yrðu margir, sem notuðu þessar vörur, þ. e. a. s. frá landsverzluninni, eftir að búið væri að þrefalda þetta í verði að minnsta kosti. Ég hef því ekki góða trú á þessu, hreint ekki, því að það er nefnilega það, sem gert hefur verið á undanförnum árum, það hefur alltaf verið reynt að leggja tollana aðallega á það, sem menn kalla lúxusvörur. Einhver takmörk hlýtur það að hafa. Þar að auki er sú alda uppi í landinu hvað áfengið snertir, að bezt sé að losna við það með öllu, kannske með áfengisbanni, og ef það kæmist á, yrðu litlar tekjur af því. — Annars er það töluvert breytilegt, hvað eru kallaðar lúxusvörur. Það eru ekki nema nokkrir áratugir síðan tollar voru að vísu á áfengi og tóbaki, og þar næst á kaffi og sykri, sem þá voru kallaðar lúxusvörur og eru það að því leyti til, að það þarf enginn maður kaffi og sykur sér til lífsviðurhalds. En þetta eru kallaðar nauðsynjavörur nú.

Út af því, að ég gerði ekki ýkja mikið úr skattsvikunum, benti hann á það, að það mundu vera um 800 millj. kr. af þjóðartekjunum, sem ekki kæmu fram í skattaframtalinu. Ég skal játa, að ég er ekki ákaflega vel að mér í því, hvernig þetta er reiknað út, en það hygg ég þó, að það sé nokkuð af þjóðartekjunum, sem ekki kemur fram á skattaframtali á alveg eðlilegan hátt, m. ö. o.: það eru ýmsir, sem hafa þó nokkrar tekjur, sem alls ekki greiða skatt og jafnvel ekki eru framtalsskyldir. Mig minnir, að vaxtatekjur t. d. séu það ekki, og ég hygg, að það sé mjög vafasamt, að tekjur, sem skólafólk aflar sér á sumrin, komi nokkuð fram í þessu efni, skattaframtali. Ég er ekki skattanefndarmaður og veit ekki nákvæmlega um þetta, en ég efast alveg um, að allt þetta fólk telji fram til skatts, eða sé ætlazt til, að það telji fram. Þó kann það að vera. En áreiðanlegt er hitt, að það geta verið tekjur, sem ekki er eðlilegt að komi þarna fram, svo að ég er alls ekki viss um, að þessar 800 millj. kr. séu allt saman skattsvik.

Ég verð því miður að segja það eftir að hafa heyrt svar hv. 1. flm. við minni fsp., að mér finnst það ekkert svar vera. Ég er ekkert á móti því, eins og hann gat nú til að ég mundi ekki vera, að lúxusvörur séu tollaðar, en ég er bara ákaflega hræddur um, að við fáum nóg af því að tolla þær og vörur yfirleitt nægilega til þess að fylla í það skarð, sem nú er fyrir hendi, þó að missir tekjuskattsins bætist ekki við. Þess vegna vil ég óska þess, að hann geri betur, svari þessu ýtarlegar og svari því eins og ég spurði: Hvað á að koma í staðinn, þegar búið er að sjá fyrir þeim tekjum í ríkissjóð og útflutningssjóð, sem nú vantar?

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. blandar hér saman tveim algerlega óskyldum atriðum, sem sé lausn þeirra efnahagsvandamála, sem nú standa fyrir dyrum, og því, hvað fá skuli í staðinn fyrir þann tekju- og eignarskatt, sem nú er á lagður, ef hætt yrði við að taka hann. Lausn efnahagsvandamálanna nú á næstunni getur verið á þennan veg og hún getur verið á hinn veginn. Hvorugur veit nokkuð um það. T. d. vil ég alls ekki slá því föstu á þessu stigi málsins, að lausn þeirra mála verði endilega á þann hátt, að óbeinu skattarnir verði hækkaðir til þess að ná því, sem þarf í mismun ríkissjóðs og útflutningssjóðs. Náttúrlega er þessi leið til, og ég skal ekkert segja um það, hvort hún er betri eða verri en aðrar, sem fyrir liggja. En það er engan veginn hægt fyrir hann að slá því föstu á þessu stigi málsins, hvort þetta verður gert á þennan hátt, og á alls ekki að blanda þessu tvennu saman, því að væntanlega verður lokið við að brúa bilið hjá útflutningssjóði og ríkissjóði löngu áður en þessi nefnd, sem tekjuskattinn á að athuga, tekur raunverulega til starfa. Ég vil þess vegna ekki telja, að það sé um neinar 300 millj. að ræða í sambandi við þetta mál. Það getur verið nógu erfitt samt, og ég viðurkenni það með hv. þm., að það geta verið erfiðleikar að ná saman þessum endum. En að það sé óhugsandi og ómögulegt, það vil ég alls ekki láta hann segja mér.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. í sambandi við þær tölur, sem ég nefndi í fyrri ræðu minni og hér hafa dálítið verið ræddar, m. a. í sambandi við aths., sem hv. 1. þm. Eyf. gerði í sambandi við það mál. Það, sem hér var um að ræða, er það, að Hagstofa Íslands hefur um alllangt skeið gert upp þjóðartekjurnar á grundvelli skattframtala. Þar eru einnig taldar þær tekjur í skattframtölum, sem skattur hefur ekki verið lagður á, og áætlað í eyðurnar, eftir því sem unnt er. Hin aðferðin er sú að gera þjóðartekjurnar upp eftir verðmæti framleiðslunnar, svo sem gert hefur verið eftir stríðið. Þegar þetta tvennt hefur svo verið borið saman, hefur það komið í ljós, að þjóðartekjurnar skv. skattframtölum voru um 20—25% lægri en ef gert var upp eftir hinni aðferðinni, þannig að þetta skýrist ekki með því, að tekjur, sem ekki eru skattskyldar, séu ekki taldar með. Annað mál er það náttúrlega, að það getur verið einhver hluti af þessum tekjum, sem ekki kemur fram, og má telja víst, að einhver hluti af þeim muni ekki vera skattskyldur. En telja verður víst, að það sé ekki nema lítill hluti, m. a. af því, að ástæða er til þess að ætla, að þeir, sem hvort sem er koma ekki til að greiða í skatt, telji samvizkusamlegar fram en hinir. — Ég vildi aðeins að gefnu tilefni upplýsa þetta.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hér hafa ýmsar merkar upplýsingar komið fram, sem mikilsvert er að menn geri sér grein fyrir, þ. á m. ekki síst sú yfirlýsing hv. 1. þm. Eyf., sem er einn aðalráðamaður í stjórnarliðinu, forseti Ed. og formaður fjhn. þar, að það vanti 200 millj. kr. upp á fjárlög og útflutningssjóð, til þess að ríkið og útflutningssjóður verði hallalaus á þessu ári. Þetta er mjög mikilsvert, að þessi upplýsing skuli gefin.

Þá er það einnig mjög mikilsvert, að hv. þm. spyr 1. flm. að því, hvernig hann ætli að ná þeim 100 millj. kr., sem þurfi til að bæta upp tekjuskattinn til viðbótar þessum 200 millj. kr.

Þeirri spurningu er auðvitað ekki hægt að svara, fyrr en skýrt er frá því, hvernig þessum 200 millj. kr. eigi að ná. Nú segir að vísu hæstv. forseti Sþ., annar aðalráðamaður stjórnarliðsins, að hvorugur þeirra viti neitt, hvernig þessa fjár eigi að afla, og er þó komið fram í miðjan marz og tekjurnar eiga að notast á þessu ári, og er svo að skilja sem hér sé um algeran leyndardóm að ræða. Af orðum hv. 1. þm. Eyf. verður aftur á móti ekki skilið annað en hann viti, hvernig teknanna eigi að afla, og vildi ég því ekki láta það tækifæri ónotað að biðja hann um að gefa okkur upplýsingar um svo mikilsvert mál.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur ekki heyrt þau orð, sem ég sagði hér fyrr, það var auðheyrt á því, sem hann sagði. Ég sló engu föstu um það, að það vantaði 200 millj. kr. í ríkissjóð og útflutningssjóð. Ég sagði, að það vantaði fé í þessa sjóði, menn greindi á um, hvað það væri mikið, ég gæti haldið jafnvel 200 millj. kr., en sumir segðu minna. Ég hef ekki gefið neinar upplýsingar um það, að það vantaði 200 millj., þó að ég kæmist svo að orði áðan, hvernig hv. þm. Hafnf. ætlaði að ná 100 millj. í staðinn fyrir tekjuskattinn til viðbótar kannske — ég sagði: kannske — 200 millj. í hina sjóðina. Það er alger misskilningur, að ég slægi nokkru föstu um það, hvað mikið fé vantaði. Og það er vitanlega enginn algildur dómur til um það, það fer eftir mati manna, hvað þeir telja forsvaranlegt að leggja upp með. En hitt fullyrði ég, að það vantar fé. Það vita allir þingmenn og hv. 1. þm. Reykv. eins og aðrir. Við skulum segja, að það sé ekki nema 100 millj., við skulum segja það. Svo eru 100 millj. aðrar í staðinn fyrir tekjuskattinn. Ja, mér er spurn: Hvernig á að ná því með tollum á lúxusvörur, eins og hv. þm. Hafnf. taldi að ætti að gera einna helzt? Ég álít, að jafnvel tollur á lúxusvörur hafi sín takmörk, hvað þýði að leggja á þær háa tolla, einmitt lúxusvörur, sem menn geta án verið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er ljóst, að hv. 1. þm. Eyf. hefur hér ljóstrað upp leyndarmáli, sem ekki átti að komast upp á þessu stigi málsins, og hann vill nú mjög draga úr yfirlýsingu sinni áðan. Þingheimur

heyrði það glögglega, að hv. þm. sagði, að það væri varlega áætlað — varlega áætlað — að ef 100 millj. þyrfti að afla í staðinn fyrir tekjuskattinn, þá þyrfti að afla 300 millj. kr. alls. Þetta heyrði þingheimur allur, og þetta var einnig sú tala, sem hæstv. forseti Sþ. notaði, þegar hann svaraði þm. áðan. (**BSt:** Þetta er tilbúningur.) Ja, það er tilbúningur, sem hv. þm. getur þá lesið í þingræðunni, þegar þar að kemur. Ég skal lúta þeim dómi, en treysti því þá, að hv. þm. breyti ekki því, sem hann sagði. En látum það vera, að hann segi, að menn greini á um það, hvort það þurfi 100 millj. eða 200 millj. En ekki er óeðlilegt, að þingmenn spyrji og þjóðin með, þegar komið er fram í marz og þegar hv. formaður fjhn. Ed., forseti þeirrar göfugu, varfærnu deildar, gerir þetta mál að umræðuefni, þá segi hann okkur sína eigin skoðun, láti ekki nægja að segja, að sumir segi 200 millj. og aðrir segi 100 millj. Hverjir eru þessir sumir, sem segja 100 millj., og hverjir eru þessir sumir, sem segja 200 millj.? Það er ekki alveg óeðlilegt, að þegar fjármálastjórn ríkisins er með þessum hætti og það er svo á reiki um miðjan marzmánuð þess árs, þegar teknanna á að afla, að menn vilji fá nokkru gleggri grein fyrir því, hvernig ástandið er. Hitt má segja, að ef þeir eru ekki komnir lengra en það, að enn er deilt um, hvort það séu 200 millj. eða 100 millj., sem vanti, þá sé öllu óvissara, hvernig eigi að afla fjárins. En ég verð þó eftir sem áður að halda mér að því, að hv. 1. þm. Eyf. hefur ekki rétt til þess, að aðrir svari þeirri spurningu, hvernig eigi að afla 100 millj. kr. til viðbótar, fyrr en hann sjálfur segir okkur, hvernig hann ætli að afla peninganna til þeirra 100 eða 200 millj. kr., sem hann viðurkennir að vanti á nú þegar. Ég tel víst, að fylgjendur þessarar till., en ég er einn þeirra, þó að ég sé ekki upphafsmaður hennar hér, séu reiðubúnir til þess að svara seinni spurningunni, þegar hv. 1. þm. Eyf. er búinn að gera grein fyrir því, sem fjmrh. átti að svara strax í október, þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fyrir.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 278, n. 573 og 590).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ef gerður er samanburður á fjárl. nú og fyrir 10—15 árum, þá er það ljóst, að inni á fjárl. er mikið af útgjaldaliðum og það af háum útgjöldum, sem ekki var til á þeim í þann tíð. Kröfur til ríkisins hafa farið mjög ört vaxandi, bæði um það, að ríkið aðstoðaði menn og hreppa með tryggingum og veitti þeim margs konar þjónustu. Þessi stefna hefur leitt til þess, að ríkið hefur og orðið að sækja til þegnanna þær tekjur, sem þarf til þess að standa straum af þessum útgjöldum. En þegar sú leið hefur verið farin, hefur og komið önnur krafa, og hún er sú að létta nú af þegnunum aftur þeim álögum, sem á þá hafa verið lagðar, og m. a. er á ferðinni hér ein till., sem gengur í þá átt, um það að afnema tekjuskattinn.

Á þskj. 278 er till. til þál. um afnám tekjuskatts. Sú till. gerir að vísu ráð fyrir því, að það séu athugaðir möguleikar á því, að þetta sé gert. En það kom fram í 1. umr. þessa máls hér á hv. Alþ., að hugsað var, að þetta væri framkvæmanleg leið.

Fyrir því, að farið er fram á það eða hugsað er til þess að hverfa að því ráði, að tekjuskattur verði afnuminn, voru aðallega fjögur atriði, sem fram voru talin í fyrstunni: Í fyrsta lagi, að tekjuskatturinn hefði ekki reynzt sá skattstofn, sem hugsað hafði verið, þegar hann var á lagður, framtöl manna væru ekki eins rétt og þyrfti að vera, til þess að þeir bæru byrðarnar í hlutfalli við tekjur sínar, eins og hugsað væri, mikil vinna væri samhliða því að leggja skattinn á og sumir menn hættu störfum, vegna þess að laun þeirra væru orðin það há, að skatturinn tæki mikinn hluta af þeim.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að enda þótt tekjuskatturinn sé ef til vill ekki eins mikill hluti af ríkistekjunum og gert var ráð fyrir í fyrstu, þá er hann þó rösklega áttundi hluti af þeim samkvæmt núgildandi fjárl., og ég hygg, að hann verði kannske rúmlega það.

Það er rétt, að framtölin eru ekki sem skyldi. En ég tel, að það sé varasöm stefna, þegar þannig er ástatt, að þegnarnir bregðast því, sem til er ætlazt, að leysa þá þá af hólmi með því að afnema lögin — í þessu tilfelli skattinn vegna þeirra, sem hafa svikið hann. Ég held, að það væri betra að reyna að koma þeim málum fyrir á þann veg, að menn fölsuðu ekki eins skattframtöl sín og nú er reiknað með að gert verði.

Fjvn., sem fékk þetta mál til athugunar, fékk skattstjórann í Reykjavík á sinn fund. M. a. var þar rætt um það, hversu mikil vinna væri samhliða skattframtölum. Það kom í ljós, sem vitað var, að þó að ríkið hætti að innheimta tekjuskatt, þá mundi verða að láta fram fara skattframtöl, þar sem bæjar- og sveitarfélög yrðu að byggja sína tekjuöflun á þeim. Þess vegna var það að dómi skattstjórans í Reykjavík ekki víst, að hér yrði um mikinn mun að ræða á vinnu, þó að ríkið hætti að innheimta tekjuskatt. Það er þá líka til staðar möguleiki til þess að reyna að falsa sitt framtal, þar sem bæirnir héldu áfram að leggja sín útsvör á samkvæmt framtölum manna.

Það virðist vera eðlileg leið til þess að forða frá því, að menn hætti að vinna vegna tekjuskattsins, að tekjuskattinum væri breytt

frá því, sem nú er, og það er mín persónulega skoðun, að það ætti að gera. Það er t. d. mjög óeðlilegt að leggja tekjuskatt á þurftarlaun manna, og ég held, að með persónufrádrættinum hafi það verið hugsað, að svo væri ekki gert.

Ég hef drepið á þau helztu atriði, sem mér virðast hafa verið dregin fram þessu máli til stuðnings.

Eins og fram kemur á þskj. 573 og 590, var fjvn. ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Minni hl. vildi samþ. till. óbreytta, en við, sem meiri hl. skipum, teljum það ekki rétt og viljum vísa málinu til ríkisstj. Við álítum, að það sé ekki hægt að órannsökuðu máli að leggja til, að tekjuskatturinn verði felldur niður, án þess að vitað sé, hvernig ætti að brúa það bil, sem ríkið mundi missa í tekjum sínum með því. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ríkið hefur heldur vantað tekjur heldur en hitt, og við sjáum ekki, að það mundi finnast heppilegri leið til tekjuöflunar fyrir ríkið heldur en þó tekjuskatturinn, þótt gallaður sé vegna framkvæmdanna.

Það er líka skoðun meiri hl., að það sé eðlilegt, að ríkisstj. marki á hverjum tíma stefnu um það, á hvern hátt eigi að afla þess fjár, sem þarf til þess að annast ríkisrekstur, og a. m. k. eigi ríkisstj. að hafa forustu um það, ef eigi að hverfa frá fyrri stefnu um tekjuöflunina.

Samkvæmt framansögðu leggjum við í meiri hl. til, að þessari till. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Ég hygg, að það muni flestir vera sammála um það, að tekjuskattar séu í sjálfu sér réttlátir og hafi ýmsa kosti sem tekjustofn fyrir ríkissjóð. A. m. k. ætla ég, að það sé skoðun flutningsmanna þáltill., sem nú er á dagskrá. En þetta eitt út af fyrir sig nægir ekki. Fyrir hendi þarf að vera hæfilega greiður möguleiki til þess að framkvæma tekjuskattslögin og tekjuskattsheimtuna, þannig að sú hlið málsins valdi því ekki, að tekjuskatturinn verði svo ranglátur að lokum, að hvergi verði við unað.

Reynslan hefur leitt það í ljós um hálfan fjórða áratug, sem tekjuskattar hafa verið í lögum á landi hér í þeirri mynd, sem þeir eru nú, eða a. m. k. samsvarandi mynd, að örðugleikar við framkvæmd skattaálagningarinnar eru slíkir, að tekjuskattslögin eru að verulegu leyti sniðgengin af hálfu skattgreiðenda, sem æði margir hafa aðstöðu til slíks. Þetta er raunar ekki aðeins talin staðreynd hér á landi, heldur mun vera svipað ástatt um þetta í öðrum löndum. Ýmsir hópar manna — jafnvel heilar stéttir — hafa þannig aðstöðu, að engin leið er að komast að raun um tekjur þeirra, og þetta eru í ýmsum tilfellum hópar manna með mjög háar tekjur. Skattayfirvöldin hafa ekki aðstöðu til að staðreyna sannleiksgildi framtala þeirra. Þetta ætla ég að öllum sé kunnugt um og þurfi ekki að fjölyrða öllu frekar um.

Í þessu sambandi vil ég þó aðeins minna á það, að það er talið mjög algengt í húsaleigusamningum manna á milli, a. m. k. hér í Reykjavík og ef til vill víðar, að leigusali áskilur sér í samningnum, að leigutaki gefi ekki upp til skatts nema einhvern hluta af leigunni, og vafalaust er unnt að tilfæra eða benda á misferli í sambandi við framtal tekna á mörgum fleiri sviðum. Fróðir menn telja, að fimmti til fjórði hluti þjóðarteknanna komi ekki fram í skattframtölum, og þar er um að ræða mörg hundruð milljónir króna. Ég skal að vísu ekki staðhæfa, að þetta sé rétt, en hvað sem því líður, þá er vafalaust hér um að ræða mjög háar fjárhæðir. Af þessu stafar biturt ranglæti gagnvart skattgreiðendum, sem telja rétt fram tekjur sínar, nauðugir eða viljugir. Og þar sem þetta er á almenningsvitorði, stafar einnig af því beiskja og gremja þessara skattgreiðenda út af augljósu ranglæti, sem þeir verða að þola, og þeim, sem æði oft hafa lægri tekjur, svíður það eðlilega, að þeir eru óbeinlínis látnir greiða skatt fyrir þá, sem svíkja undan skatti. Þetta verður væntanlega til þess, að þegar þeir, sem telja, að með sig sé þannig farið, fá tækifæri til að fela einhvern hluta af tekjum sínum, þá þykjast þeir hafa rétt til þess. Og þannig hefur hin misheppnaða framkvæmd skattalaganna spillt öllu skattgreiðendasiðferði. Með þessu er ég að sjálfsögðu ekki að halda því fram eða staðhæfa það, að allir séu með þessu marki brenndir, en ég held því miður, að þeir séu allt of margir.

Það vill svo til, að ég hef verið rúm 20 ár formaður skattanefndar eða yfirskattanefndar, og auk þess hef ég verið um 13—14 ár innheimtumaður ríkissjóðs um beina og óbeina skatta. Ég hef því ekki komizt hjá því að hafa beint samband við fjölda manna um þessi efni og kynnast viðhorfi þeirra og þykist því ekki með öllu ófróður um þetta.

Hér höfum við með öðrum orðum lög, sem mikill fjöldi manna — a. m. k. drjúgur hluti skattþegnanna — virðir ekki og sniðgengur meira eða minna og framkvæmdavaldið ræður ekki við, því að það hefur engin tök á að hafa hendur í hári þeirra, sem lögin brjóta.

Jafnan þegar svo ber við um ákveðna löggjöf, er full ástæða til að staldra við og athuga, hvernig við skuli bregðast. Slíkt ástand er til þess fallið að brjóta niður fjárhagslegt siðferði og ábyrgðartilfinningu, og þegar um skattalög er að ræða, er það því varhugaverðara sem það varir lengur. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða neina nýja uppgötvun. Mönnum hefur árum og áratugum saman verið ljóst, að hér voru vankantar á, sem hættulegir og hvimleiðir voru. Hvað eftir annað hefur verið gerð tilraun til þess að ráða bót á þessu með meira eftirliti í skattendurskoðuninni. Fjöldi manna vinnur við það verulegan hluta úr árinu að endurskoða skattframtöl og reikna út skatta, og kostar slíkt

að sjálfsögðu háar fjárhæðir. Að sjálfsögðu vinna þessir menn þarft verk og halda ýmsu til skila, sem ella kæmi ekki fram. En þrátt fyrir það hafa þeir enga aðstöðu til að gera verkefni sínu þau skil, sem duga, og enn hefur ekki, að ég ætla, verið bent á fullnægjandi leið til þess, að slíkt sé framkvæmanlegt.

Þetta ástand, sem ég hef nú lítils háttar rætt um, teljum við, sem skipun minni hl. fjvn. og stöndum að nál. á þskj. 573, fullnægjandi rök fyrir því, að nú sé staldrað við og rannsakað í fullri alvöru, hversu við eigi að bregðast.

Engar líkur eru til þess, að hægt sé að ráða bót á framkvæmd laganna, enda væri það löngu búið, ef unnt væri talið, og þegar svo er háttað, er eðlilegur hlutur, að næst verði hugleitt, hvort ekki sé hægt að afnema lögin með öllu eða a. m. k. fella niður tekjuskatta. Hér er um að ræða tekjustofn fyrir ríkissjóð nokkuð yfir 100 millj. kr., þ. e. a. s. tekju- og eignarskatturinn mun nema þeirri upphæð, en tekjuskatturinn einn væntanlega ca. 100 millj. Nú er það vitað mál, að eins og er, þá þarf ríkissjóður á þessu fé að halda, og verður tekjuskatturinn því ekki að svo stöddu felldur niður, án þess að aflað sé samsvarandi upphæðar í ríkissjóð í staðinn með einhverjum hætti. Ef þessa þyrfti ekki með, væri þáltill. óþörf. Þá mætti leggja fyrir Alþ. frv. til laga um afnám tekjuskattsins. En þar sem slíkt nægir ekki og fjárins þarf að afla, sýnist eðlilegast, að ríkisstj. fái kunnáttumenn til þess að rannsaka, hvernig skynsamlegast sé að afla samsvarandi fjárhæðar í ríkissjóðinn, — hverjar leiðir séu líklegastar í því efni.

Það hefur annars verið að því fundið, að ekki hefur verið bent á leiðir til þess að afla fjár í ríkissjóð í stað tekjuskattsins, til þess að hægt verði að fella hann niður. Ég held, að þessar aðfinnslur séu ástæðulausar. Þó að þáltill. yrði samþ., nægir það eitt ekki til þess að afnema tekjuskattinn, enda verður slíkt ekki gert með þáltill.

Það, sem í till. felst, er einungis það, að ríkisstj. láti kanna möguleika til þess, að svo verði gert. Slíkir möguleikar yrðu að sjálfsögðu bezt kannaðir af kunnáttumönnum um beina og óbeina skatta, en skattkerfi okkar er flókið og margþætt og ekki hverjum og einum sem opin bók. Með þeim hætti gæti hæstv. ríkisstjórn markað stefnuna um það, á hvern hátt fjárins yrði aflað, sem ríkissjóður þarfnast, eins og hv. meiri hl. fjvn. telur rétt og eðlilegast að ríkisstj. geri.

Minni hl. fjvn., sem stendur að nál. á þskj. 573, hefur ekki talið ástæðu til að benda sérstaklega á ákveðnar leiðir, sem farnar skuli til þess að afla fjár í stað tekjuskattsins, ef hann yrði lagður niður. Um það efni er eðlilegt að kunnáttumenn og sérfræðingar, sem ríkisstj. fengi þar til, létu í té álit og tillögur, en að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að þá yrðu valdar þær skattlagningaraðferðir, sem vekja mundu minnsta tortryggni og andúð, þar sem fullkomnustu eftirliti yrði við komið og á sem ódýrastan hátt.

Þáltill. fer aðeins fram á, að þessir möguleikar séu rannsakaðir gaumgæfilega, og þegar slík könnun hefur farið fram, yrði að sjálfsögðu tekin afstaða til málsins, hvort tekjuskatturinn skyldi lagður niður eða ekki. Um slíkt er ekki að ræða í dag, heldur aðeins mælzt til þess, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta kanna þessa hluti gaumgæfilega.

Í þáltill. er einnig farið fram á, að kannaðir verði möguleikar til þess, að opinber gjöld verði innheimt af launum, jafnóðum og þau eru greidd, þ. e. að tekin verði upp „pay-as-you-go"-reglan um skattheimtu, sem tíðkast sums staðar erlendis. Á þessari innheimtuaðferð eru nokkrir framkvæmdaerfiðleikar, en kostirnir eru svo augljósir, að vert er, að þetta mál verði vandlega athugað.

Meiri hl. fjvn. hefur lagt til, að þáltill. verði vísað til ríkisstj. Í því felst það raunverulega og samkvæmt viðteknum skilningi, að málið yrði fellt. Í því felst það að mínum dómi, að meiri hl. fjvn. er ánægður með tekjuskattinn og framkvæmd tekjuskattslaganna og telur enga ástæðu til, að rannsókn verði á því gerð, hvort ekki sé tiltækilegt að finna nýjar leiðir í þessum efnum, sem ekki eru eins hrópandi ranglátar og sú, sem nú er farin. Í því felst það einnig, að meiri hl. fjvn. telur enga ástæðu til þess, að athugun fari fram um það, hvort ekki sé rétt að taka upp „pay-as-you-go"-regluna í skattheimtu yfirleitt, ef það þætti koma í ljós, að með því yrði skattheimtan öruggari og betur við hæfi skattgreiðenda en nú tíðkast. Slík er afstaða meiri hl. fjvn. Ég held, þó að nokkrir mánuðir séu liðnir síðan þessu máli var vísað til fjvn., hafi þessi hv. meiri hl. n. ekki kynnt sér eða ekki hugsað málið nægilega vel. Málið er vissulega stórt og þýðingarmikið, en ekki á þann veg, að það sé ástæða til að skelfast það.

Við, sem skipum minni hl. fjvn., hv. þm. Borgf., hv. þm. V-Sk., hv. 2. þm. Eyf. ásamt mér, teljum fulla ástæðu til að gefa málinu frekari gaum og leggjum til, að þáltill. verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að tala hér langt mál í sambandi við þetta, en ég dreg í efa, að það væri heppileg stefna að afnema löggjöf fyrir það, að það hefur ekki tekizt reglulega vel að framkvæma hana.

Því var haldið hér fram á Alþ. fyrir stuttu í sambandi við annað mál, að það væri hægt að forða mönnum frá vanskilum með því að gefa þeim eftir skuldir. Nú er hægt að forða mönnum frá skattsvikunum með því að innheimta engan skatt hjá þeim. Og ég er ekki alveg viss um, að það mundi verða heppilegt og þjóðfélagið mundi þola það, ef þannig væri á málum tekið, að ef einhverjum hópum manna tækist að svíkjast aftan að lögunum,

þá ætti bara að afnema lögin, en ekki gera annað. Ég held, að það, sem þyrfti frekar að gera í þessu, væri að gera þessi lög auðveldari í framkvæmd en verið hefur og með því móti að koma í veg fyrir, að skattsvik ættu sér stað, en ekki afnema þau. Ég er heldur ekki búinn að sjá það, að við mundum finna annað form, sem betur hentaði og ekki væri þá hægt að sniðganga einnig.

Eins og fram kemur í áliti meiri hl., er það skoðun hans, að málið sé ekki á því stigi, að það sé þess vegna ástæða til að fá neina viljayfirlýsingu frá Alþ. um það og ríkisstj. geti haft forustu í málinu, ef henni sýnist svo, og þess vegna sé eðlilegt, að hún fái að fjalla um það.

ATKVGR.
Till. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 590 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 22:20 atkv.
Tillgr. samþ. með 22:14 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 22:12 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 600).

25. Brúargerð yfir Borgarfjörð.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsókn á brúargerð yfir Borgarfjörð [129. mál] (A. 261).

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fá mál hafa vakið meiri almennan áhuga á landi hér en samgöngumálin. Það er heldur ekki undarlegt, því að þjóð, sem býr í strjálbýlu landi, þarf mikið á samgöngum að halda. Íslendingar hafa líka á síðari árum miðað búskap sinn við viðskiptabúskap, og hefur því samgöngukerfið og þróun í þeim málum verið þeim gleðiefni.

Á síðari árum hefur verið gert meira átak í samgöngumálum en menn hafði áður grunað. Það, sem að dómi manna þá var talið ókleift, er nú talið smámunir einir, og við höfum náð meiri árangri í samgöngumálum en við létum okkur detta í hug í þann tíð.

Þegar við erum nú búnir að ná fyrstu áföngunum í samgöngumálum á landleiðum, ber að stefna að því leysa annan áfanga, sem verður að stytta leiðir milli héraða og annað það, sem má verða til þess að draga úr flutningskostnaði á landleiðum.

Það er alkunna, að aðflutningar á landleiðum hafa mjög færzt í aukana á síðari árum, og mun svo verða um næstu framtíð. Það er nokkuð síðan kom upp sú hugmynd, að hyggilegast væri að brúa Borgarfjörð. Mun Sigurður Guðbrandsson mjólkurbússtjóri í Borgarnesi vera upphafsmaður að þeirri hugmynd, en síðar hefur henni verið hreyft á prenti og m. a. af Gunnari Bjarnasyni kennara að Hvanneyri.

Þegar þessi hugmynd kom fyrst fram, fannst mönnum, að hér væri um nokkuð mikinn glannaskap að ræða, sem ekki væri hyggilegt að líta á á næstunni. Almennt var talið, að hér væri um draum að ræða, sem ekki mundi rætast. Margt hefur gerzt þó á seinni árum, sem bendir til þess, að nauðsyn beri til að athuga þessa leið með kostgæfni.

Nú er unnið að því að gera tvo vegi á Vesturlandi, Heydalsveg vestur á Skógarströnd um Dali og svo veginn af Barðastrandarvegi til Vestfjarða og þar með landleiðina til Ísafjarðar. Þegar þessir vegir eru komnir í samband, mun aðalumferðin til Vesturlands liggja um Borgarnes og vestur Mýrar. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að sementsverksmiðjan á Akranesi taki til starfa. Mun starfsemi hennar þess valdandi, að flutningar á landleiðum aukast mjög verulega. Það er því orðið tímabært að stytta leiðina til Vesturlands svo sem tök eru á, og þess vegna er þessi till. fram komin til þess að athuga möguleika á því, hvort ekki er hér um færa leið að ræða.

Eins og fram er tekið í grg. þessarar till., er hér um að ræða vegalengd, sem er 1.8 til 2 km. Það mun ljóst vera, að ef horfið yrði að því að brúa Borgarfjörð, mundi brúin verða mun styttri eða sennilega innan við kílómetra. Um lágsjávað er þarna mikið útfiri, og er lítill hluti fjarðarins þá sævi eða vatni flotinn. Megnið af honum er þá þurrar fjörur, svo að það er allgott að vinna að þessu verki. Hins vegar má vel vera, að hér reynist um að ræða það dýra framkvæmd, að þess vegna verði ekki horfið að því ráði, en nauðsyn ber til, að það verði athugað.

Ég vil líka segja, að þó að mönnum finnist hér nokkuð mikið í ráðizt, og það er það, þá er ég ekki viss um, að það sé um meira að ræða, þegar tillit er tekið til þekkingar okkar í dag og möguleika til þess að framkvæma verk, heldur en mörg þau atriði, sem við höfum leyst í samgöngumálum okkar á síðustu árum. Hvað sem úr verður um framkvæmd þessa verks, þá er hitt nauðsynlegt, að athuga þá möguleika, sem þarna eru til staðar, og mælir margt með því, að það verði gert. M. a. er það, að Borgarnes hefur frá upphafi verið það kauptún á landi hér, sem einna mesta þjónustu hefur veitt ferðamönnum. Þetta litla kauptún hefur byggt mjög myndarlegt hótel núna á síðustu árum og gert það með meiri myndarskap en almennt er gert hér á landi. Ég hygg, að Hótel Borgarnes sé eitthvert myndarlegasta hótel hér á landi, og það sýnir, að Borgnesingar leggja sig mjög fram um að veita gestum góða þjónustu. Það er áríðandi fyrir fólk, sem þarf að fara á fjallvegi eða kemur af þeim, að njóta mikillar og góðrar fyrirgreiðslu, en þess mundi það njóta með ferð sinni um Borgarnes.

Það er margt fleira, sem mætti tína hér til, en ég mun nú ekki þylja það að sinni, enda er flest af því fram tekið í grg. En ég vil endurtaka, að það verður stefna okkar á næstunni að reyna að stytta landleiðir, svo sem tök eru á, og leita eftir þeim möguleikum, sem þar eru til, og það er líka mín skoðun, að það verði ekki mjög langur tími, þangað til þetta mál þykir ekki nema myndarleg aðgerð, en ekki neitt glannafyrirtæki.

Svo legg ég til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og til fjvn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvort sú hugmynd, sem sett er fram í þessari till., er framkvæmanleg eða ekki með þeirri getu, sem íslenzka ríkið hefur yfir að ráða. Það kann vel að vera, að svo sé, eins og hv. flm. (HS) taldi líklegt, enda er till. ekki um annað en að rannsaka þetta, fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því, hvort þetta verk sé framkvæmanlegt og hvað það kostaði o. s. frv. En tilgangurinn með þessari till. virðist ekki vera sá að koma neinu nýju vegarsambandi á, heldur er tilgangurinn sá, ef þessi brú yrði byggð yfir Borgarfjörð, að stytta leiðir. Það er talað um það í grg., að þetta mundi stytta leiðina til Vesturlands, þ. e. a. s. um Mýrar, um 30 km og eitthvað norðurlandsleiðina. Ég held að vísu, að það mundi stytta norðurlandsleiðina ákaflega lítið. Ég hef oft farið þarna, og ég get ekki vel séð, að það mundi stytta þá leið mikið. En hitt er vafalaust, að það mundi stytta leiðina út á Mýrar og svo þaðan um Snæfellsnes og vestur á land. Og vitanlega er það mikið hagsmunamál allra, sem hlut eiga að máli, að stytta leiðir.

En ég held í sambandi við þetta mál, að sú hv. n., sem fær það til meðferðar, ætti að taka fleira til athugunar í sambandi við þetta. Fyrir nokkrum árum fór fram einhver athugun á því t. d. að setja bílferju á Hvalfjörð. Ég man ekki eftir, að nokkur skýrsla hafi komið um þá athugun, en nokkuð er það, að í því máli hefur ekkert verið gert. Vitanlega, ef hægt væri að stytta sér leiðina inn fyrir Hvalfjörð, mundi það stytta leiðina bæði vestur á land frá Reykjavík og norðurlandsleiðina miklu meira en þó að Borgarfjörðurinn eða neðsti hluti Hvítár væri brúaður þarna. Þetta er víst ætlunin að sé rétt á mörkum fjarðarins og árinnar. Ég vildi þess vegna mega mælast til þess, þó að till. sjálf gefi ekki það tilefni, að sú hv. n., sem athugar þessa till., spyrjist eitthvað fyrir um þá athugun, sem einhvern tíma fór fram um bílferju á Hvalfjörð, og jafnvel geri þá brtt. um það, ef sú athugun hefur ekki verið fullnægjandi, sem ég hygg að ekki hafi verið, að það sé athugað, því að það hygg ég að jafnvel hv. flm. þessarar till. játi, að ef hægt væri að losna við krókinn inn fyrir Hvalfjörð, þá kæmi það að miklu meiri notum en þessi brú.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 261, n. 474).

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fjvn. fékk til athugunar till. um rannsókn á brúargerð yfir Borgarfjörð. N. leitaði umsagnar vegamálastjóra um málið, og skilaði hann áliti um það. Það kom fram í áliti vegamálastjóra, að mikil nauðsyn ber til þess að vinna að því, eins og tök eru til, að stytta landleiðir, þar sem flutningar á þeim fara mjög ört vaxandi og eru dýrir. Hins vegar benti vegamálastjóri á það, að nauðsyn væri að athuga fleiri möguleika til þess að stytta landleiðina til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands.

Það kom hér fram við fyrri umr. þessa máls hjá hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að hann benti á, að nauðsyn bæri til að athuga þetta mál á nokkru breiðari grundvelli en till. gerði ráð fyrir í upphafi.

Fjvn. hefur fallizt á þessa skoðun bæði hv. 1. þm. Eyf. og vegamálastjóra og hefur því breytt till. í samræmi við það. Hún er sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem gerð er á þskj. 474, en sú breyting er á þá leið, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti fram fara rannsókn á því, á hvern hátt unnt sé að stytta landleiðina frá Reykjavík til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands. Skal í því sambandi m. a. athuga möguleika á framkvæmd og kostnaði við endurbót á veginum um framanverðan Svínadal og Geldingadraga, brúargerð yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness og að komið yrði á ferju yfir Hvalfjörð milli Hvalfjarðareyrar og Kataness."

Fjvn. stóð öll að því að leggja til, að till. verði samþykkt svo breytt, nema einn nm., Karl Kristjánsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgr.

ATKVGR.

Brtt. 474,1 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 474,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 29 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 601), með fyrirsögninni:

Till. til þál. um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarhérað til Vestur- og Norðurlands.

26. Stjórnarráð Íslands.

Á deildafundum 27. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun löggjafar um stjórnarráð Íslands [137. mál] (A. 272).

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, þá er nú nokkuð meira en hálf öld liðin, frá því að æðsta stjórn í flestum málum Íslands var flutt inn í landið og þá stofnað stjórnarráð Íslands. Um þessa stofnun, sem síðar hefur orðið mun umfangsmeiri og nú í marga áratugi hefur raunverulega farið með æðstu stjórn í málefnum ríkisins, er engin heildarlöggjöf til. Um það bil sem hún var fyrst sett á stofn, var um hana sett nokkur löggjöf. Slitur af þeirri löggjöf er í gildi enn. Henni hefur síðan verið breytt og þó engan veginn í samræmi við kröfur tímanna né við þá framkvæmd, sem orðið hefur. Það má því segja, að sú löggjöf, sem til er, hefur að mestu leyti fallið niður fyrir venju og er að sáralitlu leyti raunverulega í gildi nú.

Þetta hefur orðið til þess, að skipun starfa í þessari stofnun er mjög á ringulreið. Það er mjög óljóst, hvaða ráðuneyti eru raunverulega til í stjórnarráðinu. Gott dæmi þess er bréf, sem nýlega var lesið upp hér í Alþ. frá hæstv. sjútvmrh. til Sjálfstfl. um stækkun landhelginnar eða undirbúning þess. Sjútvmrh. skrifaði undir bréfið, en það var á bréfhaus frá landbrn.

Ég hygg, að að lögum sé hvorugt þessara ráðuneyta til, hvorki sjávarútvegsmálaráðuneyti né landbúnaðarráðuneyti, heldur atvinnumálaráðuneyti.

Sá glundroði, sem í þessu er, er engan veginn nýr og er ekki að kenna núverandi stjórn, heldur hefur þetta komizt á með margra áratuga vikkun starfssviðs stofnunarinnar, fjölgun verkefna. Þau hafa hvert um sig orðið umfangsmeiri, og fleiri menn hefur þurft til þess að leysa þau af hendi. Þó kemur það einnig til, sem kunnugir menn vita, að stundum hefur í þessari stofnun vandamálið um það, hvern ætti að velja sem forustumann af embættismönnum tiltekins ráðuneytis eða stjórnardeildar, verið leyst með því, að sá ráðh., sem hefur haft um þetta úrskurðarvald, hefur gert forstöðumennina tvo í stað eins. Það er auðvelt að leysa málið með þeim hætti, en það kostar fé, og það er alveg ósýnt, að það leiði til hagkvæmari afgreiðslu málanna, heldur hefur þetta þvert á móti því miður orðið til þess, að stjórnarráðið er að ýmsu leyti fyrirmynd um eyðslu og óhæfa starfsskipun, — stofnun, sem ætti að vera öðrum til fyrirmyndar um reglusemi og gott starfsskipulag, hefur þróazt í alveg hið öfuga. Slíkt er engum til góðs, og verður að ráða bót á. Það er vonlaust að ætla sér að koma á betri skipan ýmiss konar lægri stofnana undir eða fyrir milligöngu stofnunar, sem er jafnilla skipulögð sjálf eins og stjórnarráðið nú er orðið. Og eins og ég sagði, það er engum einstökum þar um að kenna. E. t. v. á flokkaglundroðinn í landinu og hinar mismunandi samsteypustjórnir og löngun hvers ráðh. til þess að láta nokkuð eftir sig liggja og gera mest úr þeim stjórnardeildum, sem undir sig heyra, — allt kemur þarna til, þangað til það nú er sannast sagt orðið nánast óskapnaður, sem verður að reyna að koma í betra horf. Það á hér við sem ella, að eftir höfðinu dansa limirnir, og sú skipun, sem þarna er höfð, er annaðhvort líkleg að verka til ills eða góðs, og það er enginn vafi á því, að þó að margt mætra manna, mjög mætra, sé í stjórnarráðinu, þá eru starfshættirnir í heild þannig, að ekki er til fyrirmyndar.

Ég hef sjálfur átt þess kost annars vegar að standa fyrir starfrækslu Reykjavíkurbæjar og hins vegar vinna nokkuð lengi í stjórnarráðinu, og ég ber það ekki saman, hversu hagkvæmari vinnubrögð eru í starfrækslu Reykjavíkurbæjar og þar betur lagað til þess, að líklegt sé, að heppilegar ákvarðanir séu teknar í afgreiðslu mála og sparlega á haldið. Þar kemur að vísu einnig fram, að þar hefur einn flokkur lengst af ráðið og ekki orðið sú togstreita og glundroði, sem er óhjákvæmilega samfara því, þegar margir flokkar togast á um völdin, skiptast ört á, og það sem enn þá verra er í þessu sambandi, vinna margir saman með mjög mismunandi sjónarmið og hver otar sínum tota eða togar í sinn skækilinn til sín.

Þetta er áreiðanlega þýðingarmeira mál en í fljótu bragði skyldi ætla, og mál, sem mikilsvert er, eins og sum fleiri, að menn reyni að koma sér saman um að leysa án flokkságreinings. Það eru líkur til þess í lýðræðisþjóðfélagi, að flokkar skiptist á um völd, einn hafi völdin í dag, annar á morgun, og það er ákaflega mikilsvert, ef þeir, sem nokkra reynslu hafa af þessu og þekkja af eigin raun, hverjir ágallar eru, gætu komið sér saman um nýtt og betra skipulag, sem byggt væri á þeirri reynslu, sem fengin er. Það hafa allir stjórnmálaflokkar jafnan hag af því, að stofnun slík sem stjórnarráðið sé hæf til sinna starfa, að hún sé í uppbyggingu þannig, að hún verði sá bakhjallur góðrar stjórnar í landinu, sem hún þarf að vera, og geti leyst sín verkefni vel af hendi með sem minnstum mannafla og þar með minnstum kostnaði. Þess vegna held ég, að það sé líklegra til árangurs í þessu, að tekið væri upp um lausn þessa máls samstarf allra flokka, heldur en þótt skorað væri á núverandi hæstv. ríkisstj. að gera hér tillögur til bóta, eða þó að við andstæðingar stjórnarinnar tækjum okkur til og semdum frv. að heildarlöggjöf fyrir stjórnarráðið. Eðli málsins samkvæmt hlýtur undirbúningur slíkrar löggjafar að vera í höndum sérfræðinga ríkisstjórnarinnar, en jafnframt hygg ég, að það sé miklu líklegra til góðs árangurs, að þarna legðu allir hönd á plóginn og reyndu

að finna þá skipan, sem líklegast er að geti orðið til frambúðar. Þess vegna legg ég hér til, að kosin verði fimm manna mþn. með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að vinna þetta verk.

Ég vonast til þess, að till. fái góðar undirtektir, legg til, að henni verði vísað til 2. umr., og þar sem hér er um að ræða mál, sem er líklegt að geti orðið til mjög mikils sparnaðar, bæði beint og óbeint, þá legg ég til, tel eðlilegast, að till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 272, n. 586).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. þessa og er henni efnislega meðmælt. Það er augljós nauðsyn þess að endurskoða núgildandi löggjöf um stjórnarráð Íslands. Sú löggjöf er orðin mjög úrelt, og ýmis ráðuneyti hafa síðar verið sett á laggirnar, sem raunverulega er ekki lagaheimild fyrir, og allt mjög á huldu um fyrirkomulag í einstökum atriðum í skipan stjórnarráðsins.

Það er tvímælalaust nauðsyn, að það sé sem mest festa í þessari yfirstjórn landsins og sem bezt skipulag á stjórnardeildum og ráðuneytum og starfaskiptingu milli þeirra, og vill því fjvn. fyrir sitt leyti mæla með því, að sú athugun fari fram, sem till. gerir ráð fyrir. Hins vegar varð samkomulag um það í n. að leggja til, að sú breyting yrði gerð á till., að í stað þess að Alþ. kysi sérstaka nefnd til þess að annast þessa endurskoðun, yrði ríkisstj. falið að láta endurskoðun þessa fara fram.

ATKVGR.

Brtt. 586 (ný tillgr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 602).

---

27. Flóabáturinn Baldur.

Á deildafundum 22. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um styrk til útgerðarfélags flóabátsins Baldurs [179. mál] (A. 429).

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti Af því að fundartíminn er nú búinn, skal ég vera mjög stuttorður um þetta, enda skýrir grg. málið. Við flm. höfum skrifað samgmrn. út af þessu og málið hafði verið rætt í samvinnunefnd samgöngumála og hún orðið sammála um, að heppilegra væri að flytja þessa till.

Ég vil gera að till. minni, að málinu verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 429, n. 510).

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Um alllangt skeið hefur flóabáturinn Baldur annazt vöruflutninga á milli Breiðafjarðar og Reykjavíkur. Hefur rekstur hans jafnan verið með miklum myndarskap og dugnaði, því að hér er oft um erfiða leið að fara, því að innfirðir Breiðafjarðar eru oft ísi lagðir, og hefur báturinn kappkostað þjónustu við fólkið, þó að við slík erfið skilyrði hafi verið að etja.

Á s. l. hausti varð báturinn fyrir því tjóni að fá áfall á sig hér í Faxaflóa, sem varð mjög alvarlegt, og munaði litlu, að það ylli slysi, en sem betur fer varð hjá því komizt. Síðan varð hann fyrir öðru áfalli, og þegar hann var svo tekinn til viðgerðar í skipasmíðastöðinni í Stykkishólmi, var það að áliti ráðamanna eðlilegt að láta fara fram á bátnum gagngerða endurbót samhliða því, sem gert var við sjótjónið.

Ráðamönnum var það hins vegar ljóst, að það var ofurefli fyrir þá að koma því í framkvæmd, að þessi endurbót yrði gerð, nema fengin yrði aðstoð einhvers staðar frá í sambandi við þá framkvæmd. Það var því leitað til ríkisstj. og Alþ. um að fá sérstakan styrk til þess að framkvæma þessa endurbót.

Þm. Breiðafjarðarbyggða ásamt 10. landsk. þm. (PP) og 11. landsk. þm. (FÞ) fluttu till. hér á Alþ., sem vísað var til hv. fjvn. N. hefur athugað þetta mál og hefur í því sambandi kynnt sér aðstæður og afkomu útgerðarfélagsins og það, að hér er verið að gera gagngerða endurbót á bátnum. Það er kunnugt, að fjárhagur útgerðarfélagsins er með þeim hætti, að því er um megn að standa straum af þessum kostnaði, eins og ég áður sagði, en þar sem fyrir því eru fordæmi, að flóabátum hefur verið veittur sérstakur styrkur vegna aðgerða, þá féllst fjvn. á að mæla með því, að svo yrði gert í þetta sinn.

N. leggur því til, að till. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem er á þskj. 510, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða útgerðarfélagi flóabátsins Baldurs SH-106 kr. 100000.00 sem viðbótarstyrk vegna endurbóta.“

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Það mun að vísu verða nokkuð erfitt fyrir útgerðarfélag flóabátsins Baldurs að koma því í kring að endurbæta og gera við fyrir þessa upphæð, en allt um það eru vonir til, að verkið takist, og ég vil þakka nefndinni fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 510 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 603).

28. Síldarbræðslan h/f á Seyðisfirði.

Á deildafundum 27. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að veita ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h/f á Seyðisfirði til að ljúka endurbyggingu á verksmiðju félagsins [192. mál] (A. 560).

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Björgvin Jónsson): Herra forseti. Þáltill. á þskj. 560, sem hér er til umr., skýrir sig að mestu með grg. þeirri, er henni fylgir. Ég get því verið stuttorður, en vil þó reyna að draga fram enn skýrari mynd af nauðsyn málsins en fram kemur í grg.

Það er álit Austfirðinga og flestra sjómanna, sem síldveiðar stunda að sumri, að verksmiðjuskortur sunnan Langaness hafi á undanförnum árum valdið þjóðarbúinu tugmilljónatjóni. Hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. sýndu það í verki á s. l. vori, að fullur vilji var á að leysa úr þessum vanda. Á s. l. sumri var reist á Seyðisfirði 2500—3000 mála síldarverksmiðja. Þegar á fyrstu sólarhringunum, eftir að nokkur möguleiki var á, að verksmiðjan gæti unnið síld, var allt orðið fullt af hráefni, og mátti segja, að frá því og til loka síldarvertíðar sæi verksmiðjan ekki fram úr verkefnum sínum.

Sökum fjárskorts í fyrra var þó ekki hægt að ljúka að fullu endurbyggingu verksmiðjunnar, og dró það mjög úr afköstum hennar og varð síldarflotanum til mikils tjóns. Mjölhús er ekkert með verksmiðjunni og lýsisgeymar aðeins fyrir ca. þriðja hluta þess magns, sem varlega er áætlað að geti til hennar borizt í meðalsíldarvertíð. Einnig vantar mjög tilfinnanlega þrær við verksmiðjuna.

Forráðamenn hennar hafa nú tryggt sér efni til þess að geta hafizt handa um þessar nauðsynlegu framkvæmdir. Það er hér eins og víðar, að það stendur á fjármagni. Telja forráðamenn verksmiðjunnar nauðsynlegt að fá ríkisábyrgð fyrir 1.8 millj. kr., til þess að þessar framkvæmdir séu mögulegar.

Hv. Alþingi hefur fyrr á þessu þingi sýnt vilja sinn í því að leysa úr hinum tilfinnanlega verksmiðjuskorti sunnan Langaness með því að veita Vopnafjarðarhreppi og Neskaupstað verulegar ríkisábyrgðir til að byggja síldarverksmiðjur þar. Eins og ég tók fram áðan, fékk Seyðisfjarðarkaupstaður ríkisábyrgð til sams konar bygginga á síðasta þingi. Ég veit, að hv. alþm. skilja hina brýnu nauðsyn, sem er á því, að unnt verði að ljúka við síldarverksmiðjuna á Seyðisfirði fyrir næstu síldarvertíð. Það getur munað millj. króna í gjaldeyristapi og minnkað verulega afkastamöguleika síldarflotans og verkað þannig sem tekjumissir fyrir íslenzka fiskimenn, ef ekki verður hér úr bætt.

Ég leyfi mér svo að lokum að gera það að till. minni, að till. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 2. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 560, n. 607).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt málið og orðið einróma sammála um að leggja til við hv. Alþ., sbr. nál. á þskj. 607, að umbeðin ábyrgðarheimild fyrir Síldarbræðsluna h/f á Seyðisfirði, að upphæð 1.8 millj. kr., verði veitt. Hv. þm. Seyðf. hefur í grg. með till. og í framsöguræðu við fyrri umr. gert fulla grein fyrir málavöxtum, og sé ég ekki ástæðu til endurtekninga í því efni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 611).

29. Kaup á Hótel Borg.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var útbýtt:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa og stækkunar á Hótel Borg í Reykjavík [193. mál] (A. 589).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það munu vera þrjú ár síðan að minnsta kosti, að núverandi eigandi Hótel Borgar tilkynnti þáverandi

ríkisstj., að hann væri ráðinn í því að selja Hótel Borg. Hann taldi rétt að greina ríkisstj. frá þessu, ef hún kynni að vilja fylgjast með málinu. En ástæðan til þess, að hann vildi tilkynna ríkisstj. þetta, þannig að hún gæti fylgzt með málinu, var sú, að hann sagðist ekki hafa orðið var við neina kaupendur að eigninni, sem væru ráðnir í að reka þar áfram hótel. Á hinn bóginn væru nokkuð margir kaupendur, sem vildu eignast húseignina til annarra nota.

Ríkisstj. hefur haft þetta mál til athugunar alla tíð síðan og látið fylgjast með því. Mönnum hefur verið ljóst, að það væri mikið áfall, ef svo tækist til, að Hótel Borg yrði tekin til annarra nota en hótelrekstrar. Það er óþarfi að færa ástæðu fyrir þeirri skoðun. Það mundi verða hið mesta vandræðaástand.

Ríkisstj. hefur, bæði sú fyrrverandi og sú, sem nú starfar, verið mjög treg til að hugsa sér þann möguleika, að ríkið færi að eiga þátt í því að reka hótel. Það hefur einnig í þessu sambandi verið rætt við bæjaryfirvöld Reykjavíkur, og ríkisstj. hefur skilizt, að þau væru sömu skoðunar, að þau væru mjög treg til þess að eiga þátt í því að reka hótel. Þá hefur verið talað við félagssamtök, eins og Eimskipafélag Íslands t. d., og það hefur heldur ekki haft áhuga fyrir því að eiga hlut að hótelrekstri.

Þetta mál hefur þannig staðið nokkuð langa hríð, og gekk svo mjög lengi, að engir gáfu sig fram, sem vildu kaupa hótelið til þess að reka það áfram, þangað til loks nú ekki alls fyrir löngu, að menn hér í Reykjavík, sem eru vanir hótelrekstri og eiga ásamt fleiri mönnum hótel hér í bænum, fóru að spyrjast fyrir um þetta mál og kynna sér það. Kom þá í ljós, að þeir vildu ráðast í að kaupa Hótel Borg með það fyrir augum að reka þar áfram hótel, og ríkisstj. skilst, að þetta séu einu aðilarnir, sem hafa falazt eftir eigninni með þetta fyrir augum.

Það hafa farið fram viðræður að sjálfsögðu á milli eiganda Hótel Borgar og þessara aðila um málið, og enn fremur hafa þessir aðilar snúið sér beint til ríkisstj. og greint henni frá því, að þeir eigi þess engan kost að eignast Hótel Borg nema með þeirri fyrirgreiðslu, að hægt væri að fá ríkisábyrgð á talsverðu láni, sem þeir gætu notað til þess að standa undir útborgun þeirri, sem þarf að verða við eigendaskiptin, og til þess að stækka Hótel Borg. Þeir telja höfuðnauðsyn að fjölga þar gistiherbergjum og aðstöðu góða til þess að gera það.

Eins og segir í grg., eru það þeir Pétur Daníelsson hótelstjóri og Ragnar Guðlaugsson veitingamaður, sem standa fyrir þessum eftirgrennslunum eða samningum og mundu hafa forustu í þessum fyrirhuguðu kaupum.

Eftir að ríkisstj. hefur íhugað þetta mál og haft trúnaðarmenn starfandi í því, hefur hún tekið ákvörðun um að flytja þáltill. þá, sem hér liggur fyrir, þar sem ríkisstj. er heimilað gegn þeim tryggingum, sem hún mæti gildar, að veita hlutafélagi, sem fyrirhugað er að stofna til að kaupa og reka Hótel Borg í Reykjavík, ríkisábyrgð á láni, allt að 10 millj. kr., til kaupanna og stækkunar á hótelinu.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til að fara um þetta fleiri orðum; ég geri ráð fyrir, að svo sé í raun og veru ekki. Ég býst við, að öllum hv. þm. sé ljóst, að það væri mikið áfall, ef Hótel Borg yrði tekið og notað í öðru skyni en til hótelrekstrar, og það megi ekki koma fyrir. Það mun ekki vera um margar leiðir að velja til þess að koma í veg fyrir það, og eins og stendur, sýnist ríkisstj., að þessi leið, sem hér er stungið upp á, að veita væntanlegu félagi þessa fyrirgreiðslu og þennan stuðning, sé í raun og veru eina leiðin til þess að leysa málið. Það mætti segja, að til væri önnur leið, sem sé sú, að ríkið hefði beinlínis forgöngu um að kaupa hótelið, og þá vafasamt, að nokkur aðili annar mundi vilja vera í félagi við ríkið um það, en þá leið telur ríkisstj. ekki færa.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 2. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 589, n. 608).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjvn. kynnti sér mál þetta eftir föngum, með því t. d. að fá til viðtals við sig annan hinn væntanlega kaupanda Hótel Borgar, Pétur Daníelsson hótelstjóra. Upplýsti hann m. a., að umtalað væri, að kaupverð hótelsins yrði 18.2 millj. kr., og væri það skv. mati, sem farið hefði fram á eigninni fyrir tveimur árum að tilhlutun ríkisstj. Í kaupverðinu væri innifalið allt innbú hótelsins, það er tilheyrði rekstri þess. Þá upplýsti hann, að um 6 millj. kaupverðsins ættu að greiðast strax, en eftirstöðvar með árlegum afborgunum á allt að 20 ára tíma. Um stækkun hótelsins sagði hann, að ætlunin væri að byggja ofan á það og bæta með því við 40—50 gestaherbergjum, en nú er 41 gestaherbergi á Hótel Borg. Loks sagði hótelstjórinn, að Hótel Skjaldbreið yrði starfandi áfram, a. m. k. fyrst um sinn, en það skiptir máli, að ekki gangi hótelreksturinn saman í höfuðborginni við eigendaskiptin á Hótel Borg, þó að hitt væri að vísu enn þá bagalegra, ef Hótel Borg væri lögð niður sem gistihús, eins og nærri kynni að liggja, ef af þessum kaupum gæti ekki orðið.

Ríkinu hefur verið það mjög mikilsvert, að Hótel Borg var byggð á sínum tíma og rekin öll þessi ár síðan, því að þangað hefur verið skjóls að leita fyrir erlenda gesti ríkisins, auk þess að þar hafa landsmenn getað leitað sér

dvalarstaðar. Er ekki ofmælt í grg. till., að hið mesta vandræðaástand mundi af því leiða, ef rekstur hótelsins félli niður, og að þjóðarnauðsyn sé að koma í veg fyrir það.

Fjvn. telur, auk þess sem tekið hefur verið fram, áhættulaust fyrir ríkið að ganga í umbeðna ábyrgð, af því að kaupendur virðast hafa skilyrði til að setja fullnægjandi tryggingu.

N. mælir samkv. framansögðu samhljóða með samþykkt tillögunnar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 612).

30. Silungseldi í Búðaósi á Snæfellsnesi.

Á 49. fundi í Sþ., 2. júní, var útbýtt:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að veita ríkisábyrgð á láni vegna silungseldis í Búðaósi á Snæfellsnesi [195. mál] (A. 610).

Á 51. fundi í Sþ., 3. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Halldór Ásgrimsson): Herra forseti. Víða er nú meira en nokkru sinni áður skrifað og skrafað um möguleika á fiskvernd og fiskrækt. Ofveiði hefur smátt og smátt lagt heil fiskimið í auðn og önnur orðið svo fátæk af nytjafiski, að jafnvel sífellt fullkomnari veiðitæki hafa ekki hrokkið til að gefa þann afla í aðra hönd, sem þarf til þess, að útgerð geti gefið viðunandi arð. Það er talað um það með nokkuð vaxandi skilningi, að friða beri hrygningar- og uppeldisstöðvar og möguleikana á því að rækta firði og flóa og jafnvel heil landgrunn og líklegasta leiðin í því efni er talin sú að bera á vissar tegundir tilbúins áburðar og auka þannig lausan og fastan sjávargróður og lágdýralíf, sem vitað er að eykur og bætir lífsskilyrði nytjafiska. Í stórum stíl eiga þessar framkvæmdir sennilega langt í land, en svo mikil reynsla er þegar fengin fyrir klaki og fiskrækt og jafnvel áburðartilraunum í sjó og vötnum, að ekki er hægt að kalla þessar ráðagerðir staðlausa stafi. Það er vitað, að ýmsir nytjafiskar hafa jafnvel öldum saman verið aldir upp í tjörnum og smávötnum í ýmsum löndum Asíu og Afríku og nú orðið einnig í ýmsum vestrænum löndum, t. d. Danmörku, en þar er ræktun regnbogasilungs vel þekktur atvinnuvegur, og þann góðfisk er talið að Danir flytji út með góðum árangri.

Hér á landi hefur silungs- og laxklak verið framkvæmt alllengi með sæmilegum árangri. Hafa frjóvguð hrogn þessara góðfiskitegunda verið klakin út og síðan seiðunum sleppt í ár og vötn, þar sem þau hafa orðið að bjarga sér til þroska á þann hátt, sem verkast vildi.

Í Skotlandi hefur nú verið gerð tilraun með að auka næringarefni í sjó, þar sem gætti flóðs og fjöru, og einnig í innilokuðu vatni. Ein tilraunin var þannig, að fjörður, sem þótti heppilegur til tilraunanna, var að mestu lokaður og síðan tilbúinn áburður settur í vatnið. Kom þá í ljós, að svif og annar gróður margfaldaðist, og koli, sem í firðinum var, óx þrisvar sinnum hraðar en áður og varð söluvara tveggja ára gamall í staðinn fyrir sex ára áður. Sagt er, að víðar, t. d. í Bandaríkjunum, hafi nú verið gerðar svipaðar tilraunir, sem gefa líklegan árangur.

Til skamms tíma var ekki önnur fiskrækt stunduð hér en silungs- og laxklak. En fyrir nokkrum árum réðst áhugamaður í að koma hér upp stöð til að ala upp regnbogasilung, og hefur Alþingi nokkuð styrkt þessa tilraun með fjárframlagi og ríkisábyrgð og þannig sýnt skilning og áhuga fyrir málinu.

Nú hefur annar áhugamaður, að nafni Gísli Indriðason, komið fram með þá hugmynd að rækta hinn íslenzka sjóbirting. Hefur hann keypt jörð við Búðaós á Snæfellsnesi og ætlar að nota ósinn sem eldisstöð. Hyggst Gísli að safna þar saman silungi á lokuðu svæði og gera tilraunir með að auka þar gróður og lágdýralíf og flytja svo silunginn til hrygningar í þar til gerðar tjarnir, sem verða þar á staðnum.

Ég skal ekki fara nánar út í einstök framkvæmdaatriði, enda ekki nógu fróður til þess, en svo virðist sem ráðagerð Gísla sé að nokkru byggð á tilraunum Skotanna. Verður að ætla, að þessi tilraun sé allrar athygli verð, enda hefur veiðimálanefnd ríkisins og veiðimálastjóri gefið henni meðmæli sín.

Gera verður ráð fyrir, eins og líka áætlun liggur fyrir um, að tilraun þessi verði æði kostnaðarsöm, enda hefur Gísli Indriðason sótt til fjvn. bæði um styrk og ríkisábyrgð.

Styrkur gat að dómi n. ekki komið til greina, þar sem formleg umsókn lá ekki fyrir í tæka tíð, áður en fjárlög voru samþ. Hins vegar vill fjvn. stuðla að því, að Gísla verði veitt dálítil ríkisábyrgð, ef það mætti verða til þess að auðvelda honum byrjunarframkvæmdir í þessu athyglisverða máli, og væntir fjvn. þess, að hv. alþm. taki vel till. hennar þar um, sem borin er fram á þskj. 610.

Að lokinni þessari umr. óska ég þess, að málinu verði vísað til síðari umr. og ef unnt er að síðari umr. fari fram fyrir þinglok.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 619).

---

31. Kaup seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á deildafundum 22. maí var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um endurkaup seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins** [190. mál] (A. 547).

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. fundi í Sþ., 2. júní, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er borin fram á þskj. 548, miðast við það, að hið háa Alþingi slái föstum réttindum og þýðingu íslenzks iðnaðar til jafns við landbúnað og sjávarútveg og feli hæstv. ríkisstj. framkvæmd þeirra mála, eins og segir í till., að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnisvíxla iðnaðarfyrirtækja með svipuðu sniði og framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Til þess að finna rök þeirri nauðsyn, sem felst í þáltill. þessari, er ástæða til að vekja athygli á þeirri stóru atvinnubyltingu, sem orðið hefur hér á landi síðustu ár, og afleiðingum hennar. Á fyrstu áratugum þessarar aldar, þegar nágrannar okkar voru af kappi að undirbyggja breytta atvinnuhætti með tæknilegum framkvæmdum, lifðum við hér í fátækt, og var álit margra, að Íslendingar væru dæmdir til fátæktar vegna vöntunar á hráefnum í landinu, fólksfæðar og harðbýlis landsins.

Þótt ekki sé hægt að reikna hér á landi með málmum í jörðu og skóglendi sé eytt í bili, þá er jarðhitinn, vatnsorkan, auðæfi hafsins og kjarnmikið fólk, sem vegur þyngra á metaskálunum. Með tækniþróun síðustu áratugina er brotið blað í atvinnusögu þjóðarinnar. Skortur á tæknimenntuðum mönnum hefur að vísu háð þeirri þróun, enda voru t. d. aðeins 30 íslenzkir verkfræðingar starfandi hér árið 1930, en munu nú líklega nær tífalt fleiri. Um fjölgun annarra tæknimenntaðra manna og um fjölgun iðnstéttanna er svipað að segja, allt hefur þetta margfaldazt á síðustu árum.

Eftirfarandi tölur sýna atvinnuskiptingu þjóðarinnar. T. d. árið 1860 er talið, að landbúnað stundi 73.2% landsmanna, sjávarútveg 12%, en handverk og iðnað aðeins 2.1%. Árið 1930 hefur iðnaður og handverk fært sig upp í 18.9% og 1950 upp í 31%, á sama tíma sem stórfækkað hefur í hinum atvinnugreinunum. Síðan 1950 hefur hallað enn í sömu átt, og þar með er iðnaðurinn orðinn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar.

Það lætur líka nærri, að lífskjörin hafi jafnan batnað í beinu hlutfalli við vöxt iðnaðarins og tæknikunnáttu þjóðarinnar.

Sú gamla röksemd á móti íslenzkum iðnaði, að hér séu ekki hráefni fyrir hendi í landinu til iðnaðarframleiðslu, heyrist nú vart lengur. Efnivörur iðnaðarins þarf að vísu flestar að flytja til landsins, en aðeins í frumstæðu ásigkomulagi, og þetta er sama og margar aðrar þjóðir þurfa einnig að gera. Danir t. d. eru viðurkenndir dugmikil þjóð með iðnað á háu stigi og verða þó að flytja inn allt sitt hráefni og alla orku í formi olíu og kola. Við Íslendingar höfum hins vegar orkulindir, sem ekki eiga sinn líka hjá nágrönnum okkar.

Þáltill. sú, sem hér er borin fram, er vissulega ekki dægurmál. Hér er um að ræða velfarnaðarmál, sem komið er fram vegna breyttra atvinnuhátta landsmanna, mál, sem undanfarin ár hefur verið eitt aðaláhugamál þeirra samtaka og aðila, sem að iðnaðarframleiðslu vinna og hafa gert sér grein fyrir, hvers virði iðnaður er íslenzku atvinnulífi. Ef litið er í skýrslur Landsbankans fyrir s. l. ár, má sjá, að á sama tíma og viðskiptabankarnir eiga ekki möguleika til endursölu á iðnaðarvíxlum í seðlabankanum, aukast afurðavíxlakaup vegna landbúnaðar um nær 45 millj. kr., og í skýrslu bankastjórans segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Útlánaaukning seðlabankans á síðasta ári stafaði að miklu leyti af endurkaupum afurðavíxla. Þessi tegund útlána hefur aukizt mjög að mikilvægi á undanförnum árum vegna þeirrar nauðsynjar að tryggja höfuðatvinnuvegunum rekstrarfé á tímum verðbólgu."

Endurkeyptir framleiðsluvíxlar seðlabankans um síðustu áramót námu 457 millj. kr., en ekki er getið í skýrslunni, á hvern hátt þetta skiptist á milli landbúnaðar og sjávarútvegs eða hvort iðnaður á hér hlut að máli nema áburðarverksmiðjan, sem vitað er að fær fyrirgreiðslu bankans.

Það er fróðlegt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt fram borin þáltill. mundi verka í framkvæmd. Með framkvæmd till. mundi skapast hér myndarleg fjöldaframleiðsla á mörgum hlutum. Framleiðendur mundu selja viðskiptabönkum sínum efnis- og framleiðsluvíxla, en viðskiptabankinn endurselja þá eftir þeim reglum, sem seðlabankinn mundi setja í samráði við hæstv. ríkisstj. Hvað mundi svo þetta leiða af sér? Framleiðandinn hefði bolmagn til hagkvæmari innkaupa á efnivöru. Í stað þess að framleiða vöru á dýran hátt í smáum stíl mundi hann að sjálfsögðu framleiða slíka vöru í fjöldaframleiðslu og útkoman verða ódýrari vara, meiri framleiðsla, betri afkoma almennings. Sama má segja um verksmiðjuiðnaðinn almennt. Hann mundi hér fá

möguleika til hagkvæmari rekstrar, fjölbreyttari framleiðslu, betri skipulagningar og jafnframt ódýrari framleiðslu. Sem sagt: stefnt í rétta átt til hagsældar fyrir alla. Þannig er hægt að taka dæmin viðs vegar úr íslenzkum iðnaði. Í dag takmarkast tæknin vegna fjárskorts.

Þessi tilhögun mundi einnig geta haft stórkostlega þýðingu fyrir nýjar atvinnugreinar. Hún mundi t. d. leggja varanlegan grundvöll að þýðingarmiklum þætti íslenzks sjávarútvegs, smíði stálskipa á Íslandi. Ég fullyrði, að með réttri skráningu erlends gjaldmiðils, sem nú miðar að, þótt í uppbótarformi sé, er með íslenzkum fagmönnum hægt að byggja hér á landi ekki aðeins fiskibáta úr stáli, heldur allan þann togaraflota, sem íslenzka þjóðin þarfnast. Skapast mundu t. d. strax möguleikar til þess að smíða hér á landi tvo af þeim fimmtán togurum, sem hæstv. ríkisstj. leitar nú eftir að fá smíðaða erlendis, en samkvæmt lögum, samþ. 18. des. 1956, er einmitt heimild til að leita eftir smíðinni hérlendis, og þar segir: „Heimilt er að bjóða út smíði á einum til tveimur þessara togara innanlands og láta smíða þá í landinu, ef byggingarkostnaður þeirra telst viðunandi.“

Ég vænti, að hæstv. ríkisstj. notfæri sér þennan rétt. Þá hefur náðst áfangi til handa íslenzkum iðnaði, íslenzkum sjávarútvegi og þjóðinni í heild, ef skipabyggingar almennt geta flutzt inn í landið.

Eins og nú er háttað viðskiptum Íslendinga með vörukaupasamningum við aðalviðskiptalönd okkar, er m. a. gengið út frá því, að meginhluti efnis til iðnaðar sé keyptur frá þessum löndum. Það er beinlínis háð kaupum og þrýst enn meir á frjálsan gjaldeyri, hversu innkaup í smáum stíl eru erfið frá þessum svokölluðu „clearing“-löndum. Stór efniskaup, gerð frá „clearing“-löndunum, gera nauðsynlegt, að bankarnir aðstoði og létti undir innflytjendum, svo að þeir þrýsti minna á frjálsan gjaldeyri til slíkra kaupa.

Ef athuguð eru fjárfestingarlán atvinnuveganna, kemur í ljós, að iðnaður er þar mjög afskiptur. Stofnlánasjóðir iðnaðarins eru nær engir. Í árslok 1956 eru útlán iðnlánasjóðs 4.3 millj. kr. Á sama tíma eru útlán úr sjóðum landbúnaðarins 135 millj. og úr sjóðum sjávarútvegsins yfir 200 millj.

Með stofnun Iðnaðarbanka Íslands í október 1952 hefst raunverulega nýtt tímabil í sögu iðnaðar hér á landi. Bankinn hóf starfsemi sína vorið 1953 með 6½ millj. kr. hlutafé. Þar af á ríkissjóður 3 millj., en iðnaðarmenn og iðnsamtökin 3½ millj., en 15 millj. kr., sem fyrrv. ríkisstj. átti að leggja bankanum til sem lánsfé, hafa aldrei fengizt. En frá stofnun hefur bankinn hins vegar lagt til lánakerfis húsnæðismála og rafvæðingar yfir 4 millj. Þannig hefur ríkið raunverulega endurheimt það fjármagn, sem bankanum var lagt í formi hlutafjár. Bankinn hefur sífellt verið að sækja á og iðnaðarmenn sýnt honum verðskuldaðan áhuga og tiltrú. Skv. reikningum bankans um s. l. áramót eru innstæður yfir 70 millj. kr.

Sú till., sem hér er borin fram, mundi verða þessari stofnun ómetanlegur stuðningur.

Það er reyndar annað, sem ég vil einnig minnast lítillega á máli mínu til stuðnings. Nýlega hafa verið samþ. af hæstv. Alþingi lög um mánaðar uppsagnarfrest daglaunamanna. Allir geta glaðzt yfir því, að daglaunamaðurinn fái atvinnuöryggi á borð við aðra þegna þjóðfélagsins. En svo gæti farið, að þessi lög án annarra ráðstafana auki hættu á atvinnuleysi hjá þeim aðilum, sem hér er einmitt verið að vernda. Atvinnuveitandinn t. d. í iðnaði verður, eftir að þessi lög tóku gildi, að hafa vissu fyrir því lengra fram í tímann en áður, að sala á framleiðsluvörum hans stöðvist ekki. Hann verður að hafa stöðugan markað fyrir framleiðslu sína eða aðgang að fjármagni til þess að geta tekið sölusveiflum eða mætt árstíðarmarkaði, eins og hann hefur sýnt sig að vera hér í mörgum iðngreinum.

Samkvæmt upplýsingum hæstv. félmrh. er atvinnuleysistryggingasjóður nú um 90 millj. kr., og mun hann hafa lánað til atvinnutækja í fjárfestingu víðs vegar um landið, og er það að sjálfsögðu lofsvert. Nú mun hins vegar seðlabankinn hafa fryst tekjur þessa sjóðs, svo að hann verður ekki fær um á næstunni að hlaupa undir bagga til styrktar atvinnulífi þeirra byggðarlaga, þar sem þess gerist mest þörf, á sama hátt og hann hefur gert hingað til. Það er ekki nóg að staðsetja og stofna fyrirtæki til atvinnujöfnunar. Það þarf einnig að reka þau, og reksturinn kostar fjármagn. Það hefur oft gleymzt, að útþynning krónunnar kallar á fleiri krónur í rekstur-inn. Að ráða bót á þessu er án efa ekki síður aðkallandi en uppbygging á nýjum atvinnutækjum.

Till. mín getur á viðunandi hátt bætt hér úr og skapað jafnvægi einnig á þessu sviði, auk þess sem hún er að mínum dómi sú raunverulega lækning á árstíðabundnu atvinnuleysi í velflestum greinum iðnaðarframleiðslunnar víðs vegar um landið.

Ef svo mætti verða, að þessi till. yrði til þess, að landsmenn mættu búa við meira atvinnuöryggi almennt, þá lít ég svo til, að till. hafi náð tilgangi sínum. Í þeim iðnrekstri, þar sem ég þekki bezt, járniðnaði, er mesti annatíminn t. d. hér í Reykjavík að jafnaði frá því snemma að vori og fram á haust. Þegar veður versna og útivinna leggst niður, vill oft svo fara, að erfiðleikar skapist með nægilega atvinnu. Þetta endurtekur sig ár frá ári. Á dauða tímabilinu er að sjálfsögðu reynt eftir megni að halda uppi atvinnu með margs konar nýsmíði, en þetta er hægt í miklu stærri stíl, skapist möguleikar til eðlilegrar bankastarfsemi fyrir iðnaðinn.

Eins og ég hef nú bent á, er ástandið þannig, að brýn þörf er, að þetta mál fái afgreiðslu nú, og þar sem komið er nálægt þingslitum, vænti ég, að hæstv. alþm. geti

fallizt á, að till. sé nú tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Iðnaðurinn veitir í dag sem næst 1/3 landsmanna atvinnu. Ég vil vekja athygli hæstv. alþm. á því, að hinar tvær höfuðgreinar atvinnulífsins, landbúnaður og sjávarútvegur, hafa árum saman notið þessa réttar, sem hér er farið fram á fyrir iðnaðinn. Samtímis hefur Iðnaðarbankinn raunverulega ekkert fjármagn fengið frá ríkinu, eins og ég hef fært rök að, auk þess ekki verið staðið við þær 15 millj., sem til hans var lofað. Hér er ekki aðeins um réttlætismál að ræða, heldur þjóðþrifamál, sem leiða mun til stóraukinnar og bættrar framleiðslu og velmegunar fyrir landsmenn og leggja mun grundvöll að útflutningi á iðnaðarvörum frá Íslandi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að það væri mjög eðlilegt, að Alþingi léti mál eins og þessi nokkru meira til sín taka en það hefur gert fram að þessu. Í þeim umr., sem fram fóru í deildum þingsins um efnahagsmálin, gerði ég það nokkuð að umtalsefni, að mér þættu ekki nægar tryggingar fyrir því, að í samræmi við afgreiðsluna á þeim málum, sem þar var verið að afgr., væri tryggt, að lán seðlabankans til viðskiptabankanna væru aukin í réttu hlutfalli við þær álögur, sem yrðu lagðar á sérstaklega sjávarútveginn og rekstrarvörur hans í sambandi við þær ráðstafanir, sem þar voru gerðar. Og ég er ákaflega hræddur um, að það sé nauðsynlegt, að Alþingi geri sér ljóst, að það þurfi að skipta sér af þessum málum, hvernig seðlabankinn hagar sér gagnvart viðskiptabönkunum.

Hvað snertir iðnaðinn, sem hér er sérstaklega farið fram á að athuga, er alveg rétt, að hann hefur verið mjög út undan í þessum efnum. Það er engum efa bundið, að það er nauðsynlegt að leiðrétta það og breyta þarna til. Alveg sérstaklega vil ég undirstrika það, að fyrir Reykjavík er nauðsyn á því, að þetta sé gert, vegna þeirrar miklu þýðingar, sem iðnaðurinn hefur alveg sérstaklega fyrir Reykjavík. Og vegna þess að margt af því, sem Reykjavík og Reykvíkingar þurfa á að halda, hefur setið á hakanum undanfarið, er nauðsynlegt, að tekið sé tillit til þessa.

Ég er því mjög meðmæltur, að fram fari endurskoðun á þeim reglum, sem yfirleitt hafa gilt um þessa hluti, eins og ég gerði allýtarlega grein fyrir við umræðurnar um efnahagsmálin, og skil vel, að það sé ekki óeðlilegt, að kröfur komi fram einmitt viðvíkjandi iðnaðinum í því sambandi. Ég vil aðeins taka fram, að ég álít, að okkur beri að taka með skilningi á þessum hlutum, um leið og unnið sé að því að endurskoða það, sem fyrir er.

Forseti (EmJ): Það hefur ekki komið fram till. um nefnd. Það er till. frá hæstv. menntmrh. um að vísa málinu til allshn. (**JJós:** Er það ekki sama og að svæfa málið?) Ekki þarf það að vera. Málið er allstórt, og ég veit ekki, hvort það væri rétt, að n. fengi ekki tækifæri til þess að athuga það.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því, að þetta mál sé stórt, og því miður er það ekki fyrr fram komið en hér má sjá. Á hinn bóginn vita allir, að það er liðið langt á þingtímann og mjög hæpið, að sé þessu máli vísað — ég tala nú ekki um til allshn., þá sé það sama sem að vísa því frá. Ég lýsi því yfir, að ég hef þá skoðun á þessu, að það sé hætta. Ég er ekki að saka hæstv. ráðh. um það, að hann hafi meint það með því að leggja til, að till. fari í nefnd, en mín reynsla af því að setja mál í allshn. er nú slík.

Á hinn bóginn er hér um svo þýðingarmikið velferðarmál að ræða fyrir þann hluta þjóðarinnar, sem er talinn vera hvorki meira né minna en einn þriðji partur af þjóðinni, að iðnaðurinn geti fengið sama aðgang með að selja sína víxla í gegnum viðskiptabanka sína og að seðlabankinn varðveiti þá sölu með því að lána út á framleiðsluvíxla iðnaðarins og verzlunarvíxla, að ég álít, að það megi ekki hika í þessu máli. Ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. um þá stóru þýðingu, sem þetta mál hefur fyrir iðnaðinn og þjóðina í heild sinni, og ég er enn fremur sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að Alþ. þarf að láta sig skipta stjórn seðlabankans meira en Alþ. gerir nú. Þess vegna er ég mjög hvetjandi þess, að þetta mál fái afgreiðslu, og mótfallinn því, að það sé tafið í nefnd, eftir atvikum að dæma.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, AG, ÁkJ, ÁB, BSt, BjörgJ, EggÞ, EirÞ, EystJ, FS, GÍG, GÞG, HV, HermJ, KK, PZ, PÞ, EmJ.

nei: SvG, SÁ, SB, SÓÓ, BjörnJ, BÓ, EOl, GTh, HÁ, ÁS, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓTh.

BG, FÞ greiddu ekki atkv.

14 þm. (PO, PP, SE, SvbH, ÁÞ, AGuðj, FRV, GíslG, GJóh, HS, IngJ, KGuðj, LJós, ÓB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Í trausti þess, að n. hraði svo störfum sem henni er unnt, og til þess að málið geti fengið þinglega afgreiðslu, segi ég já við till. til nefndar.

Emil Jónsson: Ég vil gera þá grein fyrir atkv. mínu, að ég tel sjálfsagt að leitast við að fullnægja lánaþörfum iðnaðarins, en óforsvaranlegt að gera það á þann hátt að láta málið ekki fara til nefndar, og segi þess vegna já.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 3. júní, var fram haldið einni umr. um till. (A. 547, n. 620).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hér er um að ræða mjög mikið mál, sem gæti

verið afdrifaríkt fyrir fjármála- og atvinnulíf stórs hluta þjóðarinnar. Það eru að sjálfsögðu mjög fráleit vinnubrögð að fleygja svona stórmáli inn rétt fyrir þinglokin, og samkvæmt venjulegum starfsreglum, sem hér hafa þótt góðar og gildar og eðlilegar langa hríð, hefði málið ekki átt að komast lengra. En einmitt vegna þess, að hér er um óvenjulega stórt og áhrifamikið mál að ræða, hefur sú n., sem málinu var vísað til í gær, brugðið skjótt við og þegar haldið tvo fundi til þess að ræða það. Þrátt fyrir mjög vafasöm vinnubrögð af hendi flm. og þess flokks, sem hefur öllum flokkum meira gagnrýnt vinnubrögð annarra hér á þinginu, vill n. leggja sitt til þess, að þáltill. þessi fái afgreiðslu.

Það kom þegar í ljós á fundum n., að enginn nm. treysti sér til að mæla með því, að þessi till. væri samþ. óbreytt. Hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum“ o. s. frv.

Í fyrsta lagi er þetta orðalag svo ákveðið, að það mun ekki standast í lögum, að því er mér er tjáð, að ríkisstj. geti beinlínis fyrirskipað seðlabankanum, hvernig hann skuli haga sínum útlánum.

Í öðru lagi er augljóst mál, að það er óraunhæft og ábyrgðarlaust að ætlast til þess, að slík ákvörðun sé tekin með stuttum fyrirvara, vegna þess að hún mundi geta haft gífurleg, truflandi áhrif á allt lánakerfi bankanna.

Ég hygg, að það sé öllum mönnum ljóst, að það liggja engir peningar, sem samkvæmt reglum fjármálakerfisins er hægt að lána út, ónotaðir í bönkunum, og þess vegna væri óhugsandi að framfylgja slíkri þáltill. nema með því að taka lánsfé af öðrum, sem svarar því, sem lána yrði samkvæmt till. Getur hver maður séð, hversu truflandi og varhugaverð áhrifin mundu verða af slíkri ákvörðun.

Þrátt fyrir öll þessi augljósu rök gegn till., eins og hún er fram lögð, voru nm. sammála um, að full ástæða væri til þess, að Alþingi léti í ljós ósk um, að reynt yrði að bæta úr rekstrarfjárskorti iðnaðarins, og nm. var ljóst, að af þrem höfuðatvinnugreinum landsmanna hafa tvær þegar fengið fram nokkuð fasta skipan á rekstrarlánamál sín, en hin þriðja, iðnaðurinn, ekki fengið slíka skipan enn. Þess vegna varð niðurstaða allshn. sú að leggja til, að tillgr. breyttist og orðaðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að vinna að því, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé, með því að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnfyrirtækja.“

Sá skilningur, sem ég legg í þessi orð, er, að Alþingi óski þess, skori á ríkisstj., að hún leiti þeirra ráða, sem hún getur fundið til þess að auka rekstrarfé iðnaðarins, þ. á m. með því að kanna möguleika á því og vinna að því, ef þeir möguleikar reynast vera fyrir hendi, að iðnaðurinn fái, strax og það er fjárhagslega unnt, einhverja svipaða skipan sinna mála og hinar tvær höfuðatvinnugreinarnar njóta.

Nál. það, sem hér liggur fyrir skriflegt, hljóðar því svo:

„N. hefur rætt mál þetta á tveimur fundum. Nm. er ljóst, að vinna þarf að öflun aukins rekstrarfjár til handa iðnaðinum, en telja þó ókleift að samþ. orðalag till. óbreytt. Því leggja þeir til, að till. verði samþ. með svofelldri breytingu:

Till. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að vinna að því, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé, með því að seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnfyrirtækja.“

Undir þetta hafa skrifað allir nm.

Við væntum þess, að eins og til þessa máls er stofnað, leggi n. hér til afgreiðslu á því, sem sé í fullu samræmi við þær aðstæður, sem taka verður tillit til, en viðurkennir þó, að leitast þurfi við að greiða úr þessu vandamáli iðnaðarins, og að Alþingi sýni iðnaðinum með samþykkt þessarar till. fullan skilning í miklu vandamáli, en það sé þó ekki lagt þannig fyrir, að málið sé ekki framkvæmanlegt samkvæmt skynsamlegri fjármálameðferð, heldur á þeim grundvelli, að ríkisstj. vinni að málinu, eftir því sem hún sér sér framast fært og unnt er, miðað við aðstæður í fjármálalífi þjóðarinnar á hverjum tíma.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. nál. (sjá þskj. 620) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til þess að spyrja um, hvort hv. frsm., hv. 5. landsk. (BG), hafi hér talað fyrir hönd n. eða fyrir eigin hönd. Efni máls hans var, eftir því sem ég gat bezt skilið, vítur á flm. fyrir, hvernig hann flytur málið, og vítur á flokkinn, sem ber ábyrgð á þessum hroðalega flm., fyrir, að hann skuli hafa stutt málið. Þetta hefði auðvitað átt að koma löngu fyrr, segir hann, helzt í þingbyrjun, svo að hann hefði getað haft átta eða níu mánuði til að athuga, hvort ætti að halda fund, eins og tíðkast í þingnefndum, eða ekki.

Ég leyfi mér nú að leiða athygli að því, að það eru aðeins örfáir dagar síðan hv. flm., sem er, eins og allir vita, einn af oddamönnum iðnaðarins í landinu, tók sæti á Alþingi. Og ég dreg í efa, að þessi mikilvirki þm., sem var að tala hér, hafi, þegar hann hafði átt ekki lengri þingsetu en hv. flm., verið búinn að bera fram veigameira mál en þessi hv. þm. hefur gert. Ég leyfi mér jafnvel að efa, að hann muni nokkru sinni gera það.

Samt sem áður, þrátt fyrir víturnar til flm. fyrir að leyfa sér að bera þetta fram svona seint og að hann skyldi ekki heldur bera það fram löngu áður en hann kom á þing, þá segir hv. frsm.: Ég legg nú samt til, að við samþykkjum þetta í dálítið breyttu formi. Það er að vísu ekki einn einasti eyrir til að lána, því að hann verður að taka frá einhverjum

öðrum, og það getur verið stórhættulegt, og það eru að sönnu ekki nema nokkrir mánuðir, þangað til nýtt þing kemur saman, svo að okkur geti gefizt ágætt tækifæri til að athuga þetta gaumgæfilega og afgr. það með þeim hætti, sem við viljum. En þrátt fyrir þetta legg ég nú samt til, að við skorum á ríkisstj. að gera það, sem henni var falið. — Þetta segir hv. þm. Ég skal ekkert hafa á móti því orðalagi, sem hann óskar eftir, það er kannske kurteisara, þinglegra og eðlilegra. Ég held ég muni nú samt fordæmi þess, að ríkisstj. sé falið að gera svona hluti. Það er svo annað mál, hvort ríkisstj. hefur þetta vald yfir bankanum. Það er þó, eins og hér hefur verið mjög mikið um rætt í umr. um efnahagsmálin, að ríkisstj. verður alltaf að geta ráðið ákaflega miklu um höfuðstefnu seðlabankans í lánveitingamálum, og hvort sem það er samkvæmt bókstaf laga, þá er það mjög nærri að vera samkvæmt bókstaf þarfarinnar á hverjum tíma. Og ég man eftir, að þjóðkunnur bankastjóri sagði það svona sem hálfgert spaugsyrði: Já, hvenær hef ég verið á móti ríkisstj.? — Þessi maður var mjög vitur maður. Hugsun hans var þessi: „Ég er með þeirri ríkisstj., sem á hverjum tíma fer með völdin í landinu, að svo miklu leyti sem samvizka mín leyfir mér, því að ég tel, að það þurfi að vera það samstarf á milli þjóðbanka og ríkisstj., að þjóðbankinn reyni alltaf að laga sig eftir óskum og vilja ríkisstj.“ Og þetta á sannarlega mikið til síns máls.

Ég hef orð hv. flm. fyrir því, að hann telur vel farið, að málið fái þessa afgreiðslu, sem n. mælir með. En ég felli mig ekki við rökstuðninginn fyrir álitinu, og ég spyr um það, m. a. af því, að mikilhæfir forustumenn Sjálfstfl. eru í þessari n., hvort þetta sé talað fyrir hönd nefndarinnar. Ef það er ekki, þá tel ég hv. ræðumann, hv. 5. landsk., vítaverðan fyrir sína framsögu. Hitt er honum um megn, að ófrægja þm., sem er nýsetztur á bekkinn og hefur unnið það afrek að flytja þetta mál inn á þingið og að beygja þessa menn, sem eru það hræddir við hans málflutning. Þeir þora ekki að snúast gegn honum, en geta þó ekki leynt óánægju sinni yfir að þurfa að veita iðnaðinum þennan stuðning.

Það, sem hv. frsm. sagði, var í raun og veru þetta: „Þó að ég sé óánægður og þó að Sjálfstfl. undir handleiðslu hv. þm. hafi nú neytt mig til að sýna iðnaðinum stuðning, þá tek ég það nærri mér að þurfa að gera það, og ég gat ekki leynt mínum innra manni.“ Svona verð ég að skilja þennan tón, sem er hér viðhafður. Ef það væri vilji þessa manns, sem hér flutti ræðuna, að veita iðnaðinum þann stuðning, sem hér er farið fram á og er þjóðnauðsynjamál, þá hefði hann áreiðanlega hagað sínum orðum allt öðruvísi, áreiðanlega sagt: Ég kann því betur, að hér sé sagt: Það er ósk til ríkisstj., en það er ekki valdboð til hennar, að hún „feli“ aðila, sem er hæpið að hún hafi vald til að stjórna. — Þetta var kjarni og efni hans máls, og við það get ég ágætlega sætt mig, ekkert við því að segja. Það getur verið álitamál, hvernig menn vilja orða þá hugsun. En mér fannst innri maðurinn koma þarna fram í því að reyna, um leið og hann skorti kjark til að rísa gegn óskum iðnaðarins, að finna einhvern ágalla á hætti hv. flm., sem er þó búinn á þessum stutta þingtíma að vinna afrek, sem vel getur orðið merkara en öll þau afrek, sem þessi hv. þm. enn hefur borið gæfu til að vinna í sinni þingsögu.

Ég óska eftir, að það upplýsist, hvort hér er talað f. h. nefndarinnar eða ekki. Ég hefði að sönnu getað gengið á milli nefndarmanna og spurt: Er þetta mælt fyrir ykkar munn. — En málið kom fyrir fyrir einum eða tveimur dögum, fer í n., kemur aftur hérna. Þetta eru síðustu forvöð að afgr. það, og ég hef kosið þennan hátt, herra forseti, til að fá upplýst, í hvers umboði þessi — ja, hvað á ég að segja — ekki allt of velviljuðu orð voru mælt.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Mér kom alveg á óvart, að hv. frsm. skyldi víta hv. flm. till. Það kom ekkert fram í n. eða hjá nokkrum nm. í þá átt, að þeir teldu þetta vítavert, og þess vegna tel ég ummæli hv. þm. eingöngu hans eigin ummæli, en ekki nefndarinnar. Ég verð að segja það, að mér sem einum nefndarmanni þykir alveg óviðeigandi að viðhafa slík orð, a. m. k. í nafni nefndarinnar.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég er samþykkur því orðalagi, sem nú er á till. n. Ég er sammála hv. frsm. um, að eins og málið er vaxið, er þetta þinglegra form á till. en hitt, sem var upphaflega, þó að alltaf megi deila um, hvernig orða skuli slíkar till. sem þessa.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Í fyrri ræðu minni las ég orði til orðs undirritað nál., sem ég síðan afhenti forseta, og gátu menn þar að sjálfsögðu heyrt, hvað n. lætur formlega og undirskrifað frá sér fara um þetta. Ég ræddi líka um hin ýmsu atriði nál., og er það óumdeilanlegt.

Vera má, að ég kunni ekki eftir stutta þingsetu þinghætti eins vel og menn eins og hv. formaður Sjálfstfl., en hitt er augljóst mál, að það, sem ég sagði í upphafi um flutning till., er frá mér komið. En sagt var það, og ég tek það ekki aftur. Ef það er brot á þinglegum siðum, að ég léti þetta í ljós, um leið og ég flutti álit n., þá stafar það af þekkingarleysi mínu á þeim siðum, og ég er fús til þess að biðja velvirðingar á því.

Hitt er annað mál, að á stuttri setu hér hef ég þegar reynt það, að þegar málefnum, stundum minni málum en þessu, hefur verið skotið inn á þingið á síðustu þingdögum og vísað til þessarar sömu nefndar, eins og kom fyrir fyrir einu ári, hafa sjálfstæðismenn staðið upp og sagt: Þetta er ekki hægt, það er ekki hægt að ætlast til þess, að þingnefnd afgreiði svona mál á einum eða tveimur dögum. — Og þeir hafa neitað að afgreiða það. Þá

stóð ekki á ófögrum orðum um vinnubrögð hjá þeim mönnum, sem væru að flytja á þinginu stórmál, þó ekki nálægt því eins stór mál og þetta, nokkrum dögum fyrir þinglok. Það virðist því fara nákvæmlega eftir, hvað hentar hv. sjálfstæðismönnum hverju sinni, hvað þeim þykir vera viðeigandi vinnubrögð hér í þinginu.

Ég vil taka fram, að það, sem ég sagði um þessi vinnubrögð, ber engan veginn að skilja sem neinar persónulegar vítur til flutningsmanns, því að ég þekki hann að öllu góðu og veit, að hann flytur þetta mál af einlægum áhuga á málefnum iðnaðarins. En ég vil minna á, að það sitja rúmlega tveir tugir sjálfstæðismanna annarra hér á þingi, og ég ætla, að flokkurinn sé ekki svo ósamstarfshæfur, að hann hafi orðið að bíða eftir því eins og sofandi prinsessa, að þessi prins kæmi inn í þingið, áður en flokkurinn gæti hreyft svona stórkostlegu velferðarmáli iðnaðarins.

Ég vil að lokum segja um meðferð þessa máls og flutning þess, að ég hef heyrt í samtölum manna á milli, að margir mér miklu reyndari þingmenn eru mér sammála. Það er ekkert annað en strákslegur útúrsnúningur hjá hv. þm. G-K. að reyna að halda því fram, að gagnrýni mín á meðferð málsins stafi af fjandskap við það. Mér er vel kunnugt um, að núv. iðnmrh. hefur gert allt, sem hann hefur getað, til þess að afla iðnaðinum meira fjármagns, bæði til þeirrar fjárfestingar, sem staðið hefur yfir, og þar hefur tekizt að afla tuga milljóna, meira að segja til að halda áfram byggingu iðnfyrirtækja, sem voru komin í algert peningaþrot og strand, þegar hv. þm. G-K. yfirgaf ráðherrastólinn. Þar að auki og engu síður hefur hann unnið að því, eftir því sem hægt hefur verið, að bæta aðstöðu iðnaðarins í lánamálum. Um árangur af þessu er erfitt að segja. Þetta er eilífðarmál, lánamál fyrirtækja, og ég hygg því, að það eitt geti nægt til þess að sýna hug minna flokksmanna, míns flokks, til þessa máls, sem þar hefur verið unnið. Það er ekkert annað en ómaklegir útúrsnúningar að reyna að snúa aths. um meðferð málsins upp í fjandskap við málið og því ekkert mark á slíku takandi.

Ólafur Thors: Ég er nú út af fyrir mig ánægður með það, að ekki aðeins hefur umboðsmaður Sjálfstfl. í þessari nefnd, hv. allshn., lýst yfir, að hv. frsm. n. hafi ekki talað fyrir hönd n., heldur hefur hann einnig meðgengið það sjálfur, og það er það, sem fyrir mér vakti. Hann má svo náttúrlega ekki rugla því saman, að n. í heild hefur afgreitt málið á æskilegan hátt, með mér er nær að segja óvenjulegum hraða, og svo hinu, að hans ummæli voru óþörf, að ég ekki kveði sterkara á um það. Þau voru óþörf og óviðeigandi.

Ég ætla ekki að taka upp eldhús núna. Verður það ekki í kvöld aftur? Þó að ég fái þar ekki orðið, þá tala áreiðanlega margir mér skemmtilegri og rökfimari menn þar. En ef hv. þm. er að minna á, að gengið hafi verið frá iðnaðarfyrirtækjum undir minni stjórn í algeru fjárþroti, — hann á víst við sementsverksmiðjuna, — þá minni ég hann á það, að ég held, að ég hafi átt kannske öðrum meiri þátt í að útvega fé til þess og fá erlent lán til allra efnis- og vélakaupa. Ég get vel gert grein fyrir því, að ég hafði átt von á meiri stuðningi úr fleiri áttum til að fullnægja innlendum þörfum, og ég mundi gera það með miklu skeleggari hætti en ég geri nú, ef ég ætti von á því, að þeir, sem þeim hnútum eru kunnugastir, vildu taka þátt í þeim umræðum. Það upplýsist allt á sínum tíma. Ég dreg ekkert í efa, að núv. hæstv. iðnmrh. hafi viljað iðnaðinum vel, og ég hef enga ástæðu til þess að bera hann öðrum sökum. En ef maður ætlar að taka alveg bókstaflega það, sem hv. 5. landsk. sagði um afrek hans og lánsfjárútveganir til þeirra þarfa, þá rekur maður sig á þá staðreynd, að maðurinn, sem þessi ummæli hefur, telur þó mikla nauðsyn að samþykkja till., sem hér liggur fyrir, enda þótt hann telji eiginlega ekkert fé fyrir hendi til að fullnægja þörfunum.

Maður rekur sig á þessa staðreynd, sem hlýtur að varpa ofur litlum skugga á afrek hæstv. iðnmrh. um að fullnægja sinni innri þörf og mikla vilja um að útvega lánsfé frá hlutaðeigandi bönkum. Ef iðnmrh. hefði getað fullnægt þörfinni, veit ég, að þessi ungi þm., samvizkusamur eins og hann áreiðanlega er, hefði þá sagt: Ja, okkar ágæti iðnmrh. er búinn að vinna svo mikil afrek á þessu sviði, að ég sef rólega og mín annars viðkvæma samvizka mun blunda í heilagri ró í nokkra mánuði, þangað til ég get aftur gerzt sjálfur flm. að þessari till. og fengið þá þann heiður, sem ég öfunda hv. núv. flm. af, og látið það í pokahornið hjá mér, því að þar er lítið fyrir.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þarf litlu við að bæta það, sem ég hef þegar sagt. En ég vil benda hv. þm. G-K. á það, að ég sagði alls ekki, að hæstv. iðnmrh. hefði getað fullnægt þörf iðnaðarins á rekstrarlánum. Ég tók það mjög greinilega fram, að hann hefði gert það, sem hann hefði getað, en um árangurinn væri erfitt að segja, því að rekstrarlán atvinnuvega væru eilífðarmál. Þörfin vex og minnkar, og það er því varla um að ræða að fullnægja algerlega þörf þar. Það er ekki vegna þess, að ég sjái, að hann hafi ekki náð nægilegum árangri, sem ég styð þessa till. í því formi, sem ég vil breyta henni, þvert á móti, heldur finnst mér, að ef Alþingi vill láta slíka viljayfirlýsingu í ljós, þá muni það verða góður stuðningur iðnmrh. í áframhaldandi viðleitni hans til þess að greiða fyrir iðnaðinum og fjármálum hans, eins og hann framast getur, og muni styrkja hann frekar en hið gagnstæða í þeirri viðleitni. Það er einmitt það gagn, sem þessi till. getur fyrst og fremst gert. En að öðru leyti veit ég það, að iðnmrh. og aðrir ráðh., sem þessi mál kunna að heyra undir, munu kanna þetta mál ofan í kjölinn, vinna að því eins og framast er unnt, að iðn-

aðurinn fái eins mikið rekstrarfé og hægt er að láta honum í té.

Það eru engin ný sannindi, sem ég fór með hér, að það muni ekki liggja ónotað lánsfé neins staðar. Erfiðleikarnir við að gera slíka hluti sem þessa eru, að það mun sennilega þurfa til að auka verulega lánsfé iðnaðarins að taka lánsfé af einhverjum öðrum, og ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. G-K. viti betur en nokkur annar hér, að það er ekki auðvelt að gera slíka tilflutninga. Þess vegna er þetta mál ekki eins auðvelt og það væri ella, ef peningarnir væru til.

ATKVGR.

Brtt. 620 (ný tillgr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 621).

Þingsályktunartillögur afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Framlag til lækkunar á vöruverði.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um skýrslu um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði** [23. mál] (A. 29).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Fá eða engin mál eru nú meira rædd hér á landi né hafa verið heldur en hin svokölluðu efnahagsmál og sá vandi, sem að steðjar í þeim. Hvaða úrræði sem menn telja þar vænlegust eða hverjar orsakir sem menn telja vera að þeim örðugleikum, sem við er að etja, þá er það víst og að því er ég hygg óumdeilanlegt, að við þennan vanda verður ekki ráðið, nema skilningur alls almennings á bæði orsökum og úrræðum sé fyrir hendi. Ég veit ekki um neitt málefni, sem síður stoði að löggjafinn einn, Alþ. og ríkisstj., taki ákvarðanir um, ef þær styðjast ekki við glöggan skilning alls almennings á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hverju sinni eru ákveðnar. Án slíks skilnings kann að vísu að vera hægt að gera ýmiss konar bráðabirgðaráðstafanir, en ef þær eiga ekki þegar í stað að reynast haldlitlar, verða þær að hafa stoð í öflugu almenningsáliti.

Almenningsálitið getur auðvitað byggzt á ýmsu. Það hefur hingað til um of mótazt af misskilningi á eðli þess vanda, sem við er að glíma. Menn hafa um of talið, að kauphækkanir án tillits til getu atvinnuveganna til þess að inna þær af hendi hlytu að verða þeim kjarabót. Eins hafa menn talið, að vísitala á grunnkaup væri einhliða til hags fyrir launþega án tillits til þess, hvort atvinnuvegirnir væru þess umkomnir að greiða þær kauphækkanir, sem af vísitöluhækkuninni leiðir. Þá lítur út nú svo, að verulegur hluti ráðamanna í þessum efnum haldi, að allur vandi í þessum efnum sé leystur, ef einungis tekst að halda vísitölunni niðri, án tillits til þess, hvort verðlagið í landinu almennt er í raun og veru stöðugt eða ekki. En að sjálfsögðu er það hið raunverulega verðlag, sem úr öllu sker, en ekki hitt, hvort tekst að dylja það, sem orðið hefur, með rangreikningi vísitölunnar um sinn eða fyrir fullt og allt. Sú aðferð, beinn rangreikningur hennar, hlýtur áður en yfir lýkur, að hefna sín og magna þann vanda, sem að lokum verður að leysa.

Einn þátturinn í því að halda vísitölunni niðri, þótt ekki sé hægt að segja, að sú aðferð hljóti ætíð að leiða til þess, að vísitalan sjálf sé röng, er það að borga hana niður eða vissar vörur niður með fjárgreiðslum úr ríkissjóði til þess á þann veg að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar. Að takmörkuðu leyti og a. m. k. um sinn er nú orðið viðurkennt af öllum, að þessi aðferð geti átt rétt á sér. En þó að hún eigi rétt á sér með þeim fyrirvörum, sem ég áður gat um, þá getur hún jafnframt beinlínis orðið til ills, ef hún dylur allan almenning hins sanna um orsakasamhengið og þess, hver vandi í raun og veru er á ferðum. Þó að vísitölunni sé á þennan veg haldið niðri og vöruverð í búðum hækki ekki, verður engu að síður að borga verð vörunnar af einhverjum. Og eins og nú háttar til hér á landi og raunar ætíð hefur gert, þá er þar ekki um neinn annan aðila að ræða en allan almenning, að áður en yfir lýkur, verður hann að inna þessar greiðslur af höndum.

Til þess að meta, hvort þessi aðferð eigi rétt á sér í hverju einstöku tilfelli eða ekki, verður því að vera ljóst fyrir þeim, sem ákvarðanir taka í þessum efnum, og að lokum er það allur almenningur, sem úrslitaákvörðunina tekur, til hvers það fé, sem til niðurgreiðslnanna er varið, í raun og veru rennur, hvaða áhrif það í raun og veru hefur á vöruverðið í landinu. Ef menn átta sig ekki á þessu, eru þeir að dylja fyrir sjálfum sér með þessum niðurgreiðslum þann vanda, sem þeir verða að leysa og komast ekki hjá því að leysa, hvernig sem þeir að öðru leyti vilja fara að. Nauðsyn á glöggri skilagrein í þessu verður þeim mun auðsærri sem niðurgreiðslurnar verða meiri liður í því að halda vísitölunni niðri, þeim mun meira fé, sem menn verða að inna af höndum til þess að halda vísitölunni niðri, en borga þó á annan veg úr eigin vasa.

Fjárveitingar til þess að halda vísitölu niðri

á þennan veg hafa nú tíðkazt alllengi, nokkuð meira en tíu ár. Þær hafa tíðkazt ein 10—15 ár a. m. k. Þær fóru smáhækkandi frá seinni stríðsárunum fram til þess, að gengislækkunin var gerð 1950. En þá komust þær um tveggja ára bil niður í 25 millj. kr., hækkuðu síðan á árinu 1952 upp í nær 37 millj., voru á fjárlögum 1954 t. d. tæpar 46 millj., á fjárlögum fyrir 1955 voru þær rúmar 49 millj., og á fjárlögum fyrir 1956 voru þessar greiðslur komnar upp í 57 millj. Á fjárlögum aftur fyrir þetta ár eru þær 125 millj. og hafa því á rúmlega einu ári nú hækkað verulega frá því, sem áður var, meira en tvöfaldazt, þannig að á þessu eina ári hafa þær hækkað um sem svarar 66 millj. kr.

Samkv. því, sem hingað til hefur verið talið, að hvert vísitölustig svaraði til þess, að borga þyrfti úr ríkissjóði að meðaltali 6 millj. kr., mundi þetta samsvara því, að frá því, sem áður var, hafi í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. á þennan veg verið greidd niður 11 vísitölustig. Það hefur sézt, að því er haldið fram, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi ekki borgað raunverulega niður nema eitt stig. Það virðist vera fengið með því að tileinka fyrri stj. 6 stig af því, sem núv. ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um að borga niður. Vitanlega er það núverandi hæstv. stjórn, sem þá ákvörðun hefur tekið. En hvað sem því líður, þá er þarna engu að síður eftir að gera grein fyrir 30 millj. kr., og er þá kostnaður við niðurgreiðsluna orðinn miklu meiri en hingað til hefur verið talið, ef það kostar nú orðið 30 millj. kr. hjá hæstv. núv. ríkisstj. að borga niður eitt stig. Hér skýtur því mjög skökku við og er glöggt dæmi þess, hversu óheppilegt er, að ákvarðanir um þessi efni skuli vera teknar á bak við tjöldin, ef svo má segja, og án þess að nokkur fullnægjandi grg. liggi fyrir.

Það er því fyllilega tímabært, sem hér er farið fram á, að Alþ. skori á ríkisstj. að birta nú þegar skýrslu um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði og sé þar sundurliðað, hversu hátt framlag er greitt til verðlækkunar á hverri vöru um sig, og gerð grein fyrir, hver áhrif það mundi hafa, ef greiðslum þessum væri hætt. Enn fremur er lagt til, að Alþ. ályktí að skora á ríkisstj. að birta héðan í frá jafnskjótt allar ákvarðanir hennar um breytingar á þessu framlagi. Ef þessi till. verður samþykkt, sem ég vona, á að vera miklu hægara bæði fyrir alþm. og allan almennnig að átta sig á því, hvort þær stórkostlegu niðurgreiðslur, sem nú eru tíðkanlegar og að því er manni skilst ákvarðaðar fyrir framtíðina, séu í raun og veru til góðs eða ekki.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en það er áhorfsmál, hvort vísa eigi því til hv. allshn. eða fjvn. Ég tel, að þar sem ætla má, að hv. fjvn. sé bezt að sér í þessum efnum, hverju fé hefur verið varið í þessu skyni og til hverrar ætlunar, þá sé líklegast, að till. fái sannsýnilega meðferð í hv. fjvn., og legg því til, að umr. sé frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 29, n. 355).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Sú þáltill., sem fjvn. hefur hér skilað áliti á, var flutt á s. l. hausti og fjallar um það, að birtur verði útreikningur á því, hverju sé varið af opinberu fé til niðurgreiðslu á vöruverði á einstökum vörutegundum, þannig að almenningur eigi aðgang að því og geti á hverjum tíma vitað, með hverjum hætti þessar greiðslur eru og hver áhrif þær hafi á vísitölu í landinu. Þegar till. kom fram, mun ekki hafa legið neitt fyrir af opinberum skjölum um þessa hluti. Hins vegar liggur það nú fyrir, að í janúarhefti Hagtíðinda hefur hagstofustjóri birt um þetta nákvæma skýrslu og að því er ég ætla eins nákvæma og sundurliðaða og till. ætlast til. Að því leyti sem till. fjallar um liðinn tíma og yfirstandandi, þá lítur fjvn. svo á, að efni till. sé þegar fullnægt. En að því er varðar framtíðina, — því að till. gerir einnig ráð fyrir því, að jafnóðum verði slíkar upplýsingar gefnar, — þá telur fjvn. eðlilegt, að svo verði, og vill vænta þess, að svo verði gert, og hefur þess vegna skilað áliti um till., — áliti, sem liggur fyrir á þskj. 355, þar sem það er látið í ljós, að efni till. sé þegar framkvæmt og n. telji sig mega ætlast til þess, að framvegis verði birtar þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á slíkum niðurgreiðslum. Þá telur n. ekki ástæðu til að samþykkja till., en leggur til, að hún verði afgreidd með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Með því að í janúarhefti Hagtíðinda 1958 er birt nákvæm skýrsla um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði, sundurliðuð á þann hátt, sem till. gerir ráð fyrir, og í trausti þess, að framvegis verði birtar allar breytingar á þessu framlagi, jafnóðum og þær koma til framkvæmda, telur Alþ. ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Bjarni Benediktsson: Till. hefur þegar náð tilætluðum árangri, og mér kemur alveg í einn stað niður, með hverjum hætti þingið lætur uppi sinn vilja um það, að þessar skýrslur verði gefnar í framtíðinni. Rökstudda dagskráin er, í því formi sem hún er, alveg jafnbindandi fyrir stjórnarvöld eins og samþykkt sjálfrar till., og get ég því mjög vel sætt mig við þennan hátt á afgreiðslunni. Þakka ég n. fyrir hennar verk að þessu leyti.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 355 samþ. með 29 shlj. atkv.

2. Eftirgjöf lána vegna óþurrka.

Á deildafundum 18. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eftirgjöf lána [17. mál] (A. 21).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Árn. að flytja þá till., sem hér er til umr. á þskj. 21. Tillaga þessi er nokkuð svipuð tillögu, sem við sömu menn einnig fluttum á síðasta Alþingi, en fékk ekki þann stuðning, sem við höfðum vonazt eftir. Eigi að síður hafði till. mikil áhrif á hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar, t. d. það, að nokkur hluti af hallærislánum, sem veitt voru á sínum tíma til Austurlands, var gefinn eftir, vegna þess að við höfðum hreyft málinu með flutningi tillögunnar á Alþ. síðast liðnu. Og till. hafði einnig áhrif á annan hátt, með því að hæstv. ríkisstj. útvegaði sér heimild frá hv. Alþ. til þess að mega afhenda bjargráðasjóði Íslands 10½ millj. kr. skuldabréf vegna lána á óþurrkasvæðinu 1955 og allt að 3 millj. kr. lána til Austfirðinga frá harðindatímunum á árunum 1949—50.

Þessi var þá árangurinn af flutningi tillögu okkar á s. l. Alþ., og má segja, að hann hafi verið nokkur og við flm. till. gætum eftir atvikum sætt okkur við þann áfanga, sem náðist á síðasta Alþingi: í fyrsta lagi, að töluverð upphæð var gefin eftir að fullu af lánum, sem áttu að gefast eftir, og að spor var stigið í þá átt að gefa hitt eftir, sem ekki fékkst fullt samkomulag um að leysa á síðasta hv. Alþingi. Að ég segi, að það hafi náðst áfangi í þessum málum með afgreiðslu síðasta Alþingis, er vegna þess, að nú hefur hæstv. ríkisstj. afgreitt þetta mál samkv. heimild, sem henni var til þess veitt í fjárlögum yfirstandandi árs. Afgreiðsla málsins er með bréfi, dags. 26. apríl s. l., og ég verð að geta þess, að í grg., sem fylgir þessari till., hefur dagsetning þessa bréf misritazt, og er sagt, að það sé dags. 14. okt., í stað þess að bréfið er dags. 26. apríl. En það út af fyrir sig breytir ekki meiningu þessa máls.

Með bréfi hæstv. ríkisstj. er sett skilyrði fyrir afhendingu nefndra skuldabréfa, en þau skilyrði eru, með leyfi hæstv. forseta, af hálfu ríkisstjórnarinnar, að stjórn bjargráðasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo og með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf, að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þar sem hæstv. ríkisstj. hefur sett þessi skilyrði, sem ég nú hef lesið, hefur hún í aðalatriðum fallizt á það sjónarmið, sem kom fram með flutningi tillögunnar á s. l. Alþ. og aftur kemur fram í þessari tillögu. Og hvernig ætti annað að vera, þar sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því á síðasta Alþ. að fella niður að fullu nokkurn hluta þeirra lána, sem þá var rætt um? En þegar þetta er athugað, er óskiljanleg sú krókaleið, sem hæstv. ríkisstj. virðist vilja fara að þessu marki, sem við flm. till. stefnum að. Og sú krókaleið verður ábyggilega mjög vandfarin fyrir stjórn bjargráðasjóðsins, ef henni er ætlað að þræða alla þá króka, sem ríkisstj. hefur lagt í veg fyrir hana með þessu bréfi.

Það er vitað mál, að þeir, sem tóku þessi lán, gerðu það vegna þess, að þeir þurftu þess með. Þá vantaði fé til þess að kaupa fóðurbæti á þessum tíma hér á Suður- og Suðvesturlandi, vegna þess að það hafði komið tíðarfar, sem hafði verið óþekkt á s. l. 50 árum. Þeir báru sig eftir lánunum, af því að þá skorti fé. Austfirðingar fengu sína aðstoð einnig af sömu ástæðu. Nú hafa skuldabréfin fyrir nefndum lánum verið afhent stjórn bjargráðasjóðsins til ráðstöfunar með þeim skilyrðum, að þau verði gefin eftir, ef hlutaðeigandi sveitarstjórnir telja það æskilegt, — ekki nauðsynlegt, heldur æskilegt. Dettur nokkrum manni í hug að halda því fram, að sveitarstjórnirnar geti haft aðra skoðun á þessum málum en það sé æskilegt fyrir þá, sem fengu þessa aðstoð vegna harðinda og sérstakra óþurrka, að þetta verði gefið eftir?

Það er þess vegna lítils virði fyrir bjargráðasjóðinn að hafa fengið þessi skuldabréf til eignar og innheimtu, þegar þessi skilyrði fylgja frá hendi hæstv. ríkisstj. Það er enginn vafi á því, að ef hv. þm. vilja gera svo vel að átta sig á staðreyndunum, þá er það eina rétta málsmeðferðin í þessu máli að ganga hreint til verks og samþykkja, að hæstv. ríkisstj. geri nú þegar ráðstafanir til, að mögulegt verði að gefa þessi lán eftir að fullu. Sú meðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú haft á þessu máli, að afhenda bjargráðasjóði skuldabréfin með þessum skilyrðum, er þannig vaxin, að það er helzt óframkvæmanlegt. Það veldur sjóðsstjórninni miklum erfiðleikum og meðferðin og afgreiðslan á þessu hlýtur að verða mjög leiðinleg. Það verður að fara að meta ástæður manna, gera upp á milli manna. Og það er stefnt að því, að jafnvel þótt sjóðsstjórnin vilji í öllu vera réttlát, þá er eigi að síður stefnt að því að skapa óréttlæti, skapa misræmi, skapa leiðindi á milli nágranna og óréttlæti, sem hægt er að komast hjá á auðveldan hátt með því að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um till., en vil leggja til, að henni verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjvn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal á þessu stigi málsins ekki fara neitt verulega út í það, enda tilheyrir það ekki fyrri umr. Ég vil þó benda hæstv. fjvn., sem á að fá málið til meðferðar, á tvö atriði. Ég vil í fyrsta lagi benda henni á að kynna sér reglulega vel afkomu bjargráðasjóðs, sem hér er

ætlað að bæta við miklu fé, þegar lánin borgast upp, — fjárhag hans, það, sem honum er ætlað að vinna með sínu fé, og þörfinni á því, að hann geti það. Og ég vildi gjarnan, að það gæti legið fyrir seinna frá nefndinni. Ég vil í öðru lagi benda henni á það, að meðal þeirra manna, sem eiga hér lán, eru bændur, sem eru ágætlega staddir, eiga hús í Reykjavík til að leigja út, — einn man ég eftir að á tvö hús í Rvík til að leigja út, annar hús á Akranesi til að leigja út o. s. frv. Það eru yfirleitt í þessum hóp bændur af allra bezt stæðu bændum landsins, sem hafa fengið þarna lán. Og ég vildi biðja hana að athuga, hverjir eru lántakendur hjá hreppsnefndunum úti um sveitina og hag þeirra, hvers einstaks, áður en hlaupið er í að gefa þau öll eftir. Hitt er annað mál, að það eru margir lántakendur meðal þessara manna, sem þurfa sjálfsagt að fá þau eftir gefin og eiga að fá þau eftir gefin. En það er líka jafnvíst, að það er heill hópur, sem ekkert vit væri í að gefa þau eftir.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla það, að hv. alþm. séu kunnugir því verkefni, sem bjargráðasjóði Íslands er ætlað að inna af höndum. Ég hygg einnig, að hv. alþm. sé ljóst, hvernig fjárhagur bjargráðasjóðs er. Ég er einn í þeirra tölu, sem vilja efla bjargráðasjóðinn, og skil, að það getur haft mikla þýðingu, að hann væri efldur. En ég held því hins vegar fram, að bjargráðasjóður sé ekki efldur með því að afhenda honum þau skuldabréf, sem ræðir um í till. þessari, með þeim skilyrðum, sem afhendingunni fylgja, með þeim skilyrðum, sem ég las hér upp áðan úr bréfi hæstv. ríkisstj.

Það, sem hv. 1. þm. N-M. var að minnast á áðan, að það væru nokkrir ríkir menn, sem hefðu tekið lánin, — ég vil ekki fullyrða neitt um það, en mér þykir það heldur ótrúlegt, vegna þess að eftir till. m. a. hv. 1. þm. N-M. var leitazt eftir því, að sveitarstjórnar á hverjum stað mæltu ekki með því, að aðrir fengju lánin en þeir, sem hefðu fulla þörf fyrir það. Það væru þess vegna mikil mistök, ef einhverjir ríkir menn, sem ekki hefðu þurft á slíku að halda, hefðu fengið þessi svonefndu hallærislán. En sveitarstjórnunum í hverjum hreppi var falið að stuðla að því, að úthlutun lánanna væri réttlát, og vegna þess, hversu upphæðin var lág, sem var til ráðstöfunar, var það alveg ljóst, og það hygg ég að sveitarstjórnunum hafi verið, að það var höfuðnauðsyn að beina lánunum einungis til þeirra, sem höfðu þörf fyrir þau. Og ég ætla ekki að óreyndu að drótta því að sveitarstjórnunum, að þær hafi ekki haft þetta sjónarmið og farið eftir því.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er aðeins af því að síðasti hv. ræðumaður, hv. 1. þm. Rang., talar hér á móti betri vitund, að ég verð að leiðrétta hann. Honum er það vel ljóst, m. a. úr nágrenni við sig, að ýmsar sveitarstjórnir úthlutuðu lánunum eingöngu eftir skepnufjölda manna, aðrar eftir heymagninu, og fæstar tóku nokkurt tillit til efnahags manna, enda lánin veitt til þess að kaupa fyrir fóðurbæti eða hey vegna lítils heyskapar og hrakins, en ekki sem „landssjóðsstyrkur".

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég ætlaði að spyrja, hvort ef til vill hefðu verið gefin út í sumar brbl. um breytingu á þingsköpum, sem ekki hefðu verið birt fyrir öllum almenningi enn, þannig að nú væri það orðið heimilt og látið óátalið af forseta, að þingmaður beri öðrum á brýn, að hann segi eitthvað beinlínis gegn betri vitund. Ég hefði haldið, að hingað til hefði slíkt orðbragð verið talið algerlega óþinglegt. Með nýjum herrum koma nýir siðir.

Forseti (EmJ): Ég skal út af þessari síðustu ræðu hv. 1. þm. Reykv. geta þess, að ég tel, að á þessum fundi hafi ekkert það verið sagt, að ekki hafi hv. 1. þm. Reykv. sagt annað eins eða meira og óátalið hér á þingi áður.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins mótmæla þeirri aðdróttun, sem hv. 1. þm. N-M. hafði hér til sveitarstjórna í nágrenni við mig. Ég þekki ekki sveitarstjórnir í nágrenni við mig að öðru en fullkomnum heiðarleika. Og ég þekki ekki til annars en sveitarstjórnirnar í nágrenni við mig hafi haft það sjónarmið að leiðarljósi, sem ég nefndi áðan. Ég vil mótmæla þeirri staðhæfingu, sem hv. þm. hafði hér í frammi áðan, og fullyrði, að það, sem ég hef sagt hér í þessu máli, er að mínu áliti sannleikanum samkvæmt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég ætla nú að láta vera að fara að munnhöggvast við hæstv. forseta, þó að hann kunni ekki þingsköp betur en svo, að hann leyfir sér það úr forsetastóli, — hann um það, hann skal gæta sinnar sæmdar, það ætla ég ekki að gera, enda yrði það erfitt verk fyrir mig. En ég vil bara spyrja hann að því: Telur hann það í samræmi við þingsköp og rétta þinghättu, að það sé borið að tilefnislausu upp á þingmann, athugasemdalaust af forseta, að þingmaður komi hér og segi eitthvað beinlínis gegn betri vitund? — ekki, hvort einhver hafi einhvern tíma sagt það áður, heldur: Telur forseti, að þetta sé í samræmi við þingsköp og rétta þinghætti?

Forseti (EmJ): Það má vitanlega ávallt deila um það, hvar takmörkin séu á milli þess, sem víta skal, og þess, sem látið er fara óvítt fram hjá hv. þingmönnum, því að orðalag er stundum þannig, að það orkar tvímælis, hvort víta beri samkvæmt þingsköpum eða ekki. En ég verð að segja það, að þau ár, sem ég hef setið á Alþingi, hafa mörg ummæli þyngri en þau, sem hv. 1. þm. N-M. hafði hér um áðan, farið fram, án þess að þau væru vítt, og meira að segja hjá sjálfum hv. 1. þm. Reykv. En hins vegar, ef það er almenn ósk þingmanna, að

hér verði teknir upp strangari siðir, sem verði þá látnir ganga jafnt yfir alla vitaskuld, þá hef ég sízt á móti því. En ég fullyrði, að þetta, sem hér hefur farið fram í dag, er síður en svo meira en það, sem látið hefur verið fara fram óátalið hér áður.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Eftir réttum þingsköpum á ég fulla heimild til að bera af mér sakir, og ég vil mjög mótmæla þeim órökstudda sleggjudómi hæstv. forseta, að ég sé líkur hv. 1. þm. N-M. í orðbragði. Margt hefur verið misjafnt um mig sagt, en fátt því líkt. En ég vil aðeins vekja athygli hans á því, að það er hann, hæstv. forseti, sem hefur tekið á sig þá skyldu að vera hér forseti, og það er hans að gæta þess, hvort réttum þingsiðum og þinghátturn er fylgt. Og ég vil bara spyrja hann enn: Er það í samræmi við rétta þinghætti að hans eigin skoðun, að það sé borið hér fram að tilefnislausu, að þingmaður segi eitthvað beinlínis gegn betri vitund? Við skulum láta alveg vera, hvað hann álítur, hvað ég telji um þetta eða aðrir þingmenn, heldur: Telur hann það sjálfur sem forseti vera rétt eða ekki?

Forseti (EmJ): Ég skal út af þessu aðeins segja það, að ég vil ekkert vera að munnhöggvast við hv. 1. þm. Reykv. um það, hvort ég kunni þingsköp eða ekki. Hann hefur borið mér það á brýn, að ég kynni þau alls ekki, og hann um það. Það skal vera óvítt af mér. Það getur vel verið, að ég viti þar ekki eins vel og ég á að vita, og ég skal ekki vera neinn dómari í minni eigin sök. En hitt fullyrði ég, að ég hef heyrt hv. 1. þm. Reykv. hafa þau ummæli hér á þingi, sem ég vil meta til jafns við þau ummæli, sem féllu hér áðan. Og ef ein ummælin eiga að vítast, þá skulu önnur einnig vera vítt. Ég vil ekki taka hér upp þau ummæli, sem ég hef hlustað á hv. 1. þm. Reykv. hafa hér um menn, sem ég þó man vel og kannske væri ástæða til að víta. En ef það á að gilda um einn, þá verður það að gilda um alla, og hingað til hefur ekki svipað orðbragð og hér var viðhaft áðan verið vítt. En ég endurtek það, sem ég sagði, að ef þess er óskað, að strangari háttur verði hafður á um þetta, þá er ég fús til þess að taka hann upp og þá vitanlega jafnt fyrir alla.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 21, n. 402 og 421).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þáltill. þessi á þskj. 21 er um það, að Alþingi feli ríkisstj. að gera ráðstafanir til, að gefin verði eftir að fullu lán, sem bændur á Suður- og Suðvesturlandi fengu vegna óþurrkanna þar sumarið 1955, og lán, sem bændur á Austur- og Norðausturlandi fengu vegna harðinda og óþurrka 1949—50. Till. var vísað til fjvn., og meiri hl. n., 6 nm. af níu, hefur skilað áliti og till. um afgreiðslu með rökstuddri dagskrá á þskj. 402.

Meiri hl. telur þáltill. vanhugsaða og að ástæðulausu fram borna, af því að Alþingi hafði fyrir sitt leyti afgreitt efni hennar með heimild til ríkisstj. í 40. lið 22. gr. fjárlaga 1957 og ríkisstj. notað heimildina. Sú heimild er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. er heimilt að afhenda með þeim skilyrðum, sem ríkisstj. setur, bjargráðasjóði Íslands til eignar 10½ millj. kr. skuldabréf, dags. 31. ágúst 1956, vegna óþurrkalána á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og enn fremur skuldabréf í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, upphaflega 3 millj. kr., útgefin 1950 og 1951 vegna harðinda og óþurrka 1949—50 á Austur- og Norðausturlandi."

Þessa heimild notaði ríkisstj., eins og Alþingi hafði auðvitað til ætlazt. Hún afhenti bjargráðasjóði skuldabréfin til eignar með bréfi, dags. 26. apríl 1957, en ekki 14. okt. s. l., eins og segir í grg. þáltill.

Ég tel ástæðu til þess að lesa bréf ríkisstj. til þess að kynna þingheimi það, með leyfi hæstv. forseta, — bréfið er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 26. apríl 1957.

Hér með skal stjórn bjargráðasjóðs Íslands tjáð, að fjármálaráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 40. tölulið 22. greinar fjárlaga fyrir árið 1957 að afhenda bjargráðasjóði Íslands til eignar 10.5 millj. kr. skuldabréf, dags. 31. ágúst 1956, vegna óþurrkalána á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955, og enn fremur hinn svonefnda fóðurlánasjóð, sem er í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, samkv. skuldabréfum upphaflega að upphæð 3 millj. kr., vegna harðinda og óþurrka á Austur- og Norðurlandi 1949—1950. Skuldabréf þessi eru af ráðuneytisins hálfu afhent með þeim skilyrðum, að stjórn bjargráðasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánið eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Það, sem endurgreiðist af ofanrituðu lánsfé, skal renna til sameignarsjóðs bjargráðasjóðs Íslands sem sérstakt framlag ríkissjóðs til styrktar bjargráðasjóði, til þess að hann verði færari um að rækja það hlutverk sitt að vera til hjálpar, ef hallæri eða önnur óáran af náttúruvöldum verður í sveitum landsins.

Þetta tilkynnist hér með."

Það er óumdeilanlegt, að bréf þetta er gjafabréf með fullum heimildum gert. Gjöfin er gefin með ákveðnum skilyrðum og óafturkallanleg, sé skilyrðum fullnægt. Og ekki er enn nokkur ástæða til þess að ætla, að þeim verði

ekki fullnægt. Gjöfin er lánin, sem þáltill. vill að Alþ. það, sem nú situr, feli ríkisstj. að gera ráðstafanir til að verði að fullu eftir gefin, en hvorki Alþ. né ríkisstj. hefur lengur ráðstöfunarrétt yfir þeim. Stjórn bjargráðasjóðs, sem er sjálfstæð stofnun, hefur ráðstöfunarréttinn samkv. þeim lögum, er um starfsemi sjóðsins gilda, og þeim ákveðnu skilyrðum, sem ríkisstj. setti í eitt skipti fyrir öll með afhendingarbréfinu fyrir ári.

Þáltill. er því fram borin eftir dúk og disk og eins og út í hött, eins og nú er komið. Minni hlutinn segir að vísu, að Alþ. geti breytt bjargráðasjóðslögunum og þannig tekið aftur gjöf sína. Þetta er nokkuð langsótt úrræði og þarf allmikið til — hugsa ég — að það þyki eðlilegt, að Alþ. fari þannig í gegnum sjálft sig af tilefni, sem ekki er fullkomin þörf.

Fjvn. sendi stjórn bjargráðasjóðs tillöguna til umsagnar fyrir nýár og fékk svör. Vil ég lesa — með leyfi hæstv. forseta — kafla úr svörum stjórnar sjóðsins, en þau eru dagsett 13. des. s. l.:

„Stjórn bjargráðasjóðs Íslands lítur svo á, að afhending skuldabréfa þessara til bjargráðasjóðs hafi verið í alla staði lögmæt af hálfu ríkisstj. og að fé þetta sé nú óumdeilanlega eign bjargráðasjóðs Íslands.

Stjórn sjóðsins lítur svo á, að enginn hafi riftunarrétt á þessum gerðum ríkisstj. né geti tekið sér ráðstöfunarrétt á umræddu fé, enda er nokkur hluti óþurrkalánanna frá 1955 til 1956 ýmist eigið fé bjargráðasjóðs eða annað lánsfé, sem sjóðnum ber að standa skil á samkv. samningum við aðrar lánsstofnanir.

Í byrjun júlímánaðar 1957 skrifaði stjórn bjargráðasjóðs öllum þeim hreppsnefndum á Austur- og Norðausturlandi, sem lán höfðu fengið vegna harðindanna 1949—1950, og skýrði þeim frá afhendingu lánanna til bjargráðasjóðs, en sveitarfélögin voru þar beinir lántakendur, og óskaði eftir tillögum hreppsnefndanna um meðferð lána þessara í framtíðinni. Beðið var um svör fyrir 1. sept. s. l. Svör hafa nú borizt frá mörgum hreppanna á þessu svæði. Sveitarstjórnirnar, sem svarað hafa, óska flestar eftir nokkurri eftirgjöf, bæði á vöxtum og höfuðstól. Telja sumar þeirra rétt að gefa lánin að öllu eftir svo og alla vexti, sem áfallnir eru, en aðrar vilja greiða allt að 60% heildarlánsupphæðarinnar, en að vextir falli niður.

Af svörum, sem borizt hafa frá 36 sveitarstjórnum á nefndu harðindasvæði, vilja 18 sveitarstjórnir greiða lánin að hálfu leyti eða meira, en 18 sveitarstjórnir vilja fá þau gefin eftir. Nokkrar sveitarstjórnir eiga enn eftir að svara bréfi bjargráðasjóðs.

Af þessu er ljóst, að gera má ráð fyrir, að verulegur hluti þeirra lána, sem veitt voru til Austur- og Norðausturlandsins 1949 og 1950, endurgreiðist. En þess verður að gæta um þessi lán, að í þessum héruðum var að kalla samfleytt hallæri í 3 ár, og í kjölfar þess fylgdi svo fjárpest, sem mjög felldi bústofn manna í ýmsum þessum byggðarlögum. En þrátt fyrir þetta er nú þegar u. þ. b. sjötti hluti lána þessara greiddur og greiðsluvilji víða fyrir hendi á verulegum hluta þess, sem eftir er.

Hvað snertir óþurrkalánin á Suður- og Suðvesturlandi 1955 skal það tekið fram, að stjórn bjargráðasjóðs hefur undirbúið að senda nú í desembermánuði út innheimtukröfur til þeirra einstaklinga, sem lánin fengu, og mun hún taka fullt tillit til breytinga á lánakjörum, niðurfellingu vaxta eða eftirgjöf lána að einhverju eða öllu leyti hjá þeim, sem erfiðar eiga aðstæður, ef um það verður sótt og sveitarstjórnir mæla með því, enda rök færð fyrir, að þessa sé þörf.

Eins og kunnugt er, hafa verið góðæri á Suður- og Suðvesturlandi síðan 1956, og þar sem ætla má, að lán þessi hafi komið bændum á þessu svæði að góðum notum, þegar þau voru veitt, t. d. komið í veg fyrir, að þeir þyrftu að skerða bústofn sinn, telur stjórn bjargráðasjóðs ekki ástæðu til eftirgjafar af lánunum, nema þar sem svo stendur á, að einhver sérstök önnur óhöpp hafi komið fyrir og fjárhagsástæður manna því versnað af þeim sökum eða öðrum, og mun sjóðsstjórnin þá veita nauðsynlegar ívilnanir, svo sem að framan segir."

Þetta er aðalatriðið úr umsögn stjórnar bjargráðasjóðs. Ekki er vafi á því, að svör þessi bera það með sér, að stjórn bjargráðasjóðs ætlar að fylgja fyrirmælum ríkisstj. um að ganga ekki nærri lántakendum í innheimtu lánanna og fara þar eftir efnum og ástæðum.

Ég sé nú samt í áliti minni hl., að þar örlar á því, að minni hl. hafi fundizt framkoma bjargráðasjóðsstjórnar fremur kuldaleg, þegar hún sendi út tilkynningar, og þess vegna þykir mér ástæða til þess að lesa hér upp kafla úr því dreifibréfi, sem hún sendi sveitarstjórnunum:

„Svo sem getið er á bakhlið hvers reiknings, sem sendur er einstaklingum, er þeim einstaklingum, er þess óska, heimilt að sækja til sjóðsstjórnarinnar um ívilnanir eða eftirgjafir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánið eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórn telur þess þörf að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Framkvæmd á þessu hugsar stjórn bjargráðasjóðs með þeim hætti, að þeir lántakendur, sem telja sig þurfa slíkra ívilnana eða eftirgjafa, sæki um það bréflega beint til sjóðsins og skýri ástæður sínar. Stjórnin mun svo afla sér nauðsynlegra upplýsinga um viðkomandi lántakanda og að því athuguðu leita umsagnar oddvita eða hreppsnefndar um þá tillögu, sem gerð verður í hverju einstöku tilfelli til breytinga á lánum eða lánskjörum."

Ekki verður séð af þessu bréfi, að geyst sé að farið við innheimtuna, heldur þvert á móti í fullu samræmi við bréf ríkisstj. og í raun og veru með alveg óvenjulegum hætti að því er snertir venjulegar kröfur, þar sem boðið er upp á ívilnanir.

Meiri hluti fjvn. lítur svo á, að með því að afhenda skuldabréfin bjargráðasjóði til eignar og umsýslu hafi einmitt verið vel séð fyrir þessum málum og þannig að unnið enn, að fullt samræmi er þar í um alla nærgætni. Skynsamleg og réttlát linun og eftirgjöf á lánum gat varla orðið eðlilegar og betur tryggð en í höndum þeirrar stofnunar, sem er til þess ætluð að hjálpa, þegar harðindi ber að höndum, og firra hallæri. Samráð við sveitarstjórnir, svo sem fyrir er mælt í afhendingarbréfinu, veitir öryggi um, að greiðslugeta verði metin af kunnugleika og ekki meiri en hún er, — ég segi: ekki meiri en hún er.

Ég sé í áliti minni hl., að hann vorkennir sveitarstjórnunum að komast í þá aðstöðu að þurfa að gera upp á milli manna, þegar um þessar eftirgjafir verður að ræða. Ég get satt að segja ekki vorkennt sveitarstjórnum þetta verkefni. Ég hygg, að þeir menn, sem hafa það yfirleitt á hendi að jafna niður útsvörum, krefjast gjalda af mönnum og gera það hiklaust, kveinki sér ekkert undan því að meta til eftirgjafar hjá sínum sveitungum skuldir sem þessar.

Hugmynd sú, sem kemur fram í till. um að gefa öll lánin eftir að fullu, er allöfgakennd, og það sem verra er, hún mundi leiða til ranglætis og misréttis milli manna, af því að lánunum var úthlutað á grundvelli lánveitinga, en ekki á grundvelli styrkja.

Þetta er svo auðskilið mál og hefur svo mikið verið rætt um það í blaðagreinum, að ég sé enga ástæðu til þess að fara frekar út í það.

Ólíklegt er, að þeir, sem geta endurgreitt lánin, sjái eftir því að gera það, og ekki sízt þegar endurgreidda féð verður — eins og ákveðið hefur verið — tryggingarfé fyrir sveitirnar í framtíðinni, þegar harðindi ber að höndum.

Minni hl. fjvn. reynir að byggja afstöðu sína á yfirlýsingum frá Stéttarsambandi bænda 5. sept. 1955 og bréfum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda 20. s. m. En að hafa þessi bréf nú fyrir undirstöðu er að byggja á sandi, þegar þess er gætt, að það, sem þessir aðilar segja, er sagt meðan enn rigndi og enn var ekki séð, hvort næðist allt það hey, sem þó að lokum náðist sumarið 1955. Menn voru eðlilega bölsýnir. Það var engin vissa fyrir því þá, að fram úr rættist, eins og varð. Þvert á móti var mjög mikil ástæða til að halda, að veturinn, sem í hönd fór, gæti orðið harður og harðindunum mundi ekki slota, eins og þeim gerði. En raunin hefur orðið — sem betur fer — sú, að síðan þetta ár hafa verið að telja má samfelld góðæri sumar og vetur í þessum landshluta. Miklu réttara en að byggja á óskum og yfirlýsingum þessara félagssamtaka, meðan harðindin stóðu yfir og enn rigndi, eins og ég sagði áðan, er að byggja afstöðu sína á því, sem Búnaðarfélag Íslands segir nú, þegar komið er út úr harðærinu og hægt er að meta staðreyndirnar rólega og séð fyrir endann á afleiðingunum.

Fjvn. leitaði líka álits Búnaðarfélags Íslands um þáltill., og stjórn Búnaðarfélagsins lagði till. fyrir búnaðarþing til umsagnar. Búnaðarþing ræddi málið ýtarlega og samþ. nálega samhljóða ályktun til afgreiðslu, og fylgdi rækileg grg. Búnaðarfélagið sendi fjvn. ályktun búnaðarþings sem sitt svar, og svo hljóðandi bréf fylgdi frá búnaðarmálastjóra:

„Reykjavík, 27. marz 1958.

Með bréfi, dags. 26. nóv. f. á., hefur fjvn. sent Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eftirgjöf lána. Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákvað að leggja tillöguna fyrir búnaðarþing, er kvatt var til fundar 20. febr. í vetur. Búnaðarþing tók tillöguna um eftirgjöf lána síðan til meðferðar og samþykkti hjálagða ályktun ásamt greinargerð.

Ályktun búnaðarþings var samþykkt með 20:2 atkv.

Þetta tilkynnist hv. fjvn. Alþingis hér með.

Virðingarfyllst,

Steingrímur Steinþórsson."

Ályktun búnaðarþings er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing lítur svo á, að mál þetta hafi fengið þá afgreiðslu hjá Alþingi og ríkisstjórn með afhendingu lánanna til bjargráðasjóðs, að bændur geti vel við unað.

Vill búnaðarþing treysta því, að stjórn bjargráðasjóðs, að fengnum ábendingum hreppsnefnda, meti réttilega ástæður bænda til greiðslu á lánum og hún taki til athugunar, hvort ekki væri rétt að gefa eftir vexti og lengja lánstímann t. d. í 10 ár og gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti þeim bændum, sem erfiðastar ástæður eiga við að búa."

Og þessari ályktun fylgdi svo hljóðandi grg. frá nefnd:

„Nefndin telur, að með samþykkt 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1957, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að afhenda bjargráðasjóði umrædd lán til eignar og innheimtu, og með því að ríkisstjórnin framkvæmdi þessa afhendingu, þá sé þetta fé orðið eign bjargráðasjóðs. Telur nefndin, að þessu fé hefði ekki á neinn hátt getað verið betur varið en einmitt þannig að afhenda það bjargráðasjóði, til þess að hann sé fær um í framtíðinni að sinna því hlutverki, sem honum er ætlað, sem sé að hlaupa undir bagga með þjóðfélagsþegnunum með lánum og á annan hátt, ef náttúruhamfarir eða aðrar slíkar ástæður dynja yfir framleiðendur í einstökum héruðum landsins eða landinu öllu. Þessum lánum mun í upphafi hafa verið skipt að öllu leyti eftir tillögum tveggja stjórnskipaðra manna til sýslufélaga og sveitarfélaga, en sveitarstjórnir sáu um skiptinguna innan sveitarfélaganna. Sveitarstjórnir munu hafa skipt þessu fé á ýmsan veg. Sums staðar munu fjárhagsástæður og fleira hafa verið látnar nokkru ráða, en annars staðar að miklu eða öllu leyti farið eftir stærð búanna. Voru allmörg dæmi þess, að einstakir bændur sóttu ekki um lán og fengu því ekkert af þessu fé. Þar sem lánunum var þannig skipt eftir bústærð, hefur

niðurstaðan orðið í sumum tilfellum sú, að ríkustu og bezt stæðu bændurnir hafa fengið stærstu upphæðirnar. Þetta m. a. gerir það að verkum, að ómögulegt virðist að gefa lánin eftir að fullu og öllu sem hallærisstyrk.

Þá telur n., að samanburður á aðstæðum bænda á Austurlandi og bænda á Suður- og Suðvesturlandi sé í þessum lánamálum mjög ólíkur. Á Austurlandi var óslitið hallæristíðarfar í 2—3 ár á árunum 1949—1951, og þar að auki herjaði á sama tíma bústofn bænda skæð fjárpest, garnaveikin. Var því full þörf á að rétta þeim efnahagslega aðstoð til að standast þá margföldu erfiðleika, er að þeim steðjuðu um langan tíma, sem og var gert með þeirri eftirgjöf, sem þeir hafa þegar fengið á nokkrum hluta hallærislánanna. Á Suður- og Suðvesturlandi var aðeins um eitt óþurrkasumar að ræða.

Þá vill n. vara við þeirri stefnu, sem mjög skýtur upp kollinum í þjóðfélaginu, að það verði viðtekin venja að gefa eftir til atvinnuveganna fé, sem þeir hafa fengið að láni til að komast yfir óvenjulega erfiðleika. Getur bændum sem öðrum komið slíkt í koll, auk þess sem það veikir siðferðisvitund manna í fjármálum."

Ályktun búnaðarþings og grg. hennar er bændastéttinni til sóma. Þar sýnir sig sá manndómur, sem lætur ekki till., sem er tilboð um féstyrk, skekkja skoðanir sínar og metnað. Ályktunin getur verið mörgum til fyrirmyndar í okkar styrkjasjúka þjóðfélagi, og hún er mjög skýr leiðsögn fyrir Alþingi um, hvernig því beri að afgreiða þetta mál, af því að í ályktuninni tala fulltrúar þeirra manna, sem málið kemur mest við.

Ég sé eigi ástæðu til þess að hafa lengri framsögu fyrir till., sem meiri hl. flytur, en hún er í fullu samræmi við það, sem ég hef þegar sagt og lesið, rökstudd dagskrá á þessa leið:

„Með því að till. þessi fjallar um efni, sem Alþingi afgreiddi fyrir sitt leyti með heimild til ríkisstj. í 40. tölulið 22. gr. fjárlaga 1957, og ríkisstj. notaði þá heimild, eins og til var ætlazt, svo að skuldabréf óþurrka- og harðindalánanna eru nú eign bjargráðasjóðs Íslands, en ekki ríkissjóðs, og þar sem Alþingi treystir stjórn bjargráðasjóðs til þess að sýna lántakendunum fyllstu nærgætni, svo sem fyrir hana var lagt í bréfi ríkisstj., dags. 26. apríl 1957, þá telur Alþingi ekki koma til greina að samþykkja till. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég get nú komizt af með miklu minna mál en hv. frsm. meiri hl. (KK) flutti hér með sinni löngu ræðu um þetta mál, þegar af þeirri ástæðu, að við, sem að minni hl. stöndum, höfum gefið út um þetta mál allrækilegt nefndarálit. Eru þar teknar upp þær ástæður og frá þeim skýrt, sem við teljum að hnigi undir þá skoðun, að réttmætt sé að gefa eftir að fullu þessi lán, eins og ástatt var. Er í þessu nál. gerð grein fyrir því, hvernig ástatt var hjá bændum hér á Suðurlandi haustið 1955 og hvernig forsvarsmenn bændastéttarinnar og félagssamtök þeirra, sem byggð eru upp af mönnum hvarvetna af landinu, litu á þetta ástand og þær till., sem þeir töldu óhjákvæmilegt að gera, eins og ástatt var, ef opinbera viðleitni ætti á annað borð að sýna til þess að firra þessum vandræðum eða afleiðingum þeirra. Það, sem gerðist í þessu efni, bæði á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var þá í september í Bifröst í Borgarfirði, bæði að því er tekur til þeirrar ályktunar, sem þar var gerð, og svo líka til þess, sem bæði stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stéttarsambands bænda létu þetta mál þá til sín taka, og þær ráðstafanir, sem þessir aðilar allir lögðu til að nauðsynlegt væri að gera, fólu í sér, hefðu þær verið framkvæmdar samkvæmt till. þessara aðila, allmiklu meiri stuðning til handa bændum til þess að komast yfir þessa erfiðleika heldur en endanlega varð niðurstaðan um, þegar bæði stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stéttarsambands bænda voru ofurliði bornar af hálfu ríkisstjórnarinnar og þeirra, sem að málinu stóðu með henni, og málunum allt í einu snarsnúið inn á lánagrundvöllinn. — Þetta er allt saman rakið hér í nál., og þarf þess vegna ekki frekar út í það að fara.

En það verð ég að segja, að það eru nokkur kaldyrði, sem í því felast hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann segir, að till. þessara aðila, bæði fulltrúa aðalfundar Stéttarsambands bænda og stjórnar Búnaðarfélags Íslands, hafi verið á sandi reistar. Ég held um slík kaldyrði sem í þessu felast og órökstuddan sleggjudóm, að það sé harla hart, þegar þessir aðilar eru að gera till. um að ráða fram úr einhverjum þeim mestu erfiðleikum, sem nokkurn tíma að sumarlagi hafa dunið yfir bændur á stórum svæðum þessa lands. Við þekktum það ákaflega vel, hvernig ástatt var þetta sumar með heyöflun, því að það er vitanlega lyftistöng undir framförum landbúnaðarins á Íslandi, að honum hefur á síðari árum tekizt að taka í sína þjónustu ýmiss konar tækni, vélavinnu, sem nú er langsamlega mest byggt á, þar sem handaflið í jafnríkum mæli og áður var er nú orðið allt of dýrt til þess að reka búnað á landi hér. En það var svo komið þetta sumar, að þeir, sem mesta og bezta höfðu tæknina, stóðu lítið eða ekkert betur að vígi en hinir, sem skemmra voru komnir áleiðis í þessu efni, og það stafaði af því, að það var ekki hægt að komast um túnin með þessi ökutæki. Vatnsaginn var svo mikill, að það var allt komið á flot, að það var rétt ómögulegt að koma heyjunum í garða í því ástandi, sem þau nú annars voru, þegar þau voru flutt í garð, hrakin og að meira eða minna leyti gersamlega eyðilögð. Þannig var nú komið og þannig getur ástandið orðið hér hjá oss þrátt fyrir allar þær miklu framfarir, sem orðnar eru í búnaðinum og landbúnaðurinn á Íslandi og tilvera hans hreint og beint byggist á. Svona var nú ástandið að þessu sinni, og þess vegna var það ekkert

undarlegt, þó að einnig þeir bændur, sem bjuggu á öðrum svæðum, þar sem ekki höfðu yfir dunið nein slík vandræði, gætu sett sig inn í og skilið, hversu ástatt var, enda var það svo á stéttarsambandsfundinum, sem skipaður er fulltrúum úr öllum sýslum landsins, að þær samþykktir, sem þar voru gerðar og m. a. fólust í því, að ríkisstj. borgaði þriðjung af öllum kostnaði við kaup á fóðurbæti til þess að framfleyta búnaðinum á þessum svæðum, — allar till., sem að þessu lutu, voru samþykktar með samhljóða atkvæðum.

Þetta var grundvöllurinn, sem byggt var á um þær ráðstafanir, sem hér varð að gera.

Það er alveg rétt, að það rættist betur úr en á horfðist fyrir bændum á þessu svæði. En það gerði það því aðeins, að þeir lögðu í alveg gífurlegan kostnað í fóðurbætiskaupum til þess að fleyta búnaðinum áfram, og kostnað, sem margir þessara manna stynja enn þá undir og hafa engan veginn getað rétt sinn hlut enn í búskapnum vegna þessara afleiðinga.

Það má enn fremur geta þess í þessu sambandi líka, að það er verið að gera hér samanburð — og hv. frsm. meiri hl. fór einnig inn á það — við það ástand, sem skapazt hafði á Austur- og Norðausturlandi í sambandi við þau harðindi, sem þar gengu yfir og voru ægileg og að sjálfsögðu alls stuðnings makleg, því að það er nú búið að gefa eftir meiri hluta þeirra lána, og í okkar till. leggjum við til, að það, sem eftir stendur, verði einnig að fullu eftir gefið. En þess er aldrei minnzt, þegar verið er að gera þennan samanburð, að á stórum svæðum á þessum óþurrkasvæðum hér sunnanlands voru menn búnir að búa við sauðfjársjúkdóma á annan áratug eða lengst allra landsmanna. Féð var smátt og smátt að hrynja niður í höndunum á þeim, og það var ekki einasta sú afleiðingin, að þeir misstu fjárstofninn, mikinn hluta af honum, heldur verkuðu sauðfjársjúkdómarnir þannig, að það skapaðist vantrú á þessum svæðum hjá ungu fólki á framtíð landbúnaðarins, og það er ótalinn sá hópur ungra manna, sem beinlínis fór úr sveitunum hér á Suðurlandi vegna þeirrar vantrúar á framtíð, sem byggist á fénu, sem var að drepast niður í höndunum á þeim á hverju ári, — það er ótalinn sá hópur manna, sem fluttist í burtu beinlínis af þessum ástæðum. Úr því að farið er að gera samanburð á annað borð, er rétt, að þetta sé dregið fram. En nú skal ég ekki um þessa hlið málsins fara fleiri orðum.

En ég vil þá aðeins minnast, eins og líka er gert í nál., á þá fullyrðingu meiri hl. í fjvn., að sú till., sem hér um ræðir og við minni hl. í fjvn. leggjum til að verði samþykkt, sé vanhugsuð út frá því sjónarmiði séð, að það sé búið að afhenda bjargráðasjóði þetta fé. Þetta er alveg gersamlega á misskilningi byggt á eðli þessa máls, eins og bent er á í nál. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. las hér upp og þingheimur þurfti ekki neinnar skýringar á, því að þetta er nýlega um garð gengið, að það var búið að afhenda bjargráðasjóði þetta fé. Ríkisstj. fékk á sínum tíma heimild til þess í fjárl., að svo skyldi gert, að afhenda sjóðnum þetta fé. En eins og Alþingi hefur rétt til þess að ákveða, að þetta skuli gert, hefur það einnig alveg sama rétt til þess að ákveða breytingar á þessari ráðstöfun, þótt síðar sé. Féð er afhent sem sagt með þeim skilyrðum, að stjórn bjargráðasjóðs athugi um það og ef til vill gefi eftir í smærri eða stærri stíl af þessu fé, svo að hér er aðeins um að ræða stigmun, hvort nokkuð af upphæðinni, sem maður veit ekki um hvað verður, væri eftir gefið eða upphæðin öll væri eftir gefin. Það er aðeins hér um stigmun að ræða samkvæmt þeim ákvörðunum, sem fylgdu afhendingu þessa fjár til stjórnar bjargráðasjóðs. Bjargráðasjóður er ríkisstofnun, sem heyrir algerlega undir valdsvið Alþingis. Alþingi setur bjargráðasjóði lög. Það ákveður t. d. og hefur gert oft, hvaða framlag skuli greitt úr ríkissjóði til bjargráðasjóðs, og þessari upphæð hefur verið breytt. Hún hefur eðlilega tekið breytingum í sambandi við breytingar á efnahagsþróuninni í landinu. Og alveg eins og ríkisstj. eða Alþingi ákveður, að með þetta fé skuli farið á þennan hátt, að bjargráðasjóðsstjórnin gefi eftir af því að meira eða minna leyti, alveg með sama rétti getur vitanlega Alþingi gert þá breytingu á þessu, að féð skuli allt saman eftir gefið.

Frá formsins hlið eða lagalegri hlið séð er þess vegna þessi till. síður en svo vanhugsuð, eins og lögð er mikil áherzla á í nál., og þá ekki síður í ræðu hv. frsm. meiri hl. Hér er þess vegna eingöngu um að ræða vilja Alþingis í þessu efni. Vill Alþ. breyta þeirri ákvörðun, sem það hefur gert um það að láta stjórn bjargráðasjóðs vinza úr, hverjum eigi að gefa eftir, ellegar taka ákvörðun um, að fé skuli í einu lagi eftir gefið, sem við þykjumst hafa gert, minni hlutinn, í okkar nál. fulla grein fyrir að réttmætt sé að gera, miðað við þær aðstæður, sem sköpuðust hér á Suðurlandi, og þær aðstæður, sem lágu til grundvallar fyrir hjálpinni á Norður- og Austurlandi?

Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta í sjálfu sér. En ég vildi þó aðeins taka það fram út af því, sem hv. frsm. meiri hl. las hér upp um afgreiðslu búnaðarþings á þessu máli og afstöðu stjórnar Búnaðarfélagsins til umsagnar um þessa till., að stjórn Búnaðarfélagsins samþykkti að vísa þessu máli til aðgerða búnaðarþings. Stjórn Búnaðarfélagsins hafði borizt frá fjvn. ósk um umsögn um málið. Þetta var rétt í þann mund eða skömmu áður en búnaðarþing kæmi saman. Þess vegna þótti stjórn Búnaðarfélagsins rétt að láta búnaðarþing segja álit sitt um málið. Og það var að öllu leyti rétt með farið, sem hv. frsm. sagði og las upp um það atriði. Að öðru leyti tók stjórn Búnaðarfélagsins enga afstöðu til þessa máls, hvorki áður en málinu var vísað til búnaðarþings né eftir að búnaðarþing hafði fjallað um málið. Hins vegar talaði ég á búnaðarþingi um þetta mál í sambandi við um-

ræðurnar þar og lýsti minni skoðun í málinu fyrir búnaðarþingi, sem féll að sjálfsögðu á sömu lund og felst í afstöðunni til þessarar þáltill. og gerð er grein fyrir í áliti minni hl. fjvn. Þetta vildi ég láta koma hér fram að gefnu tilefni frá hv. frsm. meiri hl. Ég skal svo ekki eyða orðum að því frekar og vitna um önnur atriði til þess, sem í okkar nál. felst.

Það er nú svo, að það eru fleiri, sem njóta hliðstæðs stuðnings hér á Alþ. eins og þó að þessi lán hefðu verið eftir gefin og þannig létt undir með bændum um að komast yfir þessa erfiðleika og fá til þess bolmagn að rétta aftur við og koma sínum málum inn á nýjan og betri fjárhagsgrundvöll í búrekstrinum. Ég veit ekki betur en það séu veittar hér nú á hverju einasta ári 15 millj. kr. á fjárlögum til þess að deila út, sem ríkisstj. er heimilað að deila út, ýmist sem beinum styrkjum eða sem lánum, sem vitað er alveg fyrir fram að ekkert eru nema lán að nafninu til, því að það dettur víst engum í hug, þó að þetta form sé á því haft, að þau lán verði nokkurn tíma endurgreidd. Þegar verið er að tala um, að það sé sérstök heimtufrekja af hálfu bændanna, að þeim sé undir því neyðarástandi, sem gekk hér yfir á Suðurlandi og gekk yfir einnig á Norðurlandi, veittur sá beini fjárstuðningur, þá eru svo sem dæmin fyrir hendi um slíkt hér á Alþ., og það er ekki verið að fara inn á neina nýja braut, þó að slíkt hefði verið gert. — Hér er deilt út núna 15 millj. á milli manna víðs vegar úti um allar byggðir þessa lands, og ég held, að þau svæði, sem verst urðu úti hér á Suðurlandi, njóti ekki einnar einustu krónu af þessum 15 millj., sem árlega er búið að deila út núna í tvö ár samfleytt. Mér er ekki kunnugt um það, að svæðin hér í kringum Faxaflóa eða á Suðurlandi hafi fengið einn einasta eyri af þessu. Það kann að vera, að sjávarbyggðirnar á Snæfellsnesi hafi notið þar einhvers góðs af, en ég veit ekki til, að landbúnaðarbyggðirnar á Snæfellsnesi frekar en hér við Faxaflóa og austanfjalls hafi notið eins einasta eyris af þessu allríflega fé, sem varið er til beinna styrkveitinga, — styrkveitinga, sem eru í lánaformi og vitað er um að aldrei verður greitt.

Ég vildi aðeins benda á þetta í sambandi við það, að hér er verið að kasta allþungum steini að bændastétt landsins, þeim, sem að því standa og telja eðlilegt, að þessi lán hefðu verið eftir gefin, að það er svo sem fullkomið fordæmi fyrir því hér á öðrum sviðum, þó að slíkt hefði verið gert.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú mjög litlu við að bæta það, sem hv. þm. Borgf. (PO), frsm. minni hl., sagði hér áðan og tók svo vel og skilmerkilega fram.

Ég vil þó í örfáum orðum geta um það, vegna þess að hv. frsm. meiri hl. talaði um það hér áðan, að þessi till. væri of seint fram komin og út í hött, að till. um sama efni var flutt haustið 1956 og hv. frsm., þm. S-Þ., hafði tækifæri til þess snemma á árinu 1957 að samþ. till. í sama formi og þá, sem hér um ræðir nú, ef hann hefði haft vilja til þess, *og þá var ekki færð fram sú ástæða*, að það væri ekki hægt að samþ. till., vegna þess að fénu hefði verið ráðstafað, heldur kom þá enn greinilegar fram en nú viljaleysi og skilningsleysi margra manna á því máli, sem hér er um að ræða — viljaleysi og skilningsleysi á því máli að koma réttlátlega til móts við þá menn, sem hér eiga hlut að máli. Og það var gert meira á árinu 1957 í sambandi við þessa till. en það að samþ. hana ekki og ákveða að afhenda féð bjargráðasjóði, — það var samþ. að gefa eftir meiri hlutann af hallærislánunum á Austurlandi. Það var þá, sem tekin var ákvörðun um það að slíta úr samhengi þessi lán, óþurrkalánin á Suður- og Suðvesturlandi og hin svokölluðu harðindalán á Austurlandi.

Það er greinilega getið um það í nál. minni hl., hvernig Stéttarsamband bænda leit á þessi mál í septembermánuði 1955, og getið um tillögur, sem Stéttarsambandið sendi ríkisstj. svo og tillögur Búnaðarfélags Íslands. Það var rætt um þessi mál í ríkisstj., í hvaða formi þau skyldu vera afgreidd. Það voru ýmsir, sem töldu það eðlilegt að fara að till. fundar Stéttarsambands og Búnaðarfélagsins. En það voru líka menn, sem sögðu: Við höfum fundið gott form til hjálpar í harðindum og þegar óáran steðjar að. Það hafa tvívegis verið veitt lán á Austurland vegna harðæris þar, og vegna þess að þá var fundin góð leið og eðlileg leið, þá var einnig eðlilegt að fara þá leið til hjálpar á Suður- og Suðvesturlandi vegna óþurrkanna, sem þar gengu.

Þeir, *sem vildu veita aðstoðina í styrkjaformi* haustið 1955, voru afvopnaðir, þegar í þetta var vitnað, og það voru fengnir tveir menn, sem voru kunnugir lánamálunum á Austurlandi, þáverandi búnaðarmálastjóri, hv. 1. þm. N-M., og stjórnarráðsfulltrúinn Árni G. Eylands, sem einnig hafði ásamt búnaðarmálastjóra haft talsverð afskipti af lánamálum Austfirðinga. Þessir menn voru útnefndir sem ráðunautar ríkisstj. í þessum málum, og það var farið með aðstoðina á Suður- og Suðvesturlandi á sama hátt og gert hafði verið á Austurlandi, og við því var í sjálfu sér ekkert að segja. Það var margt, sem þeir menn höfðu sér til málsbóta, sem héldu því fram, að það ætti að fara eins með þessi mál hér á Suður- og Suðvesturlandi og á Austurlandi. Þeir vildu ekki gera upp á milli landshluta í þessum efnum, og það mátti segja, að þeir hefðu rök að mæla.

Það var nú svo, að það var farið að á sama hátt og á Austurlandi. Haustið 1956 kynnti ég mér það, hvernig þessum málum var komið, lánamálum Austfirðinga, hinum svokölluðu harðindalánum, á hvaða stigi þau voru í Búnaðarbankanum. Eldri lánin voru þá orðin 5 eða 6 ára, en stór meiri hluti af þessum lánum, að ég segi ekki allflest, voru í vanskilum haustið 1956. Óþurrkalánin á Suður- og Suðvesturlandi voru ekki komin í vanskil þá,

og ég hugsaði mér, að það væri skylt að reyna að koma í veg fyrir, að sama ástand skapaðist í sambandi við óþurrkalánin á Suður- og Suðvesturlandi og það, sem gilti um harðindalánin á Austurlandi; það væri eðlilegt að koma í veg fyrir það, að þessi lán færu í vanskil, og það væri eðlilegt að létta undir með Austfirðingum og ganga hreint til verks í þessum málum og gefa allt eftir. Ég vildi ekki gera upp á milli Austfirðinga og Sunnlendinga. Ég vildi láta eitt yfir þá ganga, þegar um það var að ræða að gefa þessi lán eftir, og þess vegna flutti ég till. ásamt hv. 2. þm. Árn. um það haustið 1956 að gefa öll þessi lán eftir. En sú till. fékk þá undarlegu afgreiðslu, þá undarlegu og óskiljanlegu afgreiðslu hjá þeim mönnum m. a., sem haustið 1956 töldu sjálfsagt að fara með aðstoðina á Suður- og Suðvesturlandi á sama hátt og á Austurlandi, að þeir sömu menn vildu greina á milli, þegar um það var að ræða að gefa þessi lán eftir. Þeir vildu gera upp á milli landsfjórðunga og manna í þessu efni, þegar um það var að ræða. Og sá kynlegi atburður gerðist, að meiri hluti Alþingis afgreiddi tillöguna, sem ég flutti ásamt hv. 2. þm. Árn., þannig að gefa Austfirðingum eftir meiri hluta harðindalánanna, en afhenda bjargráðasjóði skuldabréfin fyrir óþurrkalánunum á Suður- og Suðvesturlandi. Þetta var óeðlileg afgreiðsla og til vansæmdar fyrir Alþingi. Og það var þess vegna, sem ég flutti aftur sams konar till. s. l. haust ásamt hv. 2. þm. Árn. og vildi gera tilraun til þess að fá misréttið leiðrétt.

Það er dálítið einkennilegt að heyra það, þegar hv. frsm. meiri hlutans, hv. þm. S-Þ., undrast, að það skuli eigi vera gerð tilraun til þess að fá leiðrétt í Alþingi aftur það, sem Alþingi hefur afgreitt vanhugsað á þann hátt, sem er því ekki til sæmdar, því að afgreiðsla, eins og hún var á till. 1957, var vægast sagt á þann veg, að það var Alþingi ekki til sæmdar að gera upp á milli manna, gera upp á milli landsfjórðunga, láta einn njóta verndar, en ekki annan, sem á jafnmikinn rétt á því.

Alþingi breytir lögum og Alþingi hefur rétt á því að breyta sínum fyrri ákvörðunum, ef í ljós kemur, að hin fyrri ákvörðun var ekki á rökum byggð eða uppfyllti ekki réttlætiskröfur. Og ég vil vænta þess, að hv. þm. S-Þ. átti sig á þessu og viðurkenni það hér, að hann hafi beinlínis talað af sér, þegar hann segir, að það sé ekki hægt fyrir Alþingi að breyta fyrri ákvörðun sinni. Það er einkennilegt, að þessi maður skuli hafa setið á Alþingi í mörg ár.

Hv. frsm. meiri hl. vitnaði í samþykkt búnaðarþings. Það er rétt, búnaðarþing samþykkti með 20:2 atkv. ályktun þá, sem hv. frsm. meiri hl. las hér upp áðan. Búnaðarþing hefur oft gert góðar og athyglisverðar samþykktir. En áreiðanlega er búnaðarþing ekki óskeikult, og það verð ég að segja, að búnaðarþing nýtur ekki ávallt almenns trausts hjá bændastéttinni, og bændur gera alveg eins ráð fyrir því, að búnaðarþingi geti skeikað, og það er það, sem fjöldi bænda á þessum slóðum hefur sannfærzt um einmitt í sambandi við þessa ályktun, að búnaðarþingi hefur skeikað, enda þótt það hafi oft hitt á það rétta og oft gert athyglisverðar og góðar samþykktir fyrir bændastéttina.

Í sambandi við bréf ríkisstj. til bjargráðasjóðs er gert ráð fyrir því, að það megi lengja lánstímann, það megi gefa eftir lánin að einhverju leyti eða fullu, það megi gefa eftir vexti eða lækka vexti o. s. frv., allt eftir efnum og ástæðum. M. ö. o.: í sambandi við afgreiðslu málsins hjá hæstv. ríkisstj. með gjafabréfunum svokölluðu til bjargráðasjóðs er verið að bjóða hér heim harla einkennilegum starfsháttum; og mér er kunnugt um það, að margar sveitarstjórnir hafa beinlínis mælzt undan því að vera að draga menn í dilka, vega og meta, hvort þessi eða hinn sé nú þess verður að fá eftir gefið eitthvað eða allt. Hér er um það að ræða að gera upp á milli manna, og hér er um það að ræða, að jafnvel þó að menn vilji viðhafa fyllsta réttlæti, þá er það að öllu leyti óframkvæmanlegt.

Það eina rétta í þessu máli er að samþ. okkar till. óbreytta og gefa lánin eftir að fullu, og þetta er hægt, enda þótt ríkisstj. hafi afhent bjargráðasjóði skuldabréfin til umráða, vegna þess, eins og hv. þm. Borgf. sagði, að bjargráðasjóður er ríkisstofnun, sem lýtur umsjá Alþingis, og Alþingi er mögulegt að breyta fyrri ákvörðun, eins og það oftlega hefur gert og er alltaf að gera með síendurteknum lagabreytingum. Ef nú Alþingi kemst að raun um, að það, *sem samþ. var í fyrra um meðferð* þessa fjár, var ekki það heppilegasta, þá er ekkert annað eðlilegra en að breyta fyrri samþykkt í það horf, sem fullnægir réttlætinu betur og dregur strik yfir það misrétti, sem boðið var heim með fyrri samþyktinni.

Till. okkar liggur hér fyrir til umr. og samþykktar til þess að gefa hv. Alþingi tækifæri til að bæta fyrir það, sem illa var gert á síðasta þingi.

Ég fyrir mitt leyti tel það mikils virði, að bjargráðasjóður eflist, en það verður að gera það á annan hátt en þennan, að taka fé, sem veitt hefur verið vegna vandræðaástands, af bændum, sem enn hafa ekki rétt við vegna hins vonda árferðis, og efla bjargráðasjóð með því.

Mundu nú ýmsar aðrar stéttir en bændastéttin ekki hugsa sér einhverja aðra leið til þess að efla stofnun, sem bær vildu síðar hafa gott af? Mundu útgerðarmenn t. d. hugsa sér, að þeir gætu eflt lánastofnun eða styrktarstofnun fyrir sjávarútveginn með því að afhenda hæpnar skuldakröfur til innheimtu, sem skyldu svo ganga til þessa sjóðs, hæpnar skuldakröfur frá illa stæðum útgerðarmönnum? Ég held ekki. Ég held, að útgerðarmennirnir mundu finna einhver önnur úrræði og jafnvel leita eftir leiðum til þess að komast beint í ríkissjóðinn til þess að efla slíka stofnun sínum atvinnuvegi til handa.

En bændur hafa búnaðarþing, sem hefur markað stefnuna, og þeir hafa t. d. fyrrver-

andi búnaðarmálastjóra, hv. 1. þm. N-M., sem hefur haft sig allmikið í frammi í þessu máli, að ég nú ekki tali um það, að hann hefur skrifað nokkuð um þessi mál. T. d. sagði hann í einu skrifi eða tveim í Tímanum, að till. okkar í fyrra hafi verið felld með öllum atkv. þm., og þá náttúrlega sjálfstæðismanna líka, en það vill til, að þskj. vitna um annað. Þau sýna það, að allir sjálfstæðismenn, 17 að tölu, sem á fundi voru, þegar till. var til atkv., greiddu atkv. með till., en ekki á móti. Og það er ýmislegt fleira í skrifum þessa hv. þm., sem er þessu líkt, einmitt um þessi mál, og það verður ekki, þegar þannig er á málum haldið, til þess að bæta málstaðinn eða gera aðstöðu bændastéttarinnar á nokkurn hátt betri, þegar sá, sem telur sig vera málsvara bænda, beitir slíkum aðferðum. Hv. þm. veit það nú, að bændur eru honum ekki þakklátir fyrir frammistöðuna í þessu máli.

Það hefur verið minnzt á það hér, að aðrar stéttir þjóðfélagsins mundu ekki bera kinnroða fyrir að taka á móti aðstoð eins og þeirri, sem er farið fram á með þessari till. En það hafa einstöku menn, sem talið hafa sig bæra um að tala fyrir hönd bænda, talið, að þeir væru að bjarga heiðri bændastéttarinnar með því að reyna að koma í veg fyrir það, að hún geti notið jafnréttis við aðrar stéttir í þessu tilliti.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um þetta. Ég held, að hv. frsm. meiri hl. hafi talað greinilega af sér hér í sinni löngu ræðu, sem var löng vegna þess, að það voru svo mörg bréf, sem upp voru lesin og áttu að vera málstað hans til styrktar. Og einmitt það, að hann studdi ekki till. í fyrra, áður en féð hafði verið afhent bjargráðasjóði, ætti hann ekki nú að þessu sinni að hafa sem höfuðröksemd gegn till., að það væri ekki hægt að samþ. hana, af því að féð hafði verið afhent. Það er bezt fyrir hann og þá, sem koma hér á eftir að tala gegn till. minni og hv. 2. þm. Árn., að viðurkenna það hreinlega, að þeir vilji ekki láta bændur fá þessa eftirgjöf og að þeir geti unað því misrétti, sem skapað var með því að gefa einum eftir, en ekki öðrum, sem átti jafnan rétt til þess, og að þeir ætli að láta við svo búið standa eða þá að þverskallast við að lagfæra það, sem illa var gert í fyrra, enda þótt þeir jafnvel nú hljóti að hafa komið auga á, að það var ekki rétt afgreiðsla á málinu á síðasta Alþingi.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Rang. er harðsnúinn maður, þegar hann ber höfði við stein, og ekki vildi ég leika það eftir að gera eins og hann gerði í þessu máli.

Ég get lýst því yfir, að það er rétt hjá honum, að ég var á móti till. hans í fyrra og af ýmsum ástæðum. Hún var mjög gölluð að formi til, en út í það þarf ekki að fara, en efnislega var ég á móti henni, því að ég áleit það eðlilega ráðstöfun að láta bjargráðasjóð fá þessi lán til meðferðar og innheimta þau eftir efnum og ástæðum. Ef hann les ályktun þá, sem meiri hl. fjvn. leggur til að þingið afgreiði till. hans með, þá mun hann líka finna það, að þó að það sé þar meginatriði, að fénu sé þegar búið að ráðstafa, þá er líka byggt á þeim grundvelli, að sú ráðstöfun hafi verið hin rétta. Það er því skakkt með farið, skakkt ályktað og út úr snúið, að nú sé eingöngu við það miðað, að ekki sé hægt að taka til baka það, sem gefið var, þó að það sé viðbótarástæða.

Hv. 1. þm. Rang. heldur því fram, að það sé skapað misræmi með því að slíta úr sambandi, eins og hann orðaði það, lánin til Austfirðinga og gefa eftir af þeim eins og gefið var samkvæmt fjárlögunum 1957, og hann sagði það sem átti að vera ágrip af sögu þessara mála á Austurlandi. Hann gat þess, að tveimur mönnum hefði verið falið að úthluta þar lánum og meta ástæður manna 1950, og nefndi þá menn, og það er rétt. Og það eru þau lán, sem um er að ræða nú í till. hans. En hann skýrir ekki frá því, að lánin, sem voru gefin eftir, eru veitt samkv. öðru mati, þau eru veitt 1952, eftir að Austfirðingar voru búnir að stríða við harðindi, ekki eitt sumar, ekki eitt rigningasumar, heldur þrjú ár samfleytt, vetur og sumar, auk þeirrar skæðu fjárpestar, sem þar var geisandi og gerði það að verkum, að á þessum árum fækkaði víða fé bænda um helming til innleggs, og fór fimmti hluti fjárstofnsins sum árin algerlega forgörðum vegna fjárpestarinnar.

Það er mjög ólíku saman að jafna, sem betur fer, milli Austfirðinga og Sunnlendinga. Ég segi: sem betur fer, því að það væri voðalegt, ef land okkar væri svo harðærasamt, að slík óáran gengi yfir alla landshluta þess og sú, er gekk yfir Austfirðinga 1949—51.

Árið 1952 er það sýnt, að bændurnir á Austfjörðum reisa ekki rönd við ástandinu, eins og það er, og þá er það, að fyrir tilhlutun ríkisstj. eru fengnir 2 menn, Benedikt Guttormsson og Skjöldur Eiríksson, til þess að athuga fjárhag bændanna á þessu harðindasvæði, athuga útlagðan kostnað til fóðurkaupa, skuldamyndun vegna fóðurkaupa, fækkun búpenings o. fl. Og samkv. till. þeirra voru svo lánin veitt árið 1952 sem alger hallærislán, í raun og veru á hreinum grundvelli styrkja. Þau lán samrýmast ekki fyrri lánunum, og enn síður samrýmast þau lánunum til Sunnlendinga.

Það eru þessi lán, sem lá beint við að gefa eftir, því að þau voru veitt eftir efnum og ástæðum, hreint og beint til að bjarga frá hallæri. Ef þau hefðu ekki verið gefin eftir, þá hefði verið skapað misræmi. Það má einnig geta þess, að Austfirðingum nægðu ekki lán þessi eingöngu, heldur tóku þeir félagslega á sjöundu millj. kr. að lánum, sem skipt var einnig eftir efnum og ástæðum. Kaupfélögin tóku þessi lán fyrir þá og settu sínar eignir að veði til hjálpar þeim. Það út af fyrir sig er upplýsing, sem skiptir máli í þessu sambandi.

Sem betur fór, voru harðindin á Suður- og

Suðvesturlandi aðeins óþurrkar eitt sumar. Það rigndi geysilega það sumar og var mjög ískyggilegt ástand fyrir bændurna, sem þurftu að afla heyja handa miklum búpeningi, því að bú eru yfirleitt stór á þessu svæði, og heyskapurinn t. d. í Árnessýslu, þar sem mest rigndi, lækkaði ofan í 84%, eftir því sem skýrslur sýna, ef miðað er við árið áður. En aftur á móti hafði það verið svo í Norður-Múlasýslu, þar sem harðast gengu yfir harðindin, að heyskapurinn fór ofan í 88% 1948, ofan í 64% 1949 og ofan í 59% 1950. Þannig var harðindabálkurinn samfelldur, og þannig svarf hann að.

Og fénu fækkaði á Austurlandi, eins og ég gat um áðan, þannig að innleggið hjá bændunum varð ekki nema helmingur á móts við það, sem áður hafði verið. En ef maður miðar t. d. við Árnessýslu, þá fækkaði að vísu, að því er skýrslur segja, nautpeningi, mjólkurkúm, ofan í 96% frá því, sem áður hafði verið, geldneytum ofan í 94% og kálfum ofan í 97%, en árið eftir, þ. e. 1956, komst talan aftur upp fyrir það, sem hún hafði verið 1954. Þannig reið þessi alda snögglega yfir, og bar ekki meiri áföll að.

Hv. þm. Borgf. minntist á það, að efnahagur manna væri misjafn hér um slóðir, ég meina á Suður- og Suðvesturlandi, og það er vafalaust rétt. En yfirleitt er það nú svo, að þó að þeir hefðu búið við pestir, eins og hann gat um, þá höfðu þeir ekki hallazt neitt á móts við það, sem var á Austurlandi, enda styðjast bændur hér við fjölbreytilegri búskap en Austfirðingar. Og eftir því sem skattskýrslur frá 1955 upplýsa, hafði meðalbóndinn í Norður-Múlasýslu nettótekjur 31736 kr., en í Árnessýslu, þar sem mest rigndi, 48460 kr. og í Rangárvallasýslu 47338.

Þetta er svona til að sýna það, að samhengið var ekki rofið með því að gera þannig upp á milli þessara svæða, sem gert var með fjárlögunum 1957.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði komizt kuldalega að orði með því að segja það, að óskir Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands haustið 1955 hefðu verið á sandi byggðar. Það er misskilningur eða misheyrn. Ég sagði það ekki. En ég sagði, að þar sem minni hl. n. legði svo mikla áherzlu á bréf og óskir þessara fulltrúa bændanna frá haustinu 1955, meðan enn rigndi, þá færi svo fyrir minni hlutanum, að hann byggði á sandi, vegna þess að það hefði rætzt miklu betur úr en á horfðist, betur en djörfustu menn gátu vonað, og ég taldi, að það væri annað að byggja á yfirlýsingum fulltrúa bændanna núna frá búnaðarþingi, þegar séð væri fyrir endann, ekki aðeins á harðindunum, heldur að segja má afleiðingum harðindanna.

Hv. þm. Borgf. sagði enn fremur, að það væri að skilja svo, að við, sem meiri hl. fjvn. skipum, vildum kasta steini að bændastéttinni fyrir það, að hún hefði viljað taka á móti styrkjum. Það er langt frá því. Ég tel mig í hópi þeirra manna, sem sízt vilja kasta steinum að bændastéttinni, og byggi einmitt á henni mjög mikið vonir um framtíð þjóðarinnar, verndun íslenzku menningarinnar og staðfestu. En mér virðast aðrir kasta steinum, þó að það sé vafalaust óviljandi gert. Mér virðist þeir menn, sem halda svo fast við eftirgjafir allra lánanna sem tillögumennirnir gera og minni hl. fjvn., sem þá styður, kasta steinum. Þeir styðja þá stefnu, sem búnaðarþing telur að sé varhugaverð og geti orðið til þess að veikja siðferðisþrótt stéttar í fjármálum. Í raun og veru ýta þeir óvart undir það, að bændastéttin varist ekki það, sem Stefán G. sagði að þyrfti að varast, að láta „baslið smækka sig".

Eitt af yngstu skáldunum segir í nýútkominni bók:

„Hún stendur ei vörð né strengir heit,
né stöðu sér markar í alda reit,
sú kynslóð, sem klædd er og mötuð."

Þarna segir skáldið í raun og veru bara í hendingum það, sem búnaðarþing sagði í sinni grg. Mér virðist þeir ganga svo langt, þessir tillögumenn, að þeir vilji í raun og veru mata og klæða þá stétt, sem ekki vill taka á móti, og vitna ég þar aftur til ályktunar búnaðarþings. Ég hef fengið upplýsingar um það, að a. m. k. einir fimm af bændum þeim, sem fengu harðindalán 1955 hér á Suður- og Suðvesturlandi, séu í stóreignaskatti, þ. e. a. s. þeir eigi skuldlaust meira en milljón — meira en milljón. Nú er það samkv. till. tilætlunin og talið alveg sanngjarnt og nauðsynlegt og til að skapa fullkomið samræmi, að þessir menn fái eftirgjöf lánanna. Og mér er satt að segja sem ég sjái þá hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Borgf. vera að mata og klæða þessa milljónera. Þessir hv. þm. strita við að troða að þeim sem gjöf lánunum. Það er strit, því að ég trúi ekki, að svo ríkir menn séu ekki svo stoltir, að þeir vilji borga, — og stimpist fast á móti, þegar til þeirra kemur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem mig langaði til að fá skýringu á, sem hér hefur ekki komið fyllilega fram. Það er lagt til í till., sem hér liggur fyrir, að gefin verði eftir að fullu 10½ millj. kr. lán vegna óþurrkanna á Suður- og Suðvesturlandi. Þeir leggja á það áherzlu, bæði hv. þm. Borgf. og 1. þm. Rang., að hreppsnefndirnar vilji ekki þurfa að „vinza úr", eins og þm. Borgf. nefndi það, hverjir ættu að fá eftir gefið og hverjir ekki, eða „draga í dilka", eins og þm. Rang. nefndi það. Lánin voru ekki 10½ millj., lánin voru 12½ millj. Ríkissjóður lagði fram 10½ millj., en bjargráðasjóður 2 millj. Það þarf þess vegna alltaf að draga í dilka eða vinza úr, þegar ekki á að gefa eftir nema 10½. Hver á að borga þessar tvær? Þeir fara ekki fram á fjárveitingu til að greiða þær.

Í öðru orðinu er sagt, að það eigi að gefa eftir öll lánin, hinu orðinu prentað, að það eigi að gefa eftir 10½ millj. Hvernig ætla þeir að komast hjá því að láta „vinza úr" eða „draga í dilka"? Mig langar til að vita það. Eða er það bara af fljótfærni, tillagan bara

flutt til að sýnast og ekki einu sinni hirt um að fara rétt með, hver lánin eru, sem eftir á að gefa?

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal byrja á því að svara síðasta ræðumanni, vegna þess að honum hefur verið tíðrætt um þessar 2 millj., sem bjargráðasjóður lagði fram, og hann hefur verið að velta því fyrir sér með skrifum sínum í vetur og hugleiða það, hvernig væri nú hægt að bæta bjargráðasjóði þessar 2 millj. En flm. þessarar till. hafa gert sér grein fyrir því frá upphafi, að bjargráðasjóður á að fá 2 millj. greiddar frá ríkissjóði, og ég segi það, að þegar hv. 1. þm. N-M. styður núverandi hæstv. ríkisstj. og segir ekkert við ráðstöfunum hennar á ríkisins fé, þá ætti honum ekki að blöskra, þótt ríkissjóður greiddi bjargráðasjóði vegna bændastéttarinnar 2 millj. kr. Eða man ekki hv. 1. þm. N-M. ákvörðun hæstv. ríkisstj. t. d. s. l. sumar, þegar ákveðið var um síldarverðið? Stjórn síldarverksmiðja ríkisins kom á fund og reiknaði út, hvað síldarverksmiðjur ríkisins gætu greitt, miðað við útflutningsverð á síld og síldarafurðum, það voru 58 kr., en það tók ekki langan tíma fyrir hæstv. ríkisstj. að ákveða, hvað skyldi greiða? Það var sent skeyti norður. „Greiðið 95 kr. fyrir hvert mál. Ríkissjóður greiðir mismuninn.“ En þarna voru það útgerðarmenn, sem áttu í hlut, en ekki bændur. Það er munurinn. Þegar hv. fyrrv. búnaðarmálastjóri er að velta þessu fyrir sér og sér engin ráð til þess að láta bjargráðasjóð fá 2 millj., en styður eigi að síður ríkisstj., sem gerir ákvörðun eins og þessa og margar fleiri, og þegir við því, þá er ekki von á góðu, ef bændur hafa slíka forustu. Og það er þetta, sem bændur vita núna. Ég hefði gjarnan getað unnt hv. 1. þm. N-M. þess að láta það vera að koma hér upp í ræðustólinn og auglýsa það enn fyrir hv. þingheimi, að honum vex það í augum, að 2 millj. væru greiddar vegna bændanna til bjargráðasjóðs.

Ég þarf ekki að segja meira við þennan hv. þm. um þetta mál, ræða hans gefur ekki tilefni til þess. Það er ekki heldur margt, sem ég þarf að segja við hv. þm. S-Þ. Ég vil ekki metast um það, hvort þörfin fyrir aðstoð hefur verið eitthvað meiri til Austfirðinganna eða Sunnlendinganna. Ég veit, að Austfirðingarnir höfðu þörf fyrir aðstoð, og það var ekki talið eftir, að þeir fengju aðstoðina. En þegar hv. þm. S-Þ. er að gera hér samanburð, þá talar hann af allt of miklum ókunnugleika um þessi mál hvað snertir Suður- og Suðvesturland. Hann talar um, að búin hafi smækkað á Austurlandi vegna harðindanna, og það er alveg rétt. Hann sagði, að innleggið hefði minnkað um helming hvað sauðfjáreignina snerti, — það hefði minnkað um helming, — en hann gleymir því, sem hv. þm. Borgf. tók hér fram áðan, að mæðiveikin hafði herjað um Suður- og Suðvesturland í nærri hálfan annan áratug og fjöldi bænda hér á Suður- og Suðvesturlandi hafði ekki misst helminginn af sínu fé, innlegg bænda af sauðfjárafurðunum hafði ekki minnkað um helming, það hafði fallið niður í núll. Þetta þarf hv. þm. S-Þ. að vita, þegar hann er að tala um þessi mál, úr því að hann vill vera að gera samanburð.

Þá reyndi hv. þm. S-Þ. að gera samanburð á tekjum bænda á Austurlandi og t. d. í Árnessýslu og Rangárvallasýslu. En hann gleymdi alveg að gera samanburð á rekstrarkostnaði, tilkostnaðinum við að afla teknanna. Hann gleymdi því. Hann gleymdi til dæmis að minnast á það, að Árnesingar höfðu keypt eitt árið fóðurbæti fyrir 15 millj. kr., og þegar þannig er til kostað, þá er náttúrlega eðlilegt, að tekjurnar vaxi og verði eitthvað meiri en þegar kannske litlu er kostað til framleiðslunnar.

Það er alveg vitað mál, að 1955, um haustið, eftir hina miklu óþurrka, stóðu bændur á Suður- og Suðvesturlandi mjög illa að vígi. Þeir höfðu misst fjárstofninn. Niðurskurður hafði farið fram einu ári áður. Þeir stóðu uppi fjárlausir. Þeir reyndu að halda lífinu í kúnum með óeðlilega miklum fóðurbætiskaupum.

Mig minnir, að það hafi verið árið 1956, sem talið var að bændur hafi keypt fóðurbæti fyrir 70 millj. kr. alls á Íslandi, þar af keyptu Rangæingar, Árnesingar, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgfirðingar miklu meira en helminginn af öllum þessum fóðurbæti. Og það var ekki vegna þess, að heyin væru mjög lítil að vöxtum. Þess vegna gildir samanburður hv. þm. S-Þ. ekki neitt í því, þegar hann er að tala um, hvað heyskapurinn hafi fallið niður um mörg prósent. Það er ekki allt fengið með því, þó að heyin séu dálítið mikil að vöxtum, ef þau eru ónýt til fóðurs, og það var það, sem heyin voru eftir sumarið 1955, og það var ekki unnt að halda stofninum við nema kaupa óeðlilega mikinn fóðurbæti, eins og gert var, kosta óeðlilega miklu til, stofna til skulda, sem menn nú búa að á þessum svæðum, þrátt fyrir það að góðæri hafi verið síðan. Sumarið 1956 og sumarið 1957 voru góð sumur, sem betur fór. En eigi að síður hafa menn ekki náð sér upp, þrátt fyrir það.

Það er þetta, sem ég tel ástæðu til að minna hv. þm. S-Þ. á, að hann, þegar hann er að gera samanburð, gleymir að taka með í reikninginn í það dæmi, sem hann er að reikna, — þá gleymir hann að taka það með, sem verður að hafa, til þess að útkoman sé rétt. Það má ekki sleppa stórum atriðum úr, t. d. eins og með heyöflunina, að heyin voru ónýt og ekki hægt að fóðra á þeim nema með aðkeyptum fóðurbæti. Það má ekki gleyma því, að á Suðurlandi höfðu menn misst fé úr mæðiveiki og stóðu uppi fjárlausir, að þeir höfðu misst allar tekjur af sauðfé og innlegg, þegar hann með réttu segir, að Austfirðingarnir hafi misst helming af sinni sauðfjáreign vegna harðinda. Og eins og ég sagði áðan, þá skal það fúslega viðurkennt, að Austfirðingar voru vel að því komnir að fá aðstoð eftir það harðæri, sem þar gekk yfir. En ég hygg, að þegar þessi mál eru athuguð öfgalaust og af sanngirni, þá styrkist menn í þeirri vissu,

að það átti að fylgjast að, að þegar ákveðið var að gefa eftir meiri hlutann af Austfjarðalánunum, þá átti einnig að gefa hitt eftir líka til þess að gera ekki upp á milli bænda eftir því, hvar þeir búa, þar sem það verður að viðurkennast, að þessir bændur, bæði á Suður- og Suðvesturlandi og á Austurlandi, höfðu fengið óvenjulegan skell vegna árferðisins. Sem betur fer kemur slíkt sjaldan fyrir, og við skulum vona, að það verði langt þangað til slíkt árferði kemur aftur.

Hv. þm. S-Þ. var að tala um, að það væru fimm bændur í stóreignaskatti, sem hefðu fengið þessi lán. Ég skal viðurkenna, að ég er því ekki kunnugur, hvort þetta er rétt. Það verður þó að ætla, að hv. þm. fari hér með satt mál, úr því að hann nefnir tölur. Ég vil alls ekki ætla honum það, að hann sé að skrökva þessu. En ég vil þá í því sambandi benda á, að það er talið, að útgerðarmennirnir, sem alltaf eru að fá styrk vegna síns atvinnuvegar, greiði 30 millj. í stóreignaskatt. Og það hefur enginn maður talað um, að þeir ættu að fá minni styrk á fiskinn heldur en hinir, sem engan stóreignaskatt greiða. Ég verð nú að segja það, að þar sem hér mun vera um að ræða, að ég ætla, á þriðja þús. bændur, sem munu hafa fengið þessi óþurrkalán, þá er það nokkur mælikvarði á efnahag þessarar stéttar, að það skuli ekki finnast nema fimm menn í þessum hópi, sem fá stóreignaskatt, eftir að fasteignamatið hefur verið margfaldað svo mjög sem það var gert til þess að koma eignunum upp í milljón. Ég verð að segja, að það er dálítið hart, ef allir hinir eiga að gjalda þess, að það finnast fimm menn í þessum hópi, sem eiga að greiða einhvern stóreignaskatt. Það hefði verið velgerningur, ef hv. þm. S-Þ. hefði getað nefnt tölur, hvað þeir eiga að greiða mikið. Mér finnst það alveg fráleitt, að bændastéttin í heild eigi að gjalda þess, þótt það finnist fimm menn, sem hafa aðaltekjur af öðru en búskap, sem eiga að greiða stóreignaskatt, eftir að þessi margföldun hefur farið fram á eignunum. Það hefði verið eðlilegra, úr því að þessi hv. þm. vissi um þetta og úr því að þetta er ásteytingarsteinn í hans augum, að hann hefði flutt brtt. við þessa till. og sagt: Þó skulu þeir, sem eiga svo og svo miklar eignir, ekki njóta eftirgjafarinnar. — Það hefði verið skoðun, og það hefði verið stefna, sem hefði verið hægt að ræða við hv. þm. um, og þá hefði hann komið í veg fyrir það, að fjöldinn ætti að gjalda þess, þótt þessir menn greiði stóreignaskatt úr hópi bændanna.

Ég tel svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta. Mér sýnist, að málin hafi skýrzt við þessar umræður og að menn ættu nú yfirleitt að vera sannfærðari um, að það er skylt að bæta fyrir það, sem gert var á síðasta þingi, og láta nú réttlæti koma í stað óréttlætis, en það verður gert með því að fella hina rökstuddu dagskrá, sem meiri hl. fjvn. hefur flutt, og samþykkja till. okkar, eins og minni hl. fjvn. leggur til.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Þar sem bjargráðasjóður Íslands heyrir undir félmrn. og hér er um að ræða, að Alþ. geri aðra atrennu til þess að ráðstafa fé, sem þessum sjóði hefur verið afhent til eignar eftir fullri heimild Alþingis, þá get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þetta mál og þá fyrst og fremst til þess að mótmæla því, að það geti komið til mála, að fé, sem bjargráðasjóði hefur verið afhent til fullrar eignar að fyrirmælum og vilja Alþ., verði ráðstafað með öðrum hætti úr eigu sjóðsins á ný.

Það er vert að vekja enn einu sinni athygli á því, að með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1957, 42. lið 22. gr. fjárlaganna, var ríkisstj. gefin heimild til að ráðstafa þessu fé á þann hátt, sem ríkisstj. hefur nú gert. Og það var svo sem ekki verið að taka þetta fé frá bændastéttinni. Nei, það var einmitt verið að tryggja það, að þetta fé væri henni til öryggis og hjálpar, þegar í nauðir ræki, og þannig verið að sjá um það, að þetta fé yrði áframhaldandi til hjálpar einmitt bændastéttinni, ef eitthvað bjátaði á.

Þegar bændur urðu fyrir því áfalli, sem hér er um að ræða, var talið nægilegt að veita þeim lán, og það var gert. Og lánin fengu ýmsir, sem voru í nauðum staddir vegna þeirrar óáranar, sem yfir skall. En lánin fengu líka ýmsir, sem ekki höfðu orðið hart úti þarna og höfðu bein til þess að bera nokkuð mikið.

Ég get vel fallizt á, að það megi gefa eftir mönnum, sem hafa orðið fyrir áfalli af náttúrunnar völdum og standa ekki lengur fjárhagslega réttir eftir. En mér finnst ekki eðlilegt að gefa heilli stétt eftir þá aðstoð, sem hún hefur fengið í lánsformi, án tillits til efnahags. Ég held það verði erfitt að skjóta rökum undir það. Og mér er nær að halda, að þegar farið er inn á það hér á Alþ. að biðja um eftirgjafir, fjárhagslegar eftirgjafir, til ríkra jafnt sem snauðra, þá finni menn, að það sé ekki rökstudd ósk, ekki rökstudd krafa.

Ég er nærri því viss um það, að þegar litið er á þetta mál og það upplýst, að bændur hafa svo sem ekki verið sviptir þessu fé í fyrsta lagi, heldur á það að koma bændastéttinni til hjálpar í framtíðinni, í annan stað, að margir bændur eru búnir að borga þessi lán og yrðu því ekki aðnjótandi þeirra eftirgjafa, sem hér er um að ræða, — og eftir að það hefur gerzt, þá væri auðvitað ranglæti framið, — og svo í þriðja lagi, að hér er verið að tala um að ráðstafa fé, sem Alþ. hefur áður mælt fyrir um, hvernig ráðstafa skyldi, og í raun og veru á að fara að rifta því, rifta þeim gerða hlut og ráðstafa því á ný, þá held ég, að þarna sé um fráleitt mál að ræða, sem ekki geti komið til mála að Alþ. sinni á annan hátt en þann, sem fjvn. hefur lagt til, að vísa málinu frá. Mér er líka nær að halda, að það sé alls ekki tekið vel upp af myndarlegum bændahöfðingjum, sem hafa nokkurn metnað, — það hefur meginþorri bændastéttarinnar, — þegar hv. 1. þm. Rang. rekur harkalega ölmusu- og bónbjargapólitík og þykist gera það fyrir þeirra hönd. Ég er alveg sannfærður um það.

Það er ekki vel tekið upp af bændum, sem hafa metnað og vilja vera góðir og gildir þjóðfélagsþegnar, eins og þeir eru. Mér er nær að halda, að þarna sé hlaupið fram fyrir skjöldu og á þann hátt, að sumir menn í bændastétt mundu kunna þessum skjaldsveinum sínum litla þökk fyrir. Það liggur líka þegar skjalfest fyrir, að fulltrúar bændastéttarinnar á búnaðarþingi hafa að yfirgnæfandi meiri hluta verið þeirrar skoðunar, að þessu fé hefði verið vel varið og það sé í þjónustu bændastéttarinnar og sé orðið þeirra öryggissjóður og beri ekki að ráðstafa því á annan hátt. Í samræmi við þennan vilja búnaðarþings á auðvitað Alþ. að taka á málinu í viðbót við allt annað eðli málsins, sem mælir í sömu átt, að þetta fé sé vel komið þar, sem það sé, í bjargráðasjóði Íslands, og svo hafi bjargráðasjóðsstjórnin heimild til að gefa eftir vexti, lengja lánstíma, hliðra til fyrir þeim mönnum í bændastétt, sem við erfiðleika eiga að stríða, en ganga eftir því hjá hinum, sem fyllilega séu borgunarmenn fyrir því. Þetta er auðvitað svo eðlilegt sem verða má, og ég segi: Búnaðarþingi ber maklegt lof fyrir að taka svo eðlilega og skynsamlega á máli og þjóna ekki þeirri lítilsvirðandi ölmusu- og bónbjargapólitík, sem einstakir menn gerast til þess að vera málsvarar fyrir hér á Alþingi í nafni bændastéttarinnar.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Rang. minnti á nokkur atriði, sem honum fannst ég hafa gleymt, þegar ég gat um tölur til sönnunar máli mínu. Hann sagði, að ég hefði gleymt að taka tillit til þess, þegar ég las upp samanburð á tekjum manna í Múlasýslu og hér syðra, að menn hefðu þann búskaparhátt hér syðra, að þeir þyrftu miklu til að kosta og kaupa mikið til búsins af rekstrarvörum. Ég mundi eftir þessu, því að þær tölur, sem ég nefndi, voru nettótölur, tölurnar, sem komu fram, þegar búið er að draga slíkan tilkostnað frá.

Hann sagði líka, að ég hefði gleymt því, að heyin væru ónýt eftir illt sumar, þegar ég nefndi, hvað heyskapurinn hefði rýrnað hér syðra óþurrkasumarið 1955. En ég benti á til samanburðar, hvað hann hefði rýrnað í Norður-Múlasýslu, og það var náttúrlega sams konar hey og ekki betra, sem þeir heyjuðu þar, heldur en hér syðra. Sá samanburður var þess vegna alveg réttur.

Þá sagði hann, að ég hefði gleymt því, að Sunnlendingarnir hefðu átt við fjárpestir að stríða og misst fé. Ég tók líka tillit til þess. En þeir urðu ekki eins hart úti yfirleitt eins og mennirnir fyrir norðan og austan, vegna þess að aðalbústofn bændanna þar er sauðfé, en meiri hluti hinna hefur mjólkurframleiðslu.

Þá kom eitt alveg sérstaklega eftirtektarvert fram í ræðu hv. 1. þm. Rang., og það er það, að hann vildi jafna saman því, sem hann kallar styrk til þeirra, sem veiða fisk og fá verðbætur, og hallærishjálp. Hann sagði sem sé, að hann hefði ekki heyrt þess getið, að styrkur á veiddan fisk væri talinn eftir. Hann viðurkenndi, að það gæti verið dálítið athugavert að gefa milljónera eftir lán, en hins vegar sagðist hann ekki hafa orðið þessa var, þegar í hlut ættu útgerðarmenn, sem væru ríkir eins og hinir og fengju styrk á fiskinn. Þeir, sem svona hugsa, komast náttúrlega ekki nema fyrir tilviljun að réttri niðurstöðu í máli. Við vitum það auðvitað, að verðuppbót á fisk er allt annað en hallærisstyrkur. Ég fer ekki frekar út í það.

En það þótti mér mjög mikils vert að komast að þeirri niðurstöðu, að í raun og veru var hv. 1. þm. Rang. á sömu skoðun og ég um það, að það væri fjarstæða að gefa þeim eftir lánin, sem væru vel efnum búnir. Og hann sagði, að ef ég hefði flutt t. d. brtt. á þá leið: Þó skulu þeir, sem eiga svo og svo miklar eignir, borga, — þá hefði hann verið með. En sannleikurinn er, að ráðstöfunin, eins og Alþ. gerði hana 1957, er alveg miðuð við þessa hugsun, að þeir, sem eigi svo og svo miklar eignir eftir rannsókn, sem bjargráðasjóður hefur á hendi og hreppsnefndirnar í sveitunum, borgi, en hinir, sem hjálparinnar þurfa með, fái eftirgjafirnar. Þess vegna er það svo, að við erum í raun og veru á sama máli, við hv. 1. þm. Rang., og hann ætti að greiða dagskránni atkv., en ekki sinni eigin till., því að hans till. er um það að gefa öllum allt eftir, milljónerunum líka.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 7. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér, áður en ég minnist á það mál, sem hér er til umr., 2. mál á dagskránni, að spyrjast fyrir um það, hvernig á því standi, að fsp. þeirri, sem ég hef flutt um innflutning landbúnaðarvéla, fæst ekki svarað. Það er í annað sinn, sem hún er á dagskrá, og hæstv. forseti hefur þess vegna gert sína skyldu, en mér þætti mjög vænt um, ef hann vildi stuðla að því, að fsp. yrði svarað. Ég man ekki þingsköpin, en ég ætla, að það séu takmörk fyrir þeim tíma, sem hægt er að komast undan því að svara fyrirspurnum, sem formlega eru fram bornar.

Þá sé ég það, að hæstv. félmrh. og hv. þm. S-Þ. eru ekki staddir hér að þessu sinni, en það voru þeir, sem ég hefði ástæðu til þess að svara nokkuð í sambandi við málið, sem hér var rætt, um eftirgjöf lána. Og vegna þess að þeir eru ekki hér staddir og vegna þess að umræðurnar höfðu snúizt þannig, að ekki er sérstök ástæða fyrir mig að orðlengja þetta mál frekar, þá get ég verið mjög stuttorður.

Ég vil þó vekja athygli á einu í sambandi við það, sem hæstv. félmrh. talaði um. Hann sagðist mótmæla því, að það fé, sem bjargráðasjóði hefði einu sinni verið afhent, væri aftur af honum tekið. Þetta var náttúrlega ágætlega mælt af hæstv. ráðh. En ég held, að hann hafi nú ekki gert fyllilega grein fyrir því, hvað hann var að segja og hvað í þessu fólst, vegna þess að hæstv. ráðh. eins og aðrir

veit það, að það verður aldrei nema nokkur hluti af þessum lánum innheimtur. Hæstv. ráðh. veit það líka, að það hefur ærinn kostnað í för með sér að gera tilraunir til innheimtunnar og að þar sem boðið er upp á margs konar undanþágur um greiðslur, þá verður það ekki nema lítill hluti, sem greiddur verður. Það hefur hæstv. ríkisstj. boðið upp á, en aðeins það, að það verður að greina á milli, hverjir eru megnugir að borga og hverjir ekki. Það á að draga menn í dilka, það á að gera innheimtuna eins erfiða og flókna og mögulegt er, og mér kæmi þess vegna ekkert á óvart, þótt nokkrum mönnum væri fengið launað starf við þetta. Hvað verður þá mikið afgangs af því, sem innheimtist og bjargráðasjóður fær?

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, og það er ekki fleira, sem þarf við hæstv. félmrh. að segja.

Hv. þm. S-Þ. var að tala um, að það væri mikill munur á því, hvort veittur væri styrkur til útgerðar og fiskveiða eða þau óþurrkalán, sem við vorum að ræða um. Þessi sami hv. þm. sagði einnig, að samþykkt Stéttarsambandsins 1955 hafi verið byggð á sandi, vegna þess að hún fór fram á það að fá styrk óþurrkanna í líkingu við það, sem gerist í sambandi við öflun fisks og ýmsa aðra atvinnuhætti, sem styrktir eru hér á landi. En hvers vegna var ekki þetta veitt í styrkjaformi? Það ætla ég að allir hv. alþm. viti um. Það var vegna þess, að tvisvar áður hafði verið búið að veita Austfirðingum aðstoð vegna harðæris í lánsformi. Og þegar óskin um styrk kom frá Stéttarsambandsfundinum, þá komu fram beinlínis kröfur um það, að aðstoðin á óþurrkasvæðunum væri veitt í sama formi og aðstoðin til Austfirðinga, og eins og sagt var, úr því að það var heppilegast að veita aðstoðina í lánsformi til Austfirðinga tvisvar sinnum, þá hlýtur það einnig að vera heppilegast að hafa aðstoðina á óþurrkasvæðunum í lánaformi. — Og vissulega voru þessi lán, þó að þau væru ekki veitt í styrkjaformi, framleiðslustyrkur, veittur í því skyni að gera bændum mögulegt að halda bústofni sínum og framleiðslu. Og það er þess vegna ekkert skrýtið að bera þetta saman við aðra styrki, t. d. til sjávarútvegs, og leggja það að líku.

En nú var það svo, að lánin, sem voru veitt til Austfirðinga, voru gefin eftir að meiri hluta til með samþykki Alþingis í fyrra. Þannig voru óþurrkalánin og harðindalánin á Austurlandi slitin úr samhengi. Við skulum segja, að það hafi mátt deila um það í fyrra, hvort það ætti að gefa lánin eftir. En eftir að búið er að gefa Austfjarðalánin eftir, þá liggur í hlutarins eðli, að það er réttlátt að láta eitt og hið sama yfir alla bændur ganga, sem orðið hafa fyrir hörðum búsifjum, sem Sunnlendingar urðu fyrir vegna óþurrkanna og Austfirðingar óneitanlega urðu fyrir vegna harðindanna.

Till. er flutt sem tilraun í þá átt að gefa þingheimi tækifæri til að bæta það ranglæti, sem framið var með samþykkt till. í því formi, sem gert var í fyrra. En till., sem hér um ræðir, var upphaflega flutt haustið 1956, eftir að ljóst var, að meiri hluti — ég vil segja mestur hluti harðindalánanna af Austurlandi var í vanskilum í Búnaðarbankanum. Og þau voru ekki í vanskilum vegna þess, að bændurnir á Austurlandi vildu vera vanskilamenn, heldur vegna þess, að þeim var ekki kleift að greiða þessi lán. Óþurrkalánin fara ekki í vanskil vegna þess, að bændur á Suður- og Suðvesturlandi vilji vera vanskilamenn, heldur munu þau komast í vanskil vegna þess, að meginhluti bænda á erfitt með að standa í skilum og greiða þau upp. Það er þetta, sem við flm. till. vildum koma í veg fyrir. Við vildum koma í veg fyrir það, að bændur, sem eru skilamenn í eðli sínu og vilja borga það, sem þeim ber að greiða, yrðu vanskilamenn, og samþykkja eftirgjöf á þessum lánum, áður en til þess kæmi.

Það er raunalegt, hversu margir af þeim, sem telja sig vera forsvarsmenn bænda, hafa gert mikið úr þeirri gjaldgetu, sem bændur yfirleitt hafa, og þeir hafa mörgum sinnum verið að hampa því, að það væru jafnvel í hópi þessara manna menn, sem fái stóreignaskatt, og kom það fram hjá hv. þm. S-Þ., að það væru jafnvel fimm bændur, sem ættu að greiða stóreignaskatt. Hann upplýsti nú ekki, hvað hann væri hár. En það skyldi nú ekki vera, að þessir fimm bændur taki sínar aðaltekjur annars staðar frá en frá búskapnum? Ég segi nú, að það er illt verk að vera að gefa svo villandi upplýsingar um efnahag og ástæður heillar stéttar. Og það verður ekki léttara síðar meir að láta þessa stétt njóta jafnréttis og fá sanngjarnar kröfur uppfylltar, eftir að búið er að villa svo fyrir þeim landsmönnum, sem ekki þekkja til, að þeir halda, að bændastéttin í heild sinni sé miklu betur sett en raun ber vitni um.

Nú skal ég ekki neita því, að ýmsir bændur hafa lagað fyrir sér efnalega undanfarið, en þeir hafa margir hverjir gert það með því að vinna tvöfaldan vinnudag. Tekjur þeirra skulu lögum samkv. ekki vera minni en tekjur verkamanna og sjómanna, og er þá miðað við þann vinnutíma, sem verkamenn og sjómenn vinna vanalega. En hversu langur er vinnutími bændanna, og hversu hátt er tímakaup þeirra? Tímakaup þeirra er miklu lægra en tímakaup sjómanna og verkamanna. En heildartekjur þeirra geta orðið jafnháar, með því að bóndinn og hjónin bæði leggi það hart að sér, að þau verði gömul og slitin fyrir aldur fram. Þetta er nú sannleikur málsins. Og nú virðist svo vera, að það eigi að bæta gráu ofan á svart með því að neita bændum um innflutning nauðsynlegra véla til þess að afla heyja á komandi sumri. Það er vitað mál, að nú er þannig ástatt á sveitaheimilunum, að það eru konan og bóndinn og unglingur eða unglingar, sem verða að vinna heimilisstörfin, afla heyjanna og koma öllu í verk. Þetta tekst aðeins með því að hafa vélar til hjálpar. En nú er komið fram í maímánuð

og ekkert leyfi fengið fyrir heyvinnuvélum fyrir næsta sumar, en hundruð bænda, sem hafa pantað nauðsynlegar vélar, t. d. múgavélar, vantar þetta, vegna þess að þeir hafa átt gamlar vélar, sem eru orðnar slitnar, og margir horfa með ugg fram á sumarið einmitt út af þessu. Þá hafa margir sótt um innflutningsleyfi fyrir mjaltavélum til þess að létta störfin. Ekkert leyfi er fengið fyrir mjaltavélum á þessu ári, ekkert leyfi fyrir áburðardreifurum, og margir bændur í vandræðum með að dreifa áburðinum að þessu sinni. En þetta út af fyrir sig er í samræmi við það skilningsleysi, sem hefur fram komið hjá talsmönnum þess að fella till. okkar um eftirgjöf lánanna og vísa henni frá með rökstuddri dagskrá.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta öllu meira og sízt vegna þess, að hv. frsm. er hér af einhverjum ástæðum ekki við. Ég tel, að þetta mál sé nú þegar orðið það mikið rætt, að það sé ástæðulaust að gera það öllu meira. Mér er kunnugt um, að bændur gera sér grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað, og að þeir eru óánægðir með afstöðu meiri hlutans í þessu máli og hafa orðið fyrir vonbrigðum hvað það snertir.

Forseti (EmJ): Ég vil út af aths. hv. 1. þm. Rang. um það, hvers vegna fsp. undir 1. dagskrárlið hafi ekki verið tekin fyrir, geta þess, að ég hef átt tal um það í morgun við hæstv. forsrh., hvort hann mundi geta komið og svarað fsp., en hann kvað sér það í dag alveg ómögulegt. Ég tók þá afsökun hans gilda, enda hefur þetta ekki dregizt svo lengi. Það hefur dregizt miklu lengur oft að svara fyrirspurnum heldur en nú hefur gerzt um þessa fsp., þó að hins vegar æskilegt væri, að þeim yrði svarað þegar. En ég verð að taka þær ástæður, sem hæstv. forsrh. bar fram, fullkomlega gildar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt það þyki nú óviðfelldið að tala, eftir að hv. 1. þm. Rang. er búinn að tala sig dauðan og vel það, þá held ég, að ég megi samt til með að segja nokkur orð til að reyna að benda á einstaka vitleysur, sem hann fór með.

Þegar þessi till. kom hér til tals í vetur, þá benti ég á það, að sveitirnar, sem hefðu fengið lánin, eða hrepsnefndirnar, sem skiptu þeim milli einstaklinganna, hefðu haft mjög misjafnan hátt um það, hvernig þær skiptu lánunum. Sumar höfðu skipt þeim á kú í sveitinni, aðrar höfðu skipt þeim eftir fóðurvöntun manna, þær þriðju höfðu skipt þeim eftir efnum og ástæðum, og enn aðrar höfðu svo farið ýmsa millivegu þarna á milli. Afleiðingin af þessu væri sú, að sumir af þeim mönnum, sem höfðu fengið hvað stærst lán, væru efnuðustu og bezt stæðu mennirnir í bændastéttinni og það væri þess vegna rangt að gefa öll lánin eftir gagnvart þeim, sem lánin hefðu fengið. Þetta benti ég þá á. Seinna sýndi ég þetta með dæmum í blaðagrein, tók þá bændur, sem ég hélt þá að væru svo efnum búnir, að þeir mundu lenda í stóreignaskatti, tók embættismenn, sem höfðu sæmilega há laun, sams konar laun og embættismenn, sem lifa eingöngu á sínum launum í kaupstöðum, og höfðu fengið lán, tók svo vel stæða bændur, sem höfðu fengið lán, og tók svo illa stæða bændur, sem höfðu fengið lán, og þegar ætti að gefa öllum þessum mönnum eftir, þá kæmi fram innbyrðis á milli þeirra hróplegt ranglæti.

Núna liggja fyrir í nýlega útkomnu blaði af Frey, það er nr. 7 og 8 1958, aprílblaðið, ýtarlegar skýrslur, sem safnað hefur verið af Stéttarsambandi bænda og unnið að lengi, búið að vinna að því í þrjú ár, þar sem hafa verið teknir 6041 bóndi á landinu, sleppt opinberu búunum og hálfopinberu búunum, t. d. Hvanneyrarbúinu, Hestsbúinu, Vífilsstaðabúinu, Laugardælabúinu o. s. frv., svo að ýmis af þessum stærstu búum, sem eru að sumu leyti eða öllu leyti opinber eign, eru ekki tekin þarna með, en niðurstaðan af hinu sýnir, að hagur bændanna um landið er ákaflega misjafn. Þar koma fram nettótekjur bændanna sem heild að meðaltali í hverri sýslu. Þar er meðalbóndi í Árnessýslu með nærri 50 þús. kr., — hún er hæst, — en Austurlandssýslurnar, sem eru lægstar, sú lægsta kemst niður í 24 þús. kr. og hinar niður í 27 þús. og 28 þús. kr. tekjur á meðalbónda. Hér er að ræða um meðalbónda í heilum sýslum. Það sýnir, að þeir, sem fengu fóðurbætislánin hérna á Suðurlandsundirlendinu, eru bezt stæðu meðalbændur á landinu og það langbezt stæðu meðalbændur í landinu.

Það liggja líka núna fyrir opinberar skýrslur frá hagstofunni um, hvernig það var með heyöflun og það skakkafall, sem menn urðu fyrir af völdum óþurrkanna, t. d. í sýslum sunnanlands. Það sýnir sig, að á Suðurlandinu minnkaði heyöflunin þetta ár ofur lítið, — ég vil segja ofur lítið, — því að það er ekki mikið, þegar talað er um heilar sýslur. Hún minnkaði niður í 84 og 83% af meðaltali tveggja undanfarinna ára. Og skepnunum fækkaði. Þeim fækkaði t. d. í Rangárvallasýslunni, þar fækkaði kúnum úr 4279 og niður í 4247. Það munaði 30 kúm, sem þeim fækkaði um í Rangárvallasýslunni. Geldneytum fækkaði nokkru meira. Þeim fækkaði úr 1388 niður í 1207. Það er dálítið meira. Og kálfunum tiltölulega mest. Þeir settu á lítið af kálfum. Þeim fækkaði úr 722 niður í 458. En árið á eftir voru kýrnar orðnar 4684, þá voru þær orðnar 400 fleiri en þær voru árið áður en óþurrkarnir komu, og þá voru geldneytin ekki búin að ná sér upp, því að kálfarnir voru svo fáir árið áður. Þau voru ekki orðin nema á ellefta hundrað. En kálfarnir voru aftur komnir í fulla tölu, því að þá var kominn fullur gangur í allt saman. Svona var það í Rangárvallasýslunni. Og sauðfénu fjölgaði um 30% veturinn eftir óþurrkana.

En ef við skreppum austur á landið, sem Ingólfur, 1. þm. Rang., er að bera saman við héruðin hér syðra, hvað sjáum við þá þar? Þá sjáum við, að þegar harðindin koma þar,

minnkar skepnufjöldinn niður í 65% af því, sem hann var, áður en þau komu, og heyin niður í 60% af því, sem áður var. Og það tekur sex ár, — sex ár, — frá því harðindin koma og þangað til talan er aftur komin upp í sama og hún var fyrir. Og þetta ber hann saman og segir, að þetta sé alveg sambærilegt. Að kynna sér málið, það hefur honum ekki dottið í hug, og að fara yfir opinberar skýrslur, sem fyrir liggja, það hefur hann ekki reynt. Þess vegna er þessi samanburður, sem hann er hér með, hvað þetta snertir algerlega út í hött.

Annars er nú sannleikurinn sá, að þegar ég fyrst talaði um þetta hér og till. var hér til fyrri umr., þá var ég að hugsa um, hvort ég ætti nú heldur að gera að tala um málið eins og ég þá gerði og benda á það ranglæti, sem kæmi fram gagnvart bændunum í þessari algeru eftirgjöf, eða ég ætti að benda á hitt, að till. ætti ekki erindi á Alþ. og að forseti ætti að vísa henni kalt og rólega frá, því að mér er spurn: Hvernig getur Alþ. ákveðið, að einhver júridiskt sjálfstæður aðili, eins og bjargráðasjóður er, gefi eftir svo og svo mikið af því fé, sem hann raunverulega á? Þetta er kannske hægt í einræðislöndum, þar sem stjórnin ræður yfir einstaklingunum og getur skipað fyrir, hvað þeir gera, en ég held það sé ekki til í lýðræðislöndum. Og þó að það sé út af fyrir sig rétt, að bjargráðasjóðurinn sé settur með lögum, sem Alþ. hafi sett, og starfi undir þeim, þá, á meðan hann starfar undir þeim sem algerlega sjálfstæður aðili, heyrir hann ekki á nokkurn hátt undir yfirráð Alþingis, nema ný lög komi til. Lög um bjargráðasjóð eru frá 1913, að hann var stofnaður. Þeim hefur verið breytt nokkrum sinnum. Þá voru lagðir í hann tvennir 25 aurar, aðrir frá bæjar- og sveitarfélögum og hinir frá ríkinu. Seinna var þetta tekið af í nokkur ár, og hafði bjargráðasjóður þá engar tekjur. Nú eru það orðnar 2 kr., sem hann hefur. Af þessu myndar hann sjóði, annars vegar sérsjóði, sem eru eign viðkomandi héraða og ekki má grípa til, nema þegar héruðin lenda í því vandræðaástandi, að þau þurfa að fá útborgað úr sjóðnum, ekki sem lán, heldur taka þau það bara úr sínum eigin sjóði til að verja hallæri á mönnum eða fénaði, hungurvofu, sem vofir yfir mönnum eða fénaði. Annars má ekki hreyfa sérsjóðinn. Hitt, sem kemur frá því opinbera, þær 2 kr., sem núna koma þaðan, renna í sameiginlegan sjóð, og úr honum er lánað. Úr þeim sameiginlega sjóði er lánað, og hann er núna, þegar frá eru tekin þessi lán, sem ríkissjóður og Alþingi gáfu honum, liðlega 3 millj. kr. Ekkert af þessum héruðum, hvorki á Austurlandi né á Suðurlandinu, taldi sig vera orðið svo illa stætt, að það þyrfti á að halda að fá útborgað úr sérsjóðunum, — ekkert gerði það. Þeir stóðu allir óhreyfðir. Enginn af þeim var kominn í þá nauð. En þeir vildu fá lán úr sameiginlega sjóðnum, og hann hrökk ekki til. Þá hljóp Alþingi undir bagga, eða réttara sagt ríkisstjórnin og seinna Alþingi, og lét fé úr ríkissjóði, til þess að hægt væri að veita lán. Þessi lán voru veitt þrisvar sinnum. Fyrst var veitt lán á Austurland vegna sams konar óþurrka og seinna komu hér á Suðurlandi og veitt nákvæmlega alveg á sömu forsendum á báðum stöðunum, eins og 1. þm. Rang. hefur tekið fram. En svo, þegar harðindin héldu áfram á Austurlandi, þegar þau voru ekki eitt ár eða tvö ár, heldur urðu þau þar í fimm ár, þá voru veitt ný lán og þau voru veitt á allt öðrum grundvelli og allt öðruvísi upp gerð. Hin voru veitt til sveitarfélaganna með tilliti til þess eingöngu, hvað mikið vantaði af fóðri, til þess að það væri venjulegur fóðurforði til handa búfénu, eins og síðan var gert hér syðra, og í báðum tilfellum af sömu mönnum á sömu forsendunum og veitt hreppsfélögunum, sem skiptu þeim á milli bænda. Hin voru veitt á þeim grundvelli, að það var skrifuð upp eign hvers manns, sem lán fékk, eins og væri um þrotabú að ræða, og teknar upp allar hans skuldir og athugað, hvað hann þyrfti að fá mikið lán, til þess að það væri hugsanlegt, að hann gæti staðið undir skuldunum og haldið áfram að halda sínu búi. Þessi lán voru gefin eftir. Þegar harðindin héldu áfram og menn voru ekki búnir að rétta við aftur, voru þessi lán gefin eftir. Það er þess vegna fjarri því að vera sambærilegt, þessi lán og hin lánin. Þau eru eins ósambærileg og mest getur verið. Af fóðurkaupalánunum fyrir austan var mér sagt í morgun að búið væri að borga fullan sjötta hluta, en af lánunum hérna á Suðurlandinu og Suðvesturlandinu hafa á milli 50 og 100 manns borgað að fullu upp, og það eru allt menn, sem ekki hafa tekið neitt tillit til skrifa mannanna, sem vilja láta gefa lánin eftir. Enginn af þeim, sem greitt hafa fóðurkaupalánin syðra upp, er í Árnes- eða Rangárvallasýslu. Þeir eru flestir þar, sem búin eru minni og tekjur bændanna miklu minni, eins og t. d. í Skarðsstrandarhreppi í Dalasýslu, þar sem annar hver maður er búinn að borga sín lán, og fleiri staði mætti telja, þar sem aðstæðurnar eru miklu lélegri, að öllum virðist, heldur en hjá bændunum á Suðurlandsundirlendinu.

Það er þess vegna hugsunarhátturinn, sem hérna hefur fyrst og fremst komið til. Það er gerð bændanna sjálfra og hugsunarhátturinn, sem hérna hefur fyrst og fremst komið til. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að sú meðferð, sem þessi lán virðast vera að fá hjá stjórn bjargráðasjóðsins, sem að vísu núna hefur legið nokkuð mikið niðri, af því að einn stjórnarnefndarmaðurinn, fiskimálastjórinn, hefur ekki verið í landinu síðan um áramót, sé í alla staði eðlileg og sjálfsögð. Ég var að spyrja í morgun um nokkra hreppa, sem ég vissi að voru á ferðinni tiltölulega snemma með sínar till. um afborganir. Ég spurði t. d. um einn, sem er hér á Suðvesturlandi, ekki á sjálfu Suðurlandinu. Þar hafði hreppsnefndin lagt til, að einum bónda yrði gefinn eftir nokkur hluti af sínu láni, og sendi um leið afborganir fyrir hina alla. Ég spurði um ann-

an hrepp, sem ég vissi að var búinn að halda fund um málið. Hann hafði sent afborgun og vexti af öllum lánum hreppsbúa og taldi sig ekki þurfa né vilja nein afföll. En frá Árnes- og Rangárvallasýslubændunum, bændunum, sem hafa hæstar og næsthæstar meðaltekjur á bónda í sýslu á öllu landinu, hefur ekkert heyrzt. Þeir hafa engir svarað og ekkert látið frá sér heyra. Það bendir þess vegna allt á það, að þessi till., sem hér er fram komin, sé gerð til að sýnast, þó að hver maður, sem vildi hugsa um málið, sæi, að það er ekki hægt að gefa fé í ár ákveðnum aðila — í fyrra bjargráðasjóði og taka það aftur nú og gefa það öðrum. Slík tillaga er samt sem áður komin fram, af því að ekki var hugsað um það eða menn mundu ekki að athuga það, að fénu var áður ráðstafað. Hún er að ófyrirsynju fram komin, hefði aldrei átt að sjást á Alþingi, því að hún er ekki þingleg og blettur á lýðræðinu í landinu. Við getum ekki gert neina þingssamþykkt um það, að Magnús Jónsson frá Mel eða einhver og einhver í landinu skuli gefa sínum skuldunautum eftir svo og svo mikið af skuldum. Við getum búið til lög um það, að þetta sé gert, eins og kreppulögin á sínum tíma. Við getum búið til slík lög og haft þau á einn eða annan hátt, en ekki tekið einstakan einstakling, þó að hann starfi eftir lögum, sem Alþingi hefur sett, ef hann ekki brýtur þau á neinn máta, — þá getum við ekki tekið hann og sagt: Heyrðu góði, þú átt nú að fara svona og svona með það fé, sem þú hefur til umráða.

Ég er hræddur um, að góðum og gegnum heildsölum mundi þykja það nokkuð hart, ef Alþingi kæmi allt í einu og segði: Ja, það skulda þér nú einhverjir kaupmenn. Gefðu þeim bara eftir. — Þeir kæmu líklega um leið og segðu: Ég læt ríkissjóð borga mismuninn, — eins og 1. þm. Rang. sagði nú að hefði staðið til, en hefði bara gleymzt eiginlega, því að hann sagði það fullum fetum, að það væri nú náttúrlega ekki neitt, þó að bjargráðasjóðurinn ætti þarna 2 millj. af þessu, því að ríkissjóður gæti bara tekið það upp á fjárlög og borgað honum aftur, — alla þá upphæðina líklegast líka. En þá hefði málið horft allt öðruvísi við, ef það hefði komið till. um það, að Alþingi legði 12½ millj. kr. til bjargráðasjóðs, til þess að hann gæti gefið eftir öll lánin. Þá horfði málið allt öðruvísi við.

Loks vil ég geta þess, af því að framsögumaður málsins er hér ekki við, en hann mun hafa um daginn nefnt bændur í stóreignaskatti, að þegar ég skrifaði greinina í vetur, þá reyndi ég, eins og ég sagði áðan, að taka úr bændur, sem ég héldi að mundu lenda í stóreignaskatti, og athugaði, hvað þrír af þeim bændum hefðu fengið há lán. Þeir voru með 40 og 20 og 25 þús. kr. lán, þessir þrír bændur, sem ég þá tók. Og ég var þá ekki viss um, það lá þá ekki fyrir, hverjir lentu í stóreignaskatti, og því var það, að strax og ég heyrði, að búið væri að leggja hann á, þá hringdi ég og spurði, hvaða bændur hefðu lent í þessum stóreignaskatti, og sem betur fer, voru þeir nú fleiri en fimm, þeir voru 18, sem voru lesnir upp fyrir mig í símann. En viðurkennt skal það, að sumir af þeim, líklega 4 eða 5, kannske 5, hafa aðrar tekjur með búunum, alveg eins og t. d. prestar og kennarar og ýmsir aðrir, sem fengu þessi fóðurefniskaupalán, en þessir, sem ég hafði nefnt, voru þar allir, svo að ég hafði gizkað alveg rétt á, hverjir mundu lenda í honum, þegar ég tók þá af handahófi. Og það er ekki það, sem mér skildist að þingmaður Suður-Þingeyinga meinti, að þeir hefðu fengið stóreignaskatt; það hefur enginn neitt á móti því. Ég vildi, að það væru miklu fleiri, sem hefðu fengið hann. En það var hitt, að menn, sem hefðu fengið stóreignaskatt, væru þannig stæðir, að það væri nauðsynlegt að gefa þeim eftir lán. Það var það, sem hann vildi undirstrika með því, og það geri ég líka. Ég tel ekki minnstu þörf á því að gefa mönnum, sem lenda í háum stóreignaskatti, eins og einn af þessum mönnum gerir og meira og minna hinir líka, eftir sín fóðurkaupalán. Ég tel miklu meiri þörf á því að efla þennan sameiginlega sjóð, bjargráðasjóð, svo að Alþingi þurfi ekki að lána og lána og lána, hvenær sem eitthvað ber út af. Hann er búinn að starfa í 45 ár, bjargráðasjóðurinn, og hann á orðið til 3 millj. kr. liðugar í sameignarsjóðnum, — það er allt og sumt, — og er þess vegna getulaus til allra hluta, sem gera skal. Og síðan 1913 hefur framlagið í hann verið hækkað úr 25 aurum og upp í 2 krónur. Það er velvildin, sem Alþingi hefur sýnt honum, og svo tekið af honum allar tekjurnar, sem í hann áttu að renna, í nokkur ár. Ég tel miklu meiri þörf á því, því að ég er nú þannig gerður, að þó að ég hugsi um líðandi stund, þá vil ég líka sjá framtíðina og hugsa um hana.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Mér fannst það nú hálfóviðfelldið af hv. 1. þm. N-M., að hann kemur hér upp í ræðustólinn og heldur hér mikla ræðu í þeim sama anda sem hann hefur alltaf talað, þegar hann hefur minnzt á þetta mál og skrifað um það, — hann kemur hingað og heldur þessa miklu ræðu, þegar hann veit, að hv. 1. þm. Rang. hefur eytt sínum ræðutíma öllum og getur þess vegna engu svarað, því að eins og kunnugt er, þá er þetta framhald, síðari umr. málsins, og þegar umr. lýkur nú um þetta mál, verður ekki eftir nema atkvgr.

Þetta verð ég að víta hjá hv. þm. Mér finnst það vera vítavert að gera þetta, vegna þess að hann talaði þannig og í þeim tón, að full þörf var fyrir hv. 1. þm. Rang. að taka ræðu hans í gegn og svara henni rækilega. Ég sé ekki mikla ástæðu til þess að fara langt út í það, sem hann talaði hér um. Það er alveg sama, sami andi og sömu orð og sama meining, sem hann hefur alltaf haft um þetta, bæði þegar hann fór að skrifa um þetta í blöðin, strax þegar þessi till. kom fram, og eins hér í umr. á Alþingi. Hann hefur ekki viljað gefa eftir lánin og fært fram ýmsar fáránlegar ástæður fyrir því áliti sínu, sem

of langt er að fara út í. Hann er að tala um t. d., svo að ég minnist aðeins á það, hvað búfénaði hafi fækkað mikið, eða réttara sagt, hvað honum hefur fækkað lítið á Suðurlandi eftir óþurrkasumarið 1955 eða það haust. En hv. þm. ætti að vera það kunnugt, að bændur gerðu allt, sem þeir gátu, gerðu allt, sem í þeirra valdi stóð, til að fækka fénaðinum sem allra minnst. Þeir kostuðu til aukafóðurbætiskaupa, sem þeir gáfu með þessum ónýtu heyjum, sem þeir öfluðu. Þeir eyddu milljónum króna í það að kaupa fóðurbæti fram yfir það, sem venja var, til þess að geta haldið lífi í skepnunum, þrátt fyrir það þótt þeir vissu fyrir fram, að þær gæfu ekki arð. Það var eingöngu til þess að halda lífinu í þeim, og þess vegna er það, að skepnunum fækkar ekki meira en þetta, niður í 84%, eins og hv. þm. tók fram. En svo er það öll ræða hans, sem snýst um það að skýra fyrir hv. þingmönnum, hvað bændur á Suðurlandi séu vel stæðir og þeir þurfi sízt að fá eftir gefin þessi óþurrkalán, sem hér um ræðir.

Þetta er nú ekki í fyrsta sinn, sem hann talar um það, og meira að segja fyrst, þegar hann talaði hér í þessu máli, við fyrri umr., drap hann strax á það, að þessi lán ætti ekki að gefa eftir að neinu leyti, vegna þess að meðal þessara manna, sem lánin hefðu fengið, væru auðugir menn, t. d. sumir ættu þrjú og kannske fleiri hús í Rvík o. s. frv. En þetta hefur allt saman verið hrakið fyrir hv. þm. í seinni umr. um þetta mál. Það hefur verið sýnt fram á, að þeir mörgu, sem þurfa á eftirgjöf lánanna að halda vegna fjárhagsörðugleika, eiga ekki að gjalda þess, þó að nokkrir, aðeins fáir menn, hafi fengið lánin, sem geti borgað þau.

En úr því að ég stóð nú upp og aðallega af því tilefni, að hv. 1. þm. N-M. fór að halda hér ræðu, sem hann hefði átt að vera búinn að halda áður, til þess að hv. 1. þm. Rang. hefði átt kost á að svara honum, þá vil ég fara nokkrum fleiri orðum um þetta mál. Það er nú ef til vill óþarfi fyrir mig að fara langt út í það, vegna þess að hv. frsm. minni hl. fjvn. og hv. 1. þm. Rang. hafa gert þessu máli það góð skil, að ég þyrfti ekki miklu við það að bæta. En ég sem sagt ætla nú að segja samt nokkur orð um þetta, og það er þá fyrst, sem maður þarf að spyrja sjálfan sig að: Var nokkur þörf á því í byrjun að veita bændum þessa aðstoð, sem hér um ræðir, haustið 1955? Til þess að geta svarað þeirri spurningu, verður maður að líta á sögu málsins og hvernig það gekk til þetta sumar og þetta haust. Þegar kom fram á sumarið eða fram undir haustið og sýnt var, hvernig færi með heyskap eftir þennan mikla rosa, sem gekk, þá fóru bændur heima í héruðunum að halda fundi og ráða ráðum sínum um það, hvernig þeir ættu að bjarga sér út úr þeim ógöngum, sem blöstu við. Ég hygg, að það hafi verið í flestum eða öllum hreppum hér á Suðurlandi, að slíkir fundir væru haldnir og ályktanir gerðar um þessi mál, og alls staðar kom það fram á þessum fundum, að óhjákvæmilegt væri, að ríkisvaldið hlypi eitthvað undir bagga til þess að forða þeim vandræðum, sem við blöstu.

Um haustið tók Stéttarsamband bænda þetta mál að sér og gerði um það ályktanir, sem það fylgdi svo eftir ásamt stjórn Búnaðarfélags Íslands við ríkisstj., og till. Stéttarsambandsins og stjórnar Búnaðarfélags Íslands fóru fram á það í höfuðdráttum, að aðstoðin, sem veitt yrði, yrði veitt sem styrkur, en ekki sem lán. Það er rétt að leggja áherzlu á það, að þetta var byrjun málsins, að aðstoðin yrði veitt sem styrkur, en ekki sem lán. Það voru gerðar ákveðnar till. í þessu máli til ríkisstj., og m. a. var bent á það, að æskileg leið væri, að aðstoðin yrði fólgin í því, að bændum yrði hjálpað með fóðurbætiskaup, að nokkru leyti með styrk og öðru leyti með lánum. En eins og kunnugt er, fór það svo, að það var farið út á lánagrundvöllinn, en ekki farið eftir því, sem sambandið og stjórn Búnaðarfélags Íslands höfðu stungið upp á.

En þá er næsta spurningin þetta: Kom þessi hjálp bændanna að fullum notum og fullu gagni? Það er einnig spurning, sem vert er að velta fyrir sér, og þetta er það, sem hér er um deilt.

Um þáltill. þá, sem við hv. 1. þm. Rang. flytjum, hefur fjvn. ekki orðið sammála um afgreiðslu á, en í till. leggjum við til, eins og kunnugt er, að lánin séu öll eftir gefin. Meiri hl. n., þ. e. a. s. allt stjórnarliðið, hefur lagt til, að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en minni hl., sjálfstæðismenn í nefndinni, leggur til, að till. sé samþykkt, og hefur gefið út ýtarlegt nál. með þessu áliti sínu. Álit stjórnarliðsins er því það, eftir því sem fram kemur í þeirra nál., að bændum á óþurrkasvæðunum sé næg hjálp veitt með lánveitingunni og bændunum sé vorkunnarlaust að greiða lánin. En sjálfstæðismenn líta svo á, að því aðeins komi þessi lánsaðstoð að fullum notum, að lánin séu ekki innheimt, heldur gefin eftir að fullu.

Það eru sem sagt þessi tvö álit, sem hér liggja fyrir, og í þessu sambandi þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum frekar að nál. meiri hl. Það er sagt, að þáltill. okkar um lánaeftirgjöfina sé vanhugsuð, og frsm. meiri hl. fjvn., hv. þm. S-Þ., lagði áherzlu á þetta í ræðu sinni og byggði það álit sitt á því, að fé það, sem hér ræðir um, sé orðið eign bjargráðasjóðs og ríkissjóði og Alþingi því óviðkomandi.

Þetta atriði í nál. og hjá hv. frsm. hefur verið rækilega hrakið af hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Rang., en hv. 1. þm. N-M. kom enn inn á þetta atriði hér áðan í ræðu sinni. Ég ætla ekki að fara frekar út í það. En mætti þá ekki aftur benda á það, að þessi þáltill. var líka flutt 1956? Hún var líka flutt 1956. Þá var ekki búið að afhenda bjargráðasjóði skuldabréfin. Og þá var þessi ástæða ekki fyrir hendi, ástæða, sem nú er eingöngu lögð til grundvallar því, að till. sé vanhugsuð, og m. a. lögð til grundvallar því, að till. eigi að

vísa frá. Þá var þessi ástæða ekki fyrir hendi. En hvernig var málið þá afgreitt? Þá er það afgreitt einfaldlega á þann hátt, að með heimildarákvæði í fjárlögum er ríkisstj. heimilað að afhenda bjargráðasjóði skuldabréfin til eignar og innheimtu. Og þar með er till. okkar úr sögunni, m. ö. o.: hún er drepin á þennan hátt.

Þetta sýnir ekkert annað en það, að frá upphafi hafa framsóknarmenn ekki viljað gefa eftir lánin og ekki ætlað sér að gera það. En það væri bara skemmtilegra fyrir þá að viðurkenna þetta hreinlega heldur en vera að koma með ýmsar aðrar tylliástæður fyrir því, eins og nú er gert í nál. hv. meiri hl. fjvn., tylliástæður fyrir því, að sjálfsagt sé að fella till. eða vísa henni frá.

Þetta stendur þá svona. En hafa bændur þá nokkra þörf fyrir að fá lánin eftir gefin? Þá virðist það vera næst að leggja þá spurningu fyrir sig.

Við heyrðum nú álit hv. 1. þm. N-M., enda var það kunnugt áður. Hann álítur, að bændur þurfi ekki á eftirgjöf að halda eða þá a. m. k. ekki nema að svo litlu leyti, að það sé ekki umtalsvert. Og meiri hl. hv. fjvn. lítur einnig svo á, að bændur þurfi ekki að fá lánin eftir gefin vegna fjárhagsástæðna. Í nál. meiri hl. segir t. d.: „Að áliti meiri hl. fjvn. hefur þannig á eðlilegan hátt verið vel fyrir því séð, að umrædd lán verði engum fjötur um fót.“ Og enn segir: „Benda má á, að sú var skoðun yfirgnæfandi meiri hluta fulltrúa bændastéttarinnar á nýlega afstöðnu búnaðarþingi.“

Já, það er nú svo. Ekki skal efazt um réttdæmi og víðsýni búnaðarþingsfulltrúanna, en sú niðurstaða meiri hluta þeirrar virðulegu samkomu í þessu máli sýnir, að þeim góðu mönnum geta verið mislagðar hendur um afgreiðslu mála, svo að ekki sé meira sagt. En þetta er þá álitið, sem þarna liggur fyrir: Enginn eða sem enginn af öllum bændum á þessu svæði, sem óþurrkalánin fengu, er þannig fjárhagslega settur nú, að hann hafi nokkra þörf fyrir að fá þessi lán eftir gefin. Þetta er álit meiri hlutans. En hvað segja nú bændur sjálfir um þetta? Nokkrir bændur hafa skrifað í blöð, þar sem þeir hafa tekið málið til meðferðar, og það, sem þeir hafa haft til málanna að leggja, virðist ekki vera alveg nákvæmlega það sama og það, sem hv. 1. þm. N-M. hefur skrifað um málið. Nei, þeir hafa sýnt fram á það, að full þörf sé á því að gefa þessi lán eftir. Einn segir til dæmis: „Mig uggir, að þeir verði helzt til margir, sem erfitt eigi með að valda byrðunum, sem sumarið batt þeim í kjarnfóður- og heykaupum.“ Þetta segir einn bóndi á Vesturlandi, en á óþurrkasvæðinu samt.

Þá er einnig bent á það, að margir bændur eigi ómögulegt með að borga þessi lán nema með nýjum lántökum. Ef farið er hérna fram á lestrarsal, þá er hægt að lesa það í bréfi, sem þar liggur og er undirskrifað af fjölda bænda úr Rangárvallasýslu.

Fyrir utan það, sem hefur verið skrifað í blöð af bændanna hálfu, hafa fjöldamörg bréf borizt frá hreppsfélögum, sveitarfélögum og einstökum bændum til bjargráðasjóðs um það, að lánin verði gefin eftir. Ég veit ekki, hvað þessi bréf eru mörg, sem sjóðnum hafa borizt, en ég tók svo eftir, að hv. þm. S-Þ., frsm. meiri hl. fjvn., hafi sagt hér í ræðu síðast, þegar þetta mál var hér til umræðu, að 18 sveitarfélög hefðu skrifað bjargráðasjóði og óskað eftir fullri uppgjöf, 18 sveitarfélög hefðu skrifað bjargráðasjóði og óskað eftir að fá gefin lánin eftir að hálfu. Ég skrifaði þetta upp eftir hv. frsm., og ég hygg, að ég hafi tekið rétt eftir því.

Þá liggja hér á lestrarsal frammi undirskriftir nálega hundrað bænda, sem rökstyðja þá ósk sína að fá lánin eftir gefin.

Þetta eru raddir bændanna sjálfra. Og það er ekki hægt að segja annað en þessar raddir stangist nokkuð á við þá fullyrðingu meiri hluta fjvn., að vel sé nú séð fyrir því, að lánin verði engum bónda fjötur um fót. Það virðist stangast nokkuð á við þessa fullyrðingu.

Við flm. þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, höfum viljað taka tillit til óska þessara bænda, sem hér eiga hlut að máli, og látum okkur engu skipta, þó að því sé kastað fram, að þetta sé sýndartillaga, það hafi aldrei verið neitt meint með henni, hún hefði aldrei átt að sjá dagsins ljós, eins og fram kom hjá hv. 1. þm. N-M. áðan. Og sömuleiðis látum við okkur það engu skipta, þó að hv. þm. S-Þ. hafi sagt í framsöguræðu sinni fyrir nál. meiri hl. fjvn., að með þessu væri verið að burðast við að mata þá stétt, sem ekki vildi taka við, eins og hv. þm. komst svo smekklega að orði.

Hv. frsm. meiri hl. lagði áherzlu á það í ræðu sinni, að nú væri séð fyrir endann á erfiðleikum þeim, sem af óþurrkunum leiddi, undanfarin tvö ár hefðu verið góðæri og bændum því vorkunnarlaust að greiða lánin. En þessa fullyrðingu sína gerir hv. frsm. að engu með því, sem hann skýrði frá og ég minntist hér á áðan, skýrir frá öllum beiðnum bændanna sjálfra um eftirgjöf á lánunum. Það sýnir bara, að erfiðleikarnir eru ekki úr sögunni. Erfiðleikarnir hjá þessum bændum, þ. e. a. s. greiðsluerfiðleikarnir, byrja vitanlega fyrst, þegar þeir eiga að fara að borga lánin. Það var þægilegt að taka við lánunum, og þau björguðu, um leið og þeir notuðu peningana til þess að halda við sínum bústofni með auknum fóðurbætiskaupum og öðru slíku. En þegar þeir eiga að fara að borga þetta aftur, þá byrja erfiðleikarnir. Það verður að athuga það, að þó að bændur séu ríkir á Suðurlandsundirlendinu, eins og hv. 1. þm. N-M. heldur mikið fram, þá hafa þeir ekki ráð á miklu lausu fé til ráðstöfunar. Ég hélt, að hv. þm. ætti nú að vera það kunnugt. Þetta fé, sem þeir fengu lánað haustið 1955, hafa þeir ekki handbært núna til þess að greiða lánin. Vitanlega er þetta fé fast í rekstri hjá viðkomandi bændum. Það er komið í aukinn bústofn, og það hefur farið í hallarekstur,

sem varð á búunum og orsakaðist af óþurrkunum miklu sumarið 1955 og ekki einungis það sumar í tapaðri vinnu, þegar fólk gekk dögum og vikum saman atvinnulaust um hásláttinn vegna tíðarfarsins, heldur í minnkuðum afurðum allt árið 1956 og bústofnsskerðingu, því þó að bústofninn færi ekki niður meira en í 84%, eins og hv. 1. þm. N-M. sagði hér áðan, þá hefur kostað nokkra peninga að kaupa þessi 16% aftur. Nei, erfiðleikarnir eru núna hjá mönnum með að greiða lánin, og það er ekki nokkur vafi á því, að það er rétt, sem fram hefur komið, að fjöldi bænda verður nú, ef hann á að greiða þessi lán, að taka ný lán til þess að gera það. Ég segi: fjöldinn. Það eru vitanlega undantekningar með þetta eins og margt annað.

En viðvíkjandi bjargráðasjóði vil ég taka fram, að það er auðvitað sjálfsagt að styðja að aukningu hans sem mest. Að því er sjálfsagt að vinna. Ég vil geta þess t. d. í því sambandi, að á nýafstöðnum fulltrúafundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga var einmitt til umræðu að styrkja bjargráðasjóð og breyta lögum hans, auka tekjur hans á einhvern hátt og gera hann öflugan, svo að sjóðurinn gæti orðið eitthvað meira en hjálp í viðlögum, ef sérstök hallæri ber að höndum og annað slíkt. Hann gæti orðið svo öflugur, að hann gæti orðið til dæmis lánastofnun sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru oft í vandræðum með rekstrarfé hluta úr ári, þegar ekki innheimtast gjöld nema á vissum tíma árs. Ef bjargráðasjóður gæti verið öflugur, að hann gæti orðið þarna nokkurs konar lánastofnun fyrir sveitarfélögin með bráðabirgðalánum á þeim tíma árs, sem sveitarfélög eiga erfiðast með greiðslur vegna rekstrarfjárskorts, þá væri bjargráðasjóður starfandi og lifandi stofnun. En þessi aðferð með að auka bjargráðasjóð, sem hér hefur verið höfð, er ekki til þess að lyfta þessari stofnun upp. Honum verður ekki bjargað með því að gera hann að óvinsælum rukkara, gera honum að kvöð til þess að eignast þetta fé að rukka það inn frá bændum, hjá þeim aðilum, sem fengu þessi lán og stóðu þá í þeirri meiningu, að þau yrðu ekki innheimt, heldur væri hér um styrk að ræða, en ekki lán. Þessi innheimta hlýtur alltaf að verða erfið og óvinsæl, og slíka skyldu, að innheimta þessi lán, á ekki að leggja á stofnun eins og bjargráðasjóð. Slík gjöf til sjóðsins getur orðið hefndargjöf, í staðinn fyrir að hún styrki sjóðinn. Það á að auka bjargráðasjóð með beinum tillögum frá ríkissjóði og sveitarfélögum, eins og nú er gert, en auka þessi tillög til þess, að bjargráðasjóður geti orðið lifandi og starfandi stofnun.

Þegar farið er að tala um þessi mál, þá er það margt, sem þörf væri að ræða, en ég hef aðeins stiklað hér á stóru. En ég held, að engum sanngjörnum manni blandist hugur um það, að eftir þær umræður, sem hér hafa farið fram, verði niðurstöðurnar þær, í fyrsta lagi, að knýjandi þörf hafi verið á að hlaupa undir bagga með bændum á óþurrkasvæðunum haustið 1955 til að koma í veg fyrir þær geigvænlegu afleiðingar, sem við blöstu vegna hins sérstæða og óvenjulega ástands, sem skapaðist vegna óþurrkanna miklu um sumarið. Og í öðru lagi kemur í ljós, að Stéttarsamband bænda og stjórn Búnaðarfélags Íslands lögðu til, að aðstoðin til bænda á sínum tíma væri veitt sem styrkur að langmestu eða öllu leyti. Mikill meiri hluti þeirra bænda, sem lánin fengu, hefur nú óskað eftir að fá þau eftir gefin og fært rök að því, að þeim er það fjárhagsleg nauðsyn, enda fordæmi fyrir eftirgjöf hliðstæðra lána. Í þriðja lagi virðist vera niðurstaðan, að sú röksemd meiri hl. fjvn., að með því að neita að gefa lánin eftir sé á eðlilegan hátt og vel fyrir því séð, að umrædd lán verði engum lántakanda fjötur um fót, er rökleysa, sem ekki fær staðizt þrátt fyrir ákvæðin um eftirgjöf til þeirra, sem verst eru staðir. Í fjórða lagi: Allt hnígur að því, að sú eina rétta og eðlilega afgreiðsla þessa máls sé sú að samþykkja þáltill. okkar hv. 1. þm. Rang. á þskj. 21, eins og minni hl. fjvn. leggur til.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að teygja þessar umræður miklu lengur en orðið er. En hv. 2. þm. Árn. byrjaði á því að víta hv. 1. þm. N-M. fyrir það, að hann hefði talað til hv. 1. þm. Rang., eftir að hann var búinn að tala sig dauðan, en svo gerði hv. 2. þm. Árn. það, að hann deildi hér á hv. þm. S-Þ., þó að hann væri hér fjarverandi. Mér fannst því ekki ástæða til fyrir þennan hv. þm. að byrja sína ræðu með vítum. Hann taldi, að hv. þm. S-Þ. hefði notað ósmekkleg orð í ræðum sínum um daginn, en ég vil mótmæla því. Ég tel, að sá þm. kunni vel að haga orðum sínum, svo að það þurfi ekki að kenna honum smekkvísi.

Þá vil ég líka taka það fram, að hann segir, hv. 2. þm. Árn., að í áliti meiri hl. fjvn. komi fram sú skoðun, að engir bændur hafi þörf fyrir eftirgjöf lána. Ég vil líka mótmæla þessu og með leyfi forseta vitna til þess, sem fram kemur í áliti meiri hlutans. Þar eru tekin upp skilyrði þau, sem rn. setti, þegar það afhenti bjargráðasjóði skuldabréfin, þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Skuldabréf þessi eru af ráðuneytisins hálfu afhent með þeim skilyrðum, að stjórn bjargráðasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo og með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstíma eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf, að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar."

Og meiri hl. fjvn. vitnar til þess, þegar hann segir: „Að áliti meiri hluta fjvn. hefur þannig á eðlilegan hátt verið vel fyrir því séð, að umrædd lán verði engum lántakanda fjötur um fót." Það er sem sagt stefna meiri hl., að þetta eigi að metast eftir efnum og ástæðum, en ekki að afhenda þetta, eins og tillögumenn leggja til, alveg að óathuguðu máli, enda er það líka skoðun meiri hl. fjvn., að ef þannig

hefði átt að fara að með þetta mál, þá hefði aldrei átt að veita þessa fjárhæð sem lán, heldur sem beinan styrk. Og það hefði verið gott, að þeir menn, sem þá réðu miklu um, eins og hv. 1. þm. Rang., hefðu þá beitt sér fyrir því á því stigi málsins. Það hefði verið eðlilegra og hægt að standa að þessum málum á annan veg þá en gert var, ef það hefði verið hugsað sem beinn styrkur.

Þá vil ég, úr því að ég er á annað borð kominn hér upp, víkja að því, sem fram hefur komið hér í ræðum hjá hv. 1. þm. Rang. Hann hefur blandað þessu máli saman við aðgerðir þær, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum með greiðslum á útflutningsuppbótum til sjávarútvegsins. Nú ætla ég ekki að fara að halda hér neina sérstaka ræðu um sjávarútveginn, enda er það ekki á mínu færi. En í þessu sambandi vil ég benda á, að það hefur oft heyrzt talað um það af svipuðum skilningi og þessum, að það væri verið að styrkja landbúnaðinn, þegar er verið að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði. Þessar ráðstafanir eru aðeins gerðar sem einn þáttur í efnahagsmálum okkar til þess að halda niðri vöruverði, svo sem hv. þingmönnum er kunnugt um. Það er hins vegar skoðun margra, að hér sé um beinan styrk að ræða til landbúnaðarins, en tilgangurinn sé ekki sá, sem ég var að lýsa. Sú skoðun fær byr undir báða vængi, þegar því er haldið fram hér á Alþingi, að það sé styrkur til sjávarútvegsins, þó að útflutningsuppbætur séu greiddar vegna ráðstafana í efnahagsmálum. Hér finnst mér vera um hliðstæðu að ræða og eigi ekki að blanda þessu máli inn í það, sem hér er til umræðu, því að það er allt annað mál og til óþurftar við bændur að blanda þeim saman.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Rang., að það er hægt að koma í veg fyrir það, að menn verði vanskilamenn, með því að gefa eftir lán. En ég veit ekki, hvernig sú pólitík mundi henta á landi voru, ef hún væri almennt upp tekin, að bjarga vanskilum með slíku. En aðalatriði málsins er þetta, að með þeirri leið, sem meiri hl. fjvn. leggur til eða staðfestir að verði farin og búið er að ákveða að gert verði, er hægt að veita þeim bændum aðstoð, sem þurfa þess með, en hinum ekki. Og það er engum greiði gerður með því að fara að túlka málið eins og gert hefur verið hér af hv. flutningsmönnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var enn fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 402 samþ. með 19:11 atkv.

3. Uppeldisskóli fyrir stúlkur.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur [64. mál] (A. 105).

Á 16. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 26., 27., 28. og 30. fundi í Sþ., 12., 18., 19. og 26. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Sú þáltill., sem nú er fyrst að koma til umræðu, var lögð fram í nóvember s. l. Hún var þá miðuð við að verða tekin til umræðu og afgr. fljótlega, enda var þá allt í óvissu, hvenær fjárlögin yrðu afgreidd. Hins vegar var orðinn óhæfilegur dráttur á stofnun þessa uppeldisskóla og líklegt, að eitthvað yrði úr framkvæmdum, ef áskorun Alþingis lægi fyrir um það í þáltill. Þó hefði þar ekki verið um annað að ræða en ítrekun á þeim vilja þingsins, sem virtist koma fram í fjárlögum fyrra árs, er till. um heimild til að kaupa land í þessu skyni var samþykkt.

Þótt þm. stjórnarflokkanna felldu þá till. um fjárveitingu til skólans, létu hæstv. menntmrh. og fleiri orð að því liggja, að þeir vildu sýna sinn góða hug til þessa máls með því að samþykkja þessa landkaupaheimild, enda væri þá málinu fullvel borgið. En þessi heimild var aldrei notuð, eins og kunnugt er, og það sem verra var, hún var ekki tekin upp aftur í síðustu fjárlögum.

Ég bar fram till. við afgreiðslu fjárlaganna um, að veittar yrðu 700 þús. kr. til stofnunar uppeldisskóla, en sú tillaga var felld. Vara-till. um 500 þús. kr. fjárveitingu var líka felld, og á sömu leið fór um till. um landkaupaheimild, sem svo nauðsynleg hafi þótt fyrir ári.

Það er því jafnvel enn meiri ástæða til þess nú að taka þetta mál upp og samþykkja, ef svo á ekki að virðast sem hv. þm. stjórnarflokkanna séu nú á öðru máli en áður hefur verið. En séu þeir hins vegar sama sinnis og þeir vildu vera láta í fyrra, er fullkomin ástæða til að staðfesta það og skora á ríkisstj. að hraða framkvæmdum.

Í samræmi við breytingu á lögum nr. 29 frá 1947, um vernd barna og ungmenna, fól fyrrv. menntmrh. stjórnarnefnd vistheimilisins í Breiðavík að athuga um undirbúning að stofnun vistheimilis fyrir stúlkur og gera tillögur um hentugt húsnæði og annað, er að málinu lýtur.

Nefndin skilaði ýtarlegri skýrslu með tillögum um staðarval síðari hluta ársins 1955, og Gísli Jónsson, sem var formaður þeirrar nefndar, lagði einnig till. fyrir fjvn., sem voru byggðar á rannsóknum þessarar nefndar.

Þótt þessar till. hafi nú legið lengi fyrir og ekki hafi komið fram gegn þeim rökstudd eða þungvæg gagnrýni, svo að mér sé kunnugt, virðist hafa þótt ástæða til að bæta þarna um með skipun nýrrar nefndar.

Um það leyti sem þáltill. þessi var lögð fram, stóð til að skipa nýja nefnd í málið, og það hefur síðan verið gert.

Mér dettur ekki í hug að halda, að þessi nefnd, sem skipuð er vel hæfu fólki, vinni ekki störf sín af dugnaði og kostgæfni eða komist ekki að skynsamlegri niðurstöðu, heldur var ástæða til — vegna þess, hve nefndin var seint skipuð — að óttast, að störf hennar yrðu notuð sem afsökun fyrir því, að málið yrði ekki tekið upp á fjárlögum.

Sú varð líka raunin á, og sjá allir, að sú afsökun var haldlítil. Að vísu sagði hæstv. menntmrh. við fjárlagaafgreiðsluna, að landkaupaheimild yrði útveguð þegar í stað, ef í ljós kæmi, að hennar yrði þörf. En við afgreiðslu næstseinustu fjárlaga virtist hæstv. ráðh. þó svo vongóður, að honum fannst vissara að hafa landkaupaheimild í fjárlögunum strax frá upphafi, hana mætti þá nota á árinu og hefja svo framkvæmd, þegar fé yrði veitt á næstu fjárlögum á eftir. En nú þótti ráðherra ekki einu sinni fært að hafa landkaupaheimild á síðustu fjárlögum, svo að heldur virðast minnka vonir um framkvæmdir í þessu máli.

Það er sjálfsagt að rannsaka þetta mál vel, en um fyrirkomulag slíks skóla, byggingu hans, stærð og kostnað má lengi deila og það meðal fólks, sem gerþekkir þessi mál. En um hitt verður varla deilt, að mestu skiptir, að í honum sé starfað af góðvild, skynsemi og skilningi og föst starfsemi hans komist sem fyrst á fót. En meðan beðið er eftir þessum skóla, rata æ fleiri unglingar í þá ógæfu, sem ella hefði verið hægt að afstýra. Þessir unglingar hefðu getað notið þeirrar leiðsagnar, að líf þeirra hefði orðið þeim sjálfum og öðrum til gæfu og gagns.

Það mætti ætla, að Alþingi samþykkti þessa till. og skoraði þá enn á ný á hæstv. ríkisstj. að hraða framkvæmdum í þessu máli, svo sem unnt er.

Gunnlaugur Þórðarson: Herra forseti. Mál það, er hér liggur fyrir, er vissulega þess virði, að því sé mikill gaumur gefinn. Það er hluti þeirra mála, er snerta meðferð afbrotamanna og ógæfumanna, hluti fangelsismála, og mun ég — með leyfi hæstv. forseta — víkja nánar að því máli hér, fangelsismálum almennt.

Tilraunin með Breiðavíkurheimilið er vissulega athyglisverð. En hins vegar er ómögulegt að fullyrða um árangurinn af þeirri starfsemi enn þá, þar sem eigi er hægt að slá neinu föstu í því efni, fyrr en umræddir unglingar hafa náð 25—30 ára aldri.

Árið 1943 var skipuð nefnd til athugunar á fangelsismálum. Sú nefnd skilaði áliti 1947. Á árinu 1956 átti ég ásamt tveimur öðrum sæti í nefnd til þess að rannsaka ástandið í fangahúsamálum hér á landi, sérstaklega vinnuhælið á Litla-Hrauni, og gera tillögur til úrbóta.

Nefnd þessi var skipuð 4. sept. 1956, en skilaði áliti tveim mánuðum síðar.

Skal hér vikið nokkrum orðum að þessari skýrslu. Þar segir svo um Litla-Hraun, og er þá vísað til skýrslu fyrri fangahúsanefndar:

„Stofnun vinnuhælis og starfræksla þess er háð örðugleikum. Húsið hafði verið reist með önnur afnot fyrir augum. Skipulag fangelsisins og gerð hefði öll getað orðið hagkvæmari, ef húsið hefði verið byggt frá grunni í því skyni. Starfslið stofnunarinnar mun yfirleitt vera of fámennt."

Ástand fangahússins að Litla-Hrauni var orðið mjög slæmt, þegar nefndin kynnti sér það. Það hafði verið í niðurníðslu, og að vísu lágu fyrir tillögur til úrbóta, en dregizt hafði að koma þeim í verk, svo sem kunnugt er. Reyndar hefur viðgerð farið fram á húsinu, en nú er starfræksla fangelsisins verri en áður var, því að nú hafa fangarnir ekki verkefni. Fæstir þeirra eru látnir vinna. Þeir eru yfirleitt lokaðir inni, og það segir sig sjálft, að slíkt ástand er ekki viðeigandi á stað, sem á að teljast vinnuhæli, enda mun hvers konar óhollusta liggja þar í lofti, t. d. mun það því miður ekki vera fátítt, að ungir fangar hafi kvartað undan miður geðfelldri áleitni eldri fanga við sig. Er það vissulega alvörumál út af fyrir sig.

Um hegningarhúsið á Skólavörðustíg, sem var byggt á árunum 1871—74, segir, að reglugerðir varðandi rekstur þess séu frá sama tíma og hafi ekki verið endurnýjaðar. Um fangahúsið sjálft er ýtarlega sagt í skýrslunni. Skal aðeins drepið á fátt eitt hér:

„Í hegningarhúsinu eru hafðir í einni bendu gæzlufangar, afplánunarfangar og menn, sem vera ættu í öryggishælum, „psykopatar", ásamt unglingum, og verður það að teljast stórvítavert."

Síðar segir: „Þó er iðjuleysið versti ljóðurinn á fangelsisvistinni."

Ég skal ekki fara nánar út í þessa skýrslu hér um fangahúsin, en víkja nokkrum orðum að framkvæmd refsinga. Þar segir:

„Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að framkvæmd refsinga almennt var mjög ábótavant, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið. Nefndin varð þess strax vís, að það var almenn skoðun fanga, að vænlegasta aðferðin til þess að fá refsivist stytta með náðun væri að haga sér sem verst í fangelsinu. Auðvitað var nefndinni ljóst, að ekki var hægt að byggja á framburði fanganna um þetta atriði. Hins vegar er augljóst, hvaða áhrif það hafði á aga og reglu í fangelsum, ef rétt væri, að ekki væri tekið tillit til hegðunar fanga, meðan á afplánun stendur, þá er náðun væri veitt, hvað þá ef reynslan hefði verið sú, að fangar, sem sýndu illa hegðun og framferði í fangelsi, fengju frekar náðun en þeir fangar, er hegðuðu sér vel."

Nefndin taldi því, að hér væri um veigamikið atriði að ræða varðandi rekstur fanga-

húsa og að nauðsynlegt væri að athuga þetta nánar.

Forstjóri vinnuhælisins á Litla-Hrauni hefur lýst því yfir við nefndina, að tæpast hafi það komið fyrir, að álits hans hafi verið leitað um hegðun fanga, áður en náðun hafi verið veitt, og ekki kannast fangaverðir þeir, sem þar hafa starfað, við, að þeir hafi verið spurðir um hegðun fanga undir slíkum kringumstæðum. Sömu sögu höfðu fangaverðir við hegningarhúsið í Reykjavík að segja.

Síðan segir:

„Við athugun á því, hvernig refsidómar hafi verið út teknir, kemur í ljós, að mjög sjaldan eru hinir dæmdu settir strax í fangelsi, eftir að dómur er upp kveðinn. Líða jafnvel ár, án þess að dómum sé fullnægt, og sumir eru margdæmdir til fangelsisvistar, án þess að dómum sé fullnægt. Þá er það alveg ótrúlega algengt, að dómsmálaráðuneytið fyrirskipi, að refsingu skuli frestað, er afplánun er hafin. Ætla mætti, að þetta gæti stafað af skorti á fangelsisrúmi, en við athugun kemur í ljós, að vinnuhælið á Litla-Hrauni hefur aldrei verið fullsetið á þeim tíma, sem nefndin hefur sérstaklega athugað" — þ. e. frá 1. júní 1954 til 1. sept. 1956.

Síðar í skýrslunni segir enn:

„Spyrja mætti, hvers vegna sumir afbrotamanna geti framið brot á brot ofan án þess að þurfa að afplána dóma nema endrum og sinnum og jafnvel fáa daga á ári hverju, þótt fyrir liggi dómar um margra ára fangelsi, og enn fremur, hvers vegna ekki er gert neitt til þess að láta suma hinna dæmdu afplána refsingu."

Hér skal ekki gerð nein tilraun til þess að skýra nánar þetta fyrirbrigði réttarfars á Íslandi á sjötta tug 20. aldar. Hitt skal skýrt fram tekið, að við svo búið má ekki standa, ef dómar íslenzkra dómstóla í sakamálum eiga að vera annað meira en juridiskar æfingar fyrir dómarana. Ekki á að veita mönnum órökstuddan frest á refsivist, sízt án vitundar dómarans, sem falið hefur verið það hlutverk að fullnægja dóminum. T. d. er mjög ógeðfellt fyrir dómara, sem hefur sett dæmdan mann í fangelsi um hádegi, að sjá hann að kvöldi setjast við hlið sér í bíó og brosa að dómaranum. En þetta hefur komið fyrir.

Haustið 1956 átti ég þess kost að heimsækja fangelsi í Noregi og Danmörku, og það var mjög athyglisvert að sjá, hvað Danir eru komnir langt í þessum málum. Þar og í Noregi eru þessi mál falin sérstakri nefnd, sem leggur á ráðin, bæði um reynslulausnir fanga og náðanir. Náðanir munu yfirleitt vera mjög fátíðar, en reynslulausnir notaðar talsvert. Þar gafst mér t. d. tækifæri til að sitja fund með stjórn eins fangelsis, þar sem rætt var um hegðun nokkurra fanga og um, hvort gera skyldi till. um reynslulausnir þeirra o. fl.

Visulega ætti okkur Íslendingum ekki að verða skotaskuld úr því að haga málum okkar þannig, að ungir afbrotamenn gætu orðið nýtir samborgarar, en að því vinna frændþjóðir okkar.

Þó að hér hafi verið drepið á fátt eitt, er ljóst, að mikilla og skjótra endurbóta er þörf í fangelsismálunum, bæði um húsakost og gæzlu. En fleira kemur þó til. Þegar dýpra er skyggnzt í þessi mál, má sjá, að sönnu nær er að segja, að tími sé til þess kominn að hefjast handa um framkvæmd landslaga um refsivist og fangameðferð. Þess mun ekki þörf að rekja hér fyrirmæli hinna almennu hegningarlaga um þetta efni, en eftir rúmlega hálfan annan áratug frá setningu hegningarlaganna vantar enn reglugerð um úttekt refsivistar, reglugerð vantar um vinnuskyldu fanga, enginn aðskilnaður eldri og yngri fanga þekkist né viðleitni til þess að efla andlegan og líkamlegan þroska hinna síðar nefndu með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu svo og með því að kenna þeim atvinnugreinar, skv. 43. gr. hegningarlaganna. Enginn aðskilnaður þekkist milli varðhaldsfanga og annarra fanga, skv. 44. gr. Reglugerð vantar um viðurlög um brot fanga á reglum hegningarhúss, ekkert hæli er til fyrir öryggisgæzlufanga eða „psykopata", sbr. 62. gr., né viðeigandi aðstaða til geymslu þeirra í fangelsum. Drykkjumannahæli, sem svari til 65. gr., er ekki til í landinu. Engin aðstaða er í fangelsum til lágmarksaðskilnaðar karla og kvenna. Dómarar geta ekki í sambandi við sakamálarannsóknir treyst einangrun gæzlufangelsa í aðalfangelsum.

Ég vil geta þess þó, að nýlega hafa verið settar reglur um hegðun fanga á Litla-Hrauni, sem hv. þm. geta aflað sér í dómsmrn., en þær reglur virðast mér bera þann keim, að þær væru fremur settar fyrir aldamót en eftir. Það er fróðlegt að gera samanburð á þeim reglum, sem eru í 12 greinum, og þeim reglum, sem danskir fangar fá afhentar í bók, sem er eins konar trúnaðarmál, um leið og þeir koma í fangelsi. Þar er gerð grein fyrir þeim skyldum og þeim réttindum, sem þeir hafa í fangelsunum. Í dönskum fangelsum er úttektartímanum skipt í þrjú stig, þ. e. móttökustigið, afplánunarstigið og lokastigið. Á lokastiginu hafa menn það frjálsast, og þá er undirbúið, að menn geti horfið aftur út í þjóðfélagið, og reynt að skapa þá aðstöðu, að þeir hafi þar að einhverju að hverfa. Enn fremur er fangavörðum fengin í hendur reglugerð um meðferð fanganna, en slík reglugerð er mér ekki kunnugt um að sé til hjá okkur.

Í áðurnefndri skýrslu nefndarinnar segir enn fremur:

„Til þess að fullnægja ákvæðum og tilgangi landslaga eru nauðsynlegar eftirtaldar fangelsisdeildir: 1) Geymsla handtekinna manna, 2) gæzluvarðhald, 3) varðhald og 4) fangelsi. Undir þann lið koma vinnuhæli, kvennafangelsi, „psykopata"-deild og unglingafangelsi."

Ég vil víkja hér nánar að þessu tvennu síðasttalda. Stórvandræði hafa á undanförnum árum verið með geðveila sakamenn, „psykopata", enda er ekkert hæli til við þeirra hæfi. Þessir menn eiga hvorki heima í einangrunarfangelsi, vinnuhæli né geðveikrahæli. Fyrir þá þarf sérstaka stofnun, og færi vel á því, að hún yrði eins konar deild frá Kleppi, þar sem

þeir yrðu eðli málsins samkvæmt ef til vill að dveljast ævilangt.

Eitt aðalskilyrði þess, að jákvæðs árangurs megi vænta af fangelsisvist, er það, að fangarnir séu nægilega aðgreindir. Er ekki nóg að skipta þeim í vinnuhæli og einangrunarfangelsi, heldur verður einnig að aðgreina þá eftir aldri samkvæmt tilætlun hegningarlaganna. Þarf því að vera til unglingafangelsi alveg aðgreint frá hinum fangelsisstofnununum, helzt sem eins konar uppeldisheimili, svo sem tíðkast á Norðurlöndum, eins og lagt er til að stofna með tillögu þessari. Má ætla, að þetta sé eitt höfuðatriði allra þessara mála. Slík stofnun mundi án efa fá tækifæri til þess að forða mörgum unglingum frá óreglu og glæpaferli og gera að nýtum þegnum. Unglingar frá 15—22 ára aldurs eiga ekki samleið með yngri drengjum og yfirleitt ekki heldur með vinnuhælisföngum, sem margir hverjir eru margdæmdir og siðspilltir og líklegir til þess að hafa ill áhrif á unga menn.

Enn skal vitnað til margnefndrar skýrslu, en þar segir:

„Reynsla síðasta áratugs virðist hafa staðfest rækilega álit hinnar fyrri fangelsismálanefndar, sem segir svo: Yfirstjórn fangelsismála er í höndum dómsmálaráðuneytisins, og telur nefndin, að svo eigi að sjálfsögðu að vera framvegis.“ Síðar: „Störfum embættismanna ráðuneytisins er svo háttað, að þeim er varla ætlandi að hafa persónulegt og raunhæft eftirlit með starfrækslu fangelsa víðs vegar um land, og verða þeir því yfirleitt í þessu efni að sjá allt með annarra augum. Eigi er að efa, að embættismenn þeir, er umsjón fangelsa hafa á hendi undir yfirstjórn ráðuneytisins, ræki þessi störf sín sem önnur af kostgæfni og samvizkusemi. En þeir eru hlaðnir öðrum störfum og eigi sérfróðir um þessi mál. Hér er hins vegar um að ræða starfrækslu, sem kostar ríkið og bæjarfélög mikið fé, og hinar vandasömustu framkvæmdir ríkisvaldsins, er krefjast hinnar fullkomnustu sérþekkingar. Nefndin vill því mæla með því, að hæfum og sérfróðum manni verði falið að hafa undir yfirstjórn dómsmrn. umsjón með öllum fangelsum og hegningarhúsum landsins, starfrækslu þeirra, meðferð fanga og framkvæmd refsinga að öðru leyti. Þessum embættismanni ætti og að fela að gera tillögur um reynslulausn og náðun sakamanna, enn fremur að hafa eftirlit og jafnvel forustu starfsemi til aðstoðar sakamönnum. Nefndin telur nauðsynlegt, að skipuð verði föst fangelsismálanefnd undir yfirstjórn dómsmrn. Hafi hún m. a. umsjón með byggingu fangelsa, rekstri þeirra, fangameðferð og framkvæmd refsinga að öðru leyti, tillögurétt um allar reynslulausnir og náðanir sakamanna og eftirlit með fangahjálp, sem kostuð er af ríkisfé.“

Því miður er ástandið í fangelsismálum okkar í dag enn þannig, að litlar bætur hafa orðið, frá því að þessu nál. var skilað til dómsmrn. Að vísu er, eins og fyrr segir, búið að laga fangahúsið að Litla-Hrauni, en allt stendur að öðru leyti við hið sama.

Ég harma, að hæstv. dómsmrh. skuli eigi vera hér staddur. En ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., um leið og ég mæli með þeirri till., sem hér liggur fyrir, að ríkisstj. taki þessi mál föstum tökum, því að það ástand, sem hér ríkir í þessum málum, er landi og þjóð til minnkunar, og það er þjóðfélagsleg skylda okkar að sjá til þess, að ungir menn, sem lent hafa út á ógæfubraut, komist aftur á rétta slóð í þjóðfélaginu. Málum þessum virðist því miður þannig hagað nú, t. d. um framkvæmd refsinga, að það sé aðalatriðið, að þeir taki út refsingu, en ekki tekið tillit til þess, hvort þeir komi betri eða verri menn út úr fangelsinu að afplánun lokinni.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 105, n. 529).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Till. sú, sem fyrir liggur á þskj. 105, um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur, var flutt snemma á þessu þingi, og er orðalag till. sýnilega við það miðað, að hún yrði afgr., áður en fjárlagaafgreiðsla færi fram, því að með till. er skorað á ríkisstj. að hefjast þegar handa um starfrækslu uppeldisskóla fyrir stúlkur.

Nú var fjárveiting til slíks skóla ekki tekin í fjárl. fyrir þetta ár og af þeim sökum á þessu stigi málsins raunverulega ekki um það að ræða, að auðið sé að afgr. till., án þess að fyrir liggi þá um leið fjárveiting.

Þetta mál hefur verið alllengi á döfinni, og hafa verið gerðar um það hér á Alþ. ákveðnar samþykktir, m. a. árið 1955, breyt. á l. nr. 29 frá 1947, um vernd barna og ungmenna, og er sú breyting þess eðlis, að þar er beinlínis ákveðið, að hefja skuli þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur, og er ríkisstj. heimilt að leita eftir hentugu húsnæði fyrir slíkt vistheimili. N. var skipuð til þess að gera till. um staðarval fyrir slíkt heimili. Síðari hluta ársins 1955 skilaði sú n. ákveðnum till. um það efni, en úr framkvæmdum varð þó ekki. Næsta stig málsins var það, að samþykkt var við afgreiðslu fjárl. fyrir 1957 að heimila ríkisstj. að festa kaup á landi undir slíkt vistheimili, en sú heimild mun heldur eigi hafa verið notuð.

Þegar fjvn. tók að kanna þessa till. og ræddi hana á fundum sínum, kom í ljós í viðræðum við menntmrn., að á s. l. hausti hefði enn verið skipuð n. til þess að gera till. um rekstur slíks skóla og staðarval fyrir hann og hefði sú n. ekki enn þá lokið störfum. Það virtist því í rauninni ekki geta orðið um að ræða aðra afgreiðslu málsins en þá, með hliðsjón af þessum aðstæðum, að till. yrði afgr. á þann hátt,

sem fjvn. leggur til, með rökst. dagskrá, sem byggð væri á því, að nú ynni n. að undirbúningi málsins, og í trausti þess, að starfi þeirrar n. yrði hraðað, svo sem verða mætti, svo að hægt væri að taka endanlegar ákvarðanir um rekstur slíks heimilis, þá yrði ekki gerð frekari ályktun um málið að þessu sinni.

Fjvn. er sammála flm. þessarar till. um mikilvægi þess að koma slíku heimili upp. Það er birt sem fskj. með till. vottorð frá lögreglunni í Reykjavík, eða kvenlögreglunni hér, þar sem lögð er mikil áherzla á það með hliðsjón af, hvernig ástatt er í þessum málum, að slíkt heimili geti tekið sem fyrst til starfa, og ég hygg, að naumast geti verið ágreiningur um það, þó að af ýmsum ástæðum hafi þetta dregizt í framkvæmdinni meir en góðu hófi gegnir.

Fjvn. væntir því þess, að hv. þm. geti fallizt á með hliðsjón af þessum atvikum málsins að afgr. málið á þann hátt, sem hin rökstudda dagskrá á þskj. 529 getur um.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 529 samþ. með 28 shlj. atkv.

4. Þangvinnsla.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um þang- og þaravinnslu á Íslandi [76. mál] (A. 127).

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 19. og 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er ekki nýtt, að rætt sé um það hér á Alþ. að reyna að koma upp þang- eða þaravinnslu á Íslandi. Máli þessu hefur verið hreyft hér áður, og hvorki meira né minna en þrjár mismunandi ríkisstofnanir munu hafa lagt allmikla vinnu í að rannsaka málið.

Till. sú, sem hér liggur nú fyrir, er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar ljúka þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á möguleikum þang- og þaravinnslu hér á landi. Skal sérstaklega kannað, hvort unnt er að vinna þang- og þaramjöl í þeim síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, sem til eru í landinu, hvort hagnýta má jarðhita við slíka framleiðslu svo og hvort grundvöllur er fyrir frekari efnaframleiðslu, byggðri á sjávargróðri, t. d. framleiðslu alginsýru."

Það eru tvær höfuðástæður fyrir því, að við flm. höfum hreyft þessu máli nú. Fyrri ástæðan er sú, að við höfum haft af því fregnir, að iðnaður, sem byggist á þangi og þara sem hráefni, fari ört vaxandi úti í heimi; þeim efnum, sem unnin eru úr þessu hráefni, fari fjölgandi og finnist stöðugt upp fleiri og fleiri aðferðir til að hagnýta þau. Þá höfum við haft af því fregnir, að Norðmenn auki nú mjög þessa framleiðslu sína og hafi t. d. útflutningur þeirra á mjöli aukizt úr 3500 lestum í 7000 lestir eða tvöfaldazt á árunum 1954—56 og heildarframleiðsla þeirra af því einu sé nú um 9000 lestir. Þá auka þeir einnig mjög hvers konar efnaframleiðslu úr þangi og þara, og munu meðal þeirra afurða, sem þeir nú selja víða um heim úr þessu hráefni, vera ýmiss konar lyf, kemisk efni, og þang og þari í ýmsum myndum, jafnvel til manneldis. Þessar fregnir um vöxt og viðgang slíks iðnaðar erlendis finnst okkur tilefni til þess, að ýtt sé við þessu máli hér heima.

Þá höfum við einnig haft þær fregnir af rannsóknum, sem fram hafa farið hjá þrem íslenzkum aðilum, þ. e. Iðnaðarmálastofnun Íslands, rannsóknaráði ríkisins og raforkumálaskrifstofunni, að þessar rannsóknir séu nú komnar á það stig, að þær kalli á ákvörðun stjórnarvaldanna um það, hvort þeim eigi að fylgja eftir eða ekki. Skilst mér, að það muni fljótlega þurfa að breyta rannsóknunum að einhverju leyti yfir í tilraunaframleiðslu í smáum stíl, sem gæti gefið um það frekari svör, hvort grundvöllur er fyrir verulegum iðnaði, sem á þessu byggist hér á landi.

Þá höfum við einnig haft fregnir af því, að raforkumálaskrifstofan hafi nýlega fengið í sína þjónustu ungan efnaverkfræðing, sem hafi sérstaklega kynnt sér þessi mál í Skotlandi, að ég hygg, og að það mundi vera óheppilegt, ef þessi ungi maður yrði nú, rétt eftir að hann er kominn hingað heim, að sinna allt öðrum verkefnum, af því að það liggur ekki fyrir ákvörðun um, hvort á að halda þessum þang- og þararannsóknum áfram í fullkominni alvöru.

Þessar eru ástæður fyrir því, að við höfum hreyft málinu nú og teljum, að það sé tímabært fyrir Alþ. að láta í ljós, hvort það telur, að það eigi að fylgja þessu eftir eða ekki, og mundi þá jafnframt vera ástæða til þess, ef Alþ. væri þeirrar skoðunar, að ríkisstj. skipulegði þessar rannsóknir betur, þannig að ekki væru þrjár mismunandi ríkisstofnanir að vinna við þetta, að verulegu leyti hver á sínum stað.

Það hafa verið ákveðnar um þessa till. tvær umr., og ég dreg af því þá ályktun, að rétt muni að leggja til, að hún fari til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 127, n. 472).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Fjvn. hefur yfirfarið þá till., sem flutt hefur verið um þetta mál, og leggur til, að

henni verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem upplýst er, að atvinnudeild Háskóla Íslands og atvinnumálanefnd ríkisins vinna að athugun á þang- og þaravinnslu og að atvinnumálanefndin muni beita sér fyrir fullnaðarathugun málsins, og í trausti þess, að slíkri fullnaðarathugun verði hraðað svo sem kostur er á, tekur Alþ. fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil aðeins taka það fram f. h. nefndarinnar, að við hv. flutningsmenn till. var haft samráð um þessa afgreiðslu, eftir að umsagnir höfðu um hana borizt frá fyrrgreindum aðilum.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 472 samþ. með 29 shlj. atkv.

5. Sjálfvirk símastöð í Vestmannaeyjum.

Á deildafundum 11. des. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um sjálfvirka símstöð í Vestmannaeyjum** [85. mál] (A. 143).

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 19. og 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Till., sem við þm. Vestm. leyfum okkur að flytja hér um sjálfvirka símstöð í Vestmannaeyjum, er þess efnis, að Alþ. skori á ríkisstj. að láta landssímann koma upp sjálfvirkri símstöð í Vestmannaeyjum hið fyrsta, er verða má.

Það er alþm. kunnugra en svo, að það þurfi að rekja það mál sérstaklega, að á hverju Alþ. eru, um leið og fjárl. eru afgr., áætlaðar verulegar fjárfúlgur til handa landssímanum til eignaaukningar hjá sér, til byggingar símahúsa, pósthúsa, sömuleiðis til þess að ná fram nokkrum framförum, fylgjast með tækninni og stuðla að því, að landssíminn geti orðið fullkomnari stofnun frá ári til árs. Nú á síðustu árum hefur sú fjárfúlga, sem Alþ. hefur þannig heimilað landssímanum að verja til sinnar fjárfestingar, numið rúmlega 10 millj. kr. Þetta fé er sumpart tekið af ágóða af rekstri landssímans, en sumpart er það tekið af ríkisfé, og þá að sjálfsögðu kemur það í hlut Alþ. að ákveða, hvernig tekna skuli aflað til þess, svo að það er ekki nema eðlilegur hlutur, að Alþ. hafi einnig rétt á að segja sitt orð um það, hvernig því finnst réttlátast að verja fé í þessum efnum. Það má máske segja, að það geri Alþ. líka um leið og það afgr. fjárl., en þó er nú raunin sú, að þar er olnbogarúm Alþ. nokkuð takmarkað. Þegar búið er að leggja fram fjárlagafrv. með áætlunum um að gera þetta og hitt á þessum og hinum staðnum, þá kannast þingmenn við, að það er nokkrum erfiðleikum bundið að strika út þær áætlanir, sem þar eru fram komnar, og setja allt aðrar í staðinn. En að sjálfsögðu eru ekki tök á því að hækka þessar upphæðir takmarkalaust.

Till., sem við flytjum hér, er flutt að áeggjan bæjarstjórnar Vestmannaeyja, sem — eins og bæjarbúar þar almennt — er orðin mjög langþreytt eftir því, að komið verði þar á sjálfvirkri símstöð. Fyrir um það bil 10 árum hóf póst- og símamálastjórnin þar byggingu á nýju húsi til afnota fyrir póst og síma, og var það hús byggt, og eru nálægt 8 ár síðan það var fullgert. Verulegur hluti af þessu stóra, dýra, mikla og vandaða húsi var upphaflega ætlaður fyrir sjálfvirka símstöð, og stendur sá hluti hússins auður æ síðan. Vestmannaeyjar eru hins vegar sá kaupstaður landsins, sem stærstur er af þeim, sem ekki hafa enn fengið sjálfvirka símstöð. Nú stendur hins vegar svo á, að landssíminn hefur pantað og ég vænti þess, að hann hafi þegar lagt út fé til kaupa á sjálfvirku símakerfi í ýmsa kaupstaði, sem smærri eru en Vestmannaeyjar, og stendur nú aðallega á að koma þeim sjálfvirku stöðvum fyrir, — stendur það aðallega á því, að þar vantar húsrými fyrir þær. Ég fyrir mitt leyti get ekki talið mig ánægðan með það, að landssíminn verji þannig fé skipulagslítið eða a. m. k. með skipulagi, sem ekki er hafið yfir gagnrýni, án þess að það komi þegnunum að þeim notum, sem annars gæti verið. Ég tel þess vegna, að allt of lengi hafi dregizt að koma sjálfvirkri símstöð fyrir í Vestmannaeyjum.

Þess skal getið, að símasambandi við Vestmannaeyjar er svo háttað, að lengstan hluta leiðarinnar til Vestmannaeyja fara þessi símtöl þráðlaust á milli sendistöðva, sem staðsettar eru önnur í Eyjum, en hin á Selfossi. Nú hefur hins vegar verið ákveðið, að Íslendingar endurnýi sitt sæsímasamband við umheiminn, og verður væntanlega lagður nýr sæsímastrengur til útlanda á komandi sumri. Þá verður jafnframt hætt við það að láta sæsíma Íslands til annarra landa liggja út frá Austfjörðum, og sæsími sá verður færður til Vestmannaeyja og kemur til með að liggja á milli Vestmannaeyja og Færeyja. Við þessa framkvæmd liggur í augum uppi, að enn ríkari nauðsyn ber til þess að fullkomna símakerfið í Vestmannaeyjum, og þó að segja megi, að bæjarkerfið þar muni nú ekki verka beint í þessu sambandi, þá verða miklar framkvæmdir hjá landssímanum af þessum sökum í Vestmannaeyjum, og væri einmitt mjög ákjósanlegt, að um leið og þær fara fram eða samhliða því, sem þær fara fram, yrði undinn bráður bugur að því að koma þar upp sjálfvirkri símstöð.

Þótt segja megi, að það sé svolítið vafasamt, hvort það heyrir undir það dagskrárefni, sem nú er hér á dagskránni, þá vil ég samt leyfa mér að vekja athygli á því, að lögn þessa vænt-

anlega sæsíma á milli Vestmannaeyja og Færeyja heimtar að sjálfsögðu, að það verður þar um slóðir á ferðinni sérstakt skip til kapallagninganna, og með því að hér var á dagskrá rétt áðan önnur till., sem fjallaði um væntanlega lögn á rafstreng, særafstreng milli Vestmannaeyja og lands, þá fyndist mér ekki ótilhlýðilegt að vekja athygli á því, að máske væri hægt að komast ódýrar út úr kostnaðinum við þessar lagnir, ef hægt væri að koma því saman að nota eitt og sama kapalskipið til þessara tveggja kapallagna, þó að það sé mál, sem að sjálfsögðu þarfnast verulegrar athugunar og ég geti auðvitað ekkert fullyrt um hvort henta mundi.

En nú, að þessum ástæðum röktum, þykir mér hlýða að óska eftir því, að Alþ. skoði þetta mál og sjái að athugun lokinni ástæðu til þess að brýna það fyrir ríkisstj. og jafnframt fyrir póst- og símamálastjórn, að hér er um að ræða mál, sem þegar hefur beðið of lengi.

Ég vil leyfa mér að leggja til við forseta, að að þessari umr. lokinni verði máli þessu vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 143, n. 480).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þáltill. um sjálfvirka símstöð í Vestmannaeyjum, sem snemma á þessu þingi var flutt af hv. þm. Vestm. (JJós) og mér, fjallar um það að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að landssíminn komi upp sjálfvirkri símstöð í Vestmannaeyjum hið fyrsta, er verða má. Fjvn. hefur haft þessa till. til athugunar að undanförnu og hefur beðið landssímann um upplýsingar um málið, og fyrir nokkru hafa nefndinni borizt upplýsingar og áætlanir landssímans um bæði þessa framkvæmd og nokkrar aðrar hliðstæðar framkvæmdir. Í þeirri áætlun gerir landssíminn ráð fyrir, að sjálfvirk símstöð geti tekið til starfa í Vestmannaeyjum árið 1962, og með tilliti til þess, sem í þeirri framkvæmdaráætlun segir, finnst n. eðlilegt að fallast á þá áætlun og telur, að ef sú áætlun stenzt í framkvæmd, sé í rauninni efni till. þar með fullnægt. Fyrir því leggur n. til, að málið verði hér á Alþingi nú afgr. með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Með því að landssíminn hefur gert áætlun um að koma upp í Vestmannaeyjum sjálfvirkri símstöð, sem tekin verði í notkun á árinu 1962, og í trausti þess, að sú áætlun standist, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.“

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 480 samþ. með 29 shlj. atkv.

---

6. Sjálfvirk símastöð fyrir Ísafjörð.

Á 20. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt:

Till. til þál. um sjálfvirka símstöð fyrir Ísafjörð og kauptúnin við Ísafjarðardjúp [91. mál] (A. 166).

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 19. og 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þessa þáltill. ásamt hv. þm. N-Ísf. Þetta mál er hv. þm. kunnugt að nokkru. Við flm. höfum áður lýst því hér á Alþingi, hvernig þessar byggðir hafa tengzt nánari böndum til eflingar atvinnulífinu á undanförnum árum. Eitt af því, sem vaxandi atvinnulífi er nauðsynlegast, er greið sambönd. Í fyrsta lagi góð hafnarskilyrði. Þau eru enn ekki fullnægjandi á neinum þessara staða nema Ísafirði, en Bolvíkingar og Hnífsdælingar hafa að vísu hafið undirbúning til þess að bæta úr hafnarskilyrðum hjá sér. Í öðru lagi er gott vegasamband nauðsynlegt. Það má heita allgott nú á milli þessara staða mestan hluta ársins, en þó er enn ekki fengin lausn á hættu af skriðuföllum og grjóthruni á Bolungavíkurvegi, þótt hugmyndir hafi verið uppi um lausn þess máls. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að hafa gott og öruggt símasamband allan sólarhringinn, bæði af viðskipta- og öryggisástæðum.

Við hv. þm. N-Ísf. fluttum þáltill. um úrbætur fyrir tveimur árum. Landssíminn brást mjög vel við því, og hefur tíminn, sem stöðvarnar eru opnar, verið lengdur verulega. En það má ekki láta staðar numið, fyrr en því takmarki er náð, að síminn sé opinn allan sólarhringinn milli þessara staða. Það er fyrst og fremst með það í huga, að lagt er til, að horfið sé að sjálfvirkum síma.

Um símasambandið frá Vestfjörðum við aðra landshluta er svipaða sögu að segja. Það hefur nokkuð verið bætt undanfarið, en notkunin vex svo ört, að fljótt sækir í sama horf og áður, og er því nauðsynlegt að hraða þeirri áætlun, sem mun hafa verið gerð um úrbætur á því sviði. Koma þar einkum til greina örstuttbylgjusendar með stefnuloftnetum, sem farið er að nota og hafa gefizt vel hér á landi. Fást með því tiltölulega margar rásir langan veg með viðráðanlegum stofnkostnaði.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að okkur Ísfirðingum er meiri nauðsyn á bættu símasambandi en flestum öðrum, einmitt vegna þess, hvað við erum illa út undan um aðrar samgöngur. Samgöngur á sjó eru verri en fyrir aldarfjórðungi. Við höfum ekki akvegasamband, ekki einu sinni að sumrinu, nema með bílferju, sem annar ekki flutningum, þegar mest er eftirspurnin.

Um flugsamgöngur er það að segja, að flug-

völlur er enn svo lítill, að ekki geta lent á honum nema sjúkra- og einkaflugvélar, en til að anna sjóflugi, sem nú er notazt við, skortir verulega á flugvélakost, og talið, að ekki muni unnt úr því að bæta.

Till. þessi er í samræmi við tillögur og áskoranir fjórðungsþings Vestfirðinga s. l. haust.

Ég vil svo mælast til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 166, n. 475).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er sama að segja um þessa till. og um þá till., sem verið var að afgr., að fjvn. hefur spurzt fyrir um það hjá póst- og símamálastjórninni, hvað fyrirhugað sé um framkvæmdir í þessu efni, og hefur n. borizt grg., þar sem frá því er skýrt, að kostnaðaráætlun hafi verið gerð um framkvæmdir þær, sem þáltill. fjallar um, þ. e. a. s. sjálfvirka símstöð fyrir Ísafjörð og nærliggjandi kauptún, og er samkvæmt framkvæmdaáætlun þessari gert ráð fyrir, að sjálfvirk símstöð verði sett upp á Ísafirði árið 1963 og síðar verði kauptúnin þar á eftir við hana tengd.

Fjvn. er sammála um nauðsyn þess, að símstöð þessari verði komið upp svo fljótt sem verða má, því að það liggur fyrir eftir áætlun póst- og símamálastjóra, að þessi símstöð muni spara landssímanum allverulega í rekstrarkostnaði. Hins vegar telur n. ekki fært, að Alþingi fari beinlínis að hagga þeirri áætlun um röð framkvæmda, sem hér er gert ráð fyrir, svo sem átti sér einnig stað varðandi sjálfvirku símstöðina í Vestmannaeyjum, og því leggur n. til, að till. þessi verði afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem þegar hefur verið gerð kostnaðaráætlun um sjálfvirka símstöð fyrir Ísafjörð og kauptúnin við Ísafjarðardjúp, sem tiltækilegt þykir að tengja við þá stöð, og í trausti þess, að umræddri stöð verði komið upp eigi síðar en gert er ráð fyrir í áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá."

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 475 samþ. með 27 shlj. atkv.

---

7. Afnám áfengisveitinga á kostnað ríkisins.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkis og ríkisstofnana [33. mál] (A. 44).

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. Borgf. (PO), hv. þm. Barð. (SE) og ég flytjum á þskj. 44 till. þess efnis, að áfengi verði framvegis ekki veitt á kostnað ríkis eða ríkisstofnana. Sams konar till. hafa áður komið fram á Alþingi, og er nánar sagt frá því í grg. á þskj. 44.

Eins og flm. fyrri tillagna leggjum við þremenningar höfuðáherzluna á gildi fordæmisins í þessu máli. Ef æðstu embættismenn þjóðarinnar hætta að veita áfengi í samkvæmum, er nærri víst, að aðrir taka sér þá til fyrirmyndar í því efni. Með þeim hætti getur ákvörðun um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkisins orðið til þess að fága og bæta skemmtanalíf landsmanna, og mun flestum finnast þess full þörf.

Þess er vert að minnast í sambandi við efni þessarar till., að áfengisneyzla leiðir til drykkjuskapar og hann er eitt af erfiðustu vandamálum þjóðfélagsins. Í okkar litla þjóðfélagi eru að staðaldri tvær til þrjár þúsundir manna, sem neyta áfengis sér til óbóta, heilsufarslega og efnalega. Þeir þjást andlega og líkamlega, og það eru fleiri, sem líða fyrir drykkjuskap þeirra, en þeir sjálfir. Börnin þeirra, eiginkonur og foreldrar þjást líka. Þau fara á mis við lífshamingju og bíða jafnvel tjón á heilsu sinni vegna alræðis Bakkusar á þessum heimilum.

Hlutskipti drykkjumannsins sjálfs er aumt, en sárara er þó hlutskipti skjólstæðinga hans. Þessa er rétt að minnast, þegar till. um afnám áfengisveitinga í samkvæmum ríkisins er athuguð og rædd, og þá einnig þess, að þetta ógæfusama fólk skiptir þúsundum í landi okkar.

Þá má heldur ekki gleyma því, að sá mikli bölvaldur, Bakkus, einskorðar sig engan veginn við heimili drykkjumannanna. Ekkert heimili í landinu er með öllu óhult fyrir honum. Kvöld eitt er allsgáður maður á leið heim til sín, er hann mætir nokkrum drukknum unglingum. Þeir slá hann í rot með þeim afleiðingum, að varanleg örorka hlýzt af. Heima bíðu hans eiginkonan og þrjú börn. Í annað skipti er það heimilisfaðir, sem í trausti þess,

að ekkert komi fyrir, ekur bíl sínum heim undir áhrifum áfengis. Hann er að koma úr samkvæmi, og á leiðinni verður hann valdur að dauðaslysi. Í einni svipan hefur ógæfan dunið yfir tvær fjölskyldur. Það er ekki alltaf nægilega hugleitt, að svokallaðir hófdrykkjumenn fremja í ölvímu á óteljandi vegu verknaði, sem verða þeim og öðrum til óláns og ófarnaðar.

Ef einstaklingarnir líða nauð fyrir áfengið, þá gerir þjóðfélagsheildin það líka. Hún á í þrotlausri baráttu við illar afleiðingar áfengisneyzlunnar. Meiri hluti allra afbrota er framinn í ölæði. Fangelsin eru full af mönnum, sem ekki væru þar nema fyrir atbeina Bakkusar. Talsverður hluti umferðarslysa verður í sambandi við áfengisneyzlu. Vanræksla í starfi, mistök og yfirtroðslur eru hvarvetna fylgifiskar hennar, og það tjón, sem hún veldur efnahag þegnanna, lífi og limum, verður aldrei metið til fjár.

Drykkjuskapur í hvers konar mynd er því í sannleika alvarleg meinsemd í þjóðfélaginu.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um þetta vandamál, þótt ég raunar telji það óþarft hér, því að öllum hv. alþm. mun þýðing þess ljós. Neyzla áfengis er gamall og grómtekinn blettur á menningunni, svo gamall, að mörgum finnst ósjálfrátt hann eiga þar heima. Aldagamlar, heföbundnar siðvenjur hafa sterk ítök í sálarlífi manna, og það þarf mikið til að uppræta þær. Þegar þar við bætist það ofurvald nautnarinnar, sem neytendur áfengis eru háðir, þá er sízt að undra, þótt seint sækist að afmá þennan blett á allri siðmenningu. Í þeim átökum mega skynsemi og reynsla sín lítils enn sem komið er, en tilfinningar þeim mun meira.

Áfengisdrykkja er ávani, og drykkjuhneigð verður til fyrir þann ávana. Ein kynslóðin apar drykkjuskap eftir annarri, og einn einstaklingur stælir annan í þessu efni. Ungt fólk temur sér drykkju, af því að það er í tízku. Það semur sig í þessu að háttum sér eldri, reyndari og við skulum segja meiri manna. Ef takast mætti að rjúfa keðju siðvenjunnar og heil kynslóð manna gæti losað sig úr viðjum drykkjuvanans, þá ættu arftakar hennar auðunninn leik í taflinu við Bakkus. En aldagamlar venjur verða sjaldnast upprættar með skjótum hætti, heldur gerist það allajafna smám saman og fet fyrir fet.

Skemmtanir hér á landi eru langt frá að vera með þeim brag, sem vera skyldi, og er það drykkjuskapur, sem setur um of svipmót sitt á þær. Það má heita svo, að það þyki orðið sjálfsagður hlutur, að áfengi renni í stríðum straumum hvar og hvenær sem menn koma saman sér til ánægju. Hark og róstur einstakra ölæðinga er ekki það alvarlegasta í þessu efni, heldur hitt, hversu geysialmenn áfengisneyzla er á mannamótum. Þar drekka ungir sem gamlir og konur sem karlar, líkt og væri það eitt hið sjálfsagðasta í heiminum að þamba áfenga drykki. Og ekki nóg með það, heldur eru þeir fáu, sem ekki drekka, litnir hornauga og naumast taldir samkvæmishæfir. Sá þykir vart maður með mönnum, ef hann drekkur ekki áfengi, og mun sá harði dómur drykkjutízkunnar reynast flestum ofraun og þó einkum ungu fólki, sem ávallt er næmt fyrir tízkuáhrifum.

Þessi almenna áfengisneyzla á skemmtisamkomum er hættuleg, og hún hittir ungu kynslóðina harðast. Þessi ósiður veldur því, að drykkjuskapur í landinu verður meiri og almennari en ella væri og ofdrykkja eykst. Það er gildandi lögmál, að því almennar sem áfengis er neytt í einhverju landi, því fleiri verða þar ofdrykkjumenn.

Nú sem stendur bjargast þeir ungu menn helzt, sem lítt sækja samkomur, en hinir sogast meira eða minna út í drykkjuskap.

Allir munu sammála um, að sú tízka hlýtur að vera skaðleg, sem þvingar menn til drykkju. Þá er hlutunum snúið öfugt, þegar þeir einir þykja samkvæmishæfir, sem með vínanda sljóvga sjálfsvitund sína og dómgreind. Sannleikurinn er þó sá, að þeir, sem eru í vímu áfengis eða annarra nautnalyfja, eru miður sín og ættu þá sízt að sýna sig á mannamótum. En drykkjutízkan leyfir þetta, og hún virðist nú ríkja í öllu þjóðfélaginu, jafnt hjá æðri sem lægri. Mannfagnaður án áfengis er orðinn í flestum hugum einhvers konar þversögn eða léleg fyndni.

Það færi mjög vel á því, að hið háa Alþingi og hæstv. ríkisstj. tækju nú þetta vandamál til röggsamlegrar meðferðar. Með því á ég ekki við það, að hér sé þörf margbrotinnar löggjafar, heldur hitt, að þessar æðstu stofnanir gefi nú þjóðinni allri það fordæmi, sem málefninu mun bezt duga, en það er að afnema hjá sér áfengisveitingar í samkvæmum.

Fyrir hér um bil tveim árum flutti ég till. í bæjarstjórn Reykjavíkur á þá leið, að hætt skyldi áfengisveitingum á kostnað bæjarins og stofnana hans. Till. var vísað frá með þeim rökum, að Reykjavíkurbær gæti ekki farið inn á þessa braut, á meðan Alþingi og ríkisstj. gerðu það ekki. Fordæmi vantaði frá þessum háu aðilum. Fáist það, munu margir koma á eftir.

Ég trúi því ekki, að nokkur sé andvígur þessari till., sem hér liggur fyrir, af þeirri ástæðu einni, að hann telji sig færa of mikla persónulega fórn með því að samþ. hana. Að trúa slíku væri móðgun við hv. alþm., enda er ekki verið að fara fram á það við neinn, að hann gerist bindindismaður.

Ein rök og þau raunar furðuleg hef ég heyrt færð gegn efni till. Þau voru óljóst orðuð, en hnigu í þá átt, að það mundi skaða stjórnmálaleg og diplómatísk sambönd Íslands við umheiminn, ef við hættum að veita brennivín í veizlum hins opinbera. Í þessari röksemdafærslu birtist tvennt og hvorugt gott. Annars vegar er oftrú á mátt áfengis, en hins vegar vantraust á eigin getu og hvort tveggja í sjúklega ríkum mæli. Ef einhver skyldi taka þessi rök alvarlega, vildi ég jafnalvarlega ráða honum til að leita sálfræðings í því skyni að fá útrýmt úr huga sér bæði oftraustinu og vantraustinu.

Meðal flestra menningarþjóða verður nú vart vísis til þeirrar viðleitni, sem í till. okkar þremenninganna felst. Augu manna eru að opnast. Mikilhæfir stjórnmálamenn ýmissa landa berjast gegn áfengisbölinu með því að gefa öðrum fagurt fordæmi. Ég get ekki stillt mig um að nefna einn þessara manna, en það er Norðmaðurinn Einar Gerhardsen. Í júní s. l. birtist í Morgunblaðinu viðtal við hann um áfengismál, en viðtalið var þýtt úr norsku blaði. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa lítinn póst úr viðtalinu, af því að það snertir sumt af því, sem ég þegar hef gert að umtalsefni. Segir þar svo m. a.: „Hver áhrif álítið þér, að það hafi á skapgerðarþroska æskunnar, ef hún neitar að fylgja almennum venjum samkvæmislífsins, t. d. í sambandi við neyzlu áfengis?" Gerhardsen svarar: „Ég er sannfærður um, að þeir unglingar, sem hafa hugrekki til að neita áfenginu, eru unglingar, sem njóta virðingar hjá sjálfum sér og öðrum. Ég álít, að persónulegt fordæmi hafi mikið að segja í þessu efni," sagði ráðh. Þá spurði blaðamaðurinn, hvort það hefði ekki verið erfitt fyrir forsrh. að vera bindindismaður í veizlum og móttökuathöfnum innan lands og utan. „Nei, það hefur ekki verið erfitt. Á æskuárum mínum kom það fyrir, að reynt var að fá mig til að drekka áfengi, en ég var aldrei eins öruggur og þá. Ef einhver ætlaði að þvinga mig, hafði það alltaf öfug áhrif. Á síðustu árum hefur gerzt ánægjuleg þróun í veizlu- og samkvæmislífinu. Nú er alltaf hægt að fá óáfenga ávaxtadrykki á veitingastöðum. Áður var slíkt oftast erfiðleikum bundið. Þá er það augljóst, að strangar reglur um áfengisneyzlu við akstur hafa dregið úr áfengisnautn. Margir þátttakendur í veizlum og samkvæmum biðja um óáfenga drykki, sumir vegna þess, að þeir aka bifreið, en aðrir af því, að þeir eru bindindismenn. Á þennan hátt er hægt að draga úr valdi drykkjusiðanna."

Þetta var kafli úr viðtali við Einar Gerhardsen og sýnir hans hug til þeirrar viðleitni að draga úr valdi drykkjutízkunnar.

Nokkrir þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar allmargra landa hafa þegar afnumið áfengisveitingar í veizlum sínum og gert það vegna fordæmisins. Hafa þeir að sögn undirritað sameiginlega yfirlýsingu svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Ég viðurkenni þau víðtæku skaðræðisáhrif, sem áfengisveitingar í samkvæmum stjórnarvalda hafa á almenning og sérstaklega æskuna, og lýsi hér með yfir því áformi mínu, að áfengi skuli ekki veitt í þeim opinberum veizlum, sem ég ber ábyrgð á." Meðal þeirra, sem þetta undirrita, eru konungur Svía, keisari Japans, forseti og forsrh. Indlands og forsrh. Hollands.

Gjarnan mættum við Íslendingar fylgjast með í þessu menningarmáli, og ekki sakaði, þótt við gengjum feti framar en aðrar þjóðir. Það er ekki á svo mörgum sviðum, sem við skörum fram úr, að við ekki þess vegna getum bætt þessu við.

Að lokum vil ég mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki þessari till. vel og stuðli fyrir sitt leyti að samþykkt hennar. Fyrir það mundi þjóðin áreiðanlega kunna henni þökk.

Ég lýk máli mínu nú með sömu hvatningarorðum til hæstv. ríkisstj. og blaðið Tíminn beindi til hennar 23. júní í sumar, en þau eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin tók upp góðan sið á þjóðhátíðardaginn, þegar hún ákvað að hafa ekki vínveitingar í gestaboði því, sem venja er að efna til á þessum degi." — Það var 17. júní. — „Þessi ákvörðun hefur mælzt vel fyrir og það engan veginn meðal bindindismanna einna. Þess ber að vænta, að þessari nýju reglu verði ekki aðeins fylgt eftirleiðis 17. júní, heldur verði hún yfirleitt tekin upp í þeim boðum, sem opinberir aðilar halda. Forseti Íslands og ríkisstjórn hafa hér tækifæri til að ganga á undan með góðu fordæmi. Það mundi áreiðanlega mjög stuðla að heilbrigðari drykkjusiðum, ef þessir aðilar legðu vínveitingar alveg á hilluna. Tryggvi Þórhallsson gerði þetta, þegar hann var forsrh., og munu þó ekki önnur samkvæmi hafa farið betur fram en þau, sem hann stóð fyrir, t. d. á Þingvöllum 1930. Það, sem þjóðin væntir af forustumönnum sínum, er ekki sízt forganga um nýja og betri siði. Rétt spor var stigið í þessa átt af hálfu ríkisstj. 17. júní. Nú er það hennar og forseta Íslands að fylgja þessu máli enn betur fram og fara helzt alveg að dæmi Tryggva Þórhallssonar."

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða efni þessarar till. að sinni, a. m. k. ekki neitt að ráði, — það gefst væntanlega tilefni til þess síðar, ef svo sýnist, — heldur vildi ég aðeins víkja að meðferð málsins nokkuð.

Að vísu skal ég játa það, að þegar ég las þessa till., kom mér í hug spurning, sem ég hef heyrt að einn embættismaður, yfirvald hér á Íslandi, hafi borið upp við aðstoðarmann sinn í vandasömu máli, en hún var svona: „Er þetta hægt, Matthías?" Ég efa sem sé ofur lítið, þegar málið er nánar athugað, hversu æskilegt sem það kynni nú að vera, að þetta, sem hér er farið fram á, sé hægt, að svo stöddu að minnsta kosti.

Ég sé ekki, að það þýði að taka dæmi af Tryggva Þórhallssyni forsrh. í þessu efni. Það voru allt aðrir tímar en nú eru, þegar Tryggvi Þórhallsson var forsrh., m. a. hafði Ísland þá ekki enn tekið utanríkismálin í sínar hendur, og það var miklu minna um opinberar heimsóknir þá en nú er orðið. Og svo er annað. Ég efast alveg um, að Tryggvi Þórhallsson hafi nokkurn tíma haldið opinbera veizlu í þeim tilgangi, sem opinberar veizlur eru nú taldar að vera, nema þá ef telja skyldi, að hann var talinn að standa fyrir eða ríkisstj. var talin að standa fyrir einni máltíðinni á alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930.

Ráðherrabústaðurinn var þá ráðherrabústaður, þegar Tryggvi Þórhallsson var forsrh.

Forsætisráðherrarnir og ráðherrar Íslands á undan þeim, meðan einn var ráðherra, bjuggu í þessum bústað. Það var þeirra heimili. Nú er það alkunnugt mál, að Tryggvi Þórhallsson var bindindismaður og neytti aldrei áfengs drykkjar, hvorki fyrr né síðar. Ég hygg nú, að enginn óvitlaus maður ætlist til þess af bindindismanni, að hann veiti áfengi heima á sínu heimili. Tryggvi Þórhallsson hafði oft boð heima hjá sér á sínu heimili, m. a. fyrir allt Alþingi. Það var nú síðar og það fram yfir hans daga, að slík boð voru haldin fyrir allt Alþingi, og vitanlega var þar aldrei vín, sem ekki var að vænta, þar sem hann var alger bindindismaður.

Hvað snertir Þingvelli 1930, þá er það að segja, að ég veit nú ekki, hvort beinlínis er hægt að tala um veizlur þar nema eina. Alþingismenn og útlendir gestir voru í föstu fæði í Valhöll á Þingvöllum, meðan á hátíðinni stóð. Og það mun hafa verið svo að vísu, að talið var, að forsrh. eða ríkisstj. byði í eina máltíðina, og þar var að sjálfsögðu ekki áfengi. Mig minnir nú, að við þessar máltíðir væri ekki áfengi heldur í hin skiptin þangað til í lokin. Þá var haldin veizla í Valhöll á Þingvöllum, miklu víðtækari en þessar máltíðir höfðu verið áður. Þá var vín haft þar um hönd. Tryggvi Þórhallsson stóð að sjálfsögðu ekki fyrir því, a. m. k. ekki sérstaklega, en á kostnað ríkisins var það. Þetta vín, sem þar var haft um hönd, var að vísu ákaflega meinlaust, það var eingöngu hvítvín.

Ég held það sé gagnslaust að þessu leyti að taka Tryggva Þórhallsson til dæmis um þetta. Ef hæstv. ráðherrar væru bindindismenn, þá vitanlega horfði allt öðruvísi við um þá. Það ætlaðist enginn a. m. k. til, að þeir hefðu vínveitingar heima á sínum heimilum, ef þeir væru bindindismenn. Nú, kannske mönnum sýnist að gera það að skilyrði fyrir ráðherradómi, að menn séu bindindismenn. En ég veit nú ekki, hvort það hefði á öllum tímum verið heppilegt. Ef Danir t. d. hefðu sýnt þann drengskap og það frjálslyndi, þegar stjórnarskráin kom 1874, að skipa Íslandsráðherra samkv. óskum íslenzku þjóðarinnar og Alþingis, þá hefði það vitanlega orðið Jón Sigurðsson. Ja, hann var ekki bindindismaður, þó að hann væri ekki drykkjumaður. Það er alkunna. Fyrsti innlendi ráðherrann var allt annað en bindindismaður, eins og allir vita og kvæði hans bera vott um. Ég veit ekki, hvort íslenzka þjóðin hefði verið komin lengra áleiðis, þó að sá maður hefði verið útilokaður frá því að verða ráðherra. Ég efast um það.

Hv. 1. flm. þessarar till. hélt mjög góða ræðu um skaðsemi áfengis og hversu gott það væri að vera laus við það. Ég gat áðan um spurningu, sem hefði vaknað í mínum huga, þegar ég las þessa till., og kem síðar að því. En það vaknaði líka önnur spurning í mínum huga, þegar ég las þessa tillögu: Er nokkurt gagn að þessu? Er nokkurt gagn að tillögunni, eins og hún liggur fyrir? Ég vil leyfa mér að lesa tillöguna, og hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.“

En nú er orðinn mikill siður að halda þessar opinberu veizlur á hótelum, sem hafa vínveitingaleyfi. Ég tel alveg víst, að það gilti alveg eins slíkt leyfi þau kvöld, sem opinber veizla væri, svo að gestirnir gætu sjálfir keypt sér áfengi. Væri nokkuð unnið í bindindisátt með því? Yfirleitt er það nú svo, að það er frekar þeim mönnum boðið í opinberar veizlur, sem hafa ráð á því að fá sér glas og kaupa það, svo að ég er ekki viss um, að drykkjuskapur minnkaði neitt, þó að þessi till. yrði samþykkt, eins og hún liggur fyrir. Ég held, að það yrði þá að fylgja með að svipta þessi veitingahús rétti til vínveitinga, a. m. k. þau skipti, sem opinber veizla er haldin á þeirra vegum, ef það ætti að ná því takmarki, sem hv. flm. telja sig stefna að.

Það var af hv. 1. flm. og hefur verið í blöðum vitnað í það, að ýmsir þjóðhöfðingjar hafi skuldbundið sig til þess að hafa ekki vín um hönd í veizlum, sem væru haldnar á þeirra ábyrgð. Flestir af þessum þjóðhöfðingjum, sem ég hef nú séð nefnda í þessu sambandi, eru Múhameðstrúarmenn, og þeim er bannað í Kóraninum að neyta áfengis og veita það. En þeim er aftur leyfður annar munaður, sem er bannaður hér á Vesturlöndum. Ég veit ekki, hvort menn vilja skipta á því. A. m. k. býst ég nú varla við, þó að þessi till. vafalaust hafi mikið fylgi meðal blessaðs kvenfólksins, að það mundi samþykkja skipti á þessu, svo að ég veit ekki, hvort það er nú beinlínis rétt að taka þjóðhöfðingja Múhameðstrúarmanna til fyrirmyndar í mannasiðum. Og það er nú töluvert skrýtið um suma aðra, sem þarna eru nefndir og hv. flm. nefndi. Það má vel vera, að Einar Gerhardsen sé bindindismaður. Ég hef ekki séð hann drekka áfengi. En ég hef verið í veizlu undir hans forsæti, þar sem veitt var áfengi. Og ég held, að margir viti það, þó að það sé nú sjálfsagt rétt að tala lítið um erlenda þjóðhöfðingja, að það er veitt áfengi á vegum Svíakonungs, þó að alkunna sé, að hann er bindindismaður. En það kann að vera, að það séu einhverjir þeir siðir þar og reglur, að hann taki ekki ákvörðun um það sjálfur, heldur aðrir fyrir hans hönd. Ég skal játa, að ég kann lítið í hirðsiðum og því, hvaða tillit konungar verða að taka.

En satt að segja, þó að mér hafi nú orðið það á að minnast aðeins á það, sem fram kom í ræðu hv. flm. og líka í grg., þá var það í raun og veru ekki till. sjálf, sem ég ætlaði að tala um, heldur, eins og ég sagði í upphafi, meðferð málsins, hvernig með skyldi fara.

Þessi till., ef samþykkt yrði, hlyti t. d. að taka til íslenzkra sendiráða í útlöndum, því að þar eru auðvitað áfengir drykkir eins og aðrar veitingar veittar á kostnað íslenzka ríkisins. Einnig vitanlega er það svo, að þessar opinberu veizlur eru nú einkum haldnar í tilefni af komu ýmissa háttsettra útlendinga hingað. Mér virðist það því vera svo með þessa till., að hún sé a. m. k. ekki síður utanríkismál en það að gefa Norðmönnum styttu af Ingólfi

Arnarsyni, því að til þess að gefa Norðmönnum þessa styttu hygg ég að þyrfti enga samninga við norsku stjórnina. Ég hygg, að Norðmenn mundu bara þakka fyrir styttuna og þiggja hana alveg vafningalaust. En það kynni að hafa áhrif á umgengni íslenzkra fyrirsvarsmanna og ábyrgra útlendinga, ef þessi till. yrði samþykkt. Hún kynni að verða til góðs, eins og hv. flm. sjálfsagt trúa, að umgengnin batnaði við það, og það kynni líka að koma snurða á þráðinn einhver út af þessu. Ég gæti t. d. trúað, eftir því sem sagt er um suma ráðamenn í einu okkar stærsta viðskiptalandi, að það þætti dálítið lélegt, ef sendiherra Íslands í Moskvu hefði ekki dropa. Það er sagt, að einn helzti ráðamaður þar þiggi fyllilega að bragða vín, og er hann ekki verri maður fyrir það.

Vegna þess arna, að þetta í raun og veru kemur aðallega við umgengni Íslendinga og útlendra sendimanna og íslenzkra sendimanna og erlendra stjórnarvalda, þá finnst mér nú ráð, úr því að till. um styttu Ingólfs Arnarsonar var vísað til utanrmn., að þessari till. sé vísað það líka, en ekki til allshn., og ég geri það að till. minni. Og það var í sjálfu sér eina erindi mitt hingað í ræðustólinn, þó að ég gerði nú lítils háttar athugasemdir að auki við það, sem fram hefur komið, ekki tillöguna í sjálfu sér svo sem neitt, því að ég býst við, að flestir Íslendingar geti sætt sig við það, að það sé ekki haft áfengi í opinberum veizlum. Þeir hafa nóg ráð flestir til þess að fá sér áfengi, þeir sem það vilja, og mundu fá sér áfengi í opinberum veizlum líka á eigin kostnað, ef veizlurnar yrðu á annað borð haldnar á þeim hótelum, sem vínveitingaleyfi hafa, og ég veit ekki, hvar annars staðar ætti að halda þær, stærri veizlur.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, en geri þessa till., sem ég nefndi.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Við höfum nú hlustað hér um stund á tvær ræður, aðra flutta af 1. flm. þessarar þáltill., þar sem hann gerði glögga grein fyrir tilgangi þeim, sem ætlazt er til að mætti ná með samþykkt og framkvæmd þessarar þáltill., og hef ég ekki neinu við það að bæta. Hann gerði þar mjög glögga grein fyrir því, að till. er flutt af fullkominni einlægni af hálfu okkar flm. En hitt getum við að sjálfsögðu ekki ráðið við, þó að til séu menn, sem vilji gera þann tilgang okkar að fíflskaparmálum og það á þeim veglega stað, sjálfu Alþingi. Ég skal svo ekki frekar orðlengja um ræðu hv. 1. flm. Hann hefur gert þar vel og rækilega grein fyrir till. okkar.

Hitt finnst mér sem meðflm. að þessari till., að ekki verði hjá komizt að minnast nokkrum orðum á þá ræðu, sem hv. 1. þm. Eyf. flutti hér. Hv. 1. þm. Eyf. er, svo sem kunnugt er, forseti hv. Ed. Alþingis. Mér virtist hann í ýmsum atriðum fara töluvert öðruvísi að á þessu heimili, þ. e. í sameinuðu Alþingi, heldur en hann gerir eða ætlast til, að aðrir geri á sínu heimili, því sem hann á að stjórna, í hv. efri deild. Hér fer hann að tala um í sambandi við þetta mál gersamlega óskylda hluti, svo sem Ingólfsstyttu, afsteypu af styttu Ingólfs Arnarsonar, sem reist hefur verið hér á Arnarhóli og komið hefur til orða með og komnar eru fram tillögur um að vel sæmdi íslenzku þjóðinni að reist yrði á heimili fyrsta landnámsmannsins, heimili hans í Rivedal í Noregi. Hvað kemur þetta þessu máli við? Ég veit, að ef nokkur hefði leyft sér að fara að blanda svona óskyldu máli í umræður í Ed., þá hefði hæstv. forseti þar gripið til klukkunnar og þaggað niður í slíkum manni, sem þannig vildi ganga á snið við þingsköpin. En eins og kunnugt er, þá er það skylda forseta að sjá um, að ekki sé blandað alveg óskyldum málum inn í umræðurnar, málum, sem ekkert koma við því umræðuefni, sem til umræðu er. Ég tala nú ekki um, ef farið hefði verið að ræða í sambandi við svona mál, eins og þetta, eða raunar hvaða mál sem væri, nema þá helzt ef það hefðu verið trúmálalegar umræður, trúarskoðun Múhameðstrúarmanna, siðalögmáli Kóransins og því um líku. Og ég er hræddur um, að hv. 1. þm. Eyf., forseta Ed., hefði þótt það nokkuð langt sótt að leita fanga í þessu máli í þeim fjarlægu löndum, þar sem menn haga trúarbrögðum sínum samkvæmt kenningu Kóransins. Það er engu líkara en að hv. 1. þm. Eyf. hafi verið gripinn einhverri óskapa tilhneigingu til þess að láta ljós sitt skína og þá einkum á þá lund, að gera þessa tillögu hlægilega. Hann hefði átt, áður en hann hóf slíkan leik, að gera sér grein fyrir, í hvaða aðstöðu hann hefur verið settur hér á Alþingi með því að fela honum forsetastörf í hv. Ed., og gæta hér nokkuð hófs í þeim efnum, því að hann má ekki vænta þess, að það séu gerðar aðrar og miklu lægri kröfur í sameinuðu Alþingi um það, að fylgt sé þingsköpum, en í hv. Ed.

Hv. 1. þm. Eyf. varpaði hér fram spurningu: Er þetta hægt, Matthías? Þessi spurning er nú raunar ekkert frumleg, því að þar fer þm. í annarra slóð. En augljóst er, hvert hv. þm. Eyf. stefnir með þessu ávarpi til Matthíasar, hann vill styrkja aðstöðu sína gegn samþykkt þessarar till. með því að láta þessa ímynduðu persónu bera með sér vitni um það, að af því að hér sé ríkiseinkasala á áfengi, þá sé ekki hægt að banna eða takmarka vínveitingar í veizlum, sem haldnar eru á vegum þess opinbera. Þetta er, eins og allir sjá, þvílík fjarstæða, að það tekur engu tali. Hv. 1. þm. Eyf. fær engan Matthías til þess að taka undir þetta með sér. Vínveitingar í opinberum veizlum eru gróðrarstía spillingar, og af þeim stafar mikil þjóðfélagsleg hætta, einkum og sér í lagi af því fordæmi, sem einstaklingar og félagssamtök telja sig hafa í því að fara eins að, feta hér í fótspor opinberra aðila í þessu efni. Hér er um að ræða hættulegt fordæmi. Þess vegna á að taka fyrir þennan ósóma. Þeir einir mundu hneykslast á þessari ráðstöfun, sem hvorki sjá né skilja þá hættu og spillingu, sem af þessum vínveitingum stafar. Og ræða hv. 1. þm. Eyf. sýnir, að hann er í

flokki þessara ráðvilltu manna. Ég er ákaflega hræddur um, að Eyfirðingum þyki hér ærin breyting orðin á hugsunarhætti 1. þm. Eyf. frá því, sem var, er hann var í fararbroddi fyrir því, að ungmennafélagsskapurinn í því héraði tæki bindindisheit á stefnuskrá sína sem nauðsynlegt ráð til þess, að sá eldmóður, sem einkenndi þennan félagsskap á þeim árum, nyti sín sem bezt í því umbótastarfi, er félögin tóku sér fyrir hendur. Það er ekki að efa, að hin skelegga barátta, sem hv. 1. þm. Eyf. tók upp sem ungur maður fyrir því að útiloka alla áfengisneyzlu í ungmennafélögunum, aflaði honum vinsælda, sem hann hefur lengi búið að. Ég hef heyrt sagt, að hv. 1. þm. Eyf. hafi til þess að setja enn þjóðlegri blæ á þennan félagsskap tekið það upp að ganga í fornmannabúningi. Og ég efast ekki um, að það hafi þá sópað að honum við boðun bindindisins og aðra vasklega framgöngu í umbóta- og þrifnaðarmálum þjóðar vorrar. En því sárari hefðu Eyfirðingum orðið vonbrigðin, ef þeir hefðu hlustað á ræðu þá, sem hann var nú að ljúka við að halda, svo mjög sem hann þar afneitaði sínum fyrri manni. En í þeirri ræðu gekk, eins og ég hef fyrr bent á, hv. þm. alveg í berhögg við þá viðleitni til þess að draga úr drykkjuskaparóreglunni, sem í tillögu okkar þremenninganna felst. Og þetta skeður þrátt fyrir það, þótt bent hafi verið á með óyggjandi rökum, hver hætta er hér á ferð, þar sem meðal annars 2—3 þús. manns í landinu hefur gersamlega ofurselt heilbrigði sína og lífshamingju á altari áfengisnautnarinnar. Minna mætti nú gagn gera til þess að vekja menn til alvarlegra hugleiðinga í þessu máli. Þessi hugarfarsbreyting hv. 1. þm. Eyf. er hryggilegt tímanna tákn, sem sýnir óstöðugleikann í fari mannanna, ekki síður en í veðráttunni, þar sem erfitt er að ráða í að morgni, hvernig viðra muni að kveldi.

Ég vil enn víkja með nokkrum orðum að þeirri meinloku hv. 1. þm. Eyf., sem hann vill kalla Matthías til vitnis um, að nauðsyn beri til að veita vín í opinberum veizlum, af því að ríkið standi að áfengisverzlun í landinu. Hér er um að ræða mjög róttækan misskilning og útúrsnúning á heilbrigðri hugsun. Þótt hér sé einkasala á áfengi, eru engar skyldur lagðar á herðar nokkurs manns um kaup á þessum vínum og heldur engin fyrirmæli um það, að menn drekki þau eða veiti öðrum. Öll ákvæði í lögum og reglugerðum þessu viðkomandi miða í einstökum atriðum að takmörkun á vínnautninni.

Og það er fleira, sem hér kemur til greina og stefnir í sömu átt og ákvæði þau, sem í till. okkar þremenninganna felast.

Það er eigi ósjaldan gripið til þess ráðs að loka áfengisbúðum ríkisins og stundum fleiri daga í röð. Þetta er vitanlega skynsamleg og sjálfsögð ráðstöfun, þegar sérstaklega stendur á. Slíkum ráðstöfunum hefur ekki verið mótmælt, heldur hefur almannarómur viðurkennt, að rétt hafi verið að farið. Þessu verður að sjálfsögðu framfylgt, þegar svo ber undir, þangað til sú hamingjustund rennur upp, að áfengið verður gert útlægt úr landinu. Þá er það alkunnugt, að á þeim árum, sem Tryggvi Þórhallsson var forsætisráðherra, tók hann fyrir allar vínveitingar í þeim veizlum, sem hann hélt, hvort sem þær voru haldnar í opinberum veizlum eða á heimili hans. Mæltist þetta mjög vel fyrir, ekki einasta hjá innlendum mönnum, er sátu veizlur hjá honum, heldur og hjá þeim stóra hópi útlendinga, er land vort sóttu heim. Reyndi oft á þetta í stjórnartíð Tryggva Þórhallssonar, en þó mest á alþingishátíðinni. Þá sóttu land þetta heim fleiri tignargestir en áður hafði þekkzt, og sátu þeir allir boð hjá forsætisráðherra, og eigi varð annars vart en þeim þætti þessir veizluhættir til fyrirmyndar og landi og þjóð til sóma og álitsauka. Innanlands naut Tryggvi Þórhallsson mikilla vinsælda fyrir það að setja þennan svip á íslenzka gestrisni.

Hv. 1. þm. Eyf. ætti ekki að vera að bæta gráu ofan á svart með því að draga dár að því, hvernig Tryggvi Þórhallsson hagaði veizluhöldum í forsætisráðherratíð sinni. Ráðabreytni hans í þessu efni var mjög til fyrirmyndar og góð og örugg meðmæli með samþykkt þessarar tillögu.

Samþykkt þessarar tillögu, að koma opinberum veizlum yfir á þann grundvöll, sem þar er markaður, er nauðsynjamál og þjóð vorri til mikils gagns og sóma. Gildir hér einu, hvort um er að ræða samskipti vor hér innanlands eða viðskipti vor við fulltrúa erlendra þjóða. Þeir kunna ekki síður en vér sjálfir reglusemi og hóf í hverjum hlut. Er það okkur áreiðanlega miklu gagnlegra til þess að vekja traust og álit þjóðar vorrar á erlendum vettvangi en að vér í utanríkisstarfsemi vorri látum við hvert tækifæri vínið fljóta um borð og bekki. (**Forseti:** Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. þingmann, hvort hann hugsi sér að tala mjög miklu lengur.) Já, en ég get gjarnan frestað ræðu minni, þótt ég sé hér raunar í miðjum klíðum, en ég tek þá upp þráðinn síðar. (**Forseti:** Þá er ég neyddur til að fresta fundi.) — [Frh.]

Forseti (GJóh): Umræðunni er frestað, en í sambandi við ummæli hv. þm. Borgf. um, að ég hefði átt að víta 1. þm. Eyf. vegna þess, að hann hafi farið út fyrir efni og anda þess máls, sem hér var á dagskrá, vil ég aðeins benda hv. alþingismönnum á, að það er alltaf og hlýtur alltaf að vera matsatriði forseta, hvenær víta skuli alþm., ef þeir halda sig ekki beint við málið. (Gripið fram í.) Ég tel, að hv. 1. þm. Eyf. hafi ekki á alvarlegan hátt farið út fyrir efni till., og sá því ekki ástæðu til að víta hv. alþm. fyrir óþinglegan málflutning, enda, eins og ég hef þegar tekið fram, hlýtur það alltaf að vera matsatriði forsetanna í hvert skipti. (**BSt:** Má ég bera af mér sakir?) Nei, umr. er frestað.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 44, 88, 95).

Pétur Ottesen [frh.]: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð umliðið, síðan frestað var umræðu um þetta mál, og þá stóð svo á, að ég hafði ekki lokið ræðu minni, þegar komið var að fundarslitum þess dags. Ég vil hér því taka upp þráðinn, þar sem ég var staddur og var að svara hv. 1. þm. Eyf., sem hafði gert allhvatvíslega tilraun til þess að hnekkja þessari till. Það voru sem sé aðallega tvær ástæður, sem hann byggði andstöðu sína á, annars vegar, að það bæri ekki að leggja niður vínveitingar í opinberum veizlum hér á landi, og þó alveg sérstaklega væri utanríkisþjónustu Íslendinga í voða stefnt, ef ekki yrði haft vín með höndum í þeim veizlum, sem sendiherrar vorir halda utanlands, þar sem þeir eru að vinna að vorum málum. Ég hafði viðvíkjandi fyrra atriðinu bent á það, að aldrei hefðu veizluhöld betur úr hendi farið en í tíð Tryggva Þórhallssonar, þegar hann var forsrh. hér og hafði ekkert vín í veizlum.

Ég hafði enn fremur bent á, að það væri algerlega í andstöðu við ýmsar aðrar aðgerðir í þessum málum af hálfu þess opinbera, að vín væri veitt í opinberum veizlum. Það eru sem sé í áfengislöggjöfinni ýmsar skorður við því reistar og þá að sjálfsögðu líka í framkvæmd þessa máls, að opinberir aðilar eða þeir, sem koma fram fyrir hönd ríkisins, gerðu ekkert til þess að ýta undir drykkjuskap í landinu. Af þessum ástæðum er það, að það hefur oft komið fyrir, að áfengisútsölunum hefur verið lokað, þegar svo hefur staðið á, að það gæti stafað af því óróa eða annað, sem miður fer í sambúð borgaranna, að vínið flyti þá. Í öðru lagi er bannað í lögum að auglýsa áfengið. Þetta og margt fleira af þessu tagi bendir fullkomlega til og talar skýru máli um, að það þyki varhugavert að láta opinbera aðila standa þannig að þessum málum, að það geti leitt til aukins drykkjuskapar í landinu. Tillaga okkar er í fyllsta samræmi við þessa stefnu.

Þessi hugsun kom einnig upp hjá ríkisstj. vorri eða hæstv. forsrh. vorum á síðasta þjóðhátíðardegi vorum, 17. júní. Þá hélt hann veizlu, sem ekkert vín var veitt í, og var það í fullu samræmi við það, sem löggjöf og allur almenningur ætlast til að ríkisstj. vor standi að slíkum málum.

Sem sagt allar ráðstafanir lúta að því, að af opinberri hálfu sé ekkert gert til að ýta undir vínnautnina og að vínveitingar í opinberum veizlum brjóta því alveg gersamlega, eins og ég hef bent á og rökstutt hér, í bága við það, að svo skuli að farið, því að það er vitað, að með slíkum vínveitingum er verið af opinberri hálfu að örva og ýta undir drykkjuhneigð þeirra manna, sem þess eiga kost að sækja þessar veizlur, og meira að segja þetta verk getur verkað og verkar langt út fyrir þessi gestaboð. Og þetta skeður með tvennum hætti: Í fyrsta lagi með því að leiða þessa menn að drykkjuborði og það veikir að sjálfsögðu og sljóvgar mótstöðumátt þessara manna gegn vínnautnarástríðunni, sem eins og kunnugt er leitar mjög á allar gáttir í þessu þjóðfélagi. Þarna er beinlínis með þessu verið að leiða menn í gildru, í drykkjuskapargildruna, sem oft hefur þær afleiðingar, að menn í slíkum veizlum sem öðrum drekka frá sér vitið og alla blessun.

Í öðru lagi er með þessum opinberu vínveitingum stofnað til fordæmis, staðið fyrir að efla og þróa drykkjutízku, sem þjóð vorri er mjög hættuleg, því að enn er í gildi spakmælið, að hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það, — og það verkar enn sterkar en að þeim leyfist það, það er tekið beinlínis sem uppörvun til sín að sigla í þetta kjölfar. Og þessar opinberu vínveitingar í veizlum hafa skapað þann hugsunarhátt, þann hræðilega hugsunarhátt allvíða, að það sé beinlínis kotungsháttur að halda svo veizlur, að þar sé ekki vín á borðum, og við vitum, að það er veikur þáttur í eðli Íslendinga, að ef vininu er haldið að mönnum, þá vill nautn þess oft vera með allóhóflegum hætti. Það er þess vegna mjög hættulegt vegna fordæmisins um þessa drykkjutízku, að þeir menn, sem falið er að skipa mestu valda- og virðingar- og trúnaðarstöður í þjóðfélaginu, haldi uppi slíku fordæmi. Þetta er hættan, og þetta er kjarni málsins að því er þessa þáltill. snertir, sem hér liggur fyrir, eins og hv. 1. flm. þessarar till. gerði mjög rækilega grein fyrir og brýndi fyrir þingheimi, þegar hann innleiddi hér umræður um till. Og það er gott dæmi um þetta. Hvaða svör fékk hann, þegar hann flutti um það tillögu í bæjarstjórn Reykjavíkur, að það skyldi verða hætt við vínveitingar í opinberum veizlum? Jú, svarið kom, og það var á þá lund, að úr því að ríkisstj. Íslands og valdhafar þar gerðu þetta, þá væri ekki óeðlilegt, að þeir, sem ráða bæjarmálunum, færu einnig eins að. Það er þess vegna beinlínis firra og undur, að fyrir skuli finnast á Alþingi menn, sem ekki sjá og skilja eða vilja ekki sjá og skilja, — og það er sízt betra, — að hér er verið með þessum vínveitingum í opinberum veizlum að leika hættulegan leik, beinlínis hættulegan leik.

Drykkjuskaparóreglan í landi voru er mjög mikil og vaxandi þjóðfélagsvandamál, sem verður að fara að taka miklu fastari tökum en gert hefur verið hingað til, ef við eigum ekki að sigla í þau vandræði, sem við sjáum ekki út úr, hvernig við losnum aftur úr. Þessum málum er nú þannig komið með okkar þjóð. Og það er æskan, vaxtarbroddur þjóðfélagsins, sem þarna er ofurseldur þessari hættu í svo ríkum mæli, að það ætti engum manni að sjást yfir þá hættu, sem vofir yfir okkur í þessu efni. Það eru mörg þjóðfélagsvandamálin, sem að okkur steðja eins og öðrum, og þau eru mörg af þeim mjög vandleyst,

því er sízt að neita. En þennan þátt í okkar vanda, að leggja niður vínveitingar í opinberum veizlum og slá þannig á þessa hættulegu drykkjutízku, það er okkur mjög auðvelt að gera. Það er ekkert nema vilja- og skilningsleysi á eðli og kjarna málsins, ef slíkt er ekki gert. Leiðin til þess, að þetta skuli gert, er sú, sem við þremenningarnir, sem að þessari till. stöndum, höfum lagt hér til, að Alþingi í eitt skipti fyrir öll taki af skarið um þetta mál og leggi fyrir valdhafa vora að leggja algerlega niður þennan ósið. Og það er ekki til nein frambærileg afsökun fyrir því að vilja ekki gera þetta, ekki nein.

En það er harla margt einkennilegt, sem fyrir ber nú á þessum dögum, það verður maður að segja. En ég verð þó að segja það, að það er þó fátt undarlegra en að þeim selshaus fordóma skuli skjóta upp hér á Alþingi nú á þessum upplýsingarinnar tímum, að ekki sé hægt fyrir Íslendinga að halda uppi utanríkisþjónustu sinni með öðrum hætti en þeim að láta þar allt fljóta í brennivíni. En þetta hefur nú skeð, og þetta var það, sem skeði í ræðu hv. 1. þm. Eyf. Hann taldi þetta vera og sló fram í því sambandi spurningu, sem margir kannast við.

Þegar fundi var frestað síðast, var ég kominn að því að svara þessum þætti í ræðu hv. 1. þm. Eyf. Hann lagði svo mikla áherzlu á þetta, hv. 1. þm. Eyf., og þóttist með þeim málflutningi sínum leggja svo þungt lóð á metaskálarnar, að það væri ekki hægt að rétta vogina. Þótt það sé nú slagorð, firrur og fjarstæða að halda þessu fram, þá ætla ég nú samt að fara nokkrum orðum um þennan þátt í ræðu hv. 1. þm. Eyf. og biðja hv. þingmenn að athuga það, hvernig háttað er utanríkisþjónustu þjóðanna yfirleitt og hver er grundvöllurinn undir þeirri starfsemi. Hann er sá, að sendiherra hverrar þjóðar hefur sérréttindi í því landi, sem hann dvelur í. Heimili hans er heimili þess ríkis, sem hann á heima í og hann starfar fyrir. Þetta heimili á að vera háð siðum og þjóðháttum þess lands, sem sendiherrann er frá. Þetta er til þess gert, að viðkomandi þjóð geti sýnt það og varðveitt þar þjóðareinkenni sín og þjóðarhætti. Það þykir að sjálfsögðu eðlilegt, að slík lýsing á háttum þess lands, sem sendiherrann starfi fyrir, komi fram í öllum háttum á þessu heimili og þá vitanlega ekki síður í sambandi við veizluhöld þar eða annan mannfagnað. Það er þess vegna alveg gersamlega gripið úr lausu lofti og ótrúlega langt sótt sú hugsun, að slíkt mundi verða illa tekið upp hjá forráðamönnum þeirrar þjóðar, þar sem sendiherrann dvelur, þótt hann héldi uppi háttum síns heimalands. Það mundu allir aðilar, sem við skiptum við úti um heiminn, taka það sem sjálfsagðan hlut, að áfengir drykkir væru ekki veittir í slíkum veizlum, úr því að sá háttur væri á hafður í heimalandi sendiherrans. Þetta mundi enginn, ekki einn einasti af þeim viðskiptamönnum, sem við þurfum að hafa samneyti við og semja við, taka illa upp fyrir hinni íslenzku þjóð. Það mundi þvert á móti vekja traust og virðingu úti um allan heim, þar sem við höldum uppi slíkri starfsemi, að þessi háttur væri á hafður á Íslandi. Það þekkja fleiri en við til afleiðinga drykkjuskaparins og hver þörf er á því, að þar sé spornað í móti. Það er síður en svo, að slíkt mundi á nokkurn hátt verða tekið illa upp. Og ég býst við, að þetta mundi verða verulega sterkur þáttur í því að létta störf og göngu þeirra manna, sem við sendum út í heiminn til þess að starfa fyrir okkur, efla viðskipti vor og vekja traust á þjóðinni.

Það er þess vegna í rauninni ekki hægt að grípa niður á ólíklegri stað af þeim, sem ætla sér að reyna að vekja upp drauga í sambandi við þessa tillögu til þess að hræða menn með frá því að samþykkja hana, heldur en að leggja svona mikla áherzlu á þetta atriði.

Hv. 1. þm. Eyf. nefndi hér nafn eins erlends manns í sambandi við þessar umr., sem mundi taka það illa upp fyrir Íslendingum, ef það yrði ekki veitt vín í þeim veizlum, sem hann væri boðaður í. Þetta er mikill ráðamaður, — hann nefndi nafnið á honum, — mikill ráðamaður í stóru viðskiptalandi Íslendinga, sem Íslendingar á því sviði þurfa að eiga mikil og góð viðskipti við. Ég held, að hann hafi helzt haldið, að þau viðskipti mundu öll hrynja til grunna, ef hætt væri að veita vín í þeim veizlum, sem þessi maður mundi sækja.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að það gengu sagnir um það, að ekki alls fyrir löngu var forsrh. Norðmanna staddur í þessu landi og á fundum með þessum manni. Forsrh. Norðmanna bragðar ekki vín frekar en ég og ýmsir aðrir góðir menn. Og hvað haldið þið, að þessi mikli ráðamaður í Rússlandi hafi gert, þessi maður, sem hv. 1. þm. Eyf. var hræddur um að mundi taka illa upp fyrir okkur, ef það væri tekinn af honum dropinn? Hvað haldið þið, að hann hafi gert? Hann skálaði í sódavatni við Gerhardsen, forsætisráðherra Norðmanna. Ætli hann mundi síður skála í sódavatni við sendimenn íslenzku stjórnarinnar? Ég hugsa ekki. Annars vil ég segja það, að ég vil vara hv. 1. þm. Eyf. við að vera að koma nokkru drykkjuskaparóregluorði á þennan mann hér á Alþingi. Ég bara beinlínis tek upp hanzkann fyrir hann.

Ég vildi nú hafa gert grein fyrir því, að þessar ástæður, sem hv. 1. þm. Eyf. hefur borið fram gegn þessari till. okkar, eru alveg gersamlega einskis virði. Ég vildi hafa með þessum orðum mínum fært rök fyrir því, að þetta er þannig, bæði hvað snertir okkar starf og líf hér heima í þessu landi og þau störf, sem okkar menn þurfa að rækja annars staðar, að öllu þessu væri miklu betur borgið og fyrir séð með því að hafa þann hátt á, sem við þremenningarnir leggjum til í okkar till.

En það er tvennt enn, sem ég ætla að minnast hér á. Það er í fyrsta lagi það, að hv. 1. þm. Eyf. ber hér fram till. um það, — ég veit, að hæstv. forseta eða þeim, sem nú situr í þeim stóli, þykir það undarlegt eins og

mér, að slík till. skuli hafa komið fram; það var annar forseti, sem skipaði þá stólinn, — og hún var sú að vísa þessu máli til utanrmn. Ja, það er von, að forseta þyki þetta einkennilegt fyrirbrigði. Er ég fyrr í ræðu minni fór nokkrum orðum um það, að e. t. v. hefði hv. 1. þm. Eyf. nokkuð skriflað á sköturoðinu um þinglega hætti í fyrri hluta sinnar ræðu, hafði ég þó ekkert í því sambandi minnzt á þessa till. hans, en till. eins og þessi er að sjálfsögðu slík fjarstæða, að ég hygg, að aldrei hafi verið borin fram á Alþ. jafnvanhugsuð og fráleit till. um það, hvernig skipa beri gangi mála. Ég minnist þess ekki að minnsta kosti. Það er alkunnugt, að slík mál sem þessi, þegar þau eru rædd í deildum, þá er þeim vísað til allshn. Og í Sþ. er auðvitað ekkert eðlilegra og sjálfsagðara en að slík till. fari til allshn. sameinaðs þings og hljóti þar meðferð. Og það er það, sem hv. 1. flm. þessarar þáltill. hefur líka af mjög eðlilegum ástæðum lagt til. Það er eiginlega ekki hægt að líta á þessa tillögu öðruvísi en að með henni sé verið að gera gys að hefðbundinni venju um meðferð mála hér á Alþingi. Og ég verð að segja, að það situr illa á einum af forsetum Alþingis að bera fram slíka tillögu.

Þessi þáltill. okkar þremenninganna hefur vakið mikla athygli úti um allt land, meiri athygli en við höfum átt að venjast nú um nokkurt skeið á sviði þessara mála. Og þetta stafar af því, að fólkið gerir sér nú úti um allar byggðir landsins fullkomlega grein fyrir því, hvar íslenzka þjóðin er á vegi stödd nú í þessum áfengismálum. Það gerir sér líka fulla grein fyrir því, að það sé hættulegur hlutur að halda að fólkinu í landinu þeirri drykkjutízku, sem vínveitingar í opinberum veizlum hafa beinlínis forustuna í, og ég hef áður gert hér grein fyrir því. Alþingi hefur borizt fjöldinn allur af áskorunum í þessum efnum. Ég hef hér langan lista, og ég býst nú við því satt að segja, að forseti Ed., hv. 1. þm. Eyf., hafi lesið þennan lista upp í sinni d., jafnóðum og þessar áskoranir hafa verið að berast, svo sem venja er til á Alþingi. En hluturinn er sá, að að þeim félagssamtökum, sem sent hafa Alþingi áskoranir um að samþykkja þessa till., standa tugþúsundir manna úti um allar byggðir þessa lands. Ég ætla ekki að fara að lesa þennan lista upp eða lengja málið með því. (**BSt:** Það væri gott að heyra hann.) Þess er ekki þörf, því að hv. 1. þm. Eyf. er búinn að lesa upp úr forsetastóli þetta allt saman í Ed. Ég skal samt t. d. benda honum á það, til þess að gera honum svolitla úrlausn, að áfengisvarnanefndirnar allar í Eyjafjarðarsýslu skora á Alþingi að samþykkja þessa till. Ja, ef hv. þm. er einhver fróun í þessu, þá er mér það kærkomið að benda honum á þetta. Það er í miklu fleiri sýslufélögum, sem áfengisvarnanefndirnar hafa sameinað sig, — ég held, að það sé í einum 5 eða 6 sýslufélögum, — og sent sameiginlega áskoranir um þetta efni. Og af því að hv. þm. A-Húnv. brosir nú svo blítt til mín úr sæti sínu, þá vil ég benda honum líka á það, að áfengisvarnanefndirnar í Austur-Húnavatnssýslu hafa allar sent slíka áskorun. Og veit ég það, að hv. þm. á eftir, að kjósendur hans snúi sér til hans og óski stuðnings hans í þessu efni, svo miklir málafylgjumenn eru Austur-Húnvetningar vissulega.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar áskoranir, en þær eru margar, og þar fylgir hugur máli, svo sem líka þörf er á.

Við vitum náttúrlega ekkert um það, flm. þessarar till., hvaða afdrif hún fær hér á Alþingi. Við göngum að sjálfsögðu út frá því, að hún verði samþykkt, en við vitum það ekki. En það er alveg víst, að samtakamáttur þessara manna, sem að áskorununum standa, er ekki fallinn, og málinu verður fylgt eftir af þeirra hálfu. Það er áreiðanlegur hlutur.

Hér eru komnar fram nokkrar brtt., en ég ætla nú ekki að fara að ræða þær að þessu sinni, enda á það ekki við fyrr en við síðari umr. málsins.

Þá vil ég að lokum, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp nokkur ummæli úr einu dagblaðanna, Tímanum, flokksblaði hv. 1. þm. Eyf., sem blaðið hefur tekið upp úr ávarpi, sem landssambandið gegn áfengisbölinu hefur sent Alþingi í þessu sambandi. Og ritstjóri Tímans býr til myndarlega fyrirsögn fyrir þessu ávarpi, sem hljóðar svo, líka með leyfi hæstv. forseta:

„Brýn nauðsyn, að Íslendingar spyrni fótum við siðspillandi drykkjutízku", — og ég vona, að það fari ekki fram hjá neinum, við hvað hér er átt.

Í þessu ávarpi stendur meðal annars:

„Það er knýjandi nauðsyn, að allir góðir Íslendingar, hvort sem þeir eru skráðir meðlimir einna eða annarra félagssamtaka eður eigi, spyrni fótum við þeirri siðspillandi og eyðandi drykkjutízku, sem nú ríkir um borg og byggð. Gæti þess allir, er að félagsmálum vinna, hvort sem félag þeirra er aðili að landssambandinu gegn áfengisböli eða eigi, að efna ekki til þeirra mannfunda, hvorki í félagsheimilum, skólum né annars staðar, þar sem áfengið flóir ljóst og leynt og verður gildra mörgum æskumanni, er þar tælist inn á braut ofdrykkjunnar."

Þetta er, eins og allir sjá, þörf og góð hugvekja. Þeir halda áfram:

„Gæti þess allir heimilisfeður og mæður að efna ekki til þeirra samkvæma, þar sem drykkjutízkan ræður samkvæmisháttum og sá þykist fremstur gestgjafi, er ber fyrir gesti sína mesta og sterkasta áfenga drykki. Útrýmið áfenginu úr samkomum yðar, hvort heldur er á heimilum eða mannamótum. Efliið það almenningsálit, að það sé engum manni sæmandi að stofna til drykkjugilda, hvorki í smærri né stærri stíl. Krefjizt þess af leiðandi mönnum í stjórn ríkis og bæjarfélaga, að þeir gangi á undan með góðu fordæmi og leggi niður allar veitingar áfengis í opinberum samkvæmum. Alþjóð manna til sjávar og sveita skal láta á sannast, að Íslendingar eru

vakandi þjóð, sem vill vita fótum sínum forráð, ekki sóa fjármunum sínum í skaðlegar nautnir og tildur, og veita þannig forustumönnum sínum það aðhald, að þeir hljóta að sýna þeim, sem undir þá eru gefnir, gott eftirdæmi í þessum efnum."

Þeir ljúka svo þessu ávarpi sínu með þessum orðum:

„Landssambandið gegn áfengisbölinu heitir því á alla góða Íslendinga og þó einkum þá, sem standa innan einhverra þeirra félagssamtaka, er gerzt hafa aðilar að sambandinu, að spyrna nú við fótum, gerast sjálfir virkir þátttakendur í baráttunni gegn áfengisbölinu með því að hafna sjálfir nautn áfengra drykkja, og jafnvel þótt þeir treysti sér ekki til þess að stíga sjálfir það spor, að forðast að verða með fordæmi sínu eða athöfnum valdir að því, að aðrir og þá sérstaklega hinir ungu leiðist til drykkjuskapar. Leggið hver og einn yðar skerf til þess, að þjóð vor megi í sannleika verða algáð þjóð."

Þetta er mjög íhugunarvert ávarp og samið og flutt af miklum sannfæringarinnar krafti fyrir því, að hér þurfi að stemma á að ósi.

Ég skal svo ekki að þessu sinni fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess og tek undir það með hv. 1. flm. þessarar þáltill., að hún fái góða og greiða afgreiðslu hér á Alþ. og að við eigum eftir að sjá, að framkvæmd á grundvelli hennar eigi eftir að verða þjóð okkar til mikils gagns og varnaðar í þessum málum, þangað til sá tími rennur upp, að við getum hrint gersamlega þessum bölvaldi frá okkur, áfenginu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. þm. Borgf. hefur nú loks lokið þeirri ræðu, sem hann hóf hér fyrir hálfum mánuði og átti víst að vera svar til mín við þeim fáu orðum, sem ég sagði þá á fundi. Honum hefur þótt mikils við þurfa, því að mér telst svo til, að hann hafi notað svona fimmfaldan til sexfaldan ræðutíma á við mig til svarsins. Það lakasta er þó, að hann svaraði að mjög litlu leyti því, sem ég sagði, heldur gerði hann mér upp orð og hafði rangt eftir önnur og sneri út úr þeim. Hann bjó m. ö. o. til ræðu, sem hann eignaði mér, og svaraði svo henni. Ég býst við, að það hafi verið sú úgáfa af ræðunni, útgáfa Péturs Ottesens, sem ræðumaður einn í gærkvöld á borgarafundi, sem hv. þm. kallar, hafði í huga, þegar hann vék að mér, og ég hef frétt um. Um þetta geta allir þeir hv. þm., sem hlustuðu á báðar ræðurnar, borið vitni. Og það þarf raunar ekki til. Sem betur fer eru ræður nú teknar upp á vélrænan hátt og koma orðréttar og eru lagðar fram á lestrarsal Alþingis. Það mun því sýna sig á sínum tíma, hvað hv. þm. vitnaði heiðarlega í mína ræðu, og sú ræða liggur nú þegar frammi á lestrarsal. Ég skora á hann að sækja hana og finna þeim orðum stað úr ræðu minni, sem hann vitnaði til, sumum þeirra að minnsta kosti.

Um beina rangfærslu á orðum mínum skal ég einnig nefna dæmi. Þm. hafði eftir mér, bæði við fyrri hluta umræðunnar og eins nú, að ómögulegt væri að komast af án þess að veita útlendingum vín. Það eina, sem ég sagði um þetta, var, að þessi till. hlyti að taka til sendiráða Íslands og hún kynni að hafa áhrif á umgengni íslenzkra fyrirsvarsmanna og ábyrgra útlendinga, ef hún yrði samþykkt. Ég sagði meira að segja, að till. kynni að verða til góðs í þessu efni, þó að ég efaðist um, að það yrði vel séð í einu tilteknu landi, að hætt yrði að veita þar vín. Er þetta það sama sem að segja, að ómögulegt sé að komast af án þess að veita útlendingum vín? Hitt er annað mál, að ég taldi, að þessa hlið málsins þyrfti einnig að athuga. Og á því byggði ég till. mína um það að vísa málinu til utanrmn.

Hv. þm. Borgf. fór að maklegleikum lofsamlegum orðum um Tryggva heitinn Þórhallsson. Ég vissi ekki vel, í hvaða sambandi það var, en mér virtist næstum eins og hann teldi, að ég hefði eitthvað verið að hallmæla honum. Hafi svo verið, þá mótmæli ég því alveg. Við munum báðir, við hv. þm. Borgf., hafa verið vinir Tryggva Þórhallssonar og viljum hvorugur sjálfsagt segja neitt honum til miska. En það var allt rétt, sem ég sagði um hann. Ég tók það fram, að hann var alger bindindismaður. Ég tók það líka fram, að hann bjó í svokölluðum ráðherrabústað. Það var hans heimili. Hann bjó þar með konu sinni og börnum. Mér er ekki kunnugt um, að Tryggvi heitinn Þórhallsson héldi nokkrar veizlur á kostnað ríkisins, nema ef telja skyldi, eins og ég sagði í ræðu minni um daginn, að það mun hafa verið svo talið, að eitt borðhaldið á Þingvöllum 1930 væri á hans vegum. Veizlur þær, sem hann hélt, voru á hans eigin kostnað, eða ekki er mér kunnugt um annað. En á hinn bóginn hafði hann risnufé, ákveðna upphæð úr ríkissjóði. Og mér er ekki kunnugt um, að ráðherrar yfirleitt og ríkisstj. hafi hér áður fyrr haldið veizlur á kostnað ríkissjóðs. Sá siður mun fyrst hafa komið upp eftir 1940. Ég fullyrði ekki alveg um það, en ég hygg, að sú ríkisstj., sem var hér skipuð af forseta 1942, hafi fyrst haldið veizlu á ríkisins kostnað. Þetta fullyrði ég ekki, en mér hefur virzt svo, eða ég varð ekki var við slíkar veizlur fyrr. Að sjálfsögðu hefur það verið eitthvað þó, þegar svo bar til, sem sjaldan var, að útlendir þjóðhöfðingjar komu hingað til lands, að þá hefur ríkið vitanlega kostað til þess, eins og 1907 og eins þegar Kristján X. konungur kom hér.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði blandað saman Ingólfsstyttunni og þessari till. Vitanlega er þetta algerlega rangt. Ég lagði til, að þessari till. væri vísað til sömu n. og till. um það að gefa Norðmönnum Ingólfsstyttu var vísað. Og ég færði rök að því, að till. ætti þar heima, a. m. k. væri ástæða til að athuga vissa hlið þessa máls af utanrmn. Ég tel ekki, að þetta sé að blanda þessum tveim málum saman. Hver þingnefnd fær venjulega ýmis mál

til meðferðar, sem ekki heyra saman beinlínis, ekki eru tengd hvert öðru.

Hv. flm. lagði til, að allshn. þingsins fengi þetta mál til meðferðar. Þegar þetta var lagt til, þá var nýbúið að vísa till allshn. till. snertandi jöfn laun karla og kvenna. Var það að blanda saman þessari till. og jöfnum launum karla og kvenna, þó að báðum væri vísað til allshn.? Ég sé það ekki. Hv. þm. kom að þessu líka í seinni hluta ræðu sinnar og sagði þá, að hann hefði aldrei vitað borna fram á Alþingi eins vanhugsaða og vitlausa tillögu og þetta, að vísa málinu til utanrmn., og það sæti sízt á forseta að bera fram slíka tillögu. Mig langar nú til að spyrja hann út af þessu: Hvernig greiddi hann atkv. um það að vísa till. um það að gefa Norðmönnum styttu af Ingólfi Arnarsyni? Er það meira utanríkismál en þetta? Mér finnst líka, að það sé ekki í kot vísað að vísa máli til utanrmn. þingsins. Í öllum þingum, sem ég hef spurnir af, þykir það göfugasta nefnd þingsins og jafnan valdir í þá nefnd framámenn þinganna. Í þeirri utanrmn., sem nú situr á hinu háa Alþingi, ætla ég að eigi sæti tveir fyrrv. forsrh., fyrrverandi utanrrh. og hæstv. forseti sameinaðs Alþingis. Ég skil nú tæplega í, að hv. þm. vilji lýsa yfir beinu vantrausti á formann Sjálfstfl., sem á sæti í utanrmn. Það er vitanlega hreint vantraust á þessa nefnd og þá menn, sem í henni eiga sæti, ef það er eitthvert sérstakt hneyksli, að máli, sem óneitanlega snertir sendiráð Íslands í útlöndum og móttökur erlendra gesta, sé vísað til þessarar nefndar.

Ég efast ekkert um það, og það er alveg af fullri einlægni mælt: ég álít þessa nefnd bærasta um og færasta um að gefa þinginu ráð í þessu máli.

Mér skildist jafnvel hv. þm. telja þetta brot á þingsköpum. Ég skil ekki, hvað maðurinn meinar. Ég hélt, að hver þingmaður hefði leyfi til þess að stinga upp á, að máli væri vísað til þeirrar nefndar, sem hann telur heppilegast. Atkvæði skera svo úr um það, í hvaða nefnd málinu er vísað.

Hv. þm. sagði í fyrra hluta sinnar löngu ræðu, að ég hefði talað ósæmilega, og hann lét það álit í ljós, að ég mundi sem forseti Ed. víta þm. í Ed., ef hann léti sér um munn fara það, sem ég gerði hér, og hann krafðist þess, að forseti vítti mig. Ég skal nú taka það fram mér til ánægju, að það þarf yfirleitt ekki að víta efri deildar þingmenn, og í minni forsetatíð, sem er nú að verða nokkuð mörg þing, hefur það aldrei komið fyrir mig, að ég hafi vítt þm., sem þar á sæti, enda þarf þess ekki, eins og ég sagði, því að ég verð ekki annars var en að allir þm. í Ed. tali prúðmannlega.

Hv. þm. Borgf. rangfærði orð mín, eins og ég hef sýnt og get sannað með þeirri ræðu, sem nú liggur frammi á lestrarsal orðrétt. Hann gerði mér upp orð, sem ég hafði aldrei talað, og var þó nýbúinn að heyra ræðu mína og átti að vita betur. Er þetta prúðmannlegt? Mér kemur ekki til hugar, herra forseti, að kalla hv. þm. vísvitandi ósannindamann, og það er ekki eingöngu vegna þess, að slík orð eru ekki þingleg, og ég býst við, að hæstv. forseti mundi víta mig, ef ég viðhefði þau, — ég tel það víst, — það er ekki eingöngu af þessum ástæðum, heldur líka af því, að hv. þm. kemst í slíkt hugarástand, þegar þessi mál ber á góma, að ég er ekki viss um, að hann viti, hvað hann segir, og ég vík nánar að því síðar. En það er til annað verra en að kalla mann vísvitandi ósannindamann, ef hann er það, og það er að fara með vísvitandi ósannindi, t. d. að fara rangt með orð annarra, sem nýbúið er að hlusta á. Ég er því hræddur um, ef hv. þm. Borgf. ætti sæti í Ed. og héldi þar slíka ræðu sem hann hefur nú haldið í tvo daga, að jöfnu tilefni og hann hafði til þeirrar ræðu, að ég neyddist til að víta hann.

Kröfu hv. þm. Borgf. um að víta mig svaraði sá forseti, sem þá sat í forsetastólnum, hv. 6. landsk. þm., nokkuð loðið, að mér fannst. Hann neitaði að vísu að víta mig, en á þeim forsendum, að þingmaður Eyfirðinga hefði ekki á sérstaklega alvarlegan hátt farið út fyrir efni till. Ja, ég veit ekki, hvort þetta er fullkominn sýknudómur eða hálfgildings áfellisdómur, en ég vil fá að vita það og krefst að fá að vita það. Og ef það er áfellisdómur að einhverju leyti, þá vil ég, að þessi hv. þm., sem þá sat í forsetasæti, tilfæri þau orð, þar sem ég fór út fyrir efni málsins.

En hvað er efni málsins?

Þessi fyrri hluti umræðunnar skilst mér vera sama eðlis og 1. umr. um lagafrv. Þá má tala almennt um málin. Ég fullyrði, að ég talaði eingöngu um málið, sem fyrir lá, fyrst og fremst till. sjálfa, en þó lítið eitt, grg. hennar og ræðu 1. flm. hennar og svo til hvaða nefndar ætti að vísa málinu. Ég tel þetta allt saman leyfilegt og venjulegt. Og eins og ég sagði áðan, þá krefst ég að fá að heyra það, hvaða orð það voru í minni ræðu, sem fóru út fyrir þennan ramma, ef hæstv. forseti þáv. hefur meint orð sín svo, að ég hafi gert það.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég væri að gera málið að fíflskaparmáli, — sagði það í fyrra hluta ræðu sinnar.

Ég kannast ekki við, að ég hafi nokkuð gert til þess að gera það að fíflskaparmálum, og finni hann það þá í ræðu minni, sem nú liggur frammi. Ef málið er fíflskaparmál, hefur það verið það frá upphafi og ekki batnað við ræðu hv. þm. Borgf. Ástæðan til þess, að hv. þm. bar mér þetta á brýn, virtist vera það, að ég minntist á, að ýmsir þjóðhöfðingjar Múhameðstrúarmanna hefðu skrifað undir þetta fræga skjal eða skuldbindingu um það að veita ekki vín í veizlum sínum. Ja, ég hafði tilefni til að minnast á, hverjir hefðu undirskrifað þetta.

Hv. 1. flm. till. minntist á tvo þjóðhöfðingja, sem hefðu undirskrifað þetta skjal. (**Gripið fram í:** Hverjir voru þeir?) Það var Sviakon-

ungur og Japanskeisari. (**Gripið fram í:** Eru þeir Múhameðstrúar?) Eru þeir? Nei. Ég var ekki búinn að tala út. Þeir eru ekki Múhameðstrúarmenn, a. m. k. ekki Sviakonungur. Ég veit nú ekki um hinn, hvaða trú hann hefur. Ja, hann er nú eða hefur til skamms tíma sjálfur verið guð meðal sinnar þjóðar. Ég veit ekki, hvort hann trúir á sjálfan sig. En það voru ýmsir þjóðhöfðingjar Múhameðstrúarmenn, sem skrifuðu undir skjalið. Ég vildi gefa þær upplýsingar í málinu. (**PO:** Hverjir voru það?) Ja, það var nú t. d. þessi nafnfrægi Saud, konungur í Saudi-Arabíu, ef ég man rétt, forseti Tyrklands, soldáninn í Marokkó, keisarinn í Persíu o. s. frv., — og þetta las ég allt í bindindisblaði, svo að ég þykist hafa allgóðar heimildir fyrir þessu. Og fleiri voru víst nefndir, þó að ég hafi það ekki á hraðbergi, því að ég hef ekki þetta blað með mér, sem ég las þetta í. Það var alveg fullt tilefni til þess að bæta við upplýsingar hv. 1. flm., að það væru fleiri þjóðhöfðingjar en hann nefndi, sem hefðu skrifað undir þetta.

Ég heyri sagt, að maður á þessum svokallaða borgarafundi í gærkvöld hafi sagt, að ég hefði talið Eisenhower Bandaríkjaforseta Múhameðstrúarmann. Þingmenn geta borið um það, sem heyrðu ræðuna, hvort ég nefndi slíkt.

Ég skil ekki, hvers vegna hv. þm. Borgf. verður svona æstur út af því, þó að ég upplýsti, að nokkrir þjóðhöfðingjar Múhameðstrúarmanna væru fylgismenn hans í þessu máli. Þykir honum skömm að því? (**PO:** Nei, nei.) Mér finnst það alveg ástæðulaust að þykja nokkur skömm að því. Ég tel víst, að margir Múhameðstrúarmenn geti verið mætir menn. Sumir þeirra hafa auðvitað „harem", því hefur hv. þm. Borgf. auðvitað andstyggð á. Er það þess vegna? En mér finnst mega taka vægt á því, þó að þeir geri þetta, því að þetta var nú einu sinni siður í þeirra löndum, og þetta er leyft í þeirra trúarbrögðum, og þó að hv. þm. Borgf. sé að sjálfsögðu siðsamur maður, þá hefur nú viljað brenna við, að jafnvel við, sem ekki erum Múhameðstrúarmenn, brjótum stundum — eða sumir okkar — það boðorð, sem bannar slíkt.

Mér finnst reyndar alveg óþarfi að fara að taka upp siði Múhameðstrúarmanna í einu eða öðru, en mér finnst alveg ástæðulaust líka að hata þá svo mikið, að það sé vítavert að nefna þá hér á Alþingi í sambandi við mál, sem þeir eru riðnir við. Ég skil ekki slíkt.

Hv. þm. Borgf. minntist á það, að ég hefði í æsku verið ungmennafélagi, og hann bjóst við því, að ungmennafélagar og þá einkum og sérstaklega norður í Eyjafirði hefðu orðið fyrir miklum vonbrigðum með mig. Ég skal ekkert segja um þetta. Það er ekki mitt að dæma um það, hverjir verða fyrir vonbrigðum um mig og hverjir ekki. En ég verð að segja það þó út af þessu, að ef mínir gömlu félagar í ungmennafélagsskapnum hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum af mér, þá lýsa þau vonbrigði sér töluvert einkennilega. Það er í fyrsta lagi það, að það voru einkum félagar mínir í ungmennafélagsskapnum, sem studdu mig mest og bezt, þegar ég í fyrstunni leitaði eftir kosningu sem þingmaður, og hafa jafnan stutt mig síðan, þó að skarð sé nú komið í hópinn, af því að mörg ár eru nú liðin síðan það var. En einkum er það þó mitt eigið ungmennafélag, sem lýsir vonbrigðum á ákaflega einkennilegan hátt, ef vonbrigðin eru þar fyrir hendi. Ja, ég kann nú ekki við að vera að tína það til, sem kynni að vera álitið að ég segði frá mér til frama, en ég held ég verði þó að geta þess í sambandi við þetta, að þegar ég enn var ungur maður og hafði lengi verið formaður míns gamla ungmennafélags, en treystist ekki til að inna þar mikil störf af hendi, sökum þess að þá var farið að fela mér sveitarstjórnarstörf og fleiri opinber störf, svo að ég baðst undan formannskosningu, þá kaus þetta ungmennafélag mig fyrir heiðursfélaga, og ég er það enn, þar með vitanlega leystur frá öllum skuldbindingum, en hef allan rétt engu að síður, og meira að segja: ég vinn enn með þessu ungmennafélagi að hugðarmáli, sem við höfum með höndum, og ég er ævinlega boðinn og velkominn til þess á samkomur eða fundi og nota það stundum, svo að vonbrigðin eru einkennileg, ef þau eru fyrir hendi.

Ég sé nú ekki mikla ástæðu til að svara síðari hluta af ræðu hv. þm. Borgf., því að hún var öll byggð á röngum forsendum. Þegar hann nú hóf að tala til mín, þá sagði hann, að ég hefði gert hvatvíslega tilraun til þess að hnekkja þessari till. Ég hef ekki gert nokkra tilraun til þess að hnekkja þessari till. Það er bara misskilningur og fjarstæða. (**PO:** Voru það þá meðmæli með henni?) Það voru svona hugleiðingar, og aðallega var það tillagan um, í hvaða nefnd ætti að vísa tillögunni. Ja, það voru a. m. k. engin mótmæli, og hv. þm. getur leitað í ræðunni, sem nú liggur fyrir eins og ég flutti hana. (**PO:** Ég man hana vel.) Ef hv. þm. man ræðuna vel, þá lýsir það honum ekki vel, hvernig hann fór með hana. Þá er hann ekki eins vandaður maður og ég þó hélt að hann væri, ef hann man hana vel. Ég held, að það sé óhugsandi. Ég hef alltaf álitið hann — og hef nú þekkt hann lengi — betri dreng en það, að hann túlkaði ræðu, sem hann myndi vel, á þann hátt, sem hann hefur túlkað mína ræðu, svo að ég trúi ekki þessu, að hann muni hana vel.

Hann minntist m. a. á það, að það hefði mælzt vel fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki vínveitingar 17. júní, þegar fólk kom í ráðherrabústaðinn, að mér skilst, til þess að samfagna ríkisstj. út af afmæli lýðveldisins og afmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Ég er þeim mönnum, sem fagna þessu, alveg sammála. Mér finnst það hreinasti óþarfi, þegar slíkar almennar móttökur eru og mér skilst að hver megi koma, sem vill, að fara að hella áfengi í fólk þá. Þetta er allt annað en veizla, sem boðið er sérstaklega til.

Ég var áður búinn að svara því, sem hv. þm. talaði um utanríkisþjónustuna og hvað ég hefði sagt í því sambandi. Ég vil aðeins mót-

mæla því, að ég hafi verið að bera nokkurt drykkjuskaparorð í ræðu minni um daginn á nokkurn mann, hvorki ráðamann í Ráðstjórnarríkjunum né nokkurn annan. Ég sagðist hafa heyrt það og lesið það, að einn af mestu ráðamönnum þar hefði ekki á móti áfengi, og heimildin fyrir því er einkum Morgunblaðið, flokksblað hv. þm. Borgf. En að ég væri að bera drykkjuskaparorð með því, — ég tók einmitt fram, að ég teldi hann ekki verri mann fyrir það, þó að hann bragðaði vín.

Í síðari hluta ræðu sinnar fór hv. þm. Borgf. að tala um, að þessi till. hefði vakið mikla athygli úti um land og það hefðu komið margar áskoranir frá áfengisvarnanefndum um það að samþykkja hana og fleiri aðilum og svo hefði nú verið haldinn borgarafundur hér í Reykjavík í gærkvöld. Hvað skyldi hann hafa verið fjölmennur, og hvað eru margir kjósendur í Reykjavík, það væri gaman að fá þetta tvennt upplýst, hve mikill hluti reykvíska kjósenda hefði verið á þessum fundi. Það væri mjög fróðlegt. Það væri líka fróðlegt að vita það, hvað margir af þessum mönnum, sem hafa sent áskoranir, hafa komið í veizlur til ríkisstj. eða annarra opinberra aðila og drukkið þar áfengi. Það væri mjög fróðlegt.

En hv. þm. getur lesið upp svo margar áskoranir sem honum sýnist. Það hefur engin áhrif á mig. Ég hef nóga reynslu fyrir því, að það er hægt með einhliða áróðri að fá áskoranir um allt mögulegt, þarft og óþarft, og meira að segja, það hafa drifið að áskoranir oft og tíðum, sem hv. þm. Borgf. hefur ekki farið neitt eftir eða gert neitt með.

Við hv. þm. erum næstum jafngamlir. Við vorum unglingar árið 1905, en þó komnir það til vits og ára, að við vissum, hvað fram fór. Þá skeði það, að ráðherra Íslands hafði náð samningum um það, að lagður yrði ritsími til landsins og frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. Þetta hafði verið óskadraumur Íslendinga nokkuð lengi, og nú gat þessi draumur rætzt. Þá voru sendir menn um allar sveitir til þess að safna undirskriftum undir mótmæli á móti símanum, og hér var haldinn fundur í Reykjavík til að mótmæla símanum líka, og hann var víst miklu fjölmennari en fundurinn í gærkvöld. Sá ráðherra, sem fyrir þessu máli stóð, bognaði ekkert fyrir þessum áskorunum, og símamálið gekk fram. Og hver mundi óska þess nú, að svo hefði ekki orðið? Ég held enginn. Og ég held, að menn hafi fljótlega á eftir áttað sig á því, að þetta var gott mál og þarft mál, og margir þeir, sem undir áskoranirnar skrifuðu og mótmælin, vildu fá síma heim til sín og sem flestar símastöðvar fljótt á eftir. Ég er ekkert að segja þetta til að mótmæla þeirri till., sem hér liggur fyrir, heldur bara til að sýna það, að þó að áróðursmenn fái með áróðri sendar áskoranir og leggi þær síðan fram sínu máli til stuðnings, þá met ég það ekki mjög mikils. Það er alltaf hægt að æsa upp fólk þannig. Ég er viss um, að ef menn legðu sig í það, þá mætti fá fjölda meðmæla með því, að þessi till. yrði felld. Ég er alveg sannfærður um það. Það mætti fá áskoranir, svo að þúsundum og tugþúsundum skipti, um það að fella till., ef menn vildu gera það, svo að þeir, sem fyrir þessu standa, geta sent nokkrar áskoranir enn, ef þeir hugsa sér að hafa áhrif á mig, a. m. k. þannig áhrif, að áskoranirnar marki nokkuð stefnu mína í þessu máli. En ég bið hv. þm. og aðra að taka eftir því, að ég hef ekki enn sagt neitt um það, hvernig ég endanlega greiði atkvæði um þetta mál, og ég hef ekki enn mótmælt till. á nokkurn hátt, þó að ég hafi mótmælt ýmsum fjarstæðum, sem hv. þm. Borgf. hefur borið hér fram, og þá sérstaklega því, sem hann hefur rangfært af því, sem ég sagði.

Í ræðu minni um daginn vék ég nokkuð að ræðu hv. 1. flm. till., hv. 1. landsk. þm., — og það er ólíku saman að jafna að minnast á hans ræðu eða ræðu hv. þm. Borgf., — og þó að ég véki aðeins að henni á dögunum, þá ætla ég að gera það aftur. Hv. þm. Borgf. sagði um þá ræðu, að hann hefði talað af fullri einlægni. Ég er því sammála, og ég get bætt því við, að sá hv. þm. talaði af fullkominni prúðmennsku, enda á hann sæti í hv. Ed. Og ræða hv. 1. landsk. þm. var að mörgu mjög eftirtektarverð. Honum mistókst að vísu að sýna fram á það, að þessi till. hefði raunhæfa þýðingu. Hins vegar gaf hann mjög athyglisverðar og ískyggilegar upplýsingar í sinni ræðu. Mér skildist á ræðu hans hann telja, að það væru meira en 2000 drykkjusjúklingar í Reykjavík einni, eða a. m. k. sem væru meira og minna sjúkir af áfengisnautn. Hér í Reykjavík eru eitthvað rúmlega 60 þús. íbúar, fer nú líklega að nálgast meira 70 þús., en hann talaði líka um meira en 2000 sjúka menn í þessu efni. Mér virðist því hann segja með þessu, að hvorki meira né minna en 30. hver Reykvíkingur sé áfengissjúklingur eða a. m. k. meira eða minna bilaður af völdum áfengis. Nú er þessi hv. þm. læknir og fæst þar að auki við slík mál. Þess vegna verður að gera mjög mikið með það, sem hann segir um þetta efni. Og ég verð að segja það, að mér finnst, að ef þessar tölur eru réttar, þá verði að hefjast handa um ráðstafanir til þess að bæta ástandið. Hitt er svo annað mál, að ég hef ekki ýkja mikla trú á þessari till., sem fyrir liggur, að hún lækni það, og vík ég síðar að því. Væri óneitanlega mjög fróðlegt, að þessu fylgdi skilgreining á því, hvað er drykkjusjúklingur. En ef þetta er nú rétt, hvernig mundi þá ástandið vera í öðrum löndum? Eftir opinberum skýrslum drekka Norðmenn rúmlega tvöfalt á við Íslendinga, miðað við mannfjölda. Samkvæmt því og samkvæmt tölunum hér í Reykjavík ætti þá 15. hver Norðmaður að vera drykkjusjúklingur. Danir eru samkvæmt opinberum skýrslum, seinustu sem ég hef séð, taldir drekka um 2½ sinnum meira en hver Íslendingur, miðað við mannfjölda. Samkvæmt því ætti 12.—13. hver maður í Danmörku að vera sjúkur á þennan hátt. Samkvæmt sömu skýrslum er talið, að Svíar drekki þrefalt á við Íslendinga, miðað

við mannfjölda og áfengismagn, og það vildi þá segja sama sem, miðað við ástandið í Reykjavík, að 10. hver Svíi væri sjúkur á þennan hátt. En hvað er þó þetta, samanborið við þau ósköp, sem hljóta að eiga sér stað í Frakklandi, því að samkvæmt opinberum skýrslum þar er talið, að Frakkar drekki 17-falt áfengi á við Íslendinga, miðað við mannfjölda, m. ö. o., að meiri hluti frönsku þjóðarinnar sé drykkjusjúklingar? Hvernig getur slík þjóð lifað? Og þó hjarir hún. Henni gengur að vísu illa að mynda stjórn, en hún hjarir. *En það hryggilegasta er, að það mun vera* ekki svo lítill hluti af ungu fólki, unglingar og jafnvel börn, sem eru komnir mjög afvega í þessum efnum, og ég hygg, að allir séu sammála um það, að eitthvað þyrfti að gera þessu fólki til bjargar. En ég er ákaflega hræddur um, að þessi till. hafi lítið að segja í því efni. Það var haft áfengi í opinberum veizlum, þegar við hv. þm. Borgf. vorum unglingar, en þá var þó ástandið þannig, að drykkjuskapur var a. m. k. ákaflega fátíður meðal ungra manna og þekktist alls ekki á meðal barna og unglinga eða kvenfólks, — alls ekki.

Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það, sagði hv. þm. Borgf. — Já, þetta er gamall málsháttur, ég veit það. En hverjir eru taldir höfðingjar nú á dögum? Ég held, að því miður sé það svo, að æskufólkið í landinu *taki ekki aðalráðamenn þjóðfélagsins* til fyrirmyndar nú á dögum, — því miður, — því að enginn þeirra er ofdrykkjumaður eða óknyttamaður á neinn hátt. Það er annað, sem unga fólkið hefur til fyrirmyndar og alvarlegra, og það eru kvikmyndahúsin. Það eru kvikmyndaleikararnir, sem eru fyrirmynd unga fólksins nú. Það hef ég margsinnis orðið var við. Á kvikmyndahúsunum kemur það oft fyrir, að þar er sýndur drykkjuskapur, ekki drykkjuskapur róna, sem liggja úti fullir undir hunda og manna fótum, ef svo má segja, heldur drykkjuskapur skrautbúins fólks í glæstum sölum. Þar er oft líka sýnt lauslæti og glæpir. Og áhrifin sýna sig. Ég er alveg sannfærður um, að það er ákaflega mikið kvikmyndunum að kenna, hvernig fer um æskuna nú, að hluti hennar hneigist til drykkjuskapar, annar hluti til óknytta og glæpa jafnvel. Og við þessu þarf að reisa skorður. Það kann vel að vera, að þetta sé góð till., sem hér liggur fyrir til umræðu, en ég held, að það hefði verið enn þarflegri till., ef fram hefði komið, að reisa strangari skorður en nú eru við því, hvað sýna má í kvikmyndum.

Svo er auðvitað annað, sem kemur til greina og ekki átti sér stað, þegar við hv. þm. Borgf. vorum unglingar, og það er það, að nú hafa unglingarnir margir hverjir fullar hendur fjár, vinna kannske fyrir háu kaupi, en búa og borða hjá foreldrum sínum og borga ekkert fyrir sig. Það er ekki hollt unglingum.

Þessi mál eru alvarleg. Og ef menn vilja bjarga æskunni, þá er ég sannfærður um, að það er fyrst og fremst á þessu sviði, sem þarf að taka í taumana. En slík framkvæmd eða till. eins og hér liggur fyrir gæti kannske flotið með, en hún er ekki neitt aðalatriði í þessu efni. Það þarf að sýna uppeldismálunum meiri áhuga á Alþingi og meðal þjóðarinnar en nú er gert, ekki kannske með því að fjölga skólum eða auka skólagöngu, heldur reyna allar leiðir til þess að verja æskuna óhollum áhrifum. Og þar tel ég fyrst og fremst strangt og það mjög strangt eftirlit með kvikmyndum. Fleira mætti auðvitað gera meira jákvætt, eins og að efla hollan félagsskap æskulýðs o. s. frv.

Ég veit ekki, hvort þessari till. yrði fylgt bókstaflega, þótt samþykkt yrði. Ætli það yrði ekki eitthvað farið í kringum hana, enda er nú til hæstaréttardómur um það, að þingsályktanir eru ekki bindandi? Það eru lög, sem binda bæði ríkisstj. og aðra þegna þjóðfélagsins.

Mér er spurn: Hvers vegna fluttu hv. flm. þessarar till. ekki heldur frv. til laga um breytingu á áfengislögunum, þar sem þetta ákvæði var þá tekið upp og kannske fleiri, sem þeir höfðu áhuga á? Auðvitað fylgja þeir í þessu efni þeim sið, sem nú er orðinn á Alþingi. Það er eins og þingmenn séu hættir að bera fram lagafrumvörp. Hér úir og grúir af þingsályktunum um það að skora á ríkisstj. að semja lög um eitt og annað, en frumvörp frá alþm. um áhugamál sín sjást varla, og *þetta fer í vöxt ár frá ári.* Það er eins og allt starfið á Alþingi eigi að fara að snúast um þingsályktunartillögur og auðvitað sumar næsta þýðingarlitlar.

Þegar ég var unglingur heima í minni sveit, þekkti ég aldraðan mann. Hann fór sjaldan í kaupstað, en þegar hann gerði það, fékk hann sér í staupinu. Ég var honum stundum samferða, og ég tók eftir því, þegar við komum á þann stað á leiðinni, þar sem sást til Akureyrar, þá varð þessi maður engu líkari en hann væri orðinn kenndur, vegna þess að þá sá hann staðinn, þar sem brennivínið beið hans, svo að það er sýnilegt, að brennivín getur haft áhrif með fleira móti en drekka það beinlínis. Þessi maður fékk einhverja strauma frá áfengisbirgðunum. Hann varð eins og hálfkenndur af.

Nú vildi ég spyrja hv. 1. landsk., af því að hann er læknir og sérfræðingur í þessum efnum: Er það hugsanlegt, að það eitt að tala um áfengi geti framkallað áfengisáhrif? Mér virðist nefnilega hv. þm. Borgf. einna líkastur því, að hann hefði fengið sér töluvert, þegar hann talar um þessi mál. Og hann verður ekki glaður, eins og þessi maður varð af tilhlökkuninni um að fá vínið. En áfengið hefur ekki heldur þau áhrif á alla menn, þó að það hafi það á marga. Sumir verða argir og reiðir og komast í illt skap. Þeir ættu ekki að vera að drekka vín náttúrlega, — kannske enginn, — og allra sízt þeir. Og mér virðist, *að það eitt að tala um þessi mál hafi* svipuð áhrif á hv. þm. Borgf. Ég held því og vil ráða honum heilt, að hann ætti frekar að forðast að blanda sér í þessi mál, því að

hann, sem ég tel eftir langa viðkynningu vera góðan dreng, umhverfist svo, að hann fer með rangt mál, hefur eftir mönnum orð, sem þeir hafa aldrei sagt o. s. frv. Það hlýtur að eiga sínar orsakir, og nú vildi ég gjarnan vita, hvort hv. 1. landsk. gæti skýrt sálfræðilega, hvernig á þessum ósköpum stendur.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. hefur lagt fram brtt. á þskj. 88. Er hún þess efnis, að í stað afnáms áfengisveitinga á kostnað ríkisins komi áskorun á ríkisstj. að gera til þess raunhæfar ráðstafanir að draga úr útgjöldum ríkisins til veizluhalda og skemmtiferða innanlands og utan. Hvers vegna hv. þm. kemur með þetta sem brtt., skal ég ekkert um segja og vil ekki gera honum neinar getsakir. Ég er efnislega ekki á móti því, sem í till. felst, en tel hana engan veginn nálgast till. okkar þremenninganna hvað þýðingu snertir sem almennt velferðarmál. Svipaðar skoðanir virðist flokksbróðir hans, hv. 2. þm. Eyf., hafa, en á þskj. 95 leggur hann til, að þessari brtt. verði skeytt aftan við till. okkar þremenninga. Annars er ekki ólíklegt, að veizluhöldum mundi eitthvað fækka við það eitt, að hætt yrði að veita áfengi á kostnað ríkisins og stofnana þess. Verða ekki veizlurnar fleiri einmitt vegna drykkjuskaparins? Um eitt ríkisfyrirtæki hef ég heyrt sagt, að þar séu áfengisveitingar tíðar. Þetta fyrirtæki hefur hallarekstur og er hæstv. ríkisstj. áhyggjuefni. Sjálf mæðist stofnunin í mörgu og m. a. því að finna nægilega marga tyllidaga til drykkjuhalds. Jafnvel sjálfur aðfangadagur jóla er þar notaður sem tilefni til að veita starfsfólkinu áfengi með leiðum afleiðingum fyrir sum heimilin á mesta hátíðarkvöldi ársins. (**Gripið fram í:** Hvaða ríkisstofnun er þetta?) Þvílíkar stofnanir eru því miður fleiri en ein hér og hafa lengi verið, og þar fær ungt starfsfólk uppeldi sitt í drykkjuskap, hafi það ekki fengið það áður. Ef hætt yrði að veita áfengi á kostnað stofnananna, mundi tyllidögum, tækifærunum til drykkjuhalds, án efa fækka til stórra muna.

Í fyrri ræðu sinni hér um daginn minntist hv. 1. þm. Eyf. á íslenzku sendiráðin. Hann virtist kvíða því, að sendiherrarnir kynnu því illa að mega ekki veita áfengi á kostnað ríkisins í gestaboðum sínum. Það má vel vera, að kvíði hans sé ekki ástæðulaus. Ég skal fúslega játa, að ég hafði sendiráðin ekki í huga, þegar ég mælti fyrir till. um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkisins, og ég held, að þau geri ekki mikið til eða frá í þessu efni. Þeirra fordæmi, illt eða gott, mun ekki hafa nein teljandi áhrif á drykkjuvenjur hér heima á Fróni. Hitt er annað mál, hvort sendiráðin settu nokkuð ofan, þótt ríkið hætti að sjá þeim fyrir brennivínspeningum. Við megum gjarnan hafa það í huga, þegar rætt er um áfengi og sendiráð, að sums staðar a. m. k. er ofdrykkja talin atvinnusjúkdómur í stétt sendiráðsmanna, líkt og er um stéttir ölgerðarmanna, veitingaþjóna og sölumanna. Ef óhollar siðvenjur þvinga starfsmenn sendiráða til drykkjuskapar, þá ætti nokkurt aðhald ofan frá einungis að verða þeim til góðs.

Þá kemur það og til álita, hvort sendiráðin mundu ekki leysa hlutverk sín enn betur af hendi, ef áfengisneyzla minnkaði þar, og er ég persónulega ekki í miklum vafa um það. Nýlega sætti ein af erlendu sendisveitunum hér í Rvík harðri gagnrýni í heimalandi sínu. Var starfsmönnum hennar borinn á brýn taumlaus drykkjuskapur, sem vart mun hafa verið talinn auka á starfshæfnina þar. Í sumum löndum heims liggja erlend sendiráð undir því ámæli að spilla þar drykkjuvenjum með smekklausum veitingum áfengis í tíma og ótíma. Ég er ókunnugur íslenzkum sendiráðum, einnig af afspurn, en vel gæti ég unnt þeim þess að verða öðrum til fyrirmyndar í þessu efni. Annars held ég, að þau séu ekki stórt atriði í þessu máli. Með till. okkar þremenninganna er stefnt að sköpun fordæmis, er orðið gæti til heilla þeim, sem á Íslandi búa.

Hv. 1. þm. Eyf. virtist þeirrar skoðunar, að drykkjuskapur væri ekkert vandamál í löndum Múhameðstrúarmanna, svo væri spámanni þeirra fyrir að þakka. Þarna er ég hræddur um að honum skjátlist. Í löndum Múhameðstrúarmanna er þvert á móti undan því kvartað, að áfengisneyzla fari þar stórum vaxandi og hafi svo verið einkum síðan á árum síðustu styrjaldar. Helzta orsök aukins drykkjuskapar á þeim slóðum er nú talin illt fordæmi, er vestrænar herstöðvar þar og sendiráð hafa skapað.

Þá virtist sami hv. alþm. mjög uggandi um, að samþykkt till. kæmi að tilætluðum notum. Benti hann á, að gestir í veizlum Alþingis og ríkisstj. gætu sjálfir keypt sér þar áfengi, þar eð þessar veizlur væru oftast haldnar á stöðum, sem hefðu leyfi til áfengisveitinga. Er þetta ekki fullmikil kvíðasemi? Slík hegðun gesta væri vægast sagt lítil kurteisi í garð gestgjafans. Hugsanlegt er þó, að einhverjir kynnu að grípa til þess úrræðis í mótmælaskyni og þá helzt þeir, sem langt væru leiddir á braut drykkjuskaparins, en slíkum veizluspjöllum mundi vafalaust fljótt linna, enda líklegt, að þeir sömu menn hlytu litla virðingu af. En hvað sem slíkum heilabrotum líður, þá er það eitt til umræðu nú, hvort æðstu stofnanir ríkisins eiga að veita gestum sínum þá ólyfjan, sem áfengið óneitanlega er, eða hvort þær eigi ekki að gera það. Hvað gestirnir gera sjálfir, er annað mál og mundi þá sýna sig síðar.

Fyrri ræða þessa hv. alþm. einkenndist hvorki af áræði né stórhug, þar bar mest á víli og úrtölum, en þeir eiginleikar munu ekki sigurstranglegir í viðureigninni við Bakk-

us. Tillagan um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkis og ríkisstofnana mun mæta mótstöðu, jafnvel harðri mótstöðu. Þegar sú mótstaða verður yfirunnin, og það verður hún einhvern tíma, þá mun koma í ljós, að allar úrtölurnar voru ástæðulausar. Enginn mun líða við framkvæmd afnámsins, en margir njóta góðs af. Íslenzk stjórnarvöld munu innanlands og utan hljóta þökk fyrir og virðingu, en engra ámæli, utan þá nokkurra drykkfelldra einstaklinga.

Einhverjir munu leggja á það áherzlu, að erlendir gestir kunni að fyrtast, ef þeir fái ekki í staupinu í opinberum veizlum hér. Ekki er það óhugsandi, að til séu þeir menn, sem það mundu gera. Hinir verða þó langt um fleiri, sem ekki láta slíkt á sig fá og yrðu jafnvel hrifnir af, er þeir heyrðu, í hvaða tilefni slíkt væri gert. Fagurt fordæmi mælist ekki illa fyrir, þegar til lengdar lætur. Því miður hafa móttökur erlendra gesta stundum um of einkennzt af fordild og flottræfilshætti, sem sérstaklega hefur komið í ljós í hóflausum áfengisaustri. Slíkar móttökur auka ekki veg þjóðarinnar, heldur hið gagnstæða og ættu að afnemast sem fyrst. Hingað komu nýlega tveir konungar í heimsókn. Báðir eru bindindismenn. Þeim voru haldnar margar veizlur og veglegar og í flestum þeirra veitt áfengi, ekki af rausn, heldur ofrausn. Tæpast var það fyrir þá gert eða drottningarnar að veita áfengi. Nei, sá grunur er þrásækinn, að slíkar drykkjur sé aðallega hafðar til að geðjast sjálfum gestgjöfunum og þeirra föruneyti, enda mest þreyttar af þeim, gestunum stundum til lítillar ánægju.

Í tilefni síðari ræðu hv. 1. þm. Eyf. langar mig að taka fram nokkur atriði. Ég sagði í framsöguræðu, að í okkar litla þjóðfélagi, ekki í Reykjavík einni, væru að staðaldri 2—3 þúsundir manna, sem neyttu áfengis sér til óbóta heilsufarslega og efnalega. Þessi tala er að vísu ekki nákvæm. Í heilsuverndarstöð Reykjavíkur starfar áfengisvarnadeild, þar sem drykkjumönnum, sem þangað leita, er veitt læknismeðferð. Þessi deild telur skjólstæðinga sína í ár vera um 1000, og eru þeir nálega allir Reykvíkingar. Hér við bætist fjöldi drykkjumanna, sem leitað hefur annað um hjálp, t. d. til AA-samtakanna, Bláa bandsins og til einstakra lækna, auk þeirra mörgu sem ekki fást til að leita sér neinnar hjálpar. Fjöldi drykkjumanna í Reykjavík er þannig af kunnugum lágt áætlaður um 2000 manns. Þar við bætist svo tala drykkjumanna utan Reykjavíkur. Sumir, sem eru kunnugir þessum málum, álíta þó, að nær sanni mundi vera að telja ofdrykkjumenn á Íslandi nálægt 4 þúsundum eða aðeins undir þeirri tölu. Mundi það samsvara rúmum tveim af hundraði allrar þjóðarinnar, eða 1.5 af hundraði, ef minni varlegu áætlun væri fylgt.

Hv. þm. varpaði þeirri spurningu fram, hvað drykkjusjúklingur væri. Sérfróðir læknar hafa vissulega mælikvarða á það. Með tímanum markar áfengið sín spor, og koma þá fram viss sjúkleg einkenni líkamslegs og geðræns eðlis. Þau leiðir læknisskoðun í ljós. Um það efni skal ég ekki fjölyrða hér. Það er önnur hlið til á því máli, nefnilega sú félagslega, og um hana geta allir dæmt. Ef maður að eigin áliti eða þeirra, sem vel þekkja til, drekkur sér til stórtjóns í félagslegu tilliti, efnalega, atvinnulega eða hann á annan hátt spillir einkalífi sínu og heimili með áfengisneyzlu sinni og ef hann þrátt fyrir vitundina um þetta getur ekki unnið bug á drykkjufýsn sinni, þá er hann drykkjusjúkur. Hitt er svo vitað mál, að vafatilfelli geta verið mörg, því að mörkin á milli hófdrykkju og ofdrykkju eru langt frá því að vera skörp.

Íslendingar drekka árlega sem svarar 1½ lítra af hreinum vínanda á mann. Þetta er ekki ýkja mikið, borið saman við ýmsar aðrar þjóðir. Almenningur hér neytir ekki daglega léttra vína, eins og víða tíðkast, og áfengt öl er sama og ekkert drukkið hér. Þetta gerir gæfumuninn okkur í vil. Samt sem áður er neytt hér á landi um 230 þús. lítra af hreinum vínanda á ári. Hverjir drekka þetta? Það er ekki öll þjóðin, því að hér eru margir bindindissamir. Ofdrykkjumennirnir neyta ekki verulegs hluta af þessu mikla magni, þeir komast ekki yfir það. Meginið af þessu áfengi mun drekka allstór hópur karla og kvenna, sem eru tíðir gestir á dansleikjum, í veizlum og öðrum samkvæmum. Það er samkvæmisfólkið, sem drekkur hættulega mikið. Úr veizlusölunum liggur brautin út á galeiðu drykkjusýkinnar. Það er í þessu efni, sem skórinn kreppir að hjá okkur nú, og að því eigum við að beina athyglinni. Það er Íslendingum til lofs, að þeir eru meðal þeirra þjóða, sem gera sér ljósasta grein fyrir áfengisvandamálum sínum. Sumar þjóðir státa af því, að þær hafi engin áfengisvandamál, en það eru einmitt þjóðirnar, sem gefa þeim málum minnstan gaum, en eru þó verst á vegi staddar. Þannig var um Frakka þar til fyrir fáum árum. Á þá var bent sem fyrirmynd í umgengni við Bakkus. En það kom annað hljóð í strokkinn, þegar rannsóknarnefnd frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni fór að athuga ástandið í Frakklandi, og er það nú frægt orðið. Jafnvel hjá börnum í stórum stíl fundust einkenni ofdrykkju.

Við höfum okkar áfengisvandamál og eigum að snúa okkur að lausn þeirra af manndómi, en ekki svæfa samvizkuna með því, að ýmsar aðrar þjóðir séu þó enn verr á vegi staddar. Víða erlendis mun verða tekið eftir því og það tekið til fyrirmyndar, ef okkar litla þjóð stígur djarfmannlegt spor í þá átt að draga úr drykkjuskapnum. Það eigum við að gera nú, ekki með setningu pappírslaga, heldur með því að gefa fordæmi, þar sem þess er brýnust þörf.

Jón Pálmason: Herra forseti. Um þá till., sem hér liggur fyrir á þskj. 44, hafa nú verið haldnar miklar ræður og margt komið fram í því sambandi, en vegna þess, hvernig þetta

mál liggur fyrir, þykir mér ástæða til að bæta þar við nokkrum orðum. Ég ætla samt ekki að fara að halda hér neina bindindisræðu. Það er af því, að ég er sannfærður um, að það mundi engin áhrif hafa á vinneyzluna í landinu. Ég er líka sannfærður um, að það mundi lítil áhrif hafa til eða frá í því sambandi, hvort þessi till., sem hér liggur fyrir, verður samþykkt eða samþykkt ekki. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram brtt. við þessa þáltill., og er hana að finna á þskj. 88. Hún er flutt í þeim tilgangi að færa þetta mál út á eðlilegri og raunhæfari grundvöll en hin upphaflega till. fer fram á, með því að leggja til, að Alþ. geri ráðstafanir til þess að draga til mikilla muna úr þeim gífurlega kostnaði, sem á ári hverju er varið af opinberri hálfu til veizluhalda og skemmtiferða, bæði af hálfu stjórnarvalda og stofnana ríkisins og þeirra stofnana, sem ríkið styrkir og heldur uppi.

Ég skal nú geta þess, að ég er svo heppinn, eins og margir ykkar hv. þingmenn vita, að ég er oftast í góðu skapi. En því er ekki að leyna, að það verkar heldur illa á mitt skap, þegar ég er að yfirfara reikninga ríkisstofnananna og starfsgreina ríkisins og sé, hve gríðarlegur kostnaður hefur orðið við skemmtiferðalög og veizluhöld, ferðalög utanlands og innan. Það, sem á því sviði er þó allra dýrast og ekki kemur beint þessum till. við, er bifreiðakostnaðurinn. Nú er það þó svo, að ég hef á þessu sviði ekki séð það eða nema lítið af því, sem dýrast er, og það eru reikningar frá tímabili núverandi hæstv. ríkisstjórnar, en almennt er talið, að hún sé mesta veizlustjórn, sem nokkurn tíma hefur starfað í okkar þjóðfélagi. Ég lít svo á, að það sé, eins og sakir standa, mjög auðvelt, eðlilegt og sjálfsagt að draga stórkostlega úr þessum kostnaði, og það verður gert bezt með því að setja um það fastar reglur og fækka veizluhöldum til mikilla muna frá því, sem er og verið hefur. Kostnaður við veizluhöldin fer að segja má árlega vaxandi að öllu öðru leyti heldur en vínföngum, vegna þess að eftir því sem ég veit bezt, þá hefur innkaupsverð á víni ekki hækkað neitt sem heitir nú mjög lengi, og í opinberum veizlum er ekki drukkið annað en tollfrjálst og álagningarfrjálst vín.

Ég hef nú ekki haft beint aðstöðu til að segja um það, eða get ekki sagt um það, hvað margar veizlur alls séu haldnar svona hér um bil á ári. En ef við segðum t. d., að veizlurnar væru 200, sem ég tel ekki mjög fjarri lagi, þá held ég, að það væri ákaflega auðvelt að fækka þeim um helming og jafnvel miklu meira, því að það, sem mest er að í þessu efni, er það, að það eru haldnar veizlur, án þess að til þess sé nokkurt verulegt tilefni, að almenningur telur.

Varðandi skemmtiferðir er náttúrlega öllum mönnum í þessu landi frjálst að fara í skemmtiferðir. En það er síður, sem ég felli mig illa við og sumar stofnanir ríkisins hafa lengi haft, að láta stofnunina sjálfa bera kostnað af einni skemmtiferð starfsfólksins á ári. Þetta er m. a. síður, sem ég tel alveg að skaðlausu og á réttmætan hátt eigi að leggja gersamlega niður. Ég hef gert um þetta stundum athugasemdir, en það hefur ekki breytzt, þar sem slíkt er um að ræða. Þá eru það afmælisveizlur, sem sumar stofnanir hafa haldið, og alldýrar. Ef þær eiga 10 ára afmæli, 25 ára afmæli o. s. frv., þá eru stundum haldnar dýrar veizlur á kostnað stofnunarinnar, og það tel ég með öllu óþarft.

Þetta er atriði, sem eins og nú standa sakir er ástæða til fyrir Alþingi að taka til athugunar, og einkum og sérstaklega ef farið er inn á það, sem ekki hefur nú borið neitt á enn, að spara útgjöld frá því, sem verið hefur, og sérstaklega ónauðsynleg útgjöld. Hitt gengur miklu meira áfram á þá leiðina, að öll útgjöld hækka og alveg eins þau, sem ekki eru nauðsynleg.

Varðandi þessa till. um að banna, að það opinbera kosti vínveitingar í veizlum, þá er það að segja, að skv. *málflutningi flm.*, sem hér hafa haldið miklar ræður, finnst mér vera talsverð mótsetning í þeirra málflutningi. Þeir gera ráð fyrir því allir, að það sé sjálfsagt, að það séu veizlur, það séu veizluhöld á kostnað þess opinbera. En þeir vilja banna, að þar séu þau veizluföng, sem eðlilegast er að ríkið leggi til, það ríki, sem okrar á áfengi meira en nokkurs staðar annars staðar þekkist. Ég tel, að það sé miklu nær sanni að fækka veizlum og að þær séu þá með svipuðum hætti og gerist hjá einstaklingunum og yfirleitt annars staðar, en það sé ekki farið inn á þá braut, að það megi ekki eiga sér þar stað þær veitingar, sem almennt eru taldar í veizlum.

Við skulum hugsa okkur, að það er hægt að bjóða mönnum, fleiri eða færri, kaffi á veitingahúsi eða mat, en það eru ekki nærri allir menn, sem mundu kalla það veizlur. Það er algengt, að einstaklingar og félög bjóða þeim aðilum, sem koma og eru á ferðalagi, kaffi eða mat inni á veitingahúsi, en almennt eru það ekki kallaðar veizlur. Til þess að eitt samkvæmi geti kallazt því *nafni* að vera veizla, þá er almennt talið, að þar beri að hafa einhvern hressandi drykk.

Nú er það svo, eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) tók hér fram um daginn og enginn getur hrakið, að þó að samþykkt væri þessi till., sem hér liggur fyrir, þá þýðir það alls ekki, að opinberar veizlur væru vínlausar, vegna þess að á öllum okkar veitingahúsum er opinber vínsala, og þeir, sem kallaðir eru til veizluhalds, þurfa ekki annað en fara í næsta herbergi til þess að fá þar vín eins og þá lystir. En það er bara sá munurinn, að það vín, sem þannig er keypt, er mörgum sinnum dýrara en það, sem ríkið og þess stofnanir geta lagt fram með innkaupsverði, eins og verið hefur á undanförnum árum.

Ég hef nú veitt því athygli, að á því fjárlagafrumvarpi, sem liggur hér fyrir þessu þingi og miðast við árið 1958, er það ekki

nema aðeins einn liður í tekjuáætlun ríkisins, sem hefur verið hækkaður frá því, sem var á síðustu fjárlögum, og þessi eini liður er áætlaður hagnaður af Áfengisverzlun ríkisins. Hann er hækkaður frá síðustu fjárlögum úr 85 millj. upp í 90 millj. Það þýðir, að hæstv. ríkisstj., sem leggur þetta frv. fram, gerir ráð fyrir því, að það verði töluvert meiri hagnaðarvon af áfengisverzluninni næsta ár en hefur verið að undanförnu.

Nú er það vitað, að ríkið eitt hefur rétt til þess að kaupa og selja vín, að undanteknu því, að veitingahúsin hafa veitingaleyfi, og á víni er okrað svo stórkostlega, að ég hygg, að það þekkist ekki nein sambærileg dæmi um víða veröld. Það mun láta nærri, að álagningin í tollum og verzlunarálagning á vínföngum í Áfengisverzlun ríkisins sé frá 800—1300%, sem segir það, að það, sem kostar ríkið 100 kr., kostar einstaklingana 900—1400 kr. eftir því, hvaða víntegundir er um að ræða. Hér er þess vegna ekki neitt líku saman að jafna. Þegar um það er að ræða, að víns er neytt, eins og daglega er, eftir því sem við vitum bezt, á hverju veitingahúsi t. d. hér í Reykjavík, þá er ekki sama, hvort þess er neytt og það keypt af einstaklingunum ellegar það er einhver opinber stofnun eða ríkisstj., sem leggur það fram.

Ég verð nú að taka það fram, vegna þess að hér er ár eftir ár oft verið að tala um vínföng og vínveitingar og margt fólk úti á landinu tekur það svo, að það sé einhver óskapa drykkjuskapur á Alþingi eða meðal þingmanna, — ég verð að taka það fram, að þetta er herfilegur misskilningur, því að það hefur gerbreytzt mjög stórkostlega á því tímabili, sem ég hef verið á Alþingi, sem er 24 ár. Fyrstu árin, sem ég var hér, var það daglegur viðburður, að menn sáust undir áhrifum áfengis á þingfundum. Nú kemur það aldrei fyrir í fjöldamörg ár, kemur aldrei fyrir, og yfirleitt er það svo, að mjög mörg síðustu árin hefur vínneyzla meðal þingmanna farið stórkostlega mikið minnkandi.

Nú hefur það að vísu verið regla um langan tíma, að þingið héldi eina veizlu á ári, sem kölluð er þingveizla, og má segja, að það sé kannske óþarfi að halda nokkra veizlu. En þetta hefur nú verið venja, og annaðhvort verður það að vera ein veizla eða engin á ári hverju. Ef þessi till., sem hér liggur fyrir, væri samþykkt, um það, að bannað væri að veita vín, þá mundi það eiga að ske eins í þingveizlunni og öðrum veizlum. Og af því að ég þekki nú hæstv. forseta Sþ. að því að vera gestrisinn mann, þá held ég, að honum félli það ekkert vel að þurfa að gefa út auglýsingu, sem væri eitthvað á þá leið, — ja, þingmönnum og þeirra konum er boðin veizla á Hótel Borg, en hv. þingmenn verða að kaupa vínföngin sjálfir. Og þá yrði það ekkert annað en það, að það er mörgum tugum sinnum dýrara vínið en það þarf að vera eftir þeim reglum, sem verið hafa og eru.

Svipurinn, sem yfir þessum málum yrði, ef þessi till., sem hér liggur fyrir, verður samþykkt, — Alþingi gengur væntanlega frá fjárlögum, hvort það verður fyrir nýár eða eftir nýár, þar sem stendur: 90 millj. áætlaðar í gróða af áfengissölu. Það hefur enginn komið með till. um að afnema vínveitingaleyfi veitingahúsanna. Það hefur enginn orðað það, ekki flm. þessarar till., að það skuli ekki vera veizlur. Þeir hafa meira að segja ekkert orðað það, að það skuli fækka veizlum, það sé sjálfsagt að hafa veizlur. Það má bara ekki hafa þar þau veizluföng, sem eðlilegast er að það ríki leggi fram, sem okrar meira á áfengi en nokkurri annarri vöru. En það, sem hægt er að gera og er auðvelt að gera og Alþ. ætti að gera, er það, eins og mín till. fer fram á, að fækka veizlum mjög stórkostlega frá því, sem er, að afnema það, að ríkisstj. sjálf og stofnanir ríkisins kosti skemmtiferðir fyrir sitt starfsfólk eða einstaklinga, afnema þær afmælisveizlur, sem verið hafa o. s. frv. Á þennan hátt er hægt að draga stórkostlega úr þeim kostnaði, sem á þessu sviði hefur verið lagður fram. Við getum náttúrlega líka talað um að banna allar veizlur. Það væri hægt að tala um það í alvöru. Hitt er varla hægt að tala um í alvöru, sem hér er farið fram á, að það sé sjálfsagt að halda opinberar veizlur, en þar megi ekki vera neitt vín. Það er varla hægt að tala um það, nema því aðeins að það verði þá gerðar ráðstafanir í okkar þjóðfélagi, sem ríkinu kemur við og ég hef hér minnzt á.

Ég skal nú ekki fara um þetta miklu fleiri orðum, en ég reikna með því, að þessi till. ásamt brtt., sem henni fylgja, fari til nefndar. Mér hefði fundizt eðlilegast, að þetta hefði farið til fjvn., því að það í raun og veru heyrir undir hana, og hæstv. forseti hefur það að sjálfsögðu á sínu valdi að nokkru leyti, í hvaða nefnd þetta fer. Ég ætla nú enga till. samt um það að gera. En í hvaða n. sem þetta fer, þá vildi ég mega óska eftir því, að sú hv. n. rannsakaði það sem allra ýtarlegast, hvað mundi fara mikið fé alls hjá ríkinu og öllum þess stofnunum og starfsgreinum á einu ári, t. d. frá því um þetta leyti í fyrra, — hvað mundi fara mikið fé í það alls, ef það er lagt saman, hvað hafa verið á þessu tímabili haldnar margar veizlur og hvaða líkur liggja fyrir því, að það sé hægt að skaðlausu og án þess að skerða nokkuð sinn gestrisnisanda hægt að draga úr veizluhöldunum o. s. frv., en að það sé ekki gert í þessum málum neitt annað en það að ákveða, að það má ekki í neinum veizlum, sem ríkið stendur að, drekka tollfrjálst vín, þar verður að drekka miklu dýrara vín, því að það er í raun og veru engin önnur áhrif, sem að öllu öðru óbreyttu yrðu af þessari till., sem hér liggur fyrir á þskj. 44, ef hún yrði samþykkt eins og hún er og ekkert annað.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. En ég veit, að af þessum orðum, sem ég hef hér sagt, skilja hv. þingmenn, að það eru án alls efa miklir mögu-

leikar á því að draga úr töluvert gífurlegum kostnaði, sem ríki og þess stofnanir leggja fram árlega í þessu skyni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 95 brtt. við þá brtt., sem hv. þm. A-Húnv. hefur flutt á þskj. 88. Breytingartillaga mín er efnislega samhljóða till. hv. þm. A-Húnv., en eðlismunur tillagnanna er sá, að í till. hans er gert ráð fyrir, að upphaflega till. verði niður felld, um bann gegn áfengisveitingum á kostnað ríkis og ríkisstofnana, en ég legg til, að þeirri till. verði haldið óbreyttri eins og hún er, en þessi viðauki við hana gerður.

Ég skal þegar taka það fram, að hér er að nokkru leyti um mismunandi mál að ræða, þó að þau að vísu snerti hvort annað. Í upphaflegu till. er um að ræða sérstaka meginstefnu af hálfu Alþingis og ríkisstj., sem orki til ákveðinna áhrifa á þróun bindindisbaráttunnar í okkar þjóðfélagi. Síðari liðurinn snertir fyrst og fremst útgjaldamál ríkissjóðs og er að efni til í því fólginn að sporna gegn óeðlilegum útgjöldum vegna veizluhalda og skemmtiferða, sem ríkið og ríkisstofnanir standa fyrir. Að þessu leyti er sú hugsun, sem kemur fram í upphaflegu till. og þessum viðbótartillögum, sem við hv. þm. A-Húnv. erum efnislega með samhljóða, nokkuð mismunandi, og ég skal játa, að það mætti segja, að óeðlilegt væri að tengja þetta tvennt saman, og ég skal einnig taka það fram, að ég hefði ekki flutt mína till., ef till. hv. þm. A-Húnv. hefði ekki áður verið fram komin. Hins vegar er mér það ljóst, að einmitt sú hugsun, sem þar kemur fram, að það beri að sporna við óeðlilegum kostnaði við veizluhöld og skemmtiferðir á vegum ríkisins, sú till. hefur hljómgrunn hjá ýmsum, sem jafnvel ekki hefðu viljað styðja hina till. Ég hef því flutt mína till. beinlínis í því skyni, að það væri reynt að samræma hugsunina, sem kemur fram bæði hjá flm. frumtillögunnar og í till. hv. þm. A-Húnv. En ég skal játa, að ég tel fyrir mitt leyti, að upphaflega till., eins og hún er flutt á þskj. 44, sé kjarni málsins og þessi atriði, sem við þm. A-Húnv. bendum á, séu að vísu mikilvæg atriði varðandi sparnað í rekstri ríkisins, en séu nokkuð annars eðlis en sú meginstefna, sem á að felast í upphaflegu till.

Hv. þm. A-Húnv. hefur skýrt frá því, hvaða ástæður liggi því til grundvallar, að hann flytur sína till. að þessu leyti, og ég get alveg tekið undir þær röksemdir hans, að ég álít, að óhæfileg séu veizluhöld og ýmiss konar kostnaður á því sviði, sem ríki og ríkisstofnanir á undanförnum árum hafa stofnað til. Hv. 1. þm. Eyf. upplýsti hér í ræðu sinni um daginn, að það mundi vera tiltölulega nýtt, að ríkið sem slíkt stæði fyrir veizluhöldum. Ég skal ekki um það segja, en vil á engan hátt rengja það, enda skiptir það ekki meginmáli. Hitt held ég að liggi alveg ljóst fyrir, að þó að það sé allrar virðingar vert að sýna gestrisni og rausn, þá hefur verið gengið lengra í því efni en við getum leyft okkur, og það er eins og var einhvers staðar bent á á opinberum vettvangi í sumar í sambandi við þjóðhöfðingjakomur hingað, sem ekkert er nema gott um að segja, að þá mætti þó lítil þjóð eins og Íslendingar gæta sín í því að verða ekki blátt áfram hlægileg fyrir alls konar dýrindis veizluhöld, sem ljóst væri að jafnfámenn þjóð hefði ekki aðstöðu til þess að standa undir með góðu móti. Gestrisni og höfðingsskapur getur áreiðanlega verkað nánast hlægilega, þegar það er vitað, að þeir, sem að slíkri rausn standa, hafa alls ekki getu til þess að gera það og gera það þá meira til að sýnast. — En nóg um þetta atriði.

Ég tel, eins og ég áðan sagði, að kjarni þess máls, sem hér er um að ræða, sé sá, hvort Alþingi vill marka þá stefnu, að hinir æðstu valdhafar í þjóðfélaginu vilji ganga á undan til þess að sýna þjóðinni með fordæmi sínu, að þeir telji, að hér sé um að ræða svo alvarlegt vandamál, þar sem áfengisbölið er, að þeir vilji fyrir sitt leyti vísa veginn til eftirbreytni á þessu sviði.

Ég ætla ekki að fara að rekja allt það, sem sagt hefur verið til stuðnings þessu máli, ég get undir það tekið í flestum eða öllum atriðum. Við vitum það, og ég held, að það muni varla verða neitt ágreiningsefni, að hér í okkar þjóðfélagi er við að stríða stórkostlegt böl á þessu sviði. Það er nú svo komið, að gert er ráð fyrir, að tóbak og áfengi sé selt árlega í landinu fyrir 200 millj. kr. Þótt að vísu sé mikil álagning á þessar vörur, bendir þetta þó til mikillar neyzlu, og hér er vitanlega um að ræða geysilegan fjáraustur hjá einstaklingum í þjóðfélaginu, þó að segja megi að vísu, að það komi aftur til ýmissa nauðsynlegra þarfa, þar sem meginhluti þessa kemur til ríkisins. En fyrir einstaklingana er þetta þó jafntilfinnanlegt engu að síður og er vísbending um þá óheillavænlegu þróun, sem er í þessum efnum.

Ég held, að varla muni nokkur hv. alþm. vera á þeirri skoðun, að ekki sé nauðsynlegt að gera af opinberri hálfu allt, sem unnt er, til þess að sporna gegn slæmum áhrifum áfengisnautnar í landinu. Það eru til tvær leiðir í þessari baráttu, sem báðar hljóta að fylgjast að. Annars vegar er sú barátta, sem í því felst að fyrirbyggja, að menn lendi í klóm Bakkusar, og hin er sú að halda uppi lækningu og hjálparstarfsemi fyrir þá, sem fallið hafa. Það er auðvitað nauðsynlegt og góðra gjalda vert og virðingarverður sá mikli skilningur og stuðningur, sem aðstoð við drykkjumenn hefur hlotið. En hitt er þó miklu veigameira atriði fyrir þjóðfélagið og einstaklinginn, eins og allir þekkja varðandi sjúkdómana, og drykkjuskapurinn er auðvitað, þegar á visst stig er komið, alvarlegur sjúkdómur, — það er miklu þýðingarmeira atriði, ef hægt er að stemma á að ósi, ef hægt er að koma í veg fyrir, að menn verði drykkjuskapnum að bráð. Og það er með þetta

í huga, sem mér skilst að þessi till. sé flutt, að af hálfu opinberra aðila sé lagt lóð á vogarskálina í þessari baráttu. Og nú á seinni árum hefur verið mjög vaxandi skilningur á því meðal þeirra, sem fyrir baráttu gegn áfengisnautn standa, bæði hér í okkar þjóðfélagi og víðar um lönd, að baráttan gegn drykkjuskapnum verði að byrja ofan frá, og þetta stafar af því, að drykkjuskapur og meðferð áfengis er að mjög miklu leyti tízkuatriði.

Það var hér upplýst áðan, sem að vísu mér þykir nú næsta nýstárleg kenning, en vissulega alvarleg kenning, ef hún hefur almennan stuðning, að það sé ekki hægt að halda veizlu nema hafa vín um hönd. Við sjáum augljóslega, að ef þetta er almennur hugsunarháttur, þá er sannarlega ekki glæsilega ástatt um baráttu gegn áfengisnautn, og ég held, að einmitt þessi staðhæfing hv. þm. A-Húnv. sé einhver sterkasta stoðin, sem rennur undir það, að það beri og það sé blátt áfram skylda Alþingis að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, því að það er þá fullkomlega orðið tímabært, að af hálfu hins opinbera valds í þjóðfélaginu sé reynt að breyta þessum hugsunarhætti.

Það er engum efa bundið, að það, sem er tíðkað á opinberum stöðum, hefur að sjálfsögðu mikil áhrif úti um allt þjóðfélagið. Það getur vel verið, að þingmenn og ráðherrar séu ekki taldir fyrirmynd um alla hluti. En það er þó engum efa bundið, að þeir hættir, sem tíðkaðir eru í opinberum veizluhöldum, orka áreiðanlega mikið í þá átt að skapa með þjóðinni tilfinningu fyrir því, hvað þyki fínt og hvað ekki. Og því miður í mörgum tilfellum einmitt stafa vínveitingar af því, að það þykir fínt. Vín er ekki eingöngu veitt af því, að alla menn langi til að drekka og það sé af drykkjulöngun, heldur einmitt af þessu, að það þykir fínt að hafa vín í veizlum, og vafalaust, að sú kenning eigi dýpri rætur en í huga þm. A-Húnv. eins, að það sé í rauninni ekki veizla nema haft sé vín.

Mig undraði það dálítið í rauninni, þegar ég hlýddi á ræðu míns góða vinar, þm. A-Húnv., hvernig hann ræddi um þessi mál, því að mér fannst sannast sagna ekki koma fram í ræðu hans skilningur á því, að hér væri um mikið böl að ræða. Ef það er svo, að við viðurkennum, að það sé um böl að ræða í þjóðfélaginu í þessum efnum, og ef það er svo, að það séu einhverjar líkur til, að samþykkt þessarar till. og fordæmi hinna æðstu valdamanna í þjóðfélaginu geti haft góð áhrif, þá lít ég svo á, að það sé í rauninni ósæmandi að gefa það í skyn, að hv. alþingismenn vilji ekki einu sinni leggja á sig þá kvöð eða geti ekki hugsað sér að leggja á sig þá kvöð að fórna einni brennivínsveizlu á ári. Ég held, að með því sé virðing og sómi hv. þingmanna ekki aukinn, og ég vil ekki leyfa mér að álíta, að slíkt geti komið fyrir, að þingmenn hugsi á þennan hátt, og ekki einu sinni hv. þm. A-Húnv., þó að hann léti nú þessi orð falla hér áðan, því að það væri sannarlega alvörumál í jafnveigamiklu vandamáli og hér er um að ræða, ef þingmenn gætu ekki hugsað sér að taka á sig svo litla fórn sem þessa, ef það mætti verða til þess að setja einhverjar skorður við þeim geigvænlega drykkjuskap og afleiðingum hans, sem við er að stríða í okkar þjóðfélagi. Og það atriði, að þingmenn, ef þeim væri boðið í áfengislausa þingveizlu, þá mundu þeir alls ekki una við annað en kaupa brennivín og fara að drekka það í veizlu, sem þeim er boðið til, — ja, ég er nú í stórum vafa um, að nokkrum hv. þm. dytti það í hug, því að slíkt er náttúrlega hrein móðgun við gestgjafann, hæstv. forseta Sþ., og aðra slíka ágæta menn, ef það er ekki talið sæmandi og viðunandi, sem þeir bera á borð fyrir gesti. Það er svona álíka og að koma með vasapela í hús, þar sem ekki er veitt vín, til að krydda það, sem þar er veitt, og til þess að skapa sennilega þá veizlustemningu, sem hv. þm. telur að ekki geti verið til staðar af öðrum ástæðum.

Ég lít alls ekki svo á þessa till., og ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi vakað fyrir hv. flutningsmönnum, að hér væri um að ræða einhverja ráðstöfun til að forða þingmönnum frá drykkjuskap. Ég held það sé síður en svo. Það hefur ekki komið fram, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég get vel staðfest það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að það er ekki hægt að segja, að hér meðal þingmanna sé neinn ósæmandi drykkjuskapur. Það er síður en svo. Ætlunin með till. er heldur ekki að vera nein bindindisbarátta eða sjálfsbjargarviðleitni fyrir hv. þingmenn, heldur allt önnur, eins og bent hefur verið á.

Svo er það nú út af fyrir sig reginfirra af hv. þm. A-Húnv. og hv. 1. þm. Eyf. að halda því fram, ef opinber veizla er haldin á vínveitingastað, að það sé í rauninni ekki hægt, vegna þess að þar sé hægt að fá keypt vín. Auðvitað er slíkt ekki gert, það er ekki selt vín á vínveitingastöðum, ef veizlur eru þar haldnar, sem ekki er óskað eftir að sé vín í, þannig að þetta er auðvitað algerlega út í bláinn og engin rök í þessu máli.

Við getum vafalaust haft mismunandi skoðanir um það, hversu mikil áhrif þessi till. muni hafa. Það er endalaust hægt að deila um það, hvað sé líklegast til þess að orka í jákvæða átt í þessu mikla vandamáli. Það hafa margar leiðir verið reyndar í því efni og með misjöfnum árangri. En ég held þó, að hér sé fyllilega um leið að ræða, sem sé vert að reyna, því að mín skoðun er sú, að hér sé um svo alvarlegt vandamál að ræða, að það sé ekki verjandi að láta óreynda neina þá leið, sem gæti orðið til þess að draga úr og minnka það böl, sem hér er við að stríða. Og það markar mína afstöðu til þeirrar till., sem hér er um að ræða.

Það hefur líka, þrátt fyrir vínveitingar af opinberri hálfu, verið almennur skilningur fyrir því, að það væri þó ekki sæmandi að hafa vín um hönd í öllum tilfellum. Og það

eftirtektarverðasta er, að einmitt á mestu hátíðisdögum þjóðarinnar er þetta ekki talið viðeigandi, og vil ég þar nefna dag eins og 17. júní. Ef vínið væri einkennandi á þann hátt, að það væri óumflýjanlegur veizlukostur, til þess að menn gætu gert sér glaðan dag, hví í ósköpunum ætti það þá ekki eins að gilda þennan dag, stærsta hátíðisdag þjóðarinnar? Nei, einmitt þennan dag eru allir á því máli, bæði þeir, sem víns neyta, og aðrir, að það sé sómi þjóðarinnar, sem við liggi, að menn drekki ekki frá sér ráð og rænu þennan eina dag ársins. Og það byggist vitanlega á því, að menn hafa þarna skilning á því, að það fari ekki vel saman að halda göfugar og veglegar minningarhátíðir og neyta áfengis.

Það hefur verið gert hér lítið úr áskorunum, ég skal fúslega taka undir það, að það er ekki ætíð mikið upp úr þeim að leggja, en þó er það vitanlega jafnfjarstætt að telja slíkar áskoranir einskis virði. Það hafa borizt hér til Alþingis nú áskoranir frá ýmsum félagssamtökum þessa lands og flestöllum stærstu æskulýðs- og menningarsamtökum, sem hér starfa, jafnframt frá áfengisvarnanefndum víðs vegar um landið, en þær n. eru starfandi í hverjum hreppi og yfirleitt í þær valdir ýmsir helztu framámenn í hverju sveitarfélagi, andlegir eða veraldlegir leiðtogar. Ég vil því ekki halda, að það sé ekkert leggjandi upp úr áliti þessara manna um þýðingu þeirrar till., sem hér liggur fyrir. En ég álít þó ekki, að þetta þurfi að vera afgerandi um afstöðu eins né neins til þessa máls. Þingmönnum er áreiðanlega treystandi til að gera upp sinn hug um það sjálfir, hvað þeir telja farsælt í þessum efnum, og þeim ber að velja þá stefnu og taka þá afstöðu til till., sem þeir telja líklegasta til að stuðla til góðs fyrir þjóðfélagið, jafnvel þó að það kosti þingmenn sjálfa einhverja smávægilega fórn.

Það hefur verið töluvert á það bent í þessum umræðum og virðist í rauninni vera aðalröksemdin gegn þessari till., að við getum ekki talizt hlutgengir í samskiptum við aðrar þjóðir nema veita vín.

Ég held nú í sannleika sagt, að það mundi verða vel metið víða um heim, ef einhver þjóð hefði kjark til að rísa upp gegn hinu siðspillandi sukki í sambandi við „diplómatíið". Ég hef ekki fyrir mér óvituri mann í þessum efnum en fyrrv. forsrh. Breta, Anthony Eden, sem einu sinni, skömmu áður en hann lét af völdum, lét einmitt orð falla um það, hversu óþolandi væri orðinn þessi sífelldi drykkjuskapur í opinberum veizlum og í sambandi við samskipti milli þjóða, í sambandi við ráðstefnur og sendiráðsveizlur og annað þess konar, þetta væri blátt áfram orðin hreinasta plága. Og ég held næstum því óhætt sé að segja, að það þurfi töluvert sterk bein til þess að þola þær kvaðir, sem á menn eru lagðar í þessu sambandi í utanríkisþjónustunni. Ég er ekki með þessum orðum mínum að bera drykkjuskaparorð á einn eða neinn í utanríkisþjónustu Íslands, en ég held, að hér sé um að ræða töluvert mikið vandamál, og ég býst við, að það mundi frekar vekja jákvæða athygli á Íslandi, ef Íslendingar hefðu kjark til að móta nýja stefnu í þessum efnum. Ég efast ekkert um það, að fyrst í stað yrði það illa liðið af ýmsum þeim, sem ekki geta hugsað sér að fara á mannamót nema drekka. Það verður að taka við þeim óþægindum. Og það er mest til vansa fyrir þá, sem eru haldnir þessum kvilla. En ég þori hiklaust að fullyrða, að þetta mundi verða okkur frekar til álitsauka en álitshnekkis meðal erlendra þjóða, ef þessi tilhögun væri upp tekin af okkar sendiráðum og í sambandi við veizlur, sem við höldum sendimönnum, sem hingað koma.

Það er oft talað um aðrar þjóðir og vitnað til þess, hvað þar gerist. Það er vissulega gott að taka það til fyrirmyndar, sem er gott í fari annarra þjóða. En við skulum líka varast að apa um of eftir öðrum þjóðum, ef þar er eitthvað tíðkað, sem við að okkar áliti teljum að sé ekki farsælt. Þá eigum við hiklaust að hafa manndóm og kjark til þess að taka upp þá siði, sem við teljum skynsamlegri í þeim efnum.

Ég held ég þurfi ekki margt fleira að segja um þetta mál á þessu stigi. Ég legg aðeins höfuðáherzlu á það, að hér er um að ræða að leita vilja Alþingis um það, hvort Alþingi og ríkisstj. vilji leggja þar sitt lóð á vogarskálina til þess að reyna að skapa heilbrigt almenningsálit í áfengismálum okkar þjóðar. Það er held ég viðurkennt af öllum, að aðalvandamálið í sambandi við baráttu gegn áfengisbölinu er spillt almenningsálit. Það er drykkjutízkan, og menn þora ekki að rísa upp gegn þeirri tízku. Leiðsögnin til þess að skapa tízku í þessum efnum er tvímælalaust í höndum hinna æðstu valdamanna þjóðfélagsins. Ef þeir ganga á undan í þessu efni, verður allt hægara um vik að reyna að orka í þessa átt í samkvæmislífi þjóðarinnar almennt. En meðan hægt er að benda á, að víni sé ausið í stríðum straumum og sú veizla sé naumast eða ekki haldin af opinberri hálfu, að þar sé ekki fljótandi vín, þá er erfitt að sannfæra borgara þjóðfélagsins um, að það sé til tjóns og spillingar að hafa slíkt um hönd.

Ég er í engum efa um, að það er mikið fylgzt með afstöðu Alþingis í þessu máli, og ég vildi mega vona, að hv. þingmenn íhuguðu það vandlega, áður en þeir snúast gegn þeirri till., sem hér liggur fyrir, hversu alvarlegan vanda er hér við að stríða og hvort hér hvíli ekki nokkur skylda á löggjafarvaldi þjóðarinnar og ríkisstjórn að reyna að orka til góðs í þessu efni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara sérstaklega ræðu hv. þm. A-Húnv., þar sem hv. 2. þm. Eyf. (MJ) hefur gert hana að umtalsefni. Ég er hv. 2. þm. Eyf. sammála um það, sem hann sagði efnislega um ræðu hv. þm., en ég vil þó bæta

því við, að ég tel frekar óheppilegt að blanda saman svo óskyldum málum sem þessum tveimur: sparnaðarmáli, að skera niður útgjöld ríkisins til skemmtiferða, veizluhalda og þess háttar, og menningarmáli, eins og sjálf till. er að efni til. Aftur á móti er ég alls ekki andvígur skoðunum hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Eyf. í þessu efni. Það má sannarlega skera eitthvað niður hvað þetta snertir. En það getur hindrað þetta mál, ef blandað er saman við það máli af öðru tagi. Auðvitað hlýtur sú spurning að vakna, þegar talað er um skemmtiferðir og veizlur, hvort eigi sé rétt að taka margt fleira, sem eigi að draga saman og spara í útgjöldum ríkisins. Ég er ekki alveg viss um, þó að skemmtiferðir séu dýrar, að það eigi endilega að byrja á því að skera niður þessa einu skemmtiferð á ári til handa starfsfólki stofnana. Það getur vel verið, að það megi draga úr þeim kostnaði, ég vil ekki neita því, en ég hygg, að margt sé í ríkisrekstrinum, sem mætti ganga eitthvað á undan þessu. En ég endurtek það, að af því að þetta eru óskyld mál, þá ætla ég að sleppa að ræða sérstaklega till. hv. þm. A-Húnv. að öðru leyti.

Umræðurnar um þessa till. okkar þremenninganna eru nú farnar að verða nokkuð langdregnar, og ef dæma mætti eftir lengdinni, þá lítur svo út, að hér sé um ekki neinn smáræðis ágreining að ræða hjá ræðumönnum. Ég hef heyrt menn hafa orð á því, að hér hafi átzt við tveir höfuðandstæðingar í málinu, hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Eyf. En eftir ræðu hv. 1. þm. Eyf. að dæma s. l. miðvikudag sýnist mér, að þessi ágreiningur sé miklu minni en menn ætla. Mér sýnist hann helzt liggja í því, að hv. 1. þm. Eyf. efist um, að sá árangur náist með samþykkt þessarar till., sem við flm. till. búumst við. Ég skil hann meira að segja svo, hv. 1. þm. Eyf., að ef hann hefði tryggingu fyrir því, að með samþykkt þessarar till. mundi draga nokkuð úr áfengisneyzlu í landinu almennt, sérstaklega meðal æskufólks, þá mundi alls ekki standa á honum að samþykkja hana.

Nú hefur þessi hv. þm. bent réttilega á, hversu kvikmyndir geta verið skaðlegar í þessum efnum, að unglingar horfi á drykkjuskap í kvikmyndum, svo að þeir muni sannarlega geta lært listirnar þar. Þetta er alveg rétt. Það eru bágborin uppeldisáhrif, sem alltaf er verið að flytja inn í landið með sumum af þessum myndum. Ofbeldi, rán, manndráp og drykkjuskapur er jafnvel höfuðinntakið í sumum af þessum myndum. En ef áhrifin eru svo skaðleg af þessum erlendu leikurum á kvikmyndatjaldi, — og þau eru vafalaust skaðleg, — hvað halda menn þá um áhrifin af áfengisveizlum hins opinbera, sem foreldrar og húsbændur þessara sömu unglinga sækja?

Ef samþykkt þessarar till. yrði til þess, að breytt yrði nokkuð um veizlutízku í landinu almennt, er þá nokkur vafi á því, að hún mundi hafa sín áhrif?

Samkv. ákvæðum l. nr. 29 frá 1947, um vernd barna og ungmenna, er framkvæmt eftirlit með kvikmyndasýningum hér í landinu. Þessum eftirlitsmönnum er þó ekki ætlað að hafa nein afskipti af því, hvaða myndir eru fluttar inn í landið. Það eina, sem þeir geta og gera, er að banna að sýna börnum innan 16 ára aldurs þær myndir, er þeir álíta að geti haft skaðleg uppeldisáhrif. Hins vegar er ekkert eftirlit með kvikmyndasýningum fyrir eldri unglinga en 16 ára. Það er því full ástæða til að gefa frekari gætur að gildandi lagaákvæðum um eftirlit með kvikmyndum, því að áhrif kvikmynda á unglinga detta ekki alveg úr sögunni, þó að unglingarnir verði 16 ára. En þegar hv. 1. þm. Eyf. var að ræða um nauðsyn á meira eftirliti með kvikmyndum, sagði hann, að slík till. sem þessi, sem hér er til umræðu, mætti fljóta þar með. Þessi ummæli hans sýna, að ekki telur hann till. óþarfa, því að ef hún væri óþörf, þá hefði hún hvergi þurft að fljóta með. Þetta færir mér heim sanninn um það, að þessi hv. þm. muni varla greiða atkv. gegn þessari till.

En það langmerkasta, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði í ræðu sinni um daginn, var þetta orðrétt: „Það verður að sýna uppeldismálunum meiri áhuga á Alþingi" og „reyna allar leiðir til þess að verja æskuna óhollum áhrifum". Ég vænti þess, að hver einasti hv. þm. geti tekið undir þessi orð, og þau eru ekki sögð að tilefnislausu. Ætli þau séu ekki sögð vegna þess m. a., hversu áfengisneyzla meðal æskumanna og kvenna fer gífurlega vaxandi? Þetta sér hv. 1. þm. Eyf. alveg eins vel og aðrir. En það er ekki nóg að sjá það, Það verður að reyna allar leiðir til þess að verja æskuna óhollum áhrifum, eins og hv. þm. orðaði það, og það er það, sem við flm. þessarar till. erum að gera. Íslenzka þjóðin galt mikið afhroð vegna berklaveikinnar áratugum og jafnvel öldum saman. Mikinn fjölda æskufólks lagði þessi sjúkdómur í gröfina. En þjóðin hófst handa um baráttu gegn þessum sjúkdómi undir forustu okkar beztu manna í læknastétt og hefur náð slíkum árangri, að það má nærri telja einsdæmi í heiminum, t. d. eru S.Í.B.S. og Reykjalundur orðin einhver glæsilegasta landkynning þjóðarinnar. Þjóðin galt líka mikið afhroð vegna slysfara á sjó og landi. Einnig þar hófst hún handa og sameinaðist eins og einn maður um Slysavarnafélag Íslands, sem náð hefur mjög ágætum árangri með starfsemi sinni. Æskufólk landsins er nú í hliðstæðri hættu vegna áfengisneyzlunnar og það var áður vegna berklaveiki, þó að einhver stigmunur kunni að vera þar á. Á þá ekki að reyna að bjarga því nú eins og þá? Er það eitthvað betra, að það tærist upp siðferðilega og líkamlega af þessum ástæðum frekar en hinum? Á ekki að reyna að bjarga þessu fólki frá sjúkdóma- og slysahættum, hvers kyns sem þær eru?

Það er hægt að deila um það fund eftir fund, að þessi till. beri ekki tilætlaðan árangur. En geri þeir þá betur, sem þannig

mæla, og komi með aðrar till., sem bera meiri árangur. Þeir verða þá að sýna þær leiðir, sem þeir vilja fara til þess að verja æskuna óhollum áhrifum, eins og hv. 1. þm. Eyf. sagði um daginn. Það mun ekki standa á okkur flm. þessarar till. að ganga til samvinnu við hvern sem er um slíkar aðgerðir í uppeldismálum. En hitt, að gera ekki neitt, það sættum við okkur ekki við.

Þeir æskumenn, sem villast út á glapstigu áfengisneyzlunnar, eru oft miskunnarlaust grýttir af almenningsálitinu. En þeir eru ekki einir um sökina. Þeir eldri og reyndari, jafnvel feður og húsbændur, bera líka ábyrgð og ekki sízt forustumenn þjóðarinnar. Þeim ber að vera leiðsögumenn, og þeir eru það líka. Það er fyrst og fremst á ábyrgð leiðsögumannsins, hvaða stefna er tekin. Undan þeirri ábyrgð verður ekki flúið. Þessi skylda hvílir ekki sízt á hæstv. Alþingi.

Það verður að sýna uppeldismálunum meiri áhuga á Alþingi, segir hv. 1. þm. Eyf. Hann sér hættuna, eins og vænta mátti af svo lífsreyndum manni. En hvers er þá að vænta í þessu efni af yfirstandandi Alþingi? Verður það aðeins þessi till., eða verður það kannske ekki einu sinni hún? Eftir tiltölulega stuttan tíma verða komnir nýir menn í ábyrgðarstöður þessa þjóðfélags, líka hér á hæstv. Alþingi. Það verða menn, er notið hafa leiðsögu þeirra að meira eða minna leyti, sem nú eru í þessum ábyrgðarstöðum. Hver þau ráð, sem hér verða ráðin nú, bæði í þessu máli og öðrum, hafa því sína þýðingu fyrir framtíðina.

Ég skal játa það, að till. þessi er ekki svo stórstíg sem æskilegt hefði þó verið. En það hefur reynzt furðu erfitt að stíga stóru sporin í þessu máli hér á hæstv. Alþingi að undanförnu. Og það er betra að stíga stutt spor og stíga það í rétta átt heldur en standa kyrr eða hrekjast af leið. Efni till. er ekki meira en það, að hætt skuli að veita áfengi á kostnað ríkis eða ríkisstofnana. Engum er bannað að neyta áfengis. Það er efnislega sagt við hvern þann, er opinbera veizlu sækir: Ef þú vilt neyta áfengis, þá gerðu það á þinn eigin kostnað eða a. m. k. ekki á kostnað hins opinbera. Er ekki erfitt fyrir hv. þingmenn að greiða atkv. gegn þessu? Vill nokkur svara sem svo: Nei, ég vil hafa áfengi í veizlum, og ég vil fá það á kostnað ríkisins?

Að þessu athuguðu get ég ekki skilið, að nokkur hv. þm. greiði atkv. gegn þessari till., og ég er því mjög bjartsýnn á framgang hennar á þessu yfirstandandi Alþingi.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst hæstv. forseti hafa sýnt dálitla ónærgætni, að hann skuli láta ræða þetta mál nú, þegar hv. þm. Borgf. er fjarstaddur, því þó að hv. þm. Borgf. sé ekki 1. flm. þessa máls, höfum við þó allir alþm. heyrt það, að hann hefur langmest gengið fram fyrir skjöldu í þessu máli af flm. Hann hefur nú ekki enn haldið nema eina ræðu, og sú ræða stóð nokkuð lengi. Það leið hálfur mánuður, frá því að hann hóf hana og þangað til hann lauk henni, að vísu liðu 13 dagar á milli þess, sem málið var tekið fyrir, en á þessum fundum, sérstaklega þeim fyrri, sem málið var rætt, eyddi hv. þm. Borgf. mestöllum þeim tíma, sem gekk til málsins, og svo hafa báðir hinir flm. talað. Þeim hefur lítillega verið svarað, og þess væri að vænta og ekki óeðlilegt, að þeir þyrftu aftur að taka til andmæla. En þetta er mál hæstv. forseta. Ég bendi aðeins á þetta og skipti mér ekki af því að öðru leyti.

Hv. 1. landsk. þm. hefur misheyrt það, sem ég sagði. Hann hafði það eftir mér, að drykkjuskapur væri ekkert vandamál í löndum Múhameðstrúarmanna. Ég held, að ég hafi ekkert sagt um það, man ekki eftir því og þykir það ótrúlegt, því að um þetta veit ég ekki neitt og get ekkert um það sagt. Ég sagði hitt, að mér þætti það engin furða, þó að þjóðhöfðingjar Múhameðstrúarmanna hefðu skrifað undir skuldbindingu um það að hafa ekki áfengisveitingar um hönd í sínum veizlum, vegna þess að þeim væri bannað það í Kóraninum að neyta áfengis, og þetta hygg ég að sé rétt. Ef það er áfengisvandamál í löndum Múhameðstrúarmanna, þá er það fyrir það, að það fer fyrir mörgum Múhameðstrúarmönnum eins og jafnvel getur komið fyrir templara, að þeir halda ekki þau boðorð, sem þeir eiga að halda. Þetta getur vel verið, að þar séu drykkjuvandamál, en ég veit ekkert um það og hef því tæplega nokkuð um það sagt.

Hann var að tala um, að ég hefði verið með úrtölur í þessu máli. Ég veit ekki, hvað hann kallar úrtölur. Ég fellst ekki beinlínis á, að ég hafi verið með þær. Hitt lét ég í ljós, að þegar um það væri að ræða að sporna á móti drykkjuskap í landinu, þá mundi þessi till. vera fremur þýðingarlítil og ekki hafa mikil áhrif.

Í ræðu hv. þm. Barð., sem hann hefur nú nýlokið, kom nákvæmlega fram sami skilningur og hjá mér, að jafnvel í ríkisveizlum, þar sem bannað væri að veita áfengi á kostnað ríkisins, mundi vera möguleiki á því að fá áfengi, ef veizlurnar væru haldnar á þeim hótelum, sem vínveitingaleyfi hafa. Hvort það kynni að þykja ókurteisi að gera slíkt, það kann að vera, en ég er ekki viss um, að það yrði af öllum fordæmt.

Annars hafa hér komið fram upplýsingar í þessu máli, sem ég undrast alveg, ef réttar eru. Það er um það, að ríkisstofnanir ýmsar haldi veizlur á kostnað ríkissjóðs og veiti þ. á m. áfengi á þann hátt og að mér skildist með kostnaðarverði, eins og ríkisstj. getur gert. Ég verð að segja, að ég hef ekki vitað um þetta. Ég veit, að ríkisstofnanir halda sumar veizlur fyrir starfsfólk sitt og jafnvel fleiri, þegar einhver hátíðabrigði eru hjá þeim, en ég hélt, að það væri ekki á þennan hátt, sem áfengi væri fengið, sem þar kann að vera veitt. Nú hefur einn af hv. endurskoðunarmönnum ríkisreikninganna, að mér skildist, upplýst það, að svo væri, áfengið væri þar veitt á alveg sama hátt

og ríkisstj. gerir í sínum veizlum. Ég veit ekkert, ef þetta er rétt, með hvaða heimild það er gert. Mér er kunnugt um það t. d., að hv. fjvn. heldur veizlu á hverju ári. Það skyldi þó aldrei vera, að það væri svona í hennar veizlum? Hv. þm. Borgf. hefur nú verið formaður hennar oft og lengi, þó að hann sé það ekki nú, og ótrúlegt þykir mér það, að slíkt hafi átt sér stað undir hans forsæti.

Hv. 1. landsk. þm., 1. flm. þessarar till., minntist á umgengni við útlendinga í þessu sambandi, og m. a. tók hann undir það, sem blöð templara voru með, þegar erlendir þjóðhöfðingjar komu hingað, sem kunnugt er, að tveir af þeim voru bindindismenn, að það væri hneyksli, að það skyldi vera haft vín um hönd í þeim veizlum, sem þeim var boðið til af íslenzkum stjórnarvöldum. Ég vil ekki mikið tala um þetta, en ég held nú samt, að þeir Íslendingar, sem voru í veizlu, sem hans hátign Svíakonungur hélt hér í sumar, hneykslist ekki. Mér er síður kunnugt um það, hvernig tilhögun var, þegar hans hátign Danakonungur var hér ári áður, og skal ekki nefna það neitt.

Það gleður mig mjög, að ég hef að einhverju leyti tekið skakkt eftir því, sem hv. 1. landsk. þm. sagði í sinni fyrri ræðu. Hann taldi sig ekki hafa sagt það, þó að mér heyrðist það, að það væru 2000 drykkjusjúklingar hér í Reykjavík, heldur hefði hann átt við allt landið, og komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera um 2% af íslenzku þjóðinni drykkjusjúklingar. Þetta er miklu skárra að heyra en það, sem hann sagði í sinni fyrri ræðu, þó að þetta sé nógu alvarlegt, og það er ekki einasta skárra fyrir okkur Íslendinga að heyra þetta heldur en það, sem ég þóttist heyra fyrst, heldur lítur þá út fyrir, að það sé skárra ástand í þeim löndum, sem ég nefndi, heldur en samkvæmt hinu. Þá ætti samkvæmt því, sem Íslendingar drekka á mann og t. d. Frakkar drekka á mann, að í staðinn fyrir, að það væri meiri hluti frakknesku þjóðarinnar, að börnum, konum og gamalmennum meðtöldum, sem væri drykkjusjúklingar, þá skilst mér eftir sama hlutfalli, að það ættu að vera, að allri þjóðinni meðtalinni, um 34% í hlutfalli við mannfjölda hér og þar og áfengisneyzlu hér og þar. Þetta virðist mér vera skelfileg tala, ef það eru 34% allrar frakknesku þjóðarinnar drykkjusjúklingar, en það hlýtur næstum að vera, ef þessar tölur hv. þm. eru réttar. Hann svaraði því að nokkru, hvað væri drykkjusjúklingur, og skilgreindi það. Ég hef vitanlega ekki læknisfræðiþekkingu til þess að gera neina athugasemd við það, sem hann skýrði. Aftur svaraði hann ekki þeirri spurningu, sem ég bar upp við hann sem lækni og sálfræðing, hvort áfengi gæti beinlínis haft áhrif í fjarlægð. Ég nefndi tvö dæmi um það, að ég þykist hafa séð það sjálfur, og jafnvel hef ég séð tvö dæmi þess, annað skemmtilegt og hitt heldur leiðinlegt.

Hv. þm. A-Húnv. minntist á þetta ódýra vín í veizlum ríkisstofnana. Ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á því. Hann minntist einnig á það, að nú væri áætlaður meiri hagnaður af áfengissölu en áður hefði verið, en hann talaði sjálfur um það, að áfengið væri selt með okurverði hér, og það er alltaf verið að hækka það, og á þessu ári var það hækkað, ef ég man rétt. Ég man ekki betur en það væri hækkað 1. febr. s. l. eða eitthvað um það bil, og þá getur orðið meiri hagnaður af áfengissölu fyrir ríkissjóð, þó að ekki sé meira drukkið.

Hv. samþingismaður minn, 2. þm. Eyf., taldi réttilega það þýðingarmeira að stemma á að ósi, eins og hann orðaði það, koma í veg fyrir drykkjuskapinn, heldur en hitt, þó að það væri gott út af fyrir sig, að vera með bjargráðaráðstafanir gagnvart þeim mönnum, sem í drykkjuskapinn væru fallnir. Þetta er vitanlega alveg rétt hjá honum. En eins og ég hef sagt, hef ég mjög takmarkaða trú á því, að þessi till., þó að samþykkt verði, mundi á nokkurn hátt stemma á að ósi. Og ég er satt að segja dálítið undrandi yfir því, að þessir áhugamenn um bann og bindindi skuli ekki hefja baráttu, bæði hér á Alþingi og utan Alþingis, fyrir því að lögleiða hér algert áfengisbann. Það væri þó a. m. k. tilraun til þess að stemma á að ósi. Nei, það er ekki gert, heldur er verið með alls konar kák, sem hefur haft vafasaman árangur. Ég man eftir því, að þegar áfengislögin voru hér til meðferðar og m. a. samþykkt heimild til héraðabanna, þá lagðist ég á móti þeirri till., og ég sagði alveg nákvæmlega .fyrir, hvað nú er fram komið, hvernig fara mundi um héraðabönnin, eins og þeim var fyrir komið. Það voru sett á héraðabönn í nokkrum kaupstöðum. Nú er búið að afnema þau í a. m. k. tveimur af þessum kaupstöðum með atkvgr. íbúanna, og nú er síðari villan argari hinni fyrri, því að það er enginn vafi, að það er drukkið meira í þessum kaupstöðum, vegna þess að héraðsbannið var um tíma, heldur en nú mundi vera gert, ef ekkert héraðsbann hefði verið. — Hann taldi óhugsandi, að það mundi verða drukkið í veizlu, t. d. á hóteli, þótt það hefði vínveitingaleyfi, ef gestgjafinn veitti ekki, þ. e. a. s. ríkið veitti ekki áfengi. En ef nú forstöðumaður veizlunnar keypti áfengi handa sér á hótelinu, það væri kannske einn heiðursgestur í veizlunni, sérstakur heiðursgestur, og hann keypti áfengi handa honum líka, hvað mundu gestirnir gera, þeir sem á annað borð vilja hafa vín með mat? Ég er ekki viss um, að nokkrum manni þætti það dónaskapur. Ég hef verið í slíkum veizlum, ekki sem ríkið hefur haldið, heldur sem félög eða samtök hafa haldið, t. d. heiðurssamsæti fyrir einstakan mann, þar hefur ekki fylgt neitt vín inngangseyrinum. Aðalforstöðumaður slíks samsætis hefur gert þetta, eins og ég var að lýsa. Hann hefur keypt vín handa sjálfum sér og heiðursgestinum. Svo hefur hver, sem þar hefur sýnzt, keypt vín handa sér og sinni dömu. Ég er ákaflega hræddur um, að það gæti farið svo, að veizlur, þó að haldnar væru á vegum ríkisins, færu svipað fram, jafnvel þó að þessi till. væri samþykkt.

Þá minntist hv. þm. á þær áskoranir, sem borizt höfðu Alþingi um að samþykkja þessa till. Ég vék að því í ræðu á dögunum, hvað ég legði upp úr slíkum áskorunum. Það er alltaf hægt að safna áskorunum undir hvað sem vera skal, svo að segja, og ekkert undur er það, þó að stórstúkan og aðrar stúkur sendi slíkar áskoranir. Þetta eru bindindisfélög og vilja auðvitað, hvar sem á því bólar að eigi eitthvað að takmarka áfengisneyzlu, styðja það. En mér þykir það dálítið kyndugt um áfengisvarnanefndirnar, að þær skuli hafa flestar eða allar bætt sér í þennan hóp. Áfengisvarnanefndirnar eru til orðnar samkvæmt lögum frá Alþingi, sumpart skipaðar, að mig minnir, af ríkisstj. og sumpart kosnar heima í héraði, og þær hafa ákveðið verkefni. Þeirra verkefni á að vera það vitanlega að sporna við drykkjuskap, hver í sínu umdæmi, og alveg sérstaklega að vinna að því, að áfengislögunum sé hlýtt á því svæði, sem þær eru kosnar fyrir. Hitt hef ég aldrei vitað né heldur var það orðað, þegar áfengislögin voru sett, að áfengisvarnanefndirnar ættu að vera nokkrir húsbændur Alþingis. Og hvað sem um þessa till. verður og hvernig sem ég greiði atkv. um hana að lokum, þá er eitt víst, og það er það, að ég hef þessar áskoranir að engu, tel mig ekkert minni mann, þó að ég hlaupi ekki eftir öllum áskorunum, sem gerðar kunna að vera.

Hv. þm. bjóst við því, að Ísland gæti vakið á sér athygli í útlöndum með því, að ekki yrði vín haft um hönd í sendiráðum íslenzkum; útlendir gestir, sem hingað kæmu, fengju ekki heldur áfengi í veizlum, sem þeim kynnu að vera haldnar. Ég býst við því, að Ísland gæti vakið á sér athygli. Við skulum setja sem svo, að þetta yrði gert. Sendiherrar okkar í útlöndum kæmu til annarra sendiherra og drykkju þar áfengi. Það má búast við því, því að ég hygg, að þeir séu fæstir af þeim bindindismenn. En þegar þeir kæmu til okkar sendiherra, — nei, það má ekki hér hafa neitt áfengi um hönd. Ríkisstjórnin íslenzka og önnur æðstu stjórnarvöld byðu sendiherrum útlendum í áfengislausa veizlu, heimsæktu svo sendiherrana og drykkju þar áfengi. Ég er hv. þm. alveg sammála um, að þetta mundi vekja athygli á Íslandi, en ég er ekkert viss um, að sú athygli væri eftirsóknarverð á allan hátt.

Hv. þm. Barð. minntist á það, að þetta væru orðnar langdregnar umræður um þessa till. Ég vék nú aðeins að þessu áður. En ég bendi honum á það, að það eru flm. till. sjálfir, sem hafa dregið hér tímann, og þó alveg sérstaklega einn þeirra. Það hefur ekki verið talað á móti till. neitt að ráði. Ef til vill má líta svo á, að hv. þm. A-Húnv. hafi talað beint á móti henni. En samt sem áður hafa hv. flm. þurft að nota eins langan tíma og raun ber vitni um. Hv. þm. Barð. sagðist ekki efa það, að ég mundi verða með þessari till., ef hægt væri að sannfæra mig um það, að hún mundi draga úr áfengisneyzlu. Þetta er alveg rétt. Ef hún gæti orðið til þess, að unglingar t. d. legðu niður drykkjuskap og yfirleitt mundi draga úr áfengisneyzlu í landinu til muna, ef hún yrði samþykkt, þá mundi ég verða með henni, en gallinn er, að það er ekki búið að sannfæra mig um þetta enn. Ég álít till. hégóma, sem engin áhrif getur haft í þessu efni, hreint ekki nein. Og eins og ég vék að áður, þá er ekki nema eitt til í þessu máli, og það er að reyna áfengisbann, ef menn vilja forða þjóðinni frá áfengisnautn. Að vísu yrðu bannlögin brotin, eins og bannlögin voru brotin á árunum, og þau yrðu sjálfsagt meira brotin en þá var, sökum þess að möguleikarnir til þess eru miklu meiri nú en þá var. En hvað um það, það væri þó tilraun, og sjálfsagt yrði það svo, að úr drykkjuskap mundi verulega draga með því móti að banna áfengi í landinu. Ýmiss konar félagsskapur mundi geta gert mikið, ef áhugi væri fyrir hendi. Það sýnir sig nú, að góðtemplarastúkan getur ekki mikið gert í því efni. En ef risi upp félagsskapur ungra manna nú með sama áhuga og sama eldmóði og ungmennafélögin höfðu á fyrsta áratugnum, sem þau störfuðu, þá væri ég viss um, að það gæti haft mjög mikil áhrif til þess að draga úr því, að ungt fólk sæktist eftir áfengi, og ýmiss konar félagsskapur gæti þannig komið til greina til þess að breyta skoðunum fólks á þessu og þeim kröfum, sem það gerði til sjálfs sín. En það opinbera aftur, ríkisvaldið, löggjafarvaldið, það álít ég að geti ekki gert neitt verulegt annað en samþykkja algert bann, allt annað verði hálfgert kák. Það er mín skoðun.

Forseti (EmJ): Hv. 1. þm. Eyf. lét liggja orð að því í sinni ræðu, að ég hefði sýnt hv. þm. Borgf. nokkra ónærgætni með því að taka málið á dagskrá að honum fjarverandi. Út af þessu vil ég aðeins segja það, að hv. 1. flm. málsins var nú hér viðstaddur. Ég hafði auk þess samráð við annan af flm. málsins um það, hvort taka bæri málið á dagskrá, og taldi hann, að það væri rétt að gera það, enda búið að vera svo lengi á dagskrá og nauðsynlegt að koma því til nefndar, að ég taldi ekki unnt þess vegna að bíða með það. Hv. þm. Borgf. gerði líka svo ýtarlega grein fyrir sínu máli á tveim fundum nú að undanförnu, að ég ætla, að hans sjónarmið hafi komið greinilega fram. Það eina, sem segja mætti til þess að réttlæta frestun, er það, að hv. 1. þm. Eyf. hafi ekki tækifæri til að svara hv. þm. Borgf. eins og hann mundi hafa kosið að honum fjarverandi, og er ég honum sammála um það. En það gefst væntanlega tækifæri til þess að gera það síðar, því að málið kemur væntanlega fyrir á ný, þó að það verði nú afgreitt til nefndar.

Ég vil aðeins taka það fram, að ég tók málið á dagskrá eftir að hafa haft samráð við einn flm. og eftir að ég sá, að 1. flm. málsins var hér viðstaddur.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hafa nú verið haldnar hér þrjár ræður, síðan ég talaði áðan, og í máli ræðumanna hafa komið fram nokkur atriði, sem gefa mér tilefni til

þess að segja um málið nokkur fleiri orð en ég hafði áður gert. Ég get verið hv. ræðumönnum þakklátur fyrir það, að þeir hafa tekið heldur vinsamlega í mína brtt. um að leggja áherzlu á það að draga úr kostnaði við skemmtiferðir og veizluhöld, en hv. þm. Barð. taldi, að það væri ekki vel viðeigandi að blanda þessu tvennu saman, sparnaðartali á fé ríkisins og svo menningarmáli, eins og hann kallaði það, eins og till. væri upphaflega flutt. Ég skal koma svolítið nánar að því síðar.

En varðandi mína till. þykir mér það mjög táknrænt fyrir hugarfar hv. þm. yfirleitt varðandi fjárútlát, hvernig þeir snúast við því að draga úr þeim kostnaði, sem á þessu sviði verður að teljast mjög óþarfur. Hv. 2. þm. Eyf. sagði eitthvað á þá leið, að hann undraðist það, að nokkur þingmaður, og átti þá sjálfsagt við mig, léti í ljós, að þingmenn gætu ekki fórnað einni brennvínsveizlu fyrir þetta mál. Hér er nú algerlega snúið við í rauninni mínum orðum, því að ég vék að því, að eins og kunnugt er, væri það alkunnugt, að það væri haldin ein þingveizla á ári, og annaðhvort yrði það að vera ein veizla eða engin, og vel mætti náttúrlega segja, að þennan sið væri hægt að afnema. Og ef það væri á annað borð inn á það farið að sýna einhvern sparnaðarvilja yfirleitt, þá hugsa ég, að margir þingmenn tækju því vel, þó að þeir töpuðu af þeim fagnaði, sem þar er um að ræða, ef það væri almennur vilji fyrir því að draga úr kostnaði. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt að segja, að það sé mér til neins vansa, þó að ég hafi nefnt það, að það yrði annaðhvort að vera ein veizla eða engin á ári á Alþingi. En hvernig er það með hv. stjórnarliða, sem hér hafa talað, og hvernig er það með hv. 2. þm. Eyf., sem hér hefur líka talað? Hv. 1. landsk. og hv. þm. Barð., sem eins og kunnugt er eru í stjórnarliðinu, hafa að sjálfsögðu haft aðstöðu til þess að kynna sér, hvernig stendur á því, að frá hálfu stjórnarinnar er eini tekjuliðurinn á áætlun fjárlaganna, sem er hækkaður, gróði af áfengisnautn árið 1958. Af hverju er þetta? Það virðist ekki vera af því, að þessir menn ætlist til þess, að það sé dregið úr áfengisnautn. Hv. 2. þm. Eyf., sem er í fjvn., hefur líka að sjálfsögðu tækifæri til þess að athuga það, ef á að lækka þennan lið eitthvað, eða hvaða ráðstafanir á að gera til þess, að það sé ekki svona mikill áfengisgróði á komandi ári. En menn átta sig sennilega ekki á því, að það, sem hér er verið að fara fram á með þessari till. um að banna áfengisnautn í opinberum veizlum, hefur engin áhrif á áfengisgróðann, og það er vegna þess, að vínið, sem þar er veitt, er tollfrjálst og álagningarfrjálst yfirleitt. Þó að það væru afnumdar allar áfengisveitingar í opinberum veizlum, hefði það engin áhrif á áfengisgróðann, sem ríkið ætlast til að fá, nema ef vera skyldi til þess að hækka hann, vegna þess að um leið og þetta væri afnumið, yrði það til þess, að í ýmsum þessum veizlum væri drukkið dýrt vín, sem er álagning og tollur á, eins og bæði ég og hv. 1. þm. Eyf. hafa bent á. Auk þess hef ég ekki séð neina till. frá þessum mönnum um það, að þeir vilji neina breytingu á því gera, sem alkunnugt er, að hér eru lögleiddar áfengisveitingar í hverju veitingahúsi og það ýmist daglega eða þá a. m. k. sex daga í hverri viku.

Annars er það eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Eyf., sem ég sé ástæðu til að víkja nokkuð að. Hann gerði það að aðalatriði til andmæla minni ræðu, að sér fyndist það óviðeigandi, jafnvel mér til vansa, að ég hefði talað um þetta mál, áfengismálið, eins og það væri ekkert vandamál. Út af þessu hlýt ég að segja fáein orð.

Ég talaði ekkert um áfengismál í heild sinni, heldur aðeins þær till., sem hér liggja fyrir, og tók það fram í upphafi minnar ræðu, að ég ætlaði ekki að flytja hér neina bindindisræðu, vegna þess að ég væri viss um, að það hefði engin áhrif til minnkunar eða annars í sambandi við áfengisneyzlu í landinu. En úr því að á mig er skorað, sem óbeinlínis er í þessum orðum, að tala um áfengisvandamálið, þá get ég gjarnan sagt um það nokkur orð, og það er sjálfsagt enginn maður hér innan veggja í neinum vafa um það, að áfengismálið er stórkostlegt vandamál í okkar þjóðfélagi eins og í öllum okkar nágrannalöndum. Og það þarf ekki annað að sjá í því efni en það, að það er gert ráð fyrir því að selja áfengi fyrir á annað hundrað millj króna. Þetta er stórkostlegt vandamál, þó að ekki væri neitt annað en fjárhagurinn, en það er ýmislegt fleira, sem kemur þar til greina. En þó að þetta sé svo, að þetta sé mikið vandamál, þá mundi þessi till., sem hér liggur fyrir og mest hefur verið rætt um, ekki hafa nein áhrif til þess að útrýma því vandamáli og því síður tal um það, að það sé það, sem mest á ríði, að það megi ekki sjást vín í þeim veizlum, sem það opinbera heldur, en það skuli þó halda veizlur.

Nú er það svo, að það er alveg þýðingarlaus iðja, sem fjöldamargir öfgamenn á þessu sviði hafa, að ætla að telja fólkinu trú um það, að vínföng, það sé eitthvað illt, það sé eitthvað illt og voðalegt, sem beri að útrýma. Því trúir enginn maður. Menn vita það allir, að vín er eitt af eftirsóttustu gæðum lífsins. Hitt vita allir, að það er svo eftirsótt vegna þess, að það eru af því slík áhrif, að mönnum mörgum þykir það eftirsóknarvert. En vegna þess að það er eftirsótt, er meðferðin á því meira vandamál en á jafnvel nokkru öðru nautnalyfi eða nautnameðali, sem til er. Og það er vandamálið, hvernig á að umgangast gæði lífsins á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum. Í því felst sá hinn mikli og stóri vandi, sem áfengið hefur í för með sér. Við getum vitnað í spámenn og skáld og listamenn um það, að þeir hafa sannarlega ekki allir talið vín vera með því vonda í lífinu. Við þurfum ekkert annað en minna á orðin í einu alkunnasta kvæði okkar ágætasta skálds, Jónasar Hallgrímssonar, þar sem hann segir:

„Meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl,
þá er það víst, að beztu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til."

Hvað er það, sem þetta fræga skáld og snillingur segir með þessum orðum? Hann segir það óbeinlínis: Glæsilegustu hugsjónirnar, fegurstu ljóðin, drengilegustu verkin eiga upptök til þess, þegar guðaveigar lífga sálaryl. En vandamálið er ekki þar. Vegna þess að hér er um að ræða eftirsótt nautnameðal, er vandamálið í því að kenna fólkinu að umgangast þennan hlut skynsamlega, þannig að það sé ekki nautnin, sem ræður yfir manninum, heldur sé það maðurinn, sem ræður yfir nautninni.

Hér hefur verið minnzt á menningarmál í þessu sambandi, og það eru engin undur, þó að það sé gert. Á okkar fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir rúml. 116 millj. kr. til menntamála á næsta ári. Ég gæti trúað, að einstaklingarnir legðu kannske annað eins fram eða eitthvað í þá áttina. Og eitt af því, sem á að vera tilgangurinn með öllu skólahaldi, öllum kostnaði við menningarframkvæmdir, er að kenna fólkinu að umgangast gæði lífsins á þann hátt, að það sé þeim til sæmdar, en ekki vansæmdar. Þess vegna er það, að það er hlutverk foreldra, skóla og kirkjuhöfðingja, ekki að reyna að troða því inn í fólkið, að meðal eins og áfengi sé einhver ægilegur hlutur, sem beri að hata, heldur kenna því að umgangast þessa nautn og allar aðrar þannig, að það hafi vald á þeim, og það sé gert á þann hátt, að það verði þeim ekki til smánar og vanvirðu.

Það er talið, að hér á Norðurlöndum séu menn veikari fyrir ofdrykkju en víðs vegar annars staðar í heiminum, og það kann rétt að vera. En hluturinn er sá, að það er e. t. v. af því, að hér er kaldara en annars staðar. En því meiri ástæða er til þess að reyna að vinna þannig að þessum málum, að það sé ekki gert á öfgafullan hátt, sem oftast verkar öfugt við það, sem til er ætlazt, heldur sé það gert þannig, að fólkinu og sérstaklega unglingunum sé sýnt fram á, að það verður að umgangast þessa nautn eins og allar aðrar þannig, að það ráði yfir sér, en nautnin verði ekki herra yfir þeim sjálfum.

Hv. 1. þm. Eyf. vék að því, að það væru nýjar upplýsingar fyrir sig, að hér væru haldnar veizlur á kostnað opinberra stofnana. Ég hefði nú haldið, að svo þrautreyndur og gamall og gáfaður þm. sem hv. 1. þm. Eyf. er væri búinn að vita þetta fyrir lifandi löngu. Þetta hefur gerzt í fjöldamörg ár. Það eru haldnar veizlur á kostnað opinberra stofnana, ýmist sem þær eða þeirra forstöðumenn sjá sjálfir um ellegar það er þá í umboði ráðherranna. Og ég get m. a. sagt ykkur það, að t. d. stjórnarráðið hefur aldrei fengið eins mikið af tollfrjálsu áfengi til afnota fyrir gesti ríkisstjórnarinnar eins og árið 1956. Og ég býst við, að það sé kannske enn þá meira á yfirstandandi ári, þó að ég viti ekki um það, því að ég hef enga reikninga um það séð. Hins vegar verð ég að segja hv. 1. þm. Eyf. og öðrum hv. þm. það, að það er ekki algild regla, þó að opinberar stofnanir haldi veizlu og láti stofnunina bera kostnaðinn, að þar sé tollfrjálst vín. Hitt er líka til, einstakar stofnanir hafa haldið afmælisveizlu án þess að hafa fengið afslátt af því víni, sem þar er haft til meðferðar.

Nú skal ég ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil ljúka þeim með því að segja, að það er ákaflega mikill misskilningur, ef nokkur maður vill halda því fram í alvöru, að það sé eitthvert úrslitaatriði í sambandi við áfengismál á Íslandi, hvort þessi till. verður samþykkt eða ekki. Því fer ákaflega fjarri. Ég efast um, að hún mundi hafa nokkur áhrif, þó að samþykkt yrði. Það eru allt aðrar ráðstafanir, sem þar þurfa að koma til greina, ef gagn ætti að verða, og þeir menn, sem eru hér í valdaaðstöðu í okkar þjóðfélagi, hafa það á valdi sínu að athuga það, hvað eigi helzt að gera til þess að koma fólkinu í skilning um það, að því ber að umgangast gæði lífsins á þann hátt, að það sé til sæmdar, en ekki vansæmdar yfirleitt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er nú e. t. v. ekki rétt að vera að lengja þessar umræður, sem má segja að séu orðnar nógu langar, enda þótt ég að vísu telji það ekki á neinn hátt vera að sóa tíma Alþ., þó að rætt sé um áfengismál, því að eins og flestir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa tekið fram, þá er hér um að ræða ein stærstu vandamál okkar þjóðar. Ég ætla þó ekki að flytja langa ræðu, en það voru nokkur atriði, sem ég gat ekki stillt mig um annað en drepa á, sumpart til að leiðrétta.

Ég sé enga ástæðu til þess að vera að halda uppi stælum um það frekar, hvað sé kurteislegt og hvað ekki kurteislegt í sambandi við vínveitingar. En ég held þó, að það hljóti að vera hverjum manni ljóst, að það er sitt hvað, hvort haldin er veizla til heiðurs manni, sem er bindindismaður, og þar sé veitt vín, eða þó að hann haldi slíka veizlu fyrir menn, sem hann gerir ráð fyrir að gjarnan vilji neyta víns, og veitir þar vín. Það er að sjálfsögðu mikill eðlismunur.

Það var spurt hér að því, af hverju bindindismenn berðust ekki fyrir banni. Það kann að vera ástæða til að spyrja að því. En þó mun ekki vera nein breyting a. m. k. skilst mér varðandi skoðun templara á því, að það sé þeirra höfuðstefnumál að koma á banni. Aðra bindindismenn kann að greina á um það, hvort rétt sé að innleiða bann eða ekki á þessu stigi málsins. Vitanlega er það sú endanlega leið, sem hlýtur að verða að fara, ef á að útrýma áfenginu úr landinu. En ég fyrir mitt leyti álít, að bann hafi því aðeins tilætlaða þýðingu, að það hafi verið skapað í landinu áður nauðsynlegt almenningsálit gegn drykkjuskap. Og ég efast um og er raunar viss um, að það álit hefur ekki verið skapað í dag, þannig að það verður að vinna að framgangi þessa máls fyrst og fremst á þeim grundvelli að reyna að skapa þetta almenningsálit, og um það hafa ýmis félagasamtök tengzt að reyna einmitt að vinna að málinu á þennan hátt.

Ég vil leyfa mér að mótmæla þeirri kenningu hjá hv. 1. þm. Eyf., að áfengisvarna-

nefndir hafi farið út fyrir sitt verksvið með því að senda áskoranir til Alþingis um að samþykkja þessa till., vegna þess að nefndirnar eigi ekki að vera húsbændur Alþingis, þar sem þær séu kjörnar eftir lögum frá Alþ. Ég veit ekki til þess, að þessar n. hafi á neinn minnsta hátt reynt til þess að gerast húsbændur Alþ. En að þær megi ekki senda Alþ. skoðanir um sinn vilja, byggðan á þeirri reynslu, sem þær eiga að hafa og hafa í baráttunni gegn áfengisbölinu, það finnst mér næsta fráleit kenning, og það væri miklu nær, að þær brygðust sínu hlutverki, ef þær ekki létu í ljós skoðanir sínar á einmitt því máli, sem þær eru sérstaklega kjörnar til að annast. Og ástæðan til, að þær skora á Alþ. að samþykkja þessa till., er blátt áfram sú, að þær telja, að samþykkt hennar skapi bætt skilyrði til þess að vinna gegn óeðlilegri og skaðvænlegri áfengisnautn á samkomum í þeim héruðum, þar sem þær eru starfandi.

Ég vil nú ekki gera að löngu umtalsefni ræðu míns góða frænda, hv. þm. A-Húnv. (JPálm). En ég verð að segja það þó, að hann hélt áfram í sinni síðari ræðu að valda mér miklum vonbrigðum, því að ég minnist þess nú satt að segja ekki að hafa heyrt ræðu flutta, sem hafi verið jafnandstæð bindindi og þessi ræða, sem hann flutti hér áðan. Og ég efast um, að þessi ágæti þm. hafi athugað það til hlítar, hvaða afleiðingar það mundi hafa í þjóðfélaginu, ef ætti að framfylgja þeim kenningum, sem hann var hér með, þar sem hann blátt áfram hélt því fram, að áfengið væri meðal, það væri nánast guðaveigar, eins og hann vitnaði í eitt ágætt skáld, og að það ætti eiginlega að vera hlutverk menningarstofnana í þjóðfélaginu, ekki að stuðla að því, að menn forðuðust þennan dýrðardrykk, heldur að unglingarnir kynnu með hann að fara, kynnu að meta hann og gerðu sér grein fyrir þá vafalaust um leið, að þessar veigar væru í rauninni upphaf eða a. m. k. aflgjafi ýmissa þeirra stórkostlegustu verka á andlegu sviði, sem fram hefðu komið. Ef ætti að fara að taka upp kenningar í þessu formi, gefur það auga leið, að það í rauninni hlýtur að verða mjög mikilvægt atriði í andlegu uppeldi þeirra manna, sem eiga eitthvað að verða til stórra hluta í þjóðfélaginu, að þeir meðhöndli vín, að vísu á þann skikkanlega hátt, sem hv. þm. talar um, en að það hljóti að verða þeim mjög til trafala á þroskabrautinni, ef þeir ekki neyta áfengis.

Ég held sannast sagna eða vil a. m. k. trúa því, að hv. þm. A-Húnv. hafi ekki til hlítar gert sér grein fyrir, hvaða afleiðingar þessi kenning hljóti að hafa. Hann sagði, að vín væru hin eftirsóttustu gæði, en ekki illt, ef rétt væri með farið. Það er alveg rétt, að fjöldi manna getur farið með vín á þann hátt, að það verði ekki þeim til tjóns. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að ég hygg, að enginn maður, sem hefur orðið áfengi að bráð, hafi ætlað sér að verða drykkjumaður fyrir fram, heldur hafi hann ætlað að meðhöndla þessa guðaveig á þann hátt, sem hv. þm. A-Húnv. gat um. En niðurstaðan hefur sorglega oft orðið sú, að þetta hefur gengið lengra en góðu hófi gegnir. Og ég leyfi mér að fullyrða, að það, sem af er a. m. k., hafi mannkynið og einnig okkar litla þjóð haft stórkostlega meiri bölvun af áfenginu heldur en gott, þannig að það sé ekkert áhorfsmál, að það hljóti að verða stefnan — og vil ég taka undir það með mínum ágæta samþingismanni, hv. 1. þm. Eyf. — að útrýma áfengi úr okkar þjóðfélagi og að um það hljóti öll góð öfl í þjóðfélaginu að sameinast.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af því, sem hér hefur komið fram síðast.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði eitthvað á þá leið, að ég teldi till. þýðingarlitla. Ég sagði, að ég teldi till. ekki svo stórstíga sem æskilegt væri, af því að það er svo erfitt að stíga stór spor í þessum málum hér á hæstv. Alþingi. Hún getur haft þó nokkra þýðingu, þó að við hefðum viljað flytja mál, sem hefði miklu stærri þýðingu, en við vissum að var vonlaust að koma fram, og þá viljum við heldur koma fram máli, sem nær skemmra, heldur en koma engu fram.

Hann sagði, að það hefði ekki verið talað hér á móti till. í sjálfu sér. Það er nokkuð til í þessu, en þó herti hann upp hugann núna og sagði, að till. væri hégómi. En með tilliti til þess, sem hann er áður búinn að segja, að hæstv. Alþ. þurfi að leggja áherzlu á uppeldismálin og að það verði að finna allar leiðir til þess að forða æskunni frá óhollum áhrifum, hvað hefur hann og skoðanabræður hans þá gert hingað til til þess að ná þessu marki, sem þeir telja nauðsynlegt að ná? Hann er sjálfur búinn að sitja bráðum 42 þing. Hann segir, að aðalatriðið eða þýðingarmesta atriðið sé að koma hér á banni. Hvað hefur hann þá flutt margar till. hér á hæstv. Alþ. til að koma á banni? (**BBen:** Eigum við von á till. frá honum um það?) Ég veit ekki, hvort við eigum von á henni, en hún kemur nokkuð seint, jafnvel þó að hún kæmi nú.

Nei, ég held, að hv. þm. viti það sjálfur, að till. er ekki þýðingarlaus. Hún getur haft verulega þýðingu, og af því er hún flutt.

Ég skal vera fáorður í garð hv. þm. A-Húnv. (JPálm), vegna þess að það ómak hefur verið tekið af mér. Hann sagði, að áfengismálin væru stórkostleg vandamál, en jafnframt sagði hann, að vínið væri eftirsóttustu gæði lífsins. Og hvað vildi hann svo gera? Ekki neitt. Hann sagði, að það væri aðallega hlutverk foreldra, skóla og kirkjuhöfðingja að sinna þessu máli. Það er rétt, vafalaust gera foreldrar það, sem þeir geta, í þessu. En ef foreldrum tekst það ekki nema að litlu leyti, þá hvað? Vissulega gera skólarnir líka mikið í þessum málum. En skólarnir hafa mjög takmörkuð áhrif á unglinga. Þeir eru skamman tíma undir forsjá skólanna. Of ef þeim tekst ekki að ná þeim árangri, sem æskilegur væri, hvað þá? Hann nefndi kirkjuhöfðingja. Ég veit ekki, hvort hann á eingöngu við biskupa

eða presta líka. Ég verð að segja það eins og það er, ég hef ekki orðið var við, að kirkjan hafi beitt sér sérstaklega í þessum málum. En það má sama segja um þá, kirkjuhöfðingjana, ef þeir ekki ná þeim árangri, sem æskilegur er, hvað þá? Hvað var gert gegn berklaveikinni, áður en reist voru hælin á Vífilsstöðum og Kristnesi? Við höfðum lækna þá. Átti þá að segja við sjúklingana: Þið hafið lækna? Þarf þá ekki að gera meira? Hvað var gert í slysförum áður en Slysavarnafélag Íslands var stofnað? Áttum við að segja við sjómenn og aðra: Þið hafið björgunarbáta á skipunum? Átti þá ekki að stofna Slysavarnafélag Íslands? Jú, ég veit, að hv. þm. sér, að þegar þessir aðilar megna ekki að gera það, sem þeir þurfa að gera, þá verða aðrir að koma til. Og ef á að skjóta öllum áhyggjum sínum upp á þessa aðila, hvað er þá hlutverk Alþingis? Koma því þessi mál ekkert við?

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er aðeins út af því, að hv. þm. Barð. (SE) spurði mig, hvað ég hefði gert til þess að greiða fyrir því, að bann kæmist á hér á landi eða takmarkanir um áfengi, og auðheyranlega vissi hann ekki til þess, að það hefði neitt verið.

Hér á Alþ. hef ég ekki gert mikið til þess, það skal ég játa, en þó vann ég að því sem nefndarmaður í Alþ. og með atkv. mínu, að á árunum rétt fyrir 1930, ég man því miður ekki ártalið nákvæmlega, voru sett þau ströngustu áfengislög, sem hér hafa verið, eftir að áfengi var leyft aftur. Ég samþykkti að sjálfsögðu, eins og flestallir þm., að afnema bannið við sterkum drykkjum, þegar þjóðin var búin að samþykkja það. Hitt er svo annað mál, sem ekki kemur þessu beinlínis við og ekki hans spurningu, en ég get þó aðeins getið þess, að hefði ég haft kosningarrétt árið 1908, því að ég var kominn til vits og ára þá og fylgdist vel með því, sem var að gerast, þá hefði ég samþykkt bannið. En vitanlega gerði ég það ekki sem þingmaður, enda ekki kominn á þing. En því miður, allar vonir um þessi ströngu ákvæði, bæði um bannið og þessi ströngu ákvæði frá áfengislögunum, hvort það var frá 1928 eða öðru ári, brugðust. Þá kom bara bruggið í staðinn, og smyglið jókst.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú nokkuð langt síðan þetta mál var til umr., og mundi vera kominn tími til þess, að þessi till. kæmist til n., enda mundi hún vera komin þangað fyrir löngu, ef hv. flm. hefðu ekki haldið hér uppi umr. um hana. Ég tók nokkurn þátt í þessum umr. síðast og aðallega vegna þess, að ég hafði flutt brtt. á þskj. 88, ef ég man rétt, um að færa þessa till. út á raunhæfara svið. En nú hef ég ekki nema athugasemdina og kvaddi mér hljóðs aðallega til þess að mótmæla tveimur atriðum í ræðu hv. þm. Barð., sem var einn af flm. þessa máls.

Hann hélt þeirri fjarstæðu fram, að ég hefði talið, að vínföng væru eftirsóknarverðari lífsgæði en allt annað. Auðvitað sagði ég ekkert slíkt, en tók það fram, sem allir vita að er rétt, að vínföng eru meðal þeirra gæða lífsins, sem sótzt er eftir meðal margra, og þess vegna eru áfengismál vandamál í hverju þjóðfélagi eða víða um heim.

Annað, sem hv. þm. Barð. vildi mótmæla, var það, að ég minntist á, að ég teldi mikla nauðsyn á því, að þeir, sem hefðu með uppeldismál að gera, skólakennarar og prestar, ynnu að því að sýna fólkinu fram á nauðsyn þess að hafa hófsemi í sínu lífi. Þetta taldi hv. þm. Barð. miklar öfgar, að láta sér detta í hug að nefna presta í því sambandi, vegna þess að þeir gerðu aldrei neitt. Ég vil nú fyrir hönd prestastéttarinnar mótmæla slíku vantrausti, því að þeir prestar, sem ég hef haft mest kynni af, hafa verið hinir mestu hófsmenn og á margan hátt unnið að því að bæta siðferði í okkar landi.

Að öðru leyti skal ég ekki neitt fjölyrða um þessa till. Eins og ég sagði áðan, þá er til þess kominn tími, að hún komist til n., sem hefur dregizt vegna þess, sem ég hef áður getið um.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Umr. um þessa till. eru nú orðnar alllangar, og ég skal ekki tefja þær mikið né blanda mér í efnishlið málsins nema að litlu leyti. En það eru formsatriði, sem ég vildi vekja athygli á, sérstaklega fyrir hv. n., að till. hljóðar svo: „Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.“ Mér skilst, að Alþ. geti eðli sínu samkvæmt ekki gert slíka ályktun, svo að bindandi sé, nema í lagaformi, það sé ljóst, að ef þetta eigi að vera bindandi fyrir ríkisstj. og aðra aðila, sem hafa yfir risnu að ráða af hálfu ríkisins, þá verði þetta annaðhvort að vera áskorun til ríkisstj. eða þá lagaboð, sem auðvitað er vel hægt að setja. En einföld ályktun með þeim hætti, sem hér er ætlazt til að gerð sé, sé ekki bindandi, heldur ráði hver því, sem yfir risnufé hefur að ráða, hvernig hann fari með það, meðan hann fer ekki út yfir það fé, sem honum er ætlað. En ef það er rétt, að þál. geti ekki orðið skilin á annan veg en þann, að einungis sé um áskorun til réttra stjórnvalda að ræða, sem þeim getur verið meira eða minna stjórnmálaleg nauðsyn að hlíta, þá vildi ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvort nokkur þörf sé á að samþ. þessa ályktun, eins og nú er komið. Ég sé sem sagt í málgagni hæstv. forsrh. í morgun grein, sem heitir: „Á að drekka í veizlum vín?“ Það er að vísu í þeim dálki, sem heitir: „Orðið er frjálst“, svo að nokkur fyrirvari er á hafður af aðstandendum blaðsins. Höfundur greinarinnar er Stefán Kr. Vigfússon, Arnarhóli. Með leyfi hæstv. forseta, þá stendur þar:

„Mér þótti það miklar og góðar fréttir, þeg-

ar ríkisstj. tók upp þann hátt á s. l. vori að hafa ekki vínveitingar um hönd á þjóðhátíðardaginn. Mér fannst mega túlka það á þá lund, að ríkisstj. liti svo á, að því aðeins værum við frjáls þjóð í frjálsu landi, að við gerðumst ekki þrælar neinnar þeirrar nautnar eða venja, sem okkur væri niðurlæging að.“

Svo er haldið áfram í þessum dúr, en segir síðan enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá hefur ríkisstj. einnig haldið uppi sama hætti í móttökuhófi sínu á nýársdag. Slíkt er sannarlega virðingarvert, og vil ég nota tækifærið, fyrst ég tók mér penna í hönd, og þakka fyrir mitt leyti ríkisstj. fyrir þetta menningarspor, sem hún hefur stigið á samkvæmissviðinu. Það má því segja, að ríkisstj. sé fyrir sitt leyti búin að samþ. umrædda till. Það væri því meira en meðalskömm, ef þingið færi að þessu undangengnu að fella hana. Það væri eins og *hnefahögg í andlit ríkisstj. og frekleg lítilsvirðing* á þessari viðleitni hennar til þess að hefja samkomutízku þjóðarinnar úr þeirri niðurlægingu, sem hún nú er komin í.“

Nú vil ég að gefnu tilefni spyrja hæstv. ríkisstj.: Er það svo, að hún sé með öllu hætt að veita vín í veizlum, eða er það einungis þegar svokölluð alþýða á þess kost að heimsækja hana, en helzt ef til vill, að þegar höfðingjarnir koma þar í lokaðar veizlur, þá fái hver að drekka eins og hann lystir? Það er mjög mikilsvert að fá þetta upplýst, því að ef það skyldi vera svo, að ef ríkisstj. væri með öllu hætt að veita vín, þá er með öllu ástæðulaust að samþ. þessa till., því að þá felur hún ekki meira í sér en þegar er orðið. Mér þykir mjög sennilegt, að svo sé einmitt, að nú sé með öllu hætt við vínveitingar, þar sem kunnugt er, að sumir hæstv. ráðh., meðan þeir voru aðeins *óbreyttir þm., fluttu ár eftir ár till. sama efnis* og nú er, og ég trúi því vart, að þeir eigi hlut að því að halda veizlur sjálfir, þar sem þeir ráða öllum veitingum, og veiti vín, úr því að þeir vildu skora á aðra að hætta því. Eða skyldi það vera þannig, að jafnvel þeir ráðh., sem fluttu till. um að hætta vínveitingum, meðan þeir voru þm., hafi vínveitingar í veizlum, sem þeir sjálfir persónulega standa fyrir?

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 18:10 atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, utan dagskrár, mælti

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Í byrjun þessa þings kom fram till. til þál. um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkis og ríkisstofnana. Þessari till. var vísað til hv. allshn. 12. febr., og hefur hún því verið þar til athugunar nú í 6 vikur. Þetta verður að álítast ríflegur tími, einkum þegar tekið er tillit til þess, að till. hafði langa viðdvöl hér, áður en hún fór til hv. nefndar. Henni var útbýtt 25. okt., var 8 sinnum sett á dagskrá og rædd á fjórum eða fimm fundum hér.

Ég vil nú mælast til þess, að hv. allshn. skili áliti um þessa till. hið allra fyrsta. Málefninu, sem í till. felst, hæfir ekki svæfing í nefnd. Sérhver viðleitni gegn ómenningu drykkjuskaparins verðskuldar þvert á móti fyllstu athygli hins háa Alþingis. Því vænti ég þess einnig, að hæstv. forseti beiti sínum áhrifum, ef með þarf, til þess að till. fái fulla þinglega afgreiðslu innan skamms.

Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. *fundi í Sþ., 7. maí, var enn fram haldið* einni umr. um till. (A. 44, n. 449, 88, 95).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt efni þessarar till. á mörgum fundum, en meiri hl. hennar, eða allir nm. nema einn, getur ekki fallizt á, að rétt sé eða viðeigandi að binda hendur ríkisstj. á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í till., meðan í landinu er fullt frjálsræði um sölu og veitingu áfengra drykkja.

Þetta álit n. á ekkert skylt við hugmyndir manna um það, hvort bindindissemi almennt sé sjálfsögð og eðlileg. Um það hygg ég að séu yfirleitt ekki skiptar skoðanir. En meðan vínbann er ekki í landinu, getur það ekki talizt viðeigandi fyrir Alþingi að taka ríkisstj. eina út úr og banna henni risnu, sem öllum öðrum í landinu er heimil.

Hins vegar er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þess sé krafizt af Alþingi, að ríkisstj. og stofnanir hennar sýni fulla hófsemi í veitingu áfengra drykkja sem og annarri risnu, sem talin er nauðsynleg til að sýna þá gestrisni, sem með eðlilegum hætti er hægt að krefjast af ríkisvaldinu.

Ríkisstj. á því að vera í sjálfsvald sett, eins og málum er hér háttað, hvort hún veitir vín í veizlum og að hve miklu leyti, en slíkt verður að sjálfsögðu að fara eftir ástæðum.

Ég tel það lofsverðan hátt, sem upp hefur verið tekinn, að ríkisstj. veitir ekki áfengi í almennri móttöku 17. júní og hefur því engar vínveitingar á boðstólum þann dag.

Á hinn bóginn er þess ekki að dyljast, að mönnum þykir oft nóg um, ef einstakir ráðh. bjóða til víndrykkju, hversu lítilfjörlegt tilefni sem gefst, ef svo mætti segja, og verður það út af fyrir sig að teljast ofrausn, ef ríkissjóður er látinn greiða stórfé fyrir almennar drykkju- og matarveizlur, sem ráðh. telja sig þurfa að halda, vegna þess að haldnir eru hér í Reykjavík ársfundir ýmissa félagsheilda, sem í starfsemi sinni heyra undir valdsvið einhvers ráðherra. En það er vitanlegt, að allar slíkar félagsheildir heyra undir starfssvið einhvers ráðherra. Það er að öllu leyti eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi beini því til ríkisstj., að hún sýni hófsemi og varúð í allri opinberri risnu, og þess vegna leggur nefndin til, að samþykkt sé hin rökstudda dagskrá á þskj. 449.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég er hræddur um, að hv. allshn. hafi ekki gert sér

ljóst, hvað fyrir flm. till. vakti, og því langar mig til þess að fara um þetta mál örfáum orðum enn á ný.

Till. um, að ekki skuli veita áfengi á kostnað ríkis og ríkisstofnana, hefur nú legið fyrir hinu háa Alþingi allan nýliðinn vetur. Hv. allshn. hefur á þriðja mánuð haft hana til athugunar og allan þann tíma ekki treyst sér til að veita henni neins konar afgreiðslu. Það er fyrst eftir að níu hv. alþm. hafa krafizt þess skriflega, að till. verði tekin á dagskrá, og hæstv. forseti að líkindum lagt fast að hv. nefnd, að hún mannar sig upp í að skila áliti, ef álit skyldi kalla.

Þótt till. um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkisins sé ekki neitt stórmál, er þar þó merku máli hreyft og athyglisverðu. Það er svo sem ekki verið að fara fram á mikið, aðeins það, að ríkið og stofnanir þess standi ekki fyrir áfengisveitingum í veizlum eða á öðrum samkomum. Það örlar ekki á því í till., að neinum skuli íþyngt hið minnsta né réttindi nokkurs manns skuli skert. Það eru hvorki álögur né réttarskerðing, að gestgjafi helli ekki áfengi ofan í gesti sína. Það vakir ekki sérstaklega fyrir með flutningi till. að spara ríkinu útgjöld, og hún er eigi heldur fram borin að neinu gefnu tilefni í sambandi við opinberar veizlur. Tilgangurinn er sá einn, eins og margsinnis var lýst í vetur, að gefa öðrum fagurt fordæmi í umgengninni við áfengi, og þess er vissulega brýn þörf, enda mun enginn maður með ábyrgðartillfinningu neita því.

Það er sannfæring okkar flm., að verði ályktunartill. samþykkt, muni þær samkomur, sem ríkið stendur fyrir og boðar til, reynast öðrum holl fyrirmynd, sem eftir verður tekið og eftir verður breytt. Á þann veg gæti samþykkt þessarar till. orðið hinu stóra áfengisvandamáli þjóðarinnar að miklu liði. Engan hef ég heyrt mótmæla því, að drykkjuskapur sé böl, og allir virðast sammála um, að við það böl eigi íslenzka þjóðin að stríða. Það er einnig viðurkennd staðreynd, að því almennar sem áfengis er neytt, því meira er um ofdrykkjuafbrot, slysfarir, vinnutjón og annað illt, sem siglir í kjölfar drykkjuskapar.

Loks munu flestir á einu máli um, að varðandi áfengisneyzlu almennings sé fátt áhrifaríkara til góðs eða ills en ríkjandi samkvæmisvenjur. Mjög miklar líkur verður að telja fyrir því, að samþykkt till. okkar þremenninganna og framkvæmd hennar mundi hafa heillavænleg áhrif á samkvæmistízkuna hér, enda er hún flutt í trausti þess. Ef æðstu menn þjóðarinnar láta af þeim ósið að byrla gestum sínum görótta drykki, munu fleiri á eftir koma. Það er á reynslu byggt og ekki sagt út í bláinn, að eftir höfðinu dansa limirnir.

Fyrir þessari skoðun voru gild rök færð hér í vetur, og skal það ekki endurtekið nú. Að vísu komu í umr. fram efasemdir um, að samþykkt till. mundi hafa tilætluð áhrif. Var slegið á þá strengi, að fáir mundu verða til að taka sér æðstu menn þjóðarinnar til fyrirmyndar. Um það má sjálfsagt deila. En hví ekki að láta reynsluna skera úr? Það kostar ekkert og verður aðeins til sóma þeim, sem tilraunina gerir. Ef það sýnir sig, að áhrifavald Alþingis, ríkisstj. og ríkisstofnana er nákvæmlega ekkert á þessu sviði samkvæmissiða og drykkjutízku, þá eru þessir aðilar reynslunni ríkari og geta huggað sig við, að þeir hafi þó lagt sitt fram góðu máli til stuðnings.

Það var á það minnzt í vetur, að víðs vegar um heim væru ábyrgir menn vaknaðir til meðvitundar um vandamál drykkjuskaparins, og voru nokkur nöfn nefnd í því sambandi. Síðan hefur a. m. k. einn valdamaður bætzt í þann hóp eftir fréttum að dæma, en það er Krustjov, forsætisráðherra Rússlands. Samkv. frásögn Þjóðviljans hefur hann nú fyrir nokkru skorið upp herör gegn áfengisflóðinu þar í landi. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég tilfæra fáeinar setningar úr ræðu Krustjovs um þetta efni, og er áðurgreint blað heimildin.

„Við verðum," segir hann, „að taka upp harða baráttu gegn vodkaflóðinu. Í þeirri baráttu verða fulltrúar almennings og ríkisvaldsins að taka höndum saman. Hver sá, sem hvetur aðra til drykkjuskapar, vinnur gegn hagsmunum ríkisins og samfélagsins, og hann á að hljóta þá refsingu, sem hann á skilið," segir þessi forsætisráðherra. Og loks segir hann: „Sömuleiðis verðum við að berjast af öllum kröftum gegn drykkjutízkunni."

Í sömu ræðu sakar Krústjov höfunda kvikmynda og leikrita um óhæfilegan vodkaáróður í verkum sínum, og kemur mér í hug í því sambandi sá ósmekklegi brennivínsáróður, sem íslenzka ríkisútvarpið rekur æ ofan í æ og birtist á víxl í formi ljóða, söngs og leikrita, en það er víst önnur saga.

Þetta var um Rússland. En hvernig er þá viðhorfið í Bandaríkjunum? „Vandamál ofdrykkjunnar í nýju ljósi" heitir athyglisverð grein, sem Morgunblaðið flutti 9. marz í vetur. Hennar upphaf er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengisvandamálið er jafnan mjög umrætt í Bandaríkjunum, enda talið, að þau gangi næst Frakklandi um áfengisneyzlu. Eru nú uppi sterkar raddir þar í landi um, að taka verði þetta vandamál nýjum og fullkomlega vísindalegum tökum. Er það algengt um þessar mundir, að stofnaðar séu við sálfræðideildir háskólans sérstakar deildir, sem taki áfengismálin til meðferðar. Nýir sérfræðingar koma fram, sem telja, að hægt sé með nýjum aðferðum að draga úr drykkjuskap."

Nokkru síðar í þessari grein Morgunblaðsins segir svo:

„En þeir," það eru sérfræðingarnir, „benda á þá staðreynd, að með breyttum viðhorfum hópsins, félagsskaparins til áfengisneyzlu megi ráða nokkra bót á bölinu. Það þarf að skapa nýtt andrúmsloft, ný viðhorf til áfengisneyzlu í samkvæmum."

Þannig er skoðunin sú sama austan hafs og vestan: Það verður að berjast gegn drykkjutízkunni, skapa ný viðhorf til áfengisneyzlu í samkvæmum. Það er einmitt þetta, sem vakir

fyrir flm. till. um afnám áfengisveitinga á kostnað ríkisins, að sköpuð verði heilbrigðari viðhorf til áfengisneyzlu á mannfundum, en þar verða einhverjir að ríða á vaðið, og fer þá vel á, að það geri æðstu menn þjóðarinnar, enda líklegast, að þeirra frumkvæði beri drýgstan ávöxt.

Fólkið í landinu virðist almennt hafa næmari skilning á vanda drykkjuskaparins en hv. allshn. Hvaðanæva að af landinu hafa hinu háa Alþingi borizt áskoranir um að samþykkja till. um, að ríkið kosti ekki áfengisveitingar. Yfir 60 áfengisvarnanefndir hafa sent slíka áskorun. Samkv. lögum skulu áfengisvarnanefndir vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráðunaut, ríkisstj. og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í þessu sambandi. Þetta eru opinberar nefndir, trúnaðarmenn ríkisins, og einróma álit þeirra ber ekki að hunza. Auk yfir 60 áfengisvarnanefnda hafa mörg félög áfengisvarnanefnda stórra byggðarlaga sent áskorun um, að till. verði samþykkt. Æðsti trúnaðarmaður ríkisstj. í áfengisvörnum, áfengisvarnaráðunautur, hefur sent sams konar áskorun, að ég ekki nefni mörg fjölmenn félög, sem hið sama hafa gert. Til hvers eru lög um áfengisvarnir, ef virða á að vettugi álit þeirra hundraða manna, sem settir eru til að vinna að þeim vörnum?

Meiri hl. hv. allshn. kveðst þeirrar skoðunar, að óeðlilegt sé og óviðeigandi að binda svo hendur ríkisstj. sem till. gerir ráð fyrir. Mikil er nærgætnin í garð ríkisstj. Hér virðist um svo mikið tilfinningamál að ræða, að jafnvel pólitísk flokksbönd falla af mönnum. Í slíku máli má ekki binda hendur ríkisstj. Það er af og frá, hvað sem velferð þjóðarinnar líður. Þótt hið háa Alþingi gegni því sem meginhlutverki að binda hendur ríkisstjórna með setningu laga og fyrirmæla, þá má slíkt ekki ganga út yfir áfengisveitingar á kostnað ríkisins. Það er hvorki eðlilegt né viðeigandi að dómi hv. nefndarmeirihluta. Það virðist skoðun hv. nefndar, að afnám áfengisveitinga á kostnað ríkisins komi ekki til greina, meðan frjálst sé að velja og veita áfengi í landinu. Nú er sala og veiting áfengis engan veginn frjáls í þessu landi, heldur þvert á móti mjög takmörkuð og bundin ákveðnum lagafyrirmælum. Auk þess fæ ég ekki séð, að neitt órofa samband sé á milli sölu og veitinga áfengis annars vegar og þess hins vegar, sem í till. okkar þremenninganna felst. Leyfð sala og leyfðar veitingar áfengis leggja ekki neinum gestgjafa skyldu á herðar að veita áfengi í samkvæmum sínum, og gildir það sama um ríkisstj. sem aðra.

Hv. nefnd segir það óeðlilegt og óviðeigandi að binda hendur ríkisstj. í þessu máli, en lætur þess ekki getið, hvort viðeigandi sé að hunza samhljóða áskoranir allra starfandi áfengisvarnanefnda í landinu. Hún segir heldur ekkert um, hvort eðlilegt sé, að Alþingi og ríkisstj. reyni að skapa heilbrigt fordæmi í því skyni, að úr dragi ómenningu drykkjuskaparins í landinu. Meginatriði málsins og þungamiðju þess sniðgengur hún í áliti sinu á þskj. 449. Vandræðaskapurinn uppmálaður skín út úr álitsgerðinni, enda von til þess eftir málstaðnum.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 30. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru nú liðnar meir en 30 vikur, frá því að þetta mál kom hér fyrir hæstv. Alþ. Ég ætla nú að falla frá orðinu að öðru leyti en því að mælast til þess, ef fleiri eru á mælendaskrá, að þeir geri það sama, svo að atkv. geti nú loksins gengið um málið eftir allan þennan tíma, áður en þingi lýkur.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég tel það af sanngirni mælt, sem hér hefur sagt verið, að það sé eðlilegt, að þeir, sem flytja þessa till. og bera hana fyrir brjósti, telji sig eiga rétt til að fá úrskurð Alþ. eftir 30 vikur. Og ég vil heldur ekki eiga neinn þátt í því, að vilji þingsins komi ekki fram í þessu. Mér finnst hins vegar, að æskilegt væri, að þingið, nokkurn veginn fullskipað, gæti um það greitt atkv. Ég sé t. d., að hér er hvorki viðstaddur hæstv. forsrh. né hæstv. utanrrh. Þetta eru nú þeir menn, sem fyrir hönd þjóðarinnar koma fram gagnvart bæði erlendum og innlendum gestum þjóðarinnar. Ég álít ekki rétt, að atkvgr. fari fram um málið þannig, að þeir séu ekki viðstaddir. Ég hefði þess vegna viljað mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði atkvgr., enda þótt umr. væri lokið, þar til svo stæði á, að menn vissu fyrir fram og væru öruggir um það, að málið ætti að koma undir atkv. Hér hafa verið á dagskrá í dag ein 20 mál, ef ég man rétt, og afgreiðsla gengið ágætlega. Þetta er 18. málið, er það ekki? Og menn hafa kannske ekki gert sér grein fyrir, að tími ynnist til að ræða það eða skera úr um það.

Ég hef sjálfur staðið í svipuðum sporum og þessir hæstv. ráðh., sem ég nefndi, og ég fer ekkert dult með það, að ég tel það ekki koma til neinna mála, meðan ríkið sjálft rekur heildsölu og smásölu með allar tegundir af víni, — allar, — að þá sé umboðsmönnum þjóðarinnar meinað að bjóða það erlendum gestum, sem eru vanir að hafa það um hönd á siðprúðan hátt, ekki síður en við Íslendingar, og er þó sízt að lasta okkar meðferð á áfengum drykkjum. Ég fer engan veginn dult með þá skoðun mína, segi ég, að það er að gera okkur hjákátlega í augum annarra þjóða og sennilega mikils meiri hluta okkar eigin manna, ef þessi forboðni ávöxtur, sem ríkið hefur af verulegan hluta sinna tekna og alþm. svelgja í sig eins og hundar lepja vatn úr polli, ef þeir eiga kost á því, einkum frítt, — að það sé nú bannað að bjóða það eða bera á borð, þegar menn gerast gestir okkar. Ég er á móti

till., en ég vil ekki gera neitt til að tefja umr. um hana. Gefist mér skemmtilegt yrkisefni af öðrum ræðumönnum hér, þá skal ekki standa á mér að taka þátt í umr., þó að ég — eins og ég segi — vilji engum spjöllum valda um þetta, en mundi leyfa mér að biðja hæstv. forseta, ef hann telur, að málinu sé ekki stofnað í neina hættu um, að þingviljinn komi fram, að fresta atkvgr., þar til þingið yrði nokkurn veginn fullskipað.

Forseti (EmJ): Umr. er nú ekki lokið. En ég vildi segja það fyrst út af tilmælum hv. þm. G-K., að til þess að atkvgr. geti farið fram, þarf fyrst og fremst umr. að vera lokið. En æskilegt væri mjög, að sem flestir gætu verið þar viðstaddir. Og ég vildi fyrir mitt leyti, ef hv. flm. hafa ekki á móti því, að málsmeðferðin yrði sú, að þegar umr. væri lokið hér nú, þá yrði atkvgr. frestað þangað til í upphafi næsta fundar, sem ég tryggi að verði, og ætti það ekki að muna miklu, hvort atkvgr. færi fram þá eða nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 2. júní, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 449 samþ. með 28:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EirÞ, EystJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, HermJ, ÁS, JK, JPálm, JS, KK, KJJ, ÓB, ÓTh, SvG, SÁ, SB, SÓÓ, StgrSt, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BÓ, EmJ.

nei: GíslG, GJóh, HV, KGuðj, MJ, PÞ, PO, SE, SkG, AG, BjörnJ, EggÞ, EOl.

HÁ, JJós, PZ greiddu ekki atkv.

8 þm. (FRV, HS, IngJ, LJós, PP, SvbH, ÁÞ, AGuðj) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Mér þykir sú áminning, sem kemur fram í þessari till. til rökstuddrar dagskrár, alveg óþörf og kann ekki vel við dagskrána að því leyti. En til þess að styðja að því að koma þessu máli út úr heiminum segi ég já.

Þingsályktunartillaga, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Áætlun um vegagerð (till. IngJ o.fl.).

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um kostnaðaráætlun um brúar- og vegagerð** [50. mál] (A. 82).

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þingmönnum Þing. og hv. 2. þm. Rang. að flytja till. til þál. um að fela ríkisstj. að láta gera kostnaðaráætlun um brúargerð á Tungnaá hjá Búðarhálsi. Einnig verði gerð áætlun um kostnað við að gera bílfæra yfir sumarmánuðina leiðina frá Galtalæk í Landsveit um Holtamannaafrétt og Sprengisand að Mýri í Bárðardal.

Fyrir nokkrum árum flutti ég ásamt þáv. hv. þm. S-Þ., Jónasi Jónssyni, till. um, að rannsókn yrði gerð á því, hvort mögulegt væri að gera þessa leið færa yfir sumarmánuðina. Þessari till. var vel tekið, og þótt ekki hafi farið fram formleg rannsókn á þessu, hafa ýmsir kunnugir menn eigi að síður rannsakað þetta, og hefur komið í ljós, að þetta er vel tiltækilegt, og þeir, sem kunnugastir eru, telja, að langir kaflar á leiðinni séu þannig, að það þurfi ekkert fyrir þá að gera, til þess að þeir verði bílfærir.

Þetta er og öllum ljóst, sem farið hafa þessa leið. Það eru víða stór flæmi, þar sem eru harðir og sléttir sandar og sjálfgerðir vegir. Það er þess vegna enginn vafi á því, að það er mögulegt að gera þetta. En vegna hins mikla áhuga, sem ríkir í þessum málum, bæði sunnanlands og norðan, þótti okkur flm. sjálfsagt að stíga nú fyrsta sporið í áttina til þess, að hafizt verði handa í þessu máli, þ. e. að láta gera kostnaðaráætlun um það, hvað mikinn kostnað það hefði í för með sér að láta þennan draum rætast, að fara á bifreiðum á milli landsfjórðunga þessa stuttu, en skemmtilegu leið. Við teljum, að með því að kostnaðaráætlun liggi fyrir, verði naumast langt að bíða, þangað til í það verði ráðizt að lagfæra leiðina. Það er að vísu einn farartálmi á þessari leið, sem verður dálítið kostnaðarsamt að yfirstíga, en það er Tungnaá. Hana verður að brúa hjá Búðarhálsi. Eftir að till. okkar Jónasar Jónssonar var flutt hér í hv. Alþingi, var þetta brúarstæði mælt, og það kom í ljós, að það þurfti nákvæmlega jafnlanga brú þar eins og gömlu Þjórsárbrúna. Kom því ýmsum til hugar, að það mætti flytja gömlu Þjórsárbrúna og nota hana á þessum stað, þar sem ekki þyrfti að búast við, að þungavöruflutningar færu um brúna á Tungnaá. Hefur það mál verið athugað rækilega, og verkfræðingar vegagerðar ríkisins hafa sagt sitt álit um þetta. Þeir telja, að það muni alls ekki svara kostnaði að rífa gömlu Þjórsárbrúna í því skyni að flytja hana á Tungnaá, til þess sé þessi brú of gömul og allt efni í henni svo slitið, að það geti á engan hátt svarað kostnaði. Meira að segja er talið vafamál, að það svari yfirleitt kostnaði að rífa brúna, enda er það ógert enn. Sýnist þó vera, að það sé talsverður efniviður af járni og stáli, sem mætti nota til þess að smíða úr ýmsa gagnlega hluti, en það er nú annað mál.

Það er öruggt, að gamla Þjórsárbrúin dugir ekki, og það borgar sig ekki að nota hana. Það verður þess vegna að byggja nýja brú, og það verður aðalkostnaðarliðurinn. Það þarf að vísu brú á Fjórðungakvísl, en hún er ekki mikið vatnsfall, og brúargerð þar mun ekki kosta mikla fjárhæð.

Eins og ég gat um áðan, er allmikill áhugi bæði sunnanlands og norðan um það að gera þessa leið færa bifreiðum yfir sumarið. Sýslunefndir Rangárvallasýslu og Suður-Þingeyjarsýslu hafa samþykkt áskorun til Alþingis um að hefjast handa í þessu máli, og það er enginn vafi á því, að ef þetta verður framkvæmt, þá verður það til þess að gera miklu styttri leiðina milli landsfjórðunga. Þetta verður ákaflega skemmtileg ferðamannaleið og verður að því leyti til ánægju og menningarauka, auk þess sem það færir landsfjórðungana saman.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Ég vil leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 82, n. 320, 211).

Frsm. (Ásgeir Sigurðsson): Herra forseti. Till. á þskj. 82 um kostnaðaráætlun um brúarstæði á Tungnaá og vegagerð milli Suður- og Norðurlands frá Galtalæk um Sprengisand að Mýri í Bárðardal var tekin til afgreiðslu í allshn. Sþ. 13. þ. m.

Nefndinni hafði borizt bréf frá vegamálastjóra, dags. 7. þ. m., og bréf frá raforkumálastjóra til vegamálastjóra um sama efni. Höfðu báðir þessir aðilar verið beðnir að segja álit sitt á málinu sérstaklega, vegna þess að vitað er, að miklar vatnamælingar eiga sér nú stað og eru áframhaldandi fyrirhugaðar á vatnasvæði Þjórsár.

Eins og kunnugt er, var á Alþingi 22. marz 1956 samþykkt þál. um rannsókn vegarstæðis milli Suðurlands til Norður- og Austurlands. Með bréfi samgmrn. 16. apríl 1956 var vegamálastjóra falið að gera slíka rannsókn. Hafa síðan í samráði við raforkumálastjóra eða raforkumálastjórnina verið mæld þrjú brúarstæði á Tungnaá og eitt á Köldukvísl, eða eitt á þeim stað, er um getur í till. á þskj. 82, og hin í Þóristungum. Samkvæmt upplýsingum nefndra aðila er ráðgert að halda vatnamælingunum áfram enn um skeið, og með því að mjög er rætt um það í bréfi raforkumálastjóra til vegamálastjóra, að nauðsyn sé að byggja brýr í sambandi við þessar rannsóknir og væntanlegar raforkuframkvæmdir, brýr, er þola þungaflutninga, og með því að þar er bent á fleiri en einn stað, er komið gæti til greina, og þar eð sennilegt er talið og æskilegt að þeirra dómi, að umræddar brýr gætu leyst bæði þessi spursmál, t. d. brú í Þóristungum, þótti rétt að miða við fleiri en einn stað.

Það er ljóst mál, að vegarsamband milli Suður- og Norðurlands þessa leið er mjög æskilegt fyrir margra hluta sakir. Þar mundi opnast nýr heimur fyrir ferðafólk t. d.

Með hliðsjón af því, að allverulegar athuganir hafa farið fram á því svæði, er um ræðir í till. á þskj. 82, og í trausti þess, að endanlega verði komizt að niðurstöðu um brúarstæðin og annað í sambandi við rannsókn málsins, mælir nefndin með því, að þáltill. verði afgr. til ríkisstj. og samræmd, ef henta þykir, við þær athuganir, er þegar hafa verið gerðar.

Þá mælir n. og með því, að till. á þskj. 211 um að gera bílfæran Fjallabaksveg frá Landmannahelli austur í Skaftártungu verði afgr. á sömu leið.

Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd okkar flm., að við getum eftir atvikum sætt okkur við þá afgreiðslu, sem till. okkar hefur fengið í hv. allshn.

Okkar till. er nokkuð annars eðlis en sú till., sem samþ. var í marz 1956. Okkar till. fer einungis fram á það, að rannsökuð sé ákveðin leið, þ. e. leiðin frá Galtalæk í Landsveit um Holtamannaafrétt og Sprengisand að Mýri í Bárðardal, og að rannsakað verði brúarstæði á Tungnaá hjá Búðarhálsi og ekki annars staðar, vegna þess að við, sem erum nokkuð kunnugir á þessum slóðum, erum öruggir um, að á þessari leið er heppilegast að halda sig við brúarstæði hjá Búðarhálsi, en ekki austar og fara inn á Þóristungur, því að þá yrði að brúa Köldukvísl líka, sem rennur á milli Þóristungna og Holtamannaafréttar. En það vill nú svo vel til, að vegna þeirrar till., sem samþ. var í marz 1956, hefur vegamálastjóri í samráði við raforkumálastjóra látið fara fram allýtarlegar rannsóknir í sambandi við þetta, og má því segja, að rannsóknirnar séu komnar nokkuð áleiðis, og skv. því bréfi, sem fyrir liggur frá vegamálastjóra, má gera sér fulla grein fyrir því, að hann hefur hug á því að ljúka þessum rannsóknum að fullu. Það er þess vegna ástæðulaust fyrir okkur flm. annað en sætta okkur við þessa afgreiðslu málsins í trausti þess, að fullnaðarrannsókn verði gerð á málinu. Þetta er ekki neitt smámál, ef hægt væri að fá góðan veg yfir sumarmánuðina stytztu leið, og það eru líkur til, að það verði ekki svo mjög kostnaðarsamt. Það er brúin á Tungnaá og Fjórðungakvísl, sem ætla má að kosti ekki yfir 3 millj. kr., og svo vitanlega nokkur kostnaður við það að ryðja fjallaleiðina.

Ég vil sætta mig við það og ætla, að ég tali fyrir hönd annarra flm. till., að till. fái þessa afgreiðslu, og vil treysta því, að málið verði rannsakað að fullu.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég hafði ekki aðstöðu til að mæla fyrir brtt. minni á þskj. 211, þegar aðaltill. var rædd hér á Alþ. á dögunum. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, segja nokkur orð um till. nú.

Ég flutti mína brtt. ekki með það fyrir augum fyrst og fremst að opna þarna leið fyrir skemmtiferðafólk að sumarlagi. Þó er það svo, að Fjallabaksleið er án efa einhver fegursta leiðin í óbyggðum þessa lands. Tignin og fegurðin á þessari leið er öllum ógleymanleg, sem hana hafa farið. Fyrir mér vakti annað með flutningi minnar till., það að freista þess að fá þarna eins konar öryggisleið fyrir sveitirnar austan Mýrdalssands. Með öryggisleið meina ég það, að ef Katla skyldi gjósa, sem — ef að vanda lætur — gæti orðið hvenær sem er, þá mundi leiðin sunnan jökla yfir Mýrdalssand lokast og það vafalaust um lengri tíma. Ef þetta skeði að sumarlagi, mætti komast með þungaflutning Fjallabaksleið, ef hún yrði lagfærð nokkuð.

Fjallabaksleið er nú fær tveggja drifa bílum að sumarlagi, að vísu ekki bílum með þungu hlassi. En kunnugir telja, að með tiltölulega lítilli lagfæringu á nokkrum stöðum megi fá leiðina vel færa fyrir alla bíla. Tvær ár eru á leiðinni, sem þyrfti að brúa. Það er Náms-

kvísl við Laugar og Ófæra á Skaftártunguafrétti. Aðrar brýr er þarna ekki um að ræða, svo að teljandi sé.

Það verður ekki séð á nál. á þskj. 320 eða fskj. I, að vegamálastjóri hafi fengið mína till. til umsagnar. Hann minnist ekkert á hana í sinni umsögn, heldur ræðir eingöngu um aðaltillöguna á þskj. 82. Hv. n. getur væntanlega upplýst það, hvort láðst hafi hjá henni að óska umsagnar vegamálastjóra um mína till. En hvað sem um þetta er, ætti þetta ekki að saka. N. segir berum orðum í áliti sínu, að hún mæli með minni till. Og í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. láti framkvæma þessa athugun á þessari leið, gera kostnaðaráætlun um að gera bílfæra leiðina að Fjallabaki, þá get ég eftir atvikum sætt mig við það, að þessu máli verði vísað til ríkisstj., eins og hv. n. hefur gert till. um.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Út af ummælum síðasta ræðumanns vil ég upplýsa fyrir nefndarinnar hönd, að hann gat sér rétt til, brtt. hans varð af misgáningi viðskila við aðaltill., þegar óskað var umsagnar. Þegar við í n. uppgötvuðum þessi mistök, áttum við um að velja að láta málið í heild bíða eftir því að fá álit á nýjan leik eða halda því áfram. En sérstaklega af því, að hv. flm. tók ekki illa í þessa afgreiðslu, völdum við þann kostinn að láta málið fram ganga, eins og hér hefur verið gert, heldur en tefja það og leita eftir nánari umsögn vegamálastjóra, enda er hér aðeins óskað eftir athugun, og nm. voru sammála um að mæla með því, að brtt. yrði afgreidd á sama hátt og aðaltill. til ríkisstj., hvort tveggja í þeirri von, að athugun verði haldið áfram.

ATKVGR.

Till. frá allshn. á þskj. 320 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 28 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Verzlunarviðskipti við herlið Bandaríkjanna.

Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verzlunarviðskiptum við herlið Bandaríkjanna og verktaka þess á Íslandi [143. mál] (A. 282).

Á 62., 63. og 65. fundi í Nd., 7., 10. og 13. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 14. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við hv. 2. landsk. þm. höfum leyft okkur að flytja hér brtt. um að setja á stofn rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka sérstök fyrirbrigði, sem staðhæft er að hafi átt sér stað undanfarið í sambandi við þau viðskipti, sem fram hafa farið við herlið það, sem hér dvelur enn á Íslandi af hálfu Bandaríkjanna.

Það er rétt fyrir okkur að gera okkur það ljóst, þegar slík mál eru rædd, að allan þennan síðasta áratug og lengur, sem Ísland hefur haft við það að búa, að í einni eða annarri mynd hefur verið hér erlent herlið, hefur verið höfð á því alveg sérstök gát, að svo miklu leyti sem það hefur komið til Alþingis kasta, hvernig slík viðskipti færu fram, að af slíkum viðskiptum gætu einstaklingar í landinu ekki haft hagnað, heldur, að svo miklu leyti sem slík viðskipti gerðust, skyldi það vera ríkið, sem hefði hagnað þar af.

Þegar fyrstu ákvæði voru sett um þessa hluti 1944, þegar ákveðið var að kaupa af ameríska setuliðinu, sem þá hafði verið hér um nokkurt skeið, eignir þess, var gerð sú ráðstöfun af hálfu þáverandi ríkisstj. og síðan samþ. af Alþingi, fyrst sett brbl. og síðan samþ. lög af Alþingi, að það skyldi vera ríkið eitt, sem hefði með alla slíka verzlun og viðskipti að gera. Var með brbl., sem út voru gefin 26. apríl 1944, svo fyrir mælt, að ráðstöfun allra slíkra eigna skyldi framkvæmd af fimm manna nefnd, sem ríkisstj. skipaði. Fjórir nm. voru þá tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, einn af hverjum, skv. 2. gr. laganna, en ríkisstj. skipaði formann, sem jafnframt skyldi vera framkvæmdastjóri. Þetta voru þau lög, sem síðan voru í gildi, og þessi n., sem síðan var kölluð sölunefnd setuliðseigna, hafði með að gera alla þá verzlun, sem fram fór á eignum og tækjum þess setuliðs, og allir stjórnmálaflokkarnir, sem þá áttu sæti á Alþ., höfðu menn í þessari n. til þess að fylgjast með því, að ekki kæmist þarna að nein spilling, að þarna væru ekki neinir sérstakir einstaklingar að hagnast á eða annað slíkt, og að svo miklu leyti sem hagnaður yrði þarna af, þá væri það ríkið eitt, sem græddi á því.

Með öðrum orðum: Alþ. ákvað með ákveðinni löggjöf, hvernig haga skyldi þessum málum, og þessi lög, sem sett voru 1944 sem brbl. og staðfest á Alþ. 1945, eru enn í því lagasafni, sem gefið var út 1954, og eru einu lögin, sem enn þá hafa verið samþykkt á Alþingi um þann hátt, sem skyldi hafa á um viðskipti við erlent setulið, sem hér dveldist, þannig að það er sú eina leiðbeining um þá viðskiptahætti, sem þar skyldu ríkja, sem Alþ. fyrir sitt leyti hefur gefið.

Þegar aftur fór svo, að herlið settist að hér í landinu, varð það tiltölulega fljótt líka vandamál, hvernig fara skyldi með þau viðskipti, sem við það setulið fóru fram, og þess vegna var löngum gengið út frá því af hálfu stjórnarvaldanna, að það hlyti að vera sama grundvallarregla og Alþ. hafði markað með lögunum 1945, sem um slíkt skyldi höfð. Það var þess vegna svo, að 1952, árið eftir að erlent herlið hafði setzt hér að aftur opinberlega, beindi núverandi hæstv. menntmrh. fsp. hér á Alþ. til þáverandi fjmrh., sem er sami og hæstv. fjmrh. í dag, um það, hvernig háttaði starfsemi þessarar sölunefndar setuliðseigna og hvernig væri um margs konar verzlun, sem fram færi við það setulið, sem var að koma. Í þeim umræðum, sem urðu út af þeirri fsp., sem rædd var þá í sameinuðu Alþingi 26. nóv., voru gefnar ýmsar upplýsingar um, hvernig farið hafði um þessi viðskipti. Og það er rétt að minna nokkuð á einmitt þær upplýsingar, sem hæstv. núv. fjmrh. gaf á þeim tíma. Hann segir í svari sínu til hæstv. núv. menntmrh. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sölunefnd setuliðseigna var stofnuð á árinu 1944 með bráðabirgðalögum nr. 26 frá 26. apríl, og lauk hún störfum 20. maí 1948. Við störfum nefndarinnar, að svo miklu leyti sem

framhald var á þeim, tók sala setuliðseigna ríkisins, sem er enn starfandi og ég greini síðar frá, hvernig sett er saman.“

Síðan greinir hann frá, hverjum hafi verið falið að hafa með þetta að gera, og upplýsir því næst hagnaðinn af sölunefnd setuliðseigna, upplýsir, að hann hafi orðið 4½ milljón þann tíma, sem hún starfaði fram til 1948; en hagnaðurinn af þessum viðskiptum, eftir að nefndin hætti og hin nýja skipun var innleidd, hafi verið frá 20. maí 1948 til 1. nóv. 1952 6 millj. og 250 þús. Það má með öðrum orðum sjá, að allmikill hagnaður hefur orðið fyrir ríkið á þessum viðskiptum og það svo, að skipti samanlagt yfir milljónatug. Er greinilegt á þeim umræðum, er þá fóru fram, að það hefur þótt sjálfsagt, að ríkið hefði áfram með þessa hluti að gera. Hins vegar upplýsir hæstv. fjmrh. þá, að sú breyting hafi verið á gerð, að sérstökum manni hafi verið falið að ljúka þessum störfum og sérstakir tveir menn settir honum til aðstoðar.

Þegar þessi breyting hins vegar er gerð, virðist það vera gert bara með bréfi, dags. 15. ágúst 1949, að ráðherra hafi þá falið ákveðnum manni að sjá um þessa hluti. Svo segir hæstv. ráðh. á eftir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur þótt hagkvæmt, að kaup á öðrum eignum, sem féllu til í sambandi við rekstur Keflavíkurflugvallar svo og dvöl varnarliðsins hér, færu einnig um hendur trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, en þessar vörur væru ekki á frjálsum markaði, — eða þótt hagkvæmt, að þessi viðskipti færu eingöngu um hendur trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, enda um slíkt samið við hina erlendu aðila á hverjum tíma, samið um það, að það skuli aðeins ganga til stjórnarinnar, sem þeir vilja selja.“

Nú er að vísu rétt að taka það fram, þegar hæstv. fjmrh. tilkynnir þessa breytingu á árinu 1952, sem átt hafði sér stað 1948, að þessi breyting er gerð með þó nokkuð undarlegu móti, vikið frá þeirri reglu, sem ákveðin hafði verið af hálfu Alþ. og fest hafði verið í lögum, sem enn þá hafa gildi, og farið inn á að breyta til um alla tilhögun á þessari sölu og síðan látið raunverulega bara koma eitt ráðherrabréf í staðinn, ekki einu sinni, eftir því sem ég bezt hef getað fundið, svo mikið sem reglugerð, sem þarna sé farið eftir.

Ég vil strax taka það fram, að ég álít það ómynd, þegar svona er farið að. Stjórnarvöld landsins eiga að venja sig á það, þegar breyting er gerð út frá lögunum, sem sett hafa verið, að láta þá breyta lögum, fella þá úr gildi þau gömlu, setja ný í staðinn, en sjá til þess, að það, sem gert er, komist þess vegna á fastan grundvöll. Það er ekki rétt að taka upp aðra hætti en þá, sem lög mæla fyrir um, bara t. d. með einföldu ráðherrabréfi. Það skapar los í allt stjórnarfarið á landinu og getur leitt af sér ýmiss konar spillingu.

Ég skal ekkert segja um það, hvort þessi breyting hafi staðið í sambandi við, að það voru innleiddar reglur, sem almennt voru kallaðar af okkur, sem þá vorum í stjórnarandstöðu, helmingaskipti, að í staðinn fyrir að þingið almennt og fulltrúar þess hefðu möguleika á að fylgjast með því, sem gerðist hjá ríkisstj. og því opinbera, var innleitt það fyrirkomulag, að þeir, sem þá fóru með ríkisvaldið, sem þá voru löngum bara tveir flokkar, skyldu tveir einir hafa þarna eftirlitið og umsjónina með, og við kölluðum það venjulega helmingaskipti, og það getur náttúrlega verið, að það hafi þótt þess vegna hentugra að vera ekki með nein ný lagafyrirmæli, heldur láta þau gömlu svo að segja sofna, en gefa ný út með ráðherrabréfi. En þetta er óviðkunnanlegt fyrirkomulag. Hins vegar er yfirlýst af hálfu hæstv. fjmrh., þegar hann ræðir þetta, að höfuðreglan, sem liggi til grundvallar, eigi að vera sú sama, og hann vitnar svo í svari sínu til hæstv. núv. menntmrh. áfram í það, að í samningunum við Bandaríkin frá 1951 sé svo ákveðið, með leyfi hæstv. forseta, „að vörur, sem varnarliðið flytur inn tollfrjálst, megi einungis láta af hendi á Íslandi samkvæmt sérstakri heimild ríkisstj. og þá með þeim skilyrðum, er tollyfirvöldin setja. Í framkvæmdinni er eitt þessara skilyrða það, að þessar vörur séu afhentar ríkisstjórninni til þess að selja þær aftur út innanlands.“ Svo mælti hæstv. fjmrh. þá.

Þá hafði hæstv. núverandi menntmrh. sagt í því svari, sem hann þá gaf, að hann teldi talsverðan vafa leika á því, að ríkisstj. hefði heimild til þessarar verzlunar, eins og hún nú væri stunduð, þrátt fyrir ummæli hæstv. ráðh. þar að lútandi. M. ö. o.: hæstv. núv. menntmrh. er á svipaðri skoðun og ég, að þetta sé á heldur veikum grundvelli byggt allt saman, fyrst horfið er frá því, sem lögin mæla fyrir um, og stuðzt einvörðungu við ráðherrabréf.

Þetta er nú viðvíkjandi því, sem snertir formið á þessum hlutum. M. o. ö.: formið, sem var tekið upp eftir 1948 og styðst við ráðherrabréf, var, að raunverulega aðeins þáverandi stjórnarflokkar eða þeir, sem urðu síðar stjórnarflokkar, hefðu þarna eftirlit með, hvernig um færi.

Allan þennan tíma bar nokkrum sinnum á góma í sambandi við fjárlög, hvort ekki bæri að áætla í fjárlögunum tekjur af þessari sölunefnd setuliðseigna, og hafði verið gagnrýnt, og kom fram í þeim umræðum, sem ég nú hef vitnað í frá árinu 1952. Hins vegar gaf hæstv. fjmrh. upplýsingar um, hvað þessar tekjur hefðu verið. En eftir 1952 héldu þessir menn áfram að starfa, og það einkennilega var, að það er alltaf notað í ríkisreikningunum eftir þetta ár sama orðið yfir það og notað var í lögunum frá 1945, sölunefnd setuliðseigna. Og eftir 1952 halda áfram að koma í ríkissjóðinn nokkrar tekjur af þessari sölunefnd.

Nettótekjurnar á árinu 1952 urðu t. d. 1394089 kr. 1953 stendur á ríkisreikningunum: Innborgað vegna sölunefndar setuliðseigna 1000000. Þá virðist sem sé allt í einu sá háttur upp tekinn, að það virðist vera tekinn ákveðinn slumpur af tekjunum af þessu á síðasta ári og borgað inn í ríkissjóðinn, því

að ólíklegt má telja, að svo mikið hafi breytzt til, að tekjurnar hafi farið að renna inn svo nákvæmt, að tekjurnar, sem á árinu áður námu 1394089 kr., hafi allt í einu orðið upp á krónu ein milljón árið á eftir, enda stendur: „Innborgað vegna sölunefndar setuliðseigna", svo að það er engu líkara en eitthvað af því sé borgað inn í ríkissjóðinn, eftir því sem þessari sölunefnd þóknast.

1954 er svo á ríkisreikningunum uppfært á óvissum tekjum: Innborgað vegna sölunefndar setuliðseigna, aftur 1 milljón, — 1 milljón upp á krónu. Virðist aftur vera slumpað á þetta, hvað það ætti að vera.

Á ríkisreikningunum 1955 er hins vegar nokkuð breytt til. Þá er eins og þetta gamla orð, sem notað hafði verið frá því á stríðsárunum og hafði viðgengizt líka eftir að ráðherrabréfið 1948 var gefið út, hafi verið farið eitthvað að fara í taugarnar á þáverandi ríkisstj., og þá stendur þess vegna í ríkisreikningunum: Innborgað af sölunefnd varnarliðseigna 4.5 millj. kr., — enn aftur slumpur, sem greiddur er inn.

Á ríkisreikningunum 1956 stendur svo: Innborgað af sölunefnd varnarliðseigna kr. 7367-104.67. Þá virðist allt í einu vera gert nokkuð upp og allnákvæmlega, meira að segja upp á eyri.

Af þessu, sem ég nú hef lesið, má sjá til viðbótar við þá skýrslu, sem ég las upp áðan, frá því, sem fjmrh. gaf 1952, að allmiklar tekjur hafa komið þarna inn, en þó auðsjáanlega um nokkurt árabil verið slumpað á, hvað innborgað væri í ríkissjóðinn, en eftir stjórnarbreytinguna 1956 virðist hins vegar vera farið að gera þarna upp allnákvæmlega, og kom þá fram allmikil fúlga, sem sé kr. 7367104.67.

Ég hef nú rakið þetta ýtarlega hér til þess að sýna fram á tvennt: Í fyrsta lagi, að það hefur ekki verið sem beztur háttur hafður á á undanförnum áratugum um stjórnsemina á þessum hlutum. Það hefur ekki verið farið eftir þeim lögum, sem upphaflega voru sett, og Alþ. almennt ekki verið gefið það tækifæri, sem var með lögunum 1945, um eftirlit og stjórn á þessum hlutum til þess að koma í veg fyrir þá hugsanlegu spillingu, sem af þessu gæti hlotizt. Og það virðist enn fremur um tíma hafa verið slumpað á það, hvað greitt væri í ríkissjóðinn frá þessari sölunefnd, þó að hún eftir yfirlýsingu fjmrh. 1952 eigi nú allt í einu að heita sala setuliðseigna.

Í öðru lagi virðist það greinilegt, að þarna er um miklar fjárfúlgur að ræða, fjárfúlgur, sem á þessu árabili hafa numið tugum milljóna. Það er þess vegna eðlilegt, að þessir hlutir séu rifjaðir upp og hv. þm. minntir á, hvernig þetta hafi verið á þessum undanförnu árum og hvaða reglur hafi um þetta gilt, vegna þess að nú undanfarið hafa að frásögn tveggja blaða, sem ættu að vera þessum málum einna kunnugust, gerzt þeir hlutir, sem a. m. k. þau blöð virðast telja nauðsynlegt að hið opinbera grípi inn í og láti rannsaka og veldur því, að við hv. 2. landsk. þm. höfum nú lagt fram þá till. til þál., sem er á þskj. 282, um skipun fimm manna rannsóknarnefndar.

Tvær fyrstu greinarnar hjá okkur fara fram á, að það sé nú athugað, hvort hafi verið farið að lögum og reglum um þessi viðskipti, og ég hef nokkuð minnzt á nú þegar það, sem mér hefur fundizt varasamt eða verðskulda gagnrýni í þeim efnum og þurfa rannsókn.

Hins vegar varða tveir síðari liðirnir hjá okkur, 3. og 4. liðurinn í þáltill., fyrst og fremst það, sem talið er að gerzt hafi nú í þessum síðasta mánuði og sérstaklega veldur því, að þessi till. er komin fram.

Þann 22. febr. þ. á. er grein undir allstórri fyrirsögn í Morgunblaðinu, þar sem stendur í fyrirsögninni, með leyfi hæstv. forseta: „Stórfelldasta braskmál, sem um getur, er nú í uppsiglingu. Varnarmáladeild veitir Aðalverktökum heimild til milljónaviðskipta við varnarliðið og bakar með því ríkissjóði stórtjón auk óþarfa gjaldeyriseyðslu." Og undirfyrirsögn: „Dótturfyrirtæki S.Í.S. hafði forgöngu og á að annast braskið."

Síðan er í þessari grein veitzt mjög bæði að Sambandi ísl. samvinnufélaga og h/f Regin og rætt um í því sambandi heimild frá varnarmáladeild, sem þessi fyrirtæki hafi fengið til þess að stunda þarna mjög einstæð viðskipti.

Síðan segir í þessari grein Morgunblaðsins, með leyfi hæstv. forseta, undir fyrirsögninni: „Mikil hagnaðarvon": „Þeir aðilar, sem að þessu standa, og þá sérstaklega h/f Reginn, sem hefur allan veg og vanda af málinu, munu hafa talið mjög mikla hagnaðarvon í sambandi við þessi viðskipti, þar sem um er að ræða vörur, sem nema vafalaust milljónatugum að verðmæti. Var hér um að ræða vöruflokka, sem skipta hundruðum, og eru þar á meðal margar verðmiklar og eftirsóttar vörur."

Síðan er haldið áfram nokkru síðar:

„Eins og fyrr er getið, hefur enginn íslenzkur aðili hingað til fengið leyfi til að kaupa og selja vörur frá varnarliðinu nema sölunefndin. Hefur hún sem einkaaðili í þessu sambandi keypt vörurnar með mjög hagstæðu verði og allur ágóði af sölu þeirra runnið í ríkissjóð."

Og síðan er haldið áfram enn þá lengra:

„Hefur varnarmáladeildin sýnilega ekki horft í gjaldeyriseyðslu, þegar hún veitti leyfi sitt til þessara einstöku viðskipta, um leið og hún gefur leyfishafanum milljóna eða milljónatuga hagnað, sem af þessum viðskiptum leiðir."

Og síðan setur blaðið fram sem sína ályktun af þessu: „Fer ekki á milli mála, að hér er um eitt stórfelldasta braskmál að ræða, sem um getur, og er almenningur þrumu lostinn yfir slíkum fréttum."

Það virðist m. ö. o. mjög greinilegt, að Morgunblaðið telji þarna hluti á ferðinni, sem séu þess eðlis, að þeir verðskuldi mjög, að þeir séu rannsakaðir.

Tíminn, blað Framsfl., tekur þessi mál síðan fyrir í 47. tölublaði, miðvikudaginn 26. febr., og segir þar með álíka stórri fyrirsögn og Morgunblaðið: „Geir Hallgrímsson og sonur Ólafs

Thors í stórfelldu braski með flugvallarvörur." Og undirfyrirsögn: „Sameinaðir verktakar fylltu skemmu, sem er eign Kveldúlfs, með hvers konar varningi af Keflavíkurflugvelli, m. a. vélum og bílum, og seldu fyrir stórfé. Braskararnir reyna að dyljast á bak við upplognar ásakanir Morgunblaðsins á hendur saklausu fólki og fyrirtækjum."

Síðan stendur áfram í greininni, með leyfi hæstv. forseta, að sá flutningur, sem þar er tilgreindur, „fór fram í skjóli heimildar utanrrh. um, að fyrirtækið fengi að flytja „vöruafganga" út af vellinum."

Því næst upplýsir blaðið, að það muni vera þarna um að ræða varning, sem að matsverði sé talinn a. m. k. 600 þús. kr. virði, og segir síðan áfram:

„Þennan varning fluttu íhaldsgæðingarnir til Reykjavíkur og seldu hér. Birgðir þessar voru geymdar í einni skemmu Thorsaranna við höfnina, og munu leifarnar liggja þar enn."

Og síðan er haldið áfram orðrétt:

„Vöruflutningar þeir, sem Íslenzkir aðalverktakar hafa framkvæmt, eru svo í framhaldi af þessum stórfellda business íhaldsfyrirtækisins, enda er það fyrirtæki langstærsti eigandi Aðalverktaka.

En þegar vöruflutningar þessir eru líka orðnir í nafni fyrirtækis, sem aðrir eiga hlut í, grípa íhaldsbraskararnir tækifærið og nota Morgunblaðið til þess að bera þessa minnihlutaaðila sökum um óheyrilegt brask. Braskararnir skríða þarna á bak við stóryrði og upplognar ásakanir Morgunblaðsins og þykjast hvergi koma nærri. Þetta er einhver fáheyrðasta blekkingahríð, sem um getur í seinni tíma sögu."

Eins og menn heyra, þá er ekkert af dregið í báðum þessum blöðum, hvílíkt stórmál sé hér á ferðinni, og síðan er haldið áfram, með leyfi hæstv. forseta, til þess að lýsa þessum leik:

„Það er þessi leikur, sem nú er reynt að leika gagnvart Sambandi ísl. samvinnufélaga og Regin h/f. Hvorugur þessi aðili hefur haft með höndum vörukaup á Keflavíkurflugvelli eða flutninga þaðan. Þetta er beinlínis staðfest í yfirlýsingu frá stjórn Aðalverktaka, þar sem íhaldið hefur fulltrúa. Morgunblaðið þegir um stórfellda vöruflutninga íhaldsfyrirtækisins í haust og þegir um það, að þetta sama íhaldsfyrirtæki er aðaleigandi Aðalverktaka. Það eru hinir aðilarnir, sem eru sekir um brask.

Þetta er gula siðferðið og þetta er nazistísk starfsaðferð."

Og þannig er haldið áfram, og síðan klykkt út með þessu:

„Þetta fyrirtæki (þ. e. Sameinuðu verktakarnir) var skipulagt í upphafi af Bjarna Benediktssyni, meðan hann var utanrrh., og átti að veita gróðalindum frá flugvellinum til íhaldsgæðinganna í Reykjavík, og að þessu marki hefur látlaust verið unnið síðan, þótt erfitt hafi reynzt, eftir að yfirstjórn þessara mála dróst úr höndum sjálfstæðismanna."

Það er með öðrum orðum alveg greinilegt á því, sem þessi tvö blöð þessara flokka rita, að þarna er á ferðinni mál, sem þau hafa bæði mjög mikinn áhuga fyrir að almenningur fái að vita um, og bæði undirstrika mjög skarplega, hve þýðingarmikil þessi mál séu. Morgunblaðið segir síðan 27. febr. með stórri fyrirsögn á fyrstu síðu:

„Af hverju er ekki upplýst um tollverð og söluverð varanna, sem braska átti með?" — og segir síðan, að þarna sé um einstæð viðskipti að ræða, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt:

„Sá háttur hefur verið á, að sölunefnd varnarliðseigna, sem er opinber aðili, hefur farið með kaup og sölu alls varnings, sem frá varnarliðinu er runninn, og ágóðinn rennur í ríkissjóð. Hér var til þess stofnað í fyrsta sinn að fara fram hjá þessum aðila og fá öðrum þessi viðskipti og hagnaðinn af þeim. Því hefur verið haldið fram hér í blaðinu, að þær vörur, sem nú átti að flytja út af vellinum í blóra við sölunefndina, hafi verið keyptar af hinum erlenda aðila við mun hærra verði en sölunefndin hefur keypt þessar vörur og væri því hér um gjaldeyriseyðslu að ræða umfram þarfir auk hagnaðartjónsins fyrir ríkið. Hefur Morgunblaðið óskað eftir, að upplýst væri um söluverð og tollverð hverrar einstakrar vöru, svo að þetta atriði yrði fyllilega ljóst, en þær upplýsingar hafa ekki verið gefnar."

Hér er m. ö. o. enn þá ítrekað, að það sé þörf á upplýsingum í þessu efni. Og síðan segir áfram í áframhaldi af þessari grein:

„Eins og bent hefur verið á, kemur slíkt brask með varnarliðsvörur alls ekki til greina, fyrr en S.Í.S.-liðið er búið að ná þessum málum undir sig, enda er ljóst, að beinar götur liggja á milli varnarmáladeildar og Íslenzkra aðalverktaka, sem stofnaðir voru að tilhlutan Framsóknarforustunnar, og dótturfyrirtæki S.Í.S. er einn stærsti aðilinn."

Og síðan er haldið áfram:

„Þetta eru helztu staðreyndirnar, sem fram eru komnar um þetta mikla braskmál, en eftir er að vita, hvort það upplýsist betur, en það er auðvitað á valdi þeirra, sem hafa hér alla þræðina í sínum höndum."

Og þannig mætti lengi lesa, en allt verður nú ekki tekið.

Tíminn skýrir síðan þennan sama dag frá því með einni af stærstu fyrirsögnunum á forsíðu, sem notaðar hafa verið um þetta mál, þ. e. 27. febr., með leyfi hæstv. forseta, aðalfyrirsögnin: „Líklegt er, að íhaldsforkólfar hafi grætt milljónir á braski með flugvallarvörur. Tímabært, að rannsókn fari fram á því, hvað hafi orðið um varninginn og hver féþúfa hann hefur orðið einstaklingum og fyrirtækjum. Lögðu Sameinaðir verktakar á einu bretti 70 þús. kr. í kosningasjóð Sjálfstæðisflokksins?"

Og síðan er haldið áfram, mjög skarplega deilt þarna á, og ég ætla að lesa hér einn kafla undir undirfyrirsögninni: „Beint í skemmu Kveldúlfs" — í Tímanum:

„Allur þessi varningur var fluttur út um

hliðið á Keflavíkurflugvelli" — þ. e. varningurinn upp á 600 þús. kr. — „í skjóli bréfs utanríkisráðherra um „vöruafganga" og rakleitt í vöruskemmur Kveldúlfs í Reykjavík.

Morgunblaðið túlkaði nýlega vöruflutninga Aðalverktaka í skjóli sams konar leyfis sem stórfellt hneyksli. Þær vörur liggja allar í vöruskemmu, og hefur ekkert af þeim verið selt. Vörur Sameinaðra verktaka hafa hins vegar verið seldar einstaklingum og fyrirtækjum fyrir harða peninga.

Virðist því með sömu röksemdum fullkomlega tímabært, að fram fari rannsókn á því, hvort þetta fyrirtæki íhaldsaðalsins í Reykjavík hafi misnotað ráðherraleyfið og flutt út tæki, sem varla geta heitið „vöruafgangur". Auk þess virðist fullkomin ástæða til þess, í ljósi þeirra upplýsinga, sem fram eru komnar um vörusölu frá Keflavíkurflugvelli, að rannsókn fari fram á því, hvert þessar vörur hafa farið og fyrir hvaða verð, svo að fyrir liggi upplýsingar fyrir almenning, hvað fyrirtækið hefur grætt mikið fé á þessum viðskiptum, hver hlutur einstaklinga er í þeim gróða og hvort öll kurl koma þar til grafar gagnvart skattalöggjöf og verðlagsákvæðum."

Svo farast Tímanum orð og er ítrekað enn ýtarlegar á eftir. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar svo nefnd sú, sem annast sölu varnarliðseigna, gerir athugasemd við þetta og braskararnir sjá, að málið er til umræðu, rýkur Morgunblaðið upp strax daginn eftir og reynir að fela allt braskið með því að kenna minnihlutaaðilanum í Aðalverktökum um allt saman. Þetta er eins og að þjófkenna mann, sem stolið er frá."

Og síðan klykkir blaðið út með þessu:

„Sameinaða verktaka hefur ekki skort fé að undanförnu. Þar er fjölmennt starfslið haft við störf eins og söluna á þessum vörum. Þar eru framámenn á hæstu launum, sem greidd eru á Íslandi. Fyrirtækið hefur verið svo vel fjáð, að talið er, að það hafi treyst sér til að leggja 70 þús. kr. fram á einu bretti í kosningasjóð Sjálfstæðisflokksins fyrir utan smáskammta."

Menn sjá nú af því, sem þessi tvö heiðvirðu blöð, sem ættu að vera einna kunnugust þessum málum, bera hvort á annað, að það muni sannarlega vera þörf á, að opinber rannsókn sé látin fram fara á því, hvað þarna hafi gerzt. Það er greinilegt, að á einhvern hátt virðist hafa verið vikið út frá þeirri reglu, sem lengst af hefur gilt hér, að það væri ríkið eitt, sem annaðist öll viðskipti við erlent setulið, á meðan það dveldist hér, — reglu, sem var slegið fastri fyrir 13—14 árum hér á Alþ. og stendur enn í lögum, og að öll slík sala færi fram undir það góðu, opinberu eftirliti, þar sem allir stjórnmálaaðilar gætu haft aðgang að, að ekki yrði þarna um spillingu að ræða eða um það að ræða, að einstökum mönnum eða fyrirtækjum yrðu gefnir neinir möguleikar á því að útvega sér sérstakan gróða af viðskiptunum við hið erlenda setulið.

Eins og ég gat um áðan og rakti, hefur nokkuð verið vikið út frá þeim ströngu lögum, sem sett voru um þetta í upphafi, fyrst með ráðherrabréfinu 1948 og síðan smám saman, að því er virðist, í framkvæmdinni um þessi mál. Þetta virðist hafa leitt til þess, að þessi mikli hagnaður, sem ríkið um alllangt árabil hefur haft af þessum viðskiptum, hefur að einhverju leyti freistað einstakra félaga, sem hafa verið svo voldug og áhrifarík, að þau hafa átt nokkuð innangengt í volduga flokka og haft góð sambönd, þannig að að svo miklu leyti sem hér hafi nú verið vikið út af þeirri braut, sem upprunalega hafi verið lögð, þá hafi þeirri spillingu, sem alltaf er svo mikil hætta á að eigi sér stað í sambandi við það sérstaka ástand, sem hér ríkir á landi, verið gefið undir fótinn, enda vantar ekki, að t. d. þessi tvö blöð ásaki fyrirtæki hvort annars svo að segja um megna spillingu, misnotkun og annað slíkt í þessu sambandi.

Það virðist því alveg augljóst, að hér er þörf á, að Alþ. láti til sinna kasta koma og skipi rannsóknarnefnd til þess — samkv. 39. gr. stjskr. — að rannsaka, hvað gerzt hefur í þessum efnum: Rannsaka í fyrsta lagi, hvernig er raunverulega um þær reglur, sem þarna gilda um, og hvernig þessum reglum er framfylgt, og þá getur maður þar af, þegar sú rannsókn hefur fram farið, dregið sínar ályktanir um, hvort rétt væri og nauðsynlegt að breyta þarna til. Í öðru lagi að rannsaka, hvers vegna hluti af þessum viðskiptum hafi verið framkvæmdur af öðrum aðilum en þeim, sem ríkisstj. yfirleitt á undanförnum árum hefur falið þessa verzlun, og svo framarlega sem það leiddi í ljós, að eitthvað af því, sem þessi tvö blöð hafa verið þarna að ræða um, kynni að vera satt, hvaða einkaaðilar það séu, sem hafi þarna verið kaupendur, og hvern ágóða þeir hafi þarna af haft; og nefndinni sé gefin heimild til þess að rannsaka þetta til hlítar, yfirheyra embættismenn og aðra í því sambandi, eins og slík rannsóknarnefnd hefur rétt til.

Ég held, að það sé ekki ofmælt, að sú tillaga, sem við hv. 2. landsk. flytjum hér, ætti að vera í samræmi við ósk allra hv. þm. og þingflokka. Sérstaklega hefur það komið svo greinilega fram í blöðum beggja þessara stóru flokka, að þau krefjist þar rannsóknar og æski upplýsinga, að þeir ættu að geta verið því samþykkir, að sett væri nefnd til þess að kryfja þetta til mergjar. Þetta er líka alveg sérstaklega nauðsynlegt með tilliti til þess, að öll þau viðskipti, sem fram fara við setuliðið, hafa alltaf þá tilhneigingu að skapa spillingu í okkar þjóðfélagi eins og öll þess dvöl, á meðan það yfirleitt er hér. Ég vil þess vegna vonast til þess, að hv. þm. taki þessari þáltill. vel og fallist á að samþ. hana og að Alþ. láti þannig slíka rannsókn fram fara.

Ég vil gera það að minni tilllögu, að að lokinni umr. um þetta mál nú verði till. vísað til allshn., og vona, að hún afgreiði hana sem allra fyrst, því að eins og menn sjá, þá er þetta mál, sem þarf að rannsaka sem fyrst og sem bezt, vegna þess að í svona málum er alltaf hætta á, að því lengri tími sem líður,

frá því að þeir hlutir gerast, sem rannsaka á, kunni að verða erfiðara að komast til botns í því, sem gerzt hefur.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í till. þeirri til þál., er hér liggur fyrir, er lagt til, að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verzlunarviðskiptum Íslendinga við varnarlið Bandaríkjanna og verktaka þess á Íslandi. Tilefni till. þeirrar er það, að tvö íslenzk verktakafélög hafa ekki alls fyrir löngu flutt út nokkurn varning af Keflavíkurflugvelli til ráðstöfunar á íslenzkum markaði. Hafa orðið allmikil blaðaskrif út af þessum útflutningi.

Ég var því miður staddur erlendis, er blaðaskrifin hófust og meðan þau fóru fram, og hef því ekki átt þess kost persónulega að gera grein fyrir málinu á opinberum vettvangi fyrr en nú. Af hálfu utanrrn. var hins vegar í fjarveru minni gefin út stutt og greinargóð yfirlýsing um afstöðu utanrrn. til málsins í heild. Eins og gefur að skilja, er þess ekki kostur að gera máli sem þessu fullnægjandi skil í stuttri greinargerð.

Ég vil að sjálfsögðu taka undir og ítreka allt það, sem sagt var í yfirlýsingu um mál þetta á sínum tíma, og vil auk þess nota þetta tækifæri til að gera grein fyrir málinu og málavöxtum í heild.

Þeir tveir íslenzku verktakar, sem eiga hlut að máli og flutt hafa varning út af Keflavíkurflugvelli til ráðstöfunar á íslenzkum markaði, eru Sameinaðir verktakar og Aðalverktakar. Útflutningur beggja þessara aðila af Keflavíkurflugvelli stendur í beinu sambandi við skipulagsbreytingar, sem gerðar hafa verið í sambandi við opinberar framkvæmdir í þágu varnarliðsins. Mér þykir því rétt, til þess að menn fái heildaryfirlit yfir málið og geti áttað sig betur á því, að gera grein fyrir því, í hverju voru fólgnar þær skipulagsbreytingar, sem leiddu til þess, að sá útflutningur, sem hér um ræðir, var leyfður af utanrrn. á sínum tíma.

Skal ég fyrst leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þætti Sameinaðra verktaka í þessu máli.

Þegar varnarliðið kom til Íslands á árinu 1951, var öllum ljóst, að á vegum þess mundu fara fram mjög yfirgripsmiklar framkvæmdir. Var gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í varnarsamningnum og undirsamningum hans með ýmsum ákvæðum.

Varnarliðið hóf undirbúning að þessum framkvæmdum sínum með því að semja við bandarískt verktakafirma um, að það tæki að sér sem aðalverktaki að sjá um allar framkvæmdirnar. Var tilætlunin sú, að þessi bandaríski aðalverktaki ýmist annaðist framkvæmdirnar sjálfur eða semdi við íslenzka undirverktaka um einstakar framkvæmdir, eftir því sem bezt þætti henta hverju sinni.

Þeim, sem með utanríkismálin fóru á þeim tíma, var ljóst, að á því voru mjög miklir annmarkar, að hinn bandaríski aðalverktaki gæti leitað ótakmarkað til einstakra íslenzkra verktaka um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Kom þar ýmislegt til. Ljóst var t. d., að talsverðir erfiðleikar voru á því fyrir einstaka íslenzka verktaka að ráða fjárhagslega við þær framkvæmdir, sem þarna voru á ferðinni. Auk þess var talin nokkur hætta á því, að ef íslenzkir verktakar stæðu sundraðir, gæti orðið um undirboð að ræða af þeirra hálfu í einstakar framkvæmdir til óþurftar fyrir landsmenn í heild.

Þess vegna beitti utanrrn. sér fyrir því á sínum tíma, að íslenzkir verktakar, sem óskuðu eftir að hafa með höndum framkvæmdir fyrir varnarliðið á Íslandi, mynduðu með sér samtök. Fyrir forgöngu utanrrn. voru Sameinaðir verktakar því stofnaðir á árinu 1951 eða 1952 í þeim tilgangi, að þeir tækju að sér framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli fyrir hina bandarísku aðalverktaka og að svo miklu leyti sem aðalverktaki ekki annaðist framkvæmdir sjálfur. Sameinaðir verktakar fengu einkarétt til þessara framkvæmda á flugvellinum.

Það kom snemma í ljós, eftir að framkvæmdir hófust fyrir varnarliðið, að nokkrir erfiðleikar voru á samstarfi milli Sameinaðra verktaka og erlenda aðalverktakans. Þess vegna var snemma farið að vinna að því að koma þessum málum þannig fyrir, að aðalverktaki yrði einnig íslenzkur, ekki síður en undirverktakinn. Leiddi þetta til þess, að á árinu 1954 var samið um og gengið frá stofnun íslenzks aðalverktakafélags, sem leysti hinn bandaríska aðalverktaka af hólmi. Sameinaðir verktakar skyldu engu að síður halda áfram sínum störfum sem einkarétthafar til undirverka á Keflavíkurflugvelli, en að sjálfsögðu með þeirri breytingu, að nú skyldu þeir taka við einstökum framkvæmdum úr hendi Íslenzkra aðalverktaka í stað erlends aðalverktaka áður.

Þó var það svo, að eftir að íslenzkt aðalverktakafélag hafði verið stofnað 1954, var enn bandarískur verktaki á Keflavíkurflugvelli, sem átti vinnuvélar og áhöld og hafði ýmsa yfirumsjón. Var þar um allumfangsmikil störf að ræða.

Á tímabilinu frá 1951 til 1956 leystu Sameinaðir verktakar af höndum, bæði á Keflavíkurflugvelli og utan hans, geysimikla þjónustu fyrir varnarliðið, og námu þær fjárhæðir, sem greiddar voru til Íslendinga í þessu sambandi, fleiri hundruðum milljóna króna. Á árinu 1956 dró mjög úr öllum framkvæmdum, og síðari hluta ársins stöðvuðust þær að mestu af ástæðum, sem mönnum er kunnugt um.

Á árinu 1957 var hins vegar ráðizt í að hefja framkvæmdir á ný, þó að í miklu minni stíl væri en áður hafði verið. En þegar farið var að semja við Bandaríkjamenn um þessar nýju framkvæmdir, kom í ljós, að gera þurfti allverulegar skipulagsbreytingar á öllu verktakafyrirkomulagi á flugvellinum og stöðvum þeim, sem varnarliðið hafði nokkurn rekstur á.

Ég fyrir mitt leyti lagði á það mikla áherzlu, að allar framkvæmdir á Íslandi væru í höndum Íslendinga einna og íslenzkra verktakafyrirtækja, en öll erlend verktakafyrirtæki og verktakar hyrfu í burtu.

Af ýmsum ástæðum reyndist hvorki fram-

kvæmanlegt né heppilegt að færa út starfsemi Sameinaðra verktaka í þessu sambandi, heldur var horfið að því ráði, að Íslenzkir aðalverktakar skyldu taka að sér allar framkvæmdir fyrir varnarliðið og yfirleitt annast þær sjálfir. Þó mátti grípa til undirverktaka, er sérstaklega stóð á. Sérréttindi Sameinaðra verktaka skyldu falla niður. Með þessari skipulagsbreytingu var fótunum með öllu kippt undan framkvæmdastarfsemi Sameinaðra verktaka á Keflavíkurflugvelli.

Eftir að þessir samningar voru gerðir 1957, var ekki um það að ræða, að Sameinaðir verktakar fengju þar sem slíkir neinar framkvæmdir, enda varð félagið upp úr þessu fljótlega leyst upp í sinni upphaflegu mynd.

Þegar verið var að gera Sameinaða verktaka upp, eftir að grundvellinum hafði þannig verið kippt undan starfsemi þeirra, kom að sjálfsögðu í ljós, að eftir svo miklar framkvæmdir og svo langan starfstíma hafði félagið dregið að sér ýmis verkfæri og ýmis áhöld, sem notuð höfðu verið til framkvæmdanna. Hjá félaginu hafði og safnazt fyrir nokkuð af efnisafgöngum frá því, sem þeir höfðu þurft á að halda á sínum tíma. Allar þessar vélar, tæki og áhöld ásamt öllu því efni, sem Sameinaðir verktakar áttu á Keflavíkurflugvelli, höfðu þeir sjálfir ýmist keypt hér í landi á frjálsum markaði eða flutt til landsins með nauðsynlegum aðflutningsleyfum. Af öllum þeim verðmætum, sem þeir höfðu keypt hér innanlands og áttu ónotuð eða nothæf á flugvellinum, höfðu þeir að sjálfsögðu borgað full aðflutningsgjöld. Svo var einnig um nokkuð af því efni og tækjum, sem þeir höfðu flutt til landsins. Aðflutningsgjöld höfðu þeir borgað af þessum verðmætum, þegar þau komu inn í landið. Aðra hluti höfðu þeir fengið að flytja inn með leyfum, án þess að aðflutningsgjöld hefðu verið greidd, vegna þess að til þess var ætlazt á sínum tíma, að það gengi allt til framkvæmda á flugvellinum.

Þegar svo var komið, að Sameinaðir verktakar gátu ekki starfað lengur í sinni upphaflegu mynd og áttu þessi verðmæti eftir á flugvellinum, kom upp spurningin um það: Hvað á að gera við þessa hluti?

Sameinaðir verktakar sneru sér þá til mín og óskuðu eftir leyfi til þess að fá að flytja út af flugvellinum og ráðstafa innanlands þeim efnisafgöngum og verkfærum, sem þeir áttu liggjandi á Keflavíkurflugvelli. Í bréfi, sem þeir rituðu mér hinn 5. sept. 1957, upplýsa þeir, að „vörur þær, sem vér eigum á Keflavíkurflugvelli, eru að langmestu leyti keyptar á innlendum markaði. Það, sem aðallega ræðir um að séu ótollaðar vörur, eru innan við 10 tonn af saum, um 300 plötur af vatnsheldum krossviði, gúmmíkapall og svo ýmis tæki til byggingarframkvæmda, sem ýmist hafa verið flutt inn tolluð eða ótolluð, og erum vér að sjálfsögðu reiðubúnir að sýna tollreikninga fyrir því, sem tollað er.“

Þannig var málið lagt fyrir mig af hálfu Sameinaðra verktaka. Mér fannst það ekkert áhorfsmál, hvernig átti að afgreiða þetta mál. Sameinaðir verktakar voru á sínum tíma stofnaðir að tilhlutun utanrrn. í þeim tilgangi að annast framkvæmdir fyrir varnarliðið á Íslandi. Utanrrn. hafði með ráðstöfunum sínum komið í veg fyrir það 1957, að þetta fyrirtæki gæti haldið áfram störfum sínum á Keflavíkurflugvelli. Það hefði verið hreinasta óbilgirni af minni hálfu, ef ég hefði meinað fyrirtækinu að flytja út af flugvellinum og ráðstafa á innlendum markaði þeim eignum, sem það hafði óhjákvæmilega dregið að sér til þess að geta leyst af hendi það verkefni, sem utanrrn. hafði falið því, en þó varð að sjálfsögðu að setja það skilyrði, að full aðflutningsgjöld yrðu greidd af öllu, sem inn hafði verið flutt.

Ég lét virða og rannsaka, hversu mikils virði þær eignir væru, sem þarna var um að ræða, og matið kom upp á eitthvað rúmar 600 þús. kr. Meira en helmingurinn af því matsverði var fyrir einn kranabíl, sem fyrirtækið hafði flutt inn fyrir nokkrum árum með fullkomnu innflutningsleyfi og notað til framkvæmda sinna á Keflavíkurflugvelli.

Ráðuneytið brast að sjálfsögðu algerlega vald til þess að taka þessi verðmæti af Sameinuðum verktökum. Ráðuneytið hafði ekkert vald til að skylda Sameinaða verktaka til að afhenda sölunefnd varnarliðseignа þessar eignir á Keflavíkurflugvelli. Til þess var engin lagaheimild. Valið stóð á milli þess að leyfa þeim að flytja þessar vörur inn gegn því, að þær voru tollafgreiddar, eða þvinga þá til þess að láta þær liggja ónotaðar og grotna niður á Keflavíkurflugvelli. Um þetta tvennt var að velja og annað ekki.

Mér fannst skylt, eins og til Sameinaðra verktaka var stofnað og eins og frá þeim var gengið, að þeir fengju að koma þeim verðmætum í peninga, sem þeir höfðu flutt inn með löglegu móti, enda greiddu þeir af þeim fullkomin aðflutningsgjöld.

Ég ritaði þess vegna Sameinuðum verktökum bréf þann 6. sept. 1957, sem — með leyfi hæstv. forseta — er svo hljóðandi:

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, dags. í dag, varðandi vöruafganga Sameinaðra verktaka á Keflavíkurflugvelli. Þar sem hér er aðallega um að ræða þegar tollaðar vörur, veitir ráðuneytið Sameinuðum verktökum leyfi til að flytja þær út af Keflavíkurflugvelli.

Sameinuðum verktökum ber að sýna tollreikninga fyrir þeim vörum, sem hafa verið tollálagðar. Varðandi tæp 10 tonn af saum, um 300 plötur af vatnsheldum krossviði, gúmmíkapal og ýmis tæki til byggingarframkvæmda, sem ekki hafa verið tollafgreidd, ber að meta sérstaklega og tollafgreiða hjá tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli, sem hefur verið sent afrit af bréfi þessu.“

Samkvæmt þessu voru vörurnar metnar, fluttar út af vellinum og fullkomin aðflutningsgjöld greidd af þeim áður.

Hvernig Sameinaðir verktakar hafa síðan ráðstafað þessum eignum, veit ég ekki, enda tel ég mér það með öllu óviðkomandi.

Ég vil sérstaklega undirstrika, að hér var um að ræða vörur, sem fluttar höfðu verið

inn með aðflutningsleyfum á sínum tíma, og hér var um að ræða vörur, sem rn. hafði ekki aðstöðu til að skylda Sameinaða verktaka til að láta af hendi, hvorki við einn né neinn, sölunefnd varnarliðseigna né aðra. Spurningin var um þetta tvennt, eins og ég sagði áðan: Átti ég að skylda þá til að láta þessi verðmæti liggja á Keflavíkurflugvelli og grotna þar niður ónotuð — eða leyfa þeim að flytja þau inn í landið gegn því, að fullkomin aðflutningsgjöld yrðu greidd, svo að landsmenn gætu haft af þeim gagn?

Ég hygg, að flestir sanngjarnir menn hefðu afgreitt málið á sama hátt og ég gerði, ef þeir hefðu staðið í mínum sporum.

Ég kem þá að hinum aðilanum, sem eru Aðalverktakar. Eins og ég gat um áðan, voru Aðalverktakar stofnaðir árið 1954 í þeim tilgangi að taka að sér þau verkefni, sem hinn erlendi aðalverktaki hafði leyst af hendi til þess tíma, þ. e. að semja við Bandaríkjastjórn um heildarframkvæmdir hennar á Íslandi, en afhenda síðan verkin til undirverktaka. Þetta hlutverk leystu Íslenzkir aðalverktakar af hendi frá því á árinu 1954 og þar til á árinu 1957.

Þegar samið var við varnarliðið um áframhaldandi framkvæmdir snemma á árinu 1957, stóð svo á, að hér hafði um nokkurt skeið starfað erlent verkfræðingafyrirtæki, sem hafði annazt ýmiss konar rekstur fyrir varnarliðið. Átti félag þetta hér mikið af vélum og tækjum, sem notuð voru á flugvellinum. Í samningum þeim, sem fram fóru við Bandaríkjamenn á árinu 1957, var lögð á það áherzla af þeirra hálfu, að Íslenzkir aðalverktakar tækju við til framkvæmdanna eins miklu af þessum tækjum og frekast þyrfti á að halda. Úr kaupum á þessum tækjum gat að sjálfsögðu ekki orðið þá, heldur var samið um, að þeir skyldu fá tækin til afnota, en síðan skyldi athugað, hvernig færi um eignarrétt þeirra. Auk þess átti þetta verkfræðingafyrirtæki á Keflavíkurflugvelli nokkuð af skemmum, sem notaðar höfðu verið fyrir mötuneyti, fyrir skrifstofur og fyrir svefnskála starfsfólksins. Á það var lögð áherzla af báðum aðilum, að Íslenzkir aðalverktakar tækju við mötuneytisskemmunum með þeim áhöldum, sem þar væru, og skrifstofuskemmunum með þeim áhöldum, sem þar væru. Fyrir skemmurnar skyldi ekkert endurgjald greiða annað en það, að Aðalverktakar áttu að skila skemmunum aftur að loknu starfi sínu í svipuðu ástandi og þeir tóku við þeim. Hins vegar gat ekki verið um það að ræða, að þeir skiluðu aftur mataráhöldum, skrifstofuhúsgögnum, borðum, dýnum úr svefnskálum og rúmfatnaði og öðru slíku í sama ástandi og þeir tóku við því. Var því svo um samið, að til afnota við reksturinn skyldu Aðalverktakar taka við þeim áhöldum, sem í mötuneyti og skrifstofum væru, og svo nokkrum hluta af svefnskálum. En það var hins vegar ljóst þegar í upphafi, að þó að Aðalverktakar þyrftu á miklu af þessum verðmætum að halda, þá var það meira en svo, að þess þyrfti alls við. Þessum umframverðmætum var hlaðið upp í geymsluskemmurnar, en við samningana varð þetta eign Aðalverktaka, ef grípa þyrfti til þess síðar.

Aðalverktakar hafa, síðan þeir hófu sitt starf, unnið mikið og margþætt starf á Keflavíkurflugvelli, og til þeirra framkvæmda hefur þurft að nota efni fyrir tugi milljóna króna. Telst mönnum svo til, að á þeim þrem árum, sem Aðalverktakar hafa starfað, hafi þeir sjálfir flutt inn efni til framkvæmda fyrir talsvert yfir 40 millj. kr. og tekið við frá verkfræðingadeild hersins efni til afnota fyrir um 30 millj. kr. Hins vegar hefur komið í ljós og hlýtur alltaf að koma í ljós, þegar um jafnstórvægilegar framkvæmdir er að ræða eins og þarna hafa átt sér stað, að nokkrir afgangar verða af efni. Ýmislegt er keypt og til framkvæmdanna fengið, sem ekki reynist nothæft eða heppilegt, þegar kemur að því að nota það, bæði vegna þess, að framkvæmdir breytast, áður en þeim er lokið, og svo vegna hins, að til einstakra verka er jafnan pantað og keypt inn nokkru meira en það, sem menn telja sig komast af með minnst í upphafi. Það hefur því farið fyrir Aðalverktökum eins og öðrum, sem í slíkum framkvæmdum lenda, að hjá þeim hefur hlaðizt upp nokkurt efni, sem ekki er nothæft eða þarf á að halda til þeirra framkvæmda, sem það var upphaflega ætlað.

Aðalverktakar leituðu eftir því við mig 25. nóv. 1957 að fá að flytja það efni, sem hlaðizt hafði upp og ekki þurfti að nota, út af flugvellinum og ráðstafa því á innlendum markaði, enda yrðu greidd af því fullkomin aðflutningsgjöld samkvæmt mati. Ég lét athuga nokkuð um það, hvaða efni hér væri á ferðinni, og kom í ljós, að um var að ræða að mestu leyti timbur, sem hafði verið keypt til ákveðinna framkvæmda, en ekki reynzt af þeim styrkleika og þeirri tegund, sem á þurfti að halda, þegar til kom, m. a. vegna breytinga á fyrirhuguðum og upphaflega ráðgerðum framkvæmdum. Mér þótti ekki rétt að láta þetta efni grotna niður þarna suður frá, fyrst vitanlegt var, að ekki þurfti að nota það þar, og þessa efnisafganga gaf ég Aðalverktökum leyfi til að flytja út af Keflavíkurflugvelli til ráðstöfunar á innlendum markaði, enda yrði efnið virt og af því greidd fullkomin aðflutningsgjöld. Það var ekki sundurliðað í leyfinu, hvert þetta efni væri, enda lá ekki fyrir fullkomin sundurliðun um það. Lagt var fyrir tollgæzluna að fylgjast með útflutningnum og virða það, sem út væri flutt, til peninga og sjá um, að tollur væri af öllu greiddur. Gerði tollgæzla flugvallarins það.

Aðalverktakar fluttu nokkuð af þessu efni út af flugvellinum, þegar eftir að þeir fengu leyfið, og auk þess fluttu þeir út nokkuð af þeim áhöldum, sem þeir höfðu yfirtekið úr mötuneytinu, af skrifstofunum og úr svefnskálunum frá verkfræðingadeild hersins á sínum tíma. Það, sem út hefur verið flutt, hefur verið virt, og nemur verðmæti þess alls 216 þús. kr. Ég hef skoðað skrána yfir þessa muni. Mjög verulegur hluti þeirra er áhöld úr eldhúsi verktakanna á Keflavíkurflugvelli, áhöld,

sem hafa verið notuð um margra ára skeið, auk þess sem þarna eru teppi, dýnur, lök og annað þess háttar, sem einnig hefur verið notað um margra ára skeið. Einnig er nokkuð af skrifstofuáhöldum, þó tiltölulega lítið, sem ekki reyndist nauðsyn fyrir í þeim skrifstofum, sem Aðalverktakar þurftu að starfrækja á flugvellinum.

Af þessu má sjá, að það, sem hér er um að ræða, er í rauninni ekki annað en það, að Aðalverktakar hafa, í stað þess að láta afgangsefni liggja ónotað á Keflavíkurflugvelli, fengið að flytja það inn til hagnýtingar fyrir landsmenn, og í stað þess að láta hluti úr mötuneyti, skrifstofum og svefnskálum liggja þar syðra og grotna niður, hafa þeir fengið að flytja þá inn einnig, ef hægt skyldi vera að koma verðmætum þessum í eitthvert verð.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi benda á, að þau verðmæti, sem Aðalverktakar tóku við frá Bandaríkjamönnum, tóku þeir við frá verkfræðingadeild varnarliðsins og frá erlendum sjálfstæðum verktökum, en ekki frá sjálfu varnarliðinu, og mun ég víkja að því síðar. Sölunefnd varnarliðseigna hefur aldrei, hvorki fyrr né síðar, haft nein viðskipti við erlenda verktaka, sem á Keflavíkurflugvelli hafa verið, og heldur engin viðskipti við verktakadeild varnarliðsins. Það hefur verið föst regla hjá þessum aðilum tveimur, að öll þau verðmæti, sem hingað hefur verið komið með og ekki hefur verið hægt að nota hér, hafa þeir yfirleitt flutt út, en ekki selt til Íslendinga.

Hv. 1. flm. till. þeirrar, sem hér liggur fyrir, vildi halda því fram, að með þeim ráðstöfunum, sem hér hafa verið gerðar, hafi verið brotin eða sniðgengin lög, sem sett voru árið 1945 um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi. Hér kennir mjög mikils misskilnings. Lög þau, sem þessi hv. þm. vitnaði í, eiga ekki hér við, þau giltu um allt annað málefni og allt aðrar aðstæður en hér eru. Lögin frá 1945 eru þannig til komin, að þegar varnarliðið fór frá Íslandi í stríðslok, á árinu 1945, átti það hér í landi talsvert miklar eignir. Jafnframt hvíldu þá á varnarliðinu allháar bótakröfur frá Íslendingum, ýmist fyrir leigu eftir land, landspjöll eða annað tjón, sem varnarliðið hafði valdið, á meðan það dvaldist á Íslandi. Í lok stríðsins samdist svo um á milli ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna, að ríkisstj. Íslands skyldi verða eigandi að öllum þeim mannvirkjum og eignum, sem varnarliðið skildi hér eftir, gegn því að ríkisstj. tæki að sér að greiða þær bótakröfur, sem á varnarliðinu hvíldu og óuppgerðar voru. Lögin frá 1945 voru sett til þess að fullnægja þessum samningi.

Í 1. gr. þeirra laga segir: „Ríkisstj. heimilast að kaupa fyrir ríkissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.“

Í 2. gr. segir: „Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða samkv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd.“

Tilgangur laganna frá 1945 er því í fyrsta lagi sá að heimila ríkisstj. að kaupa eignir setuliðsins, sem þá var að hverfa frá landinu, jafnframt því sem ráðstafanir eru gerðar um það, með hverjum hætti þessar ákveðnu eignir skyldu seldar.

Í 3. gr. laganna segir enn fremur: „Ríkisstj. veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.“

Lögin frá 1945 eru því öðrum þræði um að heimila ríkisstj. að láta meta og gera ráðstafanir til þess að greiða þær bætur, sem hún með samningum við varnarliðið hafði tekið að sér að greiða.

Hlutverk laganna frá 1945 var því það eitt að sjá um framkvæmd á þeim samningi, sem ríkisstjórn Íslands hafði gert við stjórn Bandaríkjanna um að greiða þær bótakröfur, sem á því kynnu að hvíla hér á Íslandi eftir brottför þess, enda fengi ríkisstj. eignir varnarliðsins til ráðstöfunar og sæi um sölu á þeim. Lögin frá 1945 áttu því að fullnægja þessum tilgangi einum og skipta ekki máli út yfir þann tilgang.

Það var öllum ljóst, þegar varnarsamningurinn var gerður 1951, að varnarliðið mundi flytja inn mikið af verðmætum, sem nota ætti í landinu vegna veru og framkvæmda liðsins hér. Það var líka vitað, að ýmislegt mundi flutt inn, sem notað yrði aðeins um takmarkaðan tíma, og annað, sem reyndist ekki eins nauðsynlegt, þegar komið var til landsins. Þegar varnarsamningurinn var gerður 1951, voru því gerðar ráðstafanir um það, hvernig skyldi fara með þau verðmæti, sem varnarliðið kæmi með til landsins og þyrfti ekki að nota eða hætti að nota.

Með lögunum nr. 110 frá 1951 um varnarsamninginn fylgdi undirsamningur, sem gerður var um leið og varnarsamningurinn sjálfur, og í þessum undirsamningi eru ákvæði um það, hvernig skuli með þessi verðmæti fara. Í 8. gr. 7. tölul. viðbætis við varnarsamninginn um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna eru ákvæði um það, hvernig þessum verðmætum skuli ráðstafað. Þar er lögð á það megináherzla, að vörur, sem varnarliðið hafi flutt til Íslands tollfrjálst, skuli varnarliðinu frjálst að flytja óhindrað úr landi aftur. Þetta er meginatriðið. Í b-lið þessarar gr. segir, að slíkar vörur skuli eigi látnar af hendi á Íslandi, hvorki með sölu, að gjöf né í skiptum. Þó má, er sérstaklega stendur á, veita heimild til slíkrar afhendingar með þeim skilyrðum, er tollyfirvöld setja. Meginreglan er sú, að vörurnar má flytja úr landi, það má ekki afhenda þær til Íslendinga, en það er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að láta slíka afhendingu fara fram, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollyfirvöldin setja.

Til framkvæmda á þessu ákvæði var í það gengið snemma á árinu 1953 að gera sérstakan samning á milli utanrrn. og varnarliðsins um meðferð þeirra verðmæta, sem varnarliðið sjálft flytti inn og þyrfti ekki lengur á að halda og teldi ekki ástæðu til að kosta upp á að flytja úr landi. Var sérstaklega um það

samið, að allur slíkur varningur skyldi af hálfu varnarliðsins afhentur íslenzku ríkisstj. til sölu og meðferðar. Samningurinn, sem þarna var gerður, var byggður á þessu ákvæði í fyrrgreindum undirsamningi varnarsamningsins, en alls ekki á lögunum frá 1945, eins og hv. 1. flm. þessa frv. var að halda fram. Sú n. og sú framkvæmdastjórn, sem síðan þetta gerðist hefur annazt móttöku varnings frá varnarliðinu og séð um sölu hans á innlendum markaði, hefur fyrst og fremst gert það í krafti þessa ákvæðis undirsamningsins og þess samnings, sem þarna var gerður.

Þessi samningur er gerður á milli utanrrn. og varnarliðsins og hefur að geyma ákvæði um, að flugherinn skuli afhenda íslenzku ríkisstj. eða þeim aðila, sem hún löggildir, þessi verðmæti til ráðstöfunar á innlendum markaði.

Hins vegar hefur aldrei verið neinn samningur um slíka hluti gerður eða fengizt gerður við þá erlendu verktaka, sem hér hafa verið, og alls ekki heldur við verkfræðingadeild varnarliðsins. Þessir aðilar hafa aldrei gert slíkan samning og engin verðmæti afhent til íslenzku ríkisstj. til sölu á innlendum markaði, heldur eins og ég gat um áðan: Það, sem þeir hafa ekki þurft að nota sjálfir vegna framkvæmdanna, hafa þeir yfirleitt flutt úr landi eða látið liggja ónotað á Keflavíkurflugvelli án þess að ráðstafa því sérstaklega.

Það, að ég hef leyft þann útflutning, sem um hefur verið rætt, til þessara tveggja verktakafélaga, brýtur því ekki í bága við nein lög eða neina samninga, sem gerðir hafa verið.

Að því er Sameinaða verktaka varðar, hafa þeir ekki við neinum eignum eða verðmætum tekið úr hendi varnarliðsins eða stofnana þess. Þeir hafa sjálfir flutt inn eða keypt á innlendum markaði allt, sem þeir fluttu út, og greiddu af því fullkomið aðflutningsgjald. Það, sem Aðalverktakar hafa flutt út, eru verðmæti, sem þeir ýmist sjálfir hafa flutt inn með leyfum og ekki þurft að nota, eða verðmæti, sem þeir hafa tekið við úr hendi erlendra verktakafélaga samkvæmt samningum, sem utanrrn. hefur staðið að, til þess að þeir gætu tekið í sínar hendur allar þær framkvæmdir, sem erlendir verktakar höfðu áður haft með höndum.

Það gildir nákvæmlega sama um Aðalverktaka og Sameinaða verktaka. Utanrrn. hafði ekki neina aðstöðu til þess að skipa Aðalverktökum að afhenda sölu varnarliðseigna þau verðmæti, sem þeir þarna höfðu keypt og tekið við. Til þess brast lagaheimild. Hins vegar er rétt, að utanrrn. gat bannað Aðalverktökum að fara með þessi verðmæti út af vellinum og kosið þá heldur þá leið að láta þau liggja þar um ófyrirsjáanlegan tíma og verða e. t. v. að engu og engum að gagni. En með því að hér var um mjög lítilvæga hluti að ræða, sem mér virtust ekki skipta máli, og hér var ekkert fordæmi skapað og á engan hátt vikið frá þeim reglum, sem alla tíð höfðu gilt um að hafa viðskiptin við sölunefndina að því er varnarliðið sjálft varðaði, sá ég ekki ástæðu til að meina Aðalverktökum að flytja afgangsefni út af vellinum og hluti, sem þeir óhjákvæmilega höfðu tekið við og keypt vegna opinberra ráðstafana, en hafa ekki þurft að nota.

Mér þykir rétt að gefnu tilefni að taka fram, að þegar Aðalverktakar voru langt komnir að flytja þessi verðmæti út af vellinum, var mér tjáð, að þeir hefðu gengið lengra í þeim efnum en til hafði verið ætlazt í upphafi. Ég lét þá stöðva útflutninginn, þótt lítið væri eftir, og einnig frekari ráðstöfun á því, sem út hafði verið flutt, til þess að mér ynnist tími til að athuga, hvort leyfið hefði hér verið misnotað eða ekki.

Ég hef einnig gert ráðstafanir til að láta athuga um það, hvort Sameinaðir verktakar hafi á nokkurn hátt í sínum útflutningi farið út yfir það, sem til var ætlazt í upphafi og leyft var á sínum tíma.

Mér virðist till. sú, sem hér liggur fyrir til umræðu, vera nokkuð víðtæk, og ég held, að hún mundi reynast nokkuð erfið og tímafrek í framkvæmd. Samkvæmt 1. lið till. á að rannsaka, hvaða sala á þeim varningi, er herlið Bandaríkjanna á Íslandi eða verktakar í þjónustu þess hafa flutt inn tollfrjálst, hefur farið fram með leyfi íslenzkra stjórnvalda, hvort farið hefur verið að lögum og settum reglum um þessi skipti.

Það gefur auga leið, að ef þessi till. verður samþ. eins og hún liggur fyrir, er meginverkefni þessarar rannsóknarnefndar að rannsaka kaup, útflutning og sölu þess aðila, sem mest og lengst hefur flutt út af vellinum. Það yrði meginverkefni þessarar n. að rannsaka allan þann útflutning, sem farið hefur fram á vegum sölunefndar varnarliðseigna, ekki um takmarkaðan tíma, heldur frá því að n. fór að taka við verðmæti af Keflavíkurflugvelli og flytja út og til þessa dags, auk þess sem n. yrði að sjálfsögðu að athuga málið að því er varðar Aðalverktaka og Sameinaða verktaka. Það er tiltölulega fljótlegt með Aðalverktaka, vegna þess að verðmætin liggja fyrir og hefur ekki verið ráðstafað. Hitt held ég að sé nokkuð yfirgripsmikið og erfitt viðfangsefni fyrir þannig kjörna þingnefnd, að eiga að fara að rannsaka öll viðskipti sölunefndar varnarliðseigna við varnarliðið og ráðstöfun nefndarinnar á verðmætum, sem hún hefur tekið við frá byrjun og til þessa dags. Ég held, að það sé allyfirgripsmikið og tímafrekt verkefni, og sannast að segja hef ég ekki trú á því í framkvæmd.

Ég geri ráð fyrir því, að þessi till. fari til athugunar í þn. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að láta hv. þn. í té allar þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir. Á þessu stigi málsins hef ég fyrir mitt leyti ekki séð ástæðu til þess að gera aðrar og frekari ráðstafanir en þær að kynna mér, hvort þau leyfi, sem ég gaf á sínum tíma til útflutnings varnings af flugvellinum, hafa verið misnotuð eða ekki, enda skilst mér, að það sé aðalatriðið í málinu. Sú athugun fer nú fram á vegum ráðuneytisins.

Flm. (Einar Olgeirsson): Hæstv. utanrrh. hefur nú gefið hér nokkrar upplýsingar af hálfu síns embættis um þau viðskipti, sem þarna hafa farið fram, og nokkrar af þeim upplýsingum eru þess eðlis, að það er auðsjáanlega þörf á frekari upplýsingum um þá hluti, sem hann hefur minnzt hér á.

Hæstv. utanrrh. sagði, að Sameinaðir verktakar hefðu raunverulega verið leystir upp 1957 og að þessi upplausn Sameinaðra verktaka hafi verið ástæða til þess, að þetta félag hefði eiginlega átt „móralska" kröfu á því að fá leyfi til þess að flytja ýmislegt út af Keflavíkurflugvelli.

Má ég spyrja í þessu sambandi, því að ég hef aldrei séð neitt um, að Sameinaðir verktakar hafi verið leystir upp: Er það rétt hjá mér, að félagið Aðalverktakar h/f sé samsett af nokkrum félögum, þ. á m. Sameinuðum verktökum h/f, — eða hvort þeir eru nú hlutafélag eða ekki, — Regin h/f og jafnvel íslenzka ríkinu? Eru ekki Sameinaðir verktakar lifandi áfram á sama hátt og þeir hafa verið allan þennan tíma? — Og ef þeir eru það ekki: Hver hefur þá tekið við þeirra aðild af Aðalverktökum eða hvers konar breyting hefur orðið þar á? Ég hef ekki vitað betur en að Sameinaðir verktakar séu aðaleigendur Aðalverktaka, þannig að mér kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir, ef það fyrirtæki hefur verið leyst upp.

Síðan upplýsir hæstv. ráðh., að 5. sept. 1957 hafi þessir Sameinaðir verktakar skrifað bréf, þar sem þeir fari fram á þetta, og eftir því sem mér skilst, hefur því bréfi verið svarað mjög fljótt, ef ekki samdægurs, þá a. m. k. 6. sept. Það er náttúrlega ákaflega gleðilegt, þegar ráðuneyti afgreiða svo fljótt það, sem þau eru spurð um. Mig langar þó til að spyrja í því sambandi: Hafði utanrrn. nokkuð spurt sölunefnd setuliðseigna um þessi mál, eða var það ákvörðun utanrrn., að sölunefnd setuliðseigna ætti ekkert og mætti ekkert hafa um það að segja, þó að einhverjar vörur væru fluttar út af Keflavíkurflugvelli? Það kemur ekki því máli við, hvort einhvern tíma hafi tekizt samningar við einhverja ameríska verktaka á vellinum og hver aðstaða sölunefndar setuliðseigna til þess að yfirtaka eignir á vellinum, tæki eða vörur eða vöruafganga eða annað slíkt, hafi verið. Spurningin er um hitt, að enginn efi er á því, að íslenzk stjórnarvöld hafa algert vald yfir því, hvort þau leyfa Sameinuðum verktökum að flytja nokkurn skapaðan hlut út af vellinum eða ekki, og ef þeir gera það, að setja þeim þau skilyrði, sem þeim þóknast þar viðvíkjandi. Ég vildi um leið spyrja að því með sölunefnd setuliðseigna, í fyrsta lagi, hvort hún hafi verið að þessu spurð, og í öðru lagi: Hvernig er þessi núverandi sölunefnd setuliðseigna skipuð, er ráðherrabréfið frá 1948 enn þá í gildi þar um, eða er komið nýtt ráðherrabréf, og ef svo er, hverjir eru nú í þessari sölunefnd setuliðseigna? — þannig að við fengjum að vita, hverjir það eru, sem hafa með þessi mál að gera, að svo miklu leyti sem það eru einhverjir aðrir en utanrrn., því að svo mikið var a. m. k. staðhæft í þeim blöðum, sem ég vitnaði hér allýtarlega í áðan, að það hefði verið sölunefnd setuliðseigna, sem í sambandi við þau viðskipti, sem fram hafi farið milli annars hvors af þessa verktakafélögum, hafði sérstaklega gripið inn í og krafizt þar stöðvunar.

Ég tel engum efa bundið, að utanrrn. hefur haft aðstöðu til þess að setja Sameinuðum verktökum það skilyrði, að svo framarlega sem þeir vildu fá fluttar út þær vélar, sem þeir ættu á vellinum, eða önnur tæki, sem þar væru, skyldu þessar vélar eða slík tæki seld annaðhvort í gegnum sölunefnd setuliðseigna eða undir eftirliti sölunefndar setuliðseigna, þannig að það var hægt að sjá um, að þessar eignir færu um hönd þeirrar nefndar, sem almennt hefur verið álitið að íslenzka ríkið ætti að nota í slíku sambandi. M. ö. o.: mér kemur þetta nokkuð spánskt fyrir sjónir, að Sameinaðir verktakar séu leystir upp og að sú upplausn sé notuð sem sérstök ástæða til þess, að þeir fái að flytja út eitthvað af þeim eignum, sem þeir hafa áður haft þarna, sem eins konar dautt félag. Ég hélt, að það væri lifandi félag, sem ætti mjög mikið, mestan hlutann í þeim Aðalverktökum, sem nú væru að taka þarna við.

Þá upplýsti hæstv. ráðh., að Aðalverktakar hefðu 25. nóv. leitað eftir að fá að flytja nokkuð af hlutum út af flugvellinum og utanrrn. hefði þá gefið leyfi. — Ég vil leyfa mér að spyrja: Var um það leyfi leitað umsagnar sölunefndar setuliðseigna? Þar gildir að öllu leyti það sama og ég hef sagt um Sameinaða verktaka og máske þó frekar, að því hefur ekki verið haldið fram, að það félag væri að deyja eða að leysast upp, þannig að það hefur ekki getað borið slíku við í því sambandi, að því hafi verið nauðsynlegt að fá reyturnar burt af vellinum.

Hæstv. utanrrh. segist hafa gefið þetta leyfi. Mig langar til að vita, hvort það hafi verið borið undir sölunefnd setuliðseigna eða hvort hún hafi komið nokkuð þar nærri og hvernig á því standi, að ekki hafi verið sett þessu félagi sama skilyrði og hægt hefði verið að setja líka Sameinuðum verktökum, að þessi sala færi fram um hendur sölunefndar setuliðseigna?

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði ekki átt annars kost en annaðhvort að láta þessa hluti liggja á vellinum og verða þar ónýta eða þá að leyfa Aðalverktökum að gera þetta til þess að hagnýta þessa hluti þar með fyrir landsmenn. Ég vil nú spyrja: Var ekki sá möguleiki þarna til, að ráðh. svaraði Aðalverktökum, — rétt eins og ég álít að hann hefði átt að svara Sameinuðum verktökum áður, — að þeir skyldu fá að flytja þessa hluti út og selja þá, en sölunefnd setuliðseigna mundi annast alla þessa sölu? Það væri það skilyrði, sem þarna yrði. M. ö. o.: þetta færi fram algerlega undir eftirliti þessarar opinberu stofnunar; þeir ættu þetta, það væri ríkið, sem keypti það af þeim fyrir eitthvert matsverð og sölunefndin annaðist þetta. Með þessu

móti gætu þeir fengið að flytja þetta út. Þar með yrði það ekki ónýtt fyrir þá, og það ætti þó að þýða fyrir þá, að það væri nokkurs virði. Hins vegar gætu þeir ekki tekið neinn sérstakan gróða af þessu með þessu móti. Ég held, að það hefði alveg tvímælalaust verið hægt að setja slík skilyrði, — ekki hvað sízt ef það var meiningin með því að leyfa þeim að flytja þetta út, að þetta ætti að vera til hagnýtingar fyrir landsmenn, en ekki til hagnýtingar sérstaklega fyrir Aðalverktaka. Það hefði því legið ákaflega nærri að setja bara þessi skilyrði, að sölunefndin annaðist þessa sölu, tæki við þessu.

Hæstv. utanrrh. sagði, að sölunefndin hefði ekki haft viðskipti við verktaka, hún hefði eingöngu haft skipti við setuliðið. Ég sé nú ekki, þó að það hafi kannske gengið eitthvað erfiðlega að fá viðskipti í gang milli sölunefndar setuliðseigna og verktaka setuliðsins, þegar þeir voru ameríkskir, að það hafi átt að þurfa að ganga illa að fá í gegn, að íslenzkir verktakar hefðu viðskiptin við sölunefnd setuliðseigna. Ég vil í því sambandi alveg sérstaklega spyrja, ef nú Aðalverktakar hafa verið þannig skipaðir á þessu augnabliki, að Sameinaðir verktakar, sem voru stærsti eigandinn í þeim, væru að leysast upp og deyja, og hinir aðilarnir væru þá Reginn, sem Sambandið á, sem er mjög þjóðhollt fyrirtæki, og svo ríkið, sem er einn aðaleigandinn í Aðalverktökum, — var þá alveg óhugsandi fyrir hæstv. ríkisstj. að fá samninga við ríkið og Sambandið um, að gilda skyldi sú regla, sem verið hafði, að það gengi í gegnum sölunefnd setuliðseigna, sem þessi verktaki seldi af sínum eignum.

Mér kemur satt að segja spánskt fyrir sjónir, ef það á að vera svo, að þó að amerískir verktakar hafi verið látnir komast upp með það að gera ekki samninga við ríkisstj. um sölu á þeim eignum, sem þeir kærðu sig ekki meira um að nota, þá þurfi íslenzkir verktakar að komast upp með sömu ósvífnina.

Ég held þess vegna, að það sé engin afsökun um, að sölunefndin hefði ekki vel getað haft viðskipti við verktakana og séð um alla söluna á þessum hlutum alveg eins og þeim hlutum, sem komu frá varnarliðinu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði haldið því fram, að brotin hefðu verið lög og reglur. Ja, ég minntist á, að það kynni svo að hafa verið og því bæri að rannsaka það, að mjög málsmetandi aðilar og einmitt blað sjálfs forsrh. hefði haldið því fram, að þarna væru stórfelld misferli á ferðinni, sem þyrftu mjög ýtarlegrar rannsóknar við, þannig að það er þá sannarlega ekki ég einn, ef ég skyldi hafa sagt það hér áðan, að lög hefðu verið brotin, sem hef haldið slíku fram, ekki heldur aðeins blað hæstv. forsrh., heldur þar að auki líka t. d. Morgunblaðið. Ég held þess vegna, að það verði ekki afgreitt svo auðveldlega að segja, að engrar rannsóknar sé þörf; það eru fleiri, sem hafa krafizt rannsóknar þarna, en við tveir, sem flytjum þetta mál hér.

Þá kemur hæstv. ráðh. inn á lögin frá 1945 og telur, að þau skipti ekki máli í þessu sambandi. Ég lét líka orð að því falla, að þau hefðu gilt um annan hlut. En ég sagði, að höfuðreglan, sem legið hefði til grundvallar í þeim lögum, hefði verið, að hið opinbera ætti að fylgjast með öllum þessum viðskiptum, og að allir aðilar ættu að hafa fulla möguleika á því, sú regla væri góð og gild og hún væri sú eina regla, sem stæði í lögum; m. ö. o., að t. d. allir stjórnmálaflokkar Alþ. hafi aðstöðu til að fylgjast með því, sem þarna gerist. Sé litið svo á, að þessi lög séu úr gildi fallin, þá er ég hræddur um, að það sé nauðsyn að setja ný lög um þetta efni, því að það held ég að sé alveg greinilegt af þeim blaðaskrifum, þeim umræðum og þeim upplýsingum, sem hér fara fram nú, að þessi litli biti úr fskj. með hernámssamningnum frá 1951, í 8. gr., 7. tölul., b-lið, þær tvær setningar, sem þar eru, nægi ekki til þess að skapa lögin á Íslandi, sem eigi að gilda um þetta.

Hæstv. utanrrh. sagði, að hann hefði samkv. fyrirmælum í 8. gr. 7, b-lið, veitt heimildina, sem hann hér sagði frá. Þar stendur í 7, b, að tollyfirvöld skuli veita þessa heimild, og það er rétt hjá hæstv. ráðh., hann er fjmrh. Keflavíkurflugvallar, þannig að hann annast um allt, sem annars mundi heyra undir íslenzk tollyfirvöld, hvað snertir útflutninginn af þeim velli. En þó held ég, að rétt sé að láta gilda sem nánastar reglur um öll þau viðskipti, sem þarna fara fram, og hafa með því sem nánast eftirlit.

Hæstv. ráðh. upplýsti, að sérstakur samningur hefði verið gerður 1953 milli utanrrn. og setuliðsins einmitt á grundvelli þessa atriðis í 8. gr., 7. tölul., og þann samning vildi ég mjög gjarnan fá fyrir þá nefnd, sem þetta mál fer til. Hann upplýsti í því sambandi, að þó að það hefði tekizt að gera þennan samning við setuliðið 1953, hefði ekki tekizt að gera samninga við verktaka setuliðsins. Mér er spurn: Var ekki hægt á sama tíma, — ég veit, að hæstv. núv. utanrrh. var ekki ráðh. þá, — var ekki hægt að fá það fram á þeim tíma, að sá samningur, sem gilti um setuliðið, gilti og um þess verktaka? Öll þau ákvæði, sem eru í samningnum við Bandaríkin frá 1951, gilda yfirleitt um þessa verktaka líka, þannig að á þessu hefði a. m. k. mátt reyna að ráða bót.

Ég tók ekki eftir, að hæstv. ráðh. færi nokkuð inn á í sambandi við þann samning, hvaða hlutverk sölunefndinni væri ætlað sérstaklega þar í. Hinu taka menn eftir, sem athuga ríkisreikningana, að eftir 1953 eykst mjög mikið það fé, sem kemur til sölunefndarinnar og er innborgað af henni í ríkissjóðinn. Ég veit ekki, hvers konar eftirlit hefur farið fram á öllum þeim innborgunum. A. m. k. er það alltaf á þessum árum aðeins fært þannig, að það er talið innborgað af sölunefnd svona og svona mikið, eins og ég las upp áðan. Það geta kannske endurskoðendur ríkisreikninganna eða sá þeirra, sem hér á sæti í þessari hv. deild, upplýst. Ég held, að það gerði út af fyrir sig ekkert til, þó að sölunefndin, eins og hæstv. ráðh. var að víkja að, og hennar starf á þessum tíma væri rannsakað. Það eru rann-

sakaðir minni hlutir en öll sú velta, sem þarna hefur farið fram.

En svo þegar hæstv. ráðh. er búinn að telja sem mest úr, að það sé raunverulega mikil þörf á rannsóknarnefnd af hálfu Alþ. og að þessi viðskipti við Sameinaða verktaka og Aðalverktaka hafi raunverulega verið ákaflega eðlileg, það hafi verið nokkurn veginn sjálfsögð greiðasemi við þá að leyfa þeim þetta og vera ekki að láta sölunefnd setuliðseigna grípa þar inn í, þá upplýsir hæstv. ráðh., að Aðalverktakar hafi gengið lengra í þessu efni en leyft var, útflutningur þeirra hafi verið stöðvaður. Hvenær var það, ef ég mætti spyrja, hvaða dag var það, sem þessi útflutningur Aðalverktaka af vellinum, sem leyfður var 25. nóv. eða þeir leituðu eftir að fá leyfi fyrir 25. nóv. og mér skildist að þeir hefðu fengið leyfi til að nota sér nokkru seinna, — hvenær var það, sem þessi útflutningur var stöðvaður? Enn fremur skildist mér á hæstv. ráðh., að það væri jafnvel spurning, hvort Sameinaðir verktakar hefðu ekki gengið líka þarna lengra, jafnvel þótt uppleystir væru og næstum dauðir — (**Utanrrh.:** Þetta er hvort tveggja algert ranghermi hjá þm.) Ja, Aðalverktakar hefðu gengið lengra í því efni en leyft var. Það skrifaði ég orðrétt upp. (**Utanrrh.:** Ég sagði aldrei, að þeir hefðu gengið lengra. Ég sagðist hafa að gefnu tilefni af blaðaskrifum viljað athuga það.) Já, þá skilst mér, að þegar blaðaskrifin hafi komið til, hafi hæstv. utanrrh. farið að hugsa um, hvort þeir hafi gengið lengra en leyft hafi verið, og álitið, að það væri nauðsyn á að rannsaka það. Og hann sagði, að hann væri að láta rannsaka þetta. En ég vil í því sambandi segja hæstv. utanrrh., að hans rannsóknarvald í þessum efnum sem dómsmrh., þó að hann sé dómsmrh. fyrir Keflavíkurflugvöll, nær ekki út fyrir hann, þannig að sú rannsókn, sem verður að fara fram t. d. hér í Reykjavík á þessum hlutum, verður að heyra undir þá aðila, sem hafa almennt frá íslenzka ríkinu rannsóknarvald, líka hér í Reykjavík, líka í þeim skemmum, sem um er talað, og annað slíkt. Það mundi sú rannsóknarnefnd, sem ég og hv. 2. landsk. þm. höfum lagt til að væri sett, hafa rétt til þess að framkvæma, og ég held, að á því sé full þörf.

Hæstv. utanrrh. sagði, að þetta mundi verða allyfirgripsmikið, þetta mundi þýða, að það yrði að rannsaka starfsemi sölunefndar setuliðseigna og starfsemi Aðalverktakanna og Sameinaðra verktaka. Skyldi vera nokkur vanþörf á því, þó að þetta væri rannsakað allt saman? Ég veit, að í slíkri n., sem skipuð yrði samkv. þessari till., mundu allir flokkar þingsins hafa fulltrúa. Ég man, að það var upphaflega tilgangurinn, þegar sölunefnd setuliðseigna var sett á stofn og selja átti eignir Bandaríkjanna hér í landi, að allir stjórnmálaflokkar þingsins fengju tækifæri til þess lögum samkvæmt að fylgjast þar með. Og ég held það væri fyllilega nauðsynlegt og brýnt nú, að Alþingi léti til sín taka um rannsókn á þessu. Það ætti satt að segja ekki endilega að þurfa að koma það langt, að tvö mektarblöð eins og þau tvö, sem ég hef vitnað hér allmikið í, færu að koma fram með aðrar eins hrottaásakanir og þau hafa komið fram með út af þessum málum, til þess að farið væri að rannsaka þetta. Það hefði verið betra frá upphafi, að í þessum málum hefði verið af hálfu Alþingis fylgzt með hlutunum, eins og ráð var gert fyrir upphaflega, í það eina skipti, sem lög hafa verið sett um sölu setuliðseigna á Íslandi. Og ég held, að einmitt fyrst hæstv. utanrrh. sjálfum hefur fundizt ástæða til þess að stöðva flutninginn á þessum hlutum, sem leyfður hafði verið, til þess að fá ráðrúm til að rannsaka, hvað þarna hefði gerzt, þá sé alveg fyllileg ástæða fyrir Alþingi, ekki sízt með tilliti til þessara mjög svo ákveðnu blaðaskrifa, sem þarna hafa komið fram, að láta rannsókn fram fara á þessu.

Ég vil þess vegna eindregið vonast til þess, að sú nefnd, sem fær þessa till. til meðferðar, láti hendur standa fram úr ermum um að afgr. hana sem fyrst jákvætt, þannig að þessi nefnd verði sett á laggirnar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Miðað við yfirlýsingar hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við, væri eðlilegt, að nú væri komið að því að ráðstafa eignum hins erlenda varnarliðs, sem hér dvaldi þá, og það væri mjög skiljanlegt, að mönnum þætti mjög undir því komið, að rétt væri farið með svo stórkostlegar eignir. En nú er liðið liðlega eitt og hálft ár, frá því að hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og mundi því nokkurn veginn standast á endum, að ef hún hefði fylgt eftir því loforði sínu að láta varnarliðið hverfa úr landi, þá væri að því komið eða það ef til vill þegar í stað horfið.

En það er kunnugra en frá því þurfi að segja, að þessu er ekki að heilsa. Málinu er allt öðruvísi varið. Við erum nú ekki að ræða um ráðstöfun eigna varnarliðsins vegna þess, að það sé komið að því að hverfa úr landi eða þegar horfið, heldur samkvæmt því, sem hæstv. utanrrh. upplýsti hér áðan, er ein höfuðástæðan til þeirrar eignayfirfærslu, sem hér hefur átt sér stað og mestum ágreiningi hlýtur að valda, sú, að ákveðið er, að nýjar framkvæmdir á vegum varnarliðsins séu í þann veginn að hefjast, — nýjar framkvæmdir, sem eiga þá að hefjast í þann mund, sem liðið ætti að vera horfið á braut, hefði stjórnin staðið við þær skuldbindingar, sem hún gaf, þegar hún var mynduð.

Af þessari einföldu staðreynd sjá menn nokkuð, hvernig á málum hefur verið haldið af hálfu hæstv. ríkisstj. og hver heilindi séu í hennar hug í miklu af þeim umr., sem um þetta mál hafa orðið. Að öðru leyti skal ég ekki ræða um dvöl varnarliðsins hér, heldur einungis vekja athygli á þessari mjög eftirtakanlegu staðreynd.

En af ummælum hæstv. utanrrh. var það ljóst, sem raunar var kunnugt áður, þeim er hið sanna vildu vita, að hér er um að ræða tvö gersamlega ólík atriði. Ráðherrann dró það mjög glögglega fram í sinni ræðu. Ann-

ars vegar er um að ræða þær eignir, sem Sameinaðir verktakar hafa flutt út af Keflavíkurflugvelli og þeir höfðu sjálfir ýmist keypt á frjálsum innlendum markaði eða sjálfir flutt inn til landsins, en ekki á neinn veg eða með neinu móti keypt af hinu erlenda varnarliði eða af þeim aðilum, sem í þess skjóli dveljast hér í landinu. Það er því, eins og hæstv. ráðh. sagði, mjög eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt, að úr því að starfsemi þess átti að leggjast niður, þessa fyrirtækis, Sameinaðra verktaka, yrði þeim leyft að flytja þessar vörur út af Keflavíkurflugvelli undir lögmætu eftirliti og að sjálfsögðu að því áskildu, að þeir greiddu tolla, ef þeir höfðu ekki áður verið greiddir. Það er því ekkert við þessi viðskipti að athuga á neinn veg, nema því aðeins að þessir aðilar hafi flutt út einhverjar aðrar vörur en þær, sem þannig eru til komnar, og aðrar vörur en leyfi hæstv. utanrrh. tekur til. Hann segir nú, að það sé í athugun, — og það er vel og ekki nema eðlilegt, að það sé athugað, eftir að þau blaðaskrif hafa átt sér stað, sem hér hefur verið vitnað til. Enn hefur mér vitanlega ekki verið bent á neitt dæmi þess, að slík misbeiting hafi átt sér stað, en úr því sem komið er, þá er eðlilegt, að athugunin fari fram, og er ég hæstv. utanrrh. þakklátur fyrir að láta ganga til fulls úr skugga um þetta.

Allt annars eðlis er svo um þær vörur, sem hitt fyrirtækið, Aðalverktakar, hefur flutt út af vellinum og ágreiningur hefur orðið um. Þar er ekki um að ræða vörur, sem þetta fyrirtæki hafi sjálft flutt inn til landsins, heldur eingöngu vörur, sem það eftir skýrslu hæstv. ráðh. annaðhvort hefur keypt af erlendum verktaka, sem hér hefur dvalið í skjóli hins bandaríska varnarliðs, eða e. t. v. að einhverju leyti af verkfræðingadeild varnarliðsins, að því er mér skildist.

Hæstv. ráðh. telur, að það sé engin skylda, hvorki fyrir verkfræðingadeildina né þessa erlendu verktaka, sem hér hafa dvalið í skjóli varnarliðsins, að gefa íslenzka ríkinu kost á því að kaupa eignir af sér. Um það má vafalaust deila, a. m. k. varðandi verkfræðingadeildina, sem ég fæ ekki betur séð en sé beinn hluti af sjálfu varnarliðinu. En látum það vera. Segjum sem svo, að þessi skylda sé ekki fyrir höndum. Þá er a. m. k. ljóst og að því er mér virtist óumdeilt af orðum hæstv. utanrrh., að þeir geta þó ekki selt íslenzkum aðila eða afhent þessar eignir, nema leyfi rn. komi til. Og ef það leyfi hefur verið gefið til Aðalverktaka að yfirtaka eignirnar, er að sjálfsögðu ekkert við þá ráðstöfun út af fyrir sig að athuga, enda hefur sú ráðstöfun áreiðanlega verið samþykkt af rn. með það fyrir augum, að ekkert af þessum eignum yrði flutt eða selt út af Keflavíkurflugvelli eða öðrum þeim athafnasvæðum, sem varnarliðið hefur hér. En jafnvel þó að undan hefði fallizt að setja slíkan fyrirvara inn í samþykki ráðuneytisins, skipti það ekki máli, því að þetta var óheimilt að gera undir öllum kringumstæðum, nema samþykki ráðuneytisins kæmi til, svo að rn. hlaut að hafa þetta í hendi sér. Og ég vil halda því fram, að alveg án tillits til þess, hvort skylda var af hálfu hinna erlendu aðila að láta þessar eignir í hendur sölunefndar varnarliðseigna eða ekki, þá var það hið eina eðlilega af hálfu hinna íslenzku stjórnarvalda, þegar til þeirra var leitað um flutning varanna burt af þeim athafnasvæðum, þar sem þeim var ætlað að vera, að setja slíkt skilyrði, að varan væri seld fyrir milligöngu þeirrar íslenzku stofnunar, sem ríkið hefur sett upp til að annast þetta, til að hafa hönd í bagga með því, að þær eignir, sem fluttar eru inn á vegum varnarliðsins og þeirra aðila, sem hér dveljast í þess skjóli, yrðu ekki til þess, að neinir íslenzkir aðilar gætu tekið af þeim óeðlilegan gróða, heldur kæmi gróðinn alþjóð að gagni fyrir milligöngu sölunefndar varnarliðseigna.

Ég tel, að ef á að áfellast hæstv. utanrrh. fyrir nokkuð í þessu sambandi, sé það það atriði að hafa ekki þegar í stað sagt við Aðalverktaka: Vörurnar má flytja burt, úr því að þið hafið alls ekkert við þær að gera, en þið hafið tekið við þeim með þeim hætti, að hið eina eðlilega er, að salan fari fram fyrir milligöngu sölunefndar varnarliðseigna og ríkið taki við gróðanum, ef einhver verður. — Hæstv. utanrrh. virtist og gera sér þessa grein, en hafði þann fyrirvara á eða afsökun, að hér væri um mjög óverulegar upphæðir að ræða, og víst má segja, að þar kunni að vera nokkur afsökun, þó að hitt hefði verið hreinlegra, að halda sér við þá einu eðlilegu reglu, sem í þessu efni hefur staðið til frá upphafi að fylgt væri; enda kom það í ljós, og á það vil ég leggja áherzlu, að skjótlega varð ágreiningur um, hvort og hvers eðlis þetta leyfi væri, sem hæstv. ráðh. hafði gefið, og það er alveg greinilegt, að hæstv. ráðh. hefur talið, að þessi aðili hafi farið lengra en góðu hófi gegndi og ætlað að skilja leyfisveitinguna á annan veg en hæstv. ráðh. ætlaðist til.

Hæstv. ráðh. hélt því raunar fram áðan, að hann hefði stöðvað þessar framkvæmdir, flutning varanna út af Keflavíkurflugvelli, og fyrirskipað athugun vegna blaðaskrifa, sem af þessu urðu, — hann skaut því inn í ummæli hv. 3. þm. Reykv., eins og þingheimur heyrði hér áðan. En hér kemur í ljós, að skýzt, þótt skýr sé, að hæstv. ráðh. misminnir hér það, sem gerzt hefur. Í Alþýðublaðinu hinn 23. febr. er birt yfirlýsing frá utanrrn. um þetta mál, og í henni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að Íslenzkir aðalverktakar s/f höfðu hafið flutninga á umræddum vörum út af Keflavíkurflugvelli, taldi sölunefnd varnarliðseigna, að farið væri inn á verksvið nefndarinnar, þar sem um fleiri vörur væri að ræða en þær, sem talizt gætu vöruafgangar.

Ráðuneytið gerði þegar hinn 19. þ. m. ráðstafanir til þess að stöðva flutningana, og er málið í athugun."

Hér kemur í ljós, að það er alls ekki vegna blaðaskrifanna, heldur vegna íhlutunar sölunefndar varnarliðseigna, sem hæstv. ráðh. fyr-

irskipar stöðvun á flutningi varanna, vegna þess vitanlega, að eftir þeim gögnum, sem honum þá berast í hendur, er framkvæmdin önnur en hann í upphafi hafði ætlazt til. Hæstv. ráðh. mun og einnig sjá við athugun, að blaðaskrifin um málið hófust eftir þann 19. og eftir það, að hæstv. utanrrh. var farinn úr landi. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, þó að hæstv. utanrrh. misminni um þetta, hann hefur í mörgu að standa og alla getur okkur misminnt. En svona liggur málið fyrir, og er rétt, að það sé alveg ótvírætt. Sem sagt, höfuðatriði málsins er það, að annars vegar eru vöruflutningar Sameinaðra verktaka af Keflavíkurflugvelli, ráðstafanir, sem eru gerðar, eftir því sem fram er komið, með fullu samþykki hæstv. utanrrh., og hann hefur fært að því skýr og óhnekkjanleg rök, að það hefði verið fullkomið ranglæti af hans hálfu og fjarstæða, ef hann hefði neitað að láta þær framkvæmdir verða. Hins vegar eru svo framkvæmdir eða vöruflutningar Aðalverktaka, sem eru þess eðlis, að opinber aðili, sölunefnd varnarliðseigna, telur sig tilknúða að snúa sér til utanrrh., og utanrrh. eftir þeim gögnum stöðvar sjálfur, áður en blaðaskrif hefjast, samkvæmt því, sem í þessari tilkynningu utanrrn. segir, áframhald þeirra viðskipta.

Ég tel, eins og ég segi, að það hafi verið hæpið af hæstv. ráðh. að veita þetta leyfi til Aðalverktaka með þeim hætti, sem hann gerði. Ég tel það afsökun, þó að hún sé ekki fullgild, að hann hafi talið, að þarna hafi verið um lítið að ræða. Ég tel það enn þá meiri afsökun fyrir hæstv. ráðh., að þegar hann fær gögn um, að þarna hafi verið gengið lengra en hann taldi góðu hófi gegna, þá stöðvaði hann sjálfur án íhlutunar blaða eða opinberrar gagnrýni framkvæmd, sem hann taldi misbeitingu á sínu leyfi. Fyrir þá framkvæmd á hann lof skilið, en ekki last, og það er með öllu ástæðulaust fyrir hann að vera að skjóta sér undan því frumkvæði og dug, sem hann í því sýndi.

Hitt er svo annað mál, að mér er ekki grunlaust, að hann vilji nú eftir á gera minna úr öllum þessum viðskiptum en efni standa til, og auðvitað er ekkert auðveldara fyrir þann, sem hefur verið stöðvaður í verknaðinum, heldur en að láta svo sem viðskiptin hafi ekki átt að verða öllu meiri en þegar er búið að framkvæma. Það er ósköp eðlilegt, að sú aðferð sé viðhöfð, en hún segir ekkert um það, hversu stórfelldar ráðagerðirnar voru í fyrstu.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í frumræðu minni gerði ég svo ýtarlega grein fyrir þessu máli, að ég tel mig ekki þurfa að fara nákvæmlega út í það aftur. Mér þykir þó rétt að svara ýmsum atriðum, sem komið hafa fram í ræðum þeirra hv. tveggja þm., sem talað hafa síðan.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) heldur því fram, að ég hafi gefið í skyn, að ég hefði stöðvað útflutning varnings af Keflavíkurflugvelli og sölu hans á innlendum markaði vegna þess, að ég hefði álitið, að misnotað hafi verið það leyfi til útflutningsins, sem ég gaf á sínum tíma. Þetta er rangt. Þegar Aðalverktakar voru að flytja út af vellinum umræddan varning, sneri sölunefnd varnarliðseigna sér til mín til þess að ræða um þetta mál, og taldi n., að hér gæti verið hættulegt fordæmi á ferðinni, sem hún óskaði eftir að yrði athugað betur. Ég skýrði n. þá frá því, hverjir málavextir væru og að ekkert fordæmi væri verið að skapa í sambandi við þennan útflutning á neinn hátt. Hins vegar þótti mér rétt, að gefnu tilefni frá n. og vegna þess að ég var á förum úr landi, að láta málið hvíla, á meðan ég væri í burtu, og gerði ég þess vegna ráðstafanir til þess, að ekkert væri gert í frekari útflutningi eða ráðstöfunum á því, sem þegar hafði verið flutt út, á meðan ég væri fjarverandi.

Þegar ég kom heim aftur, gerði ég ráðstafanir til þess að láta fara fram athugun á því, hvort það leyfi, sem rn. hafði gefið út, hefði verið misnotað eða ekki.

Ég vil taka það skýrt fram, að þó að ég hafi látið þessa athugun fara fram, bæði að því er varðar Sameinaða verktaka og Aðalverktaka, þá hef ég ekki gert það vegna þess, að fyrir liggi neitt, sem bendi til þess, að þessir tveir aðilar hafi misnotað það leyfi, sem þeir fengu.

Þá gat 1. þm. Reykv. þess, að um Sameinaða verktaka og Aðalverktaka gegndi tvennu mjög ólíku máli, Sameinaðir verktakar hafi sjálfir flutt inn með leyfum til landsins eða keypt á innlendum markaði allt það, sem þeir fengu að flytja út af Keflavíkurflugvelli, en Aðalverktakar hafi ekki keypt á innlendum markaði eða flutt inn sjálfir neitt af því, sem þeir fengu að flytja út af vellinum. Hér er ekki rétt með farið. Það er að vísu staðreynd, að Sameinaðir verktakar fluttu sjálfir inn eða keyptu á innlendum markaði allt, sem þeir fluttu út. Hins vegar er ekki rétt að fullyrða, að Aðalverktakar hafi ekki sjálfir flutt inn neitt af því, sem þeir fengu leyfi til að flytja út. Þeir hafa sjálfir flutt inn, eins og ég gat um í minni frumræðu, verðmæti til framkvæmda á vellinum fyrir talsvert yfir 40 millj. kr. á þeim tíma, sem þeir hafa starfað þar, auk þess sem þeir hafa tekið við efni frá verkfræðingadeild varnarliðsins til framkvæmdanna fyrir um 30 millj. kr. á þessum tíma. Þeir efnisafgangar, sem þarna er um að ræða, eru að einhverju leyti frá þeirra eigin innflutningi og að einhverju leyti frá því, sem þeir hafa orðið að taka við. Hygg ég, að sjálft byggingarefnið sé að langmestu leyti þeirra eigin innflutningur. Þau önnur verðmæti, sem Aðalverktakar fluttu út, höfðu þeir orðið að kaupa af erlenda verkfræðingafirmanu vegna aðgerða utanrrn., án þess þó að hafa þeirra þörf nema að takmörkuðu leyti.

Heildarupphæðin á öllu því verðmæti, sem Aðalverktakar hafa flutt út, bæði því, sem þeir fluttu sjálfir til landsins, og hinu, sem þeir tóku við frá öðrum, nemur ekki meira en röskum 200 þús. kr. Það er allt og sumt, sem þarna er um að ræða, þannig að hér er vissulega verið að gera úlfalda úr mýflugunni.

Þá gat hv. 3. þm. Reykv. þess, að honum

væri ókunnugt um, að Sameinaðir verktakar hefðu verið leystir upp, og hann spurði, hvort þeir væru ekki lifandi nú, eins og þeir hefðu verið allan tímann.

Þessu fer víðs fjarri. Sameinaðir verktakar voru stofnaðir til þess sem undirverktaki að hafa einkaleyfi á öllum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Í dag er þetta einkaleyfi þeirra sem undirverktaka fallið niður, og Sameinaðir verktakar fá í sínar hendur sem slíkir engar framkvæmdir. Sameinaðir verktakar í sinni upphaflegu mynd hafa verið leystir upp og starfa ekki lengur sem slíkir.

Þegar skipulagsbreytingin fór fram 1957, áttu Sameinaðir verktakar helminginn í Aðalverktökum. Um þá eign Sameinaðra verktaka hefur verið myndað samnefnt hlutafélag, sem þeir, sem voru meðlimir í Sameinuðum verktökum áður, eru eigendur að. Verkframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli hafa Sameinaðir verktakar ekki lengur.

Þá hefur alveg sérstaklega verið um það rætt, að rétt hafi verið að halda þannig á málinu, að sölunefnd varnarliðseigna hefðu verið afhent þau verðmæti, sem Sameinaðir verktakar og Aðalverktakar fengu að fara með út af Keflavíkurflugvelli.

Ég gat um það áðan, að ég hafði ekkert vald til þess að skylda þessa aðila til að afhenda sölunefnd varnarliðseigna þessi verðmæti. Til þess hafði ég ekkert vald. Hins vegar gat ég bannað þeim að fara með þessi verðmæti út af vellinum og látið þá velja um, hvort þeir vildu þá láta verðmætin liggja þarna kyrr eða ekki.

Með tilliti til þess, að verið var að leggja Sameinaða verktaka niður sem undirverktakafélag, fannst mér ekki rétt að meina þeim að fara út af vellinum með þau verðmæti, sem þeir sjálfir höfðu keypt á innlendum markaði eða flutt inn með leyfum og borgað fullt verð fyrir, ef þeir greiddu í ríkissjóð fullkomlega þau aðflutningsgjöld, sem þeim bar samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nákvæmlega á sama hátt þótti mér ekki rétt, eins og á stóð, að því er Aðalverktaka varðar, að varna þeim að flytja út það afgangsefni, sem þeir sjálfir höfðu keypt fullu verði, ýmist flutt inn eða frá öðrum, og borgað fullu verði, ef þeir borguðu af því fullkomin aðflutningsgjöld.

Ég vil benda þeim hv. þm., sem gert hafa aths. út af þessu, á, að hér hefur nokkuð verið á það minnzt, hverjar tekjur ríkissjóður hefur haft af þeim verðmætum, sem sölunefnd varnarliðseigna hefur fengið til meðferðar á undanförnum árum eða síðan hún tók til starfa, og hafa í sambandi við það verið nefndar ýmsar tölur.

Tollurinn af því, sem Sameinaðir verktakar fóru með út af vellinum, nam 392 þús. kr. Tollurinn af því, sem Aðalverktakar fóru með út af vellinum, nam 200 þús. kr.

Ég er sannfærður um, að með því að láta Sameinaða verktaka og Aðalverktaka greiða að fullu aðflutningsgjöld af þeim verðmætum, sem þeir fluttu út af flugvellinum, eftir mati, hafi ríkissjóður ekki haft minna upp úr þessum viðskiptum en fengizt hefði með því, að sölunefndin hefði haft þarna milligöngu.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég hef ástæðu til að taka fram.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil einungis leiðrétta þann misskilning hjá hæstv. utanrrh., að ég hafi hreyft nokkurri gagnrýni á vöruútflutning Aðalverktaka, að svo miklu leyti sem hann kann að vera á þeim vörum, sem þeir sjálfir hafa flutt inn. Gagnrýnin hefur eingöngu beinzt að því leyti, sem þeir hafa keypt vörur af varnarliðinu, verkfræðingadeild þess eða þeim aðilum, sem hingað hafa fengið að koma í skjóli varnarliðsins, og síðan flutt þær vörur á brott. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir, að ekkert af þeim vörum, sem Sameinaðir verktakar fluttu burt, hafi verið komið til á þennan veg, og þess vegna er það alveg rétt, sem ég lagði áherzlu á áðan, sá meginmunur, sem einmitt eftir skýringum hæstv. ráðh. sjálfs er á þessu tvennu.

Þá er það einnig villandi hjá hæstv. ráðh., þegar hann vill nú miða verðmæti þeirra ráðstafana, sem Aðalverktakar höfðu í huga, við þær vörur, sem þeir voru búnir að flytja út af vellinum, í hans eigin ráðuneytistilkynningu er einmitt sagt, að hann hafi stöðvað útflutninginn, vegna þeirra raka, sem ég áðan gerði grein fyrir, og þess vegna gefur verðlagið á þeim vörum, sem nú kunna að liggja í vöruskemmum Regins, enga hugmynd um, hvaða verknaður það er, sem hæstv. ráðh. hefur hér í raun og veru stöðvað, hversu miklu fé þær ráðstafanir hefðu numið, ef þær hefðu náð fram að ganga, svo sem tilætlun var. Það verður sjálfsagt ætíð ágizkunar- og deiluefni. Ég skil það út af fyrir sig vel, að hæstv. ráðh. vilji nú gera lítið úr þessu, eins og málum er háttað, og mér virðist sannast að segja af ummælum hans hér, að hann hugsi sér nú að afturkalla stöðvun sína og leyfa sölu á þeim varningi a. m. k., sem út hefur verið fluttur, og ef til vill einhverju smávegis til viðbótar til að leyfa Aðalverktökum að bjarga sínu skinni, ef svo má segja. Maður getur skilið þær stjórnmálaástæður, sem liggja til slíkrar ákvörðunar, ef tekin yrði, en hæstv. ráðh. var í raun og veru að tala fyrir því, að þannig mundi farið að. En mjög fer þá af honum sjálfum skörungsskapurinn í þessu máli, ef hann lætur hafa sig til þess.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Út af seinustu ummælum þess hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, vil ég aðeins segja það, eins og ég sagði í upphafi, að þetta mál er í athugun enn þá í ráðuneytinu, og liggur ekki fyrir ákvörðun um það, hvað gert verður, fyrr en henni er lokið. En til þess að hafa hér nákvæmar tölur um þau verðmæti, sem hér eru á ferðinni, þykir mér rétt að láta koma fram, að verð þess varnings, sem Sameinaðir verktakar fluttu út á sínum tíma, var 611 þús. kr., tollur í ríkissjóð af því var 392 þús. kr. Verðmæti þess varnings, sem Aðalverktakar

hafa flutt út, var 216 þús. kr., en tollgreiðsla í ríkissjóð af því um 200 þús. kr. Tollurinn af þessu tvennu er því um 600 þús. kr. — Þetta þykir mér rétt að láta koma greinilega fram.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Áætlun um vegagerð (till. SB o. fl.).

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um framkvæmdaáætlun um vegagerð** [21. mál] (A. 27).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til einnar umr. (A. 27, 45).

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Akfærir vegir á Íslandi munu nú vera í kringum 10 þús. km að lengd. Þrátt fyrir það þótt akfærir vegir séu orðnir þetta langir í landinu, er ástandið þó þannig enn þá í einstökum landshlutum, að heil byggðarlög eru veglaus og jafnvel fjölmennir kaupstaðir og sveitir án sambands við akvegakerfi landsins. Þetta ástand er fyrst og fremst í þeim landshlutum, sem afskekktastir eru eða nokkrum erfiðleikum er bundið að leggja vegi til.

Nú er það hins vegar svo, að með aukinni tækni og margvíslegum nýjum vélum og tækjum er vegagerð orðin miklu auðveldari en áður um háfjöll, sæbrattar hlíðar og skriður. Það er þess vegna ekki hægt að segja, að vegagerð sé útilokuð vegna aðstæðna frá náttúrunnar hendi í dag, enda þótt þannig hafi það verið fyrir fáum áratugum.

Alþ. veitir nú á ári hverju framlög til nýrra þjóðvega, sem munu vera um það bil 230 talsins. Þessir vegir eru í öllum sýslum og landshlutum. Enda þótt ýmislegt mæli gegn þessari miklu dreifingu vegafjárins, hefur það þó verið álit Alþ., að mjög erfitt væri að komast hjá henni. Fer ég ekki út í að rekja orsakir þess hér. En að hinu má ekki síður færa rök, að skynsamlegt væri að einbeita kröftunum meira að einstökum vegaframkvæmdum en gert hefur verið.

En hvað sem er um þessi tvö sjónarmið, þá verður ekki hjá því komizt lengur að snúast við vanda þeirra byggðarlaga, sem skemmst eru á veg komin að því er snertir vegagerðir og afnot greiðra samgangna á landi. Það er óhjákvæmilegt að leggja á næstu árum áherzlu á það að koma þeim byggðarlögum í akvegasamband, sem enn þá eru án slíks sambands.

Í þáltill. þessari er lagt til, að ríkisstj. láti í samráði við vegamálastjóra gera samræmda framkvæmdaáætlun um vegagerð til þess að koma þeim landshlutum og héruðum sem fyrst í akvegasamband, sem enn þá eru ýmist veglaus eða án sambands við akvegakerfi landsins. Það er skoðun okkar flutningsmanna, að á meðan sú staðreynd blasir við, að heilir landshlutar eru án akvegasambands, sé það ekki verjandi að skipa þessum byggðarlögum til sætis við sama borð og þeim héruðum, sem þegar hafa fengið vegi um meginhluta byggða sinna.

Kjarni þessarar till. er í stuttu máli sá, að sérstakt tillit verði tekið af hálfu fjárveitingavaldsins til þarfa þeirra byggðarlaga, sem í dag eru ýmist veglaus eða án sambands við akvegakerfi landsins. Ég hygg, að ég þurfi ekki að færa orðmörg rök að réttmæti slíkrar ráðstöfunar. Þjóðin getur ekki til lengdar látið örfá byggðarlög gjalda þess, að þau eru afskekktari frá náttúrunnar hendi en meginhluti annarrar byggðar landsins. Við þessu verkefni verður þess vegna að snúast og með þeim hætti, sem hér er lagt til, að vegamálastjórnin láti gera samræmda framkvæmdaáætlun um það, hvernig þessum héruðum skuli komið í akvegasamband, og sú áætlun verði síðan lögð fyrir fjárveitingavaldið, er taki tillit til hennar við samningu fjárlaga á ári hverju.

Ég veit, að ýmsum hv. þm. muni finnast þetta nokkuð vandasamt verkefni, en engu að síður liggur til grundvallar þessari till. réttlætissjónarmið, sem ekki verður sniðgengið. Og ég held, að meginhluti byggðar á Íslandi sé orðinn svo vel settur að því er snertir samgöngur á landi, að það ætti ekki að þurfa að ganga á hlut nokkurs byggðarlags eða nokkurs fólks til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem ríkir í þeim byggðarlögum og landshlutum, sem enn þá hafa ekki fengið akvegasamband eða vegi um sínar byggðir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa þáltill., en leyfi mér að óska þess, að henni verði vísað til hv. fjvn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera brtt. við þessa till., sem hér er til umr. og væntanlega fer til allshn., og vil ég aðeins segja um hana örfá orð.

Ég skal fyrst geta þess, að meginefni þess, sem ég er með, má segja að sé að nokkru leyti það sama og er hjá flutningsmönnum að till. á þskj. 27. Ég legg það bara ljósara fyrir en mér finnst þeir gera, hvað það er, sem ég vil fá að vita. Ég var í morgun að byrja á því að fara yfir skýrslurnar og athuga, hvað margir bæir ættu eftir að komast í vegasamband í hverri einstakri sýslu og væru tvo km eða lengra frá vegi. Ég var ekki kominn langt, þegar ég fór hingað ofan eftir, en ég var búinn að sjá nóg til þess, sem ég reyndar vissi áður, að þeir eru ekki nema sárafáir í sumum sýslunum, en margir tugir í öðrum sýslum.

Nú er náttúrlega aðstaða og þörf manna fyrir vegi ákaflega misjöfn eftir því, hvernig búskapur er rekinn á jörðunum. Það er allt önnur þörf fyrir þá menn að fá vegi, sem þurfa daglega að koma frá sér vörum, ekki bara vegna síns búskapar, heldur vegna þarfa annarra manna á að fá þær vörur, heldur en hinna, sem ekki framleiða aðrar vörur en þær, sem þeir senda frá sér vor og haust. Þess vegna er vegaþörfin misjöfn.

Þetta vil ég láta koma fram í þeim upplýsingum, sem gefnar verða, og þær koma fram af sjálfu sér, ef skýrslurnar koma í því formi, sem ég hef sett hér fram og hugsa mér að þær komi í.

Þegar slíkt yfirlit liggur fyrir yfir landið í heild, og það á að geta gert það tiltölulega fljótt, — það er ekki neitt óskaplegt verk að fara yfir þetta, — þá vil ég láta Alþ. og ríkisvaldið taka ákvörðun um, hvaða vegi nýja eigi að leggja í þeim héruðum, sem aftur úr eru orðin, til þess að þau eftir sinni þörf standi jafnfætis hinum, sem fengið hafa vegaþörf sinni betur fullnægt. Það er nú sagt til dæmis, að það sé ekki ástæða til að byggja fleiri en svona tvær, þrjár brýr á smáár, sem eru kannske ófærar tvo og þrjá daga á ári, meðan aðrir menn eru látnir sundríða, þurfi þeir út af heimilunum. Svo misjöfn er aðstaða núna í landinu. Þegar Alþ. hefur tekið þá ákvörðun, vil ég enn fremur láta athuga gaumgæfilega, að vegirnir séu flokkaðir þannig niður, að þeir vegir, sem eru óumdeilanlega fyrir alþjóð, tengja saman fjarlægar byggðir og fjarlæg héruð og fjöldi manns fer um daglega, séu að öllu leyti kostaðir af ríkinu og þeir séu gerðir það góðir, að viðhald þeirra véla og verkfæra, sem um þá eiga að fara, verði sem allra ódýrast, meðan hinir vegirnir, sem minni þýðingu hafa fyrir heildina og færri fara um, séu hafðir í öðrum flokki, kannske tveimur, þremur, fjórum, — ég skal ekki segja um það, — það sé athugað. En þetta vil ég ekki láta gera fyrr en búið er að koma sér saman um, hvað eigi að gera í héruðum, sem eftir hafa orðið, til þess að koma þeim jafnfætis hinum fyrst, áður en flokkunin kemur. En þegar það er búið, þá er að láta dreifa viðhaldinu, sumt annast ríkið eitt, sumt annast ríki og sýsla, annað kannske ríki að einhverju leyti eða hreppur, því að það eru komnar í þjóðvegatölu núna heimreiðir heim á einstaka bæi, bara svolítill spotti frá þjóðveginum og heim á viðkomandi bæ, sem liggur svolítið frá honum, meðan aðrir hafa enga vegi færa um allan hreppinn.

Enn fremur hef ég í minni till. — og það má heita, að það sé viðbót við tillögu flutningsmanna — að láta athuga, hvort ekki sé rétt að nota meira en gert hefur verið, og það gildir þá ekki bara um vegi og brýr, samgönguleiðirnar, sem hér er um að ræða, heldur líka um ýmis önnur mannvirki, að bjóða þau út í akkorði. Við verðum að minnast þess, að þegar fyrst var farið að leggja hér vegi og brýr og hafnir o. s. frv., höfðum við lítið af verkfræðingum, og þá voru engin fyrirtæki til í landinu, sem voru fær um að taka að sér á eðlilegan hátt í akkorði viðkomandi framkvæmdir, eins og t. d. byggingu brúa. Nú eru orðin mörg fyrirtæki í landinu, sem eru fær um þetta, og þau geta keppt um þetta. Og mín reynsla er sú, — hún er lítil, en hún er samt svolítil, — að það hafa verið byggðar, að vísu fyrir ríkisfé, en ekki af ríkisins mönnum, heldur hafa verið faldar smiðum, sem ekki hafa venjulega unnið hjá ríkinu og eru óvanir vinnu hjá ríkinu, með verkamönnum, sem þeir hafa aflað sér sjálfir og líka eru óvanir að vinna hjá ríkinu, nokkrar brýr, ég gæti nefnt fjórar, sem hafa orðið miklu ódýrari en þær voru áætlaðar hjá vegamálastjóra. Þetta bendir mér í þá átt, að ef farið sé inn á ákvæðisvinnu við þetta, muni það fást gert fljótar og ódýrar en það er oft hjá ríkinu. Og þó að þessi till. sé bara um samgönguleiðir, vegi og brýr, og ekki nefnt nema það tvennt, þá hygg ég, að það ætti að taka það til athugunar líka við fleira, hafnargerðir og ýmsar byggingar o. s. frv. Og þá náttúrlega má heldur ekki ríkið koma á eftir og borga uppbætur, ef mennirnir þykjast hafa farið illa út úr akkorðunum, eins og hefur verið gert einstaka sinnum a. m. k., þegar slík leið hefur verið reynd undanfarið.

Þessi till. fer náttúrlega til nefndarinnar líka, en ég vildi bara fylgja henni úr hlaði með þessum orðum og biðja n. að athuga, hvort hún vill ekki helzt taka hana upp eða a. m. k. breyta till., eins og hún liggur fyrir á þskj. 27, svo að komi greinilegar fram en þar er, hvaða upplýsinga og hvernig menn vilja fá málið í hendur aftur frá nefndarinnar hálfu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þegar frv. um breyting á vegalögum, sem hv. 1. flm. þessarar till. flutti í Ed., var til umr., lét ég þar í ljós mjög svipaða skoðun og fram kemur í fyrri hluta þeirrar till., sem hér er til umr. Ég taldi sem sé vafasamt að vera nú að taka fjölda nýrra þjóðvega upp á vegalög, þar með algera innanhéraðsvegi, heldur þyrfti að rannsaka allt þetta mál frá rótum og gera einhverja heildaráætlun um það, hvað ríkið vildi leggja af vegum og í hvaða röð, m. ö. o.: hvernig framkvæma skyldi þau mál, því að eins og allir vita, hefur það verið ákaflega tilviljanakennt undanfarið, hvaða vegir hafa verið gerðir að þjóðvegum, og mikið farið eftir dugnaði einstakra þm., hvað þeir hafa getað komið inn á vegalög af vegum í sínum kjördæmum.

Ég er þess vegna þakklátur fyrir það, að þessu máli er hreyft hér í Sþ., þó að ég álíti, að till., eins og hún liggur fyrir, sé of löng. Það hefði ekki átt að vera að tiltaka þar sérstaka vegi, heldur nægt, að till. hefði verið svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera í samráði við vegamálastjóra samræmda áætlun um vegagerð í landinu“ — og sleppa niðurlaginu.

Þegar um það er að ræða, hvaða vegi skal leggja, er auðvitað miklu fleira að taka tillit til en hv. 1. flm. þessarar till. nefndi. Eins og hv. 1. þm. N-M. (PZ) vék að í sinni ræðu,

koma þar til greina atvinnuhættir í hinum einstöku héruðum o. fl. Atvinnuhættir í sumum héruðum eru þannig, að það þarf daglega og mikla flutninga á sumum vegum. Aðrir vegir eru þannig, að þeir eru ekki notaðir nema lítið, þó að auðvitað sé þægilegt að hafa þá. Og eins þarf vitanlega að athuga staðhætti, t. d. eins og það, að sumum héruðum hentar áreiðanlega betur að hafa samgöngur á sjó, — ja, ég segi ekki heilum héruðum, en sumum byggðarlögum hentar áreiðanlega betur að hafa samgöngur á sjó en þar sé varið stórfé til þess að komast t. d. yfir ófær fjöll og að leggja þar veg.

Það er dálítið vafasamt að gera þannig samanburð, að sum héruð hafa svona og svona mikla vegi og önnur minni. Það er nú t. d. eitt atriði í þessu máli, og það er það, að það er til lítils að hafa vegi, sem eru ófærir. En það vill brenna við, að elztu akvegum landsins er ekki haldið betur við en það, að þeir eru að verða ófærir, og ég er ekki viss um, nema það væri ráð að fella niður t. d. á 5 eða jafnvel 10 ára fresti öll framlög til nýrra vega, en verja öllu því fé, sem hægt er að leggja til vega, til uppbyggingar eldri vega og viðhalds. Ég held það sé gömul og góð búmennska að gera ekki áhöld eða aðrar eignir, sem menn hafa eignazt með ærnum kostnaði, ónýt, það sé yfirleitt hagkvæmara að eignast færra og halda því sæmilega við, sem er í eigu einstaklinga eða opinberra aðila.

Ég álít samkvæmt þessu, að brtt. þær, sem hv. 1. þm. N-M. hefur lagt hér fram á þskj. 45, séu til bóta og mundu gera samþykkt till. þýðingarmeiri með því móti, ef þær yrðu í aðalatriðum samþykktar, þó að ef til vill væri rétt að breyta þeim nokkuð. Og erindi mitt hingað í ræðustólinn var aðeins það að skora á þá n., sem fær þetta mál til athugunar, að taka það til athugunar á breiðara grundvelli en hér er lagður, og ef Alþingi samþykkir áskorun til ríkisstj. í þessu efni, þá sé fleira tekið til greina en aðeins það, sem í þessari þáltill. felst um að koma landshlutum og héruðum sem fyrst í vegasamband, sem enn eru ýmist veglaus eða án sambands við meginakvegakerfi landsins. Ég held, að það sé enginn heill landshluti án sambands við aðalvegakerfi landsins. Eitthvað hef ég heyrt getið um það, að það er t. d. ekið vestur á Vestfirði. Það veit ég, að það er ekið á Austurland, því að það hef ég gert sjálfur meira að segja, eftir sæmilega góðum vegum, og ég skil ekki, hvaða heilir landshlutar það eru, sem eru án sambands við vegakerfi landsins lengur. Hitt er sjálfsagt, að einstakar sveitir eru það, en fer nú fækkandi, sem betur fer. En þó að það sé ágætt að koma sem flestum í vegasamband, ef fé er fyrir hendi, má ekki gleyma hinu, að vegasamband, sem hefur fengizt og þegar er fengið, geti haldizt. Ég held, að það sé óhugsandi fyrir þessa þjóð, jafnfámenn og hún er og jafnstórt og okkar land er, að ríkið eitt geti lagt vegi alls staðar, þar sem menn vilja hafa vegi, og séð um viðhald þeirra, ef fólkið sjálft, sem veganna nýtur, vill ekkert sérstaklega á sig leggja. Þess vegna held ég, að þau atriði, sem eru í brtt. hv. 1. þm. N-M. um að skipta vegunum nokkuð í flokka, séu vel athugunar verð. Í minu héraði var það í einni sveit fyrir mörgum árum, að íbúarnir sjálfir lögðu akveg eftir henni endilangri í eins konar þegnskylduvinnu. Og fólkið í sveitinni byggði veginn vel akfæran. Nú er þessi vegur að vísu kominn í þjóðvegatölu, en honum er bara ekki haldið við nægilega, og kaflar eru í honum, sem verða á hverju ári hálfófærir og alófærir.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég mæli fastlega með því, að Alþ. geri ályktun í þessu efni í þá átt, sem upphaf fyrirliggjandi till. segir, og taki svo að öðru leyti málið til nánari athugunar og hafi till. fyllri en hér er lagt til.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir undir þá till., sem ég hef leyft mér að flytja hér ásamt hv. 2. þm. Eyf. (MJ) og hv. þm. Ísaf. (KJJ). Mér virtist þó sem nokkurs misskilnings gætti hjá hv. 1. þm. Eyf. í hans ræðu. Hann lýsti mjög eindregnu fylgi sínu við fyrri hluta till., en hann er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera í samráði við vegamálastjóra samræmda framkvæmdaáætlun um vegagerð.“ Þetta er fyrri hluti till., sem hv. 1. þm. Eyf. lýsir fylgi sínu við. Síðari hlutinn er hins vegar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „til þess að koma þeim landshlutum og héruðum sem fyrst í akvegasamband, sem enn þá eru ýmist veglaus eða án sambands við meginakvegakerfi landsins.“ Þessu lýsir hv. 1. þm. Eyf. sig mjög mótfallinn í tillögunni og telur það spilla henni mjög.

Ég verð að segja það, að ég skil ekki þann hugsanagang hjá mínum ágæta vini, hv. 1. þm. Eyf., sem í þessum orðum hans felst. Það er sjálfsagt að gera áætlun, samræmda áætlun, um framkvæmdir í vegagerð í landinu, en það má ómögulega hafa þann tilgang að koma því fólki í vegasamband, sem enn þá er án þess. Það getur vel verið, að aðrir hv. þm. skilji þetta. Ég skil það ekki.

Auðvitað stendur hvergi í þessu niðurlagi till., að það megi ekki bæta aðra vegi, sem búið er að leggja í landinu, fyrir annað fólk, sem þegar hefur fengið vegi. Vitanlega kemur okkur flm. þessarar till. ekki annað til hugar en vinna beri áfram að því að bæta vegi almennt í landinu. Það, sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur með till. okkar, og það skildi hv. 1. þm. N-M. einnig greinilega, er, að það fólk, sem enn þá er veglaust og án akvegasambands, fái á sem skemmstum tíma bætt úr sínum vandræðum. Ég fæ ekki séð þá villu vegar, sem í þessari kenningu felst og hv. 1. þm. Eyf. bæði nú við umr. um þetta mál og í hv. Ed. er að vara menn við.

Það undrar mig líka stórlega að heyra þennan reynda og ágæta þm., sem svo lengi hefur átt í baráttu fyrir vegaumbótum í sínu hér-

aði, halda því fram hér, að sumum héruðum á Íslandi henti betur að hafa samgöngur á sjó og að til séu þau héruð í þessu landi, sem helzt eigi eingöngu að hafa samgöngur á sjó, en ekki á landi. Ég vildi bara spyrja hv. 1. þm. Eyf.: Hvað á hann við með svona sleggjudómum og fullyrðingum? Hvaða héruð eru það á Íslandi, önnur en þá eyjar, sem hentar betur að hafa fyrst og fremst samgöngur á sjó, en ekki á landi? Ég veit ekki betur en t. d. okkar héruð, hérað hv. 1. þm. Eyf. og mitt hérað, Eyjafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla, hafi lengstum haft flóabát og allmiklu fé varið af ríkisfé til þess að halda ferðum hans uppi. Höfum við ekki báðir, hann og ég, verið að berjast fyrir því að fá vegi um sem mestan hluta okkar héraðs þrátt fyrir það? Og hafa ekki þarfir fólksins, landbúnaðarins og sjávarútvegsins, kallað jafnhliða á samgöngur á landi? Ég veit ekki betur. Ég veit meira, og hann veit meira um þetta. Hann veit það, að samgangnaleysið á landi hefur staðið í vegi fyrir margvíslegum nauðsynlegum framkvæmdum, ekki sízt í ræktunarmálum. Samgöngur á sjó hafa kannske hrokkið til þess fyrr á árum, þó að þær geri það varla lengur, að flytja afurðir bænda á markað. En þær hafa ekki nægt til þess, að það væri hægt að búa fólkinu þau skilyrði, sem krafizt er almennt í dag, hvort heldur er við atvinnurekstur til lands eða sjávar. Og ef hv. þm. veit það ekki, sem mér virtist einna helzt líta út fyrir, þá get ég sagt honum það, að ég kalla það heilan landshluta, bæði Vestur-Ísafjarðarsýslu og meginhluta Norður-Ísafjarðarsýslu, sem eru gersamlega án sambands við akvegakerfi landsins. Það er ekkert vegasamband við Vestur-Ísafjarðarsýslu og aðeins við hluta af Norður-Ísafjarðarsýslu við meginakvegakerfi landsins. Og þessum sýslum hefur staðið það stórkostlega fyrir þrifum, ekki sízt Norður-Ísafjarðarsýslu, að vegur er ekki kominn nema að nokkru leyti um sveitahreppa sýslunnar. Ég veit, að fyrrverandi búnaðarmálastjóri, hv. 1. þm. N-M., sem þekkir búnaðarframkvæmdir á hverjum einasta bæ og hefur skrifað um það greinargóðar yfirlitsgreinar í sitt blað, þekkir þetta. Og það kemur fram í stærð túnanna í þessum byggðarlögum, sem þannig er ástatt um, að það hefur ekki verið fært einu sinni með vélar um suma þessara hreppa.

Nei, það þýðir ekkert að halda því fram í dag, að samgöngur á sjó nægi einstökum byggðarlögum, nema þá fyrir eyjar, sem ekki er hægt að leggja til vegi eða brýr. Það dugir fyrir Grímsey, af því að það er ekki hægt annað.

Ég vildi skjóta því til hv. 1. þm. Eyf., að hann tali við fólk í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, í Skaftafellssýslu, í Norður-Ísafjarðarsýslu, í Vestur-Ísafjarðarsýslu og spyrji um, hvort það megi ekki bjóða því samgöngur á sjó og bara hætta við vegagerðir. Það er hægt að slá svona firrum fram hér á hv. Alþingi, að vísu ekki án þess að þeim sé mótmælt, en það er ekki hægt að segja þetta við fólkið sjálft. Það veit betur.

Jú, hv. 1. þm. Eyf. átti eitt úrræði, sem tíðkaðist hér fyrr á árum, ef fólkið vantaði vegi. Það var að grípa til þegnskylduvinnu. Fólkið í sveitunum tók sig til, ef það fékk ekki fé úr ríkissjóði, og lagði veginn sjálft án þess að fá nokkurt fé fyrir það. Mér finnst þetta sýna mikinn dugnað og framtak hjá því fólki, sem þetta hefur gert. En ég spyr nú minn ágæta vin, hv. 1. þm. Eyf.: Hvaða fólki á Íslandi ætlar hann í dag að bjóða þetta, ef það vantar veg, að taka sér þá skóflu og haka í hönd og hefja vegagerðina sjálft í þegnskylduvinnu? Ég segi aftur: Það er hægt að segja þetta hér innan þessara veggja, að vísu ekki án þess að því sé mótmælt, en það er ekki hægt að segja þetta við fólkið, sem býr við vegleysið og fólksfæðina og vandræðin, sem leiðir af strjálbýlinu og samgangnaleysinu úti í sveitunum.

Ég hef ekkert á móti því, að þessari till. verði breytt og inn í hana tekin fleiri atriði, m. a. ýmislegt það, sem bent er á í brtt. hv. 1. þm. N-M. Það situr sízt á mér og okkur flm. þessarar till. að vera á móti því, að fyllstu upplýsinga sé aflað um þau mál, sem hér er um að ræða. En ég vildi beina því til hv. n., að hún haldi þó þessari till. innan hóflegra takmarka, þannig að hún verði framkvæmanleg. Aðalatriðið í þessu máli er auðvitað ekki að safna skýrslum, heldur að marka ákveðna og skynsamlega stefnu í þessum málum og þá stefnu, sem ég vænti að allir hv. þm., a. m. k. úr sveitakjördæmum, séu sammála um, að stefna beri að því, að þau héruð, sem enn eru veglaus, fái vegi sem fyrst og sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess, að þau fái vegi sem fyrst. Það er tilgangur þessarar till., og ég treysti því einnig, þó að mér þætti gæta nokkurs misskilnings hjá hv. 1. þm. Eyf. í þessu máli, að góð samvinna geti tekizt milli allra þeirra hv. þm., sem þekkja aðstæðurnar í þessum efnum og vilja vel.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér fannst hv. þm. N-Ísf. tala töluvert út í hött, þegar hann var að svara mér, því að ég hafði alls ekki haldið því fram, sem hann taldi að ég hefði gert. Það, sem ég var að segja og halda fram í minni fyrri ræðu, var það, að mér þótti till. of einhliða. Tillagan er svona:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera í samráði við vegamálastjóra samræmda framkvæmdaáætlun um vegagerð til þess að koma þeim landshlutum og héruðum sem fyrst í akvegasamband, sem enn eru ýmist veglaus eða án sambands við meginakvegakerfi landsins.“

M. ö. o. tillagan er eingöngu til þess að koma þessum héruðum í akvegasamband. Það stendur beint í henni. En ég vildi benda á það með því, sem ég sagði, að það væri fleira, sem þyrfti að athuga í vegamálunum, og það þyrfti einmitt að gera heildaráætlun um þær framkvæmdir, sem ríkið ætlar sér að gera í þeim efnum, þó að það miðaði ekki eingöngu að því að koma veglausum héruðum í akvegasamband, og nefndi sérstaklega í því sambandi,

að það væri ekki síður ástæða til þess að gera ráðstafanir til, að akvegir héldust færir, þar sem búið er að leggja þá, heldur en að leggja nýja vegi, sem dygðu kannske nokkur ár og yrðu svo ófærir líka. Ég held, að þetta í raun og veru nægi. Ég hygg, að flestir hafi skilið, hvað ég átti við með því, sem ég sagði.

Ég sný ekki aftur með það, sem ég sagði, að ég held, að það sé ekki hægt að segja, að nokkur landshluti sé akvegalaus eða ekki í sambandi við akvegakerfi landsins. Eftir málvenju er landshluti nokkuð stórt svæði, og að því er Vestfirði snertir, þá hélt ég, að það væri ekki hægt að kalla einhverja einstaka sveit á Vestfjörðum landshluta, heldur Vestfirði alla, og það er vegasamband til Vestfjarða. Og langt er frá því, að ég sé á móti því, að lagður sé vegur, sem kemur þeim landshluta í vegasamband við vegakerfi landsins að því leyti, sem á skortir enn. En áður en tekið er í þjóðvegatölu, — ja, við skulum segja aðeins allir þeir vegir, sem stungið er upp á nú í þinginu að taka í þjóðvegatölu, bæði af mér og öðrum, þá ber að rannsaka þetta mál og gera heildaráætlun um þetta, því að með því áframhaldi, sem verið hefur, er fyrst og fremst ekki til neins að vera að halda nokkurri skiptingu vega, því að endirinn verður auðvitað sá innan fárra ára, að hver vegarspotti er kominn í þjóðvegatölu. (**Gripið fram í:** Er nokkuð við það að athuga?) Er nokkuð við það að athuga? Ja, mér finnst nú í sjálfu sér, ef á annað borð á að vera nokkur skipting, að þá ættu það nú að vera helzt þeir vegir, sem almenna þýðingu hafa, sem teknir eru í þjóðvegatölu. En það er kannske ekkert við það að athuga að hætta þessari skiptingu, en bara með suma vegi að áskilja samvinnu um lagningu þeirra, að allir vegir verði þjóðvegir og svo leggi hreppar til í lagningu sumra veganna og sýslur í aðra o. s. frv., en ríkið hafi algerlega með aðra að gera. En ég held, að það geti ekki komið til mála, að ríkið sé fært um að leggja vegi á sinn kostnað um allar byggðir þessa lands og halda þeim vel við líka, því að eins og við vitum, er nú þegar orðið miklu meira fé veitt til viðhalds vega en til nýlagninga og hrekkur hvergi nærri til. Það er mesta ólag á mörgum vegum þrátt fyrir þessar mörgu milljónir, sem lagðar eru til viðhalds vega.

Úr því að hv. þm. N-Ísf. (SB) lagði þennan skilning í það, sem ég sagði áðan, þá endurtek ég það, að mín athugasemd gilti um það, að ég vil láta taka fleira til athugunar en aðeins það, sem virtist vera tilgangurinn með þessari þáltill.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Fréttayfirlit frá utanríkisráðuneytinu.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um útgáfu fréttayfirlits frá utanríkisráðuneytinu** [22. mál] (A. 28).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það þarf ekki langt mál til að fylgja úr hlaði þeirri till., sem hér um ræðir á þskj. 28, en hún er um það efni, að ríkisstj. gefi út öðru hverju, mánaðarlega eða jafnvel oftar, sérstakt fréttayfirlit um helztu atburði í landinu. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að fréttayfirlit þetta verði á erlendu máli og það verði sent öllum sendimönnum Íslands erlendis og einnig kjörræðismönnum og ýmsum þeim aðilum og stofnunum, sem ætla má að hafi áhuga á að kynnast íslenzkum málum eða annast á einn eða annan hátt landkynningu.

Í grg. er í stuttu máli vikið að orsök þess, að þetta mál er hér flutt, en hún er sú, að þess hefur orðið vart, að ýmsir fulltrúar Íslands erlendis, sér í lagi kjörræðismenn, telja sig hafa mjög. litlar upplýsingar um íslenzk mál, eru hins vegar oft spurðir um mörg atriði varðandi Ísland og verður þá oft erfitt um að gefa nauðsynlegar upplýsingar.

Það liggur í augum uppi, að Íslendingar hafa ekki aðstöðu til að hafa útsenda sendiherra eða sendifulltrúa nema á tiltölulega fáum stöðum, og hefur því reyndin orðið sú, að íslenzka ríkið hefur tilnefnt kjörræðismenn á mörgum stöðum, þarlenda menn búsetta, oft og tíðum menn, sem ekki einu sinni skilja íslenzku og eru mjög fákunnugir um íslenzk mál. Það er hins vegar gert ráð fyrir því að sjálfsögðu, þar sem slíkir menn starfa, af þarlendu fólki, að þeir hafi handbærar ýmiss konar upplýsingar, og auðvitað nauðsynlegt, að þeir hafi þær. Þó að þeir fái íslenzk blöð, gagnar það lítt, ef þeir skilja ekki íslenzkt mál, auk þess sem erfitt er fyrir þá, sem ekki eru kunnugir öllum háttum hér, að átta sig á því úr blöðum, hver eru meginatriði málsins oft og tíðum.

Það er öllum hv. þm. vafalaust kunnugt, að utanrrn. eða jafnvel sendiráð margra þjóða, ef til vill flestra, gefa út í ýmsu formi fréttayfirlit, jafnvel daglegt yfirlit um gang mála í sínu heimalandi. Það er auðvitað ekki um slíkt að ræða hér hjá okkur, að hafa það svo víðtækt, en ég hygg, að það væri til mikilla bóta, ef hægt væri að koma því á, að með hæfilegu millibili væri slíkt yfirlit gefið út af utanrrn. Utanrrn. hefur sérstakan blaðafulltrúa í sinni þjónustu, og það ætti því ekki að þurfa að verða ýkja mikill kostnaður af

útgáfu slíks fréttayfirlits, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en legg til, að umr. um það verði frestað og því verði vísað til, ja, væntanlega utanrmn. eða allshn., allshn., ef forseti telur það eðlilegra. Þetta er náttúrlega nánast utanríkismál. Ég legg það í vald hæstv. forseta, hvað hann telur eðlilegt í því sambandi. (**Forseti:** Er engin tillaga?) Ég mundi telja, að það væri utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Byggingarsamvinnufélög.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög [26. mál] (A. 35).

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. og 13. fundi í Sþ., 11. og 13. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með lögum um byggingarsamvinnufélög var að því stefnt að veita mönnum sérstaka aðstoð til þess að geta eignazt húsnæði, og í þeim lögum, sem nú gilda um það efni, eru sett ýmis ákvæði hér að lútandi, bæði um, hvernig menn geta öðlazt rétt til þátttöku í þessum félögum, hvaða réttindi þeir öðlast sem félagar í þeim og hvaða skyldur á þeim hvíla í sambandi við húseignir sínar, eftir að þeir hafa notið fyrirgreiðslu félagsins.

Ég sé enga ástæðu til að vera að rekja þessi lagaákvæði sérstaklega hér, þau eru öllum hv. þm. kunn, en ástæða þess, að ég hef hér ásamt hv. 5. þm. Reykv. flutt till. um, að ríkisstj. verði falið að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög, er sú, að það hefur komið í ljós á undanförnum árum, sem eðlilegt var, í samræmi við þá reynslu, sem orðið hefur af framkvæmd þessara laga, að ýmis atriði þeirra þurfa nýrrar athugunar við.

Eins og ég áðan gat um, eru mönnum með lögum þessum veitt sérstök réttindi til fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins. Það er gert ráð fyrir því, að byggingarsamvinnufélög hafi rétt til þess að fá ríkisábyrgð fyrir lánum til húsbygginga fyrir meðlimi sína, er nemi allt að 80% af kostnaðarverði húsanna. Og það er jafnframt gert ráð fyrir þeirri sérstöku fyrirgreiðslu við meðlimi byggingarsamvinnufélaga, að byggingarfélögin að verulegu leyti sjái um byggingu húsanna og taki lán til þeirra og endurláni síðan félagsmönnum sínum andvirði íbúðanna eftir föstum reglum. Á móti þessum réttindum eru lagðar víðtækar skyldur á eigendur íbúða í byggingarsamvinnufélögum. Það eru sérstakar kvaðir varðandi sölu íbúðanna, bæði varðandi forrétt annarra félagsmanna til að kaupa þær og þó öllu heldur varðandi söluverð íbúðanna sjálfra, því að um það gilda sérstakar reglur, að íbúð í byggingarsamvinnufélagi má ekki selja nema með tiltekinni álagningu, þ. e. a. s. miðað við byggingarvísitölu á hverjum tíma. Enn frekari skyldur hvíla á þátttakendum í byggingarsamvinnufélögum, sem felast sérstaklega í því, að samkv. lögunum er gert ráð fyrir samábyrgð allra meðlima í sama byggingarflokki fyrir þeim lánum, sem tekin eru í viðkomandi byggingarflokki, sem merkir það, ef það ætti að framkvæmast út í yztu æsar, að maður, sem kynni að vera búinn að borga að fullu sína íbúð, gæti orðið ábyrgur fyrir lánum annarra í þessum flokki, sem ekki stæðu í skilum. Að vísu mun þetta ekki hafa verið framkvæmt þannig af hálfu fjmrn., þegar um vandkvæði hefur orðið að ræða um skil í sambandi við ríkisábyrgðir, en engu að síður er þó þetta ákvæði í lögum og talið mjög vafasamt, eins og þessi ákvæði nú eru, að hve miklu leyti íbúðir manna í byggingarsamvinnufélögum séu blátt áfram veðhæfar fyrir öðrum lánum. Enn fremur er svo eitt atriði, sem er auðvitað gersamlega úrelt orðið, og það er ákvæðið um það, að óheimilt sé að veðsetja íbúðir byggingarsamvinnufélaga eða meðlima þeirra fyrir hærri upphæð en svarar upphaflegu kostnaðarverði. Þetta er auðvitað algerlega óraunhæft ákvæði.

Nú er það svo, eins og við flm. bendum á í okkar grg., að að sjálfsögðu er það ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem njóta sérstakrar fyrirgreiðslu ríkisvaldsins skv. þessum lögum, taki á sig í því sambandi einhverjar sérstakar kvaðir. Hins vegar er það álitamál, hversu víðtækar slíkar kvaðir eiga að vera, ekki sízt vegna þess, að í framkvæmdinni eru mönnum ekki veitt þau réttindi, sem lögin gera ráð fyrir. Það er t. d., að því fer víðs fjarri, að ríkisábyrgð sé veitt fyrir 80% byggingarkostnaðar. Ég kalla gott, ef það eftir núgildandi reglum eru 50%, sem ríkisábyrgðin er veitt fyrir. Og í annan stað er það, að nú er það, að ég hygg, í langflestum tilfellum þannig vegna fjárskorts og erfiðleika á öflun lánsfjár, að einstakir meðlimir samvinnubyggingarfélaga verða sjálfir að byggja upp á eigin spýtur og útvega öll þau lán, sem til þarf. Er þarna að sjálfsögðu um að ræða erfiðleika, sem ekki er gert ráð fyrir skv. lögunum að menn þurfi við að stríða, þannig að réttindi

manna að þessu leyti eru í framkvæmd mun minni en gert var ráð fyrir.

Þá hefur það enn fremur komið í ljós á undanförnum árum, að ýmis ákvæði laganna varðandi eignayfirfærslur og önnur atriði eru svo óljós, að það er miklum vafa bundið, hvernig þau á að skilja, og hafa meira að segja þurft að ganga um það hæstaréttardómar í a. m. k. einu tilfelli, varðandi vafaatriði í lögunum. Og enn er það svo, að það er miklum efa bundið, hvaða heimildir eru t. d. til íbúðaskipta, þ. e. a. s. ef félagsmaður lætur íbúð af hendi, selur hana, kaupir aðra íbúð og býst til að taka hana inn undir lögin með sömu kvöðum og hvíldu á hinni, hvort heimilt er að losa hina íbúðina út úr félaginu eða ekki. Þó að það muni hafa verið gert í framkvæmd, þá er það af fróðum mönnum talið mjög vafasamt.

Nú eru starfandi í landinu mjög mörg byggingarsamvinnufélög. Þau hafa að vísu sum þeirra með sér samband, en í því sambandi eru ekki öll félögin. Af þeim sökum er það, að hér er gert ráð fyrir í okkar till., að lögin verði endurskoðuð í samráði við stærstu byggingarsamvinnufélögin í landinu, — það hefði auðvitað verið eðlilegt, hefði verið samband milli þeirra, að það hefði verið það, sem hefði verið aðili að endurskoðuninni. En af þeim sökum, að ekkert heildarsamband er til, er þetta orðað á þennan veg, því að okkur sýnist augljóst mál, að sjálfsagt sé að hafa byggingarsamvinnufélögin, sem hafa öðlazt mikilvæga reynslu í þessum málum og framkvæmd laganna, með í ráðum við athugun á þessari löggjöf.

Þau réttindi, sem veitt eru með lögum um byggingarsamvinnufélög, eru ákaflega mikilvæg. Ef hægt væri að veita réttindin að fullu, eins og þar er gert ráð fyrir, er þar að sjálfsögðu um mjög veigamikla aðstoð að ræða. Það er því að skoðun okkar flm. sjálfsagt að halda áfram þeirri aðstoð, sem gert er ráð fyrir í þessum lögum. En það er með þessi lög eins og önnur, að það er ekki óeðlilegt, að það þurfi að endurskoða þau. Þó að þessi lög séu að vísu ekki gömul í þeirri mynd, sem þau eru nú, þá er það samt þannig, að augljóst er, að þarna eru ýmis atriði, sem athugunar og endurskoðunar þurfa við, vegna þess að aðstaða er að mörgu leyti breytt.

Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að till. þessi geti náð fram að ganga, og vil leggja til, að umr. um hana verði frestað og henni vísað til athugunar allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Fræðslustofnun launþega.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um fræðslustofnun launþega [27. mál] (A. 36).

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessi till., sem flutt er öðru sinni, fjallar um það, að Alþ. feli ríkisstj. að semja og leggja fyrir næsta reglulegt þing frv. til laga um fræðslustofnun launþega. Það er skoðun flm. og væntanlega fleiri, að það sé þjóðfélagsleg nauðsyn, að starfsemi launþegasamtaka sé sem farsælust og að þau nái höfuðtilgangi sínum að bæta kjör félagsmanna sinna, eftir því sem efni standa til og án þess að mikil vinna eða verðmæti tapist í verkföllum. Öruggasta leiðin til þess að stuðla að því, að slíkt takmark náist, er aukinn félagsþroski og skilningur á heilbrigðu hlutverki og starfsháttum þessara samtaka.

Ég hygg, að allir séu sammála um það, að æskilegt væri, að launþegasamtökin gætu sjálf annazt þá fræðslu, sem hér um ræðir, en þau hafa ekki bolmagn til þess í nægilega stórum stíl. Þess vegna er þetta mál hér fram komið á Alþingi.

Frumvörp um verkalýðsskóla hafa áður legið fyrir Alþ. Og í málefnasamningi núverandi ríkisstj. var stofnun slíks skóla heitið. Er flutningsmönnum kunnugt um, að fram hefur farið allmikil söfnun á gögnum til undirbúnings því máli, en ákvörðun mun ekki hafa verið tekin enn um framkvæmdir.

Með þessari till. er málið tekið upp á nokkuð öðrum grundvelli en það hefur áður verið rætt hér á Alþingi. Hingað til hefur verið gert ráð fyrir verkalýðsskóla. En við erum þeirrar skoðunar, að það sé ekki tímabært að stofna skóla til að gegna þessu hlutverki í venjulegri merkingu þess orðs. Okkur þykir ólíklegt, að það verði hægt að fá marga forustumenn eða tilvonandi forustumenn verkalýðsfélaga til að setjast á skólabekk heilan vetur eða jafnvel fleiri en einn vetur til þess að búa sig undir störf, sem óhjákvæmilega hljóta að verða — með fáum undantekningum — ólaunuð hjáverkastörf á næstu árum.

Reynsla í öðrum löndum sýnir og að ef slíkur skóli á að ná verulegum árangri, hafa þeir menn, sem mest eiga erindi þangað, ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að fórna atvinnu sinni og sækja slíkan skóla, og það er ekki hægt að fá þá til að setjast á slíkan skólabekk nema með því að greiða þeim jafnframt fullt kaup. Virðist okkur því allar aðstæður benda til þess, að hyggilegra muni að reyna að ná þessu takmarki eftir öðrum leiðum. Fyrir-

myndir að slíkri fræðslustofnun, sem við leggjum til, má finna víða um heim, bæði í nágrannalöndum okkar og lengra frá. Slík stofnun gæti á margan hátt með stuttum og löngum námskeiðum, með ýmiss konar upplýsingastarfsemi með nútímaaðferðum unnið að því takmarki, sem hér greinir, að auka þekkingu hinna starfandi félaga launþegasamtakanna og þjálfa leiðtoga þeirra í forystustörfum slíkra samtaka.

Okkur virðist, að slík stofnun gæti unnið mikið starf að sumarlagi í samvinnu við þá skóla, sem fyrir eru, þannig að ekki þyrfti að byggja fyrir hana sérstakt nýtt húsnæði, og okkur virðist sem möguleikar ættu að vera á því, að hægt væri að tengja slíka fræðslu með góðum árangri við sumarleyfi viðkomandi manna og halda slík sumarleyfisnámskeið í héraðsskólunum, svo að dæmi séu nefnd.

Í stuttu máli sagt: við teljum, að fræðslustofnun eins og við lýsum henni hér muni ná meiri árangri en verkalýðsskóli, sem við teljum ekki tímabæran enn þá, hvort sem svo verður seinna eða ekki. Við teljum, að slík fræðslustofnun sé miklu ódýrari og þar af leiðandi meiri líkur á, að hún verði okkur viðráðanleg, hún hefur líka þann stóra kost, að hún getur byrjað í mjög smáum stíl og aukið starf sitt, eftir því sem mönnum sýnist ástæða til, þegar nokkur reynsla er fengin.

Ég vil svo að lokum leggja til, að umræðunni verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Hafnarbótasjóður.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um hafnarbótasjóð [31. mál] (A. 41).

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 41 till., sem miðar að því, að lögin um hafnarbótasjóð séu endurskoðuð með það fyrir augum, að sjóðurinn sé efldur og starfsgrundvelli hans breytt.

Það er nýlega búið að ræða um hafnarmál hér á hv. Alþ., og hv. alþingismönnum eru vafalaust í minni þær upplýsingar, sem þar komu fram, sem sé, að nokkur tiltekin viðfangsefni yrðu að ganga fyrir á undan hafnarframkvæmdum, að því er við komi hugsanlegri lánsútvegun.

Nú kann það að vísu að orka nokkurs tvímælis í hugum einstakra manna, hvort þessi niðurröðun sé sú eina rétta, og kemur þar vafalaust til greina mismunandi aðstaða einstakra byggðarlaga úti um landið. Ég þekki til nokkurra byggðarlaga, þar sem hafnarframkvæmdir eru í hugum fólksins fyrsta og aðalatriðið á framkvæmdalistanum. Víða á þeim stöðum vantar ekki fleiri báta, vinnslustöðvar eru e. t. v. til í landi, en hafnarskilyrðin eru í slæmu ástandi. Mig grunar, að það séu til þó nokkuð margir staðir í kringum landið, þar sem hafnarframkvæmdirnar eru efst á blaði hjá sveitarstjórnunum. Ég held því, að þessi mál séu á því stigi, að þau þoli ekki bið gagnvart einstökum stöðum, en auðvitað er það misjafnt, hve ástandið er slæmt. Hins vegar er till. mín við það miðuð að fá álit hv. Alþ. á því, hvort ekki sé nauðsynlegt að taka þessi mál til skipulegrar meðferðar nú þegar með því að efla lánsstarfsemi hafnarbótasjóðs, ef þess væri talinn nokkur kostur.

Ég hef valið þessa leið vegna þess, að margar sveitarstjórnir hafa nú þegar gert áætlanir um framkvæmdir, sem vart verður komizt hjá að gera fljótlega, en allt stendur fast, vegna þess að ekki virðist neinn möguleiki á að fá nauðsynlegt lánsfé til framkvæmdanna. Ef hafnarbótasjóður væri þess megnugur að lána til einhverra tiltekinna hafnarframkvæmda, mætti gera ráð fyrir, að skipulag kæmist á þessi mál og á hverju ári væri lánað til þeirra framkvæmda, sem talið væri nauðsynlegast að ráðast í, eftir því sem möguleikar sjóðsins leyfðu. Allt tal og óskir um hafnarframkvæmdir á næstu árum byggjast vitaskuld á því, að viðkomandi sveitarfélag fái nauðsynlegt lánsfé.

Framkvæmdir hafnarmála hér á landi eru nú einmitt, að ég hygg, komnar á það stig, að litlar upphæðir nægja yfirleitt skammt, vegna þess að smærri framkvæmdum er mjög víða lokið, og tiltölulega fáir staðir hafa haft möguleika til að ráðast í stóru, en jafnframt nauðsynlegu framkvæmdirnar. En fjöldamargir staðir bíða með tilbúnar áætlanir. Einmitt af þessum ástæðum er nauðsynlegt að vinna skipulega og eftir áætlun að þeim heildarhafnarframkvæmdum, sem þarf að gera víða í kringum landið.

Mér er það ljóst, að það er mjög áskipað á áætlunum hæstv. ríkisstj. um ýmiss konar framkvæmdir, sem þarf að útvega fé til, svo að þær nái fram að ganga. En ég óttast, að ef ekki er eitthvað gert þegar til lausnar á þeim mikla vanda, sem er hjá einstökum byggðarlögum varðandi hafnarmálin, kunni að skapast mjög alvarlegt ástand, jafnvel að bátar kunni að fara í burtu til betri hafna og fólk flytjist í burtu vegna atvinnuleysis. Þess vegna held ég, að þegar hafnarmálin eru sett á eftir öðrum framkvæmdum hjá hæstv. ríkisstj., þá sé ekki hjá því komizt, að eitthvað

annað sé reynt að gera til bjargar ástandinu í þessum efnum.

Ef hægt væri að auka framlag til hafnarbótasjóðs það mikið, að hann væri þess megnugur að lána eitthvað að marki til hafnarframkvæmda, eða að hann gæti fengið einhvers staðar fé að láni til þessara framkvæmda, þá væri þó þarna lánsstofnun, sem hefði það hlutverk sérstaklega að lána til hafnanna. Nú virðist mér jafnvel allra erfiðast að fá lánsfé til þessara framkvæmda, enda telur enginn peningastofnun sér sérstaklega skylt að taka að sér að lána til þeirra. Ef hafnarbótasjóður fengi hins vegar bætta aðstöðu, mætti gera ráð fyrir, að hann gæti orðið þarna að verulegu liði. Hver sem niðurstaðan yrði, þá er það ljóst, að athugun á þessum málum getur aldrei haft neinar skaðlegar afleiðingar fyrir framgang þeirra, og því hef ég lagt til, að slík athugun væri látin fara fram.

Ég hef fengið fróðlegar upplýsingar hjá vitamálastjóra um framkvæmdir í hafnarmálum á s. l. árum, frá 1949—1957. Á þessu tímabili hefur verið unnið við hafnarframkvæmdir fyrir ca. 165 millj. kr., auk 17.4 millj., sem hefur verið unnið fyrir við landshafnir. Fyrir um helming þessarar upphæðar hefur verið unnið í ár og tvö undangengin ár. Í fyrra, 1956, var unnið við hafnarframkvæmdir fyrir 33 millj. kr. Framlag ríkisins á fjárlögum var þá um 8 millj. 94 þús., og úr hafnarbótasjóði var greitt 2 millj. 63 þús. Lán Akraneshafnar það ár var 9 millj. Mismuninn, um 14 millj., hafa því sveitarfélögin sjálf lagt fram, sem er auðvitað að langmestu leyti fengið að láni hingað og þangað og e. t. v. sumt til skamms tíma. Í ár er gert ráð fyrir, að framkvæmdir verði fyrir 31.8 millj.: framlag á fjárlögum 10.6 millj., úr hafnarbótasjóði 1 millj 955 þús. og lán vegna Akraneshafnar um 10 millj. Aftur er mismunur upp á 9—10 millj., sem sveitarfélögin hafa sjálf útvegað. Á þessum tveimur árum hafa því kaupstaðir og kauptún lagt fram hartnær 25 millj. kr., líklega mest að láni, og verður það út af fyrir sig að teljast vel gert, þó að þetta sláttufyrirkomulag verði alltaf erfiðara og erfiðara. Skipulegt átak í lánamálum hafnanna verður að hefjast eftir ákveðinni áætlun, þannig að þær hafnir gangi fyrir lánum, sem verst eru á vegi staddar að dómi þeirra, sem til þekkja, svo sem vita- og hafnarmálastjóra eða atvinnutækjanefndar.

Þetta skipulag á lánamálum hafnanna finnst mér eðlilegast að væri framkvæmt í gegnum hafnarbótasjóð, sem gæti þá e. t. v. orðið sjálfstæð stofnun, líkt og fiskveiðasjóður eða fiskimálasjóður. Mundi þá hafnarbótasjóður gera lánaáætlanir fram í tímann, eftir því sem fjárhagur hans leyfði.

Á undanförnum 12 árum hefur hafnarbótasjóður greitt til hafna rúml. 21.2 millj. samtals, þar af sem lán hátt í 2 millj. Bein framlög úr sjóðnum hafa þannig orðið til jafnaðar rúml. 1.6 millj. kr. á ári að meðaltali. Í langflestum tilfellum er hér um smáar upphæðir að ræða, sem út af fyrir sig hafa komið að miklum notum og beinlínis gert unnt að ráðast í ýmsar smærri framkvæmdir á mörgum stöðum, en geta ekki hjálpað til, þar sem um stórar og dýrar framkvæmdir er að ræða, því að það dugir ekki til, þar sem þannig stendur á. Ef það yrði samþykkt hér á hæstv. Alþingi, að sérstök athugun á öllum þessum hafnarvandamálum yrði látin fara fram, þá yrði skipulag lánveitinganna auðvitað eitt aðalatriðið. Það er eins með hafnvæðingu landsins og rafvæðinguna, að það verður að gera áætlanir langt fram í tímann, taka síðan fyrir tiltekin verkefni og ljúka þeim, til þess að framkvæmdirnar komi að fullum notum, auk þess sem vinnubrögð öll hljóta að verða með miklu meiri árangri. Hér er um mikið framtíðarverkefni að ræða, og ég held, að ef hafnarbótasjóður yrði efldur og fyrirkomulagi hans breytt eftir því, sem kunnugir menn telja heppilegast, þá ætti hann eftir að verða mikil lyftistöng fyrir hafnarmálin í heild og stuðla að betra skipulagi lánamála hafnanna.

Þar sem hér er um athugun aðeins að ræða á þessu máli, tel ég rétt, að því væri að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Kennaraskóli.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingu kennaraskólans [34. mál] (A. 47).

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. og 13. fundi í Sþ., 11. og 13. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. enn tekin til einnar umr. (A. 47, 81).

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það er alkunna, að Kennaraskóli Íslands hefur um langt skeið búið við verri aðstæður um húsnæði en flestar aðrar menntastofnanir landsins. Háir þetta mjög verulega starfsemi þessarar þýðingarmiklu stofnunar. Það sætti því engri furðu, þegar barátta var tekin upp fyrir nokkrum árum fyrir bættum húsakynnum skólans. Bar hún þann árangur, að allmikið fjármagn var veitt til nýrrar kennaraskólabyggingar, samtals á árunum 1953—57 3.1 millj. kr. Á árinu 1956 gaf þáverandi menntmrh. byggingarnefnd stofnunarinnar

fyrirskipun um að hefja byggingarframkvæmdir. Reykjavíkurbær hafði úthlutað stofnuninni hentugri lóð, og samkvæmt fyrirskipun ráðherra var hafizt handa um að grafa grunn nýs kennaraskóla. Á árinu 1956 var veitt fjárfestingarleyfi fyrir rúml. 1 millj. kr. framkvæmdum við hina nýju byggingu, og á yfirstandandi ári mun liggja einnig fyrir fjárfestingarleyfi fyrir rúml. einnar millj. kr. framkvæmdum við skólann.

Raunin hefur hins vegar orðið sú, að á þessu ári hafa byggingarframkvæmdir við hinn nýja kennaraskóla legið gersamlega niðri, og af fjárfestingarleyfi ársins 1956 voru aðeins notaðar um 200 þús. kr.

Till. sú, sem hér liggur fyrir um byggingu kennaraskóla, felur í sér fyrirmæli til ríkisstj. um að halda áfram byggingu hins nýja kennaraskólahúss, sem undirbúin hefur verið undanfarin ár. Ég þarf ekki að flytja mörg rök fyrir nauðsyn þess, að þessari framkvæmd verði haldið áfram. Það er vitað, eins og ég sagði í upphafi, að kennaraskólinn býr við gersamlega ófullnægjandi aðstæður í húsnæðismálum sínum og að það bitnar á ýmsa lund á hinu fjölþætta fræðslustarfi, sem unnið er í landinu, að höfuðmenntastofnun kennarastéttarinnar býr við slíkar aðstæður.

Ég vil vænta þess, að þar sem það hvort tveggja er fyrir hendi, að allmikið fé, um 3 millj. kr., er til í byggingarsjóði kennaraskólans og að fjárfestingarleyfi fyrir um 2 millj. kr. framkvæmdum einnig er fyrir hendi, þá beiti hæstv. núv. menntmrh. sér fyrir því, að þessum byggingarframkvæmudm verði haldið áfram, og sýni þar með skilning sinn á nauðsyn þessarar framkvæmdar.

Þessi þáltill. er sem sagt flutt til þess að ýta við hæstv. ríkisstj. og láta það koma fram, hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að leysa byggingarvandamál kennaraskólans. En eins og ég sagði, þá eru þar um 3 millj. kr. óeyddar og byggingarleyfi frá fjárfestingaryfirvöldum.

Ég vil að lokum leyfa mér að láta í ljós þá von, að hæstv. menntmrh., sem þetta mál heyrir undir, taki þessari till. vel og bregðist myndarlega við um framhald á byggingarframkvæmdum kennaraskólans.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. (SB) fór nokkrum orðum um húsnæðisvandamál kennaraskólans. Hann lýsti því, að sú merka stofnun hefði nú um alllangt skeið átt við mikla húsnæðiserfiðleika að etja. Í því, sem hann sagði þar um, var ekkert ofsagt. Það hefur verið illa búið að kennaraskólanum nú um langt skeið, og hefur nú um margra ára skeið verið á því fyllsta þörf að gera hér á myndarlegar úrbætur.

Ég dreg síður en svo í efa áhuga hv. þm. á því, að úr byggingarvandkvæðum kennaraskólans verði leyst sem allra fyrst og á sem allra myndarlegastan hátt. Þó verð ég að segja, að mér kom flutningur þessarar þáltill. nokkuð á óvart, þegar ég sá henni útbýtt sem þskj. fyrir nokkru. Upphaf hennar hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram byggingu nýs kennaraskóla, sem undirbúin hefur verið undanfarin ár.“

Með tilliti til þess, að hv. flm. áttu mjög auðvelt með að sannfæra sig um það, að verið var að byggja nýjan kennaraskóla á þeim tíma, sem till. var flutt, og haldið hefur verið áfram framkvæmdum við það síðan og er núna t. d. í dag, að því er ég bezt veit, verið að vinna að þessum byggingarframkvæmdum, þá kom mér flutningur tillögunnar nokkuð á óvart. Það er mjög óvenjulegt, að lagt sé til, að Alþingi skori á ríkisstj. að halda áfram byggingarframkvæmdum, sem verið er að vinna að. Auðvitað er ekkert á móti því og sýnir áhuga á málinu, spillir síður en svo fyrir því, en óvenjulegt er það engu að síður. En í tilefni af flutningi till. vildi ég þó leyfa mér að gefa stutt yfirlit yfir byggingarmál kennaraskólans, til þess að ekkert þurfi að fara á milli mála um það, hvernig að því máli hefur verið staðið, og til þess að sú hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, viti nokkuð um forsögu málsins og hv. alþm. allir raunar einnig. Ég mun styðja það fyrir mitt leyti, að þessi till. fari til nefndar, þó að efni málsins, eins og ég hef upplýst, sé í raun og veru þannig, að eðlilegast væri, að till. yrði tekin aftur, þar sem verið er að gera það, sem till. fjallar um að gert skuli.

Upphaf byggingarmáls kennaraskólans mun vera að rekja til 4. þings Sambands ísl. barnakennara, sem haldið var 19. júní 1950 á Akureyri. Það skoraði á þáv. menntmrh., sem mun hafa verið hv. þm. Reykv., Björn Ólafsson, að hefja undirbúning og framkvæmdir í málinu. Tæpu ári síðar, eða í maí 1951, skipaði menntmrn. byggingarnefnd. Byggingarnefndin skrifaði strax bæjarráði Reykjavíkur og bað um lóð undir skólahúsið. Rúmu ári síðar, eða 28. júní 1952, tilkynnir byggingarnefndin menntmrn., að loforð sé talið fengið fyrir lóð undir skólann hjá Reykjavíkurbæ. Lóðarúthlutunin fór hins vegar ekki fram fyrr en 4. júní 1956, eða 4 árum síðar. 11. febr. 1953 ritar byggingarnefndin menntmrn. enn og ítrekar, að hafnar verði framkvæmdir í málinu, en rn. hafði ekki enn tekið neina ákvörðun um að láta teikna kennaraskólabygginguna. Í sama mánuði 1953, í febr. 1953, sendi menntmrn. þessa beiðni byggingarnefndarinnar um teikningu húsameistara ríkisins til umsagnar, en húsameistarinn kvaðst ekki hafa nægilegan mannafla til þess að taka að sér ný verkefni svo sem þessa teikningu. Í maí 1953 samþykkir rn., að sérstakur húsameistari verði ráðinn til þess að gera teikninguna undir umsjá húsameistara ríkisins.

Það tekur síðan næstum ár að teikna bygginguna, þ. e. frá því í maí 1953 þangað til í apríl 1954. Þá leggur þáverandi menntmrh. til, eftir að hann hafði athugað teikninguna, að hún verði minnkuð, húsið verði ekki haft eins

stórt og arkitektinn og byggingarnefndin hafði lagt til. Nefndin vill hins vegar ekki fallast á, að teikningin verði minnkuð, svo að þannig fer, að í september 1954 samþykkir menntmrn. endanlega teikningu af skólanum. Enn tekur nokkurn tíma að taka ákvörðun um upphaf framkvæmda af þeirri einföldu ástæðu, að fjárfestingarleyfi vantar, en byggingarnefndin hefur tekið fram í bréfum sínum til menntmrn., að hún hafi á hverju ári síðan 1952 sótt um fjárfestingarleyfi fyrir byggingunni, en ávallt fengið synjun. Út af fyrir sig verður ekki talið eðlilegt, að menntmrn. hafi á þeim tíma hafizt handa, þar eð fjárfestingarleyfi vantaði. En í júní 1956, þ. e. þeim hinum sama mánuði og kjósa átti í til Alþingis, og þá fyrst, eftir að byggingarmálið er búið að vera á döfinni í sex ár, — þá fyrst ritar menntmrn. innflutningsskrifstofunni og óskar eftir nauðsynlegum leyfum, til þess að unnt sé að hefja nú þegar byggingu kennaraskólahúss. 29. júní 1956 tilkynnir byggingarnefndin, að fjárfestingarleyfi sé fengið, og æskir þess, að ráðstafanir verði gerðar til þess að hefja bygginguna, og þá, að fengnum þessum leyfum, ákveður menntmrn, í júní 1956, að byggingin skuli hafin. Þegar ég tók við forstöðu menntmrn., lá málið því þannig fyrir, að byggingarnefndin hafði leyfi fjárfestingaryfirvalda og leyfi rn. til þess að hefjast handa um framkvæmdir, og lét ég byggingarnefndina vita, að ég væri sammála fyrir mitt leyti ráðstöfunum fyrirrennara míns í þessum efnum. — Gröftur hófst síðan á s. l. hausti, en miðaði skammt þá, og mun tíðarfar hafa ráðið mestu um.

Árið 1957 skrifaði menntmrn. til innflutningsskrifstofunnar og óskaði þess, að aftur yrði veitt á yfirstandandi ári fjárfestingarleyfi vegna kennaraskólahúss, þannig að unnt sé að hafa þann hraða á framkvæmd byggingarinnar, sem fjárveitingar og aðrar aðstæður leyfa að áliti byggingarnefndar skólans. Fjárfestingarleyfi var hins vegar ekki veitt fyrr en 2. sept. 1957. Ein af ástæðunum fyrir þessum drætti var sú, að byggingarmál Húsmæðrakennaraskóla Íslands höfðu verið á dagskrá, frá því að hv. Alþ. felldi frv. um að flytja þann skóla til Akureyrar, en skólanum hafði verið sagt upp húsnæði því, sem hann hafði haft til umráða í Háskóla Íslands, og var húsnæðislaus. En ég hafði gert þá uppástungu, að húsmæðrakennaraskólanum yrði ætlaður staður í hinni nýju kennaraskólabyggingu, á efstu hæð hússins. En til þess að unnt væri að taka fullnaðarákvörðun um það, varð að breyta teikningum kennaraskólahússins. Endanlegar teikningar gátu því ekki legið fyrir fjárfestingaryfirvöldunum, og mun það m. a. hafa valdið nokkrum drætti, sem mér þótti mjög miður, á því, að endanlegt fjárfestingarleyfi yrði veitt. En eftir að byggingarnefnd bæjarins hafði samþykkt hinn nýja tillöguuppdrátt, þar sem húsmæðrakennaraskólanum var ætlaður staður í byggingunni, og sú nýja teikning hafði verið lögð fyrir fjárfestingaryfirvöldin, þá samþykktu þau fjárfestingarleyfi fyrir byggingunni, að upphæð 1 millj. og 50 þús. kr., og það var byggingarnefndinni tilkynnt þegar í stað með fyrirmælum af hálfu rn. um að halda áfram byggingunni með þeim hraða, sem tiltækilegur þætti.

Þannig stendur því málið í dag, — ég vil segja sem betur fer, — að verið er að vinna að byggingu hins nýja kennaraskólahúss. Því mun verða haldið áfram í haust, svo lengi sem tíðarfar og aðstæður leyfa. Frá teikningunni er endanlega gengið, og á næsta ári mun verða hafður sá hraði á byggingunni, sem fjárveiting og fjárfestingarleyfi heimila. Menntmrn. mun leggja á það ríka áherzlu, að fjárfestingarleyfi fáist sem fyrst fyrir byggingunni, og gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að þessari byggingu geti orðið lokið sem fyrst.

Ég vænti þess, að þessar upplýsingar dugi hv. flm. þessarar till., til þess að þeir megi sannfærast um, að eftir þann mikla drátt, sem orðið hefur á undirbúningi og framkvæmdum í þessu máli undanfarin ár, frá því að það komst á dagskrá árið 1950, sé málið nú komið á þann rekspöl, að ástæðulaust sé að óttast, að ekki verði fram haldið af fullum krafti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Með till. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 47, frá hv. þm. N-Ísf. (SB) og fleirum, hefur verið stofnað til umræðna um byggingarmál kennaraskólans hér á Alþingi. Ég hef í því sambandi leyft mér að koma á framfæri á ný hugmynd, sem ég hef áður hreyft, þ. e. a. s., að breytt verði til um aðsetursstað skólans og hann byggður utan Reykjavíkur. Ég hef á þskj. 81 flutt brtt. um, að skólanum verði valinn staður á Norður-, Austur- eða Vesturlandi. Þótt bygging skólans í Reykjavík hafi verið undirbúin af núv. hæstv. menntmrh. og m. a. grafið fyrir grunni á lóð hér í bænum, geri ég ekki ráð fyrir, að það þurfi að koma verulega í bága við flutning skólans.

Sú vinna, sem lögð hefur verið fram við að gera sér grein fyrir þörfum skólans í sambandi við teikningu, ætti að koma að notum, hvar sem hann verður reistur, og það þarf að grafa fyrir grunni þess húss, sem reist verður á þeirri lóð, sem nú er rætt um, eins þó að það kynni að verða eitthvert annað hús en kennaraskólinn, sem þar verður reist.

Ég er ekki reiðubúinn til að gera till. um ákveðinn stað, enda eðlilegast, að kennslumálastjórnin fjalli um það mál, og þá m. a. í samráði við kennarasamtökin í landinu. Ég tel sjálfsagt, að sú þingnefnd, sem fær till. á þskj. 47 til meðferðar, ræði um hana við þá aðila, sem af mestri reynslu og þekkingu geta fjallað um þetta mál frá sjónarmiði skólans og þeirra, sem hans eiga að njóta.

Þegar ég hreyfði þessu máli hér á Alþ. fyrir mörgum árum, var mér það efst í huga, að skólinn yrði endurbyggður í sveit, helzt á einhverjum fögrum stað, þar sem hægt væri að hafa not af jarðhita. Sem dæmi um slíkan stað held ég að ég hafi þá nefnt Varmahlíð í Skagafirði. Ef hnigið væri að þessu ráði, þyrfti auðvitað að byggja heimavist í skólan-

um, en sú heimavist gæti verið til ýmissa hluta nytsamleg á sumrin. Sýnist þó einkum álitlegt að halda námskeið fyrir kennara og ef til vill fleiri að sumrinu. Þá gætu kennarar og aðrir, er slík námskeið sæktu, dvalið í heimavistinni og ef til vill stundum með fjölskyldum sínum. Ef til vill gæti það komið til mála, að kennarasamtök kæmu þar upp sumardvalarstöðum, ef skólinn ætti hentugt land til þess, og þar gætu kennarar ef til vill einnig átt þess kost að kynnast einhverjum stéttarfélögum sínum frá öðrum löndum, sem hingað kæmu. Ég veit, að til voru, a. m. k. um það leyti sem þessu máli var þá hreyft, kennarar, sem áttu sér framtíðarhugsjón eitthvað í þessa átt, um þennan stað, í sambandi við kennaraskóla. Mér er það þó hins vegar vel ljóst, að á þessu fyrirkomulagi, að láta skólann hafa aðsetur í sveit, eru nokkrir gallar, sem e. t. v. geta valdið því, að það reynist ekki tiltækilegt. Er þess þá fyrst að minnast, að í sambandi við æfingakennsluna þurfa nemendur í kennaraskólanum að hafa aðgang að nokkuð fjölmennum barnaskóla eða æfingadeild, eins og það er nefnt. En til þarfa skólans sjálfs verður auðvitað að taka fyllsta tillit, þegar honum er ætlaður staður.

Ég vil svo jafnframt láta það koma skýrt fram, enda bæði rétt og skylt að gera það, að ég hef hreyft þessari hugmynd bæði fyrr og nú öðrum þræði vegna þess, að það er skoðun mín, að æskilegt sé, að embætti og ríkisstofnanir, þ. á m. skólar, sem ekki er af einhverjum sérstökum ástæðum óhjákvæmilegt að hafi aðsetur í höfuðstaðnum, séu látnar starfa annars staðar í byggðum landsins. Ég tel, að hér geti verið um að ræða mikinn ávinning fyrir þær byggðir, sem fámennari eru en Reykjavík. Það skiptir hins vegar litlu máli fyrir höfuðborgina, sem ekki skortir fjölmenni og verður jafnan, þótt einhverjar breytingar af þessu tagi yrðu gerðar, miðstöð opinberrar starfrækslu í landinu. En þetta atriði mun ég ræða nánar í sambandi við annað mál, sem nú liggur fyrir þessu þingi.

Um kennaraskólann er annars það að segja, að hann er í sínu hlutverki og á að vera ein af þýðingarmestu menntastofnunum landsins, og það er mikils um vert, að vel sé að honum búið, eins og hefur komið fram í þessum umræðum. Á þetta hefur nokkuð skort og einkum að því er varðar húsnæði skólans, sem mátti víst heita allgott á sinni tíð, en er nú orðið á eftir tímanum. Við þennan skóla hafa starfað ýmsir ágætir menn bæði fyrr og síðar, og öll þjóðin á mikið undir því, að vandað sé til menntunar þeirra, sem eiga að vísa allri þjóðinni veginn til þekkingar og manndóms, að því leyti sem slík leiðsögn verður veitt á vegum þjóðfélagsins.

Ég er þess alveg fullviss, að starf og áhrif svo gagnmerkrar menntastofnunar og þeirra, sem við hana ynnu, mundi verða til ómetanlegs gagns fyrir þann landshluta, þar sem hún væri starfandi, og þessa mundi gæta miklu meira, þar sem fámenni er og minna um að vera en hér í höfuðstaðnum. Þetta mundi sá landshluti eða það byggðarlag, sem í hlut á, líka vel kunna að meta, og er þess t. d. skemmst að minnast, hvílíkar mætur fólk á Norðurlandi hefur á menntaskólanum á Akureyri, sem komið hefur fram í stuðningi við þann skóla á margan hátt.

Ég veit, að flutningur slíkrar stofnunar sem Kennaraskóla Íslands og raunar svo að segja hvaða stofnunar sem er hlýtur því miður að baka einhverjum óþægindi og fyrirhöfn, og ég þykist vita, að hér séu e. t. v. ekki allir á einu máli. Hér er sem víðar full þörf skilnings, víðsýni og rólegrar yfirvegunar. Mér þykir það líklegt, að skoðun starfandi kennara megi sín mikils í þessu máli, enda er það eðlilegt, kennaranna bæði í Reykjavík og um allt land. Ég mundi telja það mikils vert, ef kennarar landsins vildu leggja þessu máli lið, og *vænti þess, að þeim verði gefinn kostur á að* athuga það sem vandlegast. En ég veit ekki, hvort þeir hafa áður átt þess kost að athuga skólamálið til hlítar frá því sjónarmiði, sem ég nú hef leyft mér að gera grein fyrir í stuttu máli.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en þar sem till. liggur nú þegar fyrir, brtt., taldi ég sjálfsagt að gera grein fyrir henni nú þegar. En ég vil mælast til þess, að brtt. verði tekin til meðferðar í þeirri hv. n., sem væntanlega fær málið, þ. e. a. s. till. á þskj. 47, til meðferðar, áður en það kemur til afgreiðslu í þinginu.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það má vera okkur flm. þessarar till. mikið ánægjuefni, hversu einlægum áhuga sínum hæstv. menntmrh. lýsti á áframhaldi framkvæmda við byggingu kennaraskólans. Af þeim yfirlýsingum hans virðist mega draga þær ályktanir, að framkvæmdum við bygginguna verði nú haldið áfram linnulaust og eftir því, sem föng eru frekast á.

Yfir hinu verð ég að láta í ljós vonbrigði mín, að hæstv. ráðh. skyldi fara hér með gersamlega rangt mál um það, hvenær hafnar voru framkvæmdir að nýju á þessu ári við byggingu skólans. Hæstv. ráðh. hikaði ekki við að lýsa því yfir, að þegar þessi till. hefði verið flutt, hefðu framkvæmdir staðið yfir við kennaraskólabygginguna. Þetta upplýsir hæstv. ráðh. frammi fyrir öllum þingheimi, enda þótt honum hefði átt að vera kunnugast um það allra manna, að ráðherrabréf um það, að framkvæmdum skyldi haldið áfram við skólann á þessu ári, var gefið út 29. okt. s. l., eða fjórum dögum eftir að þessi till., sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 47, var lögð fram af hálfu okkar flm. Þrátt fyrir þetta, sem hæstv. ráðh. veit um, lýsir hann því yfir, að þegar till. var flutt, hafi framkvæmdir staðið yfir við bygginguna. Það má hver lá mér sem vill, þó að ég verði að átelja hæstv. menntmrh. fyrir slíkan málflutning.

Öllum hv. þm. má af þessu vera ljóst, hvað hefur gerzt í þessu máli. Hæstv. menntmrh. hefur séð þá till., sem hér liggur fyrir, þar sem ríkisstj. er falið að halda áfram bygg-

ingu kennaraskólans í samræmi við undirbúning þess máls undanfarin ár, og hrekkur þá við, og fjórum dögum síðar fyrirskipar hann, að hafizt skuli handa um byggingarframkvæmdir að nýju, eftir að komið er haust.

Mér er ekkert launungarmál, að af hálfu okkar flm. þessa máls er það tekið upp vegna þess, að ýmsir áhugamenn í kennarastétt um byggingu nýs kennaraskóla komu að máli við okkur og skýrðu okkur frá því, hvernig málin stæðu, og framkvæmdir hefðu legið gersamlega niðri á árinu og ekkert útlit væri fyrir, að nokkuð yrði gert á þessu ári. Það er vegna ábendinga og óska þessara manna, sem höfðu unnið að því margir hverjir undanfarin ár að þoka kennaraskólamálinu áleiðis, sem við flytjum þessa tillögu. Og ég get lýst yfir ánægju minni yfir því, að hún hefur þegar orðið til þess, að hæstv. menntmrh. hrekkur við og fyrirskipar áframhald framkvæmda við bygginguna.

Það má segja, að þetta sé kjarni málsins, að koma málinu á rekspöl að nýju. Og þess vegna mun ég ekki leggja neina áherzlu á það að skattyrðast við hæstv. ráðh. út af því, að hann gefur hv. Alþ. rangar upplýsingar um það, hvenær þessar framkvæmdir hafa verið hafnar, og reynir að láta líta út fyrir það, að við flm. þessarar till. höfum flutt hana gersamlega að ástæðulausu, flutt hana sem sagt þrátt fyrir það, þó að okkur hafi átt að vera kunnugt um, að framkvæmdir stóðu yfir við bygginguna.

Ég get svo látið útrætt um þetta, á þessu stigi málsins a. m. k., en endurtek það, að ég er ánægður yfir því og við flm. allir, að hæstv. ráðh. hefur, þegar hann sá till. okkar, en ekki fyrr, fyrirskipað, að framkvæmdum við bygginguna skyldi haldið áfram.

En það er annað atriði í þessu máli, sem hæstv. ráðh. kom hér inn á. Hann upplýsti, að hann hefði lagt til, að Húsmæðrakennaraskóla Íslands yrði fengið húsnæði á efstu hæð hinnar nýju kennaraskólabyggingar.

Ég vildi nú mega spyrja hæstv. ráðherra: Í samráði við hvern hefur þessi ákvörðun verið tekin? Ég býst við, að alla hv. alþm. reki minni til þess, að á undanförnum þingum hafi einmitt staðið yfir stórátök um það í báðum deildum þingsins, hvar þessi skóli ætti að vera staðsettur. Það hafa verið flutt frv. um það, að honum skyldi fengin bólfesta í nýju eða nýlegu og ágætu skólahúsi norður á Akureyri. Þegar það mál var flutt fyrst hér á hv. Alþ. af þáverandi þm. Ak., Jónasi Rafnar, hér í Nd., þá samþykkti Nd. frv., og það komst til Ed. Ég man nú ekki, hvort það dagaði uppi þar eða hvort það var fellt þar, en víst er það, að það náði ekki afgreiðslu. Mig minnir, að hv. Nd. hafi tvívegis samþykkt þetta frv., en málið engu að síður ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi flutti hv. núverandi þm. Ak. þetta mál í Ed., og urðu um það meiri átök þar en flest önnur mál þingsins, og hefur þetta mál jafnan verið mjög mikið álitamál og deilumál meðal þingmanna, menn greint mjög á um það, hvort skólann ætti að flytja til Akureyrar, þar sem ágætt húsnæði er til fyrir hann, eða hvort ætti að ráðast í nýjar milljónaframkvæmdir hér í Reykjavík til þess að hýsa þessa ungu menntastofnun.

Ég verð að segja það, að með tilliti til þessarar vitneskju, sem hæstv. menntmrh. hlýtur að hafa, er það í mesta máta einkennilegt, svo að ekki sé dýpra í tekið árinni, ef hann ákveður annaðhvort gersamlega upp á eigin spýtur, að þessi skóli skuli verða til húsa í framtíðinni í nýrri kennaraskólabyggingu, eða þá í samráði við skólastjóra húsmæðrakennaraskólans eða skólanefnd.

Á það má enn benda í þessu sambandi, sem gerir atferli hæstv. ráðh. enn þá vafasamara, að á fjárlögum hefur verið ætluð nokkur fjárupphæð, að mig minnir tvö ár í röð, til byggingar húsmæðrakennaraskóla, en ekkert mun vera tekið fram um það í fjárlögum, hvar skólann eigi að reisa.

Þegar á allt þetta er litið, býst ég við, að það hljóti að koma hv. þingmönnum nokkuð á óvart að heyra hæstv. menntmrh. lýsa því yfir, að hann hafi tekið ákvörðun um það, að þessi skóli, sem svo mjög hefur verið deilt um hvar skuli staðsettur, skuli endanlega og um alla framtíð vera á ákveðnum stað, í efstu hæð hinnar væntanlegu nýju kennaraskólabyggingar. En vera má, að hæstv. ráðh. hafi nokkra afsökun í þessu máli, og vil ég ekki fyrir fram gera honum verri getsakir en ástæða kann að vera til. Vera má, að hann hafi haft samráð við einhverja fleiri aðila um staðsetningu húsmæðrakennaraskólans, áður en hann tók þá ákvörðun, sem hann gat um hér í ræðu sinni áðan. En ég vildi þá leyfa mér að vænta þess, að hæstv. ráðh. gæfi fyllstu upplýsingar um það, í samráði við hverja og á hvaða grundvelli hann tók þá ákvörðun, sem hann lýsti hér áðan um staðsetningu Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég verð að leiðrétta atriði í ræðu hv. þm. N-Ísf. varðandi byggingarmál kennaraskólans. Hann taldi mig hafa farið með rangt mál varðandi framkvæmdir við kennaraskólabygginguna nú í haust og staðhæfði, að menntmrh. hefði ekki lagt fyrir byggingarnefndina að hefja framkvæmdir fyrr en fjórum dögum eftir að þessi till. kom fram á hinu háa Alþingi. Um þetta hafði þingmaðurinn allstór orð. Ég ætla, að hann hafi viðhaft sín stóru orð af því, að honum hafi ekki verið allir málavextir kunnir, og vil trúa því, þangað til ég reyni annað. En málavextir eru þeir, að byggingarnefnd kennaraskólans hafði ráðuneytisheimild til að halda áfram byggingarframkvæmdum við kennaraskólann frá því í fyrrahaust, hún hafði heimild til þess frá því á sumrinu 1956 og þurfti því enga nýja heimild, hvorki munnlega né skriflega, frá menntmrh. á þessu ári. Það, sem byggingarnefndina skorti, var fjárfestingarleyfi. Og menntmrh. hafði á miðju þessu ári leitað mjög eindregið eftir því við fjárfestingaryfirvöldin, að slíkt leyfi yrði veitt. Samdægurs og slíkt leyfi kom

í hendur byggingarnefndarinnar, hafði hún ekki aðeins rétt, heldur og skyldu til þess að hefjast handa þegar í stað.

Ég fylgdist nákvæmlega með afgreiðslu málsins hjá fjárfestingaryfirvöldunum og átti tal við formann byggingarnefndar kennaraskólans, Freystein Gunnarsson skólastjóra, að því er ég held samdægurs eða daginn eftir að fjárfestingarleyfið var veitt, og lét þá í ljós þá munnlegu ósk, sem raunar var alveg óþarfi, — það kom fram með eðlilegum hætti í tali okkar, — að nú yrði byggingarframkvæmdum að sjálfsögðu haldið áfram. En síðan óskaði ég eftir því í rn., að þetta samtal yrði staðfest með bréfi. Og það var það, sem var gert 29. okt. þessa árs.

Því miður hef ég ekki afrit af bréfinu sjálfu hér, en efnisútdrátt úr því hef ég, gerðan af rn., og þar segir:

„29. okt. 1957.

Ráðuneytið staðfestir bréflega það, sem áður hafði verið tilkynnt formanni byggingarnefndar munnlega, að ráðuneytið hafi heimilað að halda áfram byggingu kennaraskólahússins, eftir því sem fjárfestingarleyfið segir til um, sbr. bréf innflutningsskrifstofunnar, dags. 2. sept. s. l.“

Af þessu vænti ég, að hv. þm. sjái, að ákvörðun rn. í þessu máli var algerlega óháð flutningi þessarar till., að það hafði þegar tekið sínar sjálfsögðu ákvarðanir, sem því ber auðvitað engar sérstakar þakkir fyrir, að ræða um það við byggingarnefnd skólans, að nú haldi framkvæmdunum að sjálfsögðu áfram. Þetta mál vona ég því að megi teljast alveg upplýst að fullu, þannig að það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni um þetta mál, var í samræmi við skjöl málsins og staðreyndir.

Þá kemur hitt atriðið, sem hv. þm. vék að, og það er húsnæðismál húsmæðrakennaraskólans. Hv. þm. spurði, hvaðan mér hafi komið heimild til þess að ákveða húsmæðrakennaraskólanum stað í kennaraskólabyggingunni um aldur og ævi, eins og hv. þm. mun hafa tekið til orða. Hv. þm. mun flestum kunnugt um þær miklu deilur, sem urðu um húsnæðismál húsmæðrakennaraskólans á síðasta þingi, og mörgum einnig kunnugt um deilur, sem áður hafa orðið hér á hinu háa Alþingi um þetta mál. En ákvæði laga um húsmæðrakennaraskóla eru þannig, að starfrækja skuli húsmæðrakennaraskóla í Reykjavík. Till., sem uppi hafa verið og ég m. a. hef verið meðflm. að áður, hafa verið þess efnis, að menntmrh. eða fræðslumálastjórnin skuli ákveða staðsetningu húsmæðrakennaraskólans. Sú skýring hefur þá fylgt af hálfu hlutaðeigandi ríkisstj. eða yfirvalda, að ef sú skylda yrði numin úr l. að hafa húsmæðrakennaraskólann í Reykjavík, yrði hann fluttur í lítið notað, ef ekki ónotað húsnæði á Akureyri.

Alþingi hefur tvívegis lýst yfir eindreginni skoðun sinni í þessu máli, þ. e. a. s. ítrekað, að húsmæðrakennaraskólinn skuli vera í Reykjavík. Það er það, sem ríkisstj. eða menntmrn. hefur að fara eftir í þessum efnum, ekki aðeins gamalt lagafyrirmæli, heldur tvíyfirlýstur vilji Alþingis um það, að húsmæðrakennaraskóli skuli vera í Reykjavík.

Húsmæðrakennaraskólinn missti fyrir um það bil tveimur árum það húsnæði, sem hann hafði haft frá stofnun sinni, á neðstu hæð háskólabyggingarinnar, og var húsnæðislaus síðasta ár. Bygging nýs húss, sem svolítið fé hefur verið veitt til, hlyti að taka mörg ár, auk þess sem sú fjárveiting, sem fyrir hendi er í þessum efnum, er allt of lítil til þess, að hægt sé að byggja nægilegt húsrými fyrir húsmæðrakennaraskólann eða skynsamlegt sé að hefja byggingu með jafnlitla fjármuni og yfir er að ráða í þessu sambandi. Þess vegna datt mér í hug á síðastliðnu vori, skömmu eftir að Alþ. hafði tekið síðustu ákvörðun sína í málinu, að varpa fram þeirri hugmynd, fyrst við skólastjóra og byggingarnefnd húsmæðrakennaraskólans, hvort þessir aðilar, sem auðvitað fyrst og fremst hafa forgöngu um að benda á húsnæði fyrir skólann, mundu telja það heppilega lausn, að skólinn fengi frambúðarhúsnæði í kennaraskólabyggingunni. Og þessir aðilar báðir voru á einu máli um það, að þetta væri mjög æskileg lausn og æskilegasta lausnin á húsnæðismálum húsmæðrakennaraskólans. Að fengnu þessu áliti ritaði rn. byggingarnefnd kennaraskólans og spurðist fyrir um það, hvort hún vildi fyrir sitt leyti samþykkja það, að teikningum kennaraskólahússins yrði breytt þannig, að skólanum yrði ætlað þar húsnæði. Byggingarnefndin samþykkti það fyrir sitt leyti, og teikningar hafa verið endurskoðaðar með tilliti til þess, þannig að þeir aðilar, sem um þetta eiga að fjalla lögum samkvæmt, hafa fjallað um það. Annar aðilinn, sá sem fyrst og fremst ber ábyrgð á skólanum, þ. e. skólanefndin og skólastjórinn, taldi lausnina ekki aðeins æskilega, heldur og æskilegustu frambúðarlausnina á málinu, og hinn aðilinn, sem hefur yfir húsnæðinu að segja, hefur á það fallizt fyrir sitt leyti.

Um það má auðvitað deila endalaust, hvort skynsamlegt væri að byggja sérstakt hús yfir húsmæðrakennaraskólann eða gera þetta, sem nú hefur verið ákveðið að gera með samþykki allra hlutaðeigandi aðila. Mín skoðun á málinu er alveg bjargföst. Hún er sú, að heppilegast sé, að húsmæðrakennaraskólinn starfi í sem allra nánustum tengslum við þá stofnun, sem annast hina almennu kennaramenntun í landinu. Húsmæðrakennaraskólinn á að mennta kennara, sérkennara á ákveðnu sviði, og það er heppilegast fyrir nemendur húsmæðrakennaraskólans, það er ódýrast fyrir ríkið, og það er þægilegast fyrir kennarana, að þessar tvær stofnanir séu til húsa í einni og sömu byggingunni. Jafnvel fyndist mér koma til greina að athuga að gera stofnanirnar að einni stofnun, að sameina þær, þó að það sé að sjálfsögðu ekki til umræðu nú, eins og lögum um þetta efni er háttað.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. vitnaði hér til ýmissa heimilda eða gagna, sem að hans áliti áttu að sýna, að verulegur dráttur hefði orðið á þessu máli allt

þangað til hann sjálfur tók við meðferð þess. Nú hef ég ekki færi á því að sannreyna þær dagsetningar, sem hæstv. menntmrh. vitnar til, ég hef ekki færi á því að gera það undirbúningslaust og skal út af fyrir sig ekki vefengja þær, þó að ég verði að segja, að samkvæmt því, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) nú hefur upplýst, verður að taka með allri varúð umsögn þessa hæstv. ráðherra um málið, því að það er óyggjandi, að hann er staðinn að því að hafa sagt mjög villandi frá gangi málsins í fyrri ræðu sinni og orðið efnislega að gefa allt aðra mynd af málinu nú í seinni ræðunni, eftir það að hv. þm. N-Ísf. upplýsti um það bréf, er ritað hafði verið fjórum dögum eftir flutning þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir. En hæstv. ráðh. vildi túlka plöggin á þann veg, að málið hefði verið dregið óhæfilega á langinn og ekkert hefði verið aðhafzt fyrr en, eins og hann lagði mikla áherzlu á í sinni ræðu, um það bil að kosningar áttu að fara fram. Og þó að hann segði það ekki, gat sú staðhæfing hans ekki átt annað inni að fela en að það hefði verið eins konar kosningabragð, að málið var þá tekið upp. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir eftir þeim gögnum, sem hæstv. ráðh. hafði, að í menntmrn. var aldrei neinn óhæfilegur dráttur á meðferð málsins. Málið hafði þar eðlilega meðferð, og því var hraðað, eftir því sem föng voru til, og það var einmitt fyrir sérstakan atbeina menntmrn., menntmrh. sjálfs á sínum tíma, að fjárfestingarleyfi fékkst, og það hefði ekki fengizt, ef hann hefði ekki skorizt í málið, þannig að það að vera með ásakanir, þótt dulbúnar væru, á þann veg, sem hæstv. menntmrh. var með, er vægast sagt gersamlega ástæðulaust.

Um meðferð slíks máls sem þessa verður auðvitað að hafa í huga, að undirbúningur allur hlýtur að taka mjög langan tíma. Í fyrsta lagi verður að taka ákvörðun af réttum aðilum, í þessu tilfelli Alþingi, um byggingu hússins, og sú ákvörðun verður fyrst og fremst að koma fram í fjárveitingunum, sem ætlaðar eru til framkvæmdanna. Og það er tómt mál að tala um upphaf byggingar, sem kostar margar milljónir, ef ekki milljónatugi áður en yfir lýkur, meðan aðeins fá hundruð þúsunda eru fyrir hendi. Það er ekkert vit í að ráðast í slíkar stórframkvæmdir fyrr en nokkuð stórt átak verður gert í einu. Og það vakti fyrir mér, þegar ég lét doka við og undi því um skeið, að fjárfestingarleyfi væri ekki veitt, að það var verið að draga saman fé, til þess að hægt væri að byrja af nokkrum myndarskap, þegar tímabært þætti. Hæstv. fjmrh. hefur í öðru sambandi lýst því nokkuð, hvernig gekk að útvega fé, bæði til þessara og annarra nytjaframkvæmda, sem þurfti að fá hans samþykki til. Hann segist aldrei hafa lent í harðari baráttu á sinni ævi en að standa á móti ásókn frá sjálfstæðisráðherrunum, þ. á m. mér, til ýmissa framkvæmda, sem undir þeirra ráðuneyti heyrðu. Ein af þeim framkvæmdum, sem ég harðast gekk eftir og átti í mestri baráttu við fjmrh. um, var einmitt fjárveitingin til kennaraskólans. Hún er eitt dæmi þess, sem baráttan stóð um í ríkisstj. á sínum tíma. Jafnskjótt og búið var að safna nokkru fé til þess að hægt væri að ráðast í framkvæmdina, var orðið tímabært að taka ákvörðun um, að hefjast skyldi handa. Hitt hefði verið hreinn leikaraskapur, að vera að sýnast hafa áhuga fyrir framkvæmd, sem ekki var með þáverandi fjárveitingum hægt að eiga þátt í, að hrundið væri af stað.

Næst því að afla fjárveitinganna var að fá fjárfestingarleyfið, og það var heldur engan veginn erfiðleikalaust. Ég segi ekki, að þeir menn, sem stóðu á móti bæði fjárveitingum og fjárfestingarleyfi, hafi gert það af illum hug. Við verðum að hafa hér í huga, að það var sótt eftir mörgu, og þeir, sem þarna veittu andstöðu, töldu, að aðrar þarfir yrðu að vera í fyrirrúmi. Og það var ekki fyrr en mjög var fast eftir gengið og með sérstakri íhlutun þáverandi ráðherra, sem þetta leyfi fékkst. Jafnvel þær a. m. k. mjög einkennilega fram settu upplýsingar, sem hæstv. menntmrh. hér gaf, sýna alveg eindregið, þegar þær eru skoðaðar, að svona liggur í málinu.

Samtímis þessu var svo verið að vinna að teikningu hússins, og hæstv. menntmrh. var að leggja áherzlu á það, að ég hefði á sínum tíma viljað láta minnka bygginguna frá því, sem byggingarnefnd lagði til. Ja, ég vildi láta skoða það ofan í kjölinn. Án þess að ég muni eftir því í einstökum atriðum, um hvað þarna var að ræða, vildi ég láta skoða það ofan í kjölinn um þessa byggingu sem aðrar, að það væri þörf á því, sem í væri ráðizt, og fá fullnægjandi upplýsingar um nauðsynina, áður en rn. tæki sína ákvörðun. Þegar þær upplýsingar fengust og eftir skoðun málsins samþykkti ég teikninguna, og sú töf, sem af þessu varð, varð alls ekki til þess að tefja framgang málsins í heild. En það, að teikningar séu aldrei of vel skoðaðar, sannaði svo einmitt ræða hæstv. menntmrh. að öðru leyti, þegar það kemur í ljós, að eftir að byggingin er hafin, verður það einmitt til þess, að ársdráttur verður á framkvæmdum, að það þarf að gerbreyta teikningunni frá því, sem áður hafði verið ákveðið.

Það er sem sagt algerlega villandi, þegar hæstv. menntmrh. er nú að láta svo, að þessi dráttur, sem orðið hafi, sé vegna þess, að staðið hafi á fjárfestingarleyfum. Eftir hans eigin upplýsingum er ástæðan einfaldlega sú, að hann ætlar að breyta og breytir byggingunni, sem ákveðið er að hefjast handa um. Ég tek það alveg skýrt fram, að það má vel vera, að sú ráðstöfun hæstv. ráðh. sé rétt og það eina skynsamlega. Mig skortir öll gögn til þess að dæma um það. En það gefur auga leið, að þegar ákvörðun er tekin um það að setja alveg nýja stofnun í bygginguna, jafnvel þó að hún eigi að vera uppi á efsta lofti, verður að endurskoða alla bygginguna, alla teikninguna, og það er vitanlega ekkert vit í því að halda áfram með bygginguna, meðan á þessu stendur. En þetta átti hæstv. menntmrh. að segja okkur hreinlega og undanbragðalaust, að mál-

ið hefði tafizt um nokkra mánuði, af því að hann taldi ástæðu til að gera þessa gerbreytingu á meðferð málsins. Eins og ég segi, það getur vel verið, að það sé það eina skynsamlega, en þá á hann ekki að vera að reyna að velta ábyrgðinni yfir á aðra og segja: Það stóð á fjárfestingarleyfi, og fjárfestingaryfirvöldin þurftu að fá hina nýju teikningu. — Ja, urðu ekki mennirnir, sem áttu að byggja eftir teikningunni, að hafa þá nýju teikningu? Eða var bara um hreina loftkastala að ræða, sem hægt var að byggja eftir sjónhendingu, jafnvel eftir viðtali hæstv. ráðh. við formann byggingarnefndar kennaraskólans, — viðtali, sem var þó ekki ákveðnara en svo, að 1½ mánuði eftir að það á að hafa farið fram, vaknar ráðherrann við illan draum um það, að hann þurfi að staðfesta viðtalið skriflega?

Þegar gripið er til slíkra undanbragða og jafnframt er verið að reyna að koma sökum á þá, sem engar sakir eiga skilið fyrir afskipti sín í málinu, er það bezta sönnunin fyrir því, að um er að ræða óhreint mél í pokanum og ekki hefur verið eins eindregið unnið að málinu og skyldi, enda sést það nokkuð berlega af því, að þegar hæstv. ráðh. byrjar hér sína varnarræðu og heldur því fram, að flytjendur *málsins hafi alltaf átt að vita, að þessi bygging* væri hafin og hefði alltaf staðið yfir, ja, hvað segir jafnglöggur, jafnvelviljaður og gerhugull maður og hv. þm. N-Þ. (GíslG) í sinni brtt. á þskj. 81? Í staðinn fyrir að eigi að halda áfram byggingu, þá leggur hann til í till. sinni, að eigi að hefja byggingu. Það á að hefja byggingu. Svo bætir hann að vísu við, að það eigi að flytja bygginguna til. Þessi maður telur þá, eftir að till. er búin að koma fram og hann hefur haft færi á því að kynna sér öll viðhorf málsins, að það sé enn tímabært að gera á Alþingi till. um að hefja byggingu á kennaraskóla, og jafnvel þessi litli undirbúningur, sem fram hafi farið, sé ekki meira virði en svo, að það sé hægt að flytja húsið til, ja, eitthvað út á land, það má bara ekki vera í Reykjavík. Það á þá sem sagt eftir hans till. að vera á Norður-, Austur- eða Vesturlandi, það má bara ekki vera á Suðurlandi og allra sízt í Reykjavík. Það sýnir nokkuð hans hug til höfuðstaðarins. Látum það eiga sig, það er mál út af fyrir sig. Hér er óumdeilanlega um það að ræða, að það var búið að afla nokkurs fjár til þessarar byggingar, ekki nógu mikils, en nokkurs fjár. Það var búið að fá lóð, það var búið að fá teikningar, sem menn á því stigi töldu vel við unandi, það var búið að fá fjárfestingarleyfi, og það var búið af þáverandi ríkisstjórnar hálfu að mæla fyrir um, að byggingin skyldi hafin. Eftir 16 mánuði, eða hvað þeir eru nú orðnir margir, er svo ekki komið lengra en að hæstv. ráðherra þarf að staðfesta í bréfi, að það eigi að halda áfram byggingunni, eftir því sem hann segir sjálfur, og jafneindreginn stuðningsmaður hans og hv. þm. N-Þ. flytur till. um, að það eigi að fara að hefja framkvæmdirnar.

Það kann vel að vera, að þetta sé allt skýranlegt og það sé málinu til góðs, að það hafi verið dregið með því að taka ákvörðun um að sameina byggingu húsmæðraskólans kennaraskólanum. Það er alveg mál fyrir sig, sem er sjálfsagt að athuga af fullri sanngirni og velta fyrir sér, hvort það verði til góðs eða ills. En þegar málið liggur þannig fyrir, hefði hæstv. menntmrh. átt að hafa í sér hreinskilni til að segja frá því, eins og málið liggur fyrir, og ekki a. m. k. að vera að reyna að sletta aur í aðra í leiðinni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. hefði alveg getað sparað sér þessa ræðu eða aðalefni hennar, ef hann hefði látið þar við sitja að gera um það fsp., sem ég hefði að sjálfsögðu þegar í stað svarað, með hverjum hætti sú endurskoðun á teikningu kennaraskólans, sem gerð hefur verið, hafi farið fram. Um það var samkomulag á milli skrifstofu húsameistara og innflutningsskrifstofu að láta endurskoðun teikningarinnar ekki tefja fyrir framkvæmdum, vegna þess að vitað var, að þær framkvæmdir, sem þurfti að vinna að í haust og mundi verða unnið að í haust, yrðu eingöngu kjallaragröftur. Það er mikið verk að grafa fyrir kjallara hússins á *þeim stað, þar sem húsið á að reisa, og lá ljóst* fyrir, að á þessu ári mundi í hæsta lagi hægt að koma byggingunni það langt áleiðis, að lokið yrði grefti kjallarans, og þá voru auðvitað allir aðilar um það algerlega sammála, að ástæðulaust væri að bíða eftir hinni endurskoðuðu teikningu.

Það, sem gerðist, var síðan það, að fjárfestingaryfirvöldin samþykktu að leyfa bygginguna 2. sept. 1957, eins og ég hef getið um áður, og sögðust mundu gefa út formlegt fjárfestingarleyfi, þegar hin endurskoðaða teikning hefði verið staðfest hjá byggingaryfirvöldunum. Endurskoðun teikningarinnar hefur ekki tafið framkvæmdirnar um einn dag, ekki um klukkustund. Öll þau stóru orð, sem hv. þm. sagði í framhaldi af þessari skoðun sinni, hefði hann því betur látið ósögð.

Hinar einföldu staðreyndir í málinu eru þessar, og þær skal ég rifja upp að síðustu: Byggingarmál kennaraskólans hefur verið á döfinni frá því sumarið 1950. Í þau sex eða sjö ár, sem liðin eru frá þeim tíma, hafa tveir af framámönnum Sjálfstfl. farið með yfirstjórn menntamálanna í sex ár, en ég aðeins í rúmt ár. Þegar valdatími hinna tveggja sjálfstæðismenntmrh. var að renna út, þá fyrst er hafizt handa um það, sem hefur úrslitaáhrif í málinu, eins og hv. ræðumaður lýsti, þ. e. að tryggja byggingunni fjárfestingarleyfi. Þá fyrst á þeim sex árum, sem málið hefur verið á döfinni, eða 4/6 1956, ritar menntmrn. innflutningsskrifstofunni og óskar eftir nauðsynlegum leyfum til, að unnt sé að hefja þegar byggingu kennaraskólahúss í Reykjavík, m. ö. o., eins og ég sagði áðan, í sama mánuði og kosningar skyldu fara fram til Alþingis. Og eftir að kosningarnar fóru fram, eða 17. júní 1956, nokkrum dögum áður en hv. 1. þm. Reykv. vék úr sæti menntmrh., skrifar hann

byggingarnefndinni og felur henni að hefja bygginguna.

Það, sem gerzt hefur á þeim tíma, sem núv. ríkisstj. hefur haft með þetta mál að gera, er það, að byggingin sjálf var hafin af byggingarnefndinni, eins og hún hafði rétt og skyldu til, á s. l. ári, með grefti fyrir byggingunni. Menntmrn. óskaði mjög eindregið eftir endurnýjun á fjárfestingarleyfinu skriflega 6. júní 1957, en munnlega hafði það verið gert margoft áður. Leyfið fékkst 2. sept. 1957, og síðan hefur byggingarnefndin haft öll formleg leyfi til að hafast það að, sem hún taldi rétt og skynsamlegast, og ég veit ekki annað en hún hafi hafzt þannig að, að hana sé ekki unnt að saka um nokkurn drátt í málinu. Og það er einmitt algerlega að mínum vilja, að byggingunni verði hraðað eins og leyfi og fé gera kleift.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. er auðsjáanlega mjög annt um að gera sinn hlut sem allra verstan í þessu máli. Ég vildi finna það honum til afsökunar, að málið hefði dregizt í hans höndum vegna þess, að hann ætlaði að taka upp annan hátt um bygginguna en áður hafði verið ráðgerður. Nú segir hann, að það hafi aldrei staðið til, að slíkt kæmi til greina. Ég verð þó mjög að efa, að það sé hægt eða það hefði verið mikið ráðslag í því að leggja stórfé í byggingu húss, sem enn var verið að teikna. Það kann að vera, að hæstv. menntmrh. telji það hyggileg vinnubrögð, en ég tel, að það hefði verið mjög óráðlegt að halda áfram, meðan svo stóð. En hæstv. ráðh. segir, að hann hafi ekki viljað láta bygginguna dragast af þessum sökum. Ja, *þá verður enn að spyrja: Af hverju* hefur hún dregizt allan þennan tíma? Af hverju er ekki lengra komið eftir 16 mánaða valdatíma svo athafnasams afburðamanns sem hæstv. ráðh. er en að einn hans helzti stuðningsmaður leggur til, að það verði farið að byrja á byggingunni, að vísu fyrir austan, norðan eða vestan, en alls ekki í Reykjavík? Hvað kemur til, hver er skýringin? Hæstv. menntmrh. á alveg þessari meginspurningu ósvarað. Hann er að reyna að færa að okkur um, að við höfum dregið málið, við, sem höfum gert allt í málinu, sem enn þá hefur verið gert, en hann sjálfur hefur látið það líðast, að eftir að við höfðum mælt fyrir um, að byggingin skyldi hafin, skuli ekki meira í því hafa verið gert en hann nú neyðist smám saman til að upplýsa. Það skaut því að mér einn þm. áðan, að eftir lýsingum hæstv. menntmrh. væri svo að skilja sem á síðasta ári mundi sennilega ekki hafa verið grafið fyrir öðru en grunni undir efstu hæðina. Þannig virðist þessu byggingarmáli hafa verið hagað hjá hæstv. ráðh., það hefur allt staðið á öfugum enda. Hann hefur sannarlega ekki ástæðu til þess að láta mikið yfir sinni frammistöðu í málinu og enn þá minni ástæðu til þess að ávíta þá fyrir framgöngu í málinu, sem þó hafa gert það, sem gert hefur verið í því hingað til, eða stuðlað að því. Og eftirtektarvert er það, að hæstv. menntmrh. gaf ekkert yfirlit um það í sinni grg. áðan, hvernig gengið hefði um öflun fjárveitinga til þessarar byggingar, og er það þó ekki óverulegt atriði varðandi það, á hvaða tíma skynsamlegt og hæfilegt hefði verið að byrja bygginguna.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég veit að vísu, að hv. 1. þm. Reykv. (BBen) er bæði skýr maður og ráðagóður, en ég fæ samt ekki skilið það, hvernig hann ætlar að fara að því að halda áfram, t. d. norður á Akureyri, húsbyggingu, sem hafin er í Reykjavík. Ég held, að ef á að byggja hús norður á Akureyri, verði að hefja bygginguna þar, og þess vegna held ég, að hann hafi lesið eitthvað ónákvæmlega orðalagið á minni tillögu. Hitt virðist ekki vera neitt ágreiningsmál milli manna hér, hvað langt sé komið þeim framkvæmdum, sem átt hafa sér stað í sambandi við byggingu kennaraskólans hér. Mér sýnist það liggja alveg ljóst fyrir. Þeim er komið nokkuð áleiðis, en ekki langt og ekki lengra en svo, að mér virtist, eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni, að það gæti vel komið til mála að hefja byggingu annars staðar. En ég get ekki orðað það þannig, að það eigi að halda henni áfram annars staðar. Vona ég, að hv. þm. átti sig á því.

Meginmál minnar brtt. er auðvitað um það að ákveða byggingunni stað annars staðar, þ. e. a. s. ekki í Reykjavík, heldur einhvers staðar á Norður-, Austur- eða Vesturlandi, en ég hef af ástæðum, sem ég tilgreindi í ræðu minni áðan, ekki séð ástæðu til þess að gera ákveðnari till. um staðinn að svo stöddu og vil gjarnan, að um það sé fjallað í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar.

Um minn hug til Reykjavíkur eða annarra ætla ég að ég viti bezt sjálfur. Till. er flutt af góðum hug til þess að leggja það til, sem ég tel réttast í þessu máli. Ég vona, að aths. hv. þm. hafi líka verið gerð af góðum hug.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í fyrstu ræðu hæstv. menntmrh. minntist hann lítillega á lóðamál kennaraskólans, sagði, að sótt hefði verið um lóð á árinu 1951. Það hefði verið gefið fyrirheit, eins og hann orðaði það, á árinu 1952, en bæjarstjórn Reykjavíkur ekki úthlutað lóð undir kennaraskóla fyrr en árið 1956, eða fimm árum eftir að sótt var um hana.

Þessar upplýsingar eru rangar, og vildi ég skýra hv. alþm., hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig. Ég skal ekki rekja eldri sögu þessa máls, en það var strax á árunum 1944 og 1945 rætt um byggingu nýs kennaraskóla, og skólastjóri kennaraskólans fór þá fram á við bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún léti lóð undir kennaraskólann. Þá var strax á árinu 1945 ákveðið, að nýr kennaraskóli skyldi byggður í Skólavörðuholti. Úr þeim framkvæmdum varð ekkert. Síðan er málið tekið upp að nýju árið 1951, og þá ákveður bæjarráð að óska tillagna skipulagsnefndar um nýja staðsetningu á kennaraskóla. Það er svo rætt um tvo staði,

annar er við Stakkahlíð, þar sem endanlega hefur nú verið ákveðin staðsetning kennaraskólans, en hin nokkuð sunnan Miklubrautar, eða á þeim stað, þar sem menntaskólinn verður reistur og hafin er bygging hans.

Í marzmánuði 1952 eftir umr. við byggingarnefnd skólans og skólastjóra um það, hvor staðurinn þætti betur henta, og umræður um mörg önnur atriði í sambandi við þetta, m. a. tengingu æfinga- eða barnaskóla við kennaraskólann, er ákveðið í bæjarstjórn að gefa kost á annarri hvorri þessara lóða, annaðhvort norðan Miklubrautar við Stakkahlíð, nálægt Vatnsgeymi, eða sunnan Miklubrautar, og rétt eftir mánaðamót, eða 3. apríl 1952, ákveður þáver. menntmrh. að velja fyrir kennaraskóla nyrðri lóðina. Þetta er sem sagt endanlega ákveðið, að kennaraskólinn verði byggður á þeirri lóð og þeirri lóð úthlutað af bæjarstjórninni strax í marz—apríl 1952. Það, sem gerðist svo 1956 og hæstv. ráðh. hefur misskilið, er það, að þá er ákveðin eftir ósk húsameistara ríkisins nánari niðurröðun húsa á þessari lóð, sem fjórum árum áður hafði verið úthlutað. En eins og kunnugt er, á að vera á þessu svæði bygging fyrir kennaraskóla, enn fremur fyrir barnaskóla, sem jafnframt er æfingaskóli kennaraskólans, og jafnframt eiga fleiri byggingar að vera á þessu svæði. Og það, sem þá gerist, er sem sagt þetta, að nánari niðurröðun og staðsetning húsanna á þessu svæði er ákveðin.

Ég tel rétt, að þessar upplýsingar komi fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að það er strax fyrri hluta ársins 1952, sem bæjarstjórnin úthlutar lóð undir kennaraskólann, þeirri sem bygging er hafin á.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég veit ekki nema ég kynni að geta gefið einhverjar upplýsingar í þessu máli, sem hér er til umræðu, varðandi það, hvernig það hefur gengið fyrir sig með fjárfestingarleyfin fyrir kennaraskólabyggingunni.

Árið 1956 um sumarið var veitt fjárfestingarleyfi fyrir 1200 þús. kr. til byrjunarframkvæmda, sem áttu að fela í sér gröft og byggingu kjallarans, að svo miklu leyti sem sú fjárfesting mundi duga, og þá, þegar það leyfi var veitt, var gert ráð fyrir — eða mér er sagt, að innflutningsskrifstofunni hafi þá verið tjáð, að gert væri ráð fyrir að vinna fyrir þá upphæð árið 1956. Af einhverjum ástæðum var svo aðeins unnið fyrir 150 þús. kr. það ár.

Snemma á árinu 1957 kom svo að nýju umsókn um framlengingu á þessu leyfi. Innflutningsskrifstofan hefur haft mjög mikið af ýmiss konar beiðnum um fjárfestingarleyfi fyrir opinberum byggingum, eins og mörgum hv. þm. er kunnugt, og það hefur þess vegna verið býsna erfitt verk fyrir okkur, sem þarna störfum, að velja á milli um það, hvaða fjárfestingarleyfi skyldi taka og hver skyldi ekki taka í ár. Þetta var framan af árinu mikið athugunarmál fyrir okkur og hæstv. ríkisstj., hvernig þessum málum skyldi hagað. Með vorinu fórum við svo að veita nokkuð af þessum leyfum og vorum að veita tilteknar framkvæmdir fram eftir sumri og fram á haust jafnvel.

Þegar þetta mál kennaraskólans var til umræðu, voru einnig til umræðu ýmsar aðrar opinberar byggingar, m. a. fjárfesting fyrir verzlunarskólann, ríkisútvarpið og fjöldamargt fleira. Sumt af þessu var látið bíða, en fjárfestingarleyfi til kennaraskólans var veitt í ágúst og gefið út 2. sept., eins og komið hefur fram hér í umræðunum, og ég vil segja fyrir mjög ötula framgöngu hæstv. menntmrh. Hann hafði oft talað við ýmsa af okkur, sem í innflutningsskrifstofunni vinnum, og hafði lagt á það mikla áherzlu, að þessu máli væri hraðað, en stjórn innflutningsskrifstofunnar gat ekki orðið sammála um að gefa út þetta fjárfestingarleyfi fyrr en raun ber vitni um. — Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram til upplýsinga.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka þátt í umræðum um kennaraskólann, heldur langaði mig til að fræðast um eitt atriði af hæstv. menntmrh. Hann upplýsti hér áðan, að það hefði verið ákveðið, að húsmæðrakennaraskólinn fengi húsnæði á efstu hæð kennaraskólans.

Mér sýnist nú eftir öllum upplýsingum að dæma, að það séu ekki sérlega miklar horfur á því, að í náinni framtíð verði efsta hæðin tilbúin, nema þá á henni verði byrjað. Og ég vildi þess vegna spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvaða fyrirætlanir eru um starfsemi húsmæðrakennaraskólans. Hann mun ekkert hafa starfað s. l. vetur. Hins vegar var bæði skólastjóri og kennarar, einn eða fleiri, á föstum launum. Mér er ekki kunnugt um, að skólinn eigi að starfa í vetur. Það kann að vera að vísu, þó að ég viti það ekki. En það er einmitt það atriði, sem ég vildi spyrja hæstv. ráðh. um, hvort ætlunin er, að skólinn starfi nú í vetur, og þá hvar, hvort honum hafi verið séð fyrir húsrými til sinnar starfsemi og yfirleitt hvernig sé ætlað að leysa mál þessa skóla, þangað til hann fær húsnæði sitt í kennaraskólanum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég furðaði mig á því, að hv. 6. þm. Reykv. (GTh), borgarstjórinn í Reykjavík, skyldi segja, að upplýsingar mínar um lóðamál skólans væru rangar, þegar hann í skýrslu sinni staðfesti þær í öllum atriðum, sem máli skipta. Menntmrn. hefur ekki bein viðskipti við bæinn út af lóðamálum, það gerir byggingarnefndin sjálf, svo að þau gögn, sem liggja fyrir rn. um þessi efni, eru frá byggingarnefndinni. Ég hafði getið þess, að n. hafi tilkynnt rn. 28. júní 1952, að loforð sé talið fengið fyrir lóð undir skólann, en síðan, að n. eða formaður hennar hafi tjáð rn. 4. júní 1956, að gengið verði frá úthlutun lóðar frá bæjarins hálfu þann dag, m. ö. o., að gengið verði endanlega frá lóðaúthlutuninni þann dag, 4. júní 1956.

Þessar upplýsingar koma algerlega heim við

það, sem borgarstjórinn í Reykjavík lýsti í ræðu sinni áðan, hvernig málið hafi gengið fyrir sig. Það eina, sem á milli gæti borið, væri það, hvort ber að skoða tilkynningu bæjaryfirvaldanna til byggingarnefndarinnar um loforð fyrir lóð sem alveg endanlega ákvörðun bæjaryfirvaldanna, og vel má vera, að starfshættir bæjaryfirvaldanna séu þeir, og þá er ekkert frekar um þetta að segja. En hitt var engu að síður rétt, sem ég sagði, að formleg og endanleg úthlutun lóðarinnar fór ekki fram samkvæmt ummælum byggingarnefndarinnar, sem lóðaleyfin fær, fyrr en 4. júní 1956.

Hv. 2. þm. Eyf. ræddi um starfsemi húsmæðrakennaraskólans og spurði, hvort hann mundi starfa í vetur. Því ber að svara neitandi. Hann starfar ekki í vetur. Hvort hann muni taka til starfa með eðlilegum hætti næsta haust, þ. e. áður en efstu hæð kennaraskólahússins er lokið, er undir því komið, hvort tekst að fá handa skólanum hentugt bráðabirgðahúsnæði, sem skólanefndin og skólastjórinn gætu sætt sig við þau ár, sem bygging kennaraskólahússins óhjákvæmilega hlýtur að taka. Það var athugað mjög rækilega á s. l. sumri, hvort hægt væri að fá bráðabirgðahúsnæði fyrir skólann nú í haust, en það tókst ekki. Þeim athugunum mun verða haldið áfram í tæka tíð fyrir næsta haust, og ef hentugt leiguhúsnæði fæst fyrir skólann, mun það verða tekið á leigu og skólinn taka til starfa. En svo sem kunnugt er, er mjög erfitt að afla húsnæðis til rekstrar jafnvel skóla, þ. e. leiguhúsnæðis, vegna gildandi lagaákvæða, sem reisa við því rammar skorður, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra þarfa en íbúðar.

Það vildi ég leiðrétta, sem án efa stafar af ókunnugleika hjá hv. þm., að við skólann, sem ekki starfar nú, sé á föstum launum skólastjóri og einn eða tveir kennarar. Starfsmenn skólans eru tveir, skólastjóri og einn fastur kennari. Báðir eru að sjálfsögðu á þeim launum, sem þeirra skipunarbréf veita þeim réttindi til, en kennarinn starfar við aðra ríkisstofnun og vinnur þar fullkomlega fyrir launum sínum.

Að síðustu vildi ég svo aðeins segja, að í raun og veru voru þær upplýsingar, sem hv. 10. landsk. þm. gaf í ræðu sinni, fullnaðarsvar við fsp. hv. 1. þm. Reykv. til mín í síðustu ræðu sinni áðan, þar sem hann spurði, hvernig stæði á því, að byggingarframkvæmdum við kennaraskólann skuli þó ekki vera lengra komið en raun ber vitni um, þrátt fyrir það að menntmrn. gaf þegar á s. l. sumri, í júlí s. l., leyfi sitt til þess, að byggingarframkvæmdir væru hafnar, og að ég fyrir mitt leyti hafi haft á því fyllsta áhuga þann tíma, sem ég hef gegnt þessu starfi, að framkvæmdum yrði hraðað sem mest. Ástæðan er sú, að það fékkst ekki fjárfestingarleyfi fyrir framkvæmdunum fyrr en 2. sept. s. l. Það er staðreynd, sem ég gat um í fyrstu ræðu minni um málið og skiptir óneitanlega miklu máli. Það hef ég enga tilraun gert til að draga fjöður yfir, tók það meira að segja fram, að ég harmaði mjög, að það tókst ekki að fá fjárfestingarleyfi fyrir framkvæmdinni fyrr en 2. sept. s. l. En þeir, sem segjast hafa barizt fyrir því í sex ár að fá fjárfestingarleyfi fyrir þessari framkvæmd, ættu ekki að verða hissa á því, þó að það hafi tekið fjárfestingaryfirvöldin, sem nú starfa, níu mánuði að taka sína ákvörðun um það, að byggingunni skuli haldið áfram. Þá ákvörðun, sem innflutningsskrifstofan tók 2. sept. um málið, ber að skoða sem endanlega, þannig að það er tryggt, að leyfi verði aftur gefið út þegar í ársbyrjun næsta árs. Það er endanleg ákvörðun um málið, þannig að á næsta ári á byggingin að geta haldið áfram með öllum þeim hraða, sem fjármunir leyfa.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það mundi stafa af þekkingarskorti hjá mér, að ég hafi sagt, að það væru greidd við húsmæðrakennaraskólann laun skólastjóra og einum eða tveimur föstum kennurum. En hins vegar upplýsti hann rétt á eftir, að það væru greidd laun skólastjóra og einum föstum kennara. Ég sagði ekkert í minni ræðu um það, hvort þetta starfslið væri látið vera aðgerðalaust eða ekki. Það virðist hins vegar liggja fyrir eftir upplýsingum hæstv. ráðh., að meðan skólinn ekki starfar, sé a. m. k. skólastjórinn, sem taki laun sín að fullu án starfs.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram. Það er svo önnur saga, að það skuli hafa komið á daginn, sem að vísu menn gátu séð fyrir, þegar þau lög voru sett, að svo er nú komið fyrir tilverknað hæstv. ríkisstj. sjálfrar, að hún getur hvergi fengið húsnæði fyrir skóla sem þennan, sem hefur þó starfað um langt skeið og er gert ráð fyrir eftir lögum að skuli starfa.

Það er svo að lokum eitt atriði, sem ég held að liggi nú ljóst fyrir öllum, varðandi byggginguna sjálfa, sem hæstv. ráðh. upplýsti. Hann var að minnast á það, að það væri ekki að undra, þótt það kynni að taka nokkra mánuði að fá fjárfestingarleyfi, þegar það áður hefði tekið sex ár. Ég held, að það viti nú allir, sem hafa fengizt við innflutningsskrifstofuna og þar áður fyrirrennara hennar, að aðalerfiðleikarnir eru að komast af stað og fá fyrsta leyfið, en hins vegar gengur það nokkuð af sjálfu sér eða er a. m. k. mun auðveldara að fá leyfi til framhaldsins.

Umr. frestað.

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

8. Verndun fiskimiða.

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um verndun fiskimiða umhverfis Ísland [41. mál] (A. 61).

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14., 15., 17., 25., 26. og 28. fundi í Sþ., 20. og 27. nóv., 4. des., 5., 12. og 19. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Sþ., 21. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég flutti á síðasta þingi till. til þál. sama efnis og sú er, sem nú liggur hér fyrir um verndun fiskimiða umhverfis Ísland. Þeirri till. var þá vísað til allshn., sem hafði málið til meðferðar um alllangt skeið. Þegar leið að þinglokum og ég þóttist sjá, að eigi mundi verða af afgreiðslu á þessu máli hjá n., gerði ég um það fsp. fyrir þinglokin, hverju slíkt sætti, og varð hæstv. sjútvmrh. fyrir svörum hvað þetta snerti. Hann sagði, að n. hefði haft samband við hann eða ríkisstj. um þetta mál og talsvert hefði af hálfu ríkisstj. verið unnið að undirbúningi um framkvæmdir í þessu efni, en hins vegar hefði ekki þótt rétt á því stigi að gera samþykkt í því formi, sem till. fjallar um, enda sagði hæstv. ráðh., að hægt væri að gera samþykktir um framkvæmd till. samkvæmt lögum, sem fyrir eru um það efni, og er það auðvitað alveg í samræmi við það, sem lagt er til í þessari till., að ríkisstj. geri slíkar ályktanir á grundvelli gildandi laga, svo sem gert var, þegar landhelgin var færð hér út nú fyrir nokkrum árum. Hann sagði þess vegna, að málið væri í höndum ríkisstj. og væri þar til áframhaldandi umr.

Nú þegar þetta þing kom saman og ekkert hafði verið aðhafzt í þessu máli opinberlega, flutti ég enn þessa till. sem tilraun af minni hálfu til þess að ýta undir hina nauðsynlegu og óhjákvæmilegu framkvæmd í þessu efni. Þessi till. hefur nú legið hér fyrir um alllangt skeið og ekki verið enn sem komið er vísað til n., en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram komu við umr. um landhelgismálið hér í gær, upplýstist, að sú ákvörðun hefði verið tekin innan ríkisstj. að bíða eftir þeim fundi, sem nú hefst innan fárra daga í Sviss, um framkvæmdir í þessu máli.

Við þessu er í sjálfu sér ekkert að segja. Þessi till. frá minni hálfu felur það í sér, að ég hefði talið æskilegt, að fyrr hefðu verið gerðar þær ráðstafanir, sem lagt er til að gerðar verði samkvæmt henni, en það hefur nú ekki orðið því miður. Hins er svo að vænta, að þessi fundur, sem halda á nú, eða að honum loknum, þá verði því takmarki náð, sem að er stefnt samkvæmt þessari till., a. m. k. að landhelgislínan verði færð hér út upp í 12 mílur, þannig að hún verði 12 sjómílur frá yztu annesjum, eyjum og skerjum, eins og orðað er í þessari till. og gerðar verði nauðsynlegar útfærslur á grunnlínunum. Ég skal þess vegna ekki fara fleiri orðum um þetta mál, eins og komið er, þó að ég verði að láta í ljós það álit mitt, að æskilegt hefði verið og nauðsynlegt allra hluta vegna, eins og ástatt er að verða hér hjá okkur, að framkvæmd á efni þessarar till. hefði getað orðið fyrr en raun ber vitni um að ætli að verða. En að úr rætist í þessu efni innan skamms, það verðum við sannarlega að vona. Ég vil þess vegna leggja til á þessu stigi málsins, að þessari till. verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn., og mundi þá verða æskilegt að skipta umr. þannig, að síðari hluti hennar færi fram að lokinni athugun n. á málinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Skýrsla um Ungverjalandsmálið.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um birtingu skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið [43. mál] (A. 67).

Á 12., 13., 14., 15., 17. og 25. fundi í Sþ., 11., 13., 20. og 27. nóv., 4. des. og 5. febr. var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hygg, að þeirri till., sem hér er nú til umr., hafi verið útbýtt á Alþ. eitthvað um það bil, þegar vika var af nóvember, en nú fyrst kemur hún til umr. í Sþ. Mér kemur ekki til hugar og hef enga ástæðu til þess að ætla, að hæstv. forseti Sþ. hafi af ráðnum hug sett þessa till. til hliðar, en ég vil benda á, að það eru óheppileg vinnubrögð á Alþ. að haga þeim eins og gert var fyrir jólin, þegar yfirleitt var einungis einn fundur í Sþ. í viku hverri og hann stóð oftast nær hinn ráðgerða fundartíma og fjöldi mála var óafgreiddur, en hins vegar voru fundir í deildum hina starfsdaga þingsins í viku hverri, og talið var þá, að meðaltal fundarlengdar í Nd. hefði fram undir þinglok verið 3 mínútur á dag. Það er ljóst,

að ef Sþ., sem hafði miklu fleiri mál til meðferðar en deildirnar, eða a. m. k. mál, sem frekar urðu umr. um, hefði haft lengri eða oftar fundartíma, þá hefði verið hægt að afgr. bæði þessa till. og ýmsar aðrar, sem afgreiðslu bíða, en ekki svo, að liða þurfi meira en þrír mánuðir frá því að till. er útbýtt, þangað til hún kemur til 1. umr.

Þrátt fyrir þessa miklu töf tel ég, að hér sé enn um mjög tímabæra till. að ræða. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta þýða og prenta á íslenzku skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið og selja hana síðan með sambærilegu verði við Alþingistíðindin.“

Við vitum öll, sem á Alþ. erum, að fáir atburðir hafa orðið hörmulegri á okkar dögum en þeir, sem gerðust haustið 1956 í Ungverjalandi. Því miður er löggæzlu svo hagað í heiminum, að tvenns konar lög og siðferði gildir, eftir því með hvaða þjóðum er og hverjir yfirráð hafa á hvoru landssvæði. Um svipað leyti og þessir Ungverjalandsatburðir urðu, gerðu Bretar og Frakkar ásamt Ísraelsmönnum frumhlaup sitt inn í Egyptaland og reyndu að ná yfirráðum Súezskurðar. Þeirri lögleysuherferð var mætt, sem vera bar, af samtökum Sameinuðu þjóðanna á þann veg, að árásaraðilarnir guggnuðu, létu af herferð sinni og urðu áður en langt um leið að kveðja herskara sína til baka frá því landssvæði, sem þeir höfðu undir sig lagt.

Allt annað varð uppi í Ungverjalandi, þótt ekki sé ýkja langt þar á milli, frá Súez-svæðinu og norður til Ungverjalands. En sá er munurinn, að þótt ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs hafi oft þótt ærið löglaust og óvíst, þá eru það fyrst og fremst lýðræðisríkin, sem þar eru ráðandi, þeirra siðferði og stjórnhættir hafa þar úrslitaráð í milliríkjaviðskiptum, hvað sem um kann að vera ástandið innan hvers einstaks ríkis. Í Ungverjalandi háttar aftur á móti þannig til, að þar ráða kommúnistar. Ungverjaland er, eins og kunnugt er, bak við járntjaldið, og það var ljóst, að ekki var hægt að hrinda hinni hroðalegu árás sem Sovétherirnir gerðu á frelsi ungversku þjóðarinnar, nema hætta af nýju heimsstríði stafaði af. Þá hættu vildu ekki ráðandi öfl innan Sameinuðu þjóðanna taka á sig, og þess vegna varð ofbeldið skefjalaust og grímulaust ofan á í Ungverjalandi, ungverska þjóðin kúguð meir og hatramlegar en nokkru sinni fyrr. Sameinuðu þjóðirnar gerðu að vísu nokkrar ályktanir um örlög þessarar illa leiknu þjóðar og létu uppi andúð sína á aðförum ofbeldisseggjanna, en þær ályktanir höfðu engin áhrif innan Ungverjalands sjálfs eða austan járntjaldsins, ofbeldið hélt þar áfram sínum yfirráðum, og ekki varð við því gert.

Segja má, að þótt þessar ályktanir hafi því ekki náð sínum megintilgangi að verða ungversku þjóðinni að beinu liði, höfðu þær þó þann árangur, að skipuð var, áður en yfir lauk, sérstök rannsóknarnefnd til að kynna sér alla þessa atburði, — rannsóknarnefnd skipuð hlutlausum mönnum, sem höfðu það verkefni eitt að sannreyna, hvað í raun og veru hefði átt sér stað, og gefa um það hlutlausa skýrslu. Þessari n. var að vísu, eins og framkvæmdastjórn Sameinuðu þjóðanna, bannað að koma til Ungverjalands sjálfs. Bannið á forstjóra Sameinuðu þjóðanna var að vísu mörgum mánuðum síðar upphafið, en hann hafði að vonum ekki geð í sér til að þiggja heimboð þangað, eftir að búið var að laga svo til, að talið var óhætt, að hann mætti þangað koma. Sjálf rannsóknarnefndin mun hins vegar aldrei hafa fengið færi á því að fara til Ungverjalands. Engu að síður er það sannmæli allra, sem kynnt hafa sér þetta mál, að skýrsla n., sem birtist seint á s. l. sumri, sé eitthvert allra merkilegasta plagg, sem birzt hafi, ekki aðeins varðandi frelsisbaráttu ungversku þjóðarinnar og beitingu ofbeldis gegn henni, heldur einnig varðandi skýringar á því, af hverju þjóð telur sér það vænlegast að ráðast út í opinn dauðann í frelsisbaráttu, eins og ungverska þjóðin gerði.

Skýrslan er löng og ýtarleg. Hún er að vísu um sumt ekki skemmtilestur. En ég hygg, að enginn hafi lesið þessa skýrslu svo, að hann hafi ekki orðið fyrir djúpum áhrifum, að upp hafi fyrir honum lokizt nýr heimur skilnings á þeim hörmulegu örlögum, sem yfir þetta sögufræga land höfðu gengið, — skilningur á því, að þrátt fyrir það þótt baráttan virtist vonlaus, átti þjóðin ekki um annan kost að velja en taka upp baráttuna með þeim hætti, sem hún gerði. Skýrslan er að þessu leyti óbrotgjarn minnisvarði um hetjudáðir og hetjulund ungversku þjóðarinnar, um leið og hún er einhver kröftugasta fordæming á stjórnarfari og aðferðum kommúnista, sem enn hefur sézt.

En hún er einnig til mikils lærdóms í þjóðfélagi, sem þrátt fyrir það þótt margt misfari hér hjá okkur, er þó enn jafnfjarlægt því, sem í eiginlegum kommúnistaþjóðfélögum tíðkast. En við sjáum engu að síður, að margt af því, sem um of ber á í okkar þjóðfélagi, er sama eðlis og það, sem fært var út í öfgar í Ungverjalandi, — margt af því er þó nú þegar um of áberandi í okkar tiltölulega friðsæla, litla þjóðfélagi.

Við könnumst t. d. öll við það, að stjórnarvöld reyna að dylja mikilsverðar staðreyndir og leggja þannig eins konar fjötur ósanninda á þjóðina. Við höfum öll séð, hvernig einstakir ævintýramenn breyta verkalýðsfélögunum úr því að verða eiginlegir málsvarar verkalýðsins í valdabaráttutæki fyrir sjálfa sig og gera þau að handbendi ríkisstj., sem þeir sjálfir eiga sæti í. Við höfum einnig séð, hvernig sumir hafa áhuga fyrir því að hafa hömlur á frjálsum fréttaflutningi, fyrst til útlanda, og þá kemur skjótlega á eftir að ráða einnig, hvernig frá er sagt atburðum innanlands, — hvernig menn vilja láta skrifa upp söguna eftir því, sem þeim sjálfum hentar, og hvernig þeir iðka það að saka aðra um það, sem þeir sjálfir ýmist hafa framið eða ætla sér skjótlega að ráðast í.

Öll þessi atriði eru mjög áberandi í Ungverjalandsskýrslunni og eru meðal hinna helztu, sem skýrðu hina hörmulegu atburði, sem þar urðu. Sá vísir þeirra, sem við höfum nú þegar í okkar landi, ætti að gera það þjóðfélagslega skyldu, að menn kynntu sér þetta merka sögulega plagg, sem skýrsla Sameinuðu þjóðanna um þessi mál er.

Segja mætti, að skýrslan væri nokkuð löng til þess, að líklegt væri, að allur almenningur læsi hana, jafnvel þó að hún væri þýdd á íslenzku, og sama mætti segja t. d. um útgáfu Alþingistíðinda og margra annarra heimildarrita, að ekki er við því að búast, að hver einasti landsmaður lesi þetta. Engu að síður er það þjóðfélagsleg og lýðræðisleg nauðsyn, að allir þeir, sem hug hafa á, eigi kost á að kynna sér þessar skýrslur með auðveldu móti. Með sama hætti hygg ég, að það sé eðlilegt og nauðsynlegt, að menn eigi kost á því að kynna sér Ungverjalandsskýrsluna. En þá er þess einnig að gæta, að í sumum löndum, eins og t. d. Bretlandi, hefur verið hafður sá háttur á, að auk þess sem sjálf aðalskýrslan hefur verið gefin út í handhægri ódýrri útgáfu af hálfu ríkisstj. þar í landi, hefur verið saminn miklu styttri úrdráttur, ég hygg á milli 20 og 30 síður, sem seldur er mjög vægu verði. Ég hef einnig lesið þann úrdrátt, og þar eru öll meginatriði saman tekin, svo að víst væri mikill fengur að því að fá þótt ekki væri annað en hann út gefinn á íslenzku og seldan við vægu verði. En þó er þar sá galli á, að það vantar hin einstöku atriði, sögu einstaklinganna, sem gerir sjálfa atburðina miklu meir lifandi en ella og lætur mönnum skiljast betur en með öðrum kosti, hvílíkur harmleikur átti sér hér stað fyrir lifandi menn.

Ég mundi telja, að það væri mun betra en ekki, þótt einungis slíkur stuttur úrdráttur yrði gefinn hér út, en legg engu að síður megináherzlu á, að samkomulag gæti orðið um það að gefa út sjálfa heildarskýrsluna, sem íslenzkum stjórnvöldum ætti að vera þeim mun ljúfara, þar sem mér skilst, að fulltrúar ríkisstj. hafi á þingum Sameinuðu þjóðanna átt þátt í þeim aðgerðum, sem ákveðnar hafa verið á grundvelli þessarar skýrslu, og hún því einnig af þeirra hálfu hlotið þá viðurkenningu, sem verðugt er.

Ég leyfi mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til utanrmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Strandferðaskipið Herðubreið.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ferðir strandferðaskipsins Herðubreiðar [44. mál] (A. 71).

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. og 14. fundi í Sþ., 13. og 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 71 till. til þál. um, að hlutazt verði til um, að hætt verði við að láta strandferðaskipið Herðubreið snúa við á Austfjörðum í strandferðum austur um land frá Reykjavík. Þessa till. flutti ég einnig á síðasta þingi. Það var orðið nokkuð áliðið þings, þegar hún kom fram, og varð ekki tekin til meðferðar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, eru í strandsiglingum á vegum Skipaútgerðar ríkisins aðallega fjögur skip, tvö stærri og tvö minni. Minni skipin, sem eru Skjaldbreið og Herðubreið, voru frá öndverðu einkum ætluð til viðkomu á þeim höfnum, þar sem skilyrði til afgreiðslu eru slæm, og þar sem stærri skipin geta ekki lagzt að bryggju. Skjaldbreið hefur einkum annazt flutninga til Vesturlands og vesturhluta Norðurlands, en Herðubreið til Austur- og Norðausturlands.

Nú hafa í seinni tíð borizt kvartanir um það fyrirkomulag, sem tíðkazt hefur, að strandferðaskipið Herðubreið er mjög oft látið snúa við á Austfjörðum, þannig að það fer ekki norður fyrir Langanes og kemur ekki við á höfnum þar í þeim ferðum. Þetta kemur sér að sjálfsögðu einkum bagalega á þeim höfnum, þar sem stærra skipið getur ekki lagzt að bryggju, og er ekki í samræmi við þann tilgang, sem um var að ræða, þegar þetta skip var byggt.

Ég skal geta þess í þessu sambandi til skýringar, að ég hef athugað ferðaáætlunina á þessu ári, þ. e. a. s. á árinu 1957, fyrir strandferðaskipið Herðubreið, með sérstöku tilliti til þessa, sem ég hef nú nefnt. Á þessu ári var gert ráð fyrir, að skipið færi samtals 30 ferðir frá Reykjavík austur um land, en í 16 af þessum ferðum, eða meira en helmingi ferðanna, er gert ráð fyrir, að skipið snúi við á Austfjörðum, einhvers staðar sunnan Langaness, ýmist á Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði eða Bakkafirði. Við þetta vilja menn á höfnunum fyrir norðan Langanes ekki lengur una, sem ekki er heldur eðlilegt, og vegna tilmæla, sem ég hef um það fengið, hef ég leyft mér að flytja þessa till.

Ég tel, að það sé sjálfsagt að reyna að haga ferðum skipanna þannig, að minna skipið, sem

er Herðubreið, komi fyrst og fremst við á þeim höfnum, sem hafa hin lakari hafnarskilyrðin, þar sem stærra skipið getur ekki lagzt að bryggju, og að flutningar til þeirra hafna sitji fyrir að því er við kemur því skipinu. Stærra skipið, Esja, ætti þá að annast vöruflutninga til annarra hafna, og gerði þá minna til, þó að það flytti ekki vörur til lakari hafnanna. En aðalatriðið fyrir þær er, að minna skipið komi þar við, það skipið, sem getur lagzt að bryggju. Hér er um svo mikið sanngirnismál að ræða, að mér þykir ólíklegt annað en að við nánari athugun verði talið rétt og óhjákvæmilegt að taka tillit til þess, sem nú hefur komið fram.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að till. verði vísað til nefndar, nú þegar umr. verður frestað, sem væntanlega verður, og ætti það þá að vera um að ræða annaðhvort hv. allshn. eða hv. fjvn. Ég vil leggja það á vald hæstv. forseta að gera tillögu um það efni.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Útboð opinberra framkvæmda.

Á 13. fundi í Sþ., 13. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um útboð opinberra framkvæmda [48. mál] (A. 78).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14., 15. og 17. fundi í Sþ., 20. og 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 14. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt tveimur hv. þm. öðrum flutt till. á þskj. 78, sem er þess efnis, að Alþingi lýsi yfir þeirri skoðun sinni við ríkisstj., að fylgja skuli þeirri meginreglu við opinberar framkvæmdir að bjóða verkin út með það í huga að reyna að tryggja, að viðkomandi verk verði unnið á sem hagkvæmastan hátt og verði sem kostnaðarminnst fyrir ríkið.

Till. þessi er augljós og þarf ekki langra skýringa við. Öllum hv. þm. er það kunnugt, að ríkið hefur með höndum í æ ríkari mæli margvíslegar framkvæmdir á mörgum sviðum, og nema þær fjárhæðir, sem árlega eru veittar í fjárlögum eða aflað með lánum, mjög háum upphæðum, þannig að það er augljóst mál, hversu þýðingarmikið það er fyrir ríkissjóðinn og þjóðarheildina, að fé þetta nýtist sem bezt og að þessum málum verði sem hagkvæmast unnið.

Að opinberum framkvæmdum er unnið á mismunandi hátt. Sums staðar eru verk boðin út, og á það einkum við hin stærri verk, t. d. í sambandi við orkuverin, sem byggð hafa verið, og einnig mun það hafa verið tíðkað við skólabyggingar nokkuð. Að vísu eru nú flestar þeirra á vegum annarra aðila, þ. e. a. s. reistar af sveitarfélögunum, þó að ríkið leggi fé til þeirra. En um fjölmargar opinberar framkvæmdir er hins vegar þannig háttað, að þær ríkisstofnanir, sem viðkomandi framkvæmdir heyra undir, hafa í sinni þjónustu bæði sérfræðinga og annað starfslið til þess að vinna sjálft þessi verk.

Nú er það auðvitað rétt, að í ýmsum tilfellum verður ekki hjá því komizt, að ríkið hafi í sinni þjónustu ýmiss konar sérfræðinga, sem annist tilteknar framkvæmdir á vegum ríkisins, en ég hygg þó, að það sé í ríkari mæli gert en heppilegt sé, að ríkið sjálft annist ýmiss konar framkvæmdir, sem það leggur fé til.

Það er auðvitað engin trygging fyrir því, að tiltekin ríkisfyrirtæki vinni verkið á hagkvæmastan hátt, þó að þau séu til þess sett. Það er enginn samanburður, sem þar fæst, og a. m. k. ætti að vera augljóst, að það er æskilegt að bjóða út sum af þessum verkum, til þess að auðið verði að fá samanburð, því að geti viðkomandi ríkisstofnun unnið verkið ódýrar og hagkvæmar en hægt er að fá það unnið af öðrum aðilum, þá er auðvitað sjálfsagt, að ríkisstofnunin framkvæmi verkið. En höfuðatriði málsins hlýtur að vera það, að verkið fáist unnið sem hagkvæmast og ódýrast fyrir ríkið.

Ég hygg raunar, að það geti varla verið ágreiningur um þetta atriði, þó að menn geti haft nokkuð mismunandi skoðanir um það, hversu langt skuli ganga um útboð opinberra framkvæmda.

Það er naumast um að ræða að bjóða út almenn viðhaldsverk, t. d. viðhald vega og annað þess konar, en mér sýnist, að það geti mjög vel komið til mála, og hygg, að það hafi gefið góða raun, þar sem það hefur verið reynt, að bjóða út einstök verk, bæði hafnargerðir, brúargerðir og ýmislegt af slíku tagi, en það mun lítið hafa verið sá háttur á hafður að undanförnu.

Nú er svo ástatt í okkar landi, að mörg byggingarfyrirtæki hafa risið upp, sem hafa yfir að ráða bæði verkfræðilegri þekkingu og fullkomnum vinnuvélum og hafa auk þess öðlazt margvíslega reynslu í sambandi við ýmsar stórframkvæmdir. Í annan stað er svo við það vandamál að glíma hjá ríkinu, að mjög erfitt er um vik að fá verkfræðinga og ýmsa aðra sérfræðinga til starfa, þannig að ýmsar opinberar stofnanir hafa ekki getað leyst sín hlutverk af hendi af þessum sökum. Það sýnast þess vegna öll rök hníga í þá átt, að æskilegt

sé, að opinberar framkvæmdir séu boðnar út meira en verið hefur, og sé því fullkomlega tímabært að hreyfa þessu máli. Ég skal geta þess í sambandi við þetta mál, að sparnaðarnefnd, sem starfaði á vegum ríkisstj. árið 1954, lagði í álitsgerð sinni eindregið til, að opinberar framkvæmdir yrðu boðnar út í miklu stærri stíl en gert hefur verið til þessa, og voru taldar líkur til þess, að með því móti væri hægt að fá verkin unnin á hagkvæmari hátt og ódýrar fyrir ríkið í ýmsum tilfellum.

Ég sé ekki þörf á að orðlengja þetta frekar. Málið er skýrt í grg., og ég hef rakið hér helztu meginatriðin, sem liggja því til grundvallar, að till. er flutt. Þar sem hér er um að ræða mál, sem sérstaklega varðar framkvæmdir ríkisins og tilhögun þeirra, sýnist mér eðlilegast, að það fari til athugunar í fjvn., og vildi því leggja til, að þessari umr. yrði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Vísitölufyrirkomulag.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsókn á vísitölufyrirkomulagi og vísitöluútreikningi [52. mál] (A. 84).

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá er tilgangurinn með því að reikna út verðlagsvísitölu sá að fá með því mælikvarða á almennar verðlagsbreytingar frá einum tíma til annars.

Hér á landi er vísitala framfærslukostnaðar eina almenna verðlagsvísitalan, sem út er reiknuð, og er henni ætlað að vera mælikvarði á þær breytingar, sem verða á framfærslukostnaði. Til þess að vísitalan gefi sem réttasta mynd af þeim breytingum, sem verða á verðlaginu, þarf að gefa hinum einstöku vörutegundum gildi í grundvelli þeim, sem vísitöluútreikningurinn byggist á, í samræmi við mikilvægi hverrar vörutegundar í neyzlunni.

Sá grundvöllur, sem núv. vísitöluútreikningur byggist á í meginatriðum, var lagður með söfnun búreikninga frá 40—50 fjölskyldum, aðallega verkamannafjölskyldum, en þeir búreikningar voru haldnir seinni part ársins 1939 og fyrri part ársins 1940.

Það er nú vitað mál, að miklar breytingar hafa orðið á neyzluvenjum fólks á þessum tíma. Því til sönnunar má benda á það, að meðalútgjöld fimm manna fjölskyldu samkvæmt vísitölugrundvellinum eru tæplega 34 þús. kr., og mun það varla öllu meira en helmingur raunverulegra útgjalda fjölskyldna af þeirri stærð, þó að aðeins sé miðað við fjölskyldur verkamanna og iðnaðarmanna.

Vísitalan gæti þó gefið nokkurn veginn rétta mynd af þróun verðlagsins, enda þótt aðeins hluti af útgjöldum heimilanna sé tekinn í vísitölugrundvöllinn, ef ástæða er til að ætla, að verðlag á þeim vörum, sem ekki eru í grundvellinum, breytist í sömu hlutföllum og vísitöluvörurnar. Þannig ætti það að vera á frjálsum markaði, þar sem það opinbera hlutaðist ekki til um verðlagsmál. En allir vita, að því fer mjög fjarri, að því skilyrði sé fullnægt nú. Vegna þess að kaupgjald hefur um langt skeið verið tengt vísitölu framfærslukostnaðar, hafa stjórnarvöldin leitazt við að halda vísitöluhækkun í skefjum með niðurgreiðslum á verði þeirra vörutegunda, er mikið gildi höfðu í vísitölunni, og hlífa þeim við tollaálögum.

En þótt pottur hafi þannig lengi verið nokkuð brotinn í því efni, að vísitalan hefur ekki verið réttur mælikvarði á þróun verðlagsins, hefur þó alveg keyrt um þverbak í þeim efnum á valdatímum hæstv. núv. ríkisstjórnar. Jafnframt því að niðurgreiðslur hafa verið stórauknar, en fjár til þeirra er auðvitað ekki aflað öðruvísi en með því að leggja tolla og skatta á almenning, voru ráðstafanir þær í efnahagsmálum, er gerðar voru um næstsíðastliðin áramót, fyrst og fremst fólgnar í stórauknum álögum á allar vörutegundir aðrar en þær, sem gildi höfðu í vísitölugrundvellinum. Vísitalan er því bersýnilega orðin öldungis ónothæfur mælikvarði á verðlagsbreytingar, en af því leiðir aftur, að almenningur fær með öllu óraunhæfa og falska mynd af þróun verðlagsins í landinu.

Þegar hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, lýsti hún því sem einu meginviðfangsefni sínu að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Ég tel það nú út af fyrir sig ekki mestu ávirðingu hæstv. ríkisstj., þótt árangur sá, er hún hefur náð í því efni, sé ekki meiri en raun er á, því að verðbólguvandamálin hafa fleirum reynzt erfið úrlausnar. Hitt er meira ámælisvert, að flokkar þeir, sem að hæstv. ríkisstj. standa, gáfu loforð um það fyrir og eftir valdatöku sína, að dýrtíðarvandamálin skyldu leyst með úrræðum, sem ekki þyrftu að skerða, svo að neinu næmi, kjör annarra en nokkurra braskara, eins og það var gjarnan orðað í þeirra áróðri. Með því var skrifað upp á víxla, sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn tekizt að innleysa og mun ekki takast. En það versta er, þegar gripið er til þess, svo að einhver sýndarárangur sjáist, að falsa svo þann eina mælikvarða, sem til er á verðlagið, að almenningur fær algerlega villandi mynd af þeirri þróun, sem er að ske.

Ég skal þessu næst víkja dálítið að þeirri

hlið þessa máls, sem snýr að launþegunum, því að eðlilega eiga þeir mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við vísitölumálin, vegna þess, hvernig kaupgjaldið er nú tengt vísitölunni.

Áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, var því mjög haldið fram í áróðri kommúnista, að efnahagsvandamálin væru ekki raunverulegs, það væri aðeins vegna þess, að með völdin færi ríkisstj., sem væri fjandsamleg launþegunum, sem gera þyrfti ráðstafanir til hjálpar útflutningsframleiðslunni, sem hefðu kjaraskerðingu í för með sér fyrir launamenn. Kommúnistar sögðu sem svo, að þessi mál væri hægt að leysa með ráðstöfunum, sem enga slíka kjaraskerðingu hefðu í för með sér, það væri hægt að afla nýrra markaða o. s. frv.

Þegar verkfallið mikla var háð vorið 1955, sögðu kommúnistar, að það væri fjarstæða, að það þyrfti að nokkru leyti að bæta framleiðslunni upp þær auknu byrðar, sem á hana voru lagðar með kauphækkunum. Þeir sögðu sem svo, að það væri aðeins vegna þess, að braskararnir í landinu færu með völdin, að til verðhækkana hefði komið, vegna þess að kaupgjaldið hafði verið hækkað um 15—20%. Við sjálfstæðismenn héldum því hins vegar fram á þessum tíma, að boginn hefði verið of hátt spenntur að þessu sinni, framleiðslan gæti ekki staðið undir þeim kauphækkunum, sem orðið hefðu, og það yrði óhjákvæmilegt, ef hún ætti ekki að stöðvast, að skila henni aftur að meira eða minna leyti þeim auknu byrðum eða þeim aukna kostnaði, sem á hana var lagður með þessum kauphækkunum. Það hefur nú komið í ljós, sem við sögðum, að fullyrðingar kommúnista um það, að framleiðslan gæti borið þessar kauphækkanir, hafa ekki staðizt, enda voru kommúnistar ekki fyrr setztir í valdastólana en þeir settu brbl. um vísitölubindinguna, þar sem árangur sá, sem náðst hafði með kauphækkununum, var að verulegu leyti tekinn aftur. Sem ábyrgur stjórnmálaflokkur studdi Sjálfstfl. þessa lagasetningu, þó að varla sé hægt að lá okkur það, að um leið leyfðum við okkur að benda á öll óheilindi og brigðmæli kommúnista í sambandi við launamálin. En sú kjaraskerðing, sem framkvæmd var með vísitölubindingunni, var þó ekki nóg. Um næstsíðastliðin áramót voru sett lög um útflutningssjóð, þar sem stórhækkaðar voru álögur á almenning, þó að þess væri að vísu gætt, að þessar auknu álögur hefðu aðeins áhrif á verð þeirra vara, sem ekki hafa þýðingu í vísitölunni. Það er enn fremur vitað, að nú standa fyrir dyrum ráðstafanir, sem enn frekari kjaraskerðingu munu hafa í för með sér.

Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort mögulleiki hefði verið á því að halda óbreyttum þeim kaupmætti launanna, sem á pappírnum hafði náðst með kauphækkununum vorið 1955. Ég tel mestar líkur á því, að svo sé ekki. Það var nauðsynlegt að skila framleiðslunni á einhvern hátt aftur því, sem of mikið hafði verið tekið af henni þá. Hitt var í rauninni meira aukaatriði, í hvaða formi þetta var gert, hvort það væri gert með sköttum, gengisbreytingu, niðurfærslu eða á annan hátt. Án þess að sagt sé, að það komi í sama stað niður, hver þessara leiða sé farin, kemur það nokkurn veginn út á eitt hvað snertir pyngju launafólks. Þess vegna er það ekki það, sem kommúnistar í sjálfu sér eru ámælisverðir fyrir, þó að kjör launþeganna hafi þannig að einhverju leyti þurft að skerða, heldur fyrir hinn ábyrgðarlausa áróður sinn fyrir verkfallið 1955, sem fleiri og fleiri sjá nú að ekki hafði við rök að styðjast, þannig að æ fleiri snúa nú baki við þeim, eins og bezt hefur komið í ljós með úrslitum bæjarstjórnarkosninga þeirra, sem nú eru nýafstaðnar. En hvað sem þessu atriði líður, skal það fyllilega viðurkennt, að þær aðstæður geta verið fyrir hendi í efnahagsmálunum, að ekki sé unnt að halda óbreyttum kaupmætti launa. Hinu eiga launþegarnir hins vegar undir öllum kringumstæðum sjálfsagt kröfu á, að þeir fái að sjá, hvað af þeim hefur verið tekið.

Með fölsun vísitölunnar er kjaraskerðingin dulbúin. Því er haldið fram, að kaupmáttur launanna hafi haldizt nokkurn veginn óbreyttur, þrátt fyrir ráðstafanir í efnahagsmálum um næstsíðastliðin áramót. En það kemur fram á þann hátt, að það er aðeins sá hluti útgjalda heimilanna, sem þýðingu hefur í vísitölunni, sem helzt óbreyttur, en þetta er einmitt á kostnað þess, að aðrar vörur, sem minna gildi hafa í vísitölunni, eru hækkaðar þeim mun meira.

Það sanna í þessum efnum þarf að koma í ljós, og það er m. a. með tilliti til þess, sem þessi till. er flutt. En jafnhliða því að nauðsynlegt er þannig að mínu áliti að leiðrétta vísitöluna, þannig að sannleikurinn komi í ljós varðandi þróun verðlagsmálanna, er eðlilegt, að tekið verði til athugunar núv. vísitölufyrirkomulag í launagreiðslum. Tilgangur þess er sá að tryggja óbreyttan kaupmátt launanna, þó að verðlag hækki. Ég hef að vísu aldrei verið þeirrar skoðunar, að vísitöluuppbætur væru nokkur einhlít ráðstöfun því til tryggingar, að kjör launafólks skerðist ekki, þó að verðlag hækki. En hvað sem því líður, ætti ekki að vera neinn ágreiningur um það, að eftir að vísitalan er orðin fölsuð í þeim mæli, sem nú er, getur vísitölufyrirkomulagið ekki náð þessum tilgangi. En þar sem vísitölufyrirkomulagið hefur hins vegar að margra áliti óheppileg áhrif á fjárhagskerfið í heild, virðist mjög tímabært, að tekið sé til athugunar í nefnd, sem skipuð er á þann hátt, er hér er lagt til, m. a. fulltrúum atvinnurekenda og Alþýðusambandsins, hverjar leiðir komi til greina til þess að tryggja kaupmátt launanna, svo sem föng eru á, aðrar en vísitölufyrirkomulagið í sinni núv. mynd.

Þegar hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, lofaði hún því, að fram skyldi fara allsherjar úttekt á þjóðarbúinu, eins og flestum mun í fersku minni. Þetta átti að ske fyrir opnum tjöldum, til þess að almenningur í landinu gæti gert sér sem bezta hugmynd um það, hvernig ástandið í efnahagsmálum raunverulega væri. Það er að vissu leyti kaldhæðni örl-

laganna, að sú ríkisstj., sem lofað hefur öllum öðrum ríkisstj. meira í því efni, að þessi mál skuli upplýst frá sem flestum hliðum, skuli í ríkara mæli en nokkur önnur ríkisstj. hafa haldið leynd yfir öllum þeim upplýsingum, sem hún hefur haft yfir að ráða um efnahagsmálin.

Það hefur að vísu verið komið á fót viðamiklum nefndum til þess að gera allsherjar athugun á efnahagsmálunum og ástandi þeirra, og fjölmargir, bæði erlendir og innlendir sérfræðingar, hafa um það fjallað. En öllum þessum nál. hefur verið stungið undir stól og þau engum sýnd nema nánustu trúnaðarmönnum hæstv. ríkisstj., eins og kunnugt er. Sá eini þáttur úttektarinnar, sem komið hefur fyrir almenningssjónir, er, eins og kunnugt er, till. sérfræðinga og trúnaðarmanna hæstv. ríkisstj. í húsnæðismálunum, en eins og allir vita líka, var það ekki fyrir tilverknað hæstv. ríkisstj., að þessi þáttur úttektarinnar fékk þó að sjá dagsins ljós. En jafnframt því að haldið er þannig leynd yfir öllum þeim upplýsingum, sem mestu máli skipta í sambandi við þróun efnahagsmálanna, hefur hæstv. ríkisstj. við mörg tækifæri lýst eftir því, hvaða úrræði stjórnarandstaðan hefði á takteinum varðandi þessi mál. Það virðist nú mótsagnakennt að krefjast annars vegar till. um lausn efnahagsmálanna, jafnframt því sem haldið er leyndum öllum þeim upplýsingum, sem slíkar till. yrðu að byggjast á. Það getur þó verið, að hæstv. ríkisstj. breyti afstöðu sinni í þessum efnum, og með því að bera fram þá till., sem hér liggur fyrir, er henni gefið til þess nokkurt tækifæri, þó að í litlu sé. Því er hér hreyft að Alþingi hafi forustuna um það, að brugðið sé ljósi yfir mjög mikilvægan þátt verðlags- og efnahagsmálanna í heild.

Það er vitanlega á valdi hv. stjórnarflokka, hvað við þessa till. verður gert, og vissulega væri það í fullu samræmi við framferði hæstv. ríkisstj. í þessum málum hingað til, að þessari till. yrði ekki sinnt. En þá leyfi ég mér aftur að minna á það, að þeim mun meiri leynd sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir að þessi mál séu hulin, þeim mun minni kröfur getur hún gert til þeirra, sem ekki hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum, um, að þeir leggi fram sín úrræði og lausn þessara mála.

Ég vil svo leyfa mér að lokinni þessari umr. að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 26:1 atkv. og til allshn. með 27:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Olíueinkasala ríkisins.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um olíueinkasölu ríkisins [53. mál] (A. 85).

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Umræður um fyrirkomulag á sölu olíu og benzíns hafa þráfaldlega farið fram á Alþingi. Árið 1952 flutti Steingrímur Aðalsteinsson frv. til laga um innflutning og sölu ríkisins á olíu og benzíni. Benti hann á, að olían væri orðinn einn allra stærsti liðurinn í innflutningsverzluninni og því varðaði landsmenn það miklu, að sú grein verzlunarinnar væri örugglega rekin neytendum í hag. Í því frv. var gert ráð fyrir, að ríkið annaðist innflutning olíunnar og seldi hana hér innanlands í heildsölu, en hefði ekki dreifingu hennar í smásölu með höndum. Á þinginu 1953 fluttu þeir Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson og Eggert Þorsteinsson frv. til laga um olíueinkasölu, og samhljóða frv. lögðu þeir aftur fram 1954 og 1955. Á síðastnefndu þingi birtist einnig annað frv. til laga um olíuverzlun ríkisins, frá þeim Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni. Öll gerðu þessi frv. ráð fyrir algerri einkasölu ríkisins á olíum og benzíni, bæði heildsölu og smásölu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um langt skeið hefur olíuverzlun verið einn allra ábatasamasti atvinnuvegur, sem um getur. Einstaklingar og félög, sem hana reka, græða of fjár, enda eru olíuhringarnir alkunnu einhver auðugustu og voldugustu fyrirtæki veraldar. Þessi öruggi og mikli gróði olíusalanna á sér þá skýringu, að notendur olíunnar eru látnir greiða fyrir hana langtum hærra verð en vera þyrfti. Seljandinn græðir að sama skapi sem kaupandinn tapar.

Sala áfengis og tóbaks er ríkisrekin og arðinum varið til þarfa alþjóðar. Sama ætti að gilda um sölu olíunnar, og hníga mörg rök að því. Síðan 1953 hefur ríkisstj. gert innkaup á meginmagni þeirrar olíu og benzíns, sem landsmenn nota. Samninga sína um þessi kaup framselur hún til olíufélaganna, sem síðan hirða gróðann.

Stundum getur ríkið átt kost á hagkvæmari innkaupum en aðrir. Þannig var það á árunum 1943 og 1944. Þá átti ríkisstj. þátt í að útvega lægra verð á olíur en verið hefði, ef olíufélögin ein hefðu ráðið. Þessum afskiptum ríkisstj. lauk í árslok 1944 með þeim afleiðingum, að olíuverðið stórhækkaði.

Olíuinnflutningurinn vex með ótrúlegum

hraða. Árið 1945 var hann rétt 40 þús. tonn, en 1956 nam hann samtals 293620 tonnum, og var verðmæti hans þá rúmlega 185 millj. kr. Þessi ört vaxandi notkun ómissandi vörutegundar og þær miklu fjárhæðir, sem fyrir hana eru greiddar, ættu að vera stjórnarvöldum hvatning til að hafa fulla aðgæzlu og stjórn á sölu olíunnar, en láta ekki óvalin einkafyrirtæki hafa þar svo að segja öll ráð.

Þótt olíuverzlunin hafi skilað miklum hagnaði á umliðnum árum, hefur það ekki verið fyrir neina hagsýni í rekstri. Hin einstöku olíufélög hafa borizt mikið á og ekkert til sparað í innbyrðis kapphlaupi um hylli viðskiptamanna. Nokkuð dró að vísu úr þessu nú, eftir að verðlagseftirliti var komið á. Þá var eitthvað farið að huga að rekstrarkostnaði, en enn þá stendur hið sígilda þrefalda dreifingarkerfi olíufélaganna sem órækur vottur þarflausrar sóunar verðmæta.

Ekki eru mörg ár síðan upp komust fjársvik olíufélaga í sambandi við farmgjöld. Þau mál skulu þó ekki rifjuð upp hér, en vel mættu þau hvetja til nánari afskipta ríkisins af innflutningi og sölu olíunnar. Atvinnuvegi þjóðarinnar skiptir það miklu máli, að olíuverði sé að staðaldri haldið eins lágu og mögulegt er. Þetta á ekki hvað sízt við nú, þegar sjávarútvegurinn berst í bökkum þrátt fyrir háar uppbætur. Er honum ekki hvað sízt bráð nauðsyn á að fá olíuvörur sínar á sannvirði, og fyrir þeirri nauðsyn eiga óþarfir milliliðir að víkja. Það verður einnig að tryggja hagkvæmari flutning olíunnar til landsins en verið hefur og einfaldara dreifingarkerfi innanlands. Fyrir þessu öllu yrði bezt séð með olíuverzlun ríkisins.

Á þskj. 85 leggjum við hv. 8. landsk. þm. til, að ríkisstj. verði falinn undirbúningur löggjafar um olíueinkasölu ríkisins. Við tökum ekki á þessu stigi afstöðu til, hvort hafa beri þennan ríkisrekstur algeran frá byrjun eða ekki. Ef hagkvæmara þykir eða líklegra til samkomulags, er vel við unandi til að byrja með, að ríkið hafi aðeins innflutning olíunnar og heildsölu með höndum og taki þá ekki alla verzlunina að sér fyrr en síðar. Hitt drögum við flm. ekki dul á, að við teljum algera olíueinkasölu eiga að vera takmarkið.

Í till. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. hraði svo undirbúningi málsins, að unnt verði að leggja fram frv. til laga um einkasölu og fá því afgreiðslu þegar á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg svo til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekkert undarlegt, þótt hv. 1. landsk. þm. flytji till. eins og þessa hér í hv. Alþingi. Hann hefur eins og ýmsir fleiri af stuðningsmönnum núv. hæstv. ríkisstj. orðið fyrir vonbrigðum, því að hann minnist þess eins og fleiri, að núv. ráðherrar Alþýðubandalagsins höfðu stór orð um það, að þeir mundu, ef þeir kæmust til áhrifa, lagfæra ýmislegt í olíuverzluninni, eins og svo mörgu öðru, og þeir mundu fyrirbyggja allt olíuokur og brask. Þá mundi olíuverðið lækka, og þá mundu komast á heilbrigðir viðskiptahættir í olíuverzluninni eins og í annarri verzlun. Sanngjarn maður eins og hv. 1. landsk. hefur vitanlega orðið fyrir vonbrigðum, og hann á erfitt með að skilja, hvernig á því stendur, að hæstv. ráðh. Alþýðubandalagsins, sem hafa ráðin í sinni hendi, skuli ekki hafa gert tilraun til þess að koma í veg fyrir þetta svokallaða olíuokur, að þeir skuli ekki hafa gert allt, sem þeir gátu, til þess að tryggja landsmönnum olíuna með hagstæðu verði, því að það er sannleikur, sem hv. þm. sagði hér áðan, að það er þýðingarmikill þáttur nú í öllu þjóðlífinu, olíunotkunin, og það hefur ákaflega mikið að segja fyrir lífsafkomu alls almennings, hvort verðlagið á olíunni er lágt eða hátt.

Hv. 1. landsk. þm. fékk engar þakkir fyrir það, þegar hann flutti till. í bæjarstjórn Reykjavíkur í fyrra út af olíuokrinu. Hann fékk engar þakkir fyrir það frá ýmsum sínum flokksmönnum, að hann skyldi vera svo sanngjarn að viðurkenna, að þessir forustumenn flokksins hefðu algerlega brugðizt, hefðu algerlega gleymt því, sem þeir höfðu lofað fyrir kosningarnar, að þeir hefðu lofað því að koma olíuverzluninni í gott horf, fyrirbyggja allt okur o. s. frv. En það er leiðinlegt, að hv. þm. skuli láta það koma fram í grg. þessarar till. þrátt fyrir þessar staðreyndir, láta að því liggja, að verðlagseftirlitið hafi verið aukið í sambandi við olíuverzlunina og olíuverzlunin sé nú í eitthvað betri farvegi, eftir að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, heldur en áður, — ef hv. 1. flm. till. hefur skrifað þetta, sem hér stendur, með leyfi hæstv. forseta, eins og þessa setningu hér:

„Nú um skeið hefur að vísu allríkt eftirlit verið með verðlagi olíunnar og borið verulegan árangur til bóta, en þó eru enn um það mjög skiptar skoðanir, hvort hagsmunir þeirra, sem olíuna nota, en það eru fyrst og fremst höfuðatvinnuvegirnir, verði að fullu tryggðir með verðlagseftirliti einu saman."

Það er víst ætlazt til, að menn skilji þetta þannig, að það sé bót á ráðin, eftir að núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið mynduð. En ég segi: Ef hv. 1. flm. hefur skrifað þetta, þá ætla ég, að það hafi gerzt í ógáti eða vanhugsað, því að hann hefur svo eftirminnilega áður viðurkennt, að hæstv. ríkisstj. hafi að öllu verið mislagðar hendur um þetta. Hvenær hefur olíufélögunum liðizt að okra eins og nú, eftir að hæstv. ríkisstj. var mynduð? Og það hefur þessi hv. þm. sjálfur staðfest. Og ég vil til leiðbeiningar fyrir þennan hv. þingmann, ef það skyldi svo vera, að hann þrátt fyrir þetta vildi trúa því, að það hefði eitthvað verið lagfært af núv. hæstv. ríkisstj. í olíumálunum, — þá vil ég honum til leiðbeiningar minna á, hvernig sá grundvöllur var fundinn, sem gildir í sambandi við verðlagningu á olíu og benzíni. Sá grundvöllur var byggður fyrst 1938 af gömlu verðlagsnefndinni, sem var undir eftirliti hins opinbera, og síðan, 1941, var settur gerðardómur í verð-

lagsmálum. Þar á eftir kom viðskiptamálanefndin, sem var skipuð fimm mönnum, en þegar um verðlagsmál var að ræða, viku tveir nefndarmenn sæti og aðrir komu inn, og annar þeirra var núv. hæstv. menntmrh., sem lagði grundvöllinn að því, sem gildir enn í dag í sambandi við verðlagningu á olíu og benzíni. Til þess að tryggja, að þessi grundvöllur væri eðlilegur og réttmætur, var til áréttingar skipaður endurskoðandi, Ragnar Ólafsson, til þess að setja stimpil á grundvöllinn, stimpil, sem átti að nægja til þess að tryggja neytendur fyrir því, að það væri ekki á þeim okrað. Vera má, að hv. flm. þessarar till. viti ekki þessa sögu, og þá er honum vorkunn, þótt hann tali hér öðruvísi en eðlilegt er og öðruvísi en innræti hans er.

Fjárhagsráð byggði stöðugt á þessum grundvelli, hann var ekki hreyfður, og löggiltur endurskoðandi var fenginn árlega til þess að endurnýja stimpilinn, og hæstv. menntmrh. átti öðru hvoru erindi á skrifstofu verðlagsnefndar til þess að sjá svo um, að það væri sami stimpillinn, sem væri notaður ár frá ári. Fyrrverandi hæstv. ríkisstj. leyfði aldrei hækkanir á olíu og benzíni, nema sem stöfuðu af hækkun á frögtum. Grundvellinum var ekki raskað í tíð hennar. Olíufélögin kvörtuðu, og þau fengu ekki viðurkennda alla hækkunina á frögtunum. Þannig var það allt árið 1955, að olíufélögin fengu enga leiðréttingu á verðlaginu, enda þótt fragtirnar hefðu hækkað, og þannig var það fram yfir stjórnarskiptin árið 1956, að olíufélögin fengu enga leiðréttingu þrátt fyrir hækkaðar fragtir.

En olíufélögin báru sig illa á þessum tímum. Þau kvörtuðu við stjórnarvöldin, en ríkisstj. vildi gera það, sem í hennar valdi stæði, til þess að neytendur í landinu fengju olíuna með sannvirði, vegna þess að þeirri ríkisstj. var ljóst, að olían var mikill þáttur, mikill útgjaldaliður hjá hverju heimili. Þetta breyttist eftir stjórnarskiptin, en alveg öfugt við það, sem kemur fram í grg. fyrir till. Þá fyrst fengu olíufélögin leiðréttingu sinna mála, — og hver heyrir nú olíufélögin kvarta um slæma meðferð á sér? Hver heyrir olíufélögin nú stynja undan vondri meðferð stjórnarvaldanna? Nei, það er allt önnur og betri meðferð á olíufélögunum nú en var áður, og skal ég færa rök að því, áður en ég lýk máli mínu.

Ég skal sleppa 15 milljónunum, sem einu olíufélaganna var gefið að ástæðulausu og hv. 1. landsk. vítti á bæjarstjórnarfundi og öll bæjarstjórnin vítti að einum fulltrúa undanteknum. Ég hygg, að það sé ekki þörf á því að ræða öllu meira um þessar 15 millj. en gert hefur verið. Það er öllum ljóst, hvernig var í pottinn búið, þótt fleirum en hv. 1. landsk. hafi veitzt erfitt að skilja ástæðuna fyrir því, hvers vegna þeir menn, sem áður töluðu um olíuokur, létu til leiðast að gefa þessar 15 milljónir króna og taka þær af fátækum almenningi, fátækum fjölskyldum, sem urðu að kaupa olíuna til þess að elda við matinn og til þess að hita upp íbúðirnar.

Ég hef aldrei getað skilið þetta, af því að ég hef viljað halda, að þessir menn væru ekki vísvitandi illgjarnir og þeir væru í meðallagi gefnir. Og ég hygg, að hv. 1. landsk. þm. hafi alls ekki, þrátt fyrir ítrekaða leit, komizt til botns í því, hvernig á því stendur, að hans flokksbræður höguðu sér á þennan hátt.

Það var þannig, áður en núv. ríkisstj. kom til valda, að olíufélögin voru látin bera þungan bagga, sem þau stundu undir, en það var dreifingin á olíunni og benzíninu út um land. Þeim þótti, að það væri illa borgað fyrir þann kostnað, og það var, og oft var leitað eftir lagfæringu á þessu, en olíufélögin fengu þau svör, að álagningin væri það rífleg, að þau gætu borið þennan bagga og þau yrðu að taka þennan kostnað af álagningunni. Þannig var greitt fyrir dreifinguna á olíu og benzíni, að fyrir hverja 15 km var greiddur einn eyrir fyrir hvern lítra, þannig að ef ekið var 90 km leið, voru borgaðir 6 aurar í flutningsgjald. Það segir sig sjálft, að það var ómögulegt að reka bíl fyrir það, það kostaði miklu meira, enda stóð ekki á núv. ríkisstj. að taka þennan kross af olíufélögunum, og nú er borgað fyrir olíuflutninginn, ekki einn eyrir fyrir hverja 15 km, heldur 3. Nú eru ekki borgaðir 6 aurar í flutningsgjald fyrir hverja 90 km, heldur 18 fyrir olíuna, en ef um benzín er að ræða, þá eru ekki borgaðir 6 aurar fyrir hverja 90 km, heldur 4½ sinnum meira eða 27 aurar. Ég er ekkert að segja, að þetta sé of mikið til þess að borga útgerðarkostnað á bíl, en ég er sannfærður um, að þetta borgar útgerðarkostnaðinn á bílunum, og það var vel gert við olíufélögin að taka þennan bagga af þeim, sem þau þó svo lengi höfðu reynt að losna við.

Ég veit ekki með vissu, hversu margir olíubílarnir eru í landinu, sem olíufélögin munu eiga yfirleitt og gera út, en það liggur í augum uppi, að það skiptir jafnvel hundruðum þúsunda á hvern bíl, sem út er gerður, þessi uppbót, sem ríkisstj. réttir olíufélögunum í hækkuðum flutningsgjöldum á olíum og benzíni. Við skulum gera ráð fyrir, að stór olíubíll geti flutt 1 millj. til 1½ millj. lítra yfir árið. Sé um eina millj. að ræða, þá eru það 120 þús. kr. á bíl, — sé um 1½ millj. að ræða, sem ég hygg að sé nær, þá eru það 180 þús. á bíl, uppbótin, sem ríkisstj. réttir olíufélögunum fyrir að dreifa olíu til neytenda. En sé um benzín að ræða, er það miklu meira. Þá eru það ekki 120 þús. kr. fyrir milljón lítra, heldur 180 þús. kr., og ef það eru 1½ millj. lítrar, eru það vitanlega 270 þús. kr. á hvern bíl.

Mér þykir ekkert óeðlilegt, þó að olíufélögin hvert fyrir sig eigi og reki 30 bíla a. m. k., kannske 40, og þá geta menn séð, að hér er um allstórar upphæðir að ræða, og það má þess vegna segja, að olíufélögunum hafi tekizt vel í samningum við hæstv. ríkisstj. Vera má, að hæstv. ríkisstj. hafi fengið samvizkubit af því, að hún gerði svo illa upp á milli olíufélaganna áður, þegar hún rétti aðeins einu félagi 15 millj. kr., en hin fengu ekkert, og

hafi þess vegna orðið samkomulag um, að næst skyldi nú skipt að nokkru að jöfnu á milli þeirra allra. Ég veit ekki um það. En það er ljóst, að enda þótt nú sé ef til vill aðeins greiddur flutningskostnaðurinn á olíunni, enda þótt nú sé ef til vill ekki beinn gróði af því að dreifa olíunni, þá fullyrði ég, að það er ekki lengur tap. Það tap, sem olíufélögin höfðu af því áður að dreifa olíunni, hafa þau nú losnað við og hagur þeirra bættur, og ef olíufélögin hefðu verið látin bera þetta tap áfram, hefði vitanlega olían til neytendanna getað verið þeim mun lægri.

Ég gæti bezt trúað því, að hv. 1. landsk. þm. viti ekki um þetta. Ég trúi því, að hann sé svo sanngjarn, að ef hann hefði vitað um þetta, þá hefði hann ekki látið að því liggja, að fyrirkomulag olíuverzlunar og olíudreifingar hefði batnað, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Og það virðist svo sem hæstv. ríkisstj. haldi áfram að gefa, og þeir hafa bara deilt um það, hversu gjafirnar hafa verið stórar. Í fyrsta lagi voru gefnar 15 millj. kr. einu olíufélaganna. Í öðru lagi, líklega í aprílmánuði s. l., var bagganum, sem á dreifingunni hafði verið áður, létt af olíufélögunum, og ef hvert olíufélag ætti um 30—40 bíla, mætti áætla, að sá baggi næmi 5—6 millj. kr. á hvert félag eða samtals 15—18 millj. kr. En svo gerðist nokkuð 30. júní s. l. til viðbótar þessu, og það er það, sem Þjóðviljinn segir frá 1. ágúst. Þjóðviljinn segir 1. ágúst:

„Olíufélögunum voru gefnar 13 millj. kr. með verðlagsákvæðunum, sem samþykkt voru 30. júní.“

Það getur verið, að hv. 1. flm. þessarar till. hafi ekki verið á landinu, þegar þetta var, og hann viti ekki um þetta og það sé skýringin á því, að hann flytur till. eins og þessa með grg., sem hljóðar svo, eins og hv. þm. hafa lesið. En hafi hann verið á landinu og lesið Þjóðviljann 1. ágúst, ætti honum a. m. k. að vera ljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur í þriðja sinn gefið olíufélögunum gjafir, að því er Þjóðviljinn segir 13 millj. kr., en Tíminn 2. ágúst lætur að því liggja, að það hafi ekki verið 13 millj. kr., heldur aðeins 10 millj. kr. En það vitanlega geta þeir nú bitizt um, Þjóðviljinn og Tíminn, hvort um 10 millj. kr. hafi verið að ræða eða 13. En það er alveg víst, að almenningur í landinu, sem kaupir olíuna og vantar peninga fyrir þörfum heimilanna, verður jafnóánægður, hvort sem hér er um að ræða 10 millj. eða 13 millj. kr.

Um það, hvort koma skuli á olíueinkasölu eða ekki, skal ég ekki fjölyrða að þessu sinni, en ég hygg, að það sé vafasamt, hvort það tryggi hagsmuni neytendanna eitt út af fyrir sig að koma á olíueinkasölu ríkisins. Ég hygg, að það megi tryggja hagsmuni neytendanna með því að hafa olíuverzlunina í höndum einkafélaga, ef ríkisstj. hefur skynsamlega hönd í bagga með því, eins og hefur verið gert, allt þangað til núv. ríkisstj. fór að skipta sér af þessum málum.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 21. maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 85, n. 493).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

14. Ellilífeyrir.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um hækkun elli- og örorkulífeyris [55. mál] (A. 87).

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jóhanna Egilsdóttir): Herra forseti. Till. sú á þskj. 87, sem ég hef leyft mér að flytja og nú liggur hér til umræðu, er það auðskilin hverjum manni, að ekki þarf um hana langa grg. En þar sem nauðsyn hefur þó til þess borið að vekja athygli hv. alþm. á því, hve naumt er skammtað elli- og örorkulífeyrisþegum, ætla ég að leyfa mér að bæta nokkrum orðum við þá stuttu grg., sem á þskj. er.

Eins og allir vita, tók nokkuð mörg ár að ræða og undirbúa tryggingarlöggjöfina, og síðan hún kom fyrst til framkvæmda, 1936, hefur hún verið endurskoðuð hvað eftir annað og eðlilega gerðar á henni ýmsar breytingar, eftir því sem reynslan hafði leitt í ljós að nauðsynlegt væri. Með till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er aðeins gert ráð fyrir endurskoðun um almannatryggingar í því skyni, að hækkaður verði elli- og örorkulífeyrir, og þó að fyrir liggi nú fleiri tillögur um endurskoðun þessara laga í öðrum greinum, sem hv. Alþ. mun væntanlega fjalla um og afgreiða á jákvæðan hátt, mun ekkert brýnna en bæta kjör gamla fólksins og öryrkjanna.

Tryggingarnar voru ræddar oft og rækilega innan verkalýðsfélaganna og í fulltrúaráðum þeirra, meðan verið var að skapa almenningsálitið og auka skilning á þeirri nauðsyn að létta lífsbaráttuna hjá þeim, sem lasburða voru í þjóðfélaginu. Ég man eftir þeim mörgu, sem létu þetta mál til sín taka, rökræddu það og fluttu till. um, hvernig bezt mundi að leysa vandann. Þeirra á meðal voru margir verkamenn og verkakonur, sjómenn og iðnaðarmenn, sem höfðu árum eða áratugum saman starfað í sínu stéttarfélagi. Voru sum farin að slitna og nálgast elliárin. Þetta var fólk, sem þekkti margs konar órétt í þjóðfélaginu,

fólk, sem hafði barizt harðri lífsbaráttu, mætt mörgu misjöfnu og þekkti bæði af sögu og reynd, hve ógeðfelld ganga það var að sækja framfærslueyri til sveitarsjóðsins. Þeim greiðslum fylgdi áður fyrr ekki aðeins skerðing mannréttinda, heldur og særandi og lítilsvirðandi ummæli og oft viðmót kalt og hrokafullt. Það var því ekkert undarlegt, þó að þetta fólk gerði sér vonir um að losna við það angur, sem fylgdi sveitarstyrknum.

Allir þrá öryggi um sína lífsafkomu og ekki sízt þegar aldurinn færist yfir og starfskraftarnir þverra. Þá vex óttinn við skortinn. Sjálfsbjargarmöguleikarnir hafa þá minnkað.

Þetta fólk, sem ræddi fyrst um tryggingarnar, þekkti vel, hvað það var að hafa lítið á milli handanna. Það gerði ekki kröfu um mikinn eyðslueyri, og verkafólkið skildi þá vel, að tréð fellur sjaldan við fyrsta högg. Öll sín réttindi hafði það orðið að sækja gegn harðvítugri andstöðustétt. Þess vegna fannst því góðum áfanga náð, þegar ellilífeyrir var ákveðinn sem næst 30% af launum Dagsbrúnarmanns. Það var reiknað með framhaldandi þróun, auknum réttindum, en ekki skerðingu. Því miður hafa verkalýðsfélögin ekki fylgt þessu máli eftir sem skyldi, og þess vegna hafa öryrkjar og ellilífeyrisþegar ekki fyrir mat sínum, hvað þá meira, eins og sést af tölum þeim, sem tilfærðar eru á þskj. 87 og allar eru miðaðar við fyrsta verðlagssvæði. Fjöldi þessa fólks verður því að leita á náðir bæjar- eða sveitarsjóðs, þ. e. allir aðrir en þeir, sem eiga vandafólk, sem réttir hjálparhönd á einhvern hátt, eða fólk, sem nýtur tekna af eignum sínum eða heldur starfskröftum og er svo heppið að fá vinnu við sitt hæfi. En það var aldrei og getur aldrei orðið lífeyristrygging að fá greiddan einhvern styrk. Tryggingar eru allt annað en styrkgreiðsla, og ellilífeyrir getur það ekki heitið réttu nafni, sem ekki nægir fyrir brýnustu nauðþurftum. Ég vil heldur ekki trúa því, að á þessum framfaratímum sé talið nægilegt, að gamla fólkið hafi rétt til hnífs og skeiðar, a. m. k. er það í mjög miklu ósamræmi við lífnaðarhætti þjóðarinnar í heild. Mundi hv. alþingismönnum t. d. finnast það óþarfi, að gömlu hjónin gætu greitt afnot af útvarpinu sínu, svo að ekki sé minnzt á, að þau hafi ráð á að greiða fyrir eitt dagblað eða svo? Ég held, að enginn hugsi þannig, að gamla fólkið og öryrkjarnir eigi að lifa án þess að komast í snertingu við annað fólk, ef heilsa þess leyfir það, og án þess að fylgjast með daglegum viðburðum o. s. frv. En þetta er ekki hægt án vasapeninga. Það skilja allir, ef þeir leiða hugann að því, og það má enginn vera hugsunarlaus í þessu efni, því að ef svo væri, þá er hann í andstöðu við þá lífsskoðun, sem hann játar sig fylgja og byggist á kenningum kristindómsins, hvaða nöfn sem menn halda nú að sé vísindalegra að gefa þeim.

Ég vil leiða sérstaka athygli að því óréttlæti, sem í því er fólgið, að hjón skuli hafa lægri lífeyri en tveir einstaklingar. Ég veit, hvaða rök eru talin fyrir þessu, að það sé ódýrara fyrir tvo að leigja saman og matreiða saman o. s. frv. En þessi rök eru algerlega haldlaus, á meðan ellilífeyrisgreiðslan dugir hvergi nærri fyrir daglegu brauði. Þegar eftirlaunin eru orðin það há, að gömlu hjónin geta greitt af þeim húsaleigu, ljós og hita auk fæðis og fatnaðar og að auki geta þau átt útvarpstæki sitt áhyggjulaust og keypt flokksblaðið sitt, þegar þau geta leyft sér þann munað að fara í strætisvagni til vina og vandamanna einu sinni í viku eða svo án þess að takmarka matarkaupin sín, þá getum við farið að ræða um, hver munur eigi að vera á lífeyri einstaklinga og lífeyri hjóna, en ekki fyrr.

Ég hvorki vil né get skilið svo við þetta málefni að minna ekki á þá staðreynd, hvað hugsunarháttur þjóðarinnar hefur breytzt síðan verkalýðssamtökin hófu fyrst baráttu fyrir tryggingunum. Þjóðin skilur nú, að tryggingarnar eru mál, sem á að vera hafið yfir flokkaþrætur, af því að það er óhjákvæmileg skylda kristins manns að hjálpa þeim, sem er minni máttar. Tryggingarnar eru í dag sú leið, sem þjóðfélagið á greiðasta til þess að rétta þeim hjálparhönd, sem þess þurfa. Konurnar í þjóðfélaginu skilja þetta nær allar. Síðustu árin hafa samtök kvenna rætt þessi mál allýtarlega og staðið óskipt um tillögur til endurbóta, m. a. um till. í þá átt, sem ég ræði nú.

Sjónarmið flokkanna koma fyrst til greina í þessu máli, þegar rætt er um, hvernig eigi að afla fjár. Ég hætti mér ekki inn á þá braut að ræða fjáröflunarleiðir hér á þessu stigi, enda mundi eigi þörf á að flytja till. í þessu formi, ef ekki þyrfti að leita úrræða um fjáröflun, sem nægilegur einhugur fylgir hér á hv. Alþingi. Ég vil þó rétt geta þess til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning um einhverja sérstaka kvenfrelsisbaráttu, sem felst bak við kröfuna um hækkaðan hjónalífeyri, að konur munu áreiðanlega með glöðu geði greiða jafnhátt persónuiðgjald og karlar greiða til almannatrygginga, þegar jafnlaunasamþykktin kemur til framkvæmda, sem varla getur dregizt lengi úr þessu, ef nokkur hugur fylgir öllu því orðaflóði, sem eytt hefur verið um þetta réttlætismál. Í annan stað vil ég benda á það, að hér verður um tilfærslu að ræða á greiðslum, þar sem hækkaður lífeyrir léttir greiðslum af bæjarsjóðum, um leið og létt yrði áhyggjum af ellilífeyrisþegum og létt nokkru fargi af samvizku þeirra, sem vilja hugsa um sinn minnsta bróður.

Tryggingarnar hljóta jafnan að verða til umhugsunar og umræðu. Þær snerta fjárhagslega alla þegna þjóðfélagsins og eru mælikvarði á siðferðislegan styrk og samvizku þjóðarinnar á hverjum tíma. Í þeim málum þarf jafnan að vera vakandi og leita hinna beztu úrræða, og ég veit, að hv. alþm. vilja allir eiga þar hlut góðan vegna kjósenda sinna og vegna sjálfra sín. Hér er aðeins rætt um smáúrbót. Framtíðarlausnin verður sú, að allir þjóðfélagsþegnar hafi rétt til sama lífeyris hlutfallslega af launatekjum eins og fjöldamargir launþegar tryggja sér nú í dag með sérstökum lífeyrissjóðum.

Ég legg til, að þessari till. verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Ferðamannagjaldeyrir.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt:
Till. til þál. um ferðamannagjaldeyri [57. mál] (A. 90).

Á 15., 17. og 25. fundi í Sþ., 27. nóv., 4. des. og 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Till. samhljóða þessari var flutt af mér í fyrra, og hef ég í rauninni litlu við að bæta þá grg., sem till. fylgir á þskj. 90. Það er vitað mál, að aðstæður í þessum efnum eru óbreyttar frá því, sem þá var, en öllum hv. þm. hlýtur að vera ljóst það ófremdarástand, sem ríkir í þessum efnum og nánari grein er gerð fyrir í grg. Ég tel, að fullyrða megi, að það muni ekki þekkjast í neinu landi vestan járntjalds, að slík meðferð sé á erlendum ferðamönnum sem hér hvað snertir það, hvað þeir fá fyrir sinn gjaldeyri, — og þarf ekki að halda sér í því efni algerlega vestan járntjaldsins, því að ég hef séð þess getið að undanförnu í blöðum, að jafnvel sum af Austur-Evrópuríkjunum, eins og Sovétríkin og Tékkóslóvakía, hafa komið á ferðamannagjaldeyri hjá sér, en í þeim löndum eru aðstæður svipaðar og hér að því leyti, að þau búa við ofmetið gengi. Það má enn fremur benda á það mikla ósamræmi, sem í því er, að það er varið til þess allmiklu fé, bæði af hálfu opinberra aðila og raunar einstaklinga líka, að auglýsa Ísland sem ferðamannaland, að hvetja erlenda menn til þess að ferðast hingað, en jafnhliða eru þeir látnir búa við svo óhagstæða gjaldeyrisverzlun, að þess er mjög lítil von, að hingað ferðist nema mjög auðugir menn.

Hér er í rauninni ekki um stórmál að ræða með tilliti til þess, að samkvæmt upplýsingum hagstofunnar mun keyptur ferðamannagjaldeyrir ekki nema nema um það bil 2‰ af gjaldeyristekjunum í heild, þannig að hvað sem með hann skeður, þá hefur það sáralítil áhrif á gjaldeyrisjöfnuðinn í heild. En allir þeir, sem eitthvað þekkja til ferðamannamála, hvar í flokki sem þeir eru, hafa stutt þá hugmynd, sem hér er borin fram. Það er aðeins eitt atriði, sem ég aðeins vildi víkja að, áður en ég lýk máli mínu, og það er þetta, að sá misskilningur virðist hafa komið fram, að ef gerðar yrðu ráðstafanir í þessa átt, mundi það verða spor í áttina til gengislækkunar og með þessu væru lagðar einhverjar byrðar á almenning.

Ég tel, að þetta sé algerlega á misskilningi byggt. Í því sambandi má fyrst og fremst nefna það, að mikið af þessum gjaldeyri mun þegar vera á svörtum markaði og gengur því kaupum og sölum á miklu hærra verði en um mundi vera að ræða, jafnvel þó að komið yrði á ferðamannagjaldeyri. Í öðru lagi má benda á það, að áhrif þess, að komið yrði á ferðamannagjaldeyri, hlytu að verða þau, að gjaldeyrisframboðið mundi aukast frá því, sem nú er. Að vísu vantar mikið á það, að Íslendingar geti tekið á móti ferðamönnum í stórum stíl, og þarf ekki nánar að skýra það. Á hinu er ekki vafi, að fái ferðamenn hagstæðara gengi fyrir sinn gjaldeyri, hlyti það að hvetja menn til þess að ferðast hingað meira en nú er gert, þannig að gjaldeyrisframboðið í heild hlyti að aukast frá því, sem nú er. Þar sem ekki er nein ástæða til þess að ætla, að það, að komið yrði á fót ferðamannagjaldeyri, yrði til þess að auka gjaldeyriseftirspurnina, þá getur ekki hér verið um að ræða spor í átt til gengislækkunar. Annað mál er það, að leysa þarf ákveðin tæknileg vandamál í sambandi við það, að þessu fyrirkomulagi verði komið á. Og einmitt þess vegna er lagt til, að nefnd verði í þetta skipuð með þeim hætti, sem nánar er til tekið í þáltill. Það kemur náttúrlega ekki til mála, að þessi gjaldeyrir verði notaður til kaupa á almennum nauðsynjavörum, sem sérstaka þýðingu hafa fyrir verðlagsvísitöluna. Slíkan gjaldeyri yrði að nota til einhvers annars, og það ætti að vera tiltölulega auðvelt, án þess að það leiddi til verðhækkana, því að eins og við vitum, þá er það þegar þannig, að það er ekki nema tiltölulega lítill hluti af gjaldeyrisverzluninni, sem fer fram á skráðu gengi. Annars tel ég það í sjálfu sér aukaatriði, hvaða ráðstafanir mundu verða gerðar í þessum efnum, hvort í því efni væri farin sú leið, sem hér er bent á, eða einhver önnur. Aðalatriðið er það frá mínu sjónarmiði, að eitthvað verði gert til þess að ráða bót á því ófremdarástandi, sem nú ríkir í þessum málum.

Með tilliti til þess, að sá dráttur hefur orðið á því, sem raun er á, að hægt hafi verið að afgreiða þetta mál til nefndar, mundi það auðvitað ekki vera óeðlilegt, þar sem á næstunni eru væntanlegar till. hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, að endanlegri afgreiðslu málsins verði frestað til þess tíma. Eftir sem áður sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu, að það verði að svo stöddu afgreitt til n. og athugað þar, og vil leyfa mér að leggja til að þessari umr. lokinni, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja mikið um þessa till., sem hér liggur fyrir, enda þótt hún gefi fullt tilefni til þess, því að hér er í rauninni að minni

hyggju ekki um neitt veigalítið mál að ræða. Sannleikurinn er sá, að það ástand, sem ríkjandi er í okkar landi í sambandi við ferðamál og þá sérstaklega heimsóknir erlendra ferðamanna og þeirra gjaldeyrisviðskipti hér, er með þeim hætti, að það er fullkomin þjóðarskömm. Það mætti margar sögur um þetta segja, og vafalaust er öllum hv. þm. um það kunnugt. Mér sýnist sannast sagna, að eins og ástandið er í þessum efnum nú, ætti beinlínis að reyna að koma í veg fyrir það, að erlendir ferðamenn kæmu hingað til landsins. Það er að vísu enn þá svo, að ýmsir erlendir ferðamenn fara hingað í banka með sinn gjaldeyri, og á þann hátt — með því að hlýða lögum landsins — verða þeir fyrir stórkostlegu tjóni í sambandi við sín gjaldeyrisviðskipti. En sannleikurinn mun þó vera sá, að meginhluti þess gjaldeyris, sem erlendir ferðamenn koma með hingað, kemur alls ekki inn í banka, heldur er seldur hér á svörtum markaði, og í sambandi við það fara fram viðskipti, sem vægast sagt eru niðurlægjandi og lítil landkynning fyrir okkar þjóð.

Það er svo, að fjöldi fólks er sífellt á snöpum eftir erlendum ferðamönnum, sem hingað koma, til þess að reyna að kaupa af þeim gjaldeyri. Og það gefur auga leið, hvaða álit hinir erlendu ferðamenn fá á þjóðinni í gegnum slík viðskipti. Við þekkjum vafalaust sögur um það sjálf, sem við höfum heyrt frá öðrum þjóðum, þar sem eru hópar manna, sem gera sér það að atvinnu sums staðar að kaupa gjaldeyri af ferðamönnum, og í okkar huga hefur það víst áreiðanlega ekki aukið álit okkar á viðkomandi þjóðum. Og auðvitað gildir sama erlendis gagnvart okkur, þegar slík viðskipti eiga sér stað sem hér er um að ræða, ekki sízt þegar þau eru í það stórum stíl, að það mun áreiðanlega vera mjög mikill meiri hluti þess gjaldeyris, sem erlendir ferðamenn koma hingað með, sem aldrei kemur inn í banka. Ég man ekki gerla tölur í því sambandi, en ég minnist þess, að Ferðaskrifstofa ríkisins lét eitt sinn fyrir allmörgum árum rannsaka þetta mál, og ef ég man rétt, komst hún að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera a. m. k. milljónatugur, — og þá vafalaust mun hærri fjárhæð nú, — sem erlendir ferðamenn kæmu með inn í landið og beinlínis væri verzlað með utan bankanna, en aðeins um 2 millj. króna eða tæplega það, sem kæmi inn í gjaldeyrisverzlun bankanna.

Í sambandi við þetta eru líka aðrir hættir, sem kannske eru þó enn þá lakari, og það eru þær reglur, sem bankarnir fylgja sjálfir.

Ég get ekki stillt mig um að segja hér sögu af erlendum ferðamanni, sem fékk hér heldur óþægilega og óskemmtilega reynslu í því sambandi í fyrra. Þá, eins og menn muna, gerðist það, að hér var alllengi verkfall á kaupskipaflotanum, og það voru farþegar, sem hingað höfðu komið með Heklu, sem hér urðu teptir. Þeir höfðu að sjálfsögðu haft hér gjaldeyrisviðskipti, og viðkomandi maður, sem ég á hér við, hafði farið inn í banka og skipt sínum gjaldeyri að verulegu leyti. Svo kom það á daginn, að hann gat ekki komizt út með þeirri ferð skipsins, sem áætluð hafði verið, vegna verkfallsins, og varð hins vegar að velja þann kostinn að fara með flugvél. En þá kom í ljós, að það varð hann að greiða í erlendum gjaldeyri, og það var því ekki um annað að ræða en fara í viðkomandi banka og óska eftir því að fá til baka nokkurn hluta af þeim gjaldeyri, sem skipt hafði verið, til þess að sitja hér ekki uppi gersamlega í vandræðum út af þessum erfiðleikum, sem skapazt höfðu með farkost. En þegar í bankann er komið, kemur það í ljós, að vísu eftir allmikið þref, að hann getur fengið þar aftur nokkurn hluta af sínum peningum, sem hann sannanlega hafði þar inn lagt og skipt, en þó með því einu skilyrði, að hann greiddi það mun hærra verði, — ég má ekki nákvæmlega með tölur fara, en a. m. k. sem svaraði 60 kr. hvert sterlingspund, en hafði selt bankanum það á 45 kr. Þetta þóttu viðkomandi manni hinir furðulegustu viðskiptahættir, — úr því að á annað borð var gengizt inn á að afhenda honum aftur þennan gjaldeyri, sem skipt hafði verið, út af þessum vandræðum, væri beinlínis af hálfu opinberrar lánsstofnunar hann hafður að féþúfu á hinn allra ósmekklegasta hátt. Vafalaust hefur bankinn farið eftir eðlilegum og réttum reglum í þessu sambandi, en ég verð að segja það, að slíkir starfshættir eru sannast sagt ekki til þess fallnir að vekja sérstaka virðingu fyrir okkar viðskiptum hér við erlenda ferðamenn. Svo mikið er víst, og væri mjög æskilegt, ef viðkomandi yfirvöld, sem þeim málum stjórna, tækju þessa hlið til athugunar, hvort það raunverulega getur verið svo, að þessir viðskiptahættir tíðkist hér í bönkum okkar í sambandi við þess konar gjaldeyrisviðskipti.

Ég held, að það verði ekki með nokkru móti fram hjá því komizt fyrir íslenzk stjórnarvöld og Alþ. að gefa þessum málum meiri gaum en gert hefur verið og gera hér án frekari tafar ráðstafanir til úrbóta. Þetta breytist að sjálfsögðu, ef það er ætlun stjórnarvaldanna að gera hér einhverjar breytingar á skráningu erlends gjaldeyris. Þá getur það lagazt með þeirri ráðstöfun. En ef hugsunin er að fara aðrar leiðir í því efni, þannig að engin lagfæring fáist á þessu með því móti, tel ég, að það sé algerlega óumflýjanlegt til þess blátt áfram að viðhalda sæmd okkar þjóðar og gera okkur ekki að hálfgerðu viðundri í augum þess fólks, sem við erum að hvetja til þess að koma hingað til Íslands, að gera einhverjar ráðstafanir í þessum gjaldeyrismálum ferðamanna og það fyrr en seinna.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Máli því, sem hreyft er í þessari tillögu, er fyllsta ástæða til þess að veita athygli.

Það ríkir, eins og báðir hv. ræðumenn hafa tekið fram, ófremdarástand hér að því er varðar skipti við erlenda ferðamenn. Þetta mál hefur verið hér á döfinni áður, og ég hef einnig við það tækifæri látið í ljós þá skoðun mína, að fyllsta ástæða sé til þess að sinna

þessu máli og veita því meiri athygli en hingað til hefur átt sér stað.

Um það, er hv. síðasti ræðumaður vék að skiptum ákveðins ferðamanns við banka, sem selt hefði bankanum gjaldeyri og síðan keypt af honum gjaldeyri aftur, er að sjálfsögðu ekki við hlutaðeigandi banka að sakast, heldur eðli þeirra reglna, sem um þessi viðskipti gilda. Hér er um að ræða, að þegar ferðamaðurinn hefur keypt gjaldeyrinn aftur, hefur honum verið gert að greiða yfirfærslugjald, svo sem lögboðið er, eins og um íslenzkan kaupanda erlends gjaldeyris væri að ræða. En hér er vissulega um visst vandamál að ræða, undantekningartilfelli, sem mjög sjaldan mun eiga sér stað, að sami maður með tiltölulega stuttu millibili selji gjaldeyri og kaupi svipaða upphæð aftur. Er hér atriði til athugunar, ekki fyrir bankann, sem að sjálfsögðu getur ekki annað en farið eftir gildandi lögum um þetta efni, heldur fyrir löggjafann eða framkvæmdarvaldið, ef hér væri hægt að ráða bót á með reglugerðarákvæðum, sem ég skal ekki fullyrða um.

Ég tel sem sagt, að þetta mál sé allrar athygli vert, og vildi taka undir það, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, ræði það ýtarlega.

Til upplýsingar fyrir nefndina, sem málið fær væntanlega til meðferðar, vildi ég gjarnan óska þess, að hv. flm., sem auðsjáanlega hefur hugsað talsvert um þetta mál, gerði stuttlega grein fyrir eigin hugmyndum sínum um það, hvernig hann teldi koma til greina að greiða kostnaðinn af því viðbótargjaldi, sem erlendum ferðamönnum yrði gert að greiða, og svo hvað hann teldi þetta viðbótargjald hlutfallslega þurfa að vera hátt. Skoðanir hans um þetta efni mundu án efa geta verið nefndinni til nokkurrar leiðbeiningar um það, hvers konar vandi hér er á ferðum, þ. e. skoðanir hans um það tvennt, hvernig hann teldi koma til greina að afla fjár til þess að greiða hinum útlendu ferðamönnum hið nauðsynlega viðbótarfé og hversu hann teldi þetta gjald þurfa að vera hlutfallslega hátt.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég vil byrja með að lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. menntmrh., sem hér talaði síðast, virtist hafa á því fullan skilning, að aðgerða væri þörf í þessu efni, ef tækist að leysa tæknileg vandamál í sambandi við það. En hann innti sérstaklega eftir því, hvort ég hefði í fyrsta lagi tillögur að gera um það, hversu hátt það álag yrði á ferðamannagjaldeyrinn, sem hér yrði tekið upp, og svo í öðru lagi, hvernig ætti að afla fjár til þess eða m. ö. o. til hvaða hluta ætti að selja slíkan gjaldeyri.

Það var af ásettu ráði, sem ég hef ekki í grg. gert um þetta ákveðnar tillögur, því að ég áleit, að það mundi einmitt verða líklegra til samkomulags um þetta efni, að það væri látið standa opið, en nefnd sú, sem í þetta yrði skipuð, tæki það sérstaklega til athugunar, hversu hátt það álag yrði, sem útlendu ferðamennirnir fengju á sinn gjaldeyri, eða á hvað háu verði hann yrði keyptur af þeim.

Svarið við þeirri spurningu yrði náttúrlega m. a. undir því komið, hvort það af öðrum ástæðum mundi vera talið æskilegt að ýta undir það, að menn ferðist hingað í ríkara mæli en nú er. Það er hlutur, sem erfitt er að meta. Ég tel, að ef þetta ætti að koma að einhverju gagni, væri óeðlilegt, að þetta álag yrði lægra en t. d. það, sem Íslendingar, sem kaupa erlendan gjaldeyri til ferðalaga, nú greiða, sem mun vera um 56%. Mér finnst, að ef út á þessa braut yrði farið, gæti minna varla komið til greina. Hvað mikið ætti að fara hærra en þetta, verður svo álitamál, sem ég get að svo stöddu ekki gert neina ákveðna tillögu um.

Hvað það snertir, hvernig þennan gjaldeyri svo ætti að nota, þá er það fyrir það fyrsta auðsætt, að þennan gjaldeyri má auðvitað ekki nota til kaupa á hinum svokölluðu vísitöluvörum, þannig að það hafi áhrif til þess að hækka hið almenna verðlag í landinu. Hvað sem um uppbóta- og niðurgreiðslufyrirkomulag má segja að öðru leyti, getur það auðvitað aldrei verið tilgangur ráðstöfunar slíkrar sem þessarar að kollvarpa því, þannig að þessar ráðstafanir yrði þá að fella inn í hið almenna kerfi um þetta. En ýmsar leiðir kæmu að mínu áliti til greina í sambandi við þetta. Það mætti selja þennan gjaldeyri til kaupa á ákveðnum vörutegundum, sem óhjákvæmilegt er talið að flytja eitthvað inn í landið, en mundu vera taldar frekar til munaðarvara, þannig að það ylli ekki tilfinnanlegum verðhækkunum, þó að gjaldeyrir til þeirra vörukaupa yrði dýrari en annars gerist. Í öðru lagi kæmi til greina að selja þennan gjaldeyri Íslendingum, sem ferðast til annarra landa, annaðhvort með því álagi, sem nú er á þennan gjaldeyri, eða með hærra álagi, ef sú leið væri valin. Ég hugsa, að jafnvel þó að þetta álag yrði hærra en álag á ferðagjaldeyri nú er og jafnvel til muna hærra, yrði enginn vandi að finna nægа kaupendur að slíkum gjaldeyri, og það mundi undir öllum kringumstæðum vera viðkunnanlegra, að menn keyptu slíkan gjaldeyri á löglegan hátt í bönkunum heldur en, eins og á allra vitorði er nú, að menn kaupa slíkan gjaldeyri í stærri og minni stíl á svörtum, ólöglegum markaði.

Þetta eru aðeins hugmyndir, sem ég teldi eðlilegt að væru ræddar í sambandi við þetta. En mér fannst ekki tímabært að svo stöddu að leggja fram í því efni ákveðnar till., af því að ég taldi einmitt líklegra til samkomulags, að þetta yrði að svo stöddu látið standa opið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

16. Barnalífeyrir.

Á 14. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun á ákvæðum um barnalífeyri [59. mál] (A. 94).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. og 25. fundi í Sþ., 4. des. og 5. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Eitt þeirra mála, sem flestir eru sammála um, er nauðsyn þess að hlaupa undir bagga með einstæðum foreldrum, sem ekki geta af fjárhagsástæðum veitt börnum sínum viðunandi aðhlynningu. Þess vegna hafa kvennasamtökin haft það á stefnuskrá sinni, að barnalífeyrisgreiðslum sé breytt þannig, að þær komi að meira liði en nú er, og í samræmi við það er till. á þskj. 94 flutt.

Upphæð barnalífeyrisins, sem greiddur er samkvæmt lögunum um almannatryggingar, er nú 376 kr. mánaðarlega á 1. verðlagssvæði. Það ætti að vera óþarft að útlista það með mörgum orðum hér, hve fjarri fer því, að þetta sé nálægt raunverulegum framfærslukostnaði barns. Upphæðin hrekkur ekki fyrir þeim venjulega mat, sem börn þurfa, hvað þá fyrir klæðnaði eða þjónustu. Margir forráðamenn barna grípa til þess að hafa þau á barnaheimilum, og hrekkur þá lífeyrisupphæðin hvergi nærri til að greiða daggjöld þar, sem þó er haldið undir raunverulegum rekstrarkostnaði við barnaheimilin.

Helzt þyrfti upphæð barnalífeyris að geta miðazt við það, að einstæð móðir, sem er bótaþeginn í flestum tilfellum, gæti sem mest annazt barn sitt eða börn sín sjálf í stað þess að koma þeim einhvers staðar fyrir, sem annars oft vill verða.

Það eru því miður allt of mörg dæmi til um konur, sem aldrei hafa beðið þess bætur að hafa neyðzt til að láta börn sín frá sér í bernsku, og um börn, sem ekki hafa þolað að vera á hrakningum í bernsku og fara algerlega á mis við venjulega foreldraumhyggju.

Þegar lögin um almannatryggingar, þau sem nú gilda, voru sett í marz árið 1956, var grunnupphæð barnalífeyris á 1. verðlagssvæði ákveðin 2400 kr. á ári eða sama grunnupphæð og verið hafði, frá því að lögin um almannatryggingar voru fyrst sett. Hins vegar voru grunnupphæðir annarra bóta hækkaðar allmikið árið 1956.

Þótt ekki sé langt um liðið, að tryggingalögin voru endurskoðuð, er samt fullkomlega tímabært, að ákvæði um barnalífeyri séu tekin til nýrrar athugunar. Samkv. lögunum, eins og þau eru nú, er barnalífeyrir greiddur vegna látins föður eða ef annaðhvort foreldranna er elli- eða örorkulífeyrisþegi. Hins vegar er yfirleitt ekki greiddur barnalífeyrir vegna látinnar móður. Að vísu er það stundum gert með sérstakri heimild tryggingaráðs, þegar tekjur ekkils verða fyrirsjáanlega ekki nægilegar til að sjá börnunum farborða. Það þykir hins vegar eðlilegra, að almenna reglan verði sú, að heimilt verði einnig að greiða ekkli fullan barnalífeyri, er hann hefur misst móður barna sinna. Það dylst engum, að þá missir barnið framfæranda, og að öðru jöfnu er ekki síður ástæða til þess að bæta móðurmissi en föður, að svo miklu leyti sem það verður gert með fjárhagsaðstoð. Þess vegna er æskilegt að skipa málum þessum þannig, að barn, sem á föður á lífi, en ekki móður, gæti átt rétt á barnalífeyri, og af sömu ástæðum yrði heimilað að greiða tvöfaldan lífeyri vegna munaðarlausra barna. Nú er aðeins heimilt að hækka lífeyri vegna munaðarlausra barna um 50%.

Þær breytingar, sem bent er á í þessari þáltill., að hafa þyrfti einkum í huga við athugun á þessum ákvæðum, hafa óhjákvæmilega allmikinn kostnað í för með sér. Nú er tvenns konar barnalífeyrir greiddur samkv. lögunum um almannatryggingar, annars vegar óafturkræfur barnalífeyrir, sem greiddur er samkv. 17. gr. laganna, og nam upphæð hans árið 1956 8158942 kr. Bótaþegarnir voru 1307 og börnin, sem greitt var með, 2548.

Hins vegar er samkv. 83. gr. laganna einnig greiddur barnalífeyrir samkv. úrskurði um barnalífeyri með óskilgetnum börnum og eftir því sem við á með börnum skilinna hjóna. Þessi lífeyrir er endurkræfur frá feðrum, og ef vanskil verða, þá frá framfærslusveit þess föður, sem um er að ræða. Heildarupphæð þessa lífeyris er að jafnaði allmiklu hærri en upphæð óendurkræfa lífeyrisins, og nam hún á árinu 1956 11 278 722 kr.

Það gefur að skilja, að þarna koma til aukin útgjöld sveitarfélaga, sem ábyrg eru fyrir greiðslum vanskilamanna. Það væri því full ástæða til að athuga, um leið og það er athugað, sem um ræðir í till., hvort ekki væri unnt að fara nýjar leiðir til að auðvelda innheimtu þessara greiðslna, ekki síst þar sem svo hefur skipazt, síðan þessi till. var lögð fram, að þingmenn stjórnarflokkanna ákváðu, að ríkið skyldi hætta stuðningi við þá stofnun, sem var vanskilamönnum stærsta bæjarfélagsins aðhald um greiðslur. Þessi og ýmis fleiri vandamál rísa í sambandi við þessa athugun.

Hins vegar nam hækkun lífeyris vegna munaðarlausra barna ekki nærri eins miklu, eða á árinu 1956 nam hún 16 765 kr.

Ef miðað er við svipaðan fjölda bótaþega og barna og um var að ræða í þessum dæmum, næmu hækkanir í samræmi við hugmyndirnar í þessari till. um það bil 10 millj. kr., en auk þess mundi óendurkræfi barnalífeyririnn hækka talsvert hlutfallslega, ef ekklar bættust við bótaþegafjöldann.

Tilgangur með greiðslu á barnalífeyri hlýt-

ur að vera að skapa þeim börnum, sem um er að ræða, skilyrði til þess að njóta sem beztrar umhyggju foreldris eða foráðamanna. Þannig þyrfti þá barnalífeyririnn að geta komið í veg fyrir, að einstæðum foreldrum verði nauðugur einn kostur að senda börn sín frá sér við missi fyrirvinnu. Það er því nauðsynlegt að gefa því gaum, á hvern hátt mætti hækka barnalífeyrinn, svo að hann yrði að raunverulegu liði, en varla er hægt að segja, að svo sé nú.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar, en hygg, að þetta mál eigi helzt heima í hv. fjvn., og legg því til, að umr. verði frestað og málinu vísað þangað.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Menntaskólasetur í Skálholti.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um menntaskólasetur í Skálholti [61. mál] (A. 99).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. og 25. fundi í Sþ., 4. des. og 5. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að menntaskóli hefur nú um nokkurra ára skeið starfað á Laugarvatni. Enginn efi er á því, að reynslan hefur sýnt, að skólinn er þarna að ýmsu leyti illa settur. Húsakynni eru óhentug og erfitt að bæta úr nema með gífurlegum kostnaði, enda mun það sannast mála, að skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni lét sér mjög umhugað um, að menntaskólinn tæki við húsi, sem upphaflega hafði verið ætlað héraðsskólanum, eftir að sýnt var orðið, að húsið var ekki hentugt og á því mjög stórvægilegir gallar.

Sambýli skólanna á Laugarvatni hefur og ekki að öðru leyti verið heppilegt. M. a. hefur orðið árekstur hvað eftir annað út af mötuneyti, sem ætla skyldi þó að auðvelt hefði verið að forðast eða leysa úr, ef nægileg lipurð hefði verið sýnd. Segja má raunar, að húsið, sem menntaskólinn notar nú á Laugarvatni, þurfi að nota til einhvers, og rétt er það. En víst er, að það verður ekki notað til menntaskóla nema með mjög miklum og kostnaðarsömum breytingum. Óbyggt er á Laugarvatni fyrir íþróttaskóla, sem þar er fyrirhugaður, og væri þá miklu ráðlegra að nota þetta hús eða húshluta réttara sagt, sem menntaskólanum nú er ætlaður, fyrir íþróttaskólann eða héraðsskólann, eftir því sem hann vonandi smám saman eflist.

Í Skálholti mundi aftur á móti vera mögulegt að byggja upp alveg frá grunni, miðað við þarfir menntaskólans eins, og haga öllu þannig, sem honum bezt hentaði. Mér er ljóst, að það mundi taka töluverðan tíma og verða allkostnaðarsamt. Ég efast þó mjög um, að það verði kostnaðarsamara en að klastra við það, sem nú er á Laugarvatni, ærið ófullkomið og mjög óhentugt fyrir menntaskóla. Skálholt er söguhelgur staður, og það mundi hafa ósegjanleg áhrif varðandi uppeldi ungmenna að gefa þeim kost á að dveljast í Skálholti árum saman á viðkvæmasta aldri, þegar helzt má ætla, að unglingar yrðu fyrir áhrifum vegna fornra minninga og við að kynna sér sögu landsins, sem saga þessa staðar er nátengd og margsamfléttuð við. Ég er því ekki í nokkrum vafa um, að ef því verður við komið sökum kostnaðar að flytja skólann frá Laugarvatni að Skálholti, þá er það til mikillar blessunar. Ég játa hins vegar, að ég hef ekki átt kost á því að kynna mér það til hlítar, hvort þetta sé fært kostnaðar vegna, m. a. hvort húskumbaldinn á Laugarvatni, sem menntaskólanum nú er ætlaður, er ef til vill óhæfur til allra annarra nota en þeirra, sem hann hefur nú og hann var þó ekki í upphafi ætlaður til. En það kann að vera, að ekki verði hægt að hafa hann til annarra nota á Laugarvatni, úr því sem komið er, heldur en til þessara, og þá verður að sjálfsögðu á það að líta.

Till. fer ekki fram á að taka ákvörðun um það að flytja menntaskólann á Laugarvatni að Skálholti, heldur einungis að hæstv. ríkisstj. láti kanna, hvaða kostnaður muni verða þessu samfara, og gefi síðan Alþ. skýrslu um málið, þannig að Alþ. geti að fengnum öllum upplýsingum tekið fullnaðarákvörðun um þetta mál. Með því er ekki til mikils ætlazt, að þetta verði rannsakað til hlítar, og er því furðulegt, að sumir, sem hafa látið sig þetta mál nokkru skipta, hafa snúizt með fjandskap á móti þessari till. Það getur eingöngu verið af því, að þeir óttist, að ef efnisathugun fer fram, verði hún óhagstæð þeirra hugðarefni að halda skólanum föstum á Laugarvatni. Slík tilfinningasemi má ekki með nokkru móti ráða ákvörðunum Alþ., og vil ég því mega vona, að þessi till. nái samþykki. Mér finnst eftir atvikum eðlilegast, að hún fari til athugunar hjá hv. allshn., og legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef fyrir mitt leyti síður en svo á móti því, að athugun fari fram á því, hvað það mundi kosta að flytja menntaskólann á Laug-

arvatni að Skálholti, og get gjarnan mælt með því, að slík athugun fari fram sem fyrst. Ég hef þegar átt viðræður við húsameistara ríkisins fyrir nokkru um þetta mál og beðið hann um að greina mér frá hugmyndum sínum um kostnað af þessu, og hann gerði það, en þær voru að sjálfsögðu svo lauslegar, að ég tel ekki rétt að skýra frá niðurstöðu þeirra hér, heldur þvert á móti, að skynsamlegt sé, að þessi athugun fari fram, þannig að öllum megi verða ljóst, hvern kostnað mundi af þessari breytingu leiða, þannig að Alþ., sem að sjálfsögðu á að ákveða menntaskólum stað, geti tekið sínar ákvarðanir í ljósi réttra upplýsinga.

Við þetta vildi ég aðeins bæta því, að það er Alþ. sjálft, sem á sínum tíma tók ákvörðun um, að menntaskóli í sveit, sem lagaákvæði er gildandi um að skuli starfræktur, skuli staðsettur á Laugarvatni. Gildandi lagaákvæði eru um, að starfrækja skuli menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárl., og Alþingi tók með fjárveitingu á fjárl. til menntaskóla á Laugarvatni ákvörðun um það, að menntaskóli skuli starfræktur á Laugarvatni. Ég vil því undirstrika, að það er eingöngu á valdi Alþ. og þess eins að gera breytingar hér á.

Ég skal geta þess, að þegar þessi ákvörðun var tekin á sínum tíma, eða þegar umr. um hana fóru fram, var ég persónulega þeirrar skoðunar, að aðrar aðgerðir hefðu verið heppilegri í menntaskólamálum þjóðarinnar en þær að efna til stofnunar nýs menntaskóla á Laugarvatni. Ég taldi þá brýnni þörf vera á því að koma upp öðrum menntaskóla hér í Reykjavík eða búa svo vel að menntaskólanum í Reykjavík, að hann gæti gegnt skyldu sinni betur en hann gat þá og getur enn. En staðreynd málsins er sú, að Alþ. tók aðra ákvörðun. Alþ. tók þá ákvörðun að stofna menntaskóla á Laugarvatni, til þeirrar stofnunar er þegar búið að verja allmiklu fé, og á gildandi fjárl. er enn varið fé til þeirrar stofnunar.

Hvað sem annars má um það segja, hvort þessi ráðstöfun hafi verið skynsamleg eða óskynsamleg, hvort frekar hefði átt að gera eitthvað annað, hygg ég, að varla verði um það deilt, að hringl í þessum málum er varhugavert og sérstaklega mjög dýrt. Ég er þó ekki með þessu sérstaklega að mæla gegn því, að þetta mál, sem hér er vikið að í till., sé athugað, né heldur mæla gegn því, að í sjálfu sér kynni ekki að hafa verið heppilegra, að menntaskóli í sveit væri staðsettur t. d. í Skálholti frekar en á Laugarvatni. Þó vildi ég minna á þá höfuðröksemd, sem á sínum tíma var flutt fyrir því, að skólinn væri staðsettur á Laugarvatni, sem sagt þá, að þar væri þegar fyrir skólahverfi, það skólahverfi mundi stækka með byggingu menntaskólans þar og það mundi að mörgu leyti vera heppilegra fyrir hlutaðeigandi unglinga og ódýrara fyrir heildina að starfrækja slík skólahverfi en hafa einstaka skóla staðsetta á víð og dreif um hinar dreifðu byggðir landsins.

Hér er sem sagt um að ræða mikið, margbrotið og flókið vandamál. Það er alveg rétt hjá hv. 1. flm., að þessi till. fer ekki fram á, að tekin sé nein ákvörðun í þessu máli, heldur það eitt, að athugað sé, hvern kostnað tiltekin ráðstöfun muni hafa í för með sér. Ég tel málið allt vera þannig vaxið, að ég tel rétt, að slík athugun fari fram, og vildi því mæla með því, að till. yrði efnislega séð samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, þurfi samhliða að athuga fleira og þó sérstaklega gagnvart Skálholti. Menntmrh. tók fram áðan, að Alþ. hefði ákveðið, að menntaskóli í sveit skyldi vera að Laugarvatni, og búið væri að veita til þess þó nokkurt fé. Alþingi ákvað líka, að stofna skyldi búnaðarskóla í Skálholti. Um það eru lög. Og svo veitti Alþ. fé og aftur fé, og ef ég man rétt, er það í kringum 3 millj., sem búið er að veita til bændaskólans í Skálholti. Hvað er búið að gera fyrir það? Hvar er féð? Áður en farið var að framkvæma nokkuð að ráði eftir þeim lögum, var byggt í Skálholti hús fyrir biskup. Engin fjárveiting, það var bara byggt. Allir voru spenntir og ákveðnir að gera nú eitthvað til hátíðarbrigða ákveðinn dag til minningar um biskupa, sem höfðu dregið undan bændunum flestar jarðir landsins og kúgað þá eins og þeir gátu. Svo var húsið byggt. Hvað á að gera við Skálholt? Á að hafa þar menntaskóla, flytja skólann frá Laugarvatni? Á að hafa þar bændaskóla? Á að flytja þangað biskup? Þetta á allt að athugast í einu. Sú n., sem fer að athuga út af fyrir sig eitt málið, verður að taka hin málin fyrir líka, því að Alþ. er raunverulega búið að ákveða óbeint með byggingu íbúðarhúss fyrir biskup, að þar skuli vera biskupssetur. Og nú er húsið boðið til leigu, bara ef maður vill hita það upp. Af því að það er enginn biskup til að vera í því, má hver fara í það sem vill núna, ef hann bara vill hita það upp, það vill ríkissjóður helzt vera laus við. Og svo er búið að ákveða að stofna bændaskóla, búið að veita fé til þess og ekkert gert í því. Hvað á þess vegna að gera við Skálholt? Á að flytja þangað menntaskóla, byggja þar líka bændaskóla, setja þar líka biskup, eða á eitthvað eitt af þessu að vera, en ekki allt, — og þá hvað? Ég hugsa, að nefndin þurfi þess vegna að athuga þessa till. og það þurfi að breyta henni í þá átt, að hún eigi að athuga í sambandi við þessa till. líka að öðru leyti, hvað á að gera við Skálholt. Með þáverandi hv. 2. þm. Árn. í broddi fylkingar barðist Sjálfstfl. á sínum tíma fyrir því að setja upp bændaskóla í Skálholti. Það tók nokkur ár. Svo var það samþykkt, og svo var tekin upp barátta fyrir því að fá fjárveitingu í hann. Fyrst kom 1½ millj. og svo kom — held ég — önnur 1½ millj. Hvar er það fé? Hvað er búið að gera í bændaskólamálinu? Ég bara spyr. Ég hef ekki séð það.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég og hv. 1. þm. N-M. erum sammála um það, að við höfum ekki séð búnaðarskólahúsið í Skálholti, svo að við þurfum í raun og veru ekki að spyrja, hvar það sé, en ég vil vona, að við þurfum ekki að spyrja um það, hvar peningarnir séu. Er nokkur hætta á því, að hæstv. fjmrh. hafi stungið af með þá? (Gripið fram í?) Ég veit það ekki, ég játa það, en það er ekki mín aðdróttun. Að öðru leyti tek ég undir það, að áður en málið er tekið til lokaákvörðunar, þarf að athuga öll þau atriði, sem hv. 1. þm. N-M. sagði. Það er alveg rétt athugað hjá honum, að það er ekki hægt að ákveða það eitt að flytja menntaskólann að Skálholti, heldur þarf að taka ákvörðun um það, hvað við Skálholt eigi að gera. Mín till. fer ekki í þá átt að gera till. um að flytja menntaskólann að Skálholti, — ég vil vekja athygli á því aftur, — heldur einungis að athuga kostnaðinn við það, vegna þess að áður en menn fara að koma sér niður á endanlega ráðstöfun Skálholtsstaðar, þarf að gera sér grein fyrir, hvort ef til vill nú þegar sé búið að binda svo mikið fé í ráðstöfunum á Laugarvatni í sambandi við menntaskólann, að það sé fráleitt að gera till. um að flytja hann til Skálholts. Þetta er undirbúningsathugun, sem hér er gerð till. um að eigi sér stað. Ef menn vilja nú þegar taka upp rækilega athugun á öllu málinu, þá er ég sízt á móti því.

Ég vil að öðru leyti þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans undirtektir. Það var ekkert í hans orðum, sem hné á móti minni till., enda mælti hann beinlínis með því, að hún yrði efnislega samþykkt, og vonast ég þá til, eftir að hún hefur fengið svo göfugan stuðning, að framgangur hennar eigi að vera tryggur. En ég vil til frekari skýringar einungis taka fram, að það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að allt hringl í þessum efnum er varhugavert, og einmitt þess vegna geri ég ekki fortakslaust eða við flm. tillögu um það að flytja skólann. En þegar gerð er grein fyrir kostnaðinum við að flytja skólann, verður auðvitað jafnframt að gera sér grein fyrir, til hvers sé hægt að nota húsið, sem nú er búið að reisa á Laugarvatni í sambandi við menntaskóla eða hressa upp á það, sem áður var fyrir. Það verður auðvitað að gera áætlun um það, það er hluti af þessu, og hyggja mín er sú, að enn þá hafi sáralítið verið gert á Laugarvatni, sem ekki megi jafnvel eða betur nota til annarra þarfa en til menntaskólans. Ég skal játa það hreinlega, að ég fékk á þessu máli aðra hugmynd en ég hafði áður við að kynnast þessu máli þann tíma, sem málið heyrði undir mig sem ráðherra, og var það þó ekki fyrr en ég var búinn að starfa að því nokkuð lengi, að ég var orðinn sannfærður um það, að húsin, sem á Laugarvatni eru ætluð til menntaskóla núna, henta alls ekki til þeirra hluta. Þess vegna er það skoðun mín, en ekki byggð á ákveðnum tölum, að það muni í raun og veru verða ef til vill ódýrasta leiðin að breyta alveg til og byggja upp frá grunni í Skálholti.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Hlutdeildarfyrirkomulag í atvinnurekstri.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga [65. mál] (A. 206).

Á 16. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 26., 27., 28., 29. og 30. fundi í Sþ., 4. des., 12., 18., 19., 21. og 26. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Eyf. leyft mér að flytja till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga. Með þessari till. er lagt til, að Alþ. feli ríkisstj. að láta rannsaka og gera till. um, hvar og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags. Skal ríkisstj. hafa samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf, er skal lokið eins fljótt og möguleikar eru á.

Um það verður naumast deilt með rökum, að eitt þýðingarmesta vandamál okkar þjóðfélags í dag er það, hvernig sætta megi vinnu og fjármagn, þ. e. a. s. koma á friði milli þeirra, sem atvinnufyrirtækjunum stjórna, og verkalýðs og launþega, sem við þau vinna. Reynsla síðustu áratuga í okkar þjóðfélagi sýnir, að mikil átök hafa staðið yfir milli þessara aðila og að þessi átök hafa á marga lund haft mjög óheillavænleg áhrif fyrir þjóðfélagið. Enda þótt skipulagsbundið samstarf verkalýðs innan verkalýðsfélaga hafi að mörgu leyti verið eðlilegt og sjálfsagt í okkar landi eins og fjölmörgum öðrum löndum, hafa átökin milli þessara samtaka annars vegar og eigenda atvinnutækjanna hins vegar gengið það langt, orðið það mikil, að til mikils óefnis hefur stefnt fyrir þjóðfélagið. Þetta er ekki aðeins saga liðins tíma, heldur allt fram á síðasta ár hafa

staðið yfir átök, sem segja má að mjög hafi haft mikil og óheillavænleg áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar.

Á það má t. d. benda, að á síðasta sumri urðu lengstu verkföll, sem um getur í sögu þessarar þjóðar, og þúsundir og jafnvel tugir þúsunda launþega áttu þá í átökum bæði við ríkisvaldið sjálft og atvinnurekendur um kaup og kjör. Niðurstaðan er svo sú í dag, að ef til vill er efnahagsgrundvöllur þessarar þjóðar veikari nú en oftast áður, þrátt fyrir það að þjóðin á nú betri tæki til þess að stunda með framleiðslu sína og atvinnu en nokkru sinni fyrr.

Það er skoðun okkar flm. þessarar till., að það sé nú — og hafi raunar verið miklu fyrr — fyllilega tímabært að reyna að gera sér ljósar nýjar leiðir til þess að bæta sambúð verkalýðs og vinnuveitenda, til þess að sætta vinnu og fjármagn og til þess að tryggja það, að þjóðin miði eyðslu sína og kröfur til lífsins gæða við þá raunverulegu möguleika, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

Ein leiðin, sem mönnum hefur komið til hugar í þessu efni, er sú, sem þessi till. fjallar um, nefnilega sú, að komið verði á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi, sem á því byggist, að verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn og annar verkalýður fái ekki aðeins hlutdeild í stjórn atvinnufyrirtækjanna, sem þeir vinna við, heldur og hlutdeild í arði þeirra og gerist jafnvel meðeigendur þeirra síðar.

Í þessu fyrirkomulagi felst þá í stuttu máli sagt þetta: Í fyrsta lagi, að verkamennirnir fái auk sinna föstu launa við fyrirtækið einhvern hluta í arði þess. Í öðru lagi, að þeim gefist kostur á því að safna arðhluta sínum eða einhverjum hluta hans til þess með honum síðar að eignast hluta í fyrirtækjunum. Og í þriðja lagi, að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa eða með því, að nefnd verkamanna þess fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Þetta er meginatriði þess fyrirkomulags, sem við flm. þessarar till. teljum athugandi að reynt verði hér á landi. Við sláum engu föstu um það, að þessu skuli komið á, og við flytjum ekki frv. til l. um, að þetta skuli lögbundið. Hins vegar leggjum við til, að ríkisvaldinu verði falið að gera tillögur um það, hvar og hvernig helzt sé hugsanlegt að koma slíku skipulagi á. Við leggjum enn fremur til, að haft sé fullt samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf. Við leggjum áherzlu á slíkt samstarf, því að án þess er ákaflega hætt við því, að til átaka komi og tortryggni skapist gagnvart slíku skipulagi.

Við viljum að lokum leggja áherzlu á, að það er skoðun okkar, að ríka nauðsyn beri til þess að vinna í vaxandi mæli og meira en gert hefur verið áður að því að skapa samúð og velvild í samstarfinu milli verkalýðs og vinnuveitenda og reyna á þann veg að skapa gagnkvæman skilning á því mikla grundvallarvandamáli, sem hér er vissulega um að ræða.

Ég vil svo láta að lokum í ljós þá von, að þetta mál, þessi merka hugmynd til lausnar á miklu þjóðfélagsvandamáli fái nú betri undirtektir og skjótari afgreiðslu en hún hefur fengið á undanförnum árum.

Eins og getið er um í grg. till., var till. um þetta fyrst flutt á Alþ. árið 1937 af þeim Jóhanni heitnum Möller og Thor Thors. Þá mun hafa verið skipuð fimm manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera till. um það fyrirkomulag, sem í till. greindi. Þessi n. var kosin, en upp úr starfi hennar kom lítið. N. hélt aðeins einn fund, og engar till. komu frá henni.

Við flm. þessarar till. höfum flutt hana, að mig minnir, tvívegis áður, en hún hefur ekki orðið útrædd. Þar sem ég geri nú ráð fyrir, að nokkrar vikur séu eftir af setu þess Alþ., sem nú situr, er það von mín og okkar flm., að þeirri hv. n., sem fær hana til meðferðar, gefist tækifæri til þess að athuga hana gaumgæfilega, jafnvel leita álits einhverra aðila um hana, og síðan afgreiða hana til þingsins á ný, þannig að Alþ. geti nú samþykkt þessa till. og sú tilraun verði gerð, sem hún fjallar um. — Ég leyfi mér svo að óska þess, að till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um útvarpsrekstur ríkisins [74. mál] (A. 124).

Á 26. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 18. og 19. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 21. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er á þá leið, að Alþ. feli ríkisstj. að láta endurskoða lög um útvarpsrekstur ríkisins, þannig að þau svari kröfum tímans um skipulags- og fjárhagsgrundvöll bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp, og leggja frv. að nýjum lögum fyrir næsta reglulegt þing.

Lög þau, sem útvarpsstarfsemi fer nú fram

eftir hér í landinu, eru að verulegu leyti eða að nokkrum breytingum undanskildum frá árinu 1934. Mun ég vart þurfa að rökstyðja það, að svo gömul lög um nútíma tæknilegt fyrirbrigði, sem þróazt hefur ört með árunum, eru orðin um margt mjög úrelt. Gæti ég auðveldlega rennt augum í gegnum þessi gömlu lög og bent þar á fjöldamarga hluti, bæði tæknilegs eðlis og skipulagslegs eðlis, sem rökstyðja það, en vænti þess, að þess gerist ekki þörf.

Seinna atriðið í þessari till. er á þá lund, að þegar þessi löggjöf verði endurskoðuð nú, verði að setja í ný lög ákvæði varðandi sjónvarp á Íslandi. Ég er, eins og hér hefur komið fram áður, sannfærður um, að þessi nýja tækni, sjónvarpið, hljóti að koma hér og að Íslendingar muni hagnýta sér það eins og flestar aðrar þjóðir hafa gert. Munu allir vera sammála um, að það sé þá rétt að skipa þeim málum í einhverju samræmi eða samhengi við ríkisútvarpið, að sjálfsögðu í höfuðdráttum eins hvað það snertir, að þetta verði opinber rekstur. En margt er þó að athuga, sem gjarnan mætti hugsa fyrir strax. Sjónvarpstækninni fer það mikið fram, að kostnaður við þá hluti hefur farið ört lækkandi. Og að því er ég hef síðast frétt, mun nú vera hægt að kaupa minnstu sjónvarpsstöðvar, sem til eru, en þó fullkomna sjónvarpsstöð, fyrir um 15 þús. dollara, sem er eitthvað í kringum 250—200 þús. kr. Að sjálfsögðu mundi heilli þjóð ekki duga slík tæki til lengdar, en ástæðan fyrir því, að ég hef haldið því mjög fram, að við ættum að byrja snemma á þessari nýju tækni, er sú, að það mun taka þjóð eins og okkur tíma að þjálfa menn til slíkrar starfsemi. Við þurfum að ætla okkur hóflegan tíma til þess að byggja upp tækjakost okkar, þ.e.a.s. móttökutæki einstaklinganna, og við þurfum að fá reynslu í uppbyggingu dagskrár.

Ég held, að það væri hyggilegra að byrja þetta í mjög smáum stíl, öðlast þessa reynslu og byggja síðan á framtíðarskipun sjónvarps hér heldur en bíða, eins og við ákaflega oft gerum í þessu landi, þangað til við uppgötvum allt í einu, að við erum orðin á eftir öðrum, og það er ráðizt í stórkostlegar og miklar framkvæmdir, sem við ef til vill ráðum ekki fullkomlega við. Þeir eru orðnir býsna margir Hæringarnir í okkar lífi, og ég legg til, að á þessu sviði, sem ég er sannfærður um að verði þáttur af okkar þjóðar- og menningarlífi í framtíðinni, ætti að fara hóflega og rólega af stað, en byrja fljótlega.

Ég gæti nefnt það, að við gætum hér á Íslandi notað sjónvarpið til kennslu og menningar meira en aðrar þjóðir hafa gert. Þetta er að sannast erlendis í mjög vaxandi mæli. Nú fyrir nokkru gekk hópur manna vestur í New York undir próf í bókmenntafræðum. Þessir nemendur höfðu aldrei sézt, þeir höfðu aldrei séð kennara sinn, fyrr en þeir komu á prófbekkinn. Það hafði verið kennt fullkomlega gegnum sjónvarp, og tilraunin gafst ágætlega. Slíka hluti ættum við að hugsa um, sem höfum okkar dreifbýli og viljum af menningarlegum ástæðum viðhalda því að vissu marki, og hér er vissulega um nýtt tæki að ræða, sem við gætum notað til margvíslegs gagns.

Ég skal svo ekki hafa þessa framsögu lengri, nema tilefni gefist til, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Vinnuskilyrði fyrir aldrað fólk.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vinnuskilyrði fyrir aldrað fólk [122. mál] (A. 241).

Á 27. fundi í Sþ., 18. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 19. og 21. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. og ég höfum leyft okkur að flytja á þskj. 241 till. til þál. um vinnuskilyrði fyrir aldrað fólk. Ég vil nú með nokkrum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna þessi till. er fram komin.

Það er alkunna, að á síðari árum hefur fólk náð hærri aldri hér á landi en áður fyrr. Stendur þessi þróun í beinu sambandi við betri lífsskilyrði og bætta heilsugæzlu. Nú munu vera um 10—12 þús. manns á aldrinum 67 ára og eldri, en á næstu árum mun þessu fólki fjölga mjög mikið, því að margt fólk tilheyrir þeim aldursflokkum. Það er því nokkur ástæða til að gera sér grein fyrir því, hvernig hægt er að nýta starfsorku þessa fólks betur en gert hefur verið, þar sem heilsufar þess er orðið betra og starfsorka þess endist lengur.

Það er tvennt, sem er áríðandi í þessu sambandi. Það er að nota starfsorku þessa aldraða fólks til þess að skapa verðmæti í landinu og svo hitt, að láta það hafa verkefni, svo að ellin verði því ekki lítt bærileg.

Í sambandi við þessar hugleiðingar vil ég víkja nokkuð að því, að fyrir röskum 20 árum voru sett hér lög um hámarksaldur opinberra starfsmanna og embættismanna. Þar er miðað við, að opinberir starfsmenn og emb-

ættismenn leggi niður störf sín, þegar þeir hafa náð sjötugsaldri. Þetta takmark er miðað við þá reynslu, sem þá var fyrir hendi um starfsorku manna, því að þá var almennt talið, að hún væri orðin það lítil, að menn gætu ekki setið í ábyrgðarmiklum stöðum. Það hefur hins vegar sýnt sig, eins og ég drap á að framan, að starfsorka endist nú lengur, og í sambandi við það tel ég, að það væri hyggilegt að fara að endurskoða þessi lög,

Ég vil þá benda á, ef af endurskoðun yrði, hvort ekki væri hugsanlegt, að menn létu af störfum á annan hátt en verið hefur, þannig ef þeir þyrftu ekki að fella seglin með einu handtaki, heldur gætu rifað þau nokkuð, t. d. fengið léttari störf eða sinnt starfi sínu að einhverju leyti. Það væri t. d. ekki óeðlilegt, að kennarar gætu fengið að halda áfram kennslu, þar sem mikið er um stundakennslu í skólum almennt, þó að þeir hyrfu frá starfi sem fastir kennarar.

Ég held, að það hafi sýnt sig, að starfsömum manni með mikla starfsorku er það mjög erfitt að þurfa að leggja niður sitt fyrra starf svo að segja fyrirvaralaust og eiga engan kost á því að starfa neitt að því eða við önnur störf. Það er því hyggilegt að athuga þá möguleika, að menn létu af starfi með minni hraða en nú er gert. Hitt er okkur flm. ljóst, að þó að einhver breyting yrði á í þessu efni, mundi það ekki koma í staðinn fyrir þær aðgerðir, sem við teljum að þurfi að gera til að hagnýta starfsorku þessa fólks betur en nú er gert, og þess vegna verði fleira að koma til.

Um aldarfjórðungs skeið hafa starfað hér vistheimili fyrir aldrað fólk. Upphaflega munu þau hafa verið tvö, annað hér í Reykjavík, elliheimilið Grund, og á Ísafirði, og munu hafa hafið starfsemi sína nokkuð samtímis. Þessi heimili og þau, sem síðar hafa komið, — og eru alls orðin 11, og vistrúm fyrir aldrað fólk á þeim mun vera um 6—7 hundruð, — eru fyrst og fremst miðuð við að taka við fólki, sem hætt er störfum, og veita því samastað, en ekki vinnuskilyrði. Á síðari árum hefur þessum heimilum nokkuð fjölgað, og eru nú í byggingu, að ég held, eða a. m. k. unnið að því að koma þeim upp bæði í Keflavík, á Hvammstanga og ef til vill víðar. En það, sem okkur flutningsmönnum þessarar till. finnst eðlilegt að verði athugað í sambandi við þessi mál í framtíðinni, er að miða þessi dvalarheimili meira við það, að fólk, sem þar dvelur, geti notað þá starfsorku, sem það hefur yfir að ráða, bæði til þess að skapa verðmæti fyrir þjóðfélagið og svo til þess, að ellin verði því ekki þungbær, eins og ég drap á áðan. Ekkert er þessu fólki fjarlægara en að sitja í iðjuleysi, og þess vegna er mikil nauðsyn að endurskoða þessi mál og skapa í þau meiri festu en verið hefur. Það er skoðun okkar flm., að í þessu sambandi geti komið til greina nokkuð mikil breyting frá því, sem nú er, og það sé áríðandi að hugsa þessi mál raunhæft einmitt nú, þar sem vöxtur er nokkur í vistheimilamyndun og stórir hópar af öldruðu fólki munu koma hér á næstu árum.

Okkur hefur fundizt, að það væri eðlilegt að athuga möguleika til starfsskilyrða og dvalar fyrir þetta fólk í sambandi við þau svæði hér á landi, þar sem hverahiti er. Það mun hafa verið gerð nokkur tilraun í þessa átt í Hveragerði á vegum Árnessýslu og Elliheimilisins Grundar, en lítið er þar aðhafzt enn þá. En ekki er úr vegi að láta sér detta í hug, að þar gæti verið staður fyrir slíka starfsemi og víðar á landinu, svo sem á Kleppjárnsreykjum, sem einmitt hentuðu þessu fólki og þar sem væru möguleikar til að skapa því starfsskilyrði við þeirra hæfi.

Enn fremur teljum við, að athuga beri, hvort ekki á að byggja heimilin meira upp miðað við það, ef hjón dvelja þar, að þau geti skapað sér þar heimili betur en nú er, og þurfi ekki að hverfa eins inn í fjöldann og nú á sér stað almennt á dvalarheimilum aldraðs fólks.

Við álítum, að það sé margt, sem hér komi til greina, og það sé mikið verkefni fram undan í þessu máli, sem þjóðfélagið geti ekki látið óleyst.

Með meira þéttbýli og fjölgun á hinu aldraða fólki knýr þetta mál fastar á, og það á að vera höfuðsjónarmiðið í athugun á þessu máli, sem við leggjum til að verði gerð, að búa að þessu fólki svo, að það hafi skilyrði til að vera virkur þátttakandi í framleiðslustörfum þjóðarinnar og sköpun verðmæta, og skapa því hamingjusamari elli en nú er.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað, óska eftir því, og málinu vísað til hv. allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Atvinna við siglingar.

Á 27. fundi í Sþ., 18. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun gildandi lagaákvæða um réttindi vélstjóra á fiskiskipum [123. mál] (A. 245).

Á 28. fundi í Sþ., 19. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er ekki langur tími síðan það féll í minn

hlut hér að flytja svipaða till. og þessa varðandi skipstjórnarmenn og þeirra réttindi. Það er sama í grundvallaratriðum, sem kemur til greina hér, þegar um er að ræða réttindi vélstjóranna eins og réttindi skipstjórnarmannanna. Það hefur orðið svo ör þróun í stækkun skipanna, sem notuð eru til fiskveiða, að hin gömlu ákvæði um stærðir og réttindi þessara manna hafa smátt og smátt orðið úrelt, og það var eins og ég lýsti því hér fyrrum með réttindi skipstjórnarmanna, að þetta lenti í því, að menn urðu að fá sem kallað var undanþágu til þess að mega taka þátt í fiskveiðunum á þessum skipum ár eftir ár, og hv. Alþingi féllst á þetta, og hæstv. ráðh., sá sem hafði með þau mál að gera þá, lét útbúa breytingar á löggjöfinni í þá átt að létta þessum mönnum aðgang að réttindum á þessu sviði, þannig að hægt væri að minnka a. m. k. mikið undanþágurnar, ef ekki að fella þær niður að öllu.

Nú hefur þetta sama kannske um leið endurtekið sig, en einkum hef ég þó orðið var við það núna upp á síðkastið, að vélstjórar kvarta mjög undan því, að ekki sé til auðveldari leið að því að tryggja þeim rétt til að starfa á fiskiskipunum, þessum stærri vélbátum, heldur en er, og það er þeirra ósk, Vélstjórafélags Vestmannaeyja, sem hér er borin fram, hefur þó verið borin fram við hæstv. ríkisstj. fyrr, og veit ég ekki, það a. m. k. liggur ekkert fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstj. hefur nokkuð sinnt því.

Málinu til útskýringar skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp nokkurn kafla úr bréfi Vélstjórafélags Vestmannaeyja til sjútvmrh., og er það bréf dags. 16. jan.:

„Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú, að vélar í fiskiskipum verða æ stærri og stærri að hestaflatölu og einnig í hlutfalli við tonnatölu skipsins, og vart finnast dæmi um, ef skipt er um vél í skipi, að nýja vélin sé ekki stærri en sú gamla, er í burtu er tekin. Fiskiskipin hafa og á síðari árum stækkað.

Skipstjórarnir hafa fengið sín réttindi aukin í samræmi við þróunina, en vélstjórar verða að fá tímabundna undanþágu frá settum reglum til þess að mega fylgja skipstjóra sínum í áframhaldandi starfi. Margir vélstjórar hætta og leita frekar eftir starfi í landi heldur en að standa í því vafstri og þeim óþægindum, sem réttindaleysið skapar.

Við þetta er margt að athuga.

Í fyrsta lagi: Sá hópur manna, sem vill og getur stundað sjómennsku, er sízt of stór, og löggjafanum ber skylda til að stuðla að frekari stækkun hans heldur en að útiloka menn frá sjómennskustarfinu.

Í öðru lagi skapast við þetta hættur og öryggisleysi, þá er óvanir eða lítt reyndir vélstjórar verða látnir taka við og gæta hinna dýru véla og hins ábyrgðarmikla starfs, þar sem handvömm getur valdið stórtjóni eða jafnvel riðið á lífi margra manna. Og til að undirstrika þá hættu, sem hér blasir við, leyfir Vélstjórafélagið sér að benda á, að á s. l. ári hefur hér í Eyjum orðið að lögskrá 50 vélstjóra, sem ekki hafa haft tilskilin réttindi, en orðið að fá undanþágu til starfsins."

Þetta er kafli úr rökstuðningi vélstjóranna til hæstv. sjútvmrh.

Um þetta mál hef ég ekki séð að kæmi fram neitt frv. á Alþingi, og liggur mér því við að ætla, að hæstv. ráðh. hafi enn dregið aðgerðir í því efni, en till. á þskj. 245, sem ég leyfi mér að bera fram, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta hið fyrsta fara fram endurskoðun á lögum þeim um atvinnu við siglingar, er sérstaklega snerta réttindi vélstjóra, og að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breytingar á þessu sviði til aukinna réttinda vélstjóranna í svipaða átt og áður hefur átt sér stað um réttindi skipstjórnarmanna á sams konar fiskiskipum."

Ég ætla, að ég þurfi ekki að hafa hér um öllu fleiri orð, vélstjórarnir hafa rökstutt sjálfir sitt mál svo greinilega í því bréfi, sem ég las kafla úr, til hæstv. sjútvmrh. Ég veit nú ekki, hvort það heyrir beint undir þann hæstv. ráðh. að gangast fyrir endurskoðun þessara laga, en þykist vita, að ef Alþingi fer fram á það við stjórnina, þá muni fara fram lík endurskoðun og átti sér stað á sviðinu um skipstjórnarréttindi áður, og vonast ég til, að Alþ. geti fallizt á þessa till. Það mun vera ákveðin aðeins ein umr. um málið, og þar sem þykir hlýða, að mál fari í n., er það mín ósk við hæstv. forseta, að umr. verði frestað og málið sent til allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hinn 7. maí 1956 skipaði menntmrn. nefnd manna til þess að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um vélfræðikennslu. Í þessari n. eiga sæti Þórður Runólfsson, formaður nefndarinnar, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri og Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri.

5. júlí 1956 skipaði atvmrn. þriggja manna n. til þess að fjalla um eða til þess að endurskoða ákvæði laga um atvinnu við siglingar, nr. 66 frá 1946, að því er snertir réttindi skipstjórnarmanna, þ. e. a. s. skipstjóra og stýrimanna. Í þeirri n. eiga sæti Friðrik Ólafsson skólastjóri, Einar Thoroddsen stýrimaður og Magnús Torfason prófessor. Það var þessi n., sem hv. flm. vék að í ræðu sinni áðan og skilaði bráðabirgðaáliti í fyrra. Á grundvelli þess bráðabirgðaálits afgreiddi Alþ. síðan ný lög eða breytingar á lögum um atvinnu við siglingar frá 1946, og voru þau staðfest 17. maí 1957. Á grundvelli þeirra hafa síðan verið haldin nokkur námskeið, ein þrjú námskeið, til þess að gera skipstjórnarmönnum kleift að afla sér nýrra réttinda, viðbótarréttinda til skipstjórnar. Hin n., sem þeir eiga sæti í Þórður Runólfsson, Davíð Ólafsson og Steingrímur Jónsson, starfar enn. Ég hef nýlega, af því að hún var skipuð af því rn., sem ég veiti forstöðu, gert ákveðnar ráðstafanir til þess, að starfi þeirrar n. ljúki alveg á næstunni. Hún fjallar einmitt um það mál, sem þessi till. fjallar um. Þess vegna er óþarfi að skora á ríkisstj. að láta

hið fyrsta fara fram endurskoðun á lögum þeim um atvinnu við siglingar, er sérstaklega snerta réttindi vélstjóra, og undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breytingar á þessu sviði til aukinna réttinda vélstjóranna, því að þessi n. er þegar búin að starfa í hátt á annað ár. Það er rétt, að það er of langur tími í máli, sem er jafnbrýnt og hér er um að ræða. Það hefur mér einmitt verið ljóst og hef því sem sagt alveg nýlega gert eindregnar ráðstafanir til þess, að n. ljúki störfum og skili tillögum.

Ég skal raunar einnig geta þess, að gert hefur verið ráð fyrir því, að þegar vélfræðinefndin hafi lokið störfum, beri þessar tvær nefndir saman bækur sínar að því er varðar menntun skipstjórnarmannanna og vélstjóranna og fari síðan aftur sameiginlega yfir störf sín og taki lögin um atvinnu við siglingar sem heild til endurskoðunar.

Ég skal geta þess, að sökum fjarvistar Davíðs Ólafssonar fiskimálastjóra nú um nokkurt skeið á næstunni hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að Þorsteinn Loftsson vélaeftirlitsmaður taki við störfum hans í nefndinni, þannig að engin töf þurfi að verða á því, að nefndin ljúki störfum vegna fjarvistar Davíðs Ólafssonar.

Ég vildi láta þetta koma fram til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar. Samþykkt till. sem þessarar mundi ekki geta flýtt fyrir því, að þetta mál fái þann enda, sem það á að fá, þar eð málið er þegar í endurskoðun eða í athugun og hafa þegar verið gerðar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að tryggja, að þeirri athugun verði lokið svo fljótt sem unnt er.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Hæstv. menntmrh. hefur nú talað í þessu máli, og þakka ég honum fyrir þær upplýsingar, sem fram hafa komið. En mér finnst nú, að þó að það kunni að hafa þótt nauðsynlegt á einhverjum tíma að vera með tvær nefndir í þessu, hvar af önnur starfar, en hin ekki starfar, þá hefði verið betra að hafa hraðari vinnubrögð. Ég vil ekki rengja hæstv. ráðh. um það, að hann hafi hert á þessum mönnum, en ég óska líka eftir því, að hv. Alþingi fái tækifæri til að herða á eftir þessum störfum, sem eru mjög svo nauðsynleg, og þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. ráðh. um, að það muni ekki breyta miklu, hvað hér er sagt eða gert, þá er það Alþingi, sem á að ráða gerðum ríkisstj. Og þegar þetta dregst nú svona úr hömlu, að það er komið hátt á annað ár, sem þessir góðu menn, sem hæstv. ráðh. nefndi, hafa verið að bollaleggja þetta mál með sér, og vélstjórarnir í Vestmannaeyjum hafa núna um áramótin mjög eindregið óskað eftir að fá þessar breytingar fram, þá sé ég ekki, að till. sé óþörf. Hins vegar liggur það í valdi Alþingis að samþykkja hana eða ekki samþykkja, og ég álít ekki, að ráðherra ætti að hafa neitt á móti því, að Alþ. herti á þessum mönnum, sem hann hefur sett í starf, sem er nauðsynlegt að vinna, en sýnilega hefur verið trassað.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, utan dagskrár, mælti

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hinn 26. febr. var hér vísað til allshn. máli, sem ég flutti, þ. e. till. til þál. um endurskoðun gildandi lagaákvæða um réttindi vélstjóra á fiskiskipum. Með því að flytja þessa till. til þál. var ég að leitast við að uppfylla óskir vélbáta víðs vegar um land og þó sérstaklega í Vestmannaeyjum og lét prenta með málinu bréf, sem þetta félag hafði á sínum tíma sent hæstv. sjútvmrh. varðandi breytingar á þessum réttindum, eins og lög mæla nú fyrir.

Þetta mál fór sem sagt þann 26. febr. til allshn., og ég hef ekki séð þess merki, að nefndin hafi neitt látið frá sér heyra um þetta mjög svo mikilsverða mál, sem allir vita að er þýðingarmikið fyrir þá stétt manna, sem vélgæzlu stundar.

Þar sem svo langur tími er liðinn síðan málið fór í nefnd og frá nefndinni hefur ekkert heyrzt, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann benti form. allshn. eða þeim, sem þar ráða, á þennan óhæfilega drátt, sem orðinn er á því í allshn. að sinna málefnum þessarar stéttar manna, sem vitaskuld er nú önnum kafin við að afla landinu verðmæta, en þar sem þingið að öðru leyti hefur setið mjög langan tíma yfir litlu efni að öðru leyti, þá fer illa á því, að allshn. sitji svona á réttindamálefni manna.

Forseti (EmJ): Þessum tilmælum verður komið áleiðis.

Nefndaráliti frá allshn., á þskj. 426, var útbýtt 22. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

22. Kafbátur til landhelgisgæzlu.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kaup á kafbát til landhelgisgæzlu [124. mál] (A. 249).

Á 29. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. um aukna landhelgisgæzlu og að í því sambandi sé ríkisstj. falið að athuga í samráði við forstöðumann landhelgisgæzlunnar, hvort hagkvæmt mundi að

nota kafbát til landhelgisgæzlu hér við land, og ef sú rannsókn leiddi í ljós, að þetta teldist vera hagkvæm endurbót og efling á landhelgisgæzlunni, yrði ríkisstj. heimilað að festa kaup á kafbát í þessu skyni og verja til þess fé úr landhelgissjóði.

Íslendingum er að sjálfsögðu mikil nauðsyn, að landhelgin hér við land sé vel varin, þetta arðgæfa tún þjóðar vorrar, ef svo mætti að orði kveða. Og nú liggur fyrir dyrum, að framkvæmd verði á þessu ári allmikil rýmkun eða útfærsla á því svæði, sem tekið verður undir íslenzka löggæzlu og Íslendingar einir mega stunda veiðar á, en þetta felur að sjálfsögðu í sér, að það verður að taka til nýrrar athugunar um tilsvarandi varnir í þessari stóru landhelgi, sem mörkuð verður hér við land.

Það er skoðun kunnugra manna, að sá skipafloti, sem landhelgisgæzlan hefur yfir að ráða hér, sé orðinn harla úreltur, þannig að það sé í raun og veru aðeins eitt skip af sex skipum landhelgisgæzlunnar, sem teljast megi þeim vanda vaxið að verjast ágangi togara, eins og þeir eru nú orðnir úr garði gerðir, þ. e. varðskipið Þór. Um næststærsta skip landhelgisgæzlunnar, Ægi, er það að segja, að hann hefur allt of lítinn ganghraða. Hann gengur ekki nema 12 sjómílur, en það er vitanlega hvergi nærri fullnægjandi ganghraði fyrir slíkt gæzluskip. Auk þess er þetta skip nú bundið við önnur mikilsverð störf og hefur verið nú um nokkur ár, fiskirannsóknir og leit að nýjum miðum. Meðan ekki er fengið annað betra og hentugra skip, sem þó er mikil þörf á, til þessara fiskirannsókna, verður Ægir að sjálfsögðu við þetta bundinn. Hin minni fjögur skipin, sem nú eru notuð til landhelgisgæzlu, koma hvergi nærri til neinnar hlítar að gagni við landhelgisgæzluna, eins og nú er komið. Hins vegar er mikilsvert starfssvið fyrir þau í sambandi við fiskibátana, sérstaklega á vetrarvertíðinni, því að það ber oft við, að vélar bila, og þarf þá að hafa tiltæk skip til þess að geta dregið þessa báta að landi, og hlutverk þessara fjögurra minnstu skipa landhelgisgæzlunnar er því, eins og nú er komið, fyrst og fremst að sinna þessu að sjálfsögðu mikilsverða starfi. Auk þess er á það bent hér í grg., að það mundi ef til vill þurfa að grípa til þessara minni skipa, þegar farið verði að skipuleggja fiskveiðasvæðin hér, eins og nú er allmikið talað um, þannig að viss veiðarfæranotkun verði bundin við viss svæði. Þá kemur náttúrlega þar til eftirlit, sem þessi skip mundu vel geta innt af hendi.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér um kafbáta eða hugsanlegan möguleika til nota á kafbátum í þessu skyni, hef ég fengið þær upplýsingar, að hvorki kaupverð þessara skipa né rekstrarkostnaður þeirra þyrfti neitt að vaxa okkur sérstaklega í augum, að hann yrði nokkuð meiri eða þungbærari en tilsvarandi annarra skipa, sem inntu líkt starf af höndum, og mér er einnig sagt, að það mundi ekki verða neinum sérstökum erfiðleikum bundið að geta fengið kafbát, sem mundi þéna til þessarar starfsemi. En ég hef ekki í þessari till. gengið lengra en það, eins og líka sjálfsagt er, að mjög nákvæm athugun fari fram um þessa hluti. En hitt er óhjákvæmilegt, eins og nú er, að það verður að auka skipastól landhelgisgæzlunnar, bæði með tilliti til þeirrar landhelgi, sem nú er, og það þarf náttúrlega því fremur, þegar landhelgin stækkar, eins og gengið er yfirleitt út frá að gert verði á þessu ári, fyrr eða síðar.

Kafbátur mundi þéna vel til þessara starfa. Kafbátar geta siglt bæði ofan- og neðansjávar, og þegar þeir sigla ofansjávar, ber lítið á þessum skipum, en togararnir hafa nú, eins og kunnugt er, orðið góð tæki til þess að fylgjast með öllum skipaferðum, og á venjulegum skipum er orðið mjög erfitt að komast að þessum skipum við ólöglegar veiðar eða getur verið svo í mörgum tilfellum. Hins vegar er það vitað, að sú flugvél, sem nú um skeið hefur verið notuð við landhelgisgæzluna, hefur komið að ákaflega miklu liði, og það eru að sjálfsögðu miklar vonir bundnar í sambandi við landhelgisgæzluna við fluggæzluna.

Flugvélin hefur gefið þá raun, að við vitum, að hún verður ávallt sterkur þáttur í landhelgisgæzlunni. Hins vegar eru henni takmörk sett, þannig að með henni þurfa að vera í starfinu öflug landhelgisgæzluskip, sem hafa mikinn ganghraða og geta boðið skipum, sem brotin eru á landhelgislögin, byrginn og náð þeim, til þess að fram verði komið sektum fyrir brotin.

Það er þess vegna ekki neinn vafi á því, að með nauðsynlegri aukningu á skipastól landhelgisgæzlunnar getur tekizt mjög mikið og gott samstarf á milli gæzluskipanna og flugvélarinnar, og við það samstarf getum við bundið miklar vonir um, að landhelgin geti orðið vel varin í framtíðinni, svo sem okkur líka ber mikil nauðsyn til.

Ég vænti þess, að það verði greidd gata þessarar tillögu hér og sú rannsókn, sem þar er bent til að fram fari, verði framkvæmd, og ef hún svo leiðir í ljós jákvæðan árangur, þá verði horfið að því ráði að kaupa kafbát til gæzlunnar.

Ég vildi svo leyfa mér að lokinni þessari umr. að leggja til, að þessari till. verði vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Skipaferðir milli Austfjarða og útlanda.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fastar skipaferðir milli Austfjarða og útlanda [132. mál] (A. 264).

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 26. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Helgi Seljan Friðriksson): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 264, er ég hef leyft mér að flytja, er þess efnis, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að freista þess að ná samningum við stærstu skipafélög landsins um, að þau haldi uppi reglubundnum siglingum milli hafna á Austfjörðum og útlanda, og vinna auk þess að því að koma upp umskipunarhöfn á Austfjörðum. Þessi till. er svo nánar skýrð í grg. Þar er á það bent, að þær föstu áætlunarferðir, sem hér um ræðir, eru ekki neitt nýtt fyrirbrigði. Allt fram að heimsstyrjöldinni síðari voru slíkar ferðir frá útlöndum beint til Austfjarða einn liður í áætlun Eimskipafélags Íslands, þó að eftir styrjöldina hafi sá háttur af lagzt. Bergenska gufuskipafélagið hafði um langt skeið slíkar ferðir samkvæmt áætlun erlendis frá til Austfjarðahafna. Nú um nokkurt skeið, eða eftir heimsstyrjöldina síðari, hefur ekki verið um annað að ræða en skip, bæði frá Eimskipafélaginu og skipadeild S.Í.S., hafa án nokkurrar fastrar áætlunar komið til hafna austanlands erlendis frá með kol, timbur, sement, salt og annað því um líkt. Föst áætlun hefur engin verið, og um aðrar vörur hefur vart verið að ræða, eins og tekið er fram í greinargerð.

Það má óhætt fullyrða það, að þessar siglingar eftir fastri áætlun til Austfjarða voru Austfirðingum mjög til hagsbóta og þeir voru mjög ánægðir yfir þeim. Kemur þar einkum tvennt til: Það fyrst, að ef Reykjavík er gerð að umskipunarhöfn fyrir nær allar nauðsynjavörur fólksins úti á landsbyggðinni, hlýtur það að tefja afgreiðslu varanna til hinna ýmsu staða, og er á þeirri skipan mála auðsæilegur munur og á því, sem hér er ráð fyrir gert, þ. e., að skipin komi beint með vörurnar til Austfjarðahafna. Hlýtur slíkt fyrirkomulag mjög að hraða afgreiðslu varanna. Annað atriði, enn veigameira, er svo vöruverðið. Með þeim kostnaði, sem er við umskipun hér í Reykjavík, og eins flutningskostnaði héðan og út um land hlýtur vöruverðið almennt að hækka. Sem afleiðing þessa verður vöruverð nokkru hærra en það er í Reykjavík. Oft þegar verzlunarmenn úti um land eru spurðir um mismun á vöruverði þar og í Reykjavík, sem mönnum finnst oft óeðlilega mikill, eru svör þeirra mjög á sömu lund. Kostnaður og umskipun hér í Reykjavík og flutningskostnaður út um land er orsökin. Og oft virðist hér ekki um svo lítinn eða óverulegan hlut að ræða. Það þarf enda varla að rökstyðja nánar þau höfuðatriði, sem hér mæla með þessari skipan mála, svo sem það er augljóst mál. En með þessu ynnist tvennt fyrir Austfirðinga. Þeir mundu losna við aukakostnað, og þeir mundu fá margar nauðsynjavörur sínar fyrr en ella.

Þetta ætti að nægja til að sýna, að þetta er sanngirnismál. Hitt er svo annað, að vafalaust má benda á ýmsa annmarka við framkvæmd þessarar till. En á það er þá að líta, að ekki er ýkjalangt síðan slíkum reglubundnum siglingum var haldið uppi, og ekki hefur annað heyrzt en þær siglingar hafi borgað sig eins vel og hverjar aðrar. Ekki virðist heldur vera svo auðvelt að sjá, á hvern hátt þetta væri erfiðara í framkvæmd nú en áður var, nema ef segja má, að það sé orðin svo föst venja að láta allar helztu nauðsynjavörur landsmanna fara fyrst til Reykjavíkur, að þetta þyki óhugsandi af þeim orsökum. En slíkt breytir auðvitað engu um raunverulega möguleika á framkvæmd tillögunnar.

Þegar um þetta hefur verið rætt, hafa oft heyrzt þær mótbárur, að á Austfjörðum séu engin heildsölufyrirtæki, og einnig hitt, að um Reykjavík fari öll gjaldeyris- og innflutningsleyfi. Hvað fyrra atriðinu viðvíkur má slá því föstu, að ef möguleiki væri fyrir slíkum beinum siglingum, mundi ekki standa á slíkum heildsölufyrirtækjum, og má einkum benda á, að auðvelt ætti að vera fyrir kaupfélögin að hafa með sér samvinnu til þess að ná vörunum beint. Hitt atriðið er ekki heldur eins þungt á metunum og virðist vera og kæmi þessu máli engan veginn eins mikið við og í fljótu bragði virðist, einkum þegar á það er litið, að nú liggur fyrir Alþ. till. um það að koma upp innflutningsskrifstofu í hverjum landsfjórðungi, og ef sú till. næði fram að ganga, væri þar með sá vandi úr sögunni.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að umskipunarhöfn þeirri, sem um er rætt í till. Ef slíkar beinar siglingar kæmust á, væri auðvitað æskilegt, að áætlunin yrði bundin við sem flestar hafnir austanlands, þar sem viðunandi aðstaða er. Í mörgum tilfellum yrði þá auðvitað um það að ræða, að einhverjum höfnum yrði að sleppa, eigi sízt þegar tekið er tillit til þess, að yfir sumartímann eru samgöngur miklar og greiðar á landi um Austfirði og á þann hátt auðvelt að nálgast vörurnar, þó að þeim sé eigi komið á ákvörðunarstað. En til þess að þetta mætti verða sem auðveldast í framkvæmd, yrði að koma upp umskipunarhöfn á Austfjörðum, eins konar aðalhöfn, en þaðan færi svo aftur dreifing fram til hinna smærri staða. Í sambandi við þetta yrði að taka fullt tillit til Fljótsdalshéraðs og hvaðan hagkvæmast væri að dreifa vörum um það. Slík aðalhöfn yrði hin mesta nauðsyn, ef slíkar siglingar kæmust á, þó að æskilegast væri, að sem minnst umskipun þyrfti að eiga sér stað. Hitt gæti þó mjög oft margborgað sig. Sjálfsagt er, að ef úr þessu yrði, þá yrði aðstaða hinna ýmsu staða vandlega könnuð og lokaákvörðun tekin í samræmi við það. En Reyðarfjörður hefur án efa oftast verið nefndur í þessu sambandi, og er það einkum með tilliti til vörudreifingar um Fljótsdalshérað, sem er langauðveldust þaðan. Einnig er Reyðarfjörður mjög miðsvæðis í sambandi við allar samgöngur á landi, og fleira mætti telja. Ég bendi aðeins á þetta hér, en tel vandlega at-

hugun á staðsetningu umskipunarhafnar nauðsynlega.

Að lokum vil ég svo geta þess, að fjórðungsþing Austfjarða hefur haft þetta mál til meðferðar og gert um það till., sem mjög beinast í sömu átt og mín till., og að lokum vil ég svo leyfa mér að æskja þess, að þessu máli verði vísað til allshn., umræðu verði frestað.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þessi till. á mikinn rétt á sér, og ég vildi sízt verða til þess að mæla á nokkurn hátt á móti henni.

Hv. flm. þessarar till. minntist á það, að það, sem hér væri farið fram á, væri ekkert nýtt, því að það hefði verið áður svo, að millilandaskip hefðu komið upp að Austfjörðum. En þau komu víðar við, t. d. Bergenska gufuskipafélagið, þegar það var í förum hér, og jafnvel Eimskipafélag Íslands. Ég man vel eftir því, að skip Bergenska félagsins komu upp til Austurlandsins, ég hygg á Seyðisfjörð, síðan komu þau til Akureyrar, Siglufjarðar og Ísafjarðar. Þetta voru þeirra viðkomustaðir á leiðinni til Reykjavíkur. Og svo mun oft hafa verið með önnur þau skip, sem hér gengu. Ég vildi því aðeins beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki væri rétt að gera till. víðtækari en hún er hér flutt og hún yrði á þá leið, að viðkomustaðir skipa, sem koma frá útlöndum, yrðu á Austfjörðum; þar sem það þætti hentugast þar, kæmu þau að landi, og síðan kæmu þau við t. d. á sömu stöðum og áður tíðkaðist um mörg ár og ég hygg áratugi. Ég hygg, að það megi benda á, að tveimur öðrum landsfjórðungum væru sömu hagsmunir að því, að þetta mætti verða, eins og Austurlandi yrði að framkvæmd þeirrar hugmyndar, sem í till. felst.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. við *hana* barst á þskj. 292.

---

24. Viti við Ísafjarðardjúp.

Á deildafundum 4. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vita við Ísafjarðardjúp [145. mál] (A. 286).

Á 32. fundi í Sþ., 55. marz, var till. tekin til *fyrri umr.*

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Ísaf. (KJJ) að flytja till. um vita við Ísafjarðardjúp, þar sem lagt er til, að ríkisstj. verði falið að láta hið fyrsta auka ljósmagn vitanna við Ísafjarðardjúp, þannig að þeir fullnægi betur þörfum sjósóknar og siglinga á þessum slóðum. Jafnframt er lagt til í till., að sett verði upp ratsjá á Arnarnesi eða öðrum þeim stað, þar sem sérfróðir menn telja mest gagn að slíku öryggistæki.

Síðan byrjað var að byggja vita hér á Íslandi, munu nú vera liðin um það bil 80 ár. Fyrsti vitinn, sem hér var byggður, var gamli Reykjanesvitinn, sem byggður var árið 1878. Fyrst framan af gekk bygging vitanna á strandlengju Íslands mjög hægt sökum fjárskorts, en nú eru á ströndum Íslands samtals 102 vitar, sem taldir eru á vitaskrá vitamálaskrifstofunnar. Enn fremur eru til viðbótar um 50 leiðarljós og auk þess nokkrar ljósbaujur.

Að þessu vitakerfi og leiðarljósum er að sjálfsögðu stórmikið gagn og öryggi fyrir siglingar meðfram ströndum landsins og fyrir sjósókn frá hinum mörgu verstöðvum á strönd landsins. En ýmsir þessara vita eru nú orðnir gamlir og fullnægja ekki þeim kröfum, sem gerðar eru í dag af hálfu sjófarenda til slíkra öryggistækja. Í þeirra hópi má telja þá vita, sem nefndir eru í till. okkar hv. þm. Ísaf. og enn fremur í grg. hennar.

Sjómenn vestra hafa hvað eftir annað kvartað undan því, að þessir vitar á Arnarnesi við Skutulsfjörð og Óshólum við Bolungavík séu allt of daufir og nauðsyn beri til þess, að ljósmagn þeirra sé aukið, til þess að þeir skapi það öryggi, sem til er ætlazt. Á það má benda, að fjöldi báta stundar fiskveiðar frá þessum verstöðvum og mjög mikil umferð er um Ísafjarðardjúp, bæði af fiskibátum, verzlunarskipum og flutningaskipum, sem flytja vörur, farþega og afurðir til og frá þessum landshluta. Til þess ber því brýna nauðsyn, að ljósmagn þessara vita verði aukið, og með till. þessari leggjum við til, að vitamálastjórninni verði falið það og þeirri framkvæmd komið hið fyrsta í kring. Enn fremur bendum við á það í grg. till., að nauðsynlegt sé að auka ljósmagn vitans á Sléttu í Jökulfjörðum, sem fyrst og fremst hefur verið gerður vegna smávélbáta, sem stunda veiðar þar, en einnig getur orðið að gagni fyrir umferð um utanvert Ísafjarðardjúp. Á það má benda í þessu sambandi, að innlend og erlend skip leita oft skjóls inni í Jökulfjörðum í óveðrum, og þess er skemmst að minnast, að einn íslenzkur togari strandaði einmitt á þessum slóðum fyrir örfáum árum, Egill rauði, sem strandaði við Grænuhlíð, eyðilagðist og fórst þar. Einnig á þessum stað er þess vegna nauðsynlegt að sé ljósmagnsmeiri viti en þar er nú.

Þá leggjum við til í þessari till., að jafnframt því sem ljósmagn tilgreindra vita verði aukið, verði sett upp ratsjá á Arnarnesi. Að slíku öryggistæki er mjög mikið gagn. Fáir fiskibátar hafa hins vegar fengið þessi dýru tæki enn þá. Í framtíðinni má e. t. v. gera ráð fyrir því, að fleiri vélbátar, sem stunda landróðra, fái slík tæki, en meðan þeir hafa það ekki, væri mjög gagnlegt, að við nokkrar helztu verstöðvar landsins væru settar upp ratsjár í sambandi við vitana. Að slíku tæki væri fluginu á Vestfjörðum einnig mjög mikið gagn. Enn þá verður að halda uppi flugsamgöngum við Vestfirði

með tiltölulega ófullkomnari og eldri gerðum flugvéla en við aðra landshluta. Vestfirðir og flugsamgöngurnar við þá mega því illa við því, að verr sé búið að þessum landshluta um öryggistæki en öðrum landshlutum. Það er því ábending okkar og till., að sett verði upp ratsjá á þessum stað eða öðrum, þar sem sérfróðir menn teldu að mest gagn yrði að því.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa till. Ég leyfi mér að óska þess, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Rit Jóns Sigurðssonar.

Á deildafundum 14. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um útgáfu á ritum Jóns Sigurðssonar [152. mál] (A. 307).

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, forsetar Alþingis, að bera hér fram till. á þskj. 307 um útgáfu á ritum Jóns Sigurðssonar. Till. hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Alþingi ályktar, að gefin skuli út heildarútgáfa af ritum Jóns Sigurðssonar forseta og kostað kapps um, að fyrsta bindi útgáfunnar komi út árið 1961, á 150 ára afmæli hans. Felur Alþingi ríkisstjórninni að leita samninga við Menntamálaráð Íslands um að annast útgáfu ritanna á þeim grundvelli, að 40% kostnaðarins greiðist úr menningarsjóði, en 60% úr ríkissjóði. Hagnaður sá, sem verða kann af útgáfu þessari, renni óskiptur í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.“

Forsaga þessa máls er í stuttu máli sú, að mér var tjáð fyrir stuttu, að menntamálaráð hefði haft uppi ráðagerð um það um nokkurt skeið að gefa út rit Jóns Sigurðssonar forseta, en það mál hefði strandað hjá menntamálaráði á því, að það hefði ekki treyst sér til að festa í útgáfunni það fjármagn, sem nauðsynlegt væri, eða — og þó öllu heldur — að ef þetta fjármagn væri í þeirri útgáfu fest, mundi það geta orðið til þess að draga úr útgáfustarfsemi ráðsins á öðrum sviðum, sem ekki var talið mögulegt.

Þá munu hafa farið fram viðræður nokkrar milli menntamálaráðs og menntmrn. um það, hvort ríkissjóður gæti á einhvern hátt hlaupið þarna undir bagga í bili, og þá var það, að ég heyrði um þetta, vegna þess að það var ekki talið Alþingi óviðkomandi, hvernig um þetta mál færi.

Þau viðtöl, sem þá áttu sér stað, urðu til þess, að þessir þrír aðilar, menntamálaráð, menntmrn. og við forsetar Alþingis tilnefndum sinn manninn hver til þess að athuga þetta mál og undirbúa, eftir því sem þeir teldu að hægt væri og ástæða væri til. Árangurinn af því starfi liggur fyrir í þessari þáltill. og þeirri grg., sem hér fylgir.

Þessi grg. er allýtarleg, og ég hef þar ekki neinu verulegu við að bæta.

Jón Sigurðsson skipar svo einstakt sæti í okkar sögu, að það er ekki vansalaust, að þjóðin skuli ekki eiga greiðari aðgang að ritverkum hans en hún á dag. Þessi ritverk eru að vísu mörg prentuð, en þau eru prentuð á ýmsum stöðum og í ritum, sem almenningur á alls ekki aðgang að. Þingræður og þess háttar er vitaskuld í alþingistíðindunum, ritgerðir hans margar eru í Nýjum félagsritum, og hvort tveggja þetta liggur náttúrlega fyrir prentað, og bréf hans hafa einnig verið prentuð tveim sinnum eða í tveim bindum, og eru þau einnig þess vegna til prentuð. En hvort tveggja er, að þessi prentuðu rit eru í tiltölulega mjög fárra manna höndum, og svo hitt, að enn er mikill hluti af ritum hans óprentaður, sem þyrfti að takast með, ef heildarverkið ætti að vera aðgengilegt og koma fyrir almannasjónir.

Þessi útgáfa, ef í hana verður ráðizt, verður allstórt verk að vöxtum. Það er gert ráð fyrir af mönnum, sem kannað hafa, að það mundi verða um 10 stór bindi, 50—60 arkir hvert bindi, svo að búast má við, að hún taki allmörg ár, sjálfsagt eitthvað á annan áratug. Útgáfan verður að vera vönduð, svo að hún sé í samræmi við þá minningu, sem við viljum tengja við nafn Jóns Sigurðssonar, svo að þess vegna verður að leggja í hana allmikið verk, áður en til prentunar getur komið.

Kostnaðaráætlun hefur verið sett upp af þeim, sem hafa kannað þetta mál, og tölurnar í þeirri kostnaðaráætlun eru að vísu nokkuð háar, eða heildartölurnar í kringum 5½ millj. kr., en það þýðir þó ekki, að þessa fjárhæð þyrfti að leggja út, því að væntanlega verða komnar inn verulegar tekjur af útgáfunni, áður en henni er lokið, þannig að síðari hluta af kostnaðarverði útgáfunnar mætti að verulegu leyti mæta með tekjunum af fyrri hlutanum.

Það hefur verið lagt til, að menntamálaráð kostaði útgáfuna að 2/5 hlutum, en ríkissjóður að 3/5 hlutum, en þó er gert ráð fyrir, að hún skili þessum peningum aftur, bæði til menntamálaráðs og til ríkissjóðs, þegar henni er lokið, svo að þetta þurfi ekki að vera raunveruleg útgjöld fyrir hvorugan aðilann, aðeins fé, sem verður bundið um nokkurt árabil. Það er meira að segja gert ráð fyrir, að af þessari útgáfu geti orðið nokkur hagnaður, ef vel tekst til, og þessum hagnaði er gert ráð fyrir að verja til þess að styrkja „Gjöf Jóns Sigurðssonar“, sem því miður hefur ekki með

þeim fjármunum, sem hún hefur nú yfir að ráða, getað sinnt því verkefni, sem þeim sjóði var í upphafi ætlað.

Það þarf því ekki orðum um það að eyða, hvaða þakklætisskuld við stöndum í við Jón Sigurðsson forseta, enda höfum við sýnt það, bæði á 100 ára afmæli hans með stofnun háskólans og einnig þegar lýðveldið var stofnað hér 1944 með því að dagsetja lýðveldistökuna einnig á hans afmælisdegi. Eftir þrjú ár rúm — eða árið 1961 — eru liðin 150 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, og það er að áliti okkar flm. og annarra, sem um þetta mál hafa fjallað, talið æskilegt og viðeigandi, að einmitt á því ári gæti þessi útgáfa hafizt. Að því mundi þá verða stefnt, að fyrsta bindi útgáfunnar kæmi út einmitt á því ári.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Íslenzka þjóðin hefur haldið til haga fjöldamörgum sögulegum minjum og mörgum þeim, sem út af fyrir sig kannske skipta ekki mjög miklu máli. Það er þess vegna ekki vansalaust, að rit þessa manns, sem hefur verið brautryðjandi í okkar frelsisbaráttu og markað tímamót í okkar sögu, eiga ekki að vera til aðgengilegri en þau eru í dag.

Ég vildi þess vegna vona, að hv. alþm. vildu á þessa till. fallast og greiða fyrir því, að þessi útgáfa yrði hafin á þann hátt, sem till. gerir ráð fyrir.

Ég vildi svo leyfa mér að leggja til, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Gjaldeyrisafkoma.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um skýrslusöfnun um gjaldeyrisafkomu [161. mál] (A. 346).

Á 38. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin á dagskrá, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það hefur oft verið um það kvartað af hálfu stjórnarvalda landsins, að umr. um efnahagsmál á almennum vettvangi, í blöðum, á mannfundum o. s. frv. væru ekki svo málefnalegar sem skyldi og torveldi slíkt skynsamlega lausn þessara mála. Án efa má þetta oft til sanns vegar færa. En hitt ber að hafa hugfast í þessu efni, að grundvöllur þess, að almenningur geti áttað sig á þessum málefnum, hlýtur alltaf að vera sá, að sem víðtækastar upplýsingar um hina einstöku þætti þessara mála séu fyrir hendi hverju sinni, en því hefur mjög verið ábótavant hér hjá okkur, að svo sé.

Á þessu þingi hafa af okkur sjálfstæðismönnum verið fluttar nokkrar till., sem miðað hafa að því að bæta nokkuð úr sumum verstu annmörkunum, sem hér er um að ræða. Má þar nefna till., sem flutt var af hv. 1. þm. Reykv. um skýrslugerð um niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Sú till. hefur nú fengið fullnægjandi afgreiðslu. Fyrr á þessu þingi hef ég einnig flutt till. um athugun á vísitöluútreikningi og vísitölufyrirkomulagi, en sú till. hefur ekki enn þá verið afgreidd frá þeirri hv. þn., sem hana fékk til meðferðar, hvað sem því veldur. Þriðja till. af þessu tagi er svo sú, sem hér liggur fyrir um skýrslusöfnun um gjaldeyrisafkomu.

Í þáltill. er gert ráð fyrir, að þessi skýrslusöfnun verði þríþætt: í fyrsta lagi skýrslur um gjaldeyrisaðstöðu bankanna á hverjum tíma, sundurliðaða eftir helztu tegundum gjaldeyris, í öðru lagi skýrslusöfnun um erlendar skuldir og breytingar, sem á þeim hafa orðið, og svo í þriðja lagi skýrslusöfnun um birgðir útflutningsafurða annars vegar og innfluttrar vöru.

Hvað fyrsta atriðið snertir, skýrslur um gjaldeyrisaðstöðu bankanna, þá er þar aðeins um að ræða þá einu breytingu frá því, sem nú er, að gert er ráð fyrir því, að skýrslurnar séu oftar birtar en nú er gert. Landsbanki Íslands hefur birt skýrslur um þetta efni eftir hver áramót að undanförnu, en hér er lagt til, að þessar skýrslur verði birtar ársfjórðungslega. Þar er aðeins um það að ræða að birta skýrslur, sem þegar mun vera safnað.

Hvað snertir upplýsingar um erlendar skuldir og breytingar á þeim, hafa slíkar skýrslur að undanförnu verið birtar árlega af Landsbanka Íslands, þannig að þar er ekki um að ræða neina breytingu frá því, sem nú er.

En helzta nýmælið í þessu efni, sem till. gerir ráð fyrir, er það, að safnað sé upplýsingum um birgðir útflutningsafurða og birgðir innfluttrar vöru. Á þessu eru nokkrir tæknilegir örðugleikar, það er mér fyllilega ljóst, en hins vegar ber að hafa það hugfast, að allar skýrslur um gjaldeyrisafkomuna hljóta að verða mjög ófullnægjandi, ef ekki er safnað skýrslum um þetta atriði. Þó að t. d. gjaldeyrisaðstaða bankanna kunni á einhverju tímabili að hafa batnað, mundi það gefa villandi mynd, ef það lægi eingöngu í því, að birgðir innfluttrar vöru eða útflutningsafurða hefðu minnkað að sama skapi eða jafnvel meira á því tímabili, sem um er að ræða, og auðvitað á það á sama hátt við, að þó að um versnandi gjaldeyrisaðstöðu sé að ræða hjá bönkunum, mundi það ekki út af fyrir sig gefa rétta mynd af þróuninni, ef birgðir af útflutn-

ingsafurðum og innfluttri vöru hefðu aukizt tilsvarandi eða meira á sama tíma, svo að um það ætti ekki að vera neinn ágreiningur, að fullnaðarmynd af gjaldeyrisafkomunni og breytingum, sem á henni verða, fæst ekki, nema um þetta sé safnað skýrslum.

Hvað snertir birgðir útflutningsafurða, mun Fiskifélag Íslands nú þegar hafa með höndum söfnun skýrslna um það atriði, svo að á því ættu ekki að vera svo ákaflega miklir örðugleikar að fá upplýsingar um það. Hitt verður öllu torveldara, það er mér ljóst, að safna fullnægjandi skýrslum um breytingu á birgðum innfluttrar vöru. Þess má þó geta, að það er gert ráð fyrir því í þáltill., að þessum skýrslum verði safnað eftir hver áramót, en birgðatalning fer einmitt fram hjá öllum fyrirtækjum um það leyti. Ef ekki þætti tiltækilegt að safna skýrslum um birgðir allrar innfluttrar vöru, gæti það þó gefið rétta mynd af þróuninni — og það er það, sem er aðalatriðið í þessum efnum — að taka nokkra þýðingarmestu vöruflokkana, sem væru þess eðlis, að tiltölulega auðvelt væri að fá um það upplýsingar.

Að öðru leyti tel ég að þáltill. þessi þurfi ekki nánari skýringar við. En einu atriði vildi ég þó aðeins vekja athygli á til leiðbeiningar og skýringar fyrir þá hv. þn., sem mál þetta fær til meðferðar. Í till. er gert ráð fyrir því, að gjaldeyrisskuldir bankanna og innstæður bankanna í erlendum gjaldeyri séu sundurliðaðar eftir tegundum gjaldeyris, eins og það er orðað. Einn af starfsmönnum hagdeildar Landsbankans, sem ég ræddi þetta mál nokkuð við, áður en ég lagði till. mína fram, vakti athygli mína á því, að bankanum kynni ef til vill að þykja varhugavert að gefa nánari sundurliðun á þessu en nú væri gert. Því vil ég taka það fram til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning, að ég hafði ekki hugsað mér, að þessi sundurliðun yrði nánari en nú er. Nú gera bankarnir gjaldeyrisaðstöðuna upp á þann hátt, að skipt er í EPU-gjaldeyri, clearinggjaldeyri og dollaragjaldeyri, en ég hafði ekki hugsað mér, að á þessu yrði gerð nein breyting frá því, sem nú er. Finnst mér rétt að taka þetta fram til skýringar.

Að öðru leyti legg ég til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Biskupsstóll í Skálholti.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti [165. mál] (A. 365).

Á 38. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin á dagskrá, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt mörgum öðrum hv. alþm. úr öllum þingflokkunum að flytja á þskj. 365 till. til þál. um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. Skálholt mun hafa verið biskupssetur um 700 ára skeið og eign biskupsstólsins. Öllum heimildum ber saman um það, með hverjum hætti Skálholt varð eign og aðsetur biskupsstóls á Íslandi, en það gerðist með þeim hætti, að Gissur biskup Ísleifsson gaf jörðina til biskupsstólsins og kvað svo á, að þar skyldi biskupssetur vera, meðan Ísland væri byggt og kristin trú ríkjandi í landinu. Þetta var síðan lögfest á Alþingi.

Með gjöf Gissurar biskups og þeirri tilskipun hans, að biskupsstóll skuli ávallt vera í Skálholti, er ákveðinn aðsetursstaður æðsta manns kirkjunnar og hún viðurkennd sem sjálfstæð stofnun. Tilskipun konungs 29. apríl 1785 um, að biskupssetur sé fært frá Skálholti er því freklegt brot gegn kirkjunni í landinu.

Það er náttúrlega þýðingarlítið að rekja mistök og syndir liðins tíma, en 18. öldin var mikill niðurlægingartími fyrir hina íslenzku þjóð, og þá var komið næst því, sem orðið hefur, að þjóðinni blæddi út, og lagðist þar allt á eitt: útlend harðstjórn og óáran í ríki náttúrunnar.

Seinni hluti 19. aldarinnar og það, sem af er þeirri 20., hefur verið endurreisnartími, og nú er svo komið, að þjóðin lifir við kjör, sem jafnast á við það, sem gott er talið hjá þeim þjóðum, er búa við betri hnattstöðu en Íslendingar. En þótt svo sé, er enn margt ógert til þess að bæta fyrir mistök og syndir þeirra, sem völdin höfðu yfir Íslandi, áður en þjóðin náði þeim aftur í eigin hendur.

Íslendingar eru fámenn þjóð, sem á sér stórbrotna sögu og merkilegar menningarerfðir. Þessi fámenna þjóð, sem um margar aldir lifði einangruð langt frá öðrum þjóðum, hefur allt í einu komizt inn í hringiðu veraldarglaumsins og reynt eftir megni að notfæra sér þá nýju aðstöðu til þess að byggja upp atvinnuvegi sína og auka vellíðan þjóðfélagsþegnanna. Þetta var og er vissulega mikilvægt: að komast úr kútnum. En í öllu uppbyggingarstarfi þarf að halda fast í þjóðlegar menningarerfðir og reisa við forn óðul íslenzkrar menningar.

Skálholt er elzta menntasetur landsins og háborg kristins siðar á Íslandi. Þar var raunverulega höfuðstaður landsins um margar aldir. Þar sátu biskuparnir í Skálholtsstifti. Þaðan gerðu þeir yfirreiðir sínar um biskupsdæmið, sem náði frá Helkunduheiði suður og vestur um land að Hrútafirði við Húnaflóa.

Það má sjálfsagt ýmislegt misjafnt segja um vald biskupanna og kirkjunnar yfirleitt, en svo lánsöm varð þó íslenzka þjóðin, að kirkjan og biskupavaldið var yfirleitt þjóðræki og beitti sér oft gegn konungsvaldinu. Sjálfsagt hefur það að einhverju leyti verið vegna ótta um að missa völd og auð. En svo mikið er þó víst, að þegar konungsvaldinu hafði tekizt að brjóta á bak aftur fulltrúa kirkjuvaldsins, biskupana á Hólum og í Skálholti, þá Jón Arason og Ögmund Pálsson, þá seig á ógæfuhliðina fyrir þjóðinni, og eftir það reisti hér enginn rönd við konungsvaldinu, svo að nokkuð verulega kvæði að, um langa hríð.

Sigur konungsvaldsins yfir biskupavaldinu hafði hin skaðlegustu áhrif á efnahag þjóðarinnar, því að konungur tók undir sig allar klaustrajarðir, mikið af jörðum biskupsstólanna og talsvert af jörðum þeirra manna, er barizt höfðu á móti siðaskiptunum. Þegar konungur hafði lokið þessu jarðaráni, var nálægt fimmti hluti af öllum jörðum í landinu eign konungs.

Afgjaldið af konungsjörðunum gekk að mestu út úr landinu og í fjárhirzlu konungs. Þetta hafði auðvitað hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir efnahag landsins, en auk þess var lagt á landseta konungs að inna af hendi margs konar kvaðir, sem ekki viðgekkst áður, meðan kirkjan eða biskupsstólarnir áttu jarðirnar, og óx þannig fátækt og eymd þeirra, sem urðu landsetar á konungsjörðum.

Það kann nú að virðast sem svo, að þessi þáttur í sögu kirkjunnar og þjóðarinnar, sem hér hefur verið drepið á, komi því máli lítið eða ekki við, hvort endurreisa beri biskupsstól í Skálholti. En íslenzkan skörungsskap og kjark bar einna hæst í sögu þjóðarinnar, þegar þeir atburðir voru að gerast, sem hér hefur verið drepið á. Biskuparnir Jón Arason og Ögmundur Pálsson eru báðir einhverjir glæsilegustu fulltrúar, sem þjóðin hefur átt í viðureign við grimmt útlent vald.

Ég efast ekki um, að þótt kaþólsk kirkja eigi fáa fylgjendur hér á landi nú, mundi ekki standa á henni að endurreisa báða hina fornu biskupsstóla hér á landi á hinum fornu biskupssetrum og byggja þar upp veglega, ef hún fengi tækifæri til þess. Svo mikla rækt leggur kaþólska kirkjan hvarvetna við sögulegar minningar og að tengja þær trú og starfi hinna lifandi kynslóða.

Samkvæmt biskupatali Jóns Sigurðssonar í Safni til sögu Íslands telur hann, að 30 biskupar hafi setið í Skálholti í kaþólskum sið og 12 í lútherskum. Núverandi biskup yfir Íslandi er hinn 9. í röðinni, er setið hefur í Reykjavík samkvæmt konungstilskipuninni 1785.

Íslenzka þjóðin tók upp sið Lúthers nauðug. Engin ástæða er þó til að harma, að sá siður náði að festa hér rætur. En sú breyting hefði mátt verða með öðrum hætti, því að siðaskiptin notaði konungsvaldið til að kreppa greipar að hálsi þjóðarinnar stjórnarfarslega og efnahagslega.

Vér höfum borið sigur úr býtum í baráttunni fyrir réttindum vorum við arftaka þeirra, sem kúguðu þjóðina á öld siðaskiptanna og síðar brutu forn fyrirmæli og lagaboð um aðsetur biskupsstólanna með því að flytja þá frá Skálholti og Hólum. Vér náðum sigrinum, af því að þjóðin var einhuga um málstað sinn, en vér eigum margt ógert enn til þess að endurreisa í landinu það, sem lagt var í rúst á tímum ófrelsis og eymdar. Þá voru þjóðardýrgripir fluttir úr landi, svo sem hin dýrmætu handrit, sem íslenzkir menn höfðu gert af snilligáfum, sem alltaf hafa lifað með þjóðinni. Vér vinnum nú í ákafa að því að gera líf þjóðarinnar sem þægilegast og stefnum með miklum hraða inn í framtíðina til hins fyrirheitna lands lífsþæginda og öryggis um líkamlega velferð einstaklingsins, og skal það ekki lastað. En vér megum ekki gleyma fortíðinni, sögu vorri og skyldum við gengnar kynslóðir. Rækt við söguna er einnig skylda við framtíðina.

Skálholt ber einna hæst allra staða í íslenzkri sögu. Jörðin er úr landnámi Ketilbjarnar hins gamla, og er talið, að Teitur, sonur hans, hafi þar fyrstur bæ reist. Eftir hann bjó svo þar Gissur hvíti, sonur Teits, og síðan þeir feðgarnir Ísleifur og Gissur biskup.

Með tíundarlögunum, sem Gissur biskup kom á, tryggði hann biskupsstólinn fjárhagslega. Til stólsins voru síðar með tíundarfénu keypt undir hann lönd og hlunnindi. T. d. voru keyptar Vestmannaeyjar mestallar, eyjan Árnes í Þjórsá og skóglendi Sandártungna í Þjórsárdal auk margra fleiri smærri eigna.

Í kirknatalinu um 1200 er Skálholt kallaður „æðstur staður og dýrðlegastur á Íslandi", og í Hungurvöku er Teiti Ketilbjarnarsyni talið það til hamingju, að hann gerði fyrstur bæ í Skálholti, er nú er allgöfugastur bær á öllu Íslandi. Hinir ágætu biskupar, sem réðu fyrir staðnum og auðguðu hann og prýddu, og umfram allt helgi Þorláks biskups Þórhallssonar, sem staðfest var hér á landi rétt fyrir 1200, hafa þótt réttlæta þessi ummæli.

Skálholtsstaður bætti smátt og smátt við auðæfi sín. Sumt var keypt, en sumt áskotnaðist með gjöfum og áheitum, og síðar fékk staðurinn mikið fé í sektir fyrir ýmis kirkjulagabrot.

Gissur hvíti mun fyrstur hafa reist kirkju í Skálholti, og mun það hafa verið fljótlega eftir kristnitökuna. Ef til vill er sú kirkja næstelzt á landinu, en fyrsta kirkjan, sem talið er að gerð hafi verið hér á landi, er kirkja sú, sem Þorvarður Spak-Böðvarsson gerði í Ási í Hegranesi árið 984. Kirkja Gissurar hvíta mun hafa staðið nokkuð fram í biskupstíð Gissurar Ísleifssonar, en hann lét gera hina 30 álna löngu kirkju, sem hann lagði svo staðinn undir og marga og mikla fjármuni aðra.

Magnús biskup Einarsson byggði við kirkju Gissurar biskups og stækkaði hana mikið og gaf henni margar gersemar.

Næsti eftirmaður Magnúsar biskups var Klængur Þorsteinsson, norðlenzkur maður. Hann lét höggva í Noregi stórviði, og var það farmur á tvö skip, og lét efna til kirkjugerðar, þegar er hann hafði einn vetur setið á biskupsstólnum. Mun sú kirkja vera hin mesta,

sem reist hefur verið í Skálholti, og stærsta kirkja, sem reist hefur verið á Íslandi til þessa dags. Kirkjusmiðirnir hétu Árni og Björn hinn hagi Þorvaldsson, og kvað Runólfur Ketilsson biskupsson þannig um kirkju þessa:

Hraust er höll sú, er Kristi
hugblíðum lét smíða,
góð er rót undir ráðum,
ríkur stjórnandi, slíkum.
Gifta var það, er gerði
guðs rann ígultanni.
Pétur hefur eignazt ítra
Árna smið og Bjarnar.

En Pétri postula var kirkjan helguð.

Klængur biskup lét einnig gera kirkjunni marga góða gripi, m. a. gullkaleik settan gimsteinum.

Páll biskup Jónsson lét byggja stöpul við kirkju Klængs, mjög vandaðan að efni og smíði, og lét þar gera í stöplinum kirkju eða kapellu og vígði Þorláki helga biskupi, móðurbróður sínum. Páll biskup lét búa kirkjuna veglega og lagði til hennar 4 hndr. hundraða, eða sem svarar til 480 kúgilda, en það mundi nema hálfri annarri milljón króna samkvæmt núgildandi skattmati búpenings. Sýnir það, að stórir hafa þeir verið í sniðum hinir fyrri tíma höfðingjar og ekki smátækir, þegar þeir voru að styrkja menningarmál þjóðar sinnar.

Illa munu hinar veglegu Skálholtskirkjur hafa enzt og verið fljótar að hrörna og fúna undan hinni sunnlenzku rigninga- og umhleypingaveðráttu, því að þegar Árni Þorláksson settist á stólinn 1269, var þessi mikla kirkja hrörnuð mjög að þökum. Lét hann þá gera nýja kirkju, en eldingu laust niður í hana, svo að hún brann og með henni mikil auðæfi og dýrgripir. Voru þá hafin samskot um allt land til endurreisnar kirkjunni, og safnaðist mikið fé, en Árni biskup Helgason fór út til Noregs og kom heim aftur árið 1310 með kirkjuvið *og marga góða gripi, sem Hákon konungur háleggur,* drottning hans og margir beztu menn í Noregi gáfu til kirkjunnar, og var þá reist mikil og vegleg kirkja í Skálholti, en sú kirkja fauk árið 1318 í ofviðri.

Talið er, að þær rúmar 5 aldir, sem kaþólskur siður ríkti í Skálholti, hafi þar kirkja verið reist átta sinnum, en á sama tíma hafi 5 sinnum verið reist kirkja á Hólum í Hjaltadal, og hefur mismunur veðráttu vafalaust átt sinn þátt í því.

Ég hef rakið þetta hér vegna þess, að sagan af kirkjubyggingunum í Skálholti lýsir því vel, hversu forsvarsmenn biskupsstólsins létu sér annt um reisn kirkjunnar og spöruðu hvorki til fyrirhöfn né fjármuni, svo að vegur og tign embættisins, sem kirkjan á staðnum táknaði, mætti sem mestur vera í vitund fólksins.

Norðmenn áttu sinn þátt í að hjálpa til við þetta, eins og sést af gjöfum Hákonar háleggs.

Nú er verið að reisa veglega kirkju í Skálholti, þótt ekki sé hún eins stór og Klængskirkjan, en hin nýja kirkja er reist úr varanlegu efni, og til hennar hafa borizt stórfenglegar gjafir. Kirkjur Norðurlandanna hafa gefið 4 klukkur, mjög góða gripi, silfurstjaka og annan altarisbúnað og font úr færeysku grjóti. Einstaklingar í Danmörku hafa gefið altaristöflu skorna, vandað pípuorgel og glermálverk í alla glugga kirkjunnar og einstaklingar í Noregi trjávið, þilplötur og hellur á allt þak hennar, og von mun vera á fleiri gjöfum erlendis frá. Af þessu sést, að frændur okkar á Norðurlöndum láta ekki sitt eftir liggja að efla og prýða þann stað á Íslandi, Skálholt, sem norræn menningarsaga á margt að þakka.

Skálholt var allt í senn: höfuðstaður íslenzkrar kirkju og kristinnar trúar, menntaog fræðasetur, þar sem trú og saga tengdust og studdu hvor aðra. Þar loguðu kyndlar mannvits og mennta og lýstu út yfir hafið, sem skilur Ísland frá öðrum löndum. Sagan og siðfræði Krists sátu á sama þekk, norræn tunga og suðræn menning sórust í fóstbræðralag á biskupsstólunum. Fyrir áhrifin, sem þjóðin fékk þaðan, erum vér Íslendingar sérstök menntuð og frjáls þjóð í dag. Það er ekki nóg að viðurkenna þetta í orði. Vér verðum einnig að viðurkenna það í verki á þann hátt að gefa hinum fornfræga sögustað, Skálholti, og öðrum frægum stöðum líf á nýjan leik, tengja þessa staði við líf og starf þjóðarinnar í nútímanum, flytja til þessara staða þau andleg störf og forustu í vissum greinum þjóðmenningarinnar, sem þeim hæfa og samrýmzt geta sögulegu hlutverki þeirra í vitund þjóðarinnar.

Raddir hafa heyrzt, þegar um þessa hluti er rætt, sem telja, að með slíku sé forustu- og menningarhlutverk höfuðstaðar landsins, Reykjavíkur, rýrt. Þetta tel ég ekki rétt. Höfuðborgin hlýtur ávallt að verða höfuðmiðstöð íslenzkrar menningar og aðsetur hins æðsta valds í landinu. Íbúar borga og bæja þurfa hins vegar að hafa lifandi tengsl við byggðir landsins, þar sem þjóðin lifði og þar *sem sagan gerðist.* Það ætti því ekki að vera síður þeirra áhugamál að endurreisa reisn íslenzkra sögustaða, hvar sem þeir eru á landinu. Þjóðin öll verður að eiga rætur sínar í dreifðri byggð landsins, í náttúru þess og sögu, og það hlýtur að vera metnaður hvers Íslendings að endurreisa alla þá staði, sem varpað hafa ljóma og frægð á þjóðarsöguna. Að heimsækja og dvelja á slíkum stöðum, þar sem ilmur minninga vakir og gróðursettar hafa verið á ný stofnanir eða starfsemi í anda þjóðlegra minja og minninga, á og getur verið þjóðlegri menningu styrk stoð, og slík endurreisn á að vera höfuðstaðarbúanum ekki síður áhuga- og metnaðarmál en hverjum öðrum af íbúum landsins.

Ég hygg, að ef biskupsstóllinn verður fluttur að Skálholti, verði þeir miklu fleiri, bæði höfuðstaðarbúar og aðrir, sem komast í snertingu við sjálfan biskupinn og hið tigna embætti hans, heldur en hér í sjálfum höfuðstaðnum. Þangað munu margir fara sér til upplyftingar og hressingar til þess að skoða staðinn og dvelja þar stund og stund við minningar liðins tíma í sögu staðarins og landsins.

Ef litið er á legu Skálholts, verður ekki séð,

að það sé til mikilla óþæginda fyrir þjóðina og starfsmenn kirkjunnar, þó að biskupsstóllinn sé fluttur þangað. Staðurinn er í 94 km fjarlægð frá höfuðstað landsins, og er það um tveggja tíma akstur í bifreið. Vegir liggja í allar áttir frá staðnum og brú komin á Hvítá í nálægð staðarins. Biskupinn og hans þjónustulið getur búið við öll nútímaþægindi, því að þau eru þar þegar fyrir hendi. Þar er sími, raforka og jarðhiti. Læknir hefur aðsetur í Laugarási, sem er spölkorn frá. Umhverfis staðinn er þéttbýlasta og fjölmennasta landbúnaðarhérað landsins. Náttúrufegurð er óvíða meiri en í Skálholti og náttúruauðlegð mikil, svo að þar gæti fjöldi fólks haft nóg að starfa og lifa af. Þar er því ákjósanlegt umhverfi fyrir höfðingja og tiginn embættismann að hafa aðsetur og öll aðstaða til að gera embætti biskupsins að háum tindi í vitund þjóðarinnar og að voldugu tákni í trúar- og menningarlífi komandi kynslóða.

Við flm. þessarar till. ætlumst ekki til þess, að sá aldni biskup, sem nú stýrir þjóðkirkjunni, flytjist í Skálholt, heldur gerist það þegar biskupaskipti verða næst, nema þá því aðeins að núverandi biskup kynni að vilja verða hinn fyrsti biskup, sem settist að í Skálholti, eftir að þar hefur verið biskupslaus staður hátt á annað hundrað ár. Væri það vel samboðið hinum merka kirkjuhöfðingja, sem nú situr á biskupsstóli Íslands.

Okkur flm. þessa máls kemur saman um það, að ekki megi lengi dragast úr þessu að ákveða um framtíð Skálholts, og okkur þykir sem ekki komi annað til mála en að biskupinn yfir Íslandi hafi þar aðsetur og þannig séu aftur tengd saman saga Skálholts og starf íslenzku þjóðkirkjunnar. Kristin trú var í lög tekin á Alþingi. Fyrirmæli Gissurar biskups um, að Skálholt skyldi vera biskupssetur, meðan kristin trú ríkti í landinu, voru einnig á Alþingi lögfest. Nú kemur til kasta Alþingis að ákveða, hvort eigi fremur að standa fyrirmæli þau, er fylgdu gjöf Gissurar biskups og lögfesting Alþingis á þeim, eða konungstilskipun, sem ekki er vitað að landsmenn hafi óskað eftir.

Ég hygg, að þess sé beðið með talsverðri eftirvæntingu, hver afstaða Alþingis verður til þessa máls. Það er því eindregin ósk mín og okkar allra flm., að málið verði afgr. á þessu þingi. En þar sem líklegt er, að Alþingi eigi nú ekki eftir að sitja nema stuttan tíma, þarf sérstakan hraða að hafa á, svo að málið fái afgreiðslu. Málið er að mínum dómi þess eðlis, að varla er rík þörf á því, að nefnd fjalli um það. Þingmenn hafa haft nægan tíma til þess að mynda sér skoðun um þetta mál, þar sem hvort tveggja er, að í fyrra — fyrir ári — var lögð fyrir Alþingi till. um sama efni, sem þá var ekki afgr., og nú hefur þessi till. legið frammi í nokkrar vikur, og auk þess hefur nú um nokkurra ára skeið verið ritað talsvert í blöð landsins um þetta málefni. Þyki hins vegar hæstv. forseta og hv. alþm. nauðsyn til bera, að málið fari til athugunar í n., þá leyfi ég mér að gera till. um, að hv. fjvn. fái það til athugunar, og mundi ég þá fyrir hönd okkar flm. vilja óska eftir, að málið fengi fljóta afgreiðslu.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til síðari umr.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Það var nú eingöngu vegna niðurlagsorða hv. frsm. (ÁÞ), — ég hef nú ekki enn getað talið þá, hvað margir eru flm., en þeir eru áreiðanlega milli 10 og 20 að þessari till., — sem ég vildi aðeins segja örfá orð, því að mér virtist, að hv. flm. ætlaðist eiginlega til þess, að till. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir, án þess að um hana væri fjallað í nefnd. Meiri lokleysu hef ég aldrei heyrt í raun og veru borna fram á Alþingi, því að allir vita, að hér er um að ræða margra milljóna króna útgjöld úr ríkissjóði, ef þessi till. yrði samþykkt á þennan hátt. En þessu var náttúrlega ekki haldið fast fram af hv. frsm., en þó gat hann um það, að sér fyndist eiginlega óþarfi, að Alþingi fjallaði um till. á annan hátt en þann að rétta upp hendurnar og samþykkja hana eins og hún liggur fyrir.

Ég vildi svo geta þess hér, að ég ásamt fleiri þm. — við höfum leyft okkur að bera fram till. hér, sem er í prentun og verður sennilega útbýtt á morgun, um það, að ríkisstj. sé falið, — ég hef ekki till., og það gerir heldur ekkert, efnið kann ég, — að ríkisstj. verði falið að undirbúa undir næsta Alþ. endurreisn eða athugun á endurreisn biskupsstólanna á Hólum og í Skálholti. Það náttúrlega gæti aldrei komið fyrir hið háa Alþ., að það með einni einustu málsgrein, eins og hér er, ákvæði um að flytja biskupssetrið á þennan hátt, sem allir vita að verður líka mjög mikið deiluatriði, því að það þarf enginn að hugsa sér, að Norðlendingar muni gleyma Hólum, þegar kemur fram till. eins og þessi, — Norðlendingar, sem okkar lárviðarskáld og mesta skáld enn, a. m. k. allt frá Agli Skallagrímssyni, sagði: „Sá fjórðungur, er fyllti landið hálft.“

Ég gæti náttúrlega alveg eins og hv. frsm. fjórtánmenninganna, eða hvað þeir eru margir, þulið hér upp langa kafla úr sögu Hóla í Hjaltadal, eins og hann gerði með sögu Skálholts. Ég ætla ekki að gera það, tel það heldur einskis virði í þessu sambandi. Það er allt annað, sem þar verður að liggja til grundvallar, ef það á að taka upp. En það kemur ekki til mála, og ég þekki þá Norðlendinga illa, ef þeir taka því vel, að Hólum sé algerlega gleymt í sambandi við það, að verið er að ráðstafa biskupssetri út á land. Það þori ég algerlega að fullyrða.

Ég þori alveg í samjöfnuð um Skálholtsbiskupa og Hólabiskupa um það, að það hafa ekki minni kempur á Hólum setið, bæði sem trúboðar og þjóðlegir varðmenn fyrir okkar þjóðerni, en verið hafa í Skálholti. Þess vegna tel ég ekki rétt að vera með meting um þá hluti. En það gerði hv. flm. till. Hann var að telja upp hina miklu kosti hinna ýmsu Skálholtsbiskupa. En það mátti ekki nefna neitt,

sem gert hefði verið á Hólum, nema a. m. k. í mjög óljósum vendingum. Annars ætla ég ekki við þennan hluta umr., — því að ég efa ekki, að þessi till. fer til n., — að fara að ræða málið að öðru leyti.

Það er þó aðeins eitt, sem kom fram seint í ræðu hv. frsm. flutningsmannanna, sem mig langar aðeins til þess að nefna. Hann sagði, að biskup, sem sæti í Skálholti, mundi komast í miklu nánari snertingu við fólkið í landinu en þar, sem hann sæti nú. Jú, hann tók það fram, hv. 1. þm. Árn., að það væru blómleg og falleg héruð í kringum Skálholt. Síztur manna skal ég neita því. Þetta eru indælar sveitir og gott og ágætt fólk, sem þar er. Og það er sjálfsagt ekki vafi á því, að biskupinn getur komizt í nánari snertingu við það fólk, sem rétt er í kringum hann. En ég vildi leyfa mér að biðja hv. flm. að spyrja menn norðan úr landi, austan af landi, vestan af Vestfjörðum, hvort þeim finnist það hagræði, þegar þeir ætla að finna herradóminn hér í Reykjavík, að þurfa að fara langa leið, eftir að þeir eru komnir hingað, til þess að ná honum. Það er einmitt stórkostlegur aukakostnaður fyrir alla þá, sem erfiðast eiga með að ná fundi æðstu manna þjóðfélagsins, sem hér er, því að það liggja engar leiðir aðrar en í gegnum Reykjavík til þess að koma til Skálholts. Ég hefði mjög gaman af að heyra það, sem fólk í þessum héruðum segði um þetta atriði, og þetta er þó stórt atriði.

Ég ætla ekkert inn á kostnaðarhliðina, en eins og mun koma fram í þeirri till., sem lögð verður fram nú á næstunni og við vonum að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki til athugunar, um leið og hún athugar þessa till., þá vona ég það fastlega, að Hólum verði alls ekki gleymt í þessu sambandi. Og ég segi ykkur alveg satt, að það verður enginn friður um þetta mál, öðruvísi þá en að tvö biskupssetur verði reist. Það er ég alveg sannfærður um, og það mun sá biskupinn, afburðamaður, Gissur biskup, einnig hafa fundið, sem frsm. vitnaði til að réttu um stórhug og mikilleik á ýmsa vegu, eins og algerlega er rétt, þegar hann ekki einungis leyfði, heldur jafnvel beitti sér fyrir því, að reistur væri biskupsstóll á Hólum, og var með í ráðum og valdi í raun og veru afburðamann til þess að taka fyrsta biskupssæti þar, Jón biskup Ögmundsson, sem sat hér í Sunnlendingafjórðungi. Ef á að fara að taka sérstaklega það, að Gissur biskup gaf Skálholt til biskupsseturs og að þar skyldi vera ævarandi biskupssetur, meðan kristið land væri hér á Íslandi, þá beitti hann sér líka fyrir því, að Hólar voru gefnir sem biskupssetur, og hann gerði það vitanlega alveg með sömu kenndum þar, að sjálfsagt væri, að þar væri biskupssetur alltaf, meðan biskupssetur væri í Skálholti. Það getur ekki orkað tvímælis, eftir því sem söguleg rök hníga að því.

Mér þætti ekki ótrúlegt, að þessu máli lyktaði hér nú þannig, að þetta yrði athugað af fleiri aðilum. Við höfum nú mikla yfirbyggingu í sambandi við okkar kristni og kirkjumál. Við höfum synodus og prestastefnu og allt mögulegt, og einmitt fjallar það um þessi mál, og mér þætti ekki ótrúlegt, að það væri eðlilegt að heyra álit slíkrar ráðstefnu um þetta, þó að þetta hafi eitthvað verið rætt þar áður, áður en gengið yrði frá því af hinu háa Alþingi. Annars er ég því mjög samþykkur, að þetta mál fari til fjvn. og verði athugað þar. En ég held, að þetta mál verði aldrei afgreitt á þennan hátt. Það getur ekki verið minna, sem um er að ræða, ef Alþ. á að afgreiða svona mál, en samið verði um það frv. Það er þó alltaf talið virðulegra en einföld þáltill., sem felur í sér milljónir eða milljónatugi útgjalda, — það er ég alveg sannfærður um.

Svo skal ég ekki segja meira um þetta á þessu stigi málsins, en mun að sjálfsögðu, þegar málið kemur til annarrar umr., mæla fyrir þeirri brtt., sem þá verður komin fram og búin að fá einhverja afgreiðslu í þeirri hv. n., sem hefur þetta til meðferðar og ég skal fylgja að verði fjvn.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því, sem þeir ræðumenn hafa sagt, sem hér hafa talað á undan, þó að ég sé þeim um annað ósammála.

Það var ljóst af orðum hv. 1. þm. Skagf., að sumir meta þetta mál mjög sem metnaðarmál tiltekinna staða á Íslandi, og á það þó sízt við um hv. 1. þm. Skagf., að hann vilji hlut Skálholtsstaðar lítinn, því að af öllum ráðamönnum á seinni öldum hér á Íslandi hygg ég einmitt, að hann hafi manna mest beitt sér fyrir því að hefja Skálholt úr þeirri niðurlægingu, sem það var komið í, svo að hans orð átti vitanlega ekki á neinn hátt að skilja á þann veg, að hann vildi hlut Skálholts lítinn, þó að hann teldi sitt hvað að athuga við þessa till.

Það er vitanlega rétt margt af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um helgi og gildi Skálholtsstaðar í hugum Íslendinga, og ég er sammála öllu því, sem hann sagði um þýðingu skilnings almennings á gildi slíkra staða og mikilvægi þess, að þeir verði efldir á þann veg, að það geti orðið til þess að vekja og efla sögulega tilfinningu, skilning á samhengi íslenzkrar sögu frá upphafi til þessa dags. En með því er auðvitað engan veginn skorið úr, hvar heppilegt sé að biskup Íslands sitji, eins og til háttar á Íslandi nú.

Hv. þm. vitnaði til þess í sinni mjög skörulegu og ánægjulegu ræðu, sem bæði var fróðlegt og gaman að hlusta á, að Alþ. ætti meira að meta gerðir hins forna biskups, sem gaf staðinn, og samþykki Alþ. á henni heldur en konungsboð, sem ekki hefði verið gefið að tilhlutan landsmanna sjálfra. Þetta kann að láta vel í eyrum. En er þá hv. þm. reiðubúinn að taka afleiðingum þess, sem hann segir? Var það svo, að hinn forni biskup gæfi staðinn þeirri kirkjudeild, sem nú starfar hér á Íslandi? Hún var þá að vísu ekki til, en víst er, að biskupinn hefði talið hana hina örgustu villutrúarmenn, og er sú kirkjudeild, sem einmitt landsmenn voru þvingaðir til með konungsboði þvert ofan í vilja landsmanna til að taka yfir sig. Ef fylgja á eftir rökstuðningi

hv. 1. þm. Árn., er óhjákvæmileg afleiðing þess, að Skálholt verði afhent hinni kaþólsku kirkju, svo að ekki verði sagt, að upp verði tekið, að við allir gerumst kaþólskir, sem kannske margt má færa með, en ég skal ekki gera hér að umræðuefni. Þessi tilvitnun til fornra samþykkta og gerða, svo skörulega sem hún var fram sett af hv. 1. þm. Árn., leiðir út í hreina ófæru, þegar hún er rakin til hlítar. Það er alveg ljóst, að hv. þm. ætlar sér ekki að fara alla leið, sem hans rökstuðningur hlýtur þó að leiða til með jafnmiklum sanni eins og sá spölur, sem hann hér leggur til að farinn sé.

Sögulegar minjar ber vitanlega að hafa í heiðri og gera mikið úr gildi þeirra, en jafnframt verður að taka tillit til þeirra breytinga, sem á eru orðnar í þjóðlífinu. Það verður að gæta þess að láta helgi hinna sögulegu staða ekki verða sér fjötur um fót, heldur til þess að hvetja menn til framsóknar til eflingar heilbrigðs þjóðlífs, eins og það nú er á þessum dögum. Og þá komumst við ekki hjá að viðurkenna þá staðreynd, að okkar þjóðlíf hefur ekki einungis gersamlega breytt um svip og starfshætti, frá því að biskupsstóll var fyrst settur fyrir mörgum öldum í Skálholti, heldur jafnvel frá því að biskupsstóllinn var fluttur frá Skálholti til Reykjavíkur nú fyrir nær 200 árum. Hafi það þá verið nauðsynlegt, — og víst er, að þó að það væri gert að konungsboði, þá voru ýmsir hinna fremstu Íslendinga, sem töldu það nauðsyn, einnig þá, og þeir, sem bezt þekktu, — en hafi það þá verið rétt eða rík ástæða til þess, þá er miklu ríkari ástæða til þess nú að láta biskupssetrið vera í Reykjavík.

Það er oft talað um það, og það er rétt, að það er ekki að öllu leyti æskilegt, hvílíkur fjöldi fólks er nú samankominn í Reykjavík, í næsta nágrenni hennar og hér í kringum Faxaflóa. En því verður ekki á móti mælt, að nú er meginhluti landsfólksins kominn á þessar slóðir. Þess vegna er óhjákvæmilegt, að þeir embættismenn, sem eiga að gegna verulegu hlutverki fyrir þetta fólk, séu þar, sem það getur bezt náð til þeirra og þeir til þess. Og það á auðvitað fyrst og fremst við um allan þann fjölda, sem hér býr í Reykjavík og hér í nágrenninu. En það á einnig og ekki síður við, eins og hv. 1. þm. Skagf. réttilega lagði áherzlu á, alla þá menn, sem koma til Reykjavíkur víðs vegar utan af landi og eiga erindi við biskup. Líkur eru til þess, að þeir séu annaðhvort hér í bænum, úr næsta nágrenni eða hvort eð er eigi brýnum erindum hér að gegna, þannig að það yrði alger krókur fyrir þá, kostnaður, óþægindi því samfara, ef þeir þyrftu að fara austur til Skálholts til þess að hafa tal af þessum embættismanni. Nú vitum við að vísu, að það eru ekki nema tiltölulega fáir af öllum þeim, sem hér búa eða til bæjarins koma, sem hafa erindi við biskup, það er alveg rétt. En t. d. fyrir prestastéttina, en hennar höfðingi er biskupinn, þá er það ljóst, að það yrði beinn kostnaður og margháttuð óþægindi fyrir alla aðra en þá, sem eiga heima á Suðurlandsláglendinu, ef biskupsstóll og sá eini á landinu væri í Skálholti og fluttur frá Reykjavík. Þegar þessir menn koma hingað til bæjarins, hafa þeir yfirleitt mörgum erindum að sinna, eins og gengur og gerist og ekki þarf að lýsa fyrir mönnum. Hitt er sjálfsagt, að þeir gangi allir á biskupsfund. En ef þeir þyrftu að fara nær 100 km ferð aukalega til þess, tekur það bæði mikinn tíma, það er mikill kostnaður, og marga mánuði ársins er nánast ófært að fara þá leið, eins og við vitum, því miður, með þeim samgöngum, sem nú eru hér á landi.

Ég er að vísu mikill hvatamaður þess, að leiðin austur yfir fjall verði gerð sæmilega örugg, þannig að hún verði daglega fær vandræðalaust, og það er bæði skömm og skaði að láta núv. ástand haldast öllu lengur. En eins og sakir standa enn, vitum við, að það getur verið margar vikur samfleytt, svo að ekki sé talið í mánuðum, að menn fari ekki óneyddir þessa leið. Þeir, sem það gera af brýnni nauðsyn, leggja það auðvitað á sig, en þetta er óþægilegt og mörgum vandkvæðum bundið.

Nú játa ég, að svo hversdagsleg atvik eins og þau, sem ég hef talið, hljóma ekki eins vel og hin háfleyga ræða hv. 1. þm. Árn., sem talaði til tilfinninga manna og setti sitt mál prýðilega fram. En það er ekki biskup liðinna alda, sem við erum að velja aðsetur, heldur tiltekinn embættismaður, sem á að gegna ákveðnu hlutverki í íslenzka þjóðfélaginu í dag.

Það verður því að nálgast þetta mál eftir þeirri leið að athuga fyrst, hver eru störf þessa manns og hvar vinnur hann þau auðveldast af hendi. Er það í Reykjavík, í Skálholti, á Hólum eða einhvers staðar annars staðar?

Ég játa það, að ég hef engan staðarmetnað Reykjavíkur vegna að halda endilega í biskup landsins. Ég játa, að ég tel það Reykjavík sæmd, að hér sé biskupssetur, og hér hafa margir ágætir menn gegnt því starfi, sem ekki eru síðri í Íslandssögu en margir þeirra fyrirrennarar, þó að þjóðfélagshættir hafi breytzt þannig, að þeir eru ekki eins áberandi í þjóðlífinu í heild og hinir fornu biskupar voru. Það verður því sízt af öllu talið, að Reykjavíkurseta biskupa hafi verið nokkur niðurlægingartími í biskupsdæminu. Þvert á móti. En ég játa, að ef málefnaleg rök eru færð fyrir því, að biskupinn geti betur gegnt því starfi og auðveldara verði fyrir almenning að hafa samband við hann í Skálholti, þá er rétt að flytja til Skálholts og þá má ekki metnaður Reykvíkinga standa því í gegn. En ef rökin hníga að því, að hér sé biskupsdæmið bezt komið, þá á aðsetur þess áfram að vera hér í bænum. Og öll hin sömu rök sem hv. 1. þm. Árn. flutti hníga t. d. að því að flytja Alþingi til Þingvalla, enda sjást þess dæmi. T. d. hefur því verið hreyft í blaði forsrh. nú í vetur, að rétt væri að flytja Alþingi til Þingvalla og jafnvel alla ríkisstjórnina, að hún tæki sér þar aðsetur. Ég hef nú ekki trú á því, að núv. ríkisstj. muni flytja sig þangað, hvað sem um

aðrar verður. Með því er ekki sagt, að Reykvíkingum væri svo mikil eftirsjá að þeim, en það er annað mál.

Það var ekki lakari Íslendingur en Jón Sigurðsson, sem var upphafsmaður þess og réð mestu um það, að nokkru leyti gegn konungsvaldinu, að Alþingi var sett í Reykjavík. Kristján hinn 8. hafði hugsað sér, að Alþingi yrði endurreist á Þingvöllum, en þá var það sá maður, sem skildi bezt eðli hins nýja þjóðfélags, sem var að myndast á Íslandi, sem taldi, að Alþingi ætti helzt að sitja í Reykjavík, og hann fékk því ráðið, og meginhluti landsmanna hefur talið það eitt af stórvirkjum og góðverkum Jóns Sigurðssonar við íslenzka þjóð, að hann fékk því fram komið gegn mörgum öðrum ágætum mönnum, sem höfðu á þessu aðra skoðun.

Ég tel, að við eigum að athuga þetta mál öfgalaust og skoða það ofan í kjölinn. Okkur er vandi á höndum með Skálholt að finna því það hlutverk í íslenzku þjóðlífi, sem nútímanum hæfir. Það heyrist öðru hvoru hér á Alþingi, að það hafi að óþörfu og ófyrirsynju verið varið miklu fé til að endurreisa Skálholt, án þess að menn gerðu sér grein fyrir, til hvers ætti að nota staðinn. Ég tek fúslega á mig minn hluta ábyrgðarinnar af því, að þessu fé var varið. Ég tel, að það hafi verið þjóðarskömm og óvirðing, bæði við fyrri kynslóðir og íslenzku þjóðina í dag, að láta Skálholt vera í því niðurlægingarástandi, sem var, þegar þannig stóð, að við blygðuðumst okkar sjálfir fyrir að koma þangað, hvað þá að menn teldu sér fært að hleypa þangað erlendum mönnum, þó að þeir beinlínis bæru fram óskir um það að eiga kost á að skoða staðinn.

Þessu varð að kippa í lag, og þó að menn hafi reist þarna hús, sem menn vita ekki til hlítar enn hvað á að gera við, þá er það, miðað við alla okkar eyðslu, ekki til að horfa í, heldur tel ég það vera okkar metnaðarmál að koma staðnum í sæmilegt lag. Þangað til annar háttur verður tekinn upp, er eðlilegt, að sóknarprestur þessa prestakalls flytjist þangað. Það er úr ekki miklum vanda að ráða.

En ég játa, að það er ekki til fullnustu enn þá búið að koma sér saman um, hvað eigi að gera við Skálholtsstað í framtíðinni. Ég er fús til þess að athuga með öðrum og játa, að ég hef ekki fyrir fram andúð á Skálholti sem biskupssetri nú. En ég efast mjög um, að það sé íslenzku þjóðinni hagkvæmt. Ég tel fráleitt, að það verði afgreitt athugunarlaust. Ég tel sjálfsagt m. a., að það verði leitað álits prestastéttarinnar og biskups um þetta mál. Ég tel ekki, að þeir eigi að ráða því að lokum. En ég tel fráleitt að ráða því til lykta án þeirra samþykkis. En ég vil að lokum láta uppi þá skoðun mína, að ef biskupssetur verði endurreist í Skálholti, muni ekki aðeins áður en langt um líður eða samtímis verða reist biskupssetur á Hólum, heldur verði áður en langt um líður þriðji biskupinn settur í Reykjavík, og ég spyr, hvort það sé æskileg þróun og hvort embættisbáknið sé ekki orðið ærið þungbært, til þess að menn leggi út í slíkan kostnað einungis sökum forns metnaðar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að ég varð dálítið undrandi, þegar ég sá þá till., sem hér liggur fyrir, lagða fram af hvorki meira né minna en 14 hv. alþm., og ég verð að segja það, að allt það tal, sem á síðustu árum hefur verið um biskupsembættið, sannar, að það er stundum skammt öfganna á milli.

Ég hygg, að það séu nálægt því 30 ár síðan kom fram till. um það frá flokksbræðrum hv. 1. þm. Árn. að leggja niður biskupsembættið, og það átti að vera sparnaðarráðstöfun. Ef ég man rétt, voru laun biskupsins þá 7000 kr. Nú er biskup Íslands, eins og vera ber, einn af virðulegustu og hæst launuðu embættismönnum landsins. En það er svo að skilja á mörgum mönnum, bæði í prestastétt og utan hennar, að nú sé að verða mikill vilji fyrir því að hafa hvorki meira né minna en 3 biskupa.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt og eðlilegt, að biskupsembættið eigi að vera — eins og það er — eitt af virðulegustu embættum þessa lands, og ég er þeirrar skoðunar, að hvort sem litið er á það frá kirkjulegu eða menningarlegu sjónarmiði, þá sé alveg nægilegt fyrir okkar land að hafa einn biskup, og að sjálfsögðu á sá biskup að vera hér í höfuðborginni, í Reykjavík, og má þar vitna til þeirra raka, sem ég hygg að verði erfitt að hrekja og hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Reykv., flutti hér í sinni ræðu. En hinu er ekki að leyna, að ef það yrði ofan á eða mönnum fyndist nauðsynlegt að hafa hér tvö biskupsdæmi, þá er það auðvitað og sjálfsagt, að hinn biskupinn ætti að vera á Hólum í Hjaltadal, en ekki í Skálholti, því að Hólar eru í alla staði virðulegri staður, bæði að náttúrufegurð og útliti og sögu. Ekki svo að skilja, að það sé ekki rétt, að saga Skálholts frá fyrri tíð, fyrri öldum, sé á margan hátt merkileg. En þess er þá líka að minnast, að þar hefur gerzt einn hörmulegasti atburður Íslandssögunnar, þegar Jón biskup Arason og hans synir voru þar myrtir af danska konungsvaldinu. En mér hefur virzt, eftir því sem ég þekki til sögunnar, að það sé eins og ógæfan hafi elt þann stað alltaf síðan, og hann var kominn í þá niðurlægingu, sem allir þekkja, nú fyrir skemmstu.

Sannleikurinn er sá, að allt þetta, sem hefur verið talað um og ráðgert og framkvæmt með endurreisn Skálholtsstaðar, það er eitt af mjög mörgum dæmum um einkenni þeirrar fyrirhyggjulausu eyðslustefnu, sem nú er ríkjandi, því að það er eins og sumum finnist, að þjóðin geti alltaf aukið við útgjöldin milljónum og milljónatugum ofan á það allt, sem fyrir er.

Ég skal ekki um þetta fara miklu fleiri orðum, en vildi aðeins segja það, að jafnvel þó að það væri samþykkt að hafa tvo biskupa á Íslandi, þá mundi aldrei verða frá minni hálfu léð máls á því að greiða atkvæði með því að endurreisa biskupsdæmi í Skálholti. Það er

áreiðanlegt. Hins vegar tel ég mjög eðlilegt og réttmætt, að þessi till. fari til hv. fjvn. Það er eins og réttilega var tekið fram af hv. 1. þm. Skagf., sem talaði hér mjög skörulega og vel, eins og hans er vandi, að þessi till. mundi kosta margar milljónir, sennilega marga tugi milljóna, og það er mjög eðlilegt og réttmætt, að slík till. fari til hv. fjvn., sem hefur gefizt upp á því á þessu þingi að afgreiða fjárlögin fyrir yfirstandandi ár á þann venjulega máta, en að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um það. Ég vænti þess, að hv. fjvn., sem sjálfsagt fær till. til meðferðar, láti ekki undir höfuð leggjast að leita álits biskupsins og kirkjuráðsins, sem að sjálfsögðu eiga að fjalla um öll slík mál, sem okkar kirkju varða, og það skal verða mitt síðasta orð í þessu sambandi.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá hv. alþingismönnum, hversu þeir þm., sem hér taka til máls, þegar minnzt er á Hóla og Skálholt, verða allt í einu andlegir, hvaða áhrif þetta hefur yfirleitt á sálarlíf þessara manna, sem stöðugt eru að þjarka í þessu daglega. Það er aðeins vinur minn, hv. þm. A-Húnv., sem virðist eiga mjög erfitt með að hefja sig upp úr að þrasa um peninga og fjármál, þegar á þetta er minnzt. Og ég hygg líka, að einmitt þetta, þegar við sjáum, hvernig hv. alþm. fá í raun og veru yfir sig allt annan brag í umræðum sínum, þegar þeir fara að ræða um helgi þessara staða, sýni okkur það, að við eigum þarna óyrktar lindir. Ég skal alls ekki fara mörgum orðum um það, en þakka hv. frsm. og þeim, sem hér hafa tekið til máls, þann skilning, sem þeir hafa á þörfum kirkjunnar fyrir að yrkja þessar lindir betur en hefur verið gert fram til þessa.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt fleirum, m. a. nokkrum af flm. þessarar till., tillögu svipaðs efnis eða sama efnis og er í þeirri till., sem hér er flutt. Hún var þá látin daga uppi, en samþ. voru lög um kirkjuþing hinnar almennu íslenzku þjóðkirkju. Þar er beinlínis ákveðið, að þetta kirkjuþing skuli vera ráðgefandi um öll meiri háttar mál, sem kirkjuna varða, og þá ekki sízt um löggjöf í þessum efnum.

Í 14. gr. þessara laga, sem samþ. voru á síðasta Alþ., stendur m. a.:

„Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði.“

Með þessum lögum skuldbindur Alþingi sig til, að ekki skuli sett nein meiri háttar löggjafarákvæði, sem kirkjuna varða, án þess að stofnun þessi, kirkjuþing, fái a. m. k. að segja álit sitt um það. Vegna þessa gerðist ég ekki meðflm. að þessu sinni að þessari till., vegna þess að ég vissi um það, hvað hv. Alþingi hafði samþ. í fyrra. Og þess vegna tel ég það sjálfsagt, eins og komið er, að við séum við það bundnir, að kirkjuþing fái að segja álit sitt um þetta efni, áður en Alþ. ræður því til lykta. Og ég tel líka, að það sé mjög eðlilegt, að kirkjan sjálf fái að segja til um það, á hvern veg hún vilji hina andlegu endurreisn á Skálholtsstað, hvort sem Alþingi telur sér svo skylt að fara eftir því eða ekki.

Það var þá líka vitað, að nú eru fyrir hendi önnur frv. um þessi efni, sem ekki hafa verið lögð fram nú, einmitt vegna þess, að víst var talið og eðlilegast, að þau fengju fyrst athugun á kirkjuþingi og kirkjan fengi sjálf að segja til um, hverja lausn hún vildi hafa á þessu máli. En vitanlega er þar aðalatriðið við hina andlegu endurreisn Skálholtsstaðar, að því verði þannig ráðið, að það efli starfsemi og aðstöðu kristninnar í landinu og að það endurveki um leið fornan veg Skálholtsstaðar. En þetta tvennt hlýtur að fara saman, því að það er íslenzk kristni, sem sögu og frægð Skálholtsstaðar hefur skapað, og það er hún, sem hlýtur að leggja grundvöllinn að því, að við getum yrkt það fyrir okkar þjóðfélag og fyrir okkar andlega líf í framtíðinni.

Það má segja margt í sambandi við lausn þessa máls, og vitanlega munum við seint verða sammála um öll atriði. Þó vona ég, að áður en lýkur og þegar leitað hefur verið til réttra aðila um lausn þessa máls, getum við fundið, að við höfum ekki efni á því, við höfum ekki andlega efni á því að láta þá orku frá liðnum öldum og í sögu okkar liggja ónotaða í Skálholti og á Hólum. Ég fyrir mitt leyti hef alltaf talið sjálfsagt, að ef endurreistur yrði biskupsstóll í Skálholti, hlyti eins og eðlileg afleiðing af því að koma, að Hólar yrðu endurreistir einnig, enda heyrði ég það strax hér af hv. 1. þm. Skagf., að annað kemur vitanlega ekki til mála í hugum Norðlendinga. Og ég held satt að segja fyrir mitt leyti, að kirkjan eins og aðrir hefði gott af því, að það kæmi einhver samkeppni milli þessara staða, alveg eins og var í fornri tíð milli Skálholts og Hóla. Ekki þannig að skilja, eins og hér var eitthvað rætt um, að það væri einhver metingur á milli Hóla og Skálholts um endurreisn þeirra. En það á að verða metingur um það í framtíðinni, eins og var í fortíðinni, hver getur afrekað mestu og sem heillaríkustu starfi fyrir þjóð sína. Þessu held ég að við höfum líka gott af og að þetta eigi að koma í framtíðinni á einhvern veg.

Þegar talað er um það, að erfitt sé að ferðast til Skálholts, verðum við að gæta að því, að það er orðin allt önnur aðstaða bæði að ferðast til Skálholts og til Þingvalla en var á dögum Jóns Sigurðssonar og þegar Skálholtsstaður og Skálholtsbiskupsdæmi var lagt niður. Við erum smátt og smátt að yfirstíga þessa erfiðleika, og þessi 100 km fjarlægð skiptir vitanlega eftir örfá ár engu máli í samskiptum okkar innanlands. Það er hverjum manni augljóst.

Ég tel þess vegna, að á þessu þingi eigi ekki að afgreiða þessa till. og það sé varla hægt vegna þeirra lagaákvæða, sem þingið hefur þegar sett um afgreiðslu kirkjulegra mála á Alþingi, en það eigi að bíða til kirkjuþingsins, hins fyrsta, sem haldið verður nú í haust, er kemur, og verið er að undirbúa núna einmitt

þessa dagana um kjörskrár og annað slíkt, og getur þá næsta Alþingi tekið ákvörðun í þessu efni. Ég sé heldur ekki, að það liggi neitt á. Skálholtsstaður er ekki tilbúinn enn þá til að taka á móti biskupi, og munu enn þá a. m. k. líða ein tvö, þrjú ár, þangað til bæði íbúðarhús og kirkja er fullgert á staðnum.

Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umr., þó að ég telji sjálfsagt, að till. verði vísað til n. á þessu stigi málsins.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð vegna þess, að Skálholtsstaður hefur verið ræddur í allshn. hv. Sþ. í tilefni af till. hv. 1. þm. Reykv. um hugsanlegan flutning á menntaskóla þangað. Það var bent á við umr. um það mál, að n. yrði að athuga það mál á dálítið víðari vettvangi og hafa þá í huga heildarframtíð Skálholts. Í sambandi við þetta leitaði n. umsagna frá nokkrum aðilum, og barst m. a. umsögn frá biskupi Íslands. Í þessari umsögn er eitt atriði, sem varðar það mál, sem hér er til umr., er vakti nokkra athygli mína, og ég vil því lesa eina mgr. upp úr bréfi biskups, með leyfi hæstv. forseta. Biskup segir um það, hvað verða muni eða verða eigi um Skálholt:

„Embættisbústaður sá, sem risinn er í Skálholti, mun að líkindum verða biskupssetur, og ætti vera biskups þar að geta orðið skólastarfi og skólalífi til farsældar og gagnsemdar," — og er þá miðað við, ef menntaskóli yrði þangað fluttur. Biskupinn segir sem sagt, að embættisbústaðurinn muni að líkindum verða biskupssetur.

Þessi ummæli biskups vöktu nokkra athygli mína, og ég reyndi því að hlera, þó að ég hafi ekki snúið mér beint til biskups til frekari skýringa, hvað við væri átt með þessu. Ég hygg eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að biskupinn hafi þarna ekki í huga, að biskupsembættið í núverandi mynd sinni verði flutt til Skálholts, heldur muni raunverulega vera á því mjög mikill áhugi innan kirkjunnar, að sú breyting verði gerð einhvern tíma í náinni framtíð, að vígslubiskupsembættin verði lögð niður, en í þeirra stað komi Hólabiskup og Skálholtsbiskup, en biskup Íslands muni þá eftir sem áður sitja í Reykjavík.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram, vegna þess að hér fara fram almennar umræður um þetta mál, og ég tel, að það mundi vera full ástæða fyrir þá n., sem fær þetta til athugunar, að kynna sér þessar hugmyndir ýtarlega, áður en hún afgreiðir málið. (**BBen:** Er ekki eðlilegra að vísa þessu máli til allshn., sem hefur nú þegar til athugunar skólasetur í Skálholti?) Ég veit ekki, hvort þessari fsp. er beint til mín eða hæstv. forseta. En ég vildi aðeins skjóta því hér að, að ég hef ekkert á móti því, að málið komi þangað, æski ekki eftir því heldur, en vil þó benda á, að það er töluvert sterk þróun í þá átt að vísa til allshn. málum, sem hafa mjög verulegar fjárhagshliðar, sem mun þó vera gagnstætt því skipulagi, sem mun vera. Annars getur þingheimur ráðið því.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að byrja á því að þakka hv. 1. flm. þessa máls, hv. 1. þm. Árn., þá ágætu ræðu, sem hann flutti hér í upphafi máls, og mættu fleiri slíkar ræður vera fluttar hér á hv. Alþingi. Annars var það erindi mitt hingað upp í ræðustólinn, að ég vildi gjarnan með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef gerzt meðflm. að þessari till. til þál. um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Eins og kunnugt er, hefur á undanförnum árum verið mikið rætt um það, að nauðsyn bæri til að endurreisa Skálholt. Og þar hefur ekki verið látið sitja við orðin tóm, heldur hafa ríkisstjórnir beitt sér fyrir því, að Alþ. hefur heimilað allmikið fé til þess að framkvæma endurreisn, og hefur verið undanfarin ár unnið að framkvæmdum þar á staðnum. Þarna hefur verið varið miklu fé til framkvæmda. Það hefur verið unnið að ræktun, það hafa verið lagðir vegir, það hefur verið byggður bóndabær þar, það hafa verið reist útihús fyrir búskap, ef ég man rétt. Langt er komið að reisa þar veglegt íbúðarhús og verið að byggja kirkju. En það hefur komið fram hvað eftir annað, þegar minnzt hefur verið á Skálholt og framkvæmdirnar, sem þar hafa átt sér stað undanfarin ár og verið veitt allmikið fé til, að menn virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því, að hverju væri stefnt með þessum framkvæmdum, og þá sérstaklega að hverju væri stefnt með því að reisa íbúðarhús það hið mikla og veglega, sem þar stendur nú á Skálholtsstað. Og eins og einn hv. þm. sagði hér áðan í umræðunum, hefur það komið fram í ummælum ýmissa manna, að enn sé vandi á höndum að finna Skálholti hlutverk. Þegar nú svo stendur á, og þó að ekki væru fyrir hendi aðrar ástæður en þessi, þá finnst mér einsætt, að það sem eigi að gera til þess að endurreisa þennan fornfræga stað, sé að fá þeim embættismanni, yfirmanni kirkjunnar, sem þar átti setu öldum saman, aðsetur á staðnum á ný.

Eins og fram kom í ræðu hv. 1. flm., höfðu biskupar aðsetur í Skálholti í 7 aldir, og þegar ákveðið var að flytja biskupinn til Reykjavíkur, var það eins konar neyðarráðstöfun, sem gerð var af erlendu valdi og á þeim tíma, þegar menn höfðu litla trú á framtíð Íslands. Ég er alveg sammála hv. 1. flm. um, að það færi vel á því, að Alþ. afnæmi nú þessa konungstilskipun.

Í sambandi við flutning biskupsstólsins að Skálholti sýnist mér, að þar sé ekki um mikið fjárhagsmál að ræða. Sá flutningur mun ekki hafa mikinn kostnað í för með sér. Ég held, að það sé misskilningur, sem fram kom hjá einum hv. þm., að til þess mundi þurfa að verja stórum fjárhæðum. Byggingu hússins, sem biskupinn mundi hafa aðsetur í, er langt komið, og henni mun áreiðanlega verða lokið. Hins vegar yrði þá um leið komizt hjá því að reisa embættisbústað fyrir biskup landsins í Reykjavík, sem trúlega verður gert, ef hann hefur þar aðsetur til frambúðar.

Ég vil í öðru lagi segja það, að ég er að vísu leikmaður og ætti líklega ekki að fara langt í því efni að tala um kirkjunnar mál. En ekki er ég nú í neinum vafa um, að það mundi mjög auka reisn íslenzkrar kirkju, ef hún hefði framtak í sér til þess og sýndi þann myndarskap að vera því fylgjandi og beita sér fyrir því, að hinn forni biskupsstóll yrði endurreistur í Skálholti, og slíkt mundi vekja athygli, ekki einungis hér á Íslandi, heldur einnig utanlands, athygli á þjóðkirkju okkar og á hinum fornfræga stað. Það sýna gjafirnar, sem hér var minnzt á áðan, sem borizt hafa frá mörgum löndum til Skálholtskirkju, að í kristninni víða um lönd, sérstaklega í nágrannalöndunum, er mikill áhugi fyrir staðnum.

Það hefur verið minnzt lítils háttar á Hólastól í þessu sambandi, og einn hv. þm. lét svo ummælt, að hann gerði ekki ráð fyrir, að Norðlendingar mundu gleyma Hólum. Ég tek undir það. Ég geri ekki ráð fyrir, að Norðlendingar muni gleyma Hólum. En við erum nokkrir norðlenzkir þingmenn eða þingmenn héraða á Norðurlandi flm. að þessari þáltill.

Nú er það svo, að ég er í raun og veru sammála hv. þm. A-Húnv. um það, að ég sé ekki brýna þörf á því nú, eins og sakir standa, að tvö biskupsembætti séu á Íslandi. Ég sé ekki brýna þörf á því. En mér finnst, að þessi eini biskup eigi að sitja í Skálholti, en ekki í Reykjavík. Og hafa verið færð fyrir því rök margvísleg fyrr í þessum umræðum, hvað styður að því, að svo eigi að vera.

Það var nú svo í öndverðu, þegar kirkja var stofnuð hér á landi, að þá var biskup aðeins einn. Hann var þá í Skálholti. Um hálfri öld síðar kom fram ósk um það frá Norðlendingum, að settur yrði biskupsstóll í fjórðungi þeirra, og varð það þá til þess, að biskupsstóllinn var settur á Hólum. Ég gæti vel hugsað mér eitthvað svipaða þróun í þessum málum nú. Þjóðinni fer nú ört fjölgandi, og vera má, að eftir ekki mjög langan tíma yrði svo ástatt, að teljast mætti eðlilegt, að biskupar væru tveir. Þá mundi ég telja sjálfsagt, að biskup yrði einnig á Hólum. Þar með vil ég ekki segja, að ég mundi vera því mótfallinn, að biskupsstóll væri endurreistur á Hólum nú á næstunni, ef það mál gæti fram gengið, en satt að segja hafði ég ekki beinlínis gert ráð fyrir því, að menn mundu vera þess sinnis nú að vilja hafa tvo biskupsstóla á landinu.

Um Hólastað gegnir nokkuð öðru máli en Skálholt að því leyti, að það er nokkuð langt síðan þar var byrjað á endurreisn, ef svo mætti segja, og þá var ráðizt í að koma þar upp skóla, búnaðarskóla Norðlendinga, sem þar er, og framkvæmdir á staðnum hafa yfirleitt verið miðaðar við þessa stofnun, sem þar hefur verið. En það þarf auðvitað ekki að vera því til fyrirstöðu, að biskup geti setið þar á staðnum. Yfir hann þyrfti þá að sjálfsögðu að byggja þar að vísu sæmilega veglega. En eins og stendur hefur Hólastaður verið endurreistur á þann hátt, sem ég nú nefndi, með byggingu og starfrækslu búnaðarskóla þar.

Það var nefnt hér áðan í umr., að naumast gæti það verið rétt regla að setja hverja þá stofnun, sem hér hefði verið fyrrum, á þann stað, sem hún áður hefði verið á, og var þá um það talað, að ef því væri haldið fram, að flytja ætti biskupinn frá Reykjavík til Skálholts, mætti eins ræða um að flytja Alþingi frá Reykjavík til Þingvalla og halda það þar, eins og Fjölnismenn vildu á sínum tíma.

Ég tel ekki útilokað, að einhvern tíma komi að því, að fylgi verði fyrir því með þessari þjóð að heyja Alþingi á Þingvöllum, en ég býst ekki við, að það verði nú á næstunni, enda er hér óliku saman að jafna að flytja biskupinn að Skálholti að kostnaðarlausu eða kostnaðarlitlu eða flytja Alþingi til Þingvalla, því að það mundi þó áreiðanlega kostaærið fé að gera það. En varðandi það, sem nefnt hefur verið, að það mundi valda miklum óþægindum fyrir þá menn, sem eiga erindi við biskup landsins, ef hann hefði setu í Skálholti, þá sé ég að vísu ekkert á móti því, að þetta sé nefnt, því að sjálfsagt er að tína til þau rök, sem eru með og móti hverju máli, en mér hefur alltaf fundizt þetta vera ákaflega lítilvæg ástæða. Og það viðurkenndi reyndar sá hv. þm., sem þetta nefndi, að hún væri ekki mjög mikilvæg og að aðrar ástæður mundu eiga að vega þar meira.

Það er nú svo, að þeir prestar, sem heima eiga á Suðurlandi fyrir austan fjall, eiga að sjálfsögðu styttri leið til Skálholts en til Reykjavíkur. En segja má, að aðrir eigi lengri leið að fara, ef þeir þurfa að fara í gegnum Reykjavík. Það var nú einu sinni svo, að ef menn hér á Íslandi vildu komast úr einum landshluta í annan, þá urðu þeir stundum að taka á sig krók með skipi til Kaupmannahafnar. Þeir tímar eru nú löngu liðnir, en einu sinni var þetta nú svo. Og ég held, að þeir tímar séu nú ekki mjög langt undan, að menn, sem eiga erindi t. d. við biskup þjóðkirkjunnar í Skálholti, þurfi ekki endilega að leggja leið sína um Reykjavík til þess. Og enda þótt svo væri, þá er nú ekki fyrirhöfnin ýkja mikil til að komast á fornhelgan stað fyrir kirkjunnar þjóna. Þetta er 90 km leið eftir góðum vegi. Menn annarra trúarbragða leggja það á sig að fara þúsundir mílna pílagrímsferðir til helgra staða, og þá er þessi vegalengdin stutt fyrir þá, sem telja sér það einhvers virði að heimsækja þennan stað.

Ég hef heyrt það í þessum umræðum, hv. 2. þm. Rang. benti á það, að um mál eins og þetta mundi samkv. lögum um kirkjuþing þurfa umsögn kirkjuþingsins. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því ákvæði, sem er í lögum um það efni, og sýnist mér nú við fljóta athugun, að hér sé um nokkurt vafamál að ræða. En hins vegar ætti að sjálfsögðu að mega vænta þess, að stofnun eins og kirkjuþingið styddi slíkt mál sem þetta er. Öðru vil ég a. m. k. ekki trúa að óreyndu.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 7. maí, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 365, 444).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti Það, sem ég vildi leyfa mér að benda á í sambandi við þetta mál, er í stuttu máli þetta:

Það er áður komin hér till. um að athuga möguleikana á því að setja upp menntaskóla í Skálholti eða flytja menntaskólann frá Laugarvatni að Skálholti. Þessari till. var vísað til allshn.

Ég tel, að þessi till., þó að annars eðlis sé, eigi líka að fara til allshn., en ekki til fjvn., eins og áður hefur verið lagt hér til, og ég tel, að allshn. eigi að afgreiða þetta mál á þann veg að leggja til, að annaðhvort Alþingi kjósi eða ríkisstj. skipi þrjá menn, sem athugi, hvað á að gera við Skálholt.

Það eru lög, gömul lög eða nokkuð gömul lög um það, að þar eigi að koma búnaðarskóli. Fyrstu tvö eða þrjú árin, eftir að þau lög voru samþ., var veitt til þess fé á fjárlögum að koma honum upp. Það eru lög um, að þar eigi að sitja prestur, sem þjóni Biskupstungunum. Hann hefur ekki verið látinn sitja þar, af hverju sem það kemur. Hann hefur verið látinn sitja á gamla prestssetrinu, Torfastöðum, en ekki í Skálholti. Það er talað um að flytja biskupinn úr Reykjavík og í Skálholt. Aðrir tala um að setja upp þrjá biskupa, einn aðalbiskup í Reykjavík og tvo hjálparkokka, annan að Hólum og hinn í Skálholti. Allt þetta er talað um, og svo er talað um enn fleira, sem gera á í Skálholti af öðrum mönnum, sem ég skal nú ekki fara nánar út í.

Nú skilst mér, að áður en Alþingi slái nokkru föstu um þetta, hvort á að setja þar aðalbiskup, — ja, það er búið að slá föstu bændaskóla og prestssetri, þó að það hafi ekki verið framkvæmt nema að nokkru leyti, — þá sé rétt að láta athuga gaumgæfilega, hvað á að gera við Skálholt, og snúa sér svo að því, en vera ekki með mörg járn í eldinum í einu, sem sum á ekkert að gera með annað en bara svona hafa þau á pappírnum. Þess vegna legg ég ákveðið til, að till. fari til allshn., sem hefur till. um Skálholt áður til meðferðar, og ég legg til, að hún athugi þennan möguleika. Ég geri ekki ráð fyrir, að hún hafi tíma til þess á tveimur eða þremur fundum að athuga þessar aðstæður allar, heldur komi nefnd, sem annaðhvort Alþingi kjósi eða ríkisstj. skipi til að athuga málið á milli þinga, svo að við getum næst ákveðið, hvað gera skuli við Skálholt, ekki bara að hafa lög á pappír og ræða um að gera þetta eða þetta, heldur snúa okkur að framkvæmdum. — Það er aðeins þetta, sem ég vildi segja.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 22:5 atkv.

Á 47. og 48. fundi í Sþ., 21. og 30. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 365, n. 509, 444).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Atómvísindastofnun Norðurlanda.

Á deildafundum 22. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fullgildingu á sáttmála um stofnun Atómvísindastofnunar Norðurlanda til samvinnu á sviði friðilegra atómvísinda [178. mál] (A. 422).

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að frumkvæði Norðurlandaráðsins var í fyrra komið á fót svonefndri Atómvísindastofnun Norðurlanda, sem hafa skyldi það hlutverk að annast samvinnu Norðurlanda á sviði atómvísinda. Það var ákveðið í upphafi, að Ísland skyldi gerast aðili að þessari stofnun, og á gildandi fjárl. er veitt fé til þess að greiða kostnaðarhluta Íslands af rekstrarkostnaði stofnunarinnar, sem eru 5 þús. sænskar krónur.

Nú hefur verið gengið frá sáttmála þessarar stofnunar, og í þessari till. er lagt til, að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda þennan sáttmála ásamt fjárhagssamþykkt vegna sáttmálans.

Að öðru leyti hygg ég að málið skýri sig sjálft og leyfi mér að óska þess, að till. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari fyrri umr. málsins.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Skyldusparnaður.

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um framkvæmd skyldusparnaðar [14. mál] (A. 17).

Á 4. fundi í Sþ., 17. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Þegar tillögur hæstv. ríkisstj. um breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni voru til umræðu á Alþingi s. l. vor, lýsti hæstv. félmrh. því yfir við 1. umr. þeirra í Ed., að gert væri ráð fyrir 15—16 millj. kr. tekjum á ári af hinum svokallaða skyldusparnaði. Skyldi það fé renna til hins nýstofnaða byggingarsjóðs. Af hálfu okkar sjálfstæðismanna var þá á það bent, að fullkomin óvissa ríkti um það, hve miklar tekjur hinn ráðgerði skyldusparnaður gæfi, engin reynsla væri fyrir hendi af framkvæmd þeirra lagaákvæða, sem um innheimtu hans giltu, og því ómögulegt að fullyrða neitt um tekjur byggingarsjóðs af þessari nýjung. Við sjálfstæðismenn bentum þess vegna á aðra leið, sem líklegri væri til þess að bera nokkurn árangur og afla byggingarsjóði tekna, sem síðan yrði varið til stuðnings við húsnæðisumbætur í landinu.

Hæstv. félmrh. tók allri gagnrýni á till. hans um skyldusparnaðinn mjög illa. Hann hélt sér fast við það, að menn teldu, að tekjur af skyldusparnaðinum gætu orðið „15—16 millj. kr. á ári".

Nú er um það bil hálft ár liðið síðan húsnæðismálatillögur hæstv. ríkisstj. voru samþykktar, en enn þá hefur skyldusparnaðurinn engan eyri gefið í tekjur. Félmrh. hefur ekki einu sinni komið því í verk að setja reglugerð um framkvæmd ákvæðanna um skyldusparnað, eins og þó er gert ráð fyrir í III. kafla laganna um húsnæðismálastofnun o. fl. Orðrómur hefur hins vegar heyrzt um það, að loks nú, eftir að Alþingi er komið saman, hafi hæstv. ráðh. tekið rögg á sig og sett reglugerð um þetta efni í prentun. Opinberlega hefur hún ekki verið birt enn þá, svo að ég viti.

Það er mín skoðun, að þing og þjóð eigi fullan rétt á því að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj., hvernig standi á þeim langa drætti, sem orðið hefur á því að setja þessa reglugerð um framkvæmd skyldusparnaðarins. Hefur hæstv. félmrh. misst trúna á þetta nýmæli, sem hann fullyrti á s. l. vetri að gefa mundi 15—16 millj. kr. tekjur í byggingarsjóð, eða er hér aðeins um að ræða hirðuleysi um að framkvæma tekjuöflunarleið, sem básúnuð hafði verið út sem mikið bjargræði og nýtt úrræði í byggingarmálum landsmanna?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. hefur lagt fram fsp. um framkvæmd á skyldusparnaði, og vil ég nú hér með svara þessari fsp. hans.

Í framsöguræðunni áðan staðhæfði hann, að því hefði ekki enn þá verið komið í verk að gefa út reglugerð um framkvæmd þessa skyldusparnaðar. En þetta er rangt, og leiðréttist það hér með.

Samkvæmt III. kafla laga nr. 42 frá 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., er öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbyggingar eða til bústofnunar í sveit. Þó eru ákvæði í 2. gr. um undanþágu frá sparnaðarskyldunni, og loks segir í 12. gr., að sett skuli glögg ákvæði í reglugerð um alla framkvæmd þessa kafla. Lögin láta það alveg óbundið, með hverjum hætti umræddur skyldusparnaður skuli verða framkvæmdur.

Það virðast vera tvær leiðir fyrir hendi í þessu efni.

Í fyrsta lagi má hugsa sér útgáfu sparimerkja og leggja þá kvöð á kaupgreiðendur, að þeir greiði tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, sem kaup kemur til útborgunar. Helztu kostir þessa fyrirkomulags eru þeir, að slíkt sparifé kemur strax til innheimtu og vanhöld vegna innheimtunnar ættu ekki að verða teljandi. Hins vegar yrði óhjákvæmilegt að hafa strangt eftirlit með því, að

kaupgreiðendur létu ekki undir höfuð leggjast að kaupa sparimerki og greiða umrædd 6% af launum með slíkum merkjum. Einnig þyrfti að hafa strangt eftirlit með því, að ekki verði um misnotkun merkjanna að ræða hjá launþegunum. Á þetta einkum við um þau tilvik, að sumir eru undanþegnir skyldusparnaði og eiga því rétt á endurgreiðslu sparimerkja svo fljótt sem við verður komið. Sparimerkjaleiðin krefur útgáfu sparimerkja og sparimerkjabóka og auk þess fjölda eyðublaða, sem töluverðan tíma þyrfti óhjákvæmilega til þess að útbúa og koma á rétta staði, þ. e. a. s. til pósthúsanna, póstafgreiðslna til afnota við slíka framkvæmd skyldusparnaðarins. Það var því augljóst, að ekki var mögulegt að ná sparnaði þessum þegar frá gildistökudegi laganna, en þau gengu í gildi þann 1. júní s. l. Að þessari leið hefði ekki verið mögulegt að koma skyldusparnaðinum í framkvæmd fyrr en a. m. k. um miðjan júlí eða jafnvel um júlílok.

Í öðru lagi má framkvæma lögbundinn skyldusparnað á þann hátt, að skattanefndir geri skrá yfir alla þá, sem háðir eru ákvæðum laganna, og innheimtumönnum ríkissjóðs sé þá falin innheimtan með öðrum þinggjöldum. Höfuðkostur þess fyrirkomulags er sá, að ekki þarf að krefja þá, sem undanþegnir eru sparnaði samkv. 11. gr. laganna, og endurgreiðslur til þeirra koma þá heldur ekki til greina. Enn fremur er þessi leið miklu auðveldari í framkvæmd fyrir kaupgreiðendur, sem þá hefðu aðeins sömu skyldur gagnvart skyldusparnaðinum og þeir hafa nú í sambandi við greiðslu þinggjalda launþega sinna. Hins vegar eru þeir ókostir á þessu fyrirkomulagi, að sparifé innheimtist ekki fyrr en á manntalsþingum næsta árs og innheimtuvanhöld geta að sjálfsögðu orðið einhver.

Þar sem ekki var mögulegt að koma skyldusparnaðinum í framkvæmd frá gildistökudegi laganna með sparimerkjaleiðinni, var horfið að því ráði að láta skattanefndir leggja sparnaðinn á með öðrum þinggjöldum næsta árs, og verður þá að sjálfsögðu miðað við launagreiðslur frá 1. júní s. l. eða með öðrum orðum alveg frá gildistökudegi laganna. Reglugerð um þessa framkvæmd var gefin út hinn 1. okt. s. l. Það er nú í athugun að taka upp heldur sparimerkjaleiðina frá 1. jan. n. k., og hefur reglugerð um sparnað á þeim grundvelli einnig verið samin í ráðuneytinu.

Ég vil svo vona, að þessar upplýsingar nægi hv. þm. vegna áhuga hans á því, að skyldusparnaður komist í framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans við fsp. Ummæli hans staðfestu þau orð mín, að ráðuneyti hans hafi vanrækt í marga mánuði að gefa út reglugerð um framkvæmd skyldusparnaðarins, eins og mælt er fyrir í III. kafla laganna. Það er þess vegna algerlega úr lausu lofti gripið hjá hæstv. ráðh., þegar hann segir, að ég hafi farið með rangt mál í sambandi við útgáfu reglugerðarinnar. Hún var gefin út 1. okt., upplýsir hæstv. ráðh. En lögin voru staðfest 1. júní, og í umræðum um málið á Alþingi s. l. vor varð ekki hæstv. ráðh. skilinn öðruvísi en hann gerði ráð fyrir verulegum hagnaði af skyldusparnaði í byggingarsjóð á þessu ári.

Allt bendir þetta til þess og ekki sízt þau ummæli, sem hæstv. ráðh. hefur nú hér, að hann hafi í upphafi alls enga hugmynd gert sér um það, hvernig þessi ákvæði um skyldusparnað skyldu framkvæmd. Mér er líka kunnugt um það, að reglugerðin, sem nú mun hafa verið staðfest hinn 1. okt. s. l., eða uppkast að henni lá í marga mánuði á borði hæstv. félmrh., áður en hann hafði sig í það að staðfesta hana.

Það liggur þannig ljóst fyrir, að mjög hefur verið flanað að þessu máli og engin trygging lá fyrir um það, þegar breytingar voru gerðar á húsnæðismálalöggjöfinni á s. l. vori, að aðalnýmæli þeirra breytinga kæmu að nokkru raunhæfu gagni til þess að afla fjár í byggingarsjóðinn.

Það má segja, að þýðingarlítið sé að sakast um orðinn hlut. En mér virðist sem rás viðburðanna hafi sannað það, að skynsamlegra mundi hafa verið á s. l. vori að samþykkja þær brtt., sem sjálfstæðismenn báru fram við frv., en láta þessar óhugsuðu till. hæstv. félmrh. um skyldusparnaðinn, sem hann veit ekki einu sinni enn hvernig á að framkvæma, eiga sig, bíða betri tíma, þar til þær hefðu verið hugsaðar betur og einhver grundvöllur lagður að framkvæmd þeirra.

Ég vil svo að lokum láta í ljós þá von, að enda þótt engar upplýsingar liggi fyrir um það, þá verði ekki hið nýja veðlánakerfi ónýtt í höndum hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. Reynslan hafði þegar gefið af því allgóða raun. Hundruð manna um allt land höfðu fengið mikilvæga aðstoð til umbóta í húsnæðismálum sínum. Mér virðist nú horfa þannig undir forustu hæstv. félmrh., að miklu minni horfur séu á því, að þessi löggjöf verði að gagni undir hans stjórn og forustu, heldur en fyrsta reynslan af þeim gaf til kynna undir forustu þeirra manna, sem höfðu lagt traustan grundvöll að framkvæmd laga um aðstoð við það fólk í landinu, sem þarfnaðist bætts húsnæðis.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég átti þess nú sízt von, að ég fengi neina traustsyfirlýsingu frá hv. þm. N-Ísf. á undan öðrum út af því, að vel mundi gefast húsnæðismálalöggjöfin og verða meiri myndarbragur á framkvæmd hennar en á þeirri löggjöf, sem áður var í gildi. Það eru mér því engin vonbrigði, ekki nokkur minnstu vonbrigði, þó að slík traustsyfirlýsing komi nú ekki frá hans hendi.

Það er rétt, að fagmenn höfðu áætlað, að skyldusparnaður mundi á einu ári gefa húsnæðismálakerfinu allt að því 15 millj. kr. tekjur. Hitt er alrangt hjá hv. þm., að ég hafi gert mér vonir um, að þessar 15 millj. kr. mundu koma inn á árinu 1957. Það var einmitt tekið fram mjög skýrt og margsinnis í umr., þegar löggjöfin var til umræðu, að á

fyrsta ári mundu bæði tekjurnar af tolltekjum ríkissjóðs, 1%, og skyldusparnaðarféð ekki koma inn fyrr en á árinu 1958, og upplýsingar fylgdu með frv. um það, að tekjur af þessum og öðrum tekjuöflunarleiðum, sem frv. fylgdu, kæmu ekki fram að fullu og alls ekki nema að litlu leyti fyrr en einmitt á árinu 1958, svo að það er alrangt, að því hafi verið haldið fram, að þetta mundi skila sér strax á árinu 1957 nema að mjög litlu leyti.

Þá segir þessi hv. þm., að það hafi verið flanað að málinu og enginn hefði gert sér neina grein fyrir því, hvernig þessa fjár yrði aflað eða hvernig það yrði innheimt. Það var vissulega búið að hugsa það mál nokkuð, og sérstaklega var tekið í mál í frv., að skyldusparnaðurinn yrði innheimtur með merkjakerfi. Hins vegar þarf enginn að undrast það, sem annars leggur það á sig að hugsa þetta mál og framkvæmd þess, að það þurfi að gera margvíslegar ráðstafanir, áður en innheimta skyldufjárins gæti komið til framkvæmda samkvæmt merkjaleiðinni, og fyrir því gerði ég grein áðan, að það þurfti í fyrsta lagi að gefa út sparimerkin, það þurfti að gefa út margvísleg eyðublöð, bæði fyrir húsnæðismálastjórn, póstafgreiðslurnar og pósthúsin í landinu, sem áttu að taka á móti fénu, og til atvinnurekendanna, sem áttu að inna greiðslur af hendi samkvæmt þessu; einnig í sambandi við skattstofuna og skattayfirvöldin í landinu, sem einnig koma þar við sögu og a. m. k. verða að hafa þær upplýsingar, að hægt sé að „kontrollera" þetta kerfi.

Þetta vissu menn allt saman fyrir fram, en samt sem áður var talið rétt að fela húsnæðismálastjórn að gera drög að slíkri reglugerð, og það gerði hún og mun hafa lokið því í ágústmánuði að gera sín drög. Húsnæðismálastjórnarmennirnir voru þó ekki sammála, og úr þeirra tillögum, sem voru í tvennu eða þrennu lagi, varð síðan að vinna, og það var gert og athugað mjög og velt fyrir sér, hver leiðin væri affarasælli að fara, merkjakerfaleiðin eða skattinnheimtuleiðin. Það var við þessa athugun alveg ljóst, að með því að fara merkjaleiðina yrði ekki náð inn sparifénu á þessu ári, frá gildistökudegi laganna. En þar sem reiknað er með, að árstekjur geti verið 15 millj. kr. af þessu, er þar um að ræða 2½ millj. þá tvo mánuði, sem alveg var sýnt að reglugerð hefði ekki getað verið komin til framkvæmda á í sumar, og þá upphæð vildi ég ekki fella niður. Ég vildi ekki taka það á mig að fella það niður, og þess vegna setti ég reglugerð einmitt um það, að sparifé skyldi nú innheimtast skattaleiðina frá 1. júní, gildistökudegi laganna, og til áramóta, en er viss um það, að í framkvæmd muni merkjakerfaleiðin að ýmsu leyti verða hagkvæmari til frambúðar, og hef í raun og veru þegar tekið ákvörðun um að taka upp merkjainnheimtuleiðina frá áramótum. Ég held, að höfuðkosturinn við þá aðferð sé sá, að fólk fær þá ekki þetta fé í hendur og þarf aldrei að reikna með því sem eyðslueyri, fyrr en það kemur hlæjandi aftur með þeim réttindum, sem það veitir, þegar það hefur verið hjá húsnæðismálastjórn í þjónustu húsnæðismálanna, og veitir því margvísleg forréttindi að þeim árum liðnum.

Það, sem hér hefur því gerzt, er það, að sett hefur verið reglugerð, sem tryggir það, að skyldusparnaðurinn kemur til framkvæmda frá þeim sama degi sem lögin voru sett, og með öðru móti en þessu var ekki hægt að ná því marki. Ég held því, að þeir, sem eru mjög áhugasamir um, að skyldusparnaðurinn skili sér, frá því að lagaheimild var til þess að innheimta hann og síðan framvegis, eigi einmitt að vera ánægðir yfir því, að reglugerðin var miðuð við þá framkvæmd, sem gæti skilað sparifénu inn, frá því að skyldusparnaðurinn var lögfestur á Alþingi.

Ég skal játa, að menn geta deilt um, hver aðferðin sé heppilegri í sambandi við framkvæmd skyldusparnaðarins. Ég hef talið, að skattinnheimtuleiðin hafi þann kost á þessu ári að ná til gildistökudags laganna, sem hin leiðin gat ekki gert, en viðurkenni ýmsa kosti merkjaleiðarinnar til frambúðar og hef sem sé látið semja reglugerð, miðaða við þá framkvæmd, og öll gögn henni viðvíkjandi geta verið komin til póstafgreiðslna og pósthúsa og skattayfirvalda og húsnæðismálastjórnar fyrir áramót, þannig að alla framkvæmdina á þeim grundvelli geti borið að með eðlilegum hætti og vel undirbúið frá 1. jan. n. k.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég held, að það liggi nú ljóst fyrir öllum hv. þm., eftir þær umræður, sem hér hafa farið fram, að þegar lagaákvæðin voru sett um skyldusparnaðinn á s. l. þingi, hefur það alls ekki verið neitt hugsað áður, hvort yfirleitt væri hægt að framkvæma þennan skyldusparnað eða hvernig það yrði gert með beztu móti.

Samkvæmt þeirri áætlun, sem fylgdi með frv. um húsnæðismálastjórn, var gert ráð fyrir, að skyldusparnaðurinn gæfi tekjur hálft þetta ár. Samkvæmt því mátti álykta sem svo, að málið hefði áður verið það hugsað, að hæstv. félmrh. hefði talið möguleika á því að setja reglugerð um framkvæmdina það snemma, að það hefði getað skilað tekjum í húslánasjóð hálft árið. Ég skal taka það skýrt fram, að það er mér ekkert sérstakt kappsmál, hvort þessi skyldusparnaður er framkvæmdur eða ekki, eða okkur sjálfstæðismönnum, vegna þess að við bentum á það við setningu þessara laga, að það væri sjálfsagt, áður en gripið væri til þessa úrræðis, að reyna, hvort hægt væri að ná svipuðum árangri með frjálsum sparnaði, sem tvímælalaust hefði á allan hátt verið einfaldari í allri framkvæmd, a. m. k. eftir að þær upplýsingar liggja fyrir um þá mörgu vankanta, sem eru á framkvæmd skyldusparnaðarins og komið hafa í ljós við margra mánaða athugun nú eftir að lögin voru sett. Og ég held, að það sé nánast fátitt, ef ekki óþekkt, að það þurfi að setja tvær reglugerðir um framkvæmd, aðra, sem eigi að vera um bráðabirgðaframkvæmd fram

til næstu áramóta, en þá eigi að koma í gildi reglugerð, sem eigi að mæla fyrir um framkvæmdina til frambúðar. Það er næsta fátítt og sýnir, hversu erfitt þetta mál allt hefur reynzt hæstv. félmrh. til úrlausnar.

Ég skil nú sannast sagna ekki, hvernig hugsanlegt er að framkvæma þennan skyldusparnað nú frá 1. okt. að telja, þegar þessi reglugerð tekur gildi, ef það er ætlunin, að vinnuveitendur innheimti þetta af kaupi þeirra manna, sem undir skyldusparnaðinn falla, vegna þess að það er, eins og hæstv. ráðh. tók fram, mikill fjöldi manna, sem ekki fellur undir þennan sparnað, og hvernig á vinnuveitandi að vita, hvort viðkomandi aðili fellur undir sparnaðinn eða ekki. Ég er jafnframt ákaflega hræddur um það, að ef byrjað er á þessum skyldusparnaði á þann hátt eins og hér virðist gert ráð fyrir, að innheimta þetta sem nokkurs konar skatta af þessu unga fólki, þá verði það ekki til þess að skapa sérstaka tiltrú til þessa sparnaðar. Þetta er auðvitað atriði, sem er hæstv. félmrh. að bera ábyrgð á, hvernig þetta til tekst. En ég verð sannast sagna að segja það hvað mig snertir, að þá furðaði mig á þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hér gaf, því að það staðfestir svo ótvírætt, að ekki verður um villzt, að þegar lagaákvæðin voru sett í fyrra, höfðu menn ekki eða hæstv. ráðh. ekki gert sér nokkra grein fyrir því, hvort þetta væri framkvæmanlegt eða hvernig það væri framkvæmanlegt, og niðurstaðan verður svo þessi vandræðalausn, að gefa út samtímis tvær reglugerðir um framkvæmdina, sem eiga að gilda á mismunandi tímum.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er ekkert nema von, að hv. 2. þm. Eyf. skilji ekkert upp eða niður í framkvæmd þessa máls, því að hann hefur áreiðanlega ekkert sett sig inn í það. Hann stendur nú í þeirri meiningu, að atvinnurekendur eigi að halda skyldusparnaðarfénu eftir. Það er alger misskilningur, samkv. þessari reglugerð. Og skal ég ekkert lá honum það, þó að hann hafi ekki gert sér glögga grein fyrir framkvæmdinni alveg að óathuguðu máli. Hann sagði, að hann og hans flokksbræður hefðu gert sér vonir um það, að skyldusparnaðarféð gæti skilað tekjum til húsnæðismálastjórnar hálft árið 1957. Þetta er alveg rétt. Og þetta hefur einmitt verið tryggt að fullu með setningu þeirrar reglugerðar, sem hér hefur verið sett þann 1. október.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru nokkur atriði í sambandi við þessar umr., sem gefa tilefni til frekari athugunar.

Hæstv. félmrh. segir, að hv. 2. þm. Eyf. muni ekki hafa sett sig nógu vel inn í málið og misskilið þess vegna það, sem hann hér er að segja. En ég leyfi mér að spyrja: Hver hefur átt þess kost að setja sig inn í þetta mál? Hæstv. félmrh. upplýsir hér, að út hafi verið gefin 1. okt. reglugerð. Hvað hefur verið gert til þess að kynna almenningi þessa reglugerð og þeim ungu mönnum, sem eiga að greiða skyldusparnaðinn? Og er það ekki ábyrgðarhluti að setja 1. okt. reglugerð um það, sem mér skilst, eftir því sem ráðh. upplýsir núna, — hann leiðréttir þá, ef það er misskilningur, — að sé þannig, að þeir, sem eiga að greiða skyldusparnaðinn, eiga að greiða hann af tekjum sínum frá 1. júní þetta ár, af tekjum, sem þeir eru búnir að hafa undanfarna mánuði og hafa enga hugmynd haft um eða getað gert sér grein fyrir, hvað mikið eða hvernig þeir ættu að greiða af í þennan skyldusparnað? Bar því ekki hæstv. ríkisstj., ef hún ætlar að taka upp þessa aðferð, að innheimta þetta með skattafyrirkomulagi, hið allra bráðasta að tilkynna og gera almenningi það ljóst, að frá 1. júní mundu menn verða að gera ráð fyrir því að greiða skyldusparnað af tekjum sínum, sem hins vegar yrði ekki innheimtur fyrr en á árinu 1958? Og er ekki hægt að búast við því, að nokkuð mikið af þessum skyldusparnaði sé þegar orðið að eyðslueyri hjá þeim mönnum, sem eiga síðan að greiða hann?

Ég tel í fyrsta lagi, að þegar hugsuð var og lá fyrir í ágústmánuði hjá hæstv. félmrh. reglugerð með þessu sniði, hafi borið að hraða því að gefa hana út og tilkynna almenningi, öllum almenningi, og fyrst og fremst þeim, sem er ákveðið að verði innan ramma skyldusparnaðarins, um það, hvernig lagaákvæðin væru hugsuð framkvæmd, og í öðru lagi tel ég það mikið ábyrgðarleysi að gefa út reglugerðina 1. okt. og hafa ekki gert 22. okt. neinar ráðstafanir til þess, að almenningi séu þessi mál ljós.

Ég vil svo taka undir það með hv. 2. þm. Eyf., að það er algert einsdæmi og harla nýstárlegt, að það á að gefa út fyrir hálft árið eina reglugerð og aðra reglugerð eftir sex mánuði í sama máli. Það minnir mann dálítið á það fyrirkomulag, sem haft var um framkvæmd þessara mála á s. l. ári, þegar fyrst voru gefin út brbl. um það á s. l. hausti að fjölga í húsnæðismálastjórn upp í sjö, af því að húsnæðismálastjórnin hefði svo geysilega mikið að gera. En svo, þegar hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþ. húsnæðismálalagafrumvarp sitt, leggur sami hæstv. félmrh. til, að nú sé fækkað aftur í húsnæðismálastjórninni, sem hafði svona mikið að gera, úr sjö ofan í fimm, eftir að þessi mikli lagabálkur átti svo að samþykkjast hér á þingi.

Ég tel alveg nauðsynlegt, að þing það, sem nú situr, taki til meðferðar og endurskoðunar húsnæðismálalöggjöfina, og ég vildi mega bera vonir til þess, að hv. þm. séu haldnir það ríkri ábyrgðartilfinningu, að margir þeir vankantar, sem á þessari löggjöf eru og sjálfstæðismenn lögðu til á s. l. þingi að yrðu sniðnir af, verði sniðnir af á þessu þingi. Gæti þá svo farið og væri vissulega happasælast, að það þyrfti aldrei að koma til þess, að þessi reglugerð, sem mér skilst að nú sé í burðarliðnum og eigi að ganga í gildi 1. jan., komi nokkurn tíma til framkvæmda, og menn verði búnir að átta sig á því, að það sé happasælla að hafa annan

hátt á þessu skyldusparnaðarmáli eða sparnaðarmáli til íbúðabygginga, eins og sjálfstæðismenn lögðu til á s. l. þingi.

2. Togarakaup.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:
Fsp. til sjútvmrh. um togarakaup [28. mál, 1] (þskj. 37).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það er alkunn staðreynd, að með byggingu togara þeirra, sem nýsköpunarstjórnin beitti sér fyrir á sínum tíma, er voru 32 talsins, var framkvæmd ein raunhæfasta atvinnubót, sem um getur hér á landi um langt skeið. Enda þótt sú hæstv. ríkisstj. sætti nokkurri gagnrýni fyrir kaup og smíði þessara skipa, hófst samt næsta ríkisstjórn, er við tók af henni, handa um áframhaldandi togarakaup. Voru þá byggðir 10 togarar, þannig að samtals voru byggð á þessum árum rúml. 40 ný togskip.

Við úthlutun þessara skipa og dreifingu þeirra um landið var tekinn upp nýr háttur. Áður hafði fjármagnið mestmegnis ráðið um það, hvar togaraútgerð var staðsett á Íslandi, með þeim afleiðingum, að svo að segja allir togararnir voru gerðir út frá Reykjavík og Hafnarfirði. Þessar tvær ríkisstjórnir, sem beittu sér fyrir fyrrgreindum togarakaupum, höfðu hins vegar forustu um það að styðja einstaklinga, bæjar- og sveitafélög og ýmiss konar félagasamtök víðs vegar um land til þess að eignast þessi skip. Hafa þeir togarar, sem þjóðin á nú, því verið gerðir út í öllum landshlutum. Hefur að þeirri útgerð orðið stórkostleg atvinnubót um land allt. Togaraútgerðin úti um land hefur haft í för með sér aukna vinnslu og stórbætta hagnýtingu aflans. Mikill meiri hluti af sjávarafurðum þjóðarinnar hefur verið fluttur út í unnu ástandi eða verðmætara ástandi en áður var. Hefur þetta aukið verðmæti heildarútflutningsframleiðslu okkar allverulega.

Þrátt fyrir hinn geigvænlega hallarekstur á togurunum síðustu árin var þeirri ákvörðun núverandi hæstv. ríkisstj. að fá heimild til þess að byggja 15 nýja togara á s. l. ári almennt fagnað. Fjöldi byggðarlaga víðs vegar um land hafði óskað eftir því að fá nýja togara, og mjög skorti víða á um það, að nægileg atvinnutæki væru fyrir hendi til þess að tryggja afkomu almennings.

En síðan lögin um heimild fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að byggja 15 nýja togara voru samþykkt, hinn 18. des. s. l., hefur ekkert heyrzt um það, hvernig ríkisstj. hafi framkvæmt þessa heimild frá hv. Alþingi. Það hefur ekkert spurzt um það, hvort ríkisstj. væri búin að semja um byggingu skipanna á ákveðnum stað í einhverju ákveðnu landi, hvort hún væri búin að fá lán til þeirra, hvaða byggðarlög ættu að fá þessi skip o. s. frv., sem sagt: allt hefur verið á huldu um það, hvernig lögin um togarakaup, sem samþykkt voru á Alþ. 18. des. s. l., yrðu framkvæmd. Þrátt fyrir þetta er ég allvongóður um það, að hæstv. ríkisstj. hafi nú tekizt í fyrsta lagi að útvega lán til þess að byggja þessi nauðsynlegu og nýju framleiðslutæki fyrir, sem miklar vonir eru bundnar við víðs vegar um land, og í öðru lagi, að undirbúningi hennar um smíði skipanna sé lengra komið en upplýsingar hennar gefa þó ástæðu til þess að ætla, vegna þess að um þessi atriði er þjóðinni enn þá gersamlega ókunnugt.

Ég lýsi því sem sagt yfir, að á þeim mikla áhuga, sem var hjá hæstv. sjútvmrh. og ríkisstj. í heild, að því er virtist, fyrir þessum skipakaupum, hljóti að mega byggja allgóðar vonir um það, að hæstv. ríkisstj. hafi nú, nær ári eftir að lögin voru samþykkt, tekizt að útvega lán og semja um smíði á skipunum. Ég hef þess vegna leyft mér til þess að fá úr þessu skorið að bera fram svo hljóðandi fyrirspurnir til hæstv. sjútvmrh.:

1) Hvað líður byggingu hinna 15 togara samkv. lögum, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi?

2) Hve mikið lán hefur verið tekið til þessara skipakaupa, og hvar hefur það verið tekið?

3) Við hverja hefur verið samið um smíði togaranna?

4) Hefur skipunum þegar verið ráðstafað til ákveðinna staða og þá hverra og til hvaða aðila?

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Um leið og ég svara fsp. þeirri, sem hér liggur fyrir, þykir mér rétt að gera hér nokkra grein fyrir skipakaupum samkv. þeim lögum, sem hér er vitnað til í þessari fsp.

Með lögum nr. 94 frá 27. des. 1956 var ríkisstj. heimilað að láta byggja 15 togara og 12 allt að 250 smálesta fiskibáta. Þann 14. jan. 1957 var samið um smíði á sex 250 smál. skipum í Austur-Þýzkalandi, en síðar var samið um önnur sex skip af sömu stærð við sömu byggingaraðila. Þessi 12 skip verða byggð sem fullkomin togskip, en þó jafnframt gert ráð fyrir, að þau verði notuð til annarra veiða en togveiða. Verð þessara skipa er um 50 millj. kr. Þau eiga að afhendast síðari hluta næsta árs. Helmingur andvirðis þessara skipa er tekinn að láni til eins og tveggja ára frá austur-þýzkum skipasmíðastöðvum, og greiðast af þeim lánum 5% vextir. Enn hefur ekki verið

gengið frá frekari lánum varðandi þessi skipakaup.

Sjö af þessum 12 skipum hefur þegar verið ráðstafað til eftirtalinna aðila: Sigurður Magnússon útgerðarmaður, Eskifirði, Einar Guðfinnsson útgerðarmaður, Bolungavík, Leó Sigurðsson útgerðarmaður, Akureyri, Sigfús Þorleifsson útgerðarmaður, Dalvík, Raufarhafnarútgerð, Vopnafjarðarútgerð og Hjalti Gunnarsson skipstjóri, Reyðarfirði.

Varðandi kaup á þeim 15 togurum, sem ríkisstj. hefur heimild til að láta byggja samkv. umræddum lögum, skal þetta upplýst:

Þriggja manna n. hefur starfað með ríkisstj. að undirbúningi þessara skipakaupa. Í nefndinni eru þessir menn: Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Erlingur Þorkelsson vélfræðingur og Sæmundur Auðunsson skipstjóri.

Nefnd þessi gerði tillögur um stærð og gerð skipanna og samdi ýtarlega útboðslýsingu, sem send var 28. júní í sumar til 16 þekktra togaraskipasmíðastöðva. Áður hafði Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri átt viðræður fyrir hönd rn. við allmargar skipasmíðastöðvar um möguleika á smíði togara fyrir Ísland og kynnt þeim aðalkröfur okkar í sambandi við þessi væntanlegu skipakaup. Þann 28. okt. s. l. höfðu tilboð borizt um smíði þessara togara frá níu skipasmíðastöðvum. Nokkur fleiri tilboð hafa verið tilkynnt, en eru þó ókomin. Unnið hefur verið að samanburði á tilboðum þessum, og má nú segja, að það liggi orðið nokkuð ljóst fyrir, hvaða skilmálar ættu að vera fáanlegir, samkv. þessum tilboðum, ef gengið yrði til samninga.

Þar sem nú hefur verið unninn allur nauðsynlegur undirbúningur að þessum skipakaupum, hefur ríkisstj. nú nýlega ákveðið að hefja nú þegar samninga um smíði þessara skipa.

Jafnhliða undirbúningi þeim, sem unninn hefur verið að skipasmíðum þessum, hefur ríkisstj. leitað fyrir sér um lán til skipakaupanna. Nokkur lánstilboð hafa borizt, en áfram verður reynt að útvega hagstæðari lán en hingað til hafa borizt. Samningar um smíði skipanna verða þó ekki látnir dragast af þeim ástæðum.

Ég ætla, að það, sem hér hefur verið sagt, upplýsi það, sem fyrirspyrjandi hefur hér óskað eftir upplýsingum um.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir hans svör við fsp. mínum, svo langt sem þau ná.

Hann upplýsir í fyrsta lagi, að samið hafi verið um smíði á þeim 12 smærri skipum, sem ríkisstj. fékk heimild til að láta byggja, og jafnframt, að þessi skip muni verða tilbúin á síðari hluta næsta árs. Nokkrar upplýsingar hafði hæstv. ráðh. einnig að gefa um ráðstöfun hluta þessara skipa.

En um byggingu togaranna voru upplýsingar hans hins vegar allmiklu meira á reiki, og ég verð að lýsa yfir nokkrum vonbrigðum *mínum* af *þeim* upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hafði að flytja þingi og þjóð.

Hann kvað tilboð hafa borizt frá allmörgum skipasmíðastöðvum hinn 28. okt. s. l. og ríkisstj. hefði á grundvelli þeirra ákveðið að hefja samninga um smíði skipanna. Lengra er *þá málið ekki komið að sinni, að ríkisstj.*, sem hefur í heilt ár haft heimild til þess að taka lán og hefjast handa um smíði 15 togara, hefur fyrst nú ákveðið að hefja samninga um smíði skipanna. Virðist mér þetta benda til þess, að málið hafi ekki verið eins vel undirbúið og nauðsynlegt hefði verið og að allt önnur vinnubrögð hafi nú verið um hönd höfð heldur en þegar sett var löggjöf um endurnýjun togaraflotans á vegum nýsköpunarstjórnarinnar. Þá var málið undirbúið, áður en það kom fyrir Alþ., og framkvæmdum öllum miðaði mjög örugglega áfram og skipin komu að loknum tiltölulega mjög skömmum tíma, frá því að Alþ. gaf ríkisstj. heimild til þess að hafa forustu um skipakaupin.

En það er ekki nóg með það, að það sé nú fyrst verið að taka ákvörðun um að hefja samninga um smíði skipanna. Hæstv. ráðh. hefur ekki aðrar upplýsingar að gefa um lántöku vegna þessara skipasmíða en þær, að ríkisstj. hafi leitað fyrir sér um lán til skipasmíðanna og að nokkur tilboð hafi þegar borizt, en hins vegar muni verða haldið áfram að leita hagstæðari lánstilboða. Sem sagt, allt svífur í lausu lofti um lánsútvegun vegna þessara skipasmíða.

Ég vildi nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. til viðbótar, hvort þau lánstilboð, sem ríkisstj. hafa þegar borizt, séu það há, að með því að taka þeim, þiggja þau lán, sem með þeim eru boðin, sé hægt að smíða hluta af þessum skipum eða öll skipin. Duga þessi lán, sem ríkisstjórninni hafa boðizt, til þess að byggja einhvern hluta skipanna eða öll þessi 15 skip?

Ég vildi enn fremur mega fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann veitti Alþingi nokkru gleggri upplýsingar en hann gerði í framræðu sinni um það, hvar ríkisstj. hafi í hyggju að láta smíða þessi skip, því að ef hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að hefja samninga um smíði skipanna, hlýtur hún á því stigi málsins að vera búin að gera sér ljóst, við hvaða aðila og hvar hún ætlar að fá skipin smíðuð. Enn fremur kemst ég ekki hjá að vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. hliðraði sér algerlega hjá að svara 4. lið fsp. minnar, um það, hvort skipunum hefði þegar verið ráðstafað til ákveðinna staða og þá hverra og hvaða aðila.

Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. gefi alveg skýlausa yfirlýsingu um þetta, því að mér er kunnugt um það, að einstakir staðir þykjast hafa fengið vilyrði fyrir því að fá einhver þessara skipa. Þess er nú skemmst að minnast, að flokksbræður hæstv. ráðh. í bæjarstjórn Reykjavíkur hafa borið fram till. um það í bæjarstjórn, að 6 af þessum 15 skipum verði úthlutað til Bæjarútgerðar Rvíkur og öðrum fjórum til einkaaðila í Reykjavík. Það sætir engri furðu, að slíkar tillögur og raunar ýmislegt fleira hafi vakið þær vonir

hjá mörgu fólki, að ríkisstj. hafi átt fast undir fótum í þessum togaramálum og að hægt sé að byggja nokkuð á framkvæmdum hennar í þeim að því er snertir bætt atvinnuskilyrði og bætta aðstöðu á ýmsum stöðum í landinu.

Tími minn er nú þrotinn, en ég vildi leyfa mér að óska þess, að hæstv. ráðh. gæfi nokkru gleggri upplýsingar um þau atriði, sem ég hef sérstaklega lagt áherzlu á hér. Að öðru leyti vil ég láta í ljós vonbrigði mín yfir því, hversu skammt þessu stóra máli er á veg komið, þar sem hæstv. ráðh. upplýsir, að það sé fyrst nú búið að ákveða að fara að semja um smíði skipanna, en allt sé hins vegar í lausu lofti um það, hvort lán yfirleitt fáist til þessara framkvæmda.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. lýsir hér vonbrigðum sínum yfir því, hve seint hafi gengið með undirbúning í þessu máli. Mér sýnist alveg augljóst á því, hvernig hann flytur mál sitt, að annað tveggja hafi hann verið búinn að ákveða fyrir fram að reyna að halda einhverju slíku fram eða þá hitt, að hann er harla ókunnugur því, hvernig mál eins og þessi ganga raunverulega fyrir sig hjá hverjum þeim, sem hlut á að máli. Ég hefði t. d. viljað benda honum á það að fá upp tímalengd og dagsetningar hjá flokksbræðrum sínum í bæjarstjórn Rvíkur og kanna það, hvað það tók þá langan tíma, frá því að þeir misstu eitt af sínum skipum nú fyrir nokkru, þar til þeir voru búnir að semja um kaup á nýju skipi, og þá hygg ég, að hann kæmist að raun um, að þar var um ólíkt lengri tíma að ræða en frá því að ríkisstj. nú fékk heimild samkvæmt lögum til þess að kaupa þessi skip. En þegar um það er að ræða að kaupa 15 togara, eins og hér er um að ræða, er ofur skiljanlegt, að það taki nokkurn undirbúningstíma að ákveða margt í sambandi við þau kaup.

Það var farin sú leið, að skipuð var nefnd fimm landsþekktra togaraskipstjóra til þess að leita eftir áliti þeirra á því, hvernig þessi skip ættu að vera, af hvaða stærðum og hvernig þau ættu að vera útbúin. Þegar sá tími var liðinn, sem þessi nefnd hafði starfað, og hún hafði skilað áliti sínu, var sett niður sú nefnd manna, sem ég gat hér um í mínum upplýsingum og ég hygg að sé þannig valin, að allir verði að viðurkenna, að þar eru þeir menn til valdir, sem mesta þekkingu og kunnáttu hafa í þessum efnum frá okkar hálfu, Íslendinga, þar sem eru Hjálmar Bárðarson, okkar þekktasti skipaverkfræðingur, Erlingur Þorkelsson vélfræðingur, sem hefur verið við umsjón og byggingu allra þeirra nýrra togara, sem keyptir hafa verið til Íslands nú eftir stríðið, og svo einn þekktasti togaraskipstjóri landsins, Sæmundur Auðunsson. Það tók þessa menn alllangan tíma að gera þá útboðslýsingu, sem talið var alveg óhjákvæmilegt að gerð yrði, og senda hana út til þeirra skipasmíðastöðva, sem líklegastar þóttu að fenginni nokkurri athugun til þess að taka að sér þessa skipasmíði. Það hefur því ekki staðið á ríkisstj. í þessum efnum á neinn hátt, heldur hefur verið unnið, eftir því sem tími hefur leyft, að þessum nauðsynlega undirbúningi. En þegar búið er síðan að gera útboð á svona skipum, verður skiljanlega að líða nokkur tími, þangað til skipasmíðastöðvarnar treysta sér til þess að skila fullkomnum tilboðum inn aftur, og það er vitanlega ekki fyrr en slík tilboð frá skipasmíðastöðvunum liggja fyrir og búið er síðan að vinna nokkuð úr þeim, sem hægt er að hefjast handa um að ganga til beinna samninga. En hv. þm. N-Ísf. virtist líta svo á, að þar sem nú fyrst ætti að fara að hefja samningagerðina, þá væri auðvitað allur tíminn eftir í þessu máli, því að manni skildist helzt á honum, að auðvitað hefði mátt byrja á að semja strax og lögin voru samþykkt hér á Alþingi.

Nei, þessi mál ganga ekki þannig fyrir sig. Einmitt þegar allur þessi undirbúningur hefur verið unninn, útboðslýsingarnar og tilboðin eru komin inn, þá er orðið tiltölulega auðvelt að velja úr nokkrar skipasmíðastöðvar, sem tvímælalaust eru líklegastar með afhendingartíma, með verðlag og kunnar sem togarabyggingarstöðvar, — þá er hægt að velja þær úr og semja á tiltölulega skömmum tíma við þær um sjálfa smíðina. Og ég man líka svo vel, að þessu var svona farið á tímum nýsköpunarstjórnarinnar. Það leið a. m. k. jafnlangur tími og nú hefur liðið, frá því að ákvörðun var tekin um smíði þeirra skipa, þar til samningar voru gerðir.

Þá innti hv. þm. nokkuð eftir því, að það væri einkennilegt, að ríkisstj. skyldi ekki vera búin að semja um lán til þessara skipakaupa. Þetta er í rauninni ekkert undarlegt, því að það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að lántaka til þessara smíða yrði að meira eða minna leyti tengd við smíði skipanna sjálfra, þ. e., að lán yrði tekið í því landi, þar sem endanlega yrði samið um smíðina, og notaðir m. a. þeir lánamöguleikar til hins ýtrasta, sem viðkomandi byggingarstöðvar geta aðstoðað við a. m. k. að veita í því landi.

Þessi leið hefur verið farin nú, og það hafa komið inn, eins og ég sagði, nokkur tilboð, en það þykir ekki ráðlegt að ganga frá neinum lánum, enda alls ekki aðgengilegt að gera það, fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um, hvar skipin endanlega verða keypt, og það er enn í dag ekki hægt að segja um það með fullri vissu, hvort eða hvar þessi skip verða smíðuð. Tilboð eru það lík frá a. m. k. tveimur löndum, að það þykir rétt að ganga alveg til botns með nánari viðræðum við þær stöðvar í því, hvaða byggingarland verður endanlega ákveðið, en eins og ég sagði, hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um það að hefja nú samninga um sjálfa smíðina, og verður þá það ekki látið tefja, þó að ekki liggi fyrir lánssamningar á þeim grundvelli, sem ríkisstj. telur þó að lánin þurfi að vera á í þessu efni. Það verður eigi að síður gengið frá samningum um smíðina, þegar það liggur fyrir um þá lánamöguleika, sem hún veit um nú í dag.

Ég get ekki viðurkennt, að hér sé um nein-

ar upplýsingar á reiki að ræða, eins og hv. þm. komst hér að orði. Hann hefur fengið hér þær upplýsingar, sem hann hefur spurt um. Ég taldi að vísu ekki nauðsynlegt, þegar þetta er nú athugað, sem fram hefur komið í málinu, að svara því sérstaklega, að ekki væri búið að úthluta þessum skipum, því að ég hygg, að það liggi alveg í augum uppi, að sú úthlutun hefur ekki farið fram, og það hefur ekki verið talið eðlilegt að úthluta þessum skipum, enda ætti að vera nægur tími til þess að ákveða útgerðarstað þeirra síðar meir.

En vert er svo að athuga það, að annar þáttur þessara mála er vitanlega kaupin á hinum minni togurum, sem ég gat um, þessum 250 tonna skipum, og frá þeim hefur fullkomlega verið gengið og þeim að vissu leyti úthlutað, eins og ég sagði um.

Ég nefndi að vísu hér í minni upptalningu, að úthlutun hefði farið fram til Raufarhafnarútgerðar og Vopnafjarðarútgerðar, en nánar tiltekið munu það vera tvö skip til Norðausturlandsins, þar sem ekki hefur að fullu og öllu verið gengið þar frá þeim útgerðarsamtökum, sem að þeim skipum munu standa. En með því að fara þá leið, sem hér hefur verið farin, að kaupa 12 skip af þessari stærð, hefur vitanlega verið leystur vandi mjög margra staða á landinu í sambandi við hráefnisöflun, og rétt er að geta þess, að kaup á þessum tólf skipum eru algerlega umfram það, sem ríkisstj. hafði gefið yfirlýsingu um að hún mundi standa að í sambandi við kaup á nýjum togurum. Þrátt fyrir það mun hún standa að því, eins og ég nú hef lýst, að samningar verði nú gerðir um smíði á þessum stóru skipum, byggt á þeim undirbúningi, sem nú hefur farið fram, og þeirri ákvörðun um stærð skipanna, sem þar hefur verið gerð.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég er ekki einn af þeim, sem álíta mesta nauðsyn fyrir okkur eins og nú standa sakir að leggja höfuðáherzlu á að flýta kaupum og smíði nýrra togara, þar sem vitanlegt er, að við borð liggur, að togarafloti landsins verði að hætta, af því, hversu erfið rekstrarafkoman er. En ég skal ekki fara út í þá sálma.

Mig langaði í þessu sambandi að spyrja hæstv. ráðh. tveggja spurninga út af þeim upplýsingum, sem hann gaf. Hann sagði út af lánsskilmálum í sambandi við báta, sem keyptir eru frá Austur-Þýzkalandi, að fengið væri lán til eins eða tveggja ára. Er það svo að skilja, að bátarnir eiga að greiðast framleiðendum eftir 1—2 ár, og hafa þá verið tryggð lán annars staðar, eða geta kaupendur bátanna og bankarnir greitt og yfirfært þessar upphæðir, þegar til kemur, eftir þennan stutta lánstíma, sem hann gat um?

Í öðru lagi gat hann þess í sambandi við væntanlega smíði á togurunum, að heppileg lánstilboð væru ekki fyrir hendi, en samningar um smíði skipanna verði ekki látnir dragast af þeim ástæðum. Er það svo að skilja, að ríkisstj. muni gera samninga um smíði á þessum 15 togurum, án þess að hún hafi nokkur viðunandi tilboð um lán til þess að greiða fyrir togarana?

Það er vitanlegt, að hvorki ríkisstj. né bankarnir, eins og nú standa sakir, hafa fjármagn til þess að greiða út þessa 15 togara eða greiða út fyrir smíði þessara 15 togara, ef ekki fæst lán erlendis.

Ég skildi yfirlýsingu hæstv. ráðh. þannig, að ríkisstj. mundi fara í það að láta byggja þessa 15 togara, hvort sem hún hefði viðunandi lánstilboð erlendis eða ekki.

Ég vildi gjarnan óska, að hæstv. ráðh. vildi svara þessari fyrirspurn.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það voru tvær spurningar, sem hér komu fram nú hjá hv. 2. þm. Reykv. Hin fyrri var í sambandi við frekari lán, sem hugsað væri að taka vegna kaupa á þessum tólf 250 tonna skipum, þar sem fyrir liggur aðeins, að lán er fyrir helmingi andvirðis þeirra skipa til eins og tveggja ára, eins árs til hluta af skipunum og tveggja ára hjá nokkrum hluta af skipunum.

Ég sagði, að enn þá hefði ekki verið gengið frá frekari lánum í sambandi við þessi skipakaup. Lán þau, sem þarna er um að ræða, eru nákvæmlega hliðstæð þeim lánum, sem tekin hafa verið í sambandi við fiskibátakaup, þegar samið hefur verið um smíði á fiskibátum í Danmörku og Svíþjóð, en að því hefur verið nokkuð gert að undanförnu. Þessir samningar við austur-þýzku skipasmíðastöðina eru því byggðir á nákvæmlega sama lánsgrundvellinum. Hins vegar hefur verið allmikið rætt bæði við þá skipasmíðastöð og aðrar, og ríkisstj. er ljóst, að það er nauðsynlegt að reyna að tryggja sér þarna frekara lán, og er unnið að því, að þarna fáist lán til lengri tíma, þar sem erfitt er að standa undir svona miklum bátakaupum af þeim gjaldeyristekjum, sem til falla árlega. En sem sagt, eins og ég hafði áður upplýst, hefur ekki enn verið gengið frá frekari lánum í þessum tilfellum, en að því er unnið.

Síðari spurningin, sem hér kom fram hjá hv. þm., var um það, hvort ríkisstj. ætlaði sér að semja um smíði á þessum 15 stóru togurum, jafnvel þó að hún hefði ekki gengið frá þeim lánum viðvíkjandi þeim kaupum, sem hún teldi vera hagstæð lán.

Ég sagði hér í mínum fyrri upplýsingum, að ríkisstj. hefði tekið um það ákvörðun að ganga frá smíðasamningum, jafnvel þó að svo stæði á, af því að hún vildi ekki tefja það, að gerður yrði smíðasamningur. En þá byggir hún á því, að hún hefur þegar fengið upplýsingar um vissa lánsmöguleika, sem hún telur að vísu ekki nægilega góða, en telur, að líkur séu til þess, að hægt sé að koma þessum lánum í betra horf.

Ég vil líka minna á í þessu sambandi, að þegar síðustu 10 togararnir voru keyptir árið 1949, voru þeir keyptir á nákvæmlega hliðstæðum grundvelli. Þá var ekki búið að ganga frá neinum viðhlítandi lánum, sem hægt væri að byggja á í sambandi við þau kaup, en samt

sem áður var samningur um skipabygginguna gerður, svo að hér er þá aðeins farið að á hliðstæðan hátt og þá var gert. Og ég tel, að miðað við þá möguleika, sem vitað er um um lán, sé hér ekki óeðlilega að farið, þar sem það skiptir okkur mjög miklu máli að fá fastan byggingarsamning um þessi skip, því að afgreiðslutími á skipunum er alllangur.

Ég held, að fleiri atriði hafi ekki komið þarna fram, sem sérstök ástæða er til þess að orðlengja um.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þessar umræður, sem hér hafa farið fram, gætu gefið tilefni til ýmissa hugleiðinga, en það er auðvitað engin aðstaða til þess að ræða þetta mál neitt verulega, þar sem um nauman tíma er að ræða, sem þingmönnum er ætlaður.

Mér skildist, að hæstv. ráðh. væri ánægður með gang þessara mála, eins og hann hefði verið, og teldi það hafa gengið fullkomlega á viðunandi hátt. Mér skilst nú, að hann sé þá ánægðari en aðalblað flokks hans, því að þar hefur a. m. k. einu sinni og það fyrir nokkuð löngu komið fram umkvartanir um það, hvað þessi mál gengju seint. Að vísu var ekki hæstv. sjútvmrh. kennt um það, heldur öðrum öflum, en það virðist þá sem ráðh. telji ekki, að það hafi verið ástæða til þeirra umkvartana, sem komu fram í blaðinu. Hins vegar var það nú alveg ljóst af upplýsingum hæstv. ráðherra, að hann taldi líkur til, að mönnum mundi ekki þykja þetta alls kostar hafa gengið rösklega, vegna þess að hann fór hér að svara atriðum, sem ekki hafði verið um spurt, og gerði í rauninni að uppistöðu í sínu máli, en það voru samningarnir um hin 12 austurþýzku skip, sem samið hefði verið um smíði á. Það er vitanlega góðra gjalda vert, þó að það hins vegar hafi nú upplýstst eftir svar hæstv. ráðh. við fsp. hv. 2. þm. Reykv., að það er auðvitað með öllu óviðunandi, ef ekki tekst að fá hagstæðari greiðsluskilmála á þessum skipum en nú virðast horfur á. Þó að það hafi verið svo, að einstakir aðilar, sem hafa samið um eitt og eitt skip við erlendar skipasmíðastöðvar, hafi ekki getað fengið margra ára lán, heldur venjuleg exportkreditlán, gegnir auðvitað allt öðru máli, þegar samið er um smíði á 12 skipum, að því er mér skilst við sama aðila. Þá gegnir það nokkurri furðu, ef ekki er grundvöllur til þess að fá hagstæðari lán en aðeins til tveggja ára og það aðeins um helming andvirðisins, hinn helminginn verður að yfirfæra þegar í stað eða áður en skipin eru afhent, eftir þeim reglum, sem gilda almennt um þessa báta. Hér er um 50 millj. kr. upphæð að ræða, og það gefur auga leið, að það er mjög mikið átak, ef þarf að greiða það á tveimur árum af gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Varðandi togarana virðist liggja ljóst fyrir, að það hefur enn ekki verið samið um smíði neins togara, og það er enn í óvissu, að því er mér skilst, við hvern aðila verður samið. Það er a. m. k. ítrekað búið að spyrja hæstv. ráðh. um það, og hann hefur engu um það svarað, hvar líklegt sé að skipin verði byggð. Hins vegar virðast þó hafa verið einhverjar bollaleggingar um þetta, því að hæstv. ráðh. sagði, að lánamöguleikar yrðu að sjálfsögðu að athugast í sambandi við, hvar skipin yrðu byggð. Hann telur einhverjar horfur á, þó að allt sé það í lausu lofti, að lán fáist, og þá hlýtur það væntanlega að vera í því landi, þar sem skipin á að byggja, eftir fyrri upplýsingum hans um, hvaða vinnubrögð yrðu á þessu að vera. Og ég vildi nú leyfa mér að vænta þess, að hæstv. ráðh. gæti með hliðsjón af þessum upplýsingum, sem hann hefur gefið, skýrt frá því, hvar líkur séu til þess að slík lán sé að fá, og jafnframt vildi ég ítreka það, sem hv. þm. N-Ísf. spurði um, hvort ætlunin væri nú að semja um smíði allra þessara skipa eða aðeins nokkurra þeirra.

Í rauninni liggur málið þannig fyrir eftir þau svör, sem hæstv. ráðh. hefur nú gefið, að menn eru nákvæmlega jafnnær um öll atriði málsins, annað en það eitt, að ekkert er farið að hefjast handa um annað en leita eftir tilboðum og að nokkur svör hafa borizt við þeim tilboðum. Og til viðbótar það, að eftir upplýsingum hæstv. ráðh. virðast þessi tilboð alls ekki hagstæð, og þá er um það að ræða, eins og hann sagði, að það verði að leita fyrir sér eftir því, hvort ekki fáist með einhverju öðru móti viðunandi hagstæð lán. Og ef ríkisstj. telur gerlegt að ganga nú frá smíðasamningum, án þess að lán hafi fengizt, eins og hæstv. ráðh. upplýsir, hljóta að vera það miklar líkur til, að lánin fáist, að það eigi að vera auðið að skýra frá því a. m. k., hvar um slíkt sé að ræða, því að það semur engin ríkisstj. um að smíða skip fyrir tugi milljóna eða á annað hundrað milljónir króna, án þess að það séu verulegar líkur til og raunar næstum fullvíst, að lán fáist til smíðanna.

Ég verð að láta í ljós nokkra óánægju yfir því, að hæstv. ráðh. skuli ekki sjá sér fært að svara þessu nánar en gert hefur verið. Það er rétt, að við byggingu þessara skipa hafa víða verið bundnar miklar vonir, og miðað við það, hvað var lögð geysileg áherzla á það af hæstv. ríkisstj. í fyrrahaust að fá afgreidda heimildina til þess að láta smíða þessi skip, mátti gera ráð fyrir, að það mundi verða gengið með oddi og egg að því að smíða skipin. Nú virðist sem sagt málið liggja þannig fyrir, að allt sé í óvissu um þetta efni, eða a. m. k. ef ríkisstj. hefur einhverja vitneskju um horfur á framkvæmdum, þá hefur hún ekki séð sér fært að skýra frá því hér. En ég endurtek það, að mér þætti mjög æskilegt, ef ráðh. sæi sér fært að skýra frá því nánar en hann hefur gert, hvaða horfur séu á lántökum, og þá, hvort þegar liggi fyrir, að fáanlegt sé lán til smíða á öllum skipunum, og þá hvort þau lán séu með viðunandi kjörum og hvort ætlunin sé nú hjá ríkisstj. að semja um smíði allra þessara 15 togara.

Varðandi síðasta atriði fyrirspurnar hv. þm. N-Ísf., að það væri ekki búið að úthluta skipunum til neinna ákveðinna staða, þá er það vitanlega fullgilt svar hjá ráðherranum. Hins vegar hefur ekki verið talið til fyrirstöðu við

bátana a. m. k., að það væri gengið frá úthlutun þeirra fyrir fram að nokkru leyti, þannig að það hefði vitanlega ekki verið útilokað heldur með togarana. Og líklegt er, að fyrir liggi einhverjar tillögur frá atvinnutækjanefnd um það, hvert hún telur æskilegt, að þessi skip færu, og þá væri mjög gott að fá um það upplýsingar frá hæstv. ráðherra, ef hann telur sér fært að upplýsa það.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. staðfesti í svari sínu það, sem hafði komið mjög ógreinilega fram í hans ræðu, að enn er allt í óvissu með lánin til þess að borga fyrir þau skipakaup, sem hér er verið um að ræða. Hæstv. ráðh. sagði, að skipakaupin í Austur-Þýzkalandi hefðu verið gerð á svipuðum grundvelli og einstaklingar hefðu gert undanfarið með kaup á bátum frá Danmörku og Svíþjóð. En það getur ekki afsakað á nokkurn hátt, að ríkisstj. hleypir sér í milljónaskuldir við slíkar byggingar, sem hún vægt sagt á mjög erfitt með að greiða eða standa í skilum með. Og hitt verð ég að segja, að ef ríkisstj. ætlar að gera samning um smíði 15 togara, sem munu kosta samtals um 150 millj. kr., þá verð ég að segja, að það er fullkomið ábyrgðarleysi, ef ríkisstj. ætlar að binda landinu slíkan bagga, án þess að hún hafi fulla tryggingu fyrir nauðsynlegum erlendum lánum í því skyni.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það er nú kannske ekki þörf á því að lengja þetta mikið frekar en orðið er. Aðeins þetta, að mér sýnist, að þessir hv. sjálfstæðismenn, sem hér hafa talað um þetta mál, reikni með öllum vinnubrögðum í þessum efnum nokkuð einkennilegum. Það er helzt á þeim að skilja, að það hefði verið hinn eðlilegi gangur málsins, að ríkisstj. hefði farið á stúfana og útvegað sér 150 millj. kr. að láni einhvers staðar, átt það í handraðanum og farið svo á stað til þess að leita fyrir sér um togarabyggingar á eftir. Svona er vitanlega hægt að stilla upp dæminu. En ég hygg, að þeir, sem nærri þessum málum hafa komið, viðurkenni allir, að það er ekki svo auðvelt að útvega lán í þessum efnum, að ekki sé rétt að tengja þetta að meira eða minna leyti við sjálfa smíðina, að maður verði að leggja til hliðar þennan möguleika með öllu, en hin leiðin hljóti að verða farin af eðlilegum ástæðum, að kanna það fyrst, hvar eru kjörin á byggingunni bezt, hvar er hægt að fá skemmstan afgreiðslutíma, hvar er hægt að fá verðið lægst og önnur kjör bezt, og kanna það síðan í viðkomandi landi og með aðstoð viðkomandi byggingarstöðvar, hvaða lánsmöguleikar eru þar fyrir hendi. Nú hefur ríkisstj. fengið upplýsingar um þetta, sem eru allmikils virði, þar sem hún veit um nokkra lánsmöguleika í sambandi við bygginguna á þennan hátt, en vill þó hins vegar vinna að því frekar, af því að hún telur að þurfi að útvega þarna hagstæðari lánakjör en fram hafa komið á þessu stigi málsins. Hins vegar sé ég ekki, að það þurfi að vera neitt ógætilegt fyrir ríkisstj. að semja um smíði skipanna á hliðstæðan hátt og gert hefur verið áður, þegar svona skip hafa verið keypt, þegar líka það liggur fyrir, að nokkrir lánsmöguleikar eru fyrir hendi og þeir ekki það óaðgengilegir, að þetta ætti að vera viðráðanlegt.

Hér hefur síðan verið margendurtekið af þessum hv. þm., að allt sé í óvissu um framkvæmdir. Það er í óvissu allt um framkvæmdir, þegar búið er að vinna nauðsynlegan undirbúning að byggingunum, og það er búið að taka ákvörðun um, að smíðasamningur verði nú gerður. Þeir, sem þannig tala, hafa sýnilega ætlazt til þess, að um leið og Alþ. var búið að samþykkja lögin, yrði samið undireins.

Það er vitanlega hægt að deila um það út af fyrir sig, hvort þessi undirbúningstími er orðinn of langur eða ekki. Það er deila um einn, tvo eða þrjá mánuði, það er rétt. En ég hygg nú samt, að þeir menn, sem með ríkisstj. hafa unnið að undirbúningi málsins, hafi unnið vel, og ég veit, að eftir þá liggur nú þegar mikið verk í sambandi við þennan undirbúning.

Mér er ekki kunnugt um, að það hafi nokkurn tíma verið farin sú leið áður í sambandi við úthlutun á skipum, að þeim hafi verið úthlutað til ákveðinna kaupenda, áður en formlegir kaupsamningar hafa verið gerðir. Það hefur ekki verið gert í sambandi við þessi 12 skip. Þeim hefur ekki verið úthlutað, fyrr en búið var að festa kaup á skipunum, og ég sé heldur ekki, hvaða ástæða væri til þess að fara nú að úthluta þessum 15 togurum, áður en formlegir smíðasamningar eru gerðir.

Það er líka mesta fjarstæða að ætlast til þess, að hér verði gefin svör um það, við hvaða aðila eða við hvaða land á að semja um byggingu þessara skipa. Þegar það liggur fyrir, að tilboð hefur borizt frá fleiri en einu landi og þau mjög svipuð í ýmsum tilfellum, þá viljum við leita betur fyrir okkur um það, áður en gefnar eru út opinberar yfirlýsingar hér á Alþ. um það, að eitt byggingarlandið og ein byggingarstöðin verði þar tekin fram yfir aðra. Og það er því heldur engin ástæða til þess að gefa yfirlýsingu um neitt slíkt.

Sama er í rauninni að segja um það, þegar hér er verið að spyrja sérstaklega um, hvort eigi að semja í tilteknu landi um smíði á öllum skipunum eða ekki öllum skipunum. Vitanlega fer þetta eftir því, hvernig samningar gerast þar um málið sem heild, en hins vegar er heimild Alþ. og ætlun ríkisstj. að kaupa 15 skip, eins og kunnugt er.

Þá er hér á sama hátt alltaf verið að inna eftir því, hvar eru líkur fyrir lánum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að gefa hér neinar upplýsingar um það, hvernig þau tilboð eru, sem borizt hafa í sambandi við byggingu á þessum skipum, eða hvaða lánatilboð hafa þar borizt með. Ég tel það ekki heppilegt fyrir framgang málsins, mjög óeðlilegt gagnvart þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, hinum erlendu aðilum, en hitt tel ég að sé út af fyrir sig nægilegt, að nú liggja upplýsingar fyrir um það, að undirbúningsvinna hefur öll verið unnin hér heima í þessum efnum og ákvörðun tekin um það að ganga nú beint til verks og semja um smíðina.

Ég held svo, að fleiri atriði hafi hér ekki komið fram, sem mér þykir ástæða til þess að ræða um.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er sízt ofsögum sagt, að svör hæstv. sjútvmrh. séu mjög á reiki og harla óljós. Það eina, sem virðist vera alveg öruggt í hans huga, er það, að engan veginn sé tímabært enn þá að tala um úthlutun þessara skipa, hvað þá heldur meira. Hann minnist á það sem algera fjarstæðu, að um það sé spurt, hvort búið sé að úthluta skipunum.

Þetta er mjög fróðlegt fyrir þingheim, en ekki síður fyrir borgara hér í Reykjavík að heyra, því að ekki alls fyrir löngu báru flokksbræður hæstv. ráðherra fram í bæjarstjórn Reykjavíkur tillögu um það, þar sem Reykjavíkurbær átti að gera gangskör að því að útvega sér nú þegar verulegan hluta af þessum skipum. Bæjarstjórnin gerðist svo djörf, að hún vildi láta vísa málinu til athugunar þeirrar n., sem um þessi mál fjallar hjá henni, en það var þá af flokksbræðrum hæstv. ráðherra kallaður fjandskapur við málið, óhæfilegur dráttur og látið svo sem því væri mjög stefnt í voða, að Reykjavíkurbær gæti fengið nokkuð af þessum skipum. En þegar hingað á Alþingi kemur, heyrum við það, að hæstv. ráðh. telur með öllu fjarstæðu, að um úthlutun skipanna skuli rætt. Við sjáum þá sæmilega glöggt og vissum það raunar áður, af hvaða toga þessi málflutningur í bæjarstjórninni var spunninn.

En þó að það sé ljóst af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann telur mjög ótímabært að tala um úthlutun skipanna, þá var flest annað mjög ógreinilegt í hans svörum. Vildi ég nú enn gera tilraun til þess að fá hæstv. ráðh. til þess að festa sig nokkuð við jörðina og svara ákveðnum spurningum, sem þingheimur sannarlega á kröfu til að fá ákveðin og skýr svör við. Og fyrsta spurning mín er þá sú, hvort hér sé eingöngu um að ræða lán, tengd byggingu skipanna, þ. e. a. s. frá skipasmíðastöðvunum, sem tilboð hafa gert. Og ef um slík lán er að ræða, hvaða lönd koma þar þá til greina? Ég get ekki ætlazt til þess á þessu stigi, að ráðh. svari, hvar lánin endanlega verði tekin, en þingheimur á rétt á því að fá svar við því, hvaða lönd koma hér til greina.

Enn fremur vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því, hvort engin almenn lánsútvegun á vegum ríkisstj. sé í undirbúningi. Ef slík almenn lánsútvegun er í undirbúningi, er þá fyrir fram ákveðið, að ekkert af því láni renni til togaranna? Og ef unnið er að slíkri almennri fjárútvegun, hvar er þá unnið að henni, í hvaða landi eða í hvaða löndum? Loks vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, samkv. marggefnu tilefni í stærsta stjórnarstuðningsblaðinu, Þjóðviljanum, því, sem hæstv. ráðh. hefur sérstaka umsjón með: Er rétt, að kostur sé eða hafi verið á stóru rússnesku láni til Íslands, og ef svo er, þá með hvaða kjörum? Hver er afstaða hæstv. ríkisstj. til þeirrar lántöku? Og er hæstv. ríkisstj. sammála um afstöðu sína til þess lánstilboðs?

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Hv. 1. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni kröfur þær frá vissum bæjarfulltrúum í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem fram hafa komið í sambandi við úthlutun á hinum nýju togurum. Og honum þykir, að það fari ekki vel saman, að það komi fram frá flokksbræðrum mínum kröfur í bæjarstjórn Reykjavíkur um það, að þeir ættu að fá ákveðinn hluta af þessum skipum úthlutað, og svo aftur afstaða mín hér um það, að ekki sé tímabært að ganga til úthlutunar á þessum skipum, á meðan ekki hefur verið gerður formlegur byggingarsamningur.

Þetta er nú næsta einkennilegur málflutningur hjá hv. þingmanni. Það hefur nefnilega verið svo frá upphafi í hvert skipti, sem ákveðið hefur verið að kaupa á vegum ríkisins togara, að þá hafa umsóknir frá hinum ýmsu bæjarfélögum og einstaklingum og „privat" útgerðarfélögum alltaf borizt til ríkisins, jafnvel löngu áður en samningar hafa verið gerðir um kaup á skipunum. Það er því ekkert nýtt atriði. Hér hefur það verið upplýst á Alþ. áður, m. a. af mér, að allmargir aðilar víðs vegar á landinu hafi snúið sér til ríkisins nú og sótt um þessi skip. Og það er rétt, að það vakti nokkra undrun mína og fleiri, að bæjarútgerðin í Reykjavík, sem er stærsta togaraútgerðarfélag í landinu, hafði ekki sótt um neitt skip nú til skamms síma, á sama tíma sem einstaklingsútgerðir hér í Reykjavík höfðu fyrir alllöngu lagt inn formlega beiðni um úthlutun á einhverjum af þessum skipum sér til handa. Og margar bæjarstjórnir á landinu höfðu einnig sótt um þetta. Og út af fyrir sig er það ekki nema eðlilegur hlutur, að einstakar bæjarstjórnir vilji koma á framfæri óskum sínum og umsóknum í þessu efni. Hitt leiðir ekki af því, þó að þær vilji tilkynna sínar umsóknir, að ríkisvaldið rjúki upp til handa og fóta, um leið og slíkar beiðnir komi, og fari að úthluta þeim skipum, sem ekki er búið að semja formlega um byggingu á.

Ég tel, að út af fyrir sig hafi það verið mjög eðlilegt af bæjarfulltrúunum í bæjarstjórn Reykjavíkur að vekja þar athygli á því, að bæjarútgerðin í Reykjavík ætti að fara að hugsa sig um, hvort hún vildi verða hér aðili að eða ekki, þó hins vegar að ég telji enn enga ástæðu til þess að byrja að úthluta þessum skipum, fyrr en formlega hefur verið samið um smíði á þeim.

Svo kom þessi hv. þm. hér með ýmsar fsp. almenns eðlis um lántöku og þess háttar, sem í rauninni koma ekkert við þeirri fsp., sem hér er til umræðu. Ég sé heldur enga ástæðu til þess, að ég fari að svara hér slíkum munnlegum fsp., sem til mín er beint, en raunverulega varða ríkisstj. alla og sumpart hafa ekki einu sinni verið ræddar í ríkisstjórninni. En það er auðvitað greinilegt, hvað það er, sem hér er á ferðinni hjá þessum hv. þm., og það er aðalatriðið í málflutningi hans. Það er sem sagt þetta, sem kemur fram í hverri einni og einustu spurningu frá honum: Hvaða land er það, sem ætlar að veita lánið? Hvaða land er það, sem ætlar að byggja togarana? Við hvaða

land er verið að semja? Það er aðalatriðið hjá þessum hv. þm., og það þarf ekki að ræða um það öllu frekar, hvað það er, sem fyrir honum vakir. En það mál, sem hér er um að ræða, að kaupa nokkra nýja togara til landsins, semja um byggingu þeirra og semja um hagstæð lán í sambandi við þessi kaup, — það verður væntanlega ekki unnið þannig að því máli frá hálfu ríkisstj., að þar eigi það að verða lagt til grundvallar, hvaða land á að framleiða skipin og hvaða land á að veita lán til þessara kaupa, heldur hitt, að reyna að komast að því, hvar við getum fengið skipin smíðuð á skemmstum tíma með lægstu verði og hvar við getum fengið hagstæðust kjör í sambandi við þessi kaup. Það er það, sem er aðalatriðið.

Ég sé ekki ástæðu til þess hér að fara að svara þessum hv. þm. í sambandi við hans almennu fyrirspurnir um lántöku, sem ríkisstj. vinnur að. Það er ekki mitt verk að svara því, og allra sízt tel ég það eðlilegt undir þeim lið, sem hér er um að ræða. Hann getur að sjálfsögðu haldið áfram að snúast í kringum þessar hugsanir sínar, m. a. í sambandi við skrif sín í sínu blaði um það, hvort ríkisstj. sé nú e. t. v. að tala við eitthvert land, sem ekki megi tala við, ekki einu sinni um það að fá þar hagstæð lán eða kaupa þar hagstæð skip eða ekki. Hann getur snúizt í kringum slíkar hugsanir í sínu blaði og reyndar hér á Alþingi, ef hann vill, en það hefur ekki nein áhrif á gang þessa máls. En aðalatriði þess er það, að sem skjótast verði samið um smíði á þessum skipum og þar farið eftir beztu kjörum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Óljós voru nú svör hæstv. sjútvmrh. áður, en miklu dimmra er honum þó fyrir augum, þegar hann á að svara þeim einföldu spurningum, sem ég bar fram, heldur en jafnvel fyrr. Menn hafa nú heyrt hans svör við þeim, og skal ég ekki rekja það frekar, enda hef ég takmarkaðan ræðutíma, svo að ég get ekki farið út í almennar umræður málsins. Ég vil einungis spyrja hann: Er það ekki meginatriði í þessu máli, hvort fé er hægt að fá til togarakaupanna eða ekki? Og er þá ekki nauðsynlegt að fá það upplýst, hvort mögulegt sé að fá það fé af almennu láni, sem sagt er að sé verið að reyna að afla? Og varðar þá þingheim ekki miklu, hvar og hvernig með þá lánsútvegun gangi? Þetta mundu venjulegir menn telja aðalatriði þessa máls, en hæstv. sjútvmrh. er nú orðinn svo villtur, að hann skilur ekki þessi höfuðatriði málsins.

Þá vil ég enn spyrja hæstv. ráðh.: Hvað af mínum spurningum hefur ekki verið rætt í hæstv. ríkisstj.? Hann sagði, að sum þeirra atriða, sem ég spurði um, hefðu ekki verið rædd í hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. hlýtur að vita, hvað hann á við með þessum svörum sínum. Og það er sannarlega mjög fróðlegt fyrir þingheim til þess að átta sig á meðferð málsins hjá hæstv. ráðh. að vita, hvaða atriði það eru, sem alls ekki hafa verið rædd í sjálfri ríkisstj., en varða þó grundvallaratriði þessa máls.

Þá skaut hæstv. sjútvmrh. sér undir það, að hér væri um almenn mál að ræða, sem ekki heyrði undir sig að svara. En vissulega heyra þau undir hæstv. ráðh., að svo miklu leyti sem þau varða fjárútvegun til þessara togarakaupa. En þá er líka skammt fyrir hann að seilast til þess, sem svarað getur, til sessunautar síns, hæstv. fjmrh., og einhvern tíma hefði nú ekki staðið á honum, jafnvel óumbeðið, að svara jafnskýlausum spurningum og hér eru fram bornar. Og vil ég þá beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann vill nú ekki, úr því að sessunaut hans er orðið orðs vant, hlaupa til og reyna að fræða þingheim og alþjóð um þau atriði, sem íslenzka þjóðin vissulega á heimtingu á að fá skýlaus svör við.

Loksins vildi ég svo spyrja hæstv. sjútvmrh. að því, hvort hann ráðgeri að auglýsa, hvenær sækja eigi um þessa togara til þess að koma til greina varðandi úthlutun þeirra, eða hvort ætlunin sé að úthluta þeim, án þess að mönnum sé gefinn kostur á því innan einhvers ákveðins frests, eftir að fyrir liggur, hver skipin eru og með hvaða kjörum þau verða látin, að sækja um þau.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Hv. þm. spyr nú um það, hvort ákveðið sé nokkuð um það, að auglýst verði, hvenær síðast megi sækja um þessi skip, og bendir það mjög til þess, að hann og flokksbræður hans ætli nú að draga það fram á síðustu stund að leggja inn umsókn. Ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir um það enn þá, enda hygg ég, að það mætti nú hafa sama hátt á í þessu og hafður hefur verið á áður, að menn sýndu það, án þess að það þyrfti að auglýsa það beinlínis, hvort þeir hafa áhuga á að fá eitthvað af þeim tækjum, sem hér er um að ræða, og þeir væru nokkurn veginn einfærir um að koma þá umsóknum sínum á framfæri án beinlínis eggjana í auglýsingum. En e. t. v. verður það svo, að þetta verður auglýst. En þó ætla ég, að málið sé þannig, að þessum skipum verði varla úthlutað þannig, að það geti farið fram hjá a. m. k. bæjarstjórnum í landinu almennt eða þær missi af neinu af þeim sökum, að þær viti ekki um það, þegar úthlutunin hefst.

Hv. þm. sagði hér, að hann teldi, að meginatriði þessa máls væri þó það að fá úr því skorið, hvort hægt væri raunverulega að fá fé til þessara skipakaupa. Ja, ég hafði upplýst þegar í upphafi máls míns, og síðan hef ég reyndar endurtekið það tvisvar eða þrisvar sinnum, að það lægju fyrir lánsmöguleikar til kaupa á skipunum og þeir væru þess eðlis, þessir lánsmöguleikar, að ríkisstj. mundi ekki, þó að hún annars væri að leita að enn þá hagstæðari lánum, setja það fyrir sig að ganga frá formlegum smíðasamningum um skipin, vegna þess að hún hefur nokkra lánsmöguleika nú þegar á hendinni. Þetta er þegar upplýst í málinu. En að öðru leyti verður unnið að því áfram að reyna að fá þarna hagstæðari lán. Þetta er aðalatriði málsins, og þetta hefur verið upplýst.

Hitt atriðið, hvort ríkisstj. er svo að vinna hér að almennri lántöku og hvar hún vinnur að því og hvernig, það er í rauninni allt annað mál, sem m. a. hefur nú verið rætt hér á Alþ. ekki alls fyrir löngu.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil aðeins segja það, að það, sem skiptir hér höfuðmáli, er það, að samið verði sem allra fyrst um byggingu þessara skipa og reynt verði þar að semja við þá aðila, sem geta afhent skipin á skemmstum tíma og með beztum kjörum, en jafnframt verði unnið að því, eins og tök eru á, að reyna að fá hér sem hagstæðust lán. En þó legg ég svo mikla áherzlu á það, að skipin verði byggð þar, sem þau fást ódýrust og afgreidd á skemmstum tíma, að fremur vildi ég þar sæta eitthvað lakari lánskjörum heldur en að kaupa vafasöm skip með betri lánskjörum. Því legg ég höfuðáherzlu á það, að samningum á hagstæðustum grundvelli í sambandi við afhendingu og verð skipanna verði hraðað, og ákvörðun hefur nú verið tekin um það og verður væntanlega samninganefnd send út til þessara álitlegustu skipasmíðastöðva nú næstu daga, og það tel ég fyrir mitt leyti aðalatriði þessa máls.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það hefur augljóslega ekki mikla þýðingu að spyrja nánar um kjarna þessa máls. Svörin við þeim spurningum verða sízt skýrari, nema síður sé, eftir því sem lengra líður á og fastar er eftir gengið.

Það hefur verið minnzt á það hér af hæstv. ráðh., að þess væri engin von, að farið væri að ræða um úthlutun togaranna. Nú vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að þótt vitanlega sé ekki hægt að tala um úthlutun togaranna, fyrr en ákveðið er að smíða þá, og það var nú sannast sagna álitið, að það mundi ekki hafa verið farið á stúfana með heimildarfrumvarp ríkisstj. til handa, nema því aðeins að hún hefði nokkurn veginn vissu um það og hefði þegar ákveðið að láta smíða þá, hvar sem það yrði gert, þá er því nú samt þannig háttað, að það getur verið mjög bagalegt að hafa ekki einhverja hliðsjón af því saman, úthlutun bátanna annars vegar og togaranna hins vegar. Og ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé kunnugt um það, og ég þekki það af eigin reynd, að í sambandi við úthlutun hinna austur-þýzku báta, a. m. k. í einu tilfelli, hefur verið um það rætt af þeim opinberum aðilum, sem með það mál hafa að gera, að ef viðkomandi sveitarfélag vildi leggja áherzlu á að fá þetta skip, mundi ekki vera gert ráð fyrir, að það fengi togara, en hins vegar hefur ekki fengizt neitt ákveðið um það, hvort byggðarlagið fengi þá togara. Af þessu sést ljóslega, að það getur verið mjög bagalegt og í rauninni ógerlegt fyrir sveitarfélög, sem eru að hugsa um atvinnuuppbyggingu á þessu sviði með hliðsjón af þessum bátum og togurum, að geta ekki fengið einhver svör um það, því að ef í þessu tilfelli yrði sleppt bátnum, þá er sem sagt engin trygging fyrir því síðar, að togarinn fáist, og þannig getur þetta verið í fleiri tilfellum. Ég minnist aðeins á þetta sem dæmi þess, að það getur auðvitað verið mjög bagalegt, að ekki sé hægt að taka nokkurn veginn ákvarðanir um þetta hvort tveggja samtímis, enda hefur því verið yfir lýst af hæstv. ríkisstj., að það sé einmitt ætlunin, að bátarnir fari til þeirra staða, sem togarar ekki fara á, og því erfitt að aðgreina þessa úthlutun, því að úthlutun togaranna og bátanna hlýtur að verða framkvæmd nokkuð með hliðsjón af hvort öðru.

Hæstv. ráðh. hefur, — að ég held mig rétt hafa heyrt, eða réttar sagt ekki heyrt, — ekki enn þá skýrt frá því, hvort ríkisstj. hafi ákveðið nú að láta smíða alla hina 15 togara eða ekki. Það var misskilningur hjá honum áðan, að spurt hefði verið um það, hvort það ætti að smíða þá alla í sama landi. Það var spurt um það, hvort ríkisstjórnin hefði ákveðið að smíða nú alla togarana eða gera nú samninga um smíði þeirra. Og í sambandi við það ætti þó að vera auðið fyrir hæstv. ráðherra að upplýsa, — þó að hann telji sér ekki fært að upplýsa nákvæmlega eða tilgreina nákvæmlega ákveðin lönd, sem verði samið við, eða ákveðnar skipasmíðastöðvar, þá ætti þó að vera hægt að upplýsa í því sambandi, hvort þeir lánsmöguleikar, sem hæstv. ráðh. minntist á, væru til staðar í fleiri löndum en einu.

Hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu hér áðan, að það væri undarlegt, að menn teldu, að það væri allt í óvissu í þessu máli, þar sem ríkisstj. hefði nú tekið ákvörðun um að láta smíða skipin. Ég held nú sannast sagna, að það sé ekki fjarri lagi samt að halda því fram, að æði margt sé í óvissu. Það er ekki hægt að upplýsa neitt um það, við hverja verði samið, ekki hægt að upplýsa neitt um það, hvar tiltækilegt verði talið að taka lán, eða yfirleitt, hvort viðunandi lánstilboð liggja fyrir. Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það, hvert þessi skip eiga að fara, og auðvitað ekki þá heldur neitt vitað um það, hvort þau koma til landsins eftir 3, 4, 5 eða 10 ár, því að allt þetta virðist enn vera í fullkominni óvissu. Vitanlega hlýtur ríkisstj. að sitja inni með einhverja vitneskju í þessu efni, sem hún telur ekki fært að skýra hér frá, enda upplýst af hæstv. ráðh., að svo sé. En fyrir öllum hv. þm. held ég að málið hljóti að liggja þannig einfaldlega, að um öll þau atriði, er höfuðefni skipta, sé allt í fullkominni óvissu, hvernig verði með framkvæmdir í þessu stóra máli, sem átti að verða nokkurs konar flaggskip hæstv. ríkisstj., þegar hún settist í ráðherrastóla.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það dynja nú alltaf á nýjar og nýjar fsp., sem kannske er óþarfi að vera að teygja tímann með að svara.

Hv. 2. þm. Eyf. minntist hér á, að það væri bagalegt fyrir ýmsa staði að vita ekki um úthlutun á þessum togurum jafnhliða úthlutuninni á bátunum.

Út af fyrir sig kann það að vera, að það getur staðið þannig á. En hitt gefur líka alveg

auga leið, að það er alveg óhugsandi að úthluta skipum, sem maður veit ekki nákvæmlega um hvað kosta eða hvaða kjör eru á. Ég er alveg fullviss um það, að þeir aðilar a. m. k., sem verða að gera sér það að góðu að borga þessi 10—15% af andvirði skipanna, vilja ekki semja um það fyrir fram að taka skip, sem þeir vita ekkert um hvað kostar, ekki einu sinni, hvar verður byggt, o. s. frv. Það gefur alveg auga leið, að það er ekki eðlilegt að úthluta svona skipum, fyrr en samningur hefur formlega verið gerður. Og það hefur aldrei verið gert hér áður, svo að mér sé kunnugt um.

Hins vegar vita flestir þeirra það, sem áhuga hafa haft fyrir þessum kaupum og hafa verið að spyrjast fyrir um það sem væntanlegir kaupendur, — þeir hafa fylgzt allvel með því, hvernig ætlað er að hafa þessi skip, hvernig útboðslýsing hefur verið á þeim, og munu fylgjast með því á hverju stigi málsins líka, eftir því sem málinu þokar áfram, hvernig skipin verða.

Þá spurði þessi hv. þm. um það, hvort þeir lánsmöguleikar, sem minnzt hefði verið hér á, væru fyrir hendi í aðeins einu landi eða fleiri en einu landi.

Þessir lánsmöguleikar hafa komið fram í tilboðum frá fleirum en einu landi og verða vitanlega athugaðir jafnhliða því sem gengið verður nú til samninga við þessar einstöku skipasmíðastöðvar.

Ég segi það, að það er með öllu ástæðulaust að halda því fram, að kjarni þessa máls liggi nú eitthvað hulinn fyrir mönnum. Kjarni málsins liggur einmitt fyrir alveg augljós. Ríkisstj. hafði fengið heimild til þess frá Alþingi að semja um kaup á þessum skipum. Ríkisstj. hefur gefið yfirlýsingu nú um það, að hún hafi tekið ákvörðun um að semja um smíðina samkvæmt þessari heimild, og hún hefur einnig gefið hér yfirlýsingu um það, að það hefur farið fram öll undirbúningsvinna og tekin þegar ákvörðun um stærð og gerð skipanna, og búið er að tryggja það, að hægt er að fá skipin smíðuð á viðhlítandi tíma. Hins vegar er nú kominn tími til þess að taka upp endanlega samninga við skipasmíðastöðvarnar sjálfar. Hún hefur einnig tryggt, að nægilega mikil lán að hennar dómi eru fyrir hendi, til þess að samningar um smíðina þurfi ekki að dragast.

Þetta álít ég vera kjarna málsins, og þetta er það, sem skiptir mestu máli í sambandi við þetta mál.

3. Hafnargerðir.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:

Fsp. til fjmrh. um lántöku til hafnargerða [28. mál, 2] (A. 37).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina hér til hæstv. fjmrh. fyrirspurn varðandi lántöku til hafnargerða, þar sem spurzt er fyrir um það, hvað gert hafi verið af hálfu ríkisstj. til þess að afla láns til hafnargerða og hverjar horfur séu á, að umrætt lán fáist.

Svo sem fyrirspurnin ber með sér, er gert ráð fyrir því, að af hálfu ríkisstj. hafi eitthvað verið aðhafzt í þessum málum, og skal ég í aðeins örfáum orðum gera grein fyrir því, á hverju sú skoðun mín byggist.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, var fram tekið í málefnasamningi hennar, að hún mundi leita eftir erlendum lánum til framkvæmda í landbúnaði, iðnaði og hafnargerðum. Í sambandi við viðræður, sem urðu á s. l. hausti vegna kjaramála verkalýðsfélaga, mun þetta mál m. a., sérstaklega varðandi hafnargerðirnar, hafa borið á góma, og mér er kunnugt um það, að ýmsir aðilar utan af landi þóttust hafa nokkra vissu fyrir því, að að því mundi verða unnið af ríkisstj. að leysa fjárhagsvandræði hafnargerðanna með lántöku. En eins og mörgum hv. þm. mun vera kunnugt, er víða við að stríða mjög alvarlegan fjárskort í sambandi við hafnargerðir víðs vegar um landið. Möguleikar sveitarstjórna til lántöku eru yfirleitt algerlega þrotnir, þannig að það eru lítil úrræði fyrir hendi hjá efnalitlum sveitarfélögum að útvega það fé, sem af þeirra hálfu á að leggja fram til hafnargerðanna. Og þetta vandamál verður sífellt verra viðureignar. Það var því eðlilegt, að því væri fagnað víða, ef hæstv. ríkisstj. væri nú að vinna að því að gera eitthvert verulegt átak í þessum efnum um öflun lánsfjár, sem gera mætti þá ráð fyrir að yrði annað tveggja lánað sveitarfélögunum til framkvæmda að sínu leyti og þá að einhverju leyti einnig til þess að greiða skuldir ríkissjóðs við hin ýmsu sveitarfélög, þar sem ríkissjóður hefur ekki getað innt sín framlög enn af hendi eins og tilskilið er.

Á síðasta þingi var þetta mál nokkuð rætt, og af hálfu minni hluta fjvn. var flutt till. þess efnis að heimila ríkisstj. að taka allt að 25 millj. kr. lán til hafnarframkvæmda. Þessi till. fékkst ekki samþ., af hvaða ástæðu sem það hefur verið, en hins vegar lýsti hæstv. fjmrh. því yfir í sambandi við afgreiðslu þeirrar till., að ríkisstj. væri einmitt að vinna að þessu máli og mundi verða þá síðar á því þingi gefin skýrsla um bæði þetta lánamál og aðrar lánsútveganir, sem ríkisstj. ynni að. Ég minnist þess nú ekki, að sú skýrsla hafi verið gefin á því þingi, og það er ekki enn vitað, að neitt hafi gerzt í þessum efnum, a. m. k. hafa þær vonir, sem tengdar voru við þetta lán, enn sem

komið er brugðizt. Ég veit, að margir hafa áhuga á að vita, hvers megi vænta í þessu efni, og því er það, sem ég hef leyft mér að flytja umrædda fyrirspurn og vænti þess, að hæstv. fjmrh. geti gefið upplýsingar um, hversu horfir með þessa lántöku ríkisstj. til hafnargerða.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Við 1. umr. fjárl. gerði ég allýtarlega grein fyrir lánsútvegunum erlendis á vegum ríkisstj. Ég benti á, að það, sem sæti fyrir í þessu efni, væri Sogsvirkjunin nýja, raforkuáætlun dreifbýlisins, sementsverksmiðjan, ræktunarsjóður, fiskveiðasjóður og togarakaupin. Þá hef ég áður tekið fram og lýst því yfir af hendi ríkisstj., að næst á eftir því að sjá þessum framkvæmdum farborða eins og hægt væri með lánsfjáröflun innanlands og utan kæmu hafnarframkvæmdir og lánaumleitanir erlendis í því skyni, ef mögulegt væri að koma slíku við.

Ríkisstj. hefur nú þegar tryggt mjög mikið fjármagn í Sogsvirkjunina, í fyrravetur nokkurt lánsfé til hinna forgangsframkvæmdanna. Á vegum ríkisstj. hefur undanfarið enn þá verið unnið að öflun lánsfjár erlendis til þessara framkvæmda, og hafa þá enn orðið að ganga fyrir í þeim umleitunum raforkuáætlunin, sementsverksmiðjan, ræktunarsjóður og fiskveiðasjóður, eins og ég raunar gerði grein fyrir við fjárlagaumr. Geri ég mér vonir um, að þær umleitanir beri árangur á þessu ári. Þá stendur nú fyrir dyrum að gera samninga um togarakaup, og koma þá til greina miklar erlendar lántökur í því sambandi. Lántökur erlendis til hafnargerða hafa því ekki komizt að enn þá, eins og ég greindi frá við fjárlagaumr., vegna þessara stórfelldu framkvæmda, sem hafa orðið að sitja fyrir, eins og fyrir fram var yfir lýst. Á hinn bóginn ganga hafnarframkvæmdir, að því er varðar lánaumleitanir erlendis, næst á eftir þeim framkvæmdum, sem ég nú hef greint frá, eins og áður hefur verið frá skýrt. Er unnið að þessum málum öllum saman, og koma þar til greina þau viðhorf öll varðandi lántökur og lánaútveganir erlendis, sem ég greindi allýtarlega frá í framsöguræðu fjárl. Er, eins og gefur að skilja, ekki hægt að segja nú til um það, hvenær að lántökum erlendis kæmi til hafnargerða, en ríkisstj. mun vinna að því máli samkvæmt þeirri starfsáætlun varðandi framkvæmdir og leit að erlendu lánsfé, sem hún hefur sett sér og kunnug er alþjóð og ég hef nú rifjað upp í tilefni af þessari fyrirspurn hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér. Það kom glöggt fram, að enn sem komið er hefur ekki verið neitt gert af hálfu ríkisstj. til þess að afla lánsfjár til hafnargerða. Hann skýrði frá því, að það hefði alltaf verið gert ráð fyrir, að ákveðnar framkvæmdir yrðu látnar sitja í fyrirrúmi. Ég skal á engan hátt vanmeta þær framkvæmdir né heldur þá niðurröðun, sem þar er um að ræða; það er alltaf mikið álitamál, hvað sitja á fyrir og hvað ekki. En ég tel hins vegar, að það hafi verið þannig frá þessu máli skýrt á stundum a. m. k., þó að ég sé ekki að bera hæstv. fjmrh. fyrir því, að það hefur gefið sveitarfélögunum ástæðu til að binda nokkrar vonir við þessa lántöku. Það er að sjálfsögðu mikið vafamál, hvað á að halda á lofti bollaleggingum af hálfu ríkisvaldsins um lántöku til ákveðinna framkvæmda, ef allar horfur eru á því, að það geti liðið mörg ár, áður en hægt verði að hefjast handa í því sambandi. Eins og ég áðan gat um og flestum hv. þm. mun kunnugt af eigin raun, — þeir hafa flestir að einhverju leyti hafnargerðir á sinni könnu og hafa þurft að berjast fyrir öflun lánsfjár til þeirra, — þá er það ekki undarlegt, þó að vakið sé máls á þessu hér og menn vilji gjarnan vita, hvar þeir standa í þessu efni, því að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt bæði við þessar framkvæmdir og aðrar að hafa hið fyllsta raunsæi og gera sér grein fyrir því, hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Að því leyti tel ég gott að fá fram ákveðna yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. um þetta efni, þó að sú yfirlýsing því miður gefi ekki miklar vonir þeim aðilum öllum, sem hafa hugsað sér eða vonazt til, að þeir gætu notið góðs af þessari fyrirhuguðu lántöku. Og það fer í rauninni að vera skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. kærði sig ekki sérstaklega um heimild til þessarar lántöku á síðasta þingi, þar sem svo daufar horfur virðast á því, að þetta lán yfirleitt fáist í náinni framtíð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru fáein orð út af því, sem hv. þm. tók fram. — Hann sagði, að það væri mikið álitamál, hvað ætti að sitja fyrir, þegar leitað er að erlendu lánsfé. Það kann að vera, að þetta sé alveg rétt hjá hv. þm. Á hinn bóginn hefur það ætíð verið tekið mjög greinilega fram, einmitt til þess að ekki skyldi um neitt að villast, að núverandi ríkisstj. hefur litið þannig á, að Sogsvirkjunin og fimm aðrar framkvæmdir, sem ég nefndi, raforkuáætlunin, sementsverksmiðjan, ræktunarsjóðurinn, fiskveiðasjóðurinn og togarakaupin, yrðu að sitja fyrir. Og þetta hefur einmitt verið gert mjög rækilega, til þess að menn skyldu fá heildarmynd af málinu. Næst á eftir kæmi svo lán til hafnarframkvæmda, sem getið er um í stjórnarsáttmálanum og oftar hefur borið á góma og yfirlýsingar verið gerðar um.

Þegar svo þess er gætt, að lánsfé það, sem þarf til Sogsvirkjunarinnar og þessara 5 annarra fyrirtækja, sem ég var að minnast á, eru margfalt hærri fjárhæðir en Íslendingar hafa nokkru sinni áður látið sér detta í hug að taka að láni, eða a. m. k. langtum hærri en nokkru sinni hafa verið teknar að láni, þá gefur að skilja, að það er ekki hægt að vita fyrir fram, hvenær röðin kemur að hafnargerðunum, og þess vegna get ég ekki fullyrt um það. Það fer eftir því, hversu vel gengur að útvega lánsféð. Ég gerði mér einmitt far um það í fjárlagaræðunni að bregða upp mynd af sam-

henginu í þessu efni og greindi þar frá öllum aðalatriðunum, sem hér hefur borið á góma.

Stjórnin hefur þetta mál til meðferðar ásamt hinum, og röðin er á þá lund, sem margsinnis hefur verið greint frá og reynt að gefa upplýsingar á þá lund, að menn litu á þessi efni af raunsæi.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það væri máske skiljanlegt, að stjórnin hefði ekki kært sig um að fá samþykkta sérstaka lánsheimild vegna hafnargerðanna í fyrravetur, þar sem horfur hefðu verið svo daufar um árangur í því að taka hafnarlán. Ég vil í þessu sambandi benda hv. þm. á, að það skortir ekki lánsheimildir í þessu sambandi, m. a. vegna þess, að Framkvæmdabankinn hefur mjög miklar lánsheimildir, og væri hægt að koma lántöku í kring, án þess að nokkur sérstök ný þingsamþykkt kæmi til. Það var því ekki nein ástæða til þess að samþykkja sérstaka heimild í þessu skyni. Annars er ekki hægt að segja annað en lántökumálin hafi yfirleitt gengið vonum framar, miðað við, hvernig aðgangur er að erlendum lántökum, og miðað við það, sem áður hefur átt sér stað.

Ég þori ekki um það að spá, hvenær það kann að takast að fá hafnarlán, vegna þess að ég vil alls ekki gefa mönnum neinar tálvonir í því sambandi. En stjórnin hefur þetta mál á sínu „prógrammi" á þann hátt, sem lýst hefur verið yfir.

4. Framkvæmd tillagna íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndarinnar.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um framkvæmd tillagna íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndarinnar [28. mál, 3] (A. 37).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. þm. mun vafalaust öllum vera kunnugt, var á þingi Norðurlandaráðsins í febr. 1955 ákveðið, að sett skyldi á laggirnar sérstök nefnd, sem átti að hafa það hlutverk að fjalla um bættar samgöngur milli Íslands og hinna Norðurlandanna hins vegar. Þetta mál er, hvað sem mönnum kann að sýnast um ferðamál yfirleitt, merkilegt að því leyti, að hér hefur af hálfu Norðurlandaráðsins verið gerð ályktun, sem sérstaklega varðar Ísland.

Af hálfu íslenzku ríkisstj. var okkur Páli Zóphóníassyni falið að taka sæti í þessari n. Hún vann allmikið og viðaði að sér margvíslegum gögnum um ferðamál hér á landi yfirleitt og margvísleg atriði, sem máli skipta í því sambandi, viðskipti við Norðurlöndin og skilyrði hér heima fyrir til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum.

Skýrsla þessarar n. ásamt till. hennar voru lagðar fyrir þing Norðurlandaráðsins, sem haldið var í febrúarmánuði s. l.

Ástæðan til þess, að ég ber fram þessa fyrirspurn hér, er sú, að Norðurlandaráðið gerði sérstaka ályktun í málinu, þar sem m. a. því var beint til íslenzku ríkisstj., að hún tæki til vandlegrar athugunar þau vandamál, sem íslenzk-skandinavíska samgöngumálanefndin benti á í sínu áliti, með það í huga, að þær ráðstafanir væru gerðar af hálfu Íslendinga, sem n. hefði talið forsendu þess, að hægt væri að auka samgöngur milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

Þar sem af hálfu Norðurlandaráðsins var sýndur þessi áhugi á Íslandsmálum og að tengja Ísland við hin Norðurlöndin sem traustustum böndum með aukinni landkynningu um Ísland og jafnframt aukinni kynningu um Norðurlönd hér á Íslandi og einnig vegna þess, að þeir nm. frá hinum Norðurlöndunum, sem að þessu máli unnu í íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndinni, lögðu fram mikið starf þar og sýndu mjög mikinn áhuga á að auka tengslin milli Íslands og hinna Norðurlandanna, sýnist mér, að það sé mikið atriði fyrir Ísland að sýna þessu máli af sinni hálfu hina fyllstu eftirtekt og leitast við eftir fremsta megni að framkvæma þær ábendingar, sem Norðurlandaráðið vekur athygli á í sinni ályktun. Það er að vísu ekki mjög langt síðan þetta þing var haldið og ekki hægt að vænta þess, að nein stórvirki hafi gerzt á þeim tíma. En ástæðan til, að ég flyt þessa fyrirspurn hér, er sú, að það komi fram hér á Alþ., að fyrir hendi sé áhugi á að vinna að áframhaldandi athugun þessa máls og reyna að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum, sem talið er nauðsynlegt að gera, og það komi jafnframt fram, sem ég tel víst að sé fyrir hendi, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar hafizt handa um athugun þessara mála og vinni að þeim í samræmi við það, sem ályktun Norðurlandaráðsins bendir á.

Ég skal ekki fara hér út í þessar till. í einstökum atriðum, til þess gefst enginn tími, en ég vil aðeins vekja athygli á, að tvö meginatriði eru þar, sem Ísland varða og þarf að leggja áherzlu á. Það er annars vegar bættur hótelkostur, og hins vegar eru það gjaldeyrismálin, sem eru talin vera til hindrunar ferðalögum hingað til Íslands frá Norðurlöndunum hinum.

Að öðru leyti fer ég ekki efnislega út í þessa álitsgerð íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndarinnar, en vænti þess, að hæstv. ríkisstj. geti veitt Alþ. nokkrar upplýsingar um, hvað síðar hafi gerzt í málinu, frá því að Norðurlandaráðsþingið samþykkti umrædda ályktun.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurnin er svo hljóðandi:

„Hvað líður athugunum á framkvæmd þeirra þátta tillagna íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndarinnar, sem 5. þing Norðurlandaráðsins sérstaklega beindi til ríkisstj. Íslands?"

Fyrirspurnin beinist sem sé að því, hvað ríkisstj. hafi gert vegna nokkurra atriða varðandi samgöngumál Íslands og hinna Norðurlandanna, sem koma fram í áliti n., sem starfaði á vegum Norðurlandaráðsins 1955—57 og sérstaklega hafði þessi mál til meðferðar. Álit n. var lagt fram á 5. þingi Norðurlandaráðsins í febr. núna á þessu ári, og var þeim atriðum, sem n. taldi einkum koma til greina varðandi bættar samgöngur milli Íslands og hinna Norðurlandanna, vísað til ríkisstj. Íslands sumum þeirra og öðrum til athugunar hjá ríkisstj. hinna landanna.

Eftirfarandi atriðum var vísað til ríkisstj. Íslands: Að vinna að bættum gistihúsakosti á Íslandi. Það hefur undanfarið verið haldið áfram að veita nokkur lán til endurbóta og lagfæringa á gistihúsum úr svokölluðum sérleyfisgjaldasjóði, en sjóður þessi hefur mjög takmörkuð fjárráð, og er hér um smálán að ræða, en hafa þó sums staðar komið að verulegu liði. Í ráði er að leggja fyrir þetta hv. Alþ. frv. til nýrra veitingalaga, þ. e. almenns efnis um veitingar og gistihúsarekstur, í aðalatriðum í samræmi við frv., sem samið var um það efni af milliþn., sem starfaði fyrir nokkru. Þá er til athugunar, hvort unnt sé að stuðla að frekari átökum í gistihúsamálum, en um það er ekkert hægt að segja á þessu stigi, því að eins og þingmönnum er mætavel kunnugt, er hér sannarlega í mörg fleiri horn að líta.

Þá var í öðru lagi vísað til ríkisstj. Íslands að athuga, hvort hægt væri að taka upp sérstakt ferðamannagengi á íslenzkri krónu og hvort hægt væri að leyfa ferðamönnum að taka með sér út úr landinu hærri upphæðir í íslenzkum krónum en nú er gert.

Ekki hefur enn þá verið talið fært að leggja út á þá braut að taka upp sérstakt ferðamannagengi. Menn tala nú oft um þetta almennt held ég, án þess að gera sér nákvæmlega grein fyrir, hvað það er. En sérstakt ferðamannagengi þýðir í raun og veru, að útlendum ferðamönnum séu greiddar uppbætur á þann erlenda gjaldeyri, sem þeir skila inn í landið. Slík ráðstöfun yrði hliðstæð því, að greiddar eru útflutningsuppbætur á útfluttar vörur. Að vísu má gera ráð fyrir því, að eins og gengisskráningu er hér háttað, þá dragi hún mjög úr því, að erlendir ferðamenn sjái sér fært að koma til Íslands og dveljast hér. Á þetta sama við um ferðamannaviðskipti erlendra manna og flestar framleiðslugreinar til útflutnings, sem ekki fá uppbætur, og raunar alla þætti atvinnulífsins, sem ekki hafa uppbætur eða stórfellda tollvernd. En vilji menn bæta úr þessu og borga þessar uppbætur á ferðamannagjaldeyri erlendra manna, sem koma hingað, þá þarf sérstaka fjáröflun til þess að greiða uppbæturnar á ferðamannagjaldeyrinn. Og fram að þessu hefur niðurstaðan orðið sú, að menn hafa ekki treyst sér til að fara inn á þessa braut að borga uppbætur á gjaldeyrinn með því að taka upp sérstakt ferðamannagengi, og þannig stendur þetta mál í dag, hvað sem verður framvegis. Til athugunar er í samráði við gjaldeyrisyfirvöldin, hvernig heppilegast kunni að vera að mæta þeim óskum, sem fram hafa komið um að leyfa ferðamönnum að taka með sér út úr landinu hærri upphæðir í íslenzkum peningum en nú er gert.

Loks var því svo beint til íslenzku ríkisstj., — það var þriðja atriðið, — að æskilegt væri talið, að unnið væri að því, að skipafélög þau, sem halda uppi reglulegum ferðum milli Íslands og Danmerkur, létu skip sín hafa reglulegar viðkomur í Vestur-Svíþjóð og Vestur-Noregi. Hefur samgmrn. snúið sér til þeirra aðila, sem slíkar siglingar hafa með höndum, varðandi þetta mál, en þeim athugunum er ekki svo langt komið, að hægt sé að greina frá nokkurri niðurstöðu.

Eins og af þessu verður séð, er ekki um neinar stórframkvæmdir að ræða, enda geri ég varla ráð fyrir því, að hv. flm. hafi gert ráð fyrir því, heldur vaki það fyrir honum með þessari fyrirspurn að minna á málið og að ýta á það. Sé ég ekkert athugavert við það. Þetta mál er í athugun á þann hátt, sem ég hef greint frá, en hér er um talsvert stórfellt vandamál að ræða, sem þarf vel að skoða, áður en ákvarðanir eru teknar.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og ég gat um áðan, er það rétt skilið hjá hæstv. fjmrh., að ég gerði að sjálfsögðu ekki ráð fyrir, að nein stórvægileg átök hefðu verið framkvæmd í þessu efni, eða þess væri að vænta, að þau vandamál hefðu verið leyst endanlega, sem um ræðir í álitsgerð íslenzk-skandinavísku samgöngumálanefndarinnar, og mig undrar því ekkert á því, að fram komi upplýsingar um, að ekki hafi tekizt að leysa sum þau vandamál. Það var höfuðatriði málsins, að það kæmi fram hér á Alþ., að þessu máli, sem sérstaklega var upp tekið af Norðurlandaráðinu með hliðsjón af Íslandi og sambandi þess við hin Norðurlöndin, væri gaumur gefinn og áhugi væri á að athuga nánar, hvaða tök væru af Íslands hendi að leysa þau vandkvæði, sem við er að fást og sérstaklega snerta Ísland.

Hæstv. ráðh. drap hér á nokkur meginatriði, — þrjú atriði, — sem sérstaklega hefði verið vísað til íslenzku ríkisstj. Að vísu eru þau atriði fleiri. Það eru ýmis önnur undiratriði, sem þar koma til greina, eins og t. d. í sambandi við gistihúsamálin, að þar er talað um, sem mjög er gert á Norðurlöndum, með hliðsjón af ferðum fólks, sem ekki hefur sterkan efnahag, að nota skólahús og aðrar slíkar opinberar byggingar sem gististaði. Þetta er auðvitað að segja má aukaatriði í málinu, vegna þess að höfuðvandamálið er það, að hér eru engin teljandi gistihús og enginn viðunandi gistihúsakostur. Hér í höfuðborginni, þar sem vandamálið er langmest við að glíma, hefur,

að því er mér skilst, heldur dregizt saman á undanförnum áratugum hótelrými beinlínis, miðað við rúmafjölda, í stað þess að það a. m. k. hefði þó átt að aukast í nokkru hlutfalli við stækkun bæjarins.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að þess er ekki að vænta, að stór fjárframlög verði af ríkisins hendi lögð til gistihúsabygginga. En ég held, að það ætti þó að vera hægt að koma þessu máli töluvert áleiðis með því blátt áfram að gefa frjálsari hendur um gistihúsabyggingar en gert hefur verið. Ég er ekki með því að saka neina hæstv. ríkisstj., hvorki núverandi né fyrrverandi, um það efni, en það er kunnugt mál, að ýmsir aðilar hafa gjarnan viljað byggja gistihús og alls ekki fengið til þess leyfi. Það auðvitað leysir ekki þann vanda, þó að *smáupphæðir séu veittar úr sérleyfissjóði*. Það eru ekki nema nokkrir tugir þúsunda, sem þar er um að ræða, og er auðvitað ekkert atriði í þessu máli.

En hitt atriðið, varðandi ferðamannagengið, það held ég að sé vandamál, sem ekki verði komizt hjá að íhuga töluvert rækilega. Í mínum stutta tíma hér hef ég auðvitað ekki tök á að ræða það í einstökum atriðum, en sannleikur málsins er sá, sem öllum hv. þm. mun vera kunnugt, að það er orðið gersamlegt hneykslunarástand í þessum efnum, og í sannleika sagt er þess naumast að vænta, að neinn maður, sem nokkra þekkingu hefur á þessum gjaldeyrismálum hér, láti sér hugkvæmast að fara í banka til þess að selja sinn gjaldeyri, því að gengið á honum er orðið fjarstætt, miðað við hið raunverulega gengi og eðlilega gengi gjaldmiðilsins, og þetta leiðir til þess, að það eru stöðugt eltir uppi ferðamenn til þess að ná af þeim gjaldeyri, þannig að það er engum efa bundið, að það eru stórar upphæðir, *milljónir* og jafnvel að það *skipti* milljónatug, sem fer þannig forgörðum, þ. e. a. s. lendir hjá einum og öðrum borgara þjóðfélagsins, af gjaldeyri frá ferðamönnum, sem hingað koma, vegna þess að það er svo óhagstætt verð, sem ferðamenn fá fyrir gjaldeyri sinn í bönkum. Sumar þjóðir, sem hafa jafnóhagstæða gjaldeyrisstöðu eða skráningu erlends gjaldeyris og við, hafa þegar innleitt hjá sér ferðamannagengi. Ég geri ráð fyrir, að það séu á því ýmsir erfiðleikar. En spurningin er hins vegar sú, hvort það sé ekki óumflýjanlegt að reyna að yfirstíga þá erfiðleika til að koma í veg fyrir það hörmungarástand, sem í þessum málum er, og að það sé í rauninni þjóðarskömm, það ástand, að það skuli vera eltir uppi erlendir ferðamenn, ef þeir nokkurs staðar sjást hér, til þess að reyna að snapa út úr þeim gjaldeyri. En þetta byggist á því, hversu hagstætt er fyrir fólk, ef það á erlendan gjaldeyri, miklu hagstæðara en ef það á hliðstæða íslenzka mynt, sem samsvarar þessum gjaldeyri eftir skráðu gengi bankanna. Þetta verður ekki lagað með neinum boðum eða bönnum, það er alveg tilgangslaust, heldur með því einu að koma þarna á einhverju eðlilegu og skynsamlegu samræmi.

Ég geri mér alveg ljóst, eins og hæstv. ráðh. sagði, að á þessu eru auðvitað ýmsir erfiðleikar. En menn mega þó ekki allt of mikið mikla þá erfiðleika fyrir sér, en hins vegar er um að ræða óviðunandi ástand, eins og hér er beinlínis. Hitt atriðið er hér *minna* virði, að með því móti sé hægt að tryggja, að það koma inn í bankana verulegar fjárhæðir í gjaldeyri, og jafnframt þá um leið unnið gegn smygli, því að vitanlega magnast hættan á því, eftir því sem borgararnir hafa meira af erlendum gjaldeyri undir höndum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil taka fram, að þetta, að tala um sérstakt gengi á ferðamannagjaldeyri, finnst mér dálítið villandi að því leyti til, að það er ekki hægt að gera nema með því að borga uppbætur. Mér *finnst vera réttara að orða* þetta *þannig* að borga uppbætur á innborgaðan ferðagjaldeyri til bankanna, sem sé taka ferðamannagjaldeyrinn undir uppbótakerfi. Og það er náttúrlega það, sem menn verða að gera upp við sig, hvort það sé svo mikilvægt atriði, að þeir vilji leggja það til, að út í það verði farið. En þá þarf að afla tekna til þess með nýjum álögum.

5. Innheimta opinberra gjalda.

Á 7. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um innheimtu opinberra gjalda [38. mál] (A. 58).

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var fsp. tekin á dagskrá, hvort leyfð skyldi.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 1. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Ólafsson): Herra forseti. Á síðasta þingi bar ég fram þáltill. um breytingu á innheimtu opinberra skatta, sem gekk í þá átt, að skattar yrðu innheimtir jafnóðum og teknanna væri aflað. Ég varð þess var, að það var mikill áhugi hjá almenningi fyrir því, að slík breyting yrði á innheimtu skattanna, en sérstaklega varð ég var við þennan áhuga hjá daglaunamönnum og verkamönnum.

Meiri hl. allshn. fékkst ekki til þess að vera með frv. En þegar málið hafði svo legið lengi hjá n., kom formaður n. með þau skilaboð frá hæstv. fjmrh., að þetta mál hefði verið sent í athugun eða í n., ekki vissi ég, hvort heldur var, og þess vegna lagði meiri hl. n. til, að málinu yrði vísað til ríkisstj.

Ráðh. staðfesti svo við mig í samtali, að þetta væri rétt, að þetta mál væri komið í athugun. En hann fékkst ekki til að segja til um, hve-

nær málið hefði verið sent í athugun eða hverjir hefðu með þá athugun að gera.

Nú sást fyrir skömmu, að ríkisstj. hefur bundið sig í þetta mál í sambandi við samninga, sem hún gerði við Alþýðusamband Íslands, en ekki kemur fram af þeim samningum, hvenær af þessari framkvæmd verði, því að það fer tvennum sögum um það, hversu ákveðið loforð ríkisstj. hefur gefið Alþýðusambandinu um framkvæmdina.

Ég hef því leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. um þetta efni til hæstv. fjmrh.:

1) Hvað líður athugun fjmrn. á innheimtu skatta, um leið og teknanna er aflað?
2) Hvenær má búast við, að þessi innheimta komist í framkvæmd?
3) Er gert ráð fyrir, að samvinna komist á milli ríkis og bæjarfélaga um þetta innheimtuskipulag?

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í fjmrn. hafa á undanförnum árum verið athugaðir möguleikarnir á því að innheimta skatta, um leið og teknanna væri aflað. Nefnd, sem starfaði að endurskoðun skattalaganna á árunum 1953 og 1954, athugaði þetta atriði alveg sérstaklega að beiðni n., en treystist ekki til að leggja til, að slíkt innheimtufyrirkomulag yrði tekið upp, vegna þess að þeim fannst, að það mundi auka svo gífurlega starfskerfi ríkisins, verða svo kostnaðarsamt.

Rn. hefur nú sett reglugerð um fyrirframgreiðslu skatta o. fl., hún var sett s. l. sumar, þar sem ákveðið er, að frá og með árinu 1958 skuli heimilt að innheimta skatta með átta jöfnum greiðslum, í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. En þar sem komið var fram yfir mitt ár, þegar reglugerðin var sett, voru sett sérákvæði um greiðslu skatta á þessu ári, sem kveða svo á, að þá skuli greiða með fjórum jöfnum greiðslum, eða heimilt sé að innheimta þá með fjórum jöfnum greiðslum, sem falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. sept., 1. okt. og 1. nóv. 1957, en þó megi fastir starfsmenn, sem greiða skatta reglulega af kaupi, ljúka greiðslu gjaldanna með sex jöfnum greiðslum, þannig að auk fyrrnefndra gjalddaga á þessu ári komi 2. jan. og 1. febr. 1958. Með þessu er farið inn á þessa braut meira en áður hefur verið, mjög miklu meira en áður hefur verið, að innheimta skattana á mörgum gjalddögum og draga þá frá kaupi manna. Hér er um heimildir að ræða, og þessi ákvæði geta náð til allra skattgreiðenda, en að svo komnu hefur verið nánast um tilraun að ræða, sem er framkvæmd þannig, að innheimtumenn í öllum kaupstöðum landsins notfæra sér þessi ákvæði reglugerðarinnar, en annars staðar á landinu hefur það verið lagt í vald innheimtumannanna, að hve miklu leyti þeir notfæri sér ákvæði þessarar reglugerðar eða að hve miklu leyti þeir haldi við hið eldra fyrirkomulag og að skattfjárhæðir séu þá greiddar eða innheimtar í einu lagi.

Hér er sem sagt verið að fara inn á þessa braut, og er það nokkuð svipað og allmörg bæjarfélög hafa gert.

Þó að þessi breyting hafi verið innleidd, eins og ég hef greint frá, hefur rn. haft það í athugun áfram og er með það í athugun, hvort tiltækilegt sé að útfæra skattgreiðslur af tekjum manna jafnóðum enn frekar en gert er með þessu. Hefur rn. m. a. haft mann í Svíþjóð til að athuga skattinnheimtukerfi þeirra þar, og er hann væntanlegur heim næstu daga. Enn fremur hefur ríkisstj. gefið út yfirlýsingu um þetta mál í sambandi við viðræður við Alþýðusamband Íslands nú í haust, og var tekið fram, að stjórnin mundi beita sér fyrir því að koma því fyrirkomulagi á að innheimta skatta jafnóðum af tekjum, að svo miklu leyti sem það teldist fært að athuguðu máli. Verður nú tekin ákvörðun mjög fljótlega um það, hvað ofan á verður í þessu máli, m. a. eftir að skoðaðar hafa verið þær upplýsingar, sem fulltrúi rn., sem hefur verið erlendis, hefur að færa. Verður þá einnig tekin ákvörðun um það, hvort leitað verður samstarfs við bæjar- og sveitarfélögin um þessi mál, en fram að þessu hefur það ekki verið gert. Það verður tekin ákvörðun um það um leið, hvort leitað verður samstarfs við þau um málið.

Fyrirspyrjandi (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf og sýna, að málið er komið nokkuð á rekspöl, þó að þær breytingar, sem hann gat um og komið hefur verið í framkvæmd, séu allt annað en það, að skattar séu innheimtir, um leið og teknanna er aflað. Ég vænti því þess, að það verði sá árangur af sendiför þess manns, sem sendur hefur verið til Svíþjóðar til þess að athuga þetta mál, að þetta geti komizt fyllilega í það form, sem það er nú í öðrum löndum, sem slíka skattheimtu hafa tekið upp, og reynsla er nú fengin í svo mörg ár víða um lönd um þessa skattheimtu, að það ætti að vera auðvelt fyrir okkur eins og marga aðra að taka hana upp.

Um samvinnu ríkis og bæjar- og sveitarfélaga tel ég, að sú samvinna sé sjálfsögð og að sjálfsagt sé fyrir báða þessa aðila að athuga til hlítar, hvort sú samvinna sé ekki möguleg, því að ég hef aldrei getað skilið það og skil það ekki enn, að ekki sé hægt með góðum árangri að sameina þessa tvo liði opinberrar skattheimtu, útsvör og önnur gjöld bæjarfélaganna annars vegar og ríkisskatta hins vegar. Um þetta hefur oft verið rætt hér á Alþingi, en það hefur aldrei komizt á þann rekspöl, að nokkurt gagn væri að. En ég er ekki í neinum vafa um það, að slíkt fyrirkomulag mundi spara stórfé í opinberri innheimtu. Ég skal ekki fara neitt út í það hér á þessu stigi þessa máls, hvor aðilinn ætti að hafa þessa innheimtu með höndum. Ég tel eðlilegt, að bæjar- og sveitarfélög — eða bæjarfélög — hafi alla innheimtuna, bæði fyrir sig og ríkissjóð. Annars er það að sjálfsögðu mál, sem má deila um, en verður auðvitað að athugast niður í kjölinn, þegar málið kemur til umræðu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst, að þetta mál sé í athugun hjá hæstv. ríkisstjórn. Og þá finnst mér, að það þurfi að athuga ýmis fleiri sjónarmið en hafa komið hér til umræðu, og það er á þau, sem ég vildi rétt benda.

Ég skal þá benda fyrst og fremst á þá óskaplegu eyðslu með vinnu að þurfa að láta hvern mann, sem þarf að borga til þjóðfélagsins, fara virkan dag úr vinnutíma á alla staði, sem hann þarf að borga á, á hverjum mánuði, í sjúkrasamlag, niður í ríkissjóð, bæjarsjóðinn, vatnsskatt, símann o. s. frv., o. s. frv. Í hverjum mánuði verður hann að taka sér einn frídag frá vinnu til þess að labba stað úr stað og tína upp alla þessa mörgu staði, sem hann á að borga opinber gjöld í, í staðinn fyrir fyrst og fremst að koma því þannig fyrir, að maðurinn geti gert þetta án þess að tapa sinni vinnu. Það eru ýmsir starfsmenn ríkisins, sem telja sig geta farið hvenær sem þeir vilja. Ég ætlaði að tala við einn í dag úr stjórnarráðinu kl. hálf ellefu, og hann var ekki kominn þangað, o. s. frv. Þeir geta tekið tíma til þessa, þegar þeir vilja, en fjöldi manna, sem er í fastri vinnu hjá öðrum atvinnurekendum í bænum, hefur ekki þá sögu að segja, að hann geti farið þannig að. Þetta er eitt, sem þarf að athuga, hvort það er ekki hægt að færa til og einhvern veginn koma því fyrir með samkomulagi við fólk, að þegar menn hafa tíma, ekki á venjulegum vinnutíma, sé þeim hægt að borga sín opinber gjöld á þessum og hinum staðnum, t. d. milli 8 og 9 e. h.

Í öðru lagi er það, hvort það er ekki hægt að færa saman á einhvern einn stað allar þessar greiðslur, fela einhverjum bankanum t. d. Ég kem aldrei inn í banka svo hér á landi, að ég sjái ekki fjölda manns standa aðgerðarlausa. Þeir gætu alveg eins vel afgreitt 100, 200, 300 menn með því að taka á móti gjaldi og afgreiða kvittun, sem væri tilbúin fyrir fram vélrituð og þyrfti ekki annað en undirskrifa, þegar maðurinn kæmi. Það þyrfti ekki meiri mannskap til þess en er nú í þeim mörgum, það fullyrði ég alveg. Það mundi vera ákaflega mikill sparnaður að því fyrir alla. Og það er ekki bara ríkið og bærinn, það eru ýmsir fleiri. Það má segja, að það séu bæjar- og ríkisfyrirtæki, t. d. síminn, tryggingarnar o. s. frv. En þetta ætti allt saman að vera á einum stað, og sá staður ætti ekki að hafa það eins og finni kontórarnir í bænum, að vera lokaðir, þegar almenningur er ekki að vinna, en opnir, þegar almenningur er að vinna, svo að þeir geti ekki komið á þá til að greiða eða fá sín erindi afgreidd, heldur þurfi að gera vinnustöðvun til þess að geta farið á staðina til þess að fá sig afgreidda.

Þetta vildi ég líka láta athuga. Og ef þetta væri athugað í samvinnu af þeim aðilum, sem eiga hlut að máli, þá er ég alveg viss um, að það má spara geysifé, bæði beint með sparnaði í innheimtunni og eins sparnaði á tíma hjá mönnunum, sem þurfa að nota vinnutíma sinn. Þetta vildi ég að yrði athugað í sambandi við hitt, hvort það væri ekki hægt að finna leið til að koma því þannig fyrir, að menn gætu borgað sín gjöld á þá mörgu staði, sem þeir þurfa að borga á, án þess að þurfa að sleppa vinnu við það, og hvort þeir gætu ekki gert það með því að fara á einn ákveðinn stað, þar sem hægt væri að borga öll þessi gjöld, en þyrftu ekki að hlaupa ýmist í þennan staðinn eða hinn um allan bæinn til þess að ná í þá, sem eiga að taka á móti peningunum.

Ég hef einu sinni átt að borga hér peninga til borgarstjórans í Reykjavík. Það var nú ekki sá, sem nú er, það var Jón Þorláksson, og var þá enginn maður kominn á skrifstofuna, og það voru tíu mínútur fram yfir skrifstofutíma, og svo voru 20 mínútur fram yfir skrifstofutíma. Þá fór ég út. Þá mætti ég einum starfsmanna — Karli Torfasyni — í dyrunum og sagði: Ég ætlaði að borga útsvarið mitt. Ég kem ekki aftur til að borga það. — Jón Þorláksson hringdi sjálfur eftir tvo daga. Hann sagði: Má ég senda eftir því? — Sjálfsagt, sagði ég. Það gerði hann. Það hefur nú svo sem verið víðar en á einum stað, sem hefur vantað menn, þegar þeir eiga að vera að vinna.

Þetta vil ég láta athuga, og ég er viss um, að það má koma þessu fyrir með samkomulagi við þá menn, sem hlut eiga að máli, þannig að við það sparist stórfé og mönnum verði það miklu þægilegra og betra en nú er með þessar greiðslur.

6. Endurskoðun laga um verkamannabústaði.

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um endurskoðun laga um verkamannabústaði [135. mál] (A. 270).

Á 31. fundi í Sþ., 27. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 270 um, hvað líði endurskoðun laganna um verkamannabústaði.

Í aths. um stjórnarfrumvarp það, er flutt var á síðasta þingi, til laga um húsnæðismálastofnun o. fl., var sagt m. a.:

„Gert er ráð fyrir, að heildarendurskoðun lagaákvæða um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög fari fram fyrir næsta reglulegt Alþingi og þau lagaákvæði verði síðan felld inn í þessi lög."

Enn þá hefur þessarar endurskoðunar ekki orðið vart, en nauðsynlegt er, að almenningi verði gert ljóst, hvað henni líður og hverjar hugmyndir eru uppi varðandi þessa endurskoðun. Ýmis dagblaðanna hafa verið með

sögusagnir og samanburð á raunverulegu gildi laganna um verkamannabústaði fyrir lægst launaða fólkið og talið, að vegna síhækkandi útborgana annars vegar og ákveðins tekjumarks hins vegar hafi aðstaða verkafólks til þess að eignast íbúðir í verkamannabústöðum stórversnað. Þetta er það, sem blöðin telja.

Verkamaður, sem verður að telja fram hvern einasta eyri af vinnulaunum sínum, getur í einstökum tilfellum orðið launahærri á skattframtali en t. d. maður, sem hefur með höndum einhvers konar rekstur, og orðið af þeim ástæðum af réttinum til íbúðar í verkamannabústöðum. Ef þetta reyndist vera rétt, er nauðsynlegt við slíka endurskoðun sem hér um ræðir, að þessi ákvæði laganna verði athuguð sérstaklega.

Hvað hækkandi útborgun snertir, þá skilst mér, að sjóðsstjórn verkamannabústaða hafi haft á milli þess að velja á undanförnum árum að byggja færri íbúðir með hærra ríkisframlagi og þar með minni útborgun fyrir væntanlega íbúðareigendur eða fjölga íbúðunum og þar með minna ríkisframlag á hverja íbúð og hærri útborgun á íbúðareiganda.

Þarna er mjög vandsiglt, ef lögin eiga að þjóna sínum upphaflega tilgangi eða vera fyrst og fremst trygging þess lægst launaða til þess að koma þaki yfir höfuð sér og sinna og svo hins vegar hin mikla eftirspurn eftir þessum íbúðum.

Hið mikla umtal um hækkandi útborganir íbúðareigenda í verkamannabústöðunum mun fyrst og fremst sprottið af því, að verkamenn eiga þess yfir höfuð ekki kost að leggja til hliðar neitt af sínum daglaunum þrátt fyrir stöðuga vinnu, hvað þá heldur ef um atvinnuleysi er að ræða. Svo í öðru lagi, að mjög hefur þrengzt um möguleika manna til þess að fá lán út á 2. veðrétt eigna sinna. Við endurskoðun laganna er því nauðsynlegt, að þessi breytta aðstaða sé tekin til ýtarlegrar yfirvegunar og að öll laga- og reglugerðarákvæði séu færð til samræmis við þær aðstæður, sem verkafólk á við að búa í dag.

Þegar þessi umræddu lög um verkamannabústaði voru sett, vöktu þau miklar vonir verkamanna um langþráða lausn þessa vandamáls að eignast eigið húsnæði. Stór fjöldi úr þessum stéttum hefur þegar fengið þessar óskir sínar uppfylltar, og mörg hundruð manna bíða þess enn að fá lausn sinna mála, og vonandi verður hægt við þessa umræddu endurskoðun laganna að draga úr þeirri tortryggni þessa fólks, að lögin séu ekki lengur fyrir það.

Ég tel mér skylt að taka það fram, að ég hef ekki borið téða fsp. fram til þess að afla mér persónulegra upplýsinga, því að sjálfur hef ég nú aðstöðu með veru minni í sjóðsstjórninni sjálfri til að geta aflað mér þeirra upplýsinga, sem hér er að vænta. Ég hef borið þessa fsp. fram til hæstv. félmrh. til þess, að á opinberum vettvangi verði þessi mál skýrð, þannig að hulu tortryggni og efasemda verði svipt frá. Ég vænti þess svo, að fullnægjandi upplýsingar verði gefnar af hæstv. ráðh. varðandi þessa fsp. mína.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fyrirspyrjandi gat þess, að fsp. hans væri borin fram til þess, að málið fengist skýrt, og er mér ljúft að verða við því, að svo miklu leyti sem það er á mínu færi.

Hv. 4. þm. Reykv. spyr um það, hvað líði endurskoðun laga um verkamannabústaði. Af því gæti e. t. v. einhver ályktað sem svo, að Alþ. hafi samþykkt, að slík endurskoðun skuli fara fram. En svo er ekki. Alþ. hefur engin fyrirmæli gefið um endurskoðun þessara laga. En á s. l. ári, þegar unnið var að undirbúningi laganna um húsnæðismálastofnun ríkisins o. fl., var það álit margra, að eðlilegast væri að endurskoða lögin um verkamannabústaði og lögin um byggingarsamvinnufélög og fella þau inn í einn heildarlagabálk um húsnæðismál. En um þetta gat þó ekki orðið samkomulag, og því varð ekki af því, að sá háttur yrði hafður á. Allir voru þó sammála um, að nauðsynlegt væri að gera nokkrar breytingar á lögunum um verkamannabústaði þá þegar. Þessar breytingar miðuðu ásamt öðrum ráðstöfunum, sem gerðar voru, að því að auka fjárframlög til byggingarsjóðs verkamanna. Þannig var framlag sveitarfélaga til sjóðsins tvöfaldað með einni þeirra breytinga, sem gerðar voru á lögunum um verkamannabústaði í fyrra. Framlög sveitarfélaganna höfðu verið miðuð við 12—18 kr. á íbúa bæjar eða kauptúns, og mátti sveitarstjórn ákveða það með sérstakri samþykkt, hvort greiðslan í viðkomandi kaupstað eða kauptúni væri höfð í lágmarki eða í hámarkinu, 18 kr., eða einhvers staðar þar á milli, og hafa bæjarfélögin mörg ákveðið undanfarin ár að vera í hámarki. Þessu gjaldi hafði ekki verið breytt um nokkuð mörg ár. En með breytingunni, sem allir urðu sammála um í fyrra, skyldi tvöfaldast gjaldið, þ. e. a. s. verða að lágmarki til 24 kr. og að hámarki 36 kr., og sá sami háttur hafður á, að sveitarstjórnirnar gætu ákveðið, hvar þær yrðu á þessu bili, frá 24—36 kr. á mann í bæjarfélagi eða kauptúni. Jafnframt þessu var svo fjárveiting til verkamannabústaða að sjálfsögðu tvöfölduð á fjárlögum, því að ríkið á að leggja jafnt á móti þeim greiðslum, sem koma í byggingarsjóðinn frá sveitarfélögunum. Þessi breyting mun óefað efla starfsemi byggingarsjóðs verkamanna allverulega á næstu árum, því að það ætti að geta leitt til þess, að fjármagn hans frá sveitarfélögum og ríkissjóði allt að því tvöfaldaðist.

Í lögunum um verkamannabústaði hefur frá öndverðu verið ákvæði um það, að skv. þeim lögum væri aðeins heimilt að byggja hús með tveggja til þriggja herbergja íbúðum. Þannig er það orðað í lögunum, frá því að þau voru fyrst sett. Því er ekki að neita, að þetta hafði margoft verið brotið og þar af leiðandi, þegar fé skorti hjá sjóðnum, verið byggðar færri íbúðir en skyldi, því að þess voru mörg dæmi, að byggðar höfðu verið fjögurra og fimm herbergja íbúðir. Og mér er nær að halda, að þau dæmi séu til, að það hafi verið byggðar sex herbergja íbúðir, þannig að herbergi í kjallara og herbergi í rishæð

hafi verið í viðbót við þriggja eða jafnvel fjögurra herbergja íbúð á miðhæð, og að þeir, sem byggðu skv. verkamannabústaðalögunum, hafi þannig verið farnir að vera eins og „mattadorar“ á miðhæðinni með leigjendur sína í kjallara og rishæð.

Þetta taldi ég að væri ekki í anda laganna og bæri heldur að stuðla að því, að haldið væri áfram að hafa í heiðri bókstaf laganna frá öndverðu, að byggja sem sé tveggja og þriggja herbergja íbúðir. En menn bentu á, að það væri ekki e. t. v. hægt að saka félmrh. um það að hafa ekki, þegar teikningar höfðu verið samþykktar af rn., spornað við því, að þannig væri gengið á svig við ákvæði laganna, og þess vegna var lagt til í fyrra, og voru allir sammála einnig um þá breytingu, að það yrði tekið inn skýrt ákvæði um það, að jafnframt því sem félmrn. skyldi leggja samþykki sitt á fyrirkomulag verkamannabústaða, ætti það einnig þar á meðal að leggja samþykki á stærð íbúða, en það hafði ekki skýrt verið tekið fram í lögunum áður.

Til þess að veita svo aðhald um byggingarkostnað verkamannabústaða var í fyrra samþykkt samhljóða sú breyting á lögunum um verkamannabústaði, að bygging slíkra íbúða skyldi jafnan vera boðin út til þess að leita eftir lægstu tilboðum, en það hafði ekki verið neitt ákvæði í þeim um það áður.

Þá var það ein meginbreyting, sem samkomulag varð um í fyrra, að þeir einir gætu nú verið félagsmenn í byggingarfélögum verkamanna með fullum réttindum, sem væru fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, og svo kemur nýja ákvæðið, sem bætt er inn í: og hefðu ekki viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína s. l. tvö ár og eigi haft yfir 50 þús. kr. árstekjur, miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum þó 5000 kr. fyrir hvern ómaga á framfæri, né yfir 75 þús. kr. skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaðurinn kaupir íbúðina.

Allir voru sem sé sammála um, að þeir, sem ekki hefðu átt íbúð s. l. tvö ár, yrðu að sitja fyrir þeim, sem ættu íbúð, um það að geta fengið að verða aðnjótandi 150 þús. kr. lántöku með 3½% vöxtum til 42 ára. Meðan ekki væri hægt að fullnægja allra þörf, yrði auðvitað að vera ákvæði í lögunum um það, að þessi miklu fríðindi, þessa miklu aðstoð þjóðfélagsins fengju fyrst og fremst þeir, sem ekki væru íbúðareigendur og hefðu ekki verið það s. l. tvö ár, því að það eru vissulega mikil þjóðfélagsfríðindi að fá lán af þessari upphæð og með slíkum vildarkjörum. Það sést bezt, að svo er, þegar við lítum á þau kjör, sem öðrum eru boðin í sambandi við að leysa þeirra húsnæðisvandamál, sem er þetta, að menn geti fengið lán með 7—7¼% vöxtum til 15 eða í mesta lagi 20 ára og lánsupphæð sé um 70 þús. kr., ekki helmingur af þeirri upphæð, sem þarna er um að ræða. Það gefur að skilja, að það væri ekkert þjóðfélagsréttlæti í því að heimila hverjum sem væri að njóta forgangs að hlunnindum laganna um verkamannabústaði, þegar ekki er hægt í þjóðfélaginu að gera betur við fólk almennt, kannske með lakari ástæðum almennt, skv. hinni almennu húsnæðismálalöggjöf.

Það fer sem sé ekki milli mála, að sú aðstoð, sem er veitt með hinum löngu og vaxtalágu og tiltölulega háu lánum, sem veitt eru skv. lögunum um verkamannabústaði, er hin mesta aðstoð, sem veitt er í okkar þjóðfélagi til úrbóta í húsnæðismálum einstaklingsins. Það verður því miður að segjast, af því að það er satt, að sú venja hafði skapazt víðast hvar hjá byggingarfélögunum, án þess þó að styðjast við lagabókstaf, að láta félagsmenn fá íbúðir í þeirri röð, sem þeir höfðu gengið í félögin. Þá gat auðveldlega komið fyrir, að margra ára biðlisti myndaðist, og auðvitað gat þá líka hent, að á þessu margra ára bili hefðu efnahagsástæður þeirra, sem gengu í byggingarfélag fyrir mörgum árum og síðan verið á biðlistanum kannske heilan áratug, verið orðnar gerbreyttar, menn á listanum unnvörpum orðnir íbúðareigendur, sumir eigendur tveggja íbúða, og áttu samt eftir venjunni, sem skapazt hafði, forgangsrétt, þegar röðin kæmi að þeim, um að fá íbúð hjá verkamannabústöðunum með þessum vildarkjörum, niðurborguðum vöxtum frá hendi þjóðfélagsins. Ég og margir fleiri voru þeirrar skoðunar, að þetta næði ekki nokkurri átt, — maður horfðist m. a. í augu við það, að ungt fólk kom, þegar þessir löngu biðlistar höfðu myndazt, og spurðist fyrir um möguleika til þess að fá að byggja skv. lögunum um verkamannabústaði. Því miður engin von, hér er biðlisti upp á næstu 12 ár, og það er engin von. Og unga fólkið, sem þarna fór bónleitt til búðar, vissi ósköp vel, að á biðlistanum var fólk með ýmiss konar ástæður, vondar ástæður og góðar, og átti bara að fá að njóta þessa réttar eftir þessari tilviljunarkenndu röð, sem myndazt hafði fyrir mörgum árum.

Það vaknaði sú spurning fyrir mönnum: Má þetta svo til ganga? Er þetta réttlátt? Á þetta svona að vera? — Nei, auðvitað var rétt að miða við tekjur og ástæður fólks, þegar félagsmaður ætti kost á því að kaupa íbúð. Hin margra ára gamla röð gat ekki verið réttlát regla til að fara eftir. En þá kom spurningin: Hvaða tekjumark gat þá talizt hæfilegt, til þess að menn yrðu aðnjótandi hinnar mestu aðstoðar ríkisins til úrlausnar húsnæðisvandamála fyrir þjóðfélagseinstaklinginn? Í þessu tilfelli varð samkomulag um það í fyrra að miða við 50 þús. kr. tekjur sem meðaltal þriggja síðustu ára. Það jafngildir, og þó vel það, tekjum af samfelldri vinnu átta stunda vinnudags alla virka daga ársins og tveggja stunda eftirvinnu hvern virkan dag ársins í viðbót. Dagvinnan gerir um 43200 kr. með núverandi vísitölu og eftirvinnan um 10800 kr. eða þetta samtals um 54 þús. kr., miðað við árið í ár, en nálægt 50 þús. kr., þegar meðaltalið er tekið af þremur síðustu árum, miðað við dagvinnutaxta og eftirvinnutaxta verkamanns.

Við þetta var þetta mark miðað. Þá væri

sem sé um að ræða ýtrustu tekjur þess verkamanns, sem hefði samfellda vinnu alla virka daga ársins og eftirvinnu tvo tíma á hverjum degi einnig.

Hjón mega þó samkvæmt hámarksákvæði laganna, sem sett voru í fyrra, hafa 5000 kr. hærri tekjur, þ. e. a. s. 55 þús. kr. Þeir, sem útilokazt hafa af þessu ákvæði, en það fannst mér hv. fyrirspyrjandi leiða orðum að, að fólk væri jafnvel að tala um, að lögin væru ekki lengur fyrir verkafólk, — en þeir, sem útilokazt hafa þess vegna samkvæmt þessu ákvæði, hafa þá notið einhverra meiri tekna en verkamaður eftir núgildandi kauptöxtum getur notið með fullri dagvinnu allt árið um kring og fullri eftirvinnu alla daga ársins í viðbót, og þá er spurningin, hvort það fólk á að sitja fyrir öðru fólki með verri lífskjör.

Ég segi eins og hv. fyrirspyrjandi: T. d. skrifstofumaður, þótt hann stundi ekki verkamannavinnu, en af því að hann er með lægri laun, á hann ekki að njóta þessarar þjóðfélagsaðstoðar, þó að hann sé ekki í vinnugalla og vinni ekki útivinnu verkamannsins? Ég held, að lögin hafi alls ekki miðazt við það, heldur að einmitt fólk úr ýmsum stéttum, láglaunastéttum þjóðfélagsins, ætti að njóta þessarar löggjafar.

Lítum svo á mann með meðalfjölskyldu eða svo. Hann má hafa 50 þús. plús 25 þús. kr. meðaltekjur þrjú s. l. ár til þess að njóta þessara fyllstu hlunninda laganna eða hafa 75 þús. kr. tekjur að meðaltali þrjú s. l. ár. Það þýðir, að hann má a. m. k. vera upp í 80 þús. kr. í ár eða yfir það til þess að útilokast, því að hin tvö árin draga það niður.

Ég tel, að meðan við stöndum í þessum sporum, verðum við að láta hitt fólkið sitja fyrir, sem er með tekjur neðan við þetta, og vil því vona, að það verði öllum ljóst, þegar þetta er athugað, að hér er ekki verið að breyta lögunum um verkamannabústaði á þann hátt, að verkamenn geti ekki notið þeirra, því að það eru eingöngu þeir menn, sem eru með meiri tekjur en verkamenn hafa ýtrustu möguleika til þess að hafa, sem útilokast, og þeir áttu ekki að sitja fyrir, þó að þeir gerðu það í ýmsum tilfellum, þangað til þessi breyting var gerð.

Nú kunna menn að segja: Ja, eru nú mjög margir undir þessu tekjumarki? — Ég fullyrði það, að meginþorri verkalýðsstéttarinnar er undir þessu marki, og þeir mega prísa sig sæla í verkalýðsstétt, sem eru hærri að tekjum en 75—80 þús. kr., og vitanlega eru þó lögin fyrst og fremst hugsuð fyrir fjölskyldur, og þannig ber að miða við það tekjumark umfram allt. A. m. k. mundi það gleðja mig, ef svo fáir í verkalýðsstétt reyndust vera með meðaltekjur s. l. þriggja ára neðan við 55—75 þús. kr., að geta byggingarsjóðs gerði betur en geta leyst húsnæðisvanda alls þessa fólks á sómasamlegan hátt. En þá fyrst, þegar sjóðurinn væri þess megnugur, væri ástæða til þess að haga lagaákvæðum svo, að hann gæti farið að sinna þörfum hins fólksins, sem væri tekjuhærra. Ég held, að því miður þurfi ekki að gera því skóna í bráð, svo að það vinnist áreiðanlega tími til þess að breyta lögum með tilliti til þess, að tekjuhærra fólk þurfi að komast þarna að. Ég held, að það sé ekki rétt, meðan húsnæðisástandið er eins og það er, að tekjuhærra fólk en þetta fái forgangsrétt að þessum vildarkjörum, sem þjóðfélagið veitir samkvæmt lögunum um verkamannabústaði.

Í athugasemdum með frv. um húsnæðismálastjórn ríkisins o. fl. var svo hljóðandi málsgrein um breytingarnar á lögunum um verkamannabústaði, sem þá voru samþykktar af hv. Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsyn þykir til bera vegna þess aðhalds, sem gert er ráð fyrir um lánveitingu samkvæmt frv. þessu, að gera nokkrar breytingar á lögunum um verkamannabústaði. Miða þessar breytingar einkum að því að tryggja, að þeir einir hljóti stuðning samkvæmt lögunum um verkamannabústaði, sem hafa stuðningsins mesta þörf; enn fremur að tryggt sé, að byggingar verkamannabústaða verði sem ódýrastar."

Þarna er átt við útboðsskylduna.

Og á eftir þessari aths. stendur svo hljóðandi málsgrein:

„Gert er ráð fyrir, að heildarendurskoðun lagaákvæða um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög fari fram fyrir næsta reglulegt Alþingi og þau lagaákvæði verði síðan felld inn í þessi lög."

Þetta er tilvitnunin, sem hv. fyrirspyrjandi vék að, og vegna þessarar mgr. í grg. með húsnæðismálalöggjöfinni í fyrra er fyrirspurn hans fram borin.

Þetta er það einasta, sem ég veit til að gefið hafi verið undir fótinn um endurskoðun laganna um verkamannabústaði, og það skal ég játa, að það er skoðun mín, að það sé nokkur ástæða til að láta slíka endurskoðun fara fram, ekki sízt á lögunum um byggingarsamvinnufélög.

Á verkamannabústaðalögunum tel ég að hafi verið gerðar nokkrar breytingar á s. l. ári og allar að minni skoðun til bóta, til öryggis í þá átt, að vildarkjara laganna nytu þeir efnaminnstu í þjóðfélaginu, allt upp í það, að þeir hefðu ýtrustu verkamannatekjur, og þó miklar tekjur af aukavinnu. En hver er þá ástæðan til þess, að þessi endurskoðun, sem þarna er gert ráð fyrir, hefur ekki farið fram, því að hún hefur ekki farið fram enn þá?

Ástæðan er einkum sú, að ég taldi rétt, að lögin um verkamannabústaði fengju að reyna sig í framkvæmd a. m. k. í eitt ár með þeim breytingum, sem gerðar voru í fyrra, því að þær breyttu verulega ýmsum atriðum um starfsaðferðir, starfsháttu í sambandi við byggingarfélög verkamanna.

Sumar þeirra breytinga, sem gerðar voru í fyrra, tóku ekki gildi fyrr en nú í ársbyrjun 1958, og gildir það alveg sérstaklega um tvöföldunina á framlagi sveitarfélaganna. Í lögunum í fyrra var það orðað svo, að frá og með ársbyrjun 1958 skyldu sveitarfélögin byrja að framkvæma þessa tvöföldun á per-

sónugjaldi til byggingarsjóðs verkamanna, og reynslan af þeirri tvöföldun fjármagnsins til byggingarsjóðs er því fyrst að fara af stað núna fyrir tveimur mánuðum. Það er því lítil sem engin reynsla komin á hinn nýja fjárhagslega grundvöll, sem löggjöfinni var skapaður með breytingunum í fyrravetur.

Þó er svo að sjá, sem betur fer, að bygging verkamannabústaða víðs vegar um landið hafi tekið mikinn fjörkipp á árinu 1957 og að framkvæmdir á þessu sviði verði miklar á yfirstandandi ári.

Á árinu 1956 var engin hreyfing á byggingu verkamannabústaða nema aðeins á fjórum stöðum á landinu, þ. e. a. s. í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og nokkrar íbúðir á Seyðisfirði, og víðast hvar hafði bygging verkamannabústaða legið niðri árum saman, og ýmis dauðamerki voru farin að koma í ljós á lagakerfinu um verkamannabústaði, þar sem svo dauft hafði verið yfir starfseminni undanfarin ár. Sum bæjarfélög höfðu t. d. ekki greitt framlög sín, gjaldið frá 12—18 kr. á mann, til byggingarsjóðsins s. l. 10 ár. Þetta er þó ekki fyrir meðalkaupstað nema 50—60 þús. kr. greiðsla, þ. e. svona fimmti eða sjötti partur af verði einnar íbúðar, og er ekki hægt að segja, að þau bæjarfélög telji það eitt af sínum höfuðmálum að leysa úr húsnæðismálum, sem ekki vilja leggja slíkt gjald fram árlega, til þess að fleiri eða færri af borgurum bæjarins, sem búa við húsnæðisskort, geti fengið þá aðstoð, sem þjóðfélagið þá býður fram.

En á árinu 1957 hefur stjórn byggingarsjóðs eftir upplýsingum, sem ég fékk frá starfsmanni sjóðsstjórnarinnar í gær, veitt vilyrði fyrir lánum til verkamannabústaða á 20 stöðum á landinu, og eru það samtals 110 íbúðir. Þessa staði hef ég hér á skrá, og vil ég biðja forseta að afsaka, að ég þarf að ná í það, ef menn hefðu áhuga fyrir því að vita, hvar verkamannabústaðir eru nú annaðhvort farnir af stað eða undirbúningsstarfsemi þegar innt af hendi, en staðirnir eru: Akureyri, sem fer á stað með 10 íbúðir, Borgarnes með 4, Búðareyri með 2, Búðir við Fáskrúðsfjörð 3, Dalvík 3, Djúpivogur 2, Hafnarfjörður 10, Hnífsdalur 2, Hólmavík 2, Húsavík 4, Kópavogur 10, Neskaupstaður 5, Njarðvíkur 4, Ólafsfjörður 3, Reykjavík 32, Sandgerði 2, Sauðárkrókur 3, Siglufjörður 5, Stokkseyri 2, Stykkishólmur 2, samtals 110 íbúðir. Og lánin eru, eins og ég gat um, að því er snertir Reykjavík og nokkra kaupstaðina 150 þús. kr. á íbúð til 42 ára með 3½% vöxtum, að ég held.

En þetta, að þessi hreyfing er komin á um byggingu verkamannabústaðanna, leiðir til þess, að allir þeir staðir, sem fara á stað með byggingu, borga nú þær skuldir, sem safnazt höfðu á undanförnum árum hjá þeim. Vangreiðsla frá sveitarfélögum nam eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um það, núna við árslokin 1957 4.8 millj. kr.

Þessi hreyfing, sem nú er aftur komin á byggingu verkamannabústaða eftir margra ára dauðamók víðast hvar, — sums staðar hélt starfsemin áfram, eins og ég hef tekið fram, — leiðir aftur til þess, að ríkið verður að geta greitt sitt framlag að jöfnu á móti, og veitir þá ekki af, að nú eru 4 millj. kr. á fjárlögum í þessu skyni í stað 1.9 millj. kr., sem áður var, og einnig veitir ekki af hinu heldur, að byggingarsjóði verkamanna voru útvegaðar 8 millj. kr. að láni, sem auðvitað munu verða notaðar auk ríkisframlagsins og sveitarfélagaframlagsins, þegar það hvort tveggja er til þurrðar gengið vegna starfseminnar úti um landið.

Eins og ljóst má vera af því, sem ég hef nú sagt, hef ég talið heppilegra, að nokkur reynsla fengist af lögunum um verkamannabústaði eins og þeim var breytt fyrir tæpu ári, áður en hafin væri endurskoðun á þeim að nýju. En hitt skal tekið fram, að ég er fús til þess að láta hefja slíka endurskoðun, bæði á þeim lögum og lögunum um byggingarsamvinnufélög, ef þess er óskað, og teldi ég þá langsamlega eðlilegast, að haft væri samráð um þá endurskoðun við þá menn, sem gerkunnugastir eru þessum lögum hvorum tveggja, einkanlega í framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við þessari fsp. minni, og þá skýrslu, sem hann hefur gefið um ástand þessara mála almennt. Ég harma það hins vegar, að þessi endurskoðun skuli ekki vera hafin, og vildi eindregið láta þá skoðun mína í ljós, að hún yrði hafin sem allra fyrst og þá, eins og ráðherrann sagði, af þeim mönnum sem gerkunnugastir eru.

Það er rétt, að ráðherrann sagði í upphafi síns máls, að Alþingi sem slíkt hefur ekki samþykkt, að slík endurskoðun fari fram. Hins vegar, eins og við erum sjálfsagt sammála um eftir þessar okkar ræður með sömu tilvitnun báðir, var í athugasemdunum fyrir hinu fyrrnefnda frv. um húsnæðismálastofnun o. fl. sagt, að gert væri ráð fyrir þessari endurskoðun. Og ég vil vona, að sú endurskoðun fari fram hið allra fyrsta, því að margir binda við þá endurskoðun ýmsar vonir um leiðréttingu á því, sem þeir telja miður í lögunum.

Mér kemur ekki til hugar að draga í efa þau fríðindi, sem lögin ákveða fyrir þá einstaklinga, sem koma til með að njóta þeirra, og mundi seinastur allra gera. Hitt er mér vel ljóst, að ef verkamaður vinnur 200 stundir á mánuði, eins og oftast nær er sagt, í dagvinnu með kr. 18.50 eða um það bil á tímann, 48 stundir í eftirvinnu á mánuði með 27.75 kr. á tímann eða rétt þar um bil, þá mun ekki vera langt frá, að hann sé kominn, ef hann hefur stöðuga vinnu árið út, vel yfir þessi 50 þús., og ég tel, að þetta atriði væri eitt af þeim, sem ætti að athuga í framtíðinni og þá ekki hvað sízt við þessa endurskoðun, sem hér er um að rætt.

Ég ítreka svo þakkir mínar til félmrh. fyrir ágæt svör við þessari fsp. og vona, að þeir ýmsir, sem áður hafa verið að velta vöngum

yfir því, hvort endurskoðunin væri hafin, og þá, um hvað hún fjallaði, hafi fengið þeim efasemdum svarað og viti nú, hvernig þau mál standa.

7. Verðlagning á benzíni.

Á 33. fundi í Sþ., 12. marz, var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um verðlagningu á benzíni og olíu [151. mál] (A. 303).

Á 34. fundi í Sþ., 13. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 303 til hæstv. félmrh. um verðlagningu á benzíni og olíu, en hæstv. félmrh. fer með verðlagsmál, eins og kunnugt er, og fsp. hljóðar svo:

„Hvers vegna hefur útsöluverð á benzíni og olíu ekki verið lækkað, þótt verðlagsreikningar sýni stórfellda lækkun?"

Það er kunnugt, að undanfarna mánuði hafa fragtir stórum lækkað, og þess vegna hefur innkaupsverð á olíu og benzíni lækkað til muna í landinu. En spurningin er: Hvers vegna hefur þessi lækkun ekki verið látin koma fram í útsöluverðinu? Og það eru fleiri en ég, sem óska eftir svörunum við þessu, og fyrirspurn mín er fram komin til þess að gefa hæstv. ríkisstj. tækifæri til að bera fram ástæðurnar fyrir þessu, ef þær eru að einhverju leyti réttmætar, vegna þess að mig og aðra fleiri skortir upplýsingar um að skilja það, hvers vegna hæstv. ríkisstj. tekur því ekki fegins hendi, þegar lækkunin kemur þannig utan frá.

Það er vitað, að í nóvembermánuði s. l. gat benzínlítrinn lækkað a. m. k. um 8 aura lítrinn í útsölu, en benzínið var ekki lækkað, heldur kemur þetta fram sem hagnaður hjá olíufélögunum fyrir s. l. ár í þeirra uppgjöri, því að ekki hefur þeim heldur verið gert að taka þetta frá á sérreikning. Það er vitað, að benzínið gat einnig lækkað um 17 aura a. m. k. 1. marz. Lækkunin hefur ekki komið til framkvæmda, og menn eru undrandi, hvers vegna það er ekki. Það er einnig vitað, að gasolía gat lækkað um síðustu mánaðamót a. m. k. um 4 eða 5 aura. Hvers vegna er hún ekki lækkuð? Ég spyr ekki í neinum ádeilutón. Ég óska eftir skýringum, vegna þess að almenningur í landinu hefur fulla þörf fyrir að verða aðnjótandi þeirrar lækkunar, sem býðst hverju sinni.

Almenningur í landinu verður að taka á sig hækkanir, þegar þær koma, og er ekkert við því að segja, þegar hækkanirnar koma af óviðráðanlegum ástæðum. Enn er vitað, að fragtir fara lækkandi og að lækkun hefur orðið á fob.-verði á benzíni og olíum, en það er það stutt síðan, að ekki er eðlilegt, að sú lækkun sé komin fram í verðinu hér, vegna þess að vörubirgðir eru hér liggjandi og lækkunin getur ekki komið til framkvæmda hér um leið og olía lækkar erlendis og ekki heldur strax eftir að fragtirnar lækka.

Það er vitað, að nú hlýtur að verða stórfelld lækkun á olíu og benzíni, þegar lágu fragtirnar fara að gilda, t. d. þegar sá farmur er kominn til landsins, sem er fluttur fyrir 14 shillinga, eins og einn farmur, sem nú er á leiðinni.

Fragtin var í desembermánuði 35 shillingar, og fannst mönnum hún ekki sérlega há þá. Þá var samið um flutninga á nokkrum förmum fyrir þetta verð, en eftir að samningarnir höfðu verið gerðir, lækkaði fragtin stórkostlega, fór niður í 23 shillinga.

Ég segi það ekki hæstv. ríkisstj. neitt til lasts, þó að hún hafi stuðlað að því, að samið væri um nokkra farma á 35 shillingum. En það er hins vegar staðreynd, að ef það hefði ekki verið gert, heldur beðið tveimur vikum lengur eða svo, þá hefði olían, sem nú er verið að nota á vertíðinni, orðið allmiklu ódýrari en hún er. Útgerðarmenn hefðu hagnazt, og þjóðarbúið í heild hefði einnig gert það.

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. ráðh. færi fram rökstuddar ástæður fyrir því, hvers vegna almenningur í landinu er ekki látinn njóta þess, þegar innkaupsverð olíunnar lækkar, olíu og benzíns, og hvers vegna olíufélögunum er leyft að hafa þetta sem tekjur hjá sér. Og menn spyrja: Eru það olíufélögin, sem ráða verðlagningunni nú, eða eru það verðlagsyfirvöldin og hæstv. ríkisstj., eins og verið hefur undanfarið.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi svör við þessari fsp. minni.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi svaraði nú að nokkru leyti núna með framsöguræðu sinni fsp. sinni. Hann sagði, eins og rétt er, að verðlækkanir gætu ekki farið fram hér jafnótt og verðlækkanir yrðu á heimsmarkaðinum, því að þeir aðilar, sem með olíuna verzla, verða að fá tóm til þess að nota upp þær birgðir, sem aflað er með meiri tilkostnaði, og verðlækkunin getur þá fyrst komið til greina, þegar þær birgðir eru þrotnar. Þess vegna þarf enginn að undrast það, þótt verðlækkanir komi fram hér nokkru eftir að menn, sem vel fylgjast með, hafa spurnir af þeim á heimsmarkaðnum. Þetta er að mestu svarið við hans fyrirspurn og skýrir það fyllilega, að verðlækkanir, sem hann spyrst hér fyrir um, eru ekki komnar til framkvæmda.

Þó skal ég fara nánar út í þetta mál og upplýsa ýmislegt út af fsp. um verðlagsákvarðanir á benzíni og olíum á þessu liðnu ári.

Hinn 27. febr. 1957 var sett eftirfarandi hámarksverð á gasolíu og benzín: Benzín kr.

2.47 hver lítri, gasolía frá leiðslu kr. 1.04 hver lítri og gasolía til húsa kr. 1.07 hver lítri. Hér var um verulega verðhækkun að ræða frá því, sem verið hafði, enda höfðu flutningsgjöld á olíum stórhækkað þá að undanförnu vegna áhrifa Súezdeilunnar. Hefðu nú olíufélögin einskis átt í að missa vegna hækkana á flutningsgjöldunum, hefði verðbreytingin þurft að eiga sér stað allmiklu fyrr en þetta. Olíufélögin höfðu í þessu sambandi gert ítrekaðar kröfur um verðhækkanir, en við þeim kröfum var ekki orðið strax, heldur voru félögin látin taka á sig hinn mikla flutningsgjaldamun mánuðum saman.

Það eru ekki fyrir hendi upplýsingar um, hvað þessi dráttur á verðhækkun kostaði olíufélögin, en það rétta er, að þar er þó um nokkuð verulegar upphæðir að ræða.

Hver var sú álagning, sem olíufélögunum var heimiluð, þegar þessi verðákvörðun átti sér stað, sem sé í ársbyrjun 1957? Við verðlagninguna í febrúarmánuði 1957 var olíufélögunum reiknuð eftirfarandi heildarálagning: Á benzín 475 kr. á tonn, á gasolíu 200 kr. á tonn, hvort tveggja miðað við sölu frá leiðslu. En auk þess skyldu þau fá 3 aura akstursgjald á lítra, eða kr. 34.09 á smálest á alla aðra sölu.

Hinn 31. júlí 1957 var svo ákveðið nýtt hámarksverð á þessar vörur, svo sem hér segir: Benzín kr. 2.27 á lítra, gasolía frá leiðslu 87 aurar á lítra og gasolía til húsa 90 aurar á lítrann, þ. e. a. s. benzínið lækkaði með þessari verðlagningu um 20 aura lítrinn og gasolían í báðum tilfellunum, frá leiðslu og til húsa, 17 aura lítrinn. Þessi lækkun var aðallega vegna þess, að fragtir voru farnar að lækka eftir áhrifin frá Súezdeilunni.

Um þessa verðlagningu var allmikill ágreiningur hjá innflutningsskrifstofunni og milli meiri hluta hennar og verðlagsstjóra. Verðlagsstjórinn gerði till. um það, að reiknað væri með sömu álagningu og gert hafði verið í verðlagningunni í febr. 1957. Olíufélögin gerðu hins vegar kröfur um stórkostlegar hækkanir á álagningu og uppbætur vegna eldri tíma. Niðurstaðan varð aftur sú, að meiri hluti innflutningsskrifstofunnar samþykkti í þetta sinn nýjar verðlagningarreglur, sem höfðu í för með sér stórfellda hækkun á álagningu. Samkvæmt þessum reglum varð álagningin svo sem hér segir: Á benzínið 460 kr. á smálest, á gasolíu 223 kr. á smálest, miðað við sölu frá leiðslu, auk 3 aura akstursgjaldsins. Auk framangreindrar álagningar, sem miðast við magn, var heimilað að reikna 1% álag á kostnaðarverð og 2% álag á útsöluverð. Miðað við það verðlag, sem gilti á þessum tíma, höfðu þessar nýju reglur í för með sér hækkun á heildarálagningu olíufélaganna á þessar tvær vörutegundir úr hér um bil 48.5 millj. kr. á ári í um það bil 58.5 millj. kr. á ári, eða sem næst 10 millj. kr. hækkun miðað við ársnotkun. Það var nú ekki farið verr með þau en þetta í júlíálagningunni s. l. ár.

Síðast í nóvembermánuði s. l. gerði verðlagsstjórinn svo tillögur um nýtt hámarksverð, bæði á gasolíu og benzíni, en ákvörðun var frestað vegna tilmæla frá ríkisstj.

Verð á gasolíunni var svo ákveðið þann 21. des., og við þá verðákvörðun var tekið fullt tillit til þess dráttar, sem orðinn var, og verð ákveðið lægra en ef verðbreytingin hefði farið fram þann 1. des. M. ö. o.: þessari verðákvörðun var hagað þannig, að útkoman yrði nákvæmlega sú sama hjá olíufélögunum.

Verði á benzíni hefur hins vegar ekki verið breytt enn þá. En um það verður séð, að olíufélögin hagnist ekki á þeim drætti, og þykist ég vita, að það varði hv. fyrirspyrjanda nokkuð, því að auðvitað vill hann ekki, að olíufélögin fái til sín óréttmætan gróða. Ég skil hans fyrirspurn svo, að hann hafi áhuga fyrir verðlækkunum einmitt til almennings.

Verð á benzíni hefði átt að breytast 1. des. í kr. 2.19 lítrinn úr kr. 2.27, eða um 8 aura, ekki 17, eins og hann sagði. Um síðustu áramót höfðu olíufélögin innheimt á þennan hátt fram yfir það, sem verðlagningarreglurnar gera ráð fyrir, um það bil 365 þús. kr., en nú mun þessi upphæð fara að nálgast 1 millj. kr., sem er hjá olíufélögunum vegna benzíns sem geymslufé.

Það hafa ekki orðið verulegar breytingar á innkaupi eða flutningsgjöldum á benzíni fyrr en á þeim farmi, sem kom með Hamrafellinu hingað til lands þ. 27. febr. s. l., en sá farmur kemur væntanlega ekki til sölu fyrr en í næsta mánuði vegna þeirra birgða, sem fyrir voru. Eftir núgildandi reglum ætti söluverð á þessum farmi að verða annaðhvort kr. 1.09 eða kr. 1.10 lítrinn. — Þetta er um benzínið.

Hinn 21. febr. s. l. gerði svo verðlagsstjóri till. um lækkun á gasolíu frá 1. marz. Útreikningar hans sýndu, að verðið ætti þá að lækka um 4 aura lítrinn eftir gildandi verðlagningarreglum, sem innflutningsskrifstofan ákvað í júlí. Samtímis því að verðlagsstjórinn lagði útreikninga sína fyrir innflutningsskrifstofuna og sumpart nokkru síðar bárust frá olíufélögunum, hverju í sínu lagi, enn á ný sundurliðaðar kröfur um stórfellda hækkun á álagningunni. Verðlagsstjóri athugaði þessi gögn öll, og að þeim athuguðum lagði hann til, að þessum kröfum olíufélaganna yrði öllum synjað. Hann benti á, að hann teldi gildandi verðlagningarreglur vera það hagstæðar fyrir olíufélögin, að það væri alveg ástæðulaust að breyta þeim nú til hækkunar, enda engin rök ný, frá því að verðlagið var ákveðið í júlí, til þess að framkvæma frekari hækkun á álagningarreglunum. Hann taldi a. m. k. sjálfsagt að bíða með það, þangað til fyrir lægju nánari upplýsingar um raunverulega afkomu olíufélaganna við núv. verðlagsgrundvöll. Hann taldi, að það mætti ætla, að rekstrarreikningar félaganna yrðu tilbúnir í næsta mánuði, og væri því sjálfsagt, að þeir lægju fyrir, áður en farið væri að gera breytingar á álagningarreglunum.

Meiri hluti innflutningsskrifstofunnar vildi þó ekki fallast á þessi sjónarmið og samþykkti að hækka einn lið álagningarreglnanna, þ. e. a. s. akstursgjaldið, hækka það um 67% eða úr 3 aurum á lítra í 5 aura lítrann. Þessi hækkun

jafngildir 2.3 millj. kr. tekjuaukningu fyrir olíufélögin, miðað við ársölu. Minni hluti innflutningsskrifstofunnar var hins vegar andvígur þessari hækkun, og var afgreiðslu málsins í innflutningsskrifstofunni áfrýjað til ríkisstj. nú fyrir skömmu, og þar er málið nú í athugun.

Með þessu, sem ég nú hef sagt, hef ég gefið allar þær upplýsingar, sem ég tel að máli skipti viðvíkjandi fyrirspurninni, og vona, að hv. fyrirspyrjandi telji, að hans fyrirspurn hafi verið mætt eins og hann sagði að hún hefði verið hugsuð, sem sé ekki í ádeilutón, heldur til þess að biðja um skýringar, og þær hef ég leitazt við að gefa.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör, að svo miklu leyti sem þau ná, en ég heyrði ekki, að hann gæfi skýr svör við því, hvers vegna lækkunin hefur ekki enn komið til framkvæmda á benzíni og olíu, sem verðlagsstjóri hefur staðfest að gæti átt sér stað. Og það er ekki neitt leyndarmál lengur, að benzínið gat lækkað 1. des. eða í nóvembermánuði um 8 aura, og það hefur ekki verið gert, — að það gat lækkað 1. marz um 17 aura og að olían gat lækkað um 4 aura frá 1. marz. Þetta hefur ekki enn komið til framkvæmda, og hæstv. ráðh. var að reyna að gefa skýringar á því, að það væri m. a. vegna þess, að það væri ekki samkomulag innan innflutningsskrifstofunnar um dreifingarkostnað eða álagningu á olíuverðinu.

Það er þó ekki svo mikið sem ber á milli á innflutningsskrifstofunni eða í ríkisstj., að það geti numið neitt sem nálgast þeirri lækkun, sem hér er um að ræða. Á meðan þessir herrar eru að deila og koma sér ekki saman, gætu þeir þá aðeins haldið eftir einhverju, sem næmi því, sem deilt er um, og látið lækkunina að öðru leyti koma til framkvæmda strax, og það er það, sem almenningur í landinu vill og á fullan rétt á að fram komi.

Hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni dálítið álagningarreglur á olíu- og benzínverði, eins og þær voru 1957 í febrúar, þegar nýtt hámarksverð var sett á vegna Súezdeilunnar, og minnti þá á, hver álagningin hafði verið, t. d. á benzíni 475 kr. á tonn, en þá höfðu olíufélögin dreifinguna á sínum herðum og fengu lítið fyrir hana greitt. Dreifingarkostnaðurinn var innifalinn í álagningunni. Eftir álagningarreglurnar, sem settar voru í júlílok 1957, er álagningin, eins og hæstv. ráðh. sagði, 460 kr. á tonn á benzín, plús 4½ eyrir á hvern lítra útkeyrðan, þegar komið er yfir vissa fjarlægð, og 3 aurar á hvern lítra hér í Reykjavík og nágrenni, og auk þess 1% álagning á kostnaðarverð og 2% á útsöluverð, en þessir liðir voru ekki áður nema að litlu leyti, aðeins 1 eyrir í staðinn fyrir 3 í útkeyrsluna, og sú álagning, sem hann nefndi, var ekki heldur með.

Þegar þetta er tekið saman, kemur í ljós, að olíufélögin hafa nú hærri álagningu en þau höfðu með þeim reglum, sem giltu 27. febr. 1957. Og hæstv. ráðh. er óánægður með þær reglur, sem nú gilda, það heyrði ég á honum. Það kom líka greinilega fram í Þjóðviljanum 1. ágúst s. l., því að þar segir Þjóðviljinn berum orðum, að olíufélögunum hafi verið gefnar alveg „extra" 13 millj. kr.

Ég skil ekki þá góðsemi, og ég hafði haldið, að þegar áfrýjað væri frá innflutningsskrifstofunni til hæstv. ríkisstj., hefði sá hæstv. ráðh., sem með verðlagsmálin fer, eitthvað að segja um þessi efni. Ég skil ekki í því, hvernig á því stendur, að hæstv. ráðh., sem fer með verðlagsmálin, skuli ekki, þegar mál ber þannig að, hafa neitunarvald.

Þess vegna er það, að almenningur trúir því fastlega, að hæstv. verðlagsmálaráðherra hafi samþykkt með þögninni nýju álagningarreglurnar, sem gengu í gildi 1. ágúst s. l., — álagningarreglur, sem eru olíufélögunum miklu hagstæðari en þær, sem áður giltu, þegar þessi hæstv. ráðh. talaði um okur í sambandi við álagningu hjá olíufélögunum, áður en hann komst í ríkisstj.

Það er ekki af því, að ég hafi neina löngun til þess að vera að deila við hæstv. ráðh. um þessi mál, að ég ber fram þessa fsp. hér, og hæstv. ráðh. virtist hafa skilning á því, hvers vegna það er gert. En ég er þess vegna ekki ánægður fullkomlega með þau svör, sem hæstv. ráðh. gaf. Það kemur ekki greinilega fram, hvers vegna lækkunin kemur ekki til framkvæmda, og það kemur ekki greinilega fram, hvers vegna hæstv. ráðh. stöðvaði ekki þær álagningarreglur 1. marz, sem hann er svo mjög óánægður með og gera olíufélögunum miklu léttara fyrir og skapar þeim betri aðstöðu en þau áður höfðu undir stjórn þeirra manna, sem hæstv. núv. verðlagsmálaráðherra átaldi mjög, áður en hann komst í ríkisstj.

Ég vænti nú þess, að hæstv. ráðh. reyni að gera í fáum orðum gleggri grein fyrir því, hvers vegna útsöluverðið er ekki lækkað nú þegar. Eftir hverju er verið að bíða? Hann upplýsti, að það væri nú a. m. k. ein milljón, sem safnazt hefði fyrir, vegna þess að dráttur hefði orðið á lækkuninni. Hvers vegna fær ekki almenningur að njóta þeirrar verðlækkunar, sem orðin er á þessum vörum, þegar hann verður að taka á sig strax allar utanaðkomandi hækkanir? Og er ekki hæstv. ráðh. mér sammála um það, að byrðarnar á öllum almenningi í þessu landi í dag séu nógu þungar, þótt hæstv. ráðh. legði sitt lóð á vogarskálina til þess að létta að einhverju leyti þá bagga, þegar hann hefur vald og möguleika til þess.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér finnst hv. fyrirspyrjandi vera vanþakklátur, því að hann fékk þó sannarlega greinargóð svör við því, sem hann spurði um. Hann spyr enn um það, hvers vegna olíuverðið lækki ekki. Honum var sagt frá því, að farmurinn, sem kom með Hamrafellinu 27. febr. s. l., muni ekki koma til sölu fyrr en í næsta mánuði og þegar hafi verið tekin ágreiningslaust ákvörðun í innflutningsskrifstofunni um 4 aura lækkun á lítra, þegar sú sala hefst; en það

standa engin rök til þess, að sú verðlækkun komi til framkvæmda fyrr en í næsta mánuði. Ágreiningur er svo aftur um nokkurn hluta af þessum ákvörðunum, og þar er deilt um 2 aura mismun, sem getur samt á ársölu numið 2.3 millj. kr. olíufélögunum í hag, og vænti ég, að hv. fyrirspyrjandi hallist á sveif með mér og beiti sínum áhrifum um það, að olíufélögin fái ekki þann gróða, því að það er alveg ástæðulaust. (**Gripið fram í:** Hver á að fá þann gróða?) Þann gróða af olíunni? Fólkið í landinu, m. a. hv. fyrirspyrjandi. (Gripið fram í.) Já, það er eins og ég tók fram.

Viðkomandi því, að þessi hv. fyrirspyrjandi, hv. 1. þm. Rang., segist ekki vita betur en það sé á valdi þess ráðh., sem fari hér með verðlagsmál, að skera þarna úr og beita neitunarvaldi, þá veit hann miklu betur. Hann var sjálfur viðskmrh. fyrir skömmu og er ekki svo minnislaus, að hann viti ekki, að gangur málanna er sá, að ef innflutningsskrifstofan er ekki sammála um verðlagsákvarðanir, þá áfrýjar hún til ríkisstj. í heild, alveg nákvæmlega eins og gert var í hans stjórnartíð, og hann hafði ekkert neitunarvald þá. Það hefur enginn einstakur ráðherra neitunarvald í málum, sem heyra undir ríkisstj. alla. Þetta veit hann vel og þarf ekki að spila sig svo fáfróðan hér fyrir hv. þingheimi eins og hann gerir. Það er því sagt gegn betri vitund, þegar hann segir, að ég eigi, ef ég sé óánægður með reglurnar og telji þær of háar, að beita neitunarvaldi. Ég hef það ekki, og hann hafði það ekki.

Ég heyri það nú betur en mér var ljóst áður, að hjarta hv. fyrirspyrjanda slær með olíufélögunum, en ekki með almenningi. Á þessu átti ég raunar von. Ég vil því í framhaldi af því, sem ég áðan sagði, og til þess að gera hann ánægðari, ef það er hægt, skýra honum frá því um þær kröfur um verðhækkanir, sem bárust nú frá olíufélögunum, einmitt um það leyti sem þurfti að fara að taka ákvarðanir um þessar verðlækkanir vegna lækkaðra fragta og vegna lækkaðs innkaupsverðs, að þá fóru olíufélögin fram á það, að þau fengju miklu meiri hækkanir á álagningarreglunum, og það er ekki gengið of nálægt þessum kaupsýslufélögum, þó að það sé upplýst hér, að miðað við innkaupsverð og flutningsgjald þeirrar olíu og þess benzíns, sem kom með Hamrafellinu hingað til lands þann 21. jan. þetta ár, jafngilda kröfur olíufélaganna um hækkanir þeim til handa allt að 13 millj. kr. í tekjuaukningu þeim til handa, miðað við eitt ár. 13 millj. kr. fóru þau fram á, blessaðir fátæklingarnir. (Gripið fram í.) Ekki þessar 13 millj. Þeir vilja fá 13 í viðbót, hv. fyrirspyrjandi. Það fyllist seint sálin prestanna. Nei, það er sannleikur, það var gengið á hag olíufélaganna með verðlagningunni í febrúarmánuði 1957 á þann hátt, að miðað við eins árs sölu á olíum og benzíni misstu þau 30 millj. kr. spón úr aski sínum. Og það er þessi spónn, sem þau vilja fá upp í sig aftur og fá því miður dálitla aðstoð úr ýmsum áttum til þess að koma þeim spæni upp í sig á ný. Það er þarna búið að rétta þeim með júlí-verðákvörðunum nokkuð og núna 2.3, en þau báðu þá um 13, og því miður hef ég ekki neitunarvald til þess að synja þeim um það, en það mundi ég gera með góðri samvizku.

8. Félagsheimili.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um félagsheimili [156. mál] (A. 327).

Á 36. fundi í Sþ., 20. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 37. og 38. fundi í Sþ., 26. marz og 10. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frá því að lögin um félagsheimili tóku gildi, 1. jan. 1948, hafa verið veittir styrkir úr félagsheimilasjóði til 90 félagsheimila um land allt. Árið 1956 námu tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti tæplega 2 millj. kr., en árið 1957 er áætlað að tekjur sjóðsins verði af skemmtanaskatti 2.2—2.4 millj. kr.

Félagsheimili þau, sem nú eru í byggingu og koma til greina við úthlutun úr sjóðnum, voru í des. s. l. 62 talsins. Til þess að gefa nokkra hugmynd um það, hve mikil fjárfesting sé í þessum framkvæmdum á ári hverju, vil ég leyfa mér að lesa upp lista yfir það, hvenær hafizt hefur verið handa um þessi félagsheimili, sem í byggingu eru.

Árið 1948 er byrjað á 9 félagsheimilum, árið 1949 5, 1951 2, 1952 7, 1953 8, 1954 7, 1955 13, 1956 4 og 1957 7 félagsheimilum.

Þessi 62 félagsheimili, sem í byggingu eru, hafa af stjórn félagsheimilasjóðs verið flokkuð þannig eftir því, á hvaða stigi smíði þeirra stendur: Nokkurn veginn fullokið er við 23 félagsheimili, nærri lokið 13, meira en fokheld 5, fokheld 11, grunnar og sökklar steyptir að 6 og vegna eldri framkvæmda 2.

Umsóknir um fjárfestingarleyfi munu nú liggja fyrir um 26 ný félagsheimili.

Ég vil enn geta þess, að heildarkostnaður þessara 62 félagsheimila mun nema 38 millj. kr.

Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að hin nýju félagsheimili, sem byggð hafa verið úti um sveitir landsins og í sjávarþorpum og hinum smærri kaupstöðum, hafi orðið félags- og menningarlífi byggðanna að stórkostlegu gagni. Ný og bætt skilyrði hafa skapazt til þess að halda uppi fjölþættara menningar- og félagslífi um land allt. Víða hafði félagslíf barizt í bökkum við mjög erfiðar aðstæður, þar sem ýmist ekkert húsnæði var til nothæft í þessu skyni eða mjög lélegt og fjarri því að samsvara kröfum tímans.

Ég hygg því, að engum blandist hugur um það, að bygging félagsheimilanna sé merkilegur þáttur í uppbyggingu landsins og hin nýju og fullkomnu félagsheimili, sem nú eru að rísa úti um sveitir og sjávarþorp, geti átt ríkan þátt í því, að fólkið uni glatt við sitt, við hin mikilvægu framleiðslustörf, sem unnin eru um land allt, bæði til sjávar og sveita. Ég hygg einnig, að menn greini ekki á um það, að það sé þjóðfélagslega þýðingarmikið, að fólkið í strjálbýlinu hafi ekki verri aðstöðu til þess en fólk hinna stærstu kaupstaða að hafa með sér heilbrigt félagslíf, njóta fagurra lista, svo sem leiklistar og tónlistar, sem skapazt hafa margföld skilyrði til þess að iðka með hinum nýju félagsheimilum.

Nú hefur mér borizt það til eyrna, bæði á s. l. ári og um þessar mundir, að nokkur tregða sé á, að fjárfestingarleyfi fáist fyrir áframhaldandi framkvæmdum við félagsheimilin. Sjálfum er mér kunnugt um það úr þeim landshluta, sem ég þekki bezt til í, að hvað eftir annað hefur verið synjað um fjárfestingarleyfi til byggingar félagsheimilis á stað, þar sem mjög hrörlegt samkomuhús er fyrir og má raunar segja að fólk hafi enga eða litla aðstöðu til þess að koma saman og hafa samkomur. Ég hef þess vegna leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort þegar hafi verið settar hömlur á byggingu félagsheimila eða hvort slíkar hömlur væru fyrirhugaðar.

Ég vil undirstrika það, að ef svo væri, sem ég vil ekki fullyrða um, og í lengstu lög vil ég vona, að engar sérstakar hömlur hafi verið settar á þessa byggingarstarfsemi, þá væri það mjög ómaklegt og óskynsamlegt. Ef hins vegar er aðeins um að ræða drátt á því, að fjárfestingarleyfi verði veitt í þessu skyni, þá er það að sjálfsögðu skárra. En ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, sem hefur yfirstjórn fjárfestingarmála í sinni hendi, að það er mjög óþægilegt fyrir þá aðila, sem ráðast í þessar framkvæmdir á þessu ári, að það dragist fram á mitt ár eða lengur, að fjárfestingarleyfi séu veitt. Það er óþægilegt vegna efnisútvegunar og mannaráðninga og sem sagt að öllu leyti mjög óhagkvæmt, að það dragist mjög langt fram á árið, að fjárfestingarleyfi séu veitt. Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. gefi glögg og góð svör við þessari fsp. minni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er spurzt fyrir um, hvort þegar hafi verið settar hömlur á byggingu félagsheimila. Því ber að svara neitandi. Það hafa engar hömlur verið settar á byggingu félagsheimila.

Það er spurzt fyrir um, hvort slíkar hömlur séu fyrirhugaðar. Því ber einnig að svara neitandi. Það eru engar hömlur fyrirhugaðar á byggingu félagsheimila.

Svo sem öllum hv. þm. er kunnugt, eru í gildi lagaákvæði, sem skylda alla, sem ráðast vilja í ákveðnar tegundir fjárfestingar eða byggingarstarfsemi, að sækja um leyfi til slíks til innflutningsskrifstofunnar.

Bygging félagsheimila er háð hinum almennu reglum löggjafans varðandi þetta efni, og sker innflutningsskrifstofan, forstjórar hennar, úr umsóknum um byggingu félagsheimila eins og umsóknum um allar aðrar tegundir bygginga. Mér er ekki kunnugt um, að sérstök tregða hafi verið á því að veita leyfi fyrir byggingu félagsheimila nema síður væri, svo sem einnig kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, þar sem hann gat þess, að á s. l. ári hefði verið byrjað á 7 félagsheimilum, eða allmiklu fleiri félagsheimilum en byrjað hafði verið á næstu ár þar á undan, og er þetta í samræmi við þá stefnu, sem nú er uppi í þessum efnum, þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að bæta mjög hag félagsheimilasjóðs með því að ætla honum aukna heimild af tekjum skemmtanaskatts og með því að auka sjálfar tekjurnar af skemmtanaskattinum.

Það kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, að undanfarin ár, t. d. árið 1956, sem hann nefndi, hefðu tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti numið tæplega 2 millj. kr., en um allmörg undanfarin ár hefur það lagaákvæði verið í gildi, að félagsheimilasjóður skuli fá 35% af skemmtanaskattstekjunum. Síðan í fyrra eru þau ákvæði í gildi, að félagsheimilasjóður fær 50% af skemmtanaskattstekjunum. Hlutdeild hans í skemmtanaskattinum hefur því verið aukin úr 35% í 50%, auk þess sem sjálfar skemmtanaskattstekjurnar munu fara vaxandi vegna þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á skemmtanaskattslögunum almennt, þannig að nú má gera ráð fyrir því, að á yfirstandandi ári verði tekjur félagsheimilasjóðs ekki undir 3 millj. kr., þ. e. að tekjur félagsheimilasjóðs munu á árinu 1958 verða um það bil 50% hærri en þær voru á árinu 1956, svo sem hv. fyrirspyrjandi gat um í ræðu sinni. Þetta er í samræmi við þá stefnu núv. ríkisstj. að stuðla svo sem unnt er að aukinni byggingu félagsheimila sem víðast á landinu.

Ég vona, að þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar til þess að bæta hag félagsheimilasjóðs, komi að sem skjótustum og sem beztum notum, því að um það er ég alveg sammála hv. fyrirspyrjanda, að til þess ber hina brýnustu nauðsyn að auka skilyrði manna í dreifbýlinu til þess að eiga aðgang að góðum samkomuhúsakynnum til þess að hafa sem jafnasta aðstöðu á við þéttbýlisfólkið til þess að njóta leiklistar og annarrar listar sem og þess að vera jafnt sett um skilyrði til almenns samkomuhalds. Að því miða þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til eflingar félagsheimilasjóðnum, sem ég vona að muni bera sem skjótastan og beztan árangur.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér sem svar við fsp. minni, í fyrsta lagi um það, að engar hömlur hefðu þegar verið settar á fjárfestingarleyfi fyrir félagsheimilum, og í öðru lagi, að slíkar hömlur væru ekki fyrirhugaðar.

Ég hafði hins vegar nokkra ástæðu til þess að ætla, að um einhverja stefnubreytingu væri að ræða í þessum efnum, þar sem mér var per-

sónulega kunnugt um það, að byggðarlagi, sem var svo að segja samkomuhúslaust, hafði á s. l. ári verið synjað um fjárfestingarleyfi til þess að hefjast handa um byrjunarframkvæmdir í þessum efnum, og þar sem liðinn er nú hálfur fjórði mánuður af yfirstandandi ári, án þess að fjárfestingarleyfi fengist fyrir þessari framkvæmd. En sem sagt, ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör og dreg ekki í efa, að þau séu byggð á fullum rökum og að þess megi vænta, að á þessar umsóknir um fjárfestingarleyfi fyrir félagsheimilum á komandi sumri verði litið í samræmi þar við.

En ég verð að segja það, að það er ákaflega óþægilegt fyrir þá aðila, sem hyggjast ráðast í framkvæmdir sem slíkar og raunar allar framkvæmdir, að vera dregnir fram á mitt ár með svör frá þeim opinberu nefndum og ráðum við því, hvort þeir megi hefjast handa eða ekki.

Það er, eins og ég gat um í frumræðu minni, margt, sem þarf að undirbúa, áður en ráðizt er í byggingu stórra húsa. Menn þurfa að afla sér byggingarefnis og mannafla og ráða byggingarfróða menn. Ef þeir svífa í lausu lofti um það fram á mitt ár, hvort þeir megi byrja eða ekki, getur svo farið, að þeir fái hvorugt, hvorki byggingarefni né heldur menn til þess að stjórna framkvæmdunum.

Það gladdi mig einnig að heyra þær upplýsingar hæstv. ráðh., að hann gerir ráð fyrir, að tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti verði á yfirstandandi ári um 3 millj. kr. Það er veruleg aukning frá því, sem áður var, þar sem árið 1956 voru tekjurnar tæpar 2 millj. kr. og á s. l. ári 2.2—2.4 millj. kr. En í sambandi við þessa aukningu á tekjum sjóðsins vil ég þó benda á það, að jafnhliða því, sem hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti var aukinn úr 35% upp í 50%, var fjölgað þeim aðilum, sem rétt áttu til þess að fá styrki úr sjóðnum, þannig að þessar tölur einar gefa ekki fyllilega til kynna hina auknu möguleika sjóðsins til þess að gegna hlutverki sínu. Engu að síður er hér um að ræða nokkra viðbót við tekjur hans, og ég vænti, að hann geti starfað öfluglega að því að leysa verkefni sitt á komandi árum. Enn fremur vil ég að lokum láta í ljós þá von, að samkvæmt þessum upplýsingum ráðherrans muni ekki lengi úr þessu standa á fjárfestingarleyfum fyrir þeim framkvæmdum, sem hér var spurzt fyrir um.

9. Innflutningur landbúnaðarvéla.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um innflutning landbúnaðarvéla [181. mál] (A. 441).

Á 41. fundi í Sþ., 25. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 42., 43., 47. og 48. fundi í Sþ., 30. apríl, 7., 21. og 30. maí, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

10. Endurheimt handrita í Danmörku.

Á deildafundum 14. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um endurheimt íslenzkra handrita í Danmörku [188. mál] (A. 517).

Á 46. fundi í Sþ., 16. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Sþ., 21. og 30. maí, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.